Lagafrumvörp feld.

1. Stjórnarskrárbreyting.

Á 1. fundi í Ed., 19. jan., var útbýtt:
Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands (stjfrv., A. 19).

Á 5. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Eins og stendur í greinargerð þessa frv., er það borið fram óbreytt, eins og það var samþ. á Alþingi í fyrra. Það er þetta frv., sem veldur því, að þing er nú kallað saman svo snemma, en öllum er vitanlegt, að kosningarnar í sumar snerust ekki fyrst og fremst um það. Jeg álít óþarfa að ræða þetta mál mikið að svo stöddu, en jeg vil segja það, sem mína persónulega skoðun, að jeg er fylgjandi aðalbreytingu frv., nefnilega fækkun þinga. Hinsvegar lýsti jeg því yfir í fyrra, og geri það enn, að jeg álít aðrar breytingar frv. vera mjög til hins verra.

Það er síður að skipa sjerstaka nefnd, þegar breyta á stjórnarskipunarlögum, og vænti jeg, að eins verði gert nú. Það væri mjög æskilegt, að sú nefnd gæti flýtt störfum sínum, því að, eins og sjá má af 12. gr. frv., mundi vera hægt að setja fjárlög fyrir bæði árin 1929 og 1930 á þessu þingi, ef stjórnarskipunarlögin hafa öðlast gildi.

Jón Þorláksson: Jeg vil aðeins láta í ljós ánægju mína yfir þeirri yfirlýsingu hæstv. forsrh., að hann sje fylgjandi aðalbreytingu þess frv., er hjer liggur fyrir, um fækkun þinganna, og vona jeg, að flokkur hæstv. ráðh. láti ekki bresta fylgi sitt við frv.

Jón Baldvinsson: Eins og kunnugt er, voru í fyrra, er mál þetta var á döfinni, mjög skiftar skoðanir manna um það. Jeg var einn þeirra, sem taldi sjálfsagt að fella það. Einkum taldi jeg skaðlegt að rýra rjett þjóðarinnar til þess að hafa áhrif á löggjöfina. Enda hefur þjóðin tekið mjög fálega undir stjórnarskrárbreytinguna. Á þingmálafundum hefir það að vísu sumstaðar verið samþykt. En víða hefir það alls ekki verið tekið fyrir, og á mörgum stöðum felt. Það er þess vegna fjarri því, að vilji þjóðarinnar standi á bak við þetta frv.

Jeg finn ekki hjá mjer sjerstaka

ástæðu til að gleðjast yfir fylgi hæstv. forsrh. við frv. Jeg vona, að það hverfi ofan í þá gröf aftur, sem það átti að fara í í fyrra. Að vísu skal jeg játa, að hæstv. stjórn gat ekki, úr því sem komið var, annað en lagt málið fyrir Alþingi, en mjer finst, að þingið ætti að reyna að hraða störfum sínum og láta ekki þetta frv. tefja lengi fyrir sjer. Enda óhætt að fullyrða, að það er ekki vilji þjóðarinnar, að það nái fram að ganga.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg vil aðeins segja örfá orð, út af þeim ummælum hv. 3. landsk. þm. (JÞ), að hann kvaðst vona, að ekki brysti fylgi stjórnarflokksins við mál þetta.

Því var svo varið, með þetta mál, að það var alls ekki flokksmál á þinginu í fyrra, í hvorugri deild. Enda óeðlilegt, að svo hefði verið. Breytingarnar eru ekki svo stórvægilegar. Þær mega fremur heita gagnslítið fitl.

Annars hefir það breyst, síðan í fyrra, að kjósendur mínir hafa skorað á mig að fella það, svo það er ekki að þeirra vilja, að jeg hefi lýst yfir fylgi mínu við það.

Hv. 5. landsk. (JBald) sagði, að jeg hefði lýst miklu fylgi við frv., en það er ekki rjett. Jeg sagði, að jeg teldi sumt í frv. til bóta, en sumt ekki, þó að jeg gerði hinsvegar ráð fyrir að fylgja frv.

Jón Þorláksson: Það er skemtilegt, að sjá hv. 5. landsk. (JBald) svona ánægðan. Hann virðist ganga að því vísu, að meiri hlutinn muni verða á móti frv. En hv. þm. ætti að gæta að því, að þegar sjálfsánægjan er komin á hátt stig, þá er aldrei langt til sjálfsblekkingar.

Hæstv. forsrh. taldi breytingarnar á stjórnarskránni smávægilegt fikt. Jeg verð nú að segja það, að það gleymist fljótt, sem í blöð er ritað. Hæstv. forsrh. hefði haft gott af því, að rifja upp það, sem hann hefir ritað í blað sitt um þetta mál á undanförnum árum. **(Forsrh. Trþ:** Það hefðu fleiri gott af að rifja upp það, sem þeir hafa skrifað!). Þar eru breytingar þær, sem nú liggja fyrir, ekki nefndar smávægilegt fikt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þar sem hv. 3. landsk. talaði um, að það vildi gleymast, sem ritað væri í blöðin, þá vildi jeg nota tækifærið til að minna á eitt átakanlegt dæmi þess, sem hv. þm. ætti að kannast við, en það dæmi er frá árinu 1908, grein sem hv. þm. (JÞ) ritaði þá í blöðin, en sem hann síðan hefir ekki virst vilja standa fullkomlega við.

En þetta var nú ekki aðalatriðið, heldur hitt, að jeg vil leyfa mjer að spyrja hv. þm. (JÞ) hvað olli því, að stjórnarskrárbreytingarfrv. voru drepin á þinginu 1924. Þáverandi forsrh. bar þá fram frv. til stjórnarskrárbreytingar í Ed., og jeg annað. Þau voru því bæði til athugunar, og var frv. forsrh., Jóns heit. Magnússonar, lagt til grundvallar, þar sem hans flokkur var í meiri hluta. En hvað skeði? Frv. var drepið, og flokksmenn hv. þm., sem þá rjeðu öllu í Ed., voru svo gráðugir í að drepa það, að þeir leyfðu því ekki einu sinni að komast til Nd., þar sem hv. 3. landsk. (JÞ) átti þá sæti.

Það væri heppilegt, að ástæðan fyr-

ir því kæmi fram. En mesta þýðingu hefði það þó fyrir Íhaldsflokkinn sjálfan, að glöggva sig á því.

Jón Þorláksson: Þessi spurning er of seint fram komin, þar sem mjer er ekki leyfð nema stutt aths. Jeg verð því að bíða með svarið til síðari tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:2 atkv.

Að tillögu forsrh. (TrÞ) var samþ. með 11 shlj. atkv. að skipa sjerstaka 5 manna nefnd í málið.

Kosnir voru hlutfallskosningu og án atkvgr.:

Ingvar Pálmason	af	A-lista
Jóhannes Jóhannesson	–	B- —
Páll Hermannsson	–	A- —
Halldór Steinsson	–	B- —
Erlingur Friðjónsson	–	A- —

Á 14. fundi í Ed., 4. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 62 og 68).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Í eðli sínu er nú jafnan svo, að breyting á stjórnarskipunarlögum er stórmál. Og þótt af ýmsu megi draga þá ályktun, að margir telji, að hjer sje eigi um stórvægilegar breytingar að ræða á stjórnskipunarlögum þeim, er nú gilda, þá er þó breyting á stjórnskipunarlögunum jafnan mikilsvert mál. Jeg skal þó eigi tefja með langri ræðu að þessu sinni, einkum vegna þess, að mál þetta hefir verið allmikið rætt hjer í deildinni á þinginu í fyrra.

Eins og um getur í nál. meiri hl., þá hefir nefndin eigi getað orðið samferða, og hefir hvor hluti nefndarinnar skilað sínu áliti.

Í nefndaráliti meiri hl. er þess getið, hvert verið hefir helsta áhugamálið um stjórnskipunarlagabreytingu á undanförnum þingum, sem er það, að þing skuli haldið aðeins annaðhvert ár. Því hefir verið haldið fram, og það sennilega með allmiklum rökum, að meiri hluti þjóðarinnar óskaði eftir þeirri breytingu. En nú má telja, að síðustu kosningar ættu að snúast um þær breytingar, sem hjer liggja fyrir, þar sem þing var rofið og kjördagur ákveðinn með sjerstöku tilliti til þeirra. En hvernig hefir svo þjóðin tekið í þessar breytingar? Jeg verð að líta svo á, að þjóðin hafi tekið þeim fremur fálega. Þar sem jeg þekki til hafa þær alls ekki verið aðalmálið, er rjeði úrslitum kosninganna, og sumstaðar alls ekki hreyft. — Að vísu má nú segja, að þekking mín á þessu sviði nái skamt. En jeg hefi þó aðrar og allgóðar heimildir, þar sem eru þingmálafundagerðir þær, er til Alþingis hafa borist. Jeg hefi farið yfir þær allar, sem til þingsins hafa borist, 19 að tölu, auk hjeraðssamþyktar úr Vestur-Ísafjarðarsýslu, eða 20 alls. Og hvað segja þær? Þær, sem hafa tjáð sig samþykkar breytingunum, eru 5, 10 hafa samþykt að fella þær, og í 4, auk hjeraðssamþ. V.-Ísf., er ekki minst á stjórnarskrárbreytingarnar. Þegar þetta er athugað, að á langflestum þingmálafundunum eru þær ýmist ekki virtar þess, að um þær sje talað, eða þá lagt beint á móti þeim, þá fer að verða lítið úr þeirri ástæðu, að þjóðin óski eftir þessari breytingu, og aðalástæðan fyrir þinghaldi aðeins annaðhvert ár er þar með fallin.

Því verður varla neitað, að fækkun þinga væri í raun og veru spor stigið

aftur á bak og í íhaldsáttina. Með því væri valdið í stjórnmálunum að nokkru dregið frá kjósendum, og vald stjórnarinnar aukið að sama skapi. Auk þess er það tvímælalaust, að eins og fjármálum þessa lands er nú varið, þá er mikill vandi að semja fjárlög til tveggja ára í senn, svo vel fari. Reynslan sýnir, að það er fullerfitt fyrir eitt ár í senn.

Þá vil jeg lítillega minnast á 4. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að þingmenn skuli kosnir til 4 ára, hinir landskjörnu sem þeir kjördæmakjörnu, og að þingrof nái til þeirra. Það má nú að vísu segja, að þetta sje spor í þjóðræðisáttina. Vinna því þessar tvær greinar, sem jeg hefi talað um, 1. og 4. gr., hvor á móti annari, frá því sjónarmiði. Má því, frá því sjónarmiði sjeð, segja, að 4. gr. sje til bóta. En þegar aftur á móti litið er á upphaflegan tilgang landskjörsins, þann, að skapa festu í þingið, þá er sýnilega hvikað frá þeirri stefnu með frv. Sjálfur lít jeg nú svo á, að festa sje góð og meira öryggi í því að breyta til smám saman. En um það má sjálfsagt lengi deila, hvort betra er. En landskjörið veitir einnig rjett í öðrum skilningi, þann, að bæta að nokkru úr misrjetti því, er nú þykir koma fram vegna gildandi kjördæmaskipunar. Og sje eingöngu litið á breytinguna frá því sjónarmiði, má segja, að hún eigi rjett á sjer, því að þá er ekki nema eðlilegt, að þessir þingmenn sjeu sömu lögum háðir og aðrir þingmenn.

5. gr. frv. er að vísu breyting til bóta. En hinsvegar tel jeg hana ekki svo þýðingarmikla, að til mála komi að samþ. frv. hennar vegna.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, tel jeg stefnu þá, sem fram kemur í 1. gr. frv., mikla afturför, eða stórt spor aftur á bak Enda sýnist svo, sem flytjendum málsins hafi verið það ljóst, að hjer var um tvírætt atriði að ræða, að hafa Alþingi annaðhvert ár. Má þar til vísa í síðustu málsgr. 1. gr., sem jeg vil lesa hjer, með leyfi hæstv. forseta: „Með lögum má ákveða, að reglulegt Alþingi skuli háð árlega.“

Það á því að vera komið undir vilja þingsins í það og það skiftið, hvort Alþingi skuli háð árlega eða ekki. Þetta virðist mjer benda til þess, að flytjendum málsins hafi ekki verið mikið alvörumál um þetta atriði. Verð jeg að telja þetta atriði beint hættulegt, því að það getur farið alveg eftir geðþótta meiri hlutans í þinginu, á hverjum tíma, hvort Alþingi er háð annaðhvert ár eða á hverju ári, eða jafnvel tvisvar á ári.

Þó að meiri hl. nefndarinnar viðurkenni að vísu, að í frv. felist nokkrar rjettarbætur, þá eru ókostir frv. svo miklir, að hinar fáu breytingar, sem til bóta eru, yrðu of dýrkeyptar. Þess vegna á að fella frv.

Jeg hygg, að engum hv. þdm. komi til hugar að gera breytingartillögur við frv. Á það var aðeins minst í nefndinni, en þar voru allir sammála um, að sú leið kæmi ekki til greina. Hv. þdm. munu vera búnir að gera upp við sjálfa sig, hvern veg þeir greiða atkv. í þessu máli. Mun því óþarft að hafa þetta mál lengra að sinni.

Frsm. minni hl. (Halldór Steinsson): Jeg er sammála hv. frsm. meiri hl. um það, að lítið sje unnið við langar umr. í þessu máli. Jeg mun því reyna að verða enn stuttorðari en hann.

Jeg vil strax taka það fram, að eftir að sú breyting við frv., sem jeg flutti á síðasta þingi, um afnám landskjörinna þingmanna, var fallin, taldi jeg þetta frv. ekki eins mikils virði, þótt jeg þá greiddi því atkv. Jeg mun einnig nú greiða því atkv. mitt, og það aðallega af sparnaðarástæðum.

Eins og kunnugt er, hefir nefndin klofnað í þessu máli, og aðallega vegna þess, að meiri hl. getur ekki skilið, að hjer sje um neinn verulegan sparnað að ræða. Aðalástæða meiri hl. gegn frv. er sú, að með því að hafa þinghald annaðhvert ár, verði ekki um neinn verulegan sparnað að ræða, og leggur sjerstaka áherslu á það, að með því fyrirkomulagi verði óhjákvæmilegt að hafa aukafjárlagaþing árlega. Minni hl. getur ekki verið samþykkur áliti meiri hl. að þessu leyti. Þinghöld hafa altaf verið töluverður baggi á þjóðinni. Undanfarin ár hefir kostnaður við þinghald verið þetta um og yfir 200 þús. kr. Þegar talað er um að spara, og til þess dregið úr verklegum framkvæmdum, þá sýnist svo, sem ekki ætti að fleygja frá sjer sparnaði á öðrum sviðum, ef hægt er að koma honum í framkvæmd að skaðlausu. Það er einnig alveg víst, að þótt svo fari, að aukaþing verði við og við háð hjer eftir, þá mundu þau ekki verða á hverju ári. Má í þessu efni ekki dæma eftir reynslunni frá 1912—'20. Árin 1914—'19 stóð stríðið yfir, sem kunnugt er, og mátti því mikið um kenna, að haldin voru aukaþing á því tímabili, og þarf því ekki að ganga að því sem vísu, að svo mundi fara hjer eftir. Ekki fæ jeg heldur sjeð, að þótt haldið væri þing annaðhvert ár og fjárlögin samin fyrir tvö ár í senn, þá sje það nokkur nauðsyn að hafa aukafjárlagaþing. Reynslan hefir sýnt, að slíkt þarf ekki, enda hefir það ekki komið fyrir síðan 1923.

Mjer virðist, að afstaða manna í þessu máli hafi ekki getað breyst mikið frá því í fyrra. Frv. var afgr. frá Nd. í fyrra, með 18:6 atkv., og frá Ed. með 9:3 atkv. Nú hafa tveir nýir þm. bæst í Ed. og 3—4 í Nd., en sú tala getur tæplega breytt úrslitum málsins, þótt þeir allir væru á móti því. Ekkert nýtt hefir komið fram síðan, svo að þm. geti skift um skoðun. (**JBald:** Kosningarnar í sumar!). Nei alls ekki. Og hvað viðvíkur þessum 19 þingmálafundargerðum, þá eru þær ekki mikils virði í þeim efnum.

Það er vitanlegt, að almennur vilji þjóðarinnar fyrir síðasta þing var sá, að koma á þinghaldi annaðhvert ár, og þótt einstaka þm. hjer kynni að hafa skift um skoðun, þá heldur meiri hluti kjósenda fast við þessa breytingu. Ástæðan fyrir þeirri breytingu er sparnaðurinn, sem af þessu mundi leiða, enda hefir enn ekki verið hægt að sýna fram á það með rökum, að enginn sparnaður verði að þessu fyrirkomulagi.

Hv. frsm. meiri hl. er óánægður með 4. gr. frv., um breytingu á kosningu landskjörinna þm. Jeg lít svo á, að þetta sje fremur til bóta, þótt jeg hins vegar fyrir mitt leyti telji heppilegra að afnema landsk. þm. með öllu.

Mun jeg svo ekki fara frekari orðum um þetta mál að svo stöddu, en vænti þess, að þeir hv. þm., sem greiddu frv. atkv. í fyrra, hafi ekki skift um skoðun. — Annars er það ekkert undarlegt, þótt nefndin hafi skifst í þessu máli. Hv. frsm. meiri hl.

var einn þeirra þriggja manna, sem voru frv. andvígir í fyrra, og hinir tveir eru nýir þm., sem ætla má að hafi verið frv. mótfallnir, þegar í byrjun.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Jeg ætla aðeins að segja örfá orð, enda gaf ræða hv. frsm. minni hl. ekki ástæðu til þess að segja margt. Eru það aðeins örfá atriði í ræðu hans, er jeg vil víkja að nokkrum orðum.

Hv. frsm. sagði, að meiri hl. gæti ekki skilið, að sparnaður yrði að þessu fyrirkomulagi. Jeg vil ekki neita því, að reikningslega sjeð mun ef til vill hægt að spara eitthvað með þinghaldi annaðhvert ár, en hvort þar verður um nokkurn raunverulegan sparnað að ræða, er vafamál. Eins og jeg hefi áður bent á, hlýtur sú stjórn, er að völdum situr í hvert sinn, að taka til sinna ráða, þegar fjárlögin eru samin svo löngum tíma áður, eða 2½ ári áður en þau koma til framkvæmda, og hljóta því að verða að ýmsu leyti ónákvæm. Reynslan sýnir, að hver stjórn hlýtur að taka til sinna ráða að meira eða minna leyti, og er þá ekki víst, að mikið yrði úr sparnaðinum.

Þá benti hv. frsm. minni hl. á það, að ekkert nýtt hafi komið fram í málinu frá því í fyrra. Því hefi jeg þar til að svara, að kosningarnar, sem fram fóru í sumar, hafa greinilega sýnt, að meiri hl. þjóðarinnar ætlast ekki til, að breytingar þessar nái fram að ganga. Þar, sem jeg þekki til, hefir þetta mál, sem frv. fjallar um, hvergi verið gert að aðalatriði við kosningarnar. Hv. frsm. sagði, að ekki væri hægt að byggja á 19 þingmálafundargerðum í þessu efni. Jeg vil spyrja: á hverju á þá að byggja? Jeg trúi því vel, að í hans kjördæmi sjeu menn breytingum þessum fylgjandi, en þar fyrir þarf það ekki að vera og er alls ekki almennur vilji þjóðarinnar. Jeg sje ekkert á móti því, að byggja á þessum 19 fundargerðum. Mjer virðist undarlegt, ef þetta væri þjóðarvilji, að þess hefði ekki gætt meira við kosningarnar í sumar. Mundi þjóðin þá aðeins hafa kosið þá menn eina á þing, er breytinguna vildu, eða hefði látið þá skoðun sína í ljós á einn eða annan hátt. Nei, mjer finst heimildin góð, og min aðstaða miklu betri, að byggja á þingmálafundargerðum, en aðeins á örfáum hjeruðum, eins og hv. frsm. minni hl. vill gera. Jeg verð að álíta, að jeg hafi valið bestu heimildina fyrir vilja þjóðarinnar í þessu máli.

Frsm. minni hl. (Halldór Steinsson): Jeg vil aðeins bæta nokkrum orðum við, út af síðustu orðum hv. frsm. meiri hl. Hann vill halda því fram, að þessar 19 þingmálafundargerðir sýni hinn sanna vilja allra kjósenda á landinu í þessu máli. Jeg er á gagnstæðri skoðun. Besta sönnunin er sú, að í þetta skifti fóru kosningar svo, að þeir þm., sem eru breytingunni hlyntir, urðu í meiri hl. við kosningarnar. Þetta tel jeg betri sönnun þess, að vilji þjóðarinnar hafi ekki breyst, heldur en örfáar þingmálafundargerðir, sem ýmist eru með eða móti breytingunni.

Jón Þorláksson: Jeg kannast við það, að langar umr. eru þýðingarlitlar í máli þessu. Á síðasta þingi var

þetta frv. mál þáverandi stjórnar, og er því mjer í nokkru skylt. Á þessu þingi er það mál núverandi stjórnar; hefir hún lagt það fyrir þingið af fúsum og frjálsum vilja, án þess að henni bæri til þess nokkur skylda, nema sú, er samviska hennar býður henni. Hæstv. forsrh. bar fram þetta frv., enda er það í fullu samræmi við afstöðu þá, er hann tók til málsins í fyrra, í blaði sínu, svo og það, að hann studdi mál þetta í fyrra með atkv. sínu.

Ástæður gegn frv. þessu eru margræddar — og marghraktar. Rök þau, sem fram hafa verið borin á báða bóga, eru öllum hv. þdm. kunn, sem hjer áttu sæti í fyrra, og hinir tveir hv. þm., sem nýir eru, eru þegar búnir að binda atkv. sitt með undirskrift undir nál. Út af nokkrum ummælum í nál. meiri hl., að gera megi ráð fyrir, að sparnaður við fækkun reglulegra þinga sje vafasamur, vil jeg vísa á það, sem hæstv. forsrh. hefir áður skrifað um þetta mál. Hann hefir manna mest og best sýnt fram á, hvern sparnað þinghald annaðhvert ár hafi í för með sjer. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um, að spara megi við það helming þess þingkostnaðar, sem nú er.

Jeg fæ ekki sjeð, að það breyti miklu frá því fyrirkomulagi, sem nú er, þótt fjárlögin yrðu samin til tveggja ára í senn. Þau eru ætíð samin í ársbyrjun, ári áður en þau eiga að koma í gildi, án þess að þingið geti haft nokkra hugmynd um afkomu atvinnuveganna næsta ár, og varla um árið þar á undan. Vissan er hvorki meiri nje minni, þótt fjárlögin eigi að gilda til 2 ára. Líkurnar fyrir því, að áætlanir geti jafnvel verið rjettari, eru meiri en áður, því að meiri líkindi eru til þess, að tvö ár bæti hvort annað upp, heldur en þeim bregði báðum til sama vegar, hvort heldur er til ills eða góðs árferðis.

Ef sú tilhögun væri, að fjárlögin væru sett stuttu á undan því tímabili, sem þau ættu að gilda, svo að sjá mætti afkomu ársins á undan, þá væri kanske ástæða til þess að hafa á móti frv. Nú er þessu ekki svo farið, svo að hjer er ekki um neina afturför að ræða frá því fyrirkomulagi, sem nú er. Meiri hl. vísar í landsreikningana 1926, til þess að sanna mál sitt, að ekki takist vel að setja fjárlög fyrirfram. Það stendur sjerstaklega á með landsreikningana árið 1926, og þau útgjöld, sem af þeim fjárlögum voru goldin. Þessi fjárlög voru sett í ársbyrjun 1925, og þá var búist við að verja öllum tekjum ríkissjóðs til lúkningar á lausaskuldum. Þess vegna voru útgjöldin svo naumlega skömtuð hvað verklegar framkvæmdir snertir, eins og þau bera með sjer. En nú var greiðslu á lausaskuldum lokið 1925, svo að ástæðan fyrir íhaldssemi til verklegra framkvæmda 1926 var þar með í burtu fallin. Þá tók stjórnin það á sína ábyrgð, að verja nokkru meira fje til verklegra framkvæmda en þingið 1925 hafði búist við að hægt yrði. Svona gátu áætlanirnar brugðist, þótt eigi væri nema um eins árs fjárlög að ræða, en þar fyrir er ekki ástæða til að ætla, að svo muni fara, þótt fjárlögin verði sett til 2 ára í senn.

Því hefir verið haldið fram, að þjóðin hafi skift um skoðun í þessu efni og leggi nú ekki eins mikla áherslu á sparnað við þinghald annaðhvert ár

og hún gerði áður. Jeg veit ekki, hvort þessi skoðanaskifti hafa átt sjer stað; að minsta kosti hafa engar sannanir verið færðar fyrir þeim. Það var ekki nema eðlilegt, þótt frv. þetta hafi ekki verið notað sem deilumál við kosningaanar í sumar, þar sem aðeins voru 9 atkv. gegn frv. í þinginu í fyrra. Menn hafa álitið það sem útkljáð mál, að breytingin yrði gerð, þar sem atkvæðamunur var svo mikill í þinginu, og hafa því ekki fundið ástæðu til þess, að taka mál þetta upp á kosningafundum. Mjer finst, að ef virkilega hefði verið nokkur mótstaða á móti máli, sem hefði haft svo mikið fylgi í nýrofnu þingi, þá hefði menn hlotið að taka málið mjög upp á þingmálafundum, til þess að tryggja afstöðu þingmanna. En þetta hefir ekki verið gert, og tel jeg það sönnun þess, að kjósendur vilji láta frv. verða að lögum.

Um þær þingmálafundargerðir, sem samþ. hafa till. um málið, er það að segja, að jeg legg ekki mikið upp úr þeim. Menn vita, hvernig stendur á þessum till. Þær eru sendar hjeðan úr Reykjavík, með tilmælum um að fá þær bornar upp og samþyktar, og svo er það gert. Þeir fáu menn, sem mæta á þingmálafundunum, gera það fyrir sína forráðamenn að bera þær upp og gefa þeim atkvæði, og jeg hygg, ef þessar tölur verða bornar saman við tölu þeirra manna, sem eiga að ráða lagagerð hjer, að talan verði svo lág, að hún muni ekki geta rjettlætt mikið skoðanaskifti fulltrúa kjósenda, þingmannanna.

Af því, sem hv. frsm. meiri hl. hefir borið fram, ætla jeg aðeins að víkja að því, sem hann sagði um síðasta málslið 1. gr. Hv. þm. fanst þetta atriði vera hættulegast af öllu í frv., og þykir mjer það alleinkennilegt, þegar það kemur frá manni, sem vill láta hafa þing árlega. Jeg get skilið það frá mönnum, sem ekki vilja láta halda þing nema annaðhvert ár, en jeg get ekki skilið það frá hv. frsm. meiri hl. En hv. þm. fann svo annað til; hefir líklega fundið, að þetta var dálitið veil aðstaða, svo að hann bætti við, að eftir þessu mætti halda reglulegt þing tvisvar á ári. Þetta er náttúrlega alveg skakt hjá hv. þm., því að þegar stjórnarskráin ákveður, að reglulegt þing skuli halda annaðhvert ár, en heimilar, að með lögum megi ákveða að halda það árlega, þá er engin heimild til að ákveða með einföldum lögum annað en að það skuli haldið árlega; auðvitað er ekki heimild til að ákveða, að það skuli vera haldið tvisvar á ári. Jeg held, að hv. frsm. meiri hl. hafi þarna sýnt það, að honum hafi orðið svo örðug leitin að röksemdum á móti frv., að hann hafi leiðst út í það, að búa til hugsmíð hjá sjálfum sjer í röksemda stað, sem ekki gat staðist.

En ef það nú væri orðið svo, að breyting væri orðin á hugum kjósenda eða hugum alþingismanna, um þörfina á því, að spara alþingiskostnað með því að hafa þinghald aðeins annaðhvert ár, þá getur náttúrlega ekki verið til þess nema ein ástæða, og hún er sú, að menn líti bjartari augum á fjárhag lands og ríkissjóðs heldur en fyrir einu ári síðan, að það, sem þeim þá þótti nauðsynlegt að gera í sparnaðar skyni, þyki þeim ekki nauðsynlegt að gera nú.

Ef frv. verður felt í þessari hv. deild,

sem jeg þó vona að ekki verði, þá getur sú nýfráfarna stjórn ekki látið sjer annað en vel líka þann dóm um breytingar á fjárhagsástæðum ríkisins, frá þjóðinni, sem felling frv. óneitanlega bæri vott um.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vildi segja fáein orð um stjórnarskrána, áður en hún kemur nú til atkvæða, ekki af því, að jeg hafi ekki nú á nokkrum undanförnum þingum haft tækifæri til að skýra frá minni skoðun, heldur af því, að það er viss hlið á málinu, eins og það hefir verið borið fram af fyrverandi stjórn, sem jeg ekki sá ástæðu til að gagnrýna fyr en nú.

Í þessu máli eru tvö atriði, sem koma til greina. Annað er sú breyting, að þingið skuli vera haldið annaðhvert ár, þangað til Alþingi með einföldum lögum gerir aðra ráðstöfun. Þetta álít jeg, að sje ekki heppilegt, og það er auðsjeð, að fráfarandi stjórn hefir ekki treyst því mjög vel, að þetta yrði framkvæmt til lengdar, úr því að hún sló þennan varnagla, sem hennar lið í báðum deildum hefir fylgt, að þessu mætti breyta með einföldum lögum.

Hitt atriðið er það, að breyta skuli landskjörinu. Það er breyting, sem jeg álít miklu óheppilegri. Jeg gæti vel samþykt, að landskjör fjelli niður, en sú limlesting á landskjörinu, sem hjer er farið fram á, er miklu verri, og jeg hefi grun um það, að þessi breyting á landskjörinu hafi verið aðalatriðið, sem vakti fyrir fyrverandi stjórn, því að viðvíkjandi þessari breytingu ljet hún ekki fylgja nokkurn kost gagnbreytingar, nema þá með stjórnarskrárbreytingu.

Jeg ætla nú, í svo stuttu máli sem hægt er, að minna á gang þessa máls, síðan þetta umtal hófst. Jeg ætla, að sú hríð hafi verið hafin í kreppunni, sem var árin 1920—21, þegar menn fóru að átta sig á vandræðunum. Þá var það, eins og hv. 3. landsk. (JÞ) ber fram, að það blað, sem núverandi forsrh. var ritstjóri við, beitti sjer fyrir þessari breytingu. Síðan tók þingið málið til meðferðar, og hafa margir menn, bæði í Framsóknar- og Íhaldsflokknum, viljað, að gerð yrði tilraun með að hafa fjárlagaþing aðeins annaðhvert ár. En sá er munur á aðstöðu flokkanna, að Framsóknarmenn hafa hvað eftir annað reynt að koma fram þessu aðalatriði einu og blanda ekki inn í það öðrum deiluatriðum. En Íhaldsflokkurinn hefir, um leið og hann fór að sinna þessari gömlu uppástungu Tímans, tengt við það ýms hættuleg aukaatriði. Ef jeg man rjett, þá var það á þinginu 1922, sem Sigurður heitinn Stefánsson í Vigur beitti sjer fyrir stjórnarskrárbreytingu, en það var altaf nælt einhverju varhugaverðu aukaatriði á þinghaldið annaðhvert ár. Stundum það, að ráðherra skyldi ekki vera nema einn. Stundum, að kjörtímabilið skyldi vera 6 ár, og seinast, að breyta algerlega landskjörinu. Á móti þessum breytingum, ráðherrafækkuninni og því, að lengja kjörtímabilið, beitti blað Framsóknarmanna sjer altaf, þótti það vera spor aftur á bak og í kyrstöðuáttina. Það leiðir af sjálfu sjer, að fyrir frjálslynda menn er það eftirsóknarvert, að kjörtímabilið sje sem styst, en Íhaldsmenn gerðu það að kappsmáli um stund, að hafa það mjög langt, helmingi lengra en í Noregi. Fyrir þá menn,

sem ráða yfir handbæru fje og ýmsum meðulum til kosningakúgunar, er það um að gera, að hafa kosningar sem sjaldnast. En þegar það var sýnt, að þjóðin var á móti þessum fleygum, fann fyrverandi stjórn upp á því, að gera það að höfuðatriði í málinu, að landskjörið skyldi verða limlest og því gerbreytt, og þá er komið að þeirri breytingu, sem jeg hygg, að hafi verið höfuðatriðið fyrir fyrverandi forsætisráðherra, hv. 3. landsk. (JÞ), þegar hann beitti sjer fyrir samþykt þessa frv. í fyrra. Það var tiltölulega kænn útreikningur frá hans hálfu, að bæta flokksaðstöðu sína og auka kyrstöðu í pólitísku lífi landsins, með því að haga breytingunni eins og hjer er gert ráð fyrir.

Jeg vil þá reyna að útskýra það, í hverju þessi kæni útreikningur er fólginn. Eins og til hagar nú, eru landskjörnir þm. kosnir um land alt, í tvennu lagi. Við síðustu kosningar kom það í ljós, að Íhaldsflokkurinn fjekk einn fulltrúa, Framsóknarmenn einn og Alþýðuflokkurinn einn, og ef þessu heldur áfram, þá fær hver flokkur tvo fulltrúa í Ed. En nú stendur svo á, að Íhaldsflokkurinn á þar þrjá fulltrúa landskjörna, en Alþýðuflokkurinn ekki nema einn, en eftir þeirri reynslu, sem nú er, er Íhaldsflokkurinn nokkru sterkastur, Framsóknarflokkurinn næstur honum og Alþýðuflokkurinn nokkru minstur. En það, sem hefir vakað fyrir hv. 3. landsk. með þessari breytingu á landskjörinu, mun hafa verið það, að undir svipuðum kringumstæðum og verið hafa, mundi Íhaldsflokkurinn geta fengið þrjá menn af sex, ef kosning fer fram í einu, Framsóknarflokkurinn tvo og Alþýðuflokkurinn einn, eða verkamenn tvo og bændur einn. Það er náttúrlega ekki hægt að lasta, þó að hv. þm. (JÞ) vilji koma því svo fyrir, að hans flokkur standi vel að vígi, vilji helst fá jafntefli á móti hinum tveim flokkunum, en jeg verð samt nú þegar að koma að því, í hverju það liggur, að þessi breyting er svo sjerstaklega óheppileg fyrir bændastjettina.

Eins og kunnugt er, er lögfestur sumardagur fyrir landskjör, en aftur á móti er fyrsti vetrardagur lögfestur fyrir kjördæmakosningu. En með þeirri breytingu, sem hjer er um að ræða, hverfur landskjör yfir á haustið, og verða hinir landskjörnu þá kosnir um leið. Nú muna það margir frá landskjörinu síðasta, aukakosningu í staðinn fyrir Jón heitinn Magnússon, að þá var stórhríð og snjókyngi mikil á Norður- og Austurlandi, en aftur á móti gátu menn sótt á kjörstað í verstöðvum og kaupstöðum, enda eru þar bifreiðar löngum til taks, til að safna saman kjósendum. Aðstaða sveitamanna er þess vegna sú, að í ofanálag á þann óhentuga, lögfesta kjördag, fá þeir landskjörið flutt yfir á haustið, og þó að þessu kynni að verða breytt síðar, þá er engin vissa, máske ekki líkur, að það takist í náinni framtíð. Jeg man vel eftir, að slíkt frv. var stöðvað í Ed. fyrir nokkru, að flytja kjördaginn frá haustinu yfir til sumarsins, af Íhaldsmönnum. Nú skulum við hugsa okkur, að haustkosning verði líkt sótt og var haustið 1926. Bæirnir safna öllum sínum kjósendum saman, en í hálfu landinu getur verið stórhríð og fannfergi svo mikil, að varla verði

hægt að komast á milli bæja í hásveitum, eða að minsta kosti nóg til þess, að mjög mikill hluti kjósenda geti ekki notið atkvæðisrjettar. Að vísu getur farið fram lögleg kosning í hjeraði, þó að tiltölulega mjög lítill hluti af kjósendum sæki kjörfund í sveitum, þar sem haustveðrið er venjulega verst. En bændaþátttakan í landskjörinu yrði tiltölulega mjög lítil. Í Árnessýslu, haustið 1919, var svo slæmt veður, að Sigurður heitinn Sigurðsson fullyrti um miðjan dag, að hann væri fallinn, sem og líka var, af því að í upphreppunum var hríðarveður, svo að fólk komst ekki á kjörstað. Það er auðsjeð, hver niðurstaða mundi verða af slíkum kjördegi, það mundi verða kosnir þrír Íhaldsmenn, sem berðust fyrir hagsmunum bæjanna, tveir Alþýðuflokksmenn, sem líka berðust fyrir hag bæjanna, þó að nokkuð sje á annan hátt, og svo einn Framsóknarflokksmaður. Upp úr þessari kosningu hefði þá bæjaveldið fimm menn, en bændur aðeins einn, og þessu má altaf búast við um landskjör í vetrarbyrjun.

Þegar bændur landsins fara að athuga það, hversu kaldrifjaður hv. 3. landsk. hefir verið í þeirra garð með þessu, þótt það komi sjer vel fyrir hans flokk, með höfuðvald sitt í kauptúnunum, þá þykir mjer ekki ósennilegt, að þessi útreikningur hans verði honum til lítillar ánægju, þegar hann fer að tala við sveitamenn um það, hve vel hann unni þeim alls góðs af stjórnmálavaldi þeirra í landinu.

Hjer hefir verið samþykt í deildinni í dag annað frv., sem búið er að fella fjórum sinnum í þessari hv. deild. Það hefir ávalt verið samþykt í Nd., en felt hjer, og við vitum, að það er fyrir meting og kapp tveggja manna hjer í bæ, sem standa að fyrverandi meiri hl. í þessari hv. deild. Við skulum nú hugsa okkur það, að hjer væri kominn í Ed. varanlegur stöðvunarher, eins og sá, sem beitt var á móti hinu svonefnda rakarafrv. Íhaldsflokkurinn gæti, ef þessi breyting nær fram að ganga, fengið stöðvunarvald í Ed., þótt hann væri í minni hl. í landinu og þinginu. Þess verður nefnilega að gæta, að fái sá flokkur, sem vill beita sjer fyrir kyrstöðu í Ed., þrjá fulltrúa við landskjör, getur hann fengið jafntefli þar, þótt hann kunni að vera í minni hl. í Nd., þ. e. haft nóg afl til þess að fá fjóra menn kosna upp í Ed. að nýafstöðnum kosningum, þá er svo komið, að búið er að skapa sjö manna vald í Ed., sem getur stöðvað alla framfaralöggjöf í landinu um óákveðinn tíma. Það eina, sem getur brotið slíkan flokk á bak aftur, er aðeins jafn gagngerður ósigur Íhaldsins og var í vor, og grunur minn er sá, að hv. 3. landsk. (JÞ), með sinni laglegu tölvísi, hafi fundið það, að Íhaldsflokkurinn gæti líklega aldrei fengið meiri hl. í Ed., en með þessari breytingu gæti hann e. t. v. gert sjer von um að fá neitunarvald hjer og þar með því að skapa líkt ástand og það, sem eyðilagði alt framkvæmdavald í Danmörku fyrir aldamótin. Jeg hygg, að þeir menn, sem þekkja vinnubrögðin Íhaldsins hjer í deildinni á undanförnum árum, mundu trúa þeim mönnum til að stöðva hin stærstu og bestu mál, og það með því meiri ánægju sem þau væri stærri. Jeg býst þess vegna við, að almenningur muni mjög undrast,

þegar honum er ljós orðin sú undarlega ljettúð, sem jafnan hefir komið fram hjá fylgismönnum hv. 3. landsk. (JÞ) í stjórnarskrármálinu, hvernig reynt hefir verið láta afturhaldskenda fleyga loða við hverja verulega breytingu, og þegar svo hefir til komið, og flokkurinn hefir getað fengið liðveislu annara til að koma frv. í gegnum þingið, þá hefir verið ómögulegt að fá hann til þess að fella úr fleygana. Í fyrra bauð jeg og hv. 2. þm. S.-M. (IP) þrásinnis stuðning til þess að samþykkja frv., ef flokkurinn vildi fella úr þessa fleyga. Hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) neitaði þessu boði mjög eindregið, og alveg sama átti sjer stað árið 1924 á milli mín og Jóns heitins Magnússonar, sem þá var í stjórnarskrárnefnd. Nei, það var ekki við það komandi, altaf skyldu fleygarnir vera með. Og svo vildi það til, að á því sama þingi, árið 1924, þegar Íhaldsflokkurinn var nýtekinn við stjórn, þá drepur flokkurinn frv. fyrir sínum eigin foringja, Jóni heitnum Magnússyni. Það var þó síður en svo, að þeir hefðu nokkra ástæðu til að drepa stjórnarskrá með fyrirmælum um þinghald annaðhvert ár þá, því að þeir voru í meiri hluta í báðum deildum, og sjerstaklega í sterkum meiri hl. hjer í Ed., og gátu gert hvað sem þeir vildu.

Niðurstaðan af þessum langa leik, síðan 1922, er þá sú, að aldrei hefir Íhaldsflokkurinn eða sparnaðarbandalagið fengist til að fást við breytingu á þinghaldi, svo að það yrði aðeins annaðhvert ár, nema einhverjir bakþankar hafi jafnan verið með, og einu sinni hafa þeir drepið frv. fyrir sínum eigin forkólfi. Í fyrra neituðu þeir allri samvinnu og spottuðu þá, sem vildu fylgja aðalhugmyndinni án fleyga, með því að breyta frv. þannig, að gera það sem óaðgengilegast fyrir frjálslynda menn í landinu. Í fyrra var landskjörsbreytingin sú lævísa hagsmunabreyting Íhaldinu í vil, sem var látin fylgja aðalatriðinu, þingafækkun.

Jeg býst þess vegna við, að hv. 3. landsk. geti ekki tekið það illa upp fyrir þeim, sem hann er að reyna að leika á í þessu máli, þótt þeir leggi sig ekki alveg undir öxina.

Jeg hefi skilið óheilindi Íhaldsmanna í þessu máli frá því jeg kom á þing 1923, og að jafnaði orðið að taka þátt í meðferð málsins hjer í deildinni. Jeg verð að segja, að enda þótt jeg með mikilli þolinmæði hafi beðið þar til nú með að fletta ofan af hinu innra samhengi málsins, þá er það ekki of mikill greiði við Íhaldið, þegar litið er á þá fyrirgreiðslu, sem fyrverandi stjórn gerði Framsóknarflokknum, með því að leysa þingið upp í fyrravor og hafa kosningar þá. Það var að vísu fyrst hugsað sem herkænskubragð, átti að gagna kyrstöðunni í landinu, þótt leikslok yrðu önnur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þó að frv. þetta sje að formi til stjfrv., hafði jeg ekki gert ráð fyrir að taka til máls við þessa umr., af þrem ástæðum: Í fyrsta lagi er frv. þetta arfur frá fyrverandi stjórn, í öðru lagi hefi jeg áður gert grein fyrir afstöðu minni til stjórnarskrármálsins, og í þriðja lagi á jeg ekki atkvæðisrjett í þessari hv. deild. En

hv. 3. landsk. gaf mjer tilefni til að segja nokkur orð.

Hv. þm. mintist á mína fyrri afstöðu til þessa máls og sagði, að jeg hefði manna best rökstutt sparnaðarhlið málsins. Þau ummæli mín er jeg reiðubúinn til að standa við, og mun jeg, þrátt fyrir alt, greiða frv. atkv. í Nd., ef til kemur. En jeg hefi ástæðu til að rifja upp mína framkomu annarsvegar og Íhaldsmanna hinsvegar í því, að vilja í alvöru vinna að sparnaði í þessu máli.

Í fyrra var jeg formaður stjórnarskrárnefndarinnar í Nd. Þá átti jeg orðaskifti við hv. 3. landsk., þáverandi hæstv. forsrh. Jeg bauð honum hvað eftir annað að vinna að málinu af kappi, ef frv. fjallaði aðeins um þinghald annaðhvert ár, en hv. 3. landsk. neitaði allri samvinnu við mig. Hv. 3. landsk. vildi búa til hægari aðstöðu fyrir sinn flokk í framtíðinni. En honum var engin alvara um það, að vilja spara.

Við í stjórnarskrárnefndinni gerðum fleira til þess að láta málið fá svip af sparnaði. Það varð að samkomulagi, að láta breytinguna snúast um tvö atriði, þinghald annaðhvert ár og fækkun þingmanna um 6, með því að leggja niður landskjör. Það er mikilvægt atriði, sem við í nefndinni vorum flestir sammála um. Þegar að atkvgr. kom, lögðum við Framsóknarmenn fram ¾ hluta atkv., en einn maður úr Íhaldsflokknum, utan nefndar, var með okkur. Íhaldsflokkurinn hefir þannig altaf verið þrándur í götu þess, að koma málinu fram í sparnaðarskyni. Og þó ætlar hv. 3. landsk. að láta líta svo út, að fyrir sjer vaki ekkert annað en sparnaður! Honum hefir verið boðin höndin hvað eftir annað, en hann hefir hrint henni frá sjer.

Jón Baldvinsson: Það hafa verið einkar lærdómsríkar umræður, sem hjer hafa farið fram, og þær hafa brugðið ljósi yfir það, sem gerðist í sambandi við þetta mál í þinglokin í fyrra. Er þá fyrst á það að minnast, sem hv. frsm. minni hl. sagði um atkvgr. hjer. Að vísu var frv. afgreitt til Nd. með 9 atkvæðum, en 4 voru á móti.

Hv. 3. landsk. sagði, að í fyrra hefði þetta verið mál þáverandi stjórnar, en nú væri það mál núverandi stjórnar. Jeg læt stjórnirnar um að skifta því á milli sín, en svo mikið er víst, að mál þetta er fyrst og fremst dæmt sem mál fyrverandi stjórnar. Vegna þess var kosið á síðastliðnu sumri. Kosningarnar fóru fram, af því að stjórnin þóttist ekki geta dregið þær lengur vegna stjórnarskrárbreytingarinnar.

En hvernig fer svo, þegar málið kemur út til þjóðarinnar? Ýmist snúast menn eindregið á móti því, eða sinna því alls ekki. Það er mesti misskilningur hjá hv. 3. landsk., að menn sjeu svo sinnulausir um jafnmikilvægt mál og þetta, að þeir hafi ekkert aðhafst, af því að þeir hafi „haldið“ að það yrði samþykt. Nei, það var af því að menn fyrirlitu breytinguna. Ef til hefði verið sá áhugi fyrir málinu, sem látið var uppi af flokkunum í fyrra, þá hefði hann sannarlega átt að koma í ljós á þingmálafundum. En þar sem jeg var á þingmálafundum, vissi jeg ekki betur en að þeir, sem voru með stjórnarskrárbreytingunni,

færu í felur með það. Svo komu úrslit kosninganna, og þau voru fyrst og fremst dómur á fyrverandi stjórn og hennar verk, meðal annars fyrir það, að hafa borið fram þetta frv. Það þarf engan að furða á því, þó að þjóðin dæmdi þennan dóm. Ástæðan, sem hv. 3. landsk. og samherjar hans færa fyrir máli sínu, er svo merkilega hlægileg, að það gengur ósköpum næst, að greindir menn skuli leyfa sjer að bera hana fram. Þeir segja, að betra sje að semja fjárlög fyrir 2 ár í senn, heldur en fyrir eitt ár. Þess meiri sem óvissan er, þess lengra sem þarf að sjá fram í tímann, þess betra ætti þá að vera að gera ábyggilega fjárhagsáætlun. Skárri er það viskan! Mig skyldi ekki undra, þó að einmitt það ákvæði, að fjárlög skyldu samin fyrir 2 ár í senn, hefði verið aðalorsökin til þess, að fjárhagur okkar var svo erfiður árin 1919—21. Jeg efast ekki um, að ef það hefði gilt 1919, að fjárlög skyldu samin aðeins til eins árs, þá hefðum við sloppið betur en raun varð á. Það gefur að skilja, að erfiðara er að áætla fyrir tvö ár en eitt. Mjer er alveg óskiljanlegt, að önnur eins ástæða og þessi skuli vera fram borin á Alþingi.

Jeg hreyfði því í fyrra í umr., að stjórnin mundi geta látið kosningarnar fara fram á venjulegum tíma, nefnilega um haustið, þótt breyting væri samþykt á stjskr. En stjórnin vildi alls ekki, meðan þingið sat, láta uppi, hvenær kosningar færu fram. Það var ekki fyr en komið var að þingslitum, að það fór að kvisast. Nú er alt komið upp, og játning liggur fyrir um það, að það hafi verið samkomulag þeirra flokka, sem stóðu að stjórnarskrárbreytingunni, svo að hún var ekki annað en brella til þess að fá sumarkosningar. Að minsta kosti gat jeg ekki skilið ræðu hæstv. dómsmrh. öðruvísi. Jeg held ekki, að það sje að öllum jafnaði svo, að bændur geti betur notið sín við sumarkosningar en við haustkosningar. Hv. 3. landsk. þýðir ekki að neita því lengur, að kosningar voru ákveðnar á síðastl. sumri með það fyrir augum að veikja Alþýðuflokkinn og nota sjer það, að kjósendur hans voru fjarverandi úr kjördæmum sínum, frekar en t. d. Íhaldsmenn.

En það fór eins og stundum áður. „Þjer ætluðuð að gera mjer ilt," en svo varð annað uppi á teningnum, eins og maklegt var. Jeg sje ekki annað en að alt þetta mál sje svo til orðið, að það er alveg ósæmilegt að halda áfram þessum skollaleik á Alþingi. Ef á að breyta stjórnarskránni, þá er óviðeigandi að vera að togast á um smámuni, eins og þegar hv. 3. landsk. var að reyna að nagla út eitt atkvæði handa sínum flokki með stjórnarskrárbreytingunni. Slíkt er alveg óhæfilegt.

Jeg er sömu skoðunar og áður um það, að þó að lítilsháttar bót felist í frv.., þá er það í heild sinni til skaða. En hv. 3. landsk. getur verið ánægður. Hann fjekk kosningar í júlí, eins og hann hafði svo heitt óskað sjer, en í staðinn hefir hann fengið þann dóm hjá þjóðinni, sem hann verður að láta sjer lynda, hvort sem honum líkar betur eða ver. En dómurinn er meðal annars fyrir það, að hafa verið að nudda við þessa lítilfjörlegu stjórnarskrárbreytingu, í eiginhagsmunaskyni fyrir flokk sinn.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Jeg geri ráð fyrir, að við frsm. meiri og minni hl. höfum þegar lagt niður vopnin hvor gagnvart öðrum, og sje jeg ekki annað en að við höfum báðir sloppið ómeiddir úr viðureigninni.

En hv. 3. landsk. hefir látið þau orð falla í garð meiri hl., og þá einkum minn, sem jeg get ekki látið ómótmælt. Hann hjelt því fram, að þó að fjárlög væru samin til tveggja ára í senn, væru ekki líkur til þess, að þau yrðu óáreiðanlegri en ella. Þau yrðu jafnvel áreiðanlegri. Þessu hefir hv. 5. landsk. að mestu leyti svarað, en þó vildi jeg fara um þessi ummæli hv. 3. landsk. nokkrum orðum, því að jeg sje ekki betur en að þau sjeu, vægast sagt, fjarstæða. Það er viðurkent af hv. 3. landsk. að altaf sjeu á því miklir erfiðleikar, að semja fjárlög til eins árs. En eftir allri reynslu og sannsýni virðast vera enn meiri erfiðleikar á því að spá lengra fram. Rök hv. þm. fyrir þessari fullyrðingu sinni virtust helst hníga að því, að tvö ár, á sama fjárhagstímabili, bættu hvort annað upp. En það er ekki óskeikult. Auðvitað geta tvö ár farið saman, þannig, að annað sje gott, en hitt lakara. En svo getur þetta ósköp vel orðið þann veg, að tvö slæm ár fari saman, og þá efast jeg um, að sama röksemdafærsla dugi. Jeg er hræddur um, að þá yrði annað uppi á teningnum.

Hv. þm. vildi gera lítið úr rökum mínum fyrir því, að meiri hluti þjóðarinnar mundi ekki vera meðmæltur stjórnarskrárbreytingunni. Jeg hefi litlu við að bæta það, sem jeg hefi áður sagt um þetta atriði. Jeg veit ekki betur en að þingmálafundagerðir sjeu þær einu heimildir, sem hægt er að fara eftir. Alt annað eru fullyrðingar. En jeg er sammála hv. 3. landsk. um það, að þjóðin hafi ekki skift um skoðun í þessu máli. Hún hefir sennilega aldrei verið með þessari breytingu.

Þá þótti hv. þm. mjer hafa farist klaufalega um niðurlag 1. gr. Það má vel vera, að hæpin sje tilgáta mín um þing á hverju ári. En það er ekki einsdæmi, þó að slegið sje fram hæpnum fullyrðingum. Það virðist einnig henda hv. 3. landsk. Hv. þm. reyndi ekki heldur að bera á móti því, að af þessu leiðir, að það er alveg á valdi Alþingis, hvort þing skuli háð annaðhvert ár eða á hverju ári. Með einföldum lögum má breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar og nema þau lög svo úr gildi á næsta ári. En það álít jeg alveg ósæmilegt um stjórnarskrá landsins, að verulegum atriðum í henni sje breytt, máske svo að segja árlega.

Að síðustu kom fram dálítið einkennileg ályktun hjá hv. 3. landsk. Hann sagði, að ef málið væri felt, þá skoðaði hann það sem traustsyfirlýsingu til fyrverandi stjórnar. (**JÞ:** Ekki sagði jeg það nú!). Að minsta kosti sagðist hann skoða það sem viðurkenningu. (**JBald:** Stjórnin sú fjekk viðurkenninguna við kosningarnar!). Jeg held, að það geti aldrei skoðast sem viðurkenning til stjórnarinnar, að fella mál, sem hún og flokkur hennar hefir borið á höndum sjer.

Erlingur Friðjónsson: Það hafa verið nefndir nýir þingmenn í sambandi við þetta stjórnarskrárfrv., og í sambandi við atkvgr., sem fram hefir far-

ið um breytinguna á stjórnarskránni á undanförnum þingum.

Af því að jeg er nýr þingmaður, vildi jeg gera grein fyrir minni afstöðu og atkv. með örfáum orðum. Það er þá skjótt frá að segja, að frá mínum góðu kjósendum norðurfrá hafa komið fram eindregnar áskoranir um það, að fella þessa stjórnarskrárbreytingu. Jeg man ekki betur en talin væru á þingmálafundi aðeins tvö atkvæði með stjórnarskrárbreytingunni, eins og hún var fram borin, en allur þingheimur, sem mun hafa verið um 500 manns, var á móti breytingunni. Þetta veganesti, sem kjósendur gáfu mjer, er nokkurnveginn nægilegt til þess að sýna, að ef jeg vildi gera vilja kjósenda minna, þá mundi jeg að sjálfsögðu vera á móti því frv., sem hjer um ræðir.

En það er vitanlega ekki nóg, að kjósendur mínir fyrir norðan æsktu eftir þessu, ef jeg hefði ekki sjálfur fyllilega þá skoðun, sem að sjálfsögðu eggjaði mig til að greiða atkvæði móti henni.

Jeg vil þá rökstyðja örlítið aðstöðu mína. Jeg lít þannig á, að sá vafasami sparnaður, sem þessi breyting á stjórnarskránni kynni að hafa í för með sjer, sje ekki eftirsóknarverður, — jeg segi v a f a s a m u r sparnaður, af því að líkurnar eru svo litlar til sparnaðar, að hann er í mínum augum ekki þess virði, sem óþægindunum nemur við að hafa þing annaðhvert ár. Mjer er það ekki ljóst, hvernig mál þjóðarinnar hljóti að verða betur afgreidd með því að þau sjeu tekin fyrir annaðhvert ár heldur en árlega. Ef gera mætti ráð fyrir, að sömu málin væru tekin fyrir ár frá ári, þá væri það til sparnaðar, en sje gengið út frá því eðlilega, sem reynslan hefir leitt í ljós, þá er þingið ekki að fjalla um sama málið ár frá ári, nema þörf sje á einhverri breytingu. Það má því yfirleitt ganga út frá því sem sjálfsögðum hlut, að hjer sje verið að vinna þau verk fyrir þjóðina, sem ekki eru endurtekningarverk, heldur framþróunarverk. Og það mundi að sjálfsögðu leiða af sjer kyrstöðu í þjóðlífinu, ef þing væru ekki háð nema annaðhvert ár. Um slíkt þarf ekki að fjölyrða, að það yrði til óþæginda fyrir hverja stjórn, sem situr að völdum, ef fjárlög gilda fyrir tvö ár í einu. Það geta allir getið nærri, sem eitthvað hafa fjallað um stærri fjármál en þau, sem hægt er að koma fyrir í einni peningabuddu, að það hlýtur að hafa í för með sjer stórkostleg óþægindi, að þurfa að ganga frá fjármálum heillar þjóðar fyrir tvö ár í einu. Frá sjónarmiði okkar jafnaðarmanna yfirleitt er það sjálfsagður hlutur, að stjórnin, hvort sem hún er skipuð af Framsókn eða Íhaldi, eigi að hafa það meira aðhald, sem skapast af þinghaldi árlega heldur en annaðhvert ár.

Einn hv. þm., mig minnir hv. 3. landsk., talaði um það, að sú stjórn, sem sæti að völdum, mundi hafa lagt stjskrárfrv. fyrir Ed. nú, og taldi það þess vegna vera hennar mál. Það má að sönnu vera fyrir ókunnugleika minn, en jeg hefi litið þannig á, að þetta þing sje fyrst og fremst kallað saman á óvenjulegum tíma vegna stjórnarskrárbreytingarinnar. Ef þetta er rjett, fæ jeg ekki sjeð, að þetta sje mál núverandi stjórnar, heldur þeirrar stjórnar, sem lagði þetta mál fyrir

þjóðina. Glögg yfirlýsing frá þjóðinni liggur nú ekki fyrir um það, hvort hún vilji, að stjórnarskrárbreytingin eigi fram að ganga eða ekki. En hv. 3. landsk. var að minnast á það í sambandi við þetta mál, að „yfirmennirnir" í Reykjavík, ætla jeg hann segði, þeir hefðu látið sitt boð út ganga til kjósendanna, og að kjósendur greiddu svo atkvæði eftir þeirra óskum. Jeg verð að líta þannig á, þar sem hjer á hlut að máli formaður Íhaldsflokksins, þá sje hann að tala um reglu, sem gildi í hans flokki. Og ef það er nú rjett, að sá fyrverandi meiri hluti í þinginu, sem á þennan hv. þm. sem formann, hafi látið sitt boð út ganga frá Reykjavík til kjósenda um, hvernig þeir ættu að greiða atkvæði í þessu máli, þá sýnist mjer vilji þeirra kjósenda ljóst kominn fram. Og viljinn er sá, að stjórnarskrárbreytinguna, sem fyrir liggur, eigi ekki að samþykkja. Kjósendurnir hafa ekki að þessu sinni verið nógu auðsveipir við yfirmennina í Reykjavík.

Jón Þorláksson: Jeg skal strax svara hv. þm. Ak., að miðstjórn Íhaldsflokksins hefir ekki sent neina tillögu til þingmálafundaályktana um stjórnarskrána, á þá fundi, sem haldnir voru fyrir kosningarnar. En það er nokkur ástæða til að halda, að eitthvað hafi verið gert af öðrum flokkum en Íhaldsflokknum. **(Forsrh. TrÞ:** Jeg get af hálfu Framsóknarflokksins lýst yfir, að hjá honum var alls ekkert gert í því). Jæja, því skal þá trúað, fyrst hæstv. forsrh. (TrÞ) segir það. **(JBald:** Ekkert gert af hálfu Alþýðuflokksins!).

Það er misskilningur, að þetta sje ekki frv. núverandi stjórnar, af því að þing sje kallað saman á óvenjulegum tíma, vegna samþyktar frv. á síðasta þingi. Það er svo, að stjórnarskráin mælir fyrir um þann frest, sem leyfilegur er, þangað til þing kemur saman út af þessu máli, en hún mælir ekkert fyrir um það, hvort stjórnin skuli leggja fyrir þingið það frv., sem samþ. var á þinginu næst áður. Með því að taka það frv. upp og leggja það fyrir þingið, hefir stjórnin gert það að sínu máli; því að henni bar engin skylda til að leggja það fyrir þingið.

Úr því að jeg er byrjaður á hv. síðasta ræðumanni, er best að jeg haldi áfram þaðan og komi næst að hv. frsm. meiri hl. Það er lítið að segja út af hans ummælum annað en minna á það, sem jeg gleymdi raunar áðan, að við höfum alla þá stund, sem stjórnarskráin frá 1874 var í gildi, búið við það ákvæði í henni, að það mætti breyta með einföldum lögum þeirri grein, að reglulegt þing komi saman annaðhvert ár. Það reyndist ekki svo, að okkur stafaði neitt tjón eða hætta af því þennan tíma. Jeg get ekki sjeð neitt hættulegt við að hafa samskonar ákvæði — nokkru skýrara orðað og nokkru þrengra — í þessu frv. Í stjskr. frá 1874 var almenn heimild til breytingar með lögum, en hjer er það einskorðað þannig, að ekki má breyta á annan veg en þann, að þing skuli haldið árlega.

Hv. 5. landsk. hjelt, að samþykt þessa frv. á síðasta þingi hefði verið brella, til þess að fá kosningu á miðju sumri. Hann taldi Alþýðuflokknum í óhag að hafa kosninguna um það leyti. Jeg skal ekki segja um það, hvað öðrum hefir gengið til að greiða frv.

atkv. á síðasta þingi, en jeg get sagt það um mig — og jeg veit ekki annað en að það gildi fyrir alla mína flokksmenn, að okkur kom ekki neitt slíkt í hug. Við greiddum frv. atkvæði og fyrverandi stjórn bar það fram vegna þess, að við töldum breytinguna, sem í því er falin, vera til bóta. Bæði þinghald annaðhvert ár, vegna sparnaðar, og breytt ákvæði um landskjör tel jeg til verulegra bóta, nefnilega, að almennar kosningar um alt land þurfi ekki að fara fram nema einu sinni á kjörtímabilinu. Og jeg álít það sjerstaklega ekki rjett, að halda þeirri reglu, sem nú er, að það þurfi að kveðja upp kjósendur um alt land einu sinni á hverju fjögurra ára kjörtímabili, og þó ekki samtímis hinum almennu kosningum, til þess að kjósa eina þrjá þingmenn. Það hefir sýnt sig fram að þessu, og jeg hygg, að það mundi sýna sig alveg eins eftirleiðis, að það er ákaflega erfitt að fá kjósendur alment um landið til þess að sinna slíkum kosningum, þar sem svo fáa á að kjósa, og stundum kannske aðeins einn einasta þingmann. Þetta er framúrskarandi óhagkvæmt, því neitar enginn. En jeg hefi skilið það nú af ræðu hæstv. dómsmrh., að hann muni vera kominn að þeirri niðurstöðu, að það muni einhver vinningsvon fyrir sinn flokk og sína nánustu, að halda þessari tilhögun. Og jeg geri ráð fyrir, að þess vegna eigi að fella frv. nú. En jeg get ekki annað sagt en að mjer finst þetta afkáraleg tilhögun, að geta ekki kvatt menn að kjörborðinu til að kjósa landskjörna þingmenn á sama tíma og þeir kjósa sína kjördæmakjörnu þingmenn.

Hæstv. forsrh. fór að mótmæla. Hann sagðist mótmæla því, að það væri af sparnaðarástæðum, að jeg, 3. landsk., vildi láta þetta frv. ganga fram. Jeg skal segja hæstv. ráðherra það, að þó að hann hafi veglegt umboð fyrir mig, eins og alla aðra landsmenn, þá skal jeg mótmæla fyrir mig, þegar mjer þykir þörf; en hans er að mótmæla fyrir sig, ef honum þykir eitthvað sagt, um sínar ástæður, sem hann vill ekki fella sig við. Það er af sparnaðarástæðum, sem jeg vil láta ákvæði þessa frv. um þinghald annaðhvert ár ganga fram. Hitt má að vísu kalla sparnaðarástæðu, en það er ekki höfuðatriðið fyrir mjer, að láta kosningu á öllum þingmönnum fara fram í einu. Það er sjerstaklega hagræði fyrir kjósendur. En auðvitað er það líka sparnaðaratriði fyrir ríkið og sveitarfjelögin.

Hæstv. forsrh. var að reyna að færa þau rök fyrir máli sínu, að jeg hafi ekki viljað taka þetta atriði um þinghald annaðhvert ár út úr, og samþykkja stjórnarskrárbreytingu með því einungis. Nei, vegna þess að það eru auðsæjar aðrar misfellur á núgildandi stjórnarskrá, þótt smávægilegar sjeu, sem jeg álít sjálfsagt að leiðrjetta, hvenær sem stjórnarskrárbreyting er gerð á annað borð. Þar á meðal er það, að ekki þurfi að vera á hverjum fjórum árum að kalla alla landsmenn til þess að kjósa þrjá þingmenn. Og hitt annað, að fyrirbyggja það, sem kom fyrir 1926, að það þurfi nokkurntíma að kveðja alla landsmenn á kjörfund til þess að kjósa einn landskjörinn þingmann. En hæstv. forsrh. getur alls ekki úr flokki talað, um að vilja samþykkja stjórnarskrárbreytingu með þessu ákvæði einu, þinghaldi annaðhvert ár,

því eins og hann skýrði frá sjálfur, bar hann fram tillögur um víðtækari breytingar, sem formaður stjórnarskrárnefndar og í meiri hl. þar, um það atriði. Það var afnám landskjörsins. Og þó að það komi ekki þessu máli við, get jeg gjarnan rifjað upp mína afstöðu til þess, úr því að hæstv. forsrh. minnist á það. Það mál er þannig vaxið, að engar líkur eru til, að mínu áliti, að fækkað yrði þingmönnum. Það átti að leggja niður landskjörið, en láta standa óbreytt ákvæðið, að breyta megi tölu þingmanna með einföldum lögum. Jeg fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um það, að ef þessi sex þingsæti hefðu verið afnumin, þá hefðu jafnharðan siglt í þeirra kjölfar tillögur um fjölgun þingsæta í þeim kjördæmum, sem nú fara helst varhluta um tölu þingsæta móts við tölu kjósenda, og bæta við nýjum kjördæmum, sjerstaklega í kaupstöðum, sem eru orðnir svo mannmargir, að það þykir nokkur sanngirni mæla með, að þeir fái þingmann. Jeg leit því svo á, að þessi tillaga þýddi ekki annað en að afnema landskjörið, til þesss að fá tilsvarandi tölu nýrra þingmanna fyrir kaupstaði. Og jeg fann ekki ástæðu til að samþykkja það, eins og málið stóð, sjerstaklega þar sem búið var að bera fram samskonar tillögur um afnám landskjörsins á sama þingi og búið að fella þær.

Þá skal jeg minnast á nokkur atriði úr ræðu hæstv. dómsmrh. og þá þar með atriði úr ræðu hæstv. forsrh., sem hann bara hafði upp eftir embættisbróður sínum — nefnilega, að með þessu frv. væri verið að reyna að búa til hægari aðstöðu fyrir Íhaldsflokkinn í framtíðinni. Jeg hefi ekki verið með neinn slíkan kænleiksútreikning, sem hæstv. dómsmrh. vildi gera ráð fyrir, um það, hvort þessi breyting á landskjörinu kynni að verða mínum flokki til gagns í framtíðinni, eða ekki. Jeg skal kannast við, að það, að kjósa sex menn í einu, í staðinn fyrir að kjósa þrjá í tvennu lagi, gerir þá breytingu á landskjörinu, að það gefur flokki, sem er svo lítill, að hann nær ekki sæti við þriggja manna kosningu, möguleika til að ná þingsæti við sex manna kosningu. Þessu verður ekki mótmælt. En það getur enginn fundið neina hagsmuni fyrir Íhaldsflokkinn í þessu, sem er stærsti flokkur landsins.

Jeg held því næst, að hægt sje að slá því nokkurn veginn föstu, að ef þrír flokkar eigast við, þá geti þessi breyting aldrei haft nein áhrif á þingsætatölu þess flokks, sem er í miðið að kjósendatölu til. Það er nú sem stendur Framsóknarflokkurinn; og hann á alveg jafn víst, á meðan hann stendur í miðið eða er næst-fjölmennastur, að fá tvö sæti í sex manna kosningu, eins og eitt við þrggja manna kosningu. En jeg skil af ummælum hæstv. dómsrh., að hann er farinn að óttast um það sæti síns flokks. Því að þegar hann gerir ráð fyrir, að þessi breyting sje Framsóknarflokknum í óhag, þá getur það verið því aðeins, að einhver annar flokkur en Íhaldsflokkurinn fari upp fyrir hann í kjósendatölu, þannig, að hann verði sá þriðji. Það getur orðið þá sá munur á sex manna og þriggja manna kosningu, að sá, sem er þriðji í röðinni, verði að afhenda annað sitt þingsæti til þess flokks, sem er sá fjórði í röðinni að atkvæðatölu.

En svo að við fylgjum þessari hugsun hæstv. dómsmrh., að Framsóknarflokkurinn tapaði, en Alþýðuflokkurinn vinni á, og Framsóknarflokkurinn sje sá þriðji í röðinni — ja, hvað tekur þá við? Sá flokkur er ekki öldungis viss um að ná einu sæti við þriggja manna kosningu. Það, sem segja má um breytinguna, sem farið er fram á í frv., er það, að jafnvel þótt svo sje sem hæstv. dómsmrh. gerir ráð fyrir, þá tryggir frv. kosningu hans sjálfs. En eftir hans eigin útreikningi verður vafasamt um þriðja sætið við næsta landskjör, eða þegar það er komið fram, sem hæstv. dómsmrh. óttast, að Framsóknarflokkurinn eigi ekki vísan einn mann við þriggja manna kosningu. En jeg hefi ekki verið með neinn slíkan útreikning. Jeg hefi tekið þetta upp beint að gefnu tilefni frá hæstv. dómsmrh., og vil reyna að koma honum í skilning um það, að eftir hans eigin hugsun er það tvísýnt, hvort frv. er hans flokki í óhag eða ekki. Meðan flokkurinn heldur núverandi afstöðu, að vera miðflokkur af þrem stærstu, þá hefir breyting engin áhrif á þingsætatölu flokks hans við landskjör. — En það hefir ekkert slíkt vakað fyrir mjer, heldur hitt, að það er eðlilegast að kjósa alla þingmenn á einum og sama kjördegi. Jeg hefi hreint ekki komið auga á, að þetta mundi bæta flokksaðstöðu Íhaldsflokksins. Enda er satt að segja tilgangslaust að vera með slíka útreikninga, vegna þess að reynslan, bæði hjer og í öðrum löndum, sýnir, að flokkarnir vaxa og minka eftir málsástæðum. Og það er þýðingarlaust fyrir nokkurn flokk að reikna svo í framtíðina með því, að hlutfallið milli atkvæðamagns haldi áfram að verða líkt því, sem er á einum tíma.

Þá taldi hæstv. dómsmrh., að einnig að öðru leyti lægi í þessu frv. kænskubragð Íhaldsflokknum til framdráttar, nefnilega, að landskjörið færðist frá sumrinu og til hins almenna kjördags, sem er fyrsti vetrardagur. Jeg get sagt honum það, að þessi tilvitnun um kænskubragð hittir mig ekki. Það er nefnilega svo, að færsla kjördagsins hefir borið á góma og komið til atkvæða í þinginu. Hún kom til atkv. í hv. Nd. meðan jeg var þm. Reykjavíkur. Jeg var þá, eins og jeg hefi altaf verið, sannfæringar minnar vegna, með því að færa kjördaginn til miðs sumars — 1. júlí. Jeg álít það sje engum manni ofvaxið, sem vill neyta atkvæðisrjettar síns, að koma honum á framfæri 1. júlí. En aftur á móti getur náttúran hindrað menn frá því fyrsta vetrardag, og því tel jeg óviðeigandi, að hafa þann dag fyrir kjördag. Hæstv. dómsmrh. má því vita, að mitt atkvæði er víst til stuðnings, hvenær sem fram kemur tillaga um færslu kjördagsins til sumarsins.

Í stjskr.frv. því, sem hjer er til umræðu, er ekkert ákvæði um kjördaginn. Það er því gripið úr lausu lofti, að þar sje stefnt að þessu eða hinu.

Á síðasta þingi kom fram frv. um færslu kjördagsins, og það verð jeg að segja, að þá fanst mjer bregðast krosstrje sem önnur trje, þar sem meðal þeirra handa, sem upp komu á móti því, var önnur hendi þáverandi og núverandi þm. Str.

Hæstv. dómsmrh. gerði ráð fyrir, að sú mundi verða afleiðing þessa frv., ef samþykt yrði, að Íhaldsflokkurinn fengi 3 landskjörna þingmenn. Um

þetta skal jeg ekkert segja. Það getur verið, að hann fái í framtíðinni 4 landsk. þm., með því að kosnir sjeu þrír í einu. Eins getur líka verið, að hann fái ekki nema tvo. Um þetta er engu hægt að slá föstu. En þar sem hæstv. ráðh. taldi þessa tilhögun, að kjósa sex landsk. þm. í einu, gerða til þess að leika á bændastjettina, þá er það hreinn og beinn hugarburður. Því eins og sýnt hefir verið fram á, þá eru Framsóknarflokknum, með þeirri atkvæðatölu, sem hann hefir nú, jafnvís tvö þingsæti við sex manna kosningu, eins og eitt við þriggja manna kosningu.

Jeg get svo farið að láta útrætt um þetta mál að sinni, því jeg geri ráð fyrir, eftir afstöðu hæstv. dómsmrh., að forlög þess sjeu ráðin, þegar við þessa umr. Hann var á síðasta þingi einn af fylgismönnum þess, enda þótt liðveislan væri ekki sjerlega mikil, en nú er hann andstöðumaður þess og hefir verið að reyna að bera fram þessa hagsmunareikninga sína, sem ástæðu fyrir sinnaskiftum sínum. En eins og jeg hefi sýnt fram á, eru þær ástæður gripnar úr lausu lofti. Hefir hann þar því enga afsökun.

Jeg verð að sjálfsögðu að sætta mig við, þó að frv. þetta falli. En jeg get huggað mig við það, að jeg hefi gert alt, sem í mínu valdi stendur, til þess að styðja þá sparnaðarráðstöfun, sem í því felst. Það er því á ábyrgð núverandi stjórnar, og þeirra flokka, sem að henni standa, ef þeir fella þetta tiltölulega mikla sparnaðarmál.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Vegna þess, að jeg mun hafa verið fyrsti maður, sem andmælti frv. þessu á síðasta þingi, þá þykir mjer viðkunnnalegra að fara um það nokkrum orðum nú, áður en það kemur til úrslita.

Jeg hefi áður lýst afstöðu minni til þessa máls, og þau rök, sem jeg hefi fært fram gegn því, eru prentuð í þingtíðindunum frá í fyrra, og finn jeg því ekki ástæðu til að fara að endurtaka þau nú. Jeg er þess fullviss, að þau verða sigild, og mjer þykir ekki ósennilegt, að þegar sá tími kemur, að fullkomin ástæða verður til að breyta stjórnarskránni, að þá verði þau lögð til grundvallar.

Því hefir verið haldið hjer fram sem höfuðástæðu fyrir frv. þessu, að samþykt þess mundi hafa mikinn sparnað í för með sjer. En jafnframt hafa aðrir sýnt fram á, að sá sparnaður mundi verða mjög vafasamur, og undir það get jeg tekið. Annars verð jeg að segja það, að mjer þykir undarlegt að telja það sparnað, þótt svo færi, að hægt yrði að spara t. d. ⅓ af þingkostnaðinum. Mjer finst nefnil., að þeir sömu menn, sem slíku halda fram, áliti, að störf þingsins sjeu meira til ógagns en gagns fyrir þjóðfjelagið. En þar er jeg á alt annari skoðun. Jeg tel, að störf þingsins sjeu miklu meira virði fyrir þjóðfjelagið en það fje, sem til þess fer. Jeg verð því að líta svo á, að þetta sparnaðarhjal sje alt á sandi bygt. Væri það rjett, að þingstörfin sjeu gagnslaus eða verri en það, þá liggur í hlutarins eðli, að leggja yrði þingið niður, því að ekki getur komið til mála, hvorki fyrir þjóðfjelagið eða aðra, að viðhalda þeirri stofnun, sem ekki er til gagns.

Jeg hefi litið svo á, og lít svo á enn, að núgildandi stjskr. geti átt við, alt

þangað til sambandslögin verða tekin til endurskoðunar. Tel jeg því það út af fyrir sig enga ástæðu til breytingar á henni, þó að stjórnarformaður eða einstakur þm. beri fram frv. í þá átt. Annars lít jeg svo á, að ekki megi breyta stjórnarskránni, nema brýn nauðsyn krefji, og þá sje það frekar verk milliþinganefndar en einstakra þm. að koma fram með breytingarnar. Jeg ber sem sagt þá virðingu fyrir stjskr., að mjer finst alls ekki eiga við að breyta henni í flaustri, að lítt rannsökuðu máli.

Þá er sú hlið þessa máls, sem snýr að kjósendunum. Um það geta ekki verið skiftar skoðanir, að fækkun þinga leiðir til þess, að svifta kjósendurna þeim íhlutunarrjetti, sem þeir eiga að hafa um þjóðmálin, rjetti, sem þeim er fullkomlega ljóst, að er mikils verður. Þingafækkunin er því spor aftur á bak, og það í einveldisáttina, sem verður að teljast mjög varhugavert. Þess vegna er það, að allar umræður um þetta mál, bæði nú og á þinginu í fyrra, hafa ekki orðið til þess að veikja þá skoðun mína, að frv. þetta eigi ekki fram að ganga, heldur hafa þær þvert á móti orðið til að styrkja hana. Sama er að segja um kjósendaviljann. Hann virðist, eftir því, sem sjeð verður, ganga í þá átt, að frumv. eigi ekki að ganga fram.

Að endingu vil jeg taka það fram, að frv. þetta var lasburða í heiminn borið, og þroskalítið hefir það verið síðan. Þess vegna vænti jeg, að það fái hægt andlát og sæmilega útför. Ef svo mætti verða, þá mundi það verða þjóðinni fyrir bestu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Út af þeim ummælum háttv. 3. landsk., að hann skildi við mál þetta með góðri samvisku, af því að hann hefði gert alt fyrir það, sem í hans valdi hefði staðið, vil jeg taka það fram, að jeg undrast þessi brjóstheilindi þm., þegar þess er gætt, að í fyrra voru honum boðin tvö góð boð, sem hann hafnaði báðum. Boð, sem áreiðanlega hefðu haft það í för með sjer, ef þeim hefði ekki verið synjað, að málið stæði mun öðruvísi nú. Jeg mótmæli því, að þessi háttv. þm. hafi gert alt það fyrir þetta mál, sem í hans valdi stóð.

Háttv. 3. landsk. ætti því ekki að vera að hæla sjer af sparnaðarviðleitninni, þar sem hann hefir hrint þeim frá sjer, sem í einlægni vildu sparnað.

Þá hefir því ekki verið hrundið, að breytingar þær í frv. þessu, sem snerta landskjörið, hafi verið reiknaðar út flokki hans til hagsbóta.

Að síðustu langar mig til að segja nokkur orð í spaugi við háttv. 3. landsk. Hann komst að þeirri niðurstöðu við röksemdafærsluna fyrir frv. þessu, að betra væri að semja fjárlög fyrir tvö ár, heldur en eitt, af því að tvö ár í röð bættu hvort annað upp. Út af þessu datt mjer í hug, að í byrjun 17. aldar er fyrsti veturinn kallaður Lurkur, sá næsti Píningur, en hinn þriðji Eymdarár. Þau hefðu dálaglega bætt hvort annað upp, þessi ár — og svo mun oftar reynast.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla ekki að svara háttv. 3. landsk. miklu, af því að hann hefir ekki ástæðu til þess að tala aftur. Þó verð jeg að leiðrjetta nokkur atriði í ræðu

hans. Það gladdi mig að heyra, að þessi háttv. þm. skuli vera fylgjandi færslu kjördagsins. Að mjer var ekki kunnugt um þessa skoðun þm. áður, má vera að stafi af því, að við höfum verið svo stutt saman í Ed. Annars verð jeg þó að játa, að ekki hefir blásið byrlega fyrir slíkri breytingu hingað til. Eins og nú er, er hinn löglegi kjördagur 1. vetrardag, og verði frv. þetta samþykt, þá getur afleiðing þess orðið sú, að sveitirnar geti ekki einu sinni notið sín við landskjörið, því að útreikningar háttv. þm. um það, að flokkur, sem á alt sitt fylgi í sveitunum, standi eins vel að vígi við landskjörið eins og þeir flokkar, sem eiga meira og minna af fylgi sínu í kaupstöðunum, eru alveg á sandi bygðir. Það er hægt að sanna með fjölda mörgum dæmum. Get jeg t. d. nefnt dæmi frá landskjörinu 1926. Í sveit einni, sem jeg þekki til, norðanlands, voru reknir þrír hestar á undan fólkinu frá einum bæ, til þess að troða því braut gegnum fannkyngið. Er þetta dálítið annað en í kaupstöðunum, þar sem fólkið er sótt og flutt í bifreiðum, ef það vill ekki leggja á sig að ganga nokkra faðma eftir upphleyptri og sljettri götunni. Verði því landskjördagurinn fluttur til 1. vetrardags, er alveg undir hælinn lagt, að bændur landsins geti haft nokkur áhrif á landskjörið, þar sem það er sótt svo fast í bæjunum.

Þá neitaði háttv. 3. landsk. því, að hann hefði haft flokkshagsmuni í huga, þegar hann samdi frv. þetta. Um það er vitanlega ekki hægt að þræta. En þá vantar skýringu á því, hvers vegna alt var gert í fyrra til þess að hamla samkomulagi. Við háttv. 2. þm. S.-M. (SvÓ) komum með tillögu, sem trygði það, að hlutföllin breyttist ekki, þó að kosnir væru þrír menn í einu, en henni var hafnað, eins og öllu öðru, sem til samkomulags horfði. Í lok ræðu sinnar fór háttv. þm. nokkrum vel völdum orðum um, að það væri þung ábyrgð á þeim mönnum, sem greiddu atkv. á móti þessu frv. nú. En hann sá ekki ástæðu til að svara því, hvers vegna Íhaldsflokkurinn drap stjórnarskrárbreytinguna á þinginu 1924; var hún þó borin fram af forsrh. flokksins. Og þetta gerðist í þeirri deildinni, þar sem samæfður meiri hl. flokksins gat öllu ráðið, gat samþ. eða drepið alt, sem flokkurinn vildi.

Og úr því að þeir samþ. ekki stjórnarskrárbreytinguna á þingi 1924, býst jeg ekki við, að þeim hafi verið mikil alvara að koma henni á. Jeg býst heldur ekki við, að þeir hafi mikla ástæðu til að áfella þá, sem hafa sífelt, ár eftir ár, rjett þeim hendina til samkomulags, þegar þess er gætt, að öllum þeim tilraunum okkar Framsóknarmanna hefir jafnharðan verið hafnað af hv. 3. landsk. og flokki hans.

Jeg var þó svo sanngjarn, að jeg sat hjá í fyrra, við lokaafgreiðslu málsins, og gerði það til þess að málið gæti haldið sína leið til kjósenda landsins, svo að þeir gætu felt sinn úrskurð um það. Jeg hygg því, að minn baggi sje ekki svo þungur, þegar þess er gætt, hvernig aðstaða Íhaldsflokksins hefir verið til stjórnarskrárbreytinganna, bæði fyr og síðar. Það sýnist jafnan hafa vakað fyrir þeim hið sama: að flokksaðstaða þeirra gæti batnað við breytinguna. En þar sem sá hagnaður virðist vera að renna

flokknum úr greipum, ætla þeir nú að skapa sjer nýjan hagnað, með því að áfellast þá menn, sem nú greiða atkv. á móti frv. Á annan hátt verður ekki skilin afstaða flokksins 1924, að þeir skyldu fella málið þá, jafn sterkir og þeir voru í deildinni. Úr því þeir telja þetta sparnaðarmál nú, hefði eitthvað átt að geta sparast á þeim árum, sem liðin eru síðan 1924, hefðu þeir samþykt stjórnarskrárbreytinguna þá.

Jón Þorláksson: Jeg hafði gaman af ræðulokum hæstv. forsrh. Við 1. umr. fórust honum svo orð, að þessar breytingar væri lítils virði, en lætur þó svo nú, sem hann muni greiða atkv. með frv., ef það kemur til hv. Nd. En þegar svo að hann lauk ræðu sinni með því, að bera saman árferði í lok 16. aldar, þegar saman fóru harðindaveturnir Lurkur, Píningur og Eymdarár — ja, hvort var hann þá að færa rök með eða móti frv.?

Hæstv. dómsmrh. spurði, hversvegna hefði verið beitt svo mikilli elju af minni hálfu um lagfæringu á landskjörinu. Því hefi jeg margsvarað. Jeg hefi talið það sjálfsagt, að stefna öllum kjósendum til kosninga sama dag, og jeg get fullvissað hann um, að fyrir mjer vakir ekkert annað en að kippa í lag framúrskarandi óskynsamlegri og óhagkvæmri tilhögun, sem nú er.

Hæstv. dómsmrh. mintist á miðlunartill. Framsóknarmanna í fyrra, og sagði, að við Íhaldsmenn hefðum hafnað öllum sáttatilboðum. En sannleikurinn er sá, að þeim hv. Framsóknarmönnum tókst aldrei að orða svo till. sínar, að þeim mætti hlíta.

Þá spurði sami hv. ráðh. (JJ), hvers vegna Íhaldsflokkurinn hefði felt stjórnarskrárbreytinguna 1924. Jeg átti þá ekki sæti í þessari hv. deild, eins og hann, svo að gera má ráð fyrir, að honum sje kunnugra um þetta en mjer. En mig minnir, að inn í frv. væri þá komið ákvæði um að afnema landkjörið, og mun það hafa að mestu ráðið, hvernig fór um frv.

Annars getur hæstv. dómsmrh. leitað nánari upplýsinga um þetta í Alþingistíðindunum frá því ári, svo að óþarft er að orðlengja frekar um það nú.

ATKVGR.

1. gr. feld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HSteins, JóhJóh, JÞ, JKr, BK, GÓ.

nei: IP, JBald, JJ, MK, PH, EÁ, EF.

IHB greiddi ekki atkv.

Forseti (GÓ): Vill þm. tilgreina ástæður?

Ingibjörg H. Bjarnason: Á síðasta þingi átti jeg sæti í stjórnarskrárnefnd þessarar hv. deildar; fór jeg þá síst dult með, að jeg var stjórnarskrárbreytingunni andvig, en vildi þó ekki með atkvæði mínu verða málinu að bana; kaus því að sitja hjá, er endanleg atkvgr. fór fram um málið. Afstaða mín er því hin sama nú og á síðasta þingi, enda sje jeg ekki, að frv. hafi batnað neitt frá í fyrra.

Forseti: Atkv. hafa fallið á þá leið, að 1. gr. er feld með 7:6 atkv. Samkvæmt þessu verð jeg að líta svo á, að frv. sje fallið.

2. Mentaskólinn í Reykjavík.

Á 8. fundi í Nd., 28. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um mentaskólann í Reykjavík (þmfrv., A. 52).

Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Vegna þess, að mál þetta hefir legið fyrir allmörgum undanförnum þingum, að vísu ekki eins orðað, en sömu stefnu verið fylgt, og svo hinsvegar vegna þess, að frv. fylgir mjög ítarleg greinargerð, þá mun jeg ekki þreyta menn með langri ræðu um það, að svo komnu.

Eins og menn vita, hafa aðallega komið fram tvær stefnur, um fyrirkomulag þessa skóla. Fram að árinu 1904 var hann óskiftur lærður skóli, en með reglugerð það ár er skólanum breytt þannig, að hann verður tvískiftur skóli með gagnfræðadeild og lærdómsdeild.

En nú á síðari árum fer að bera á þeirri stefnu, að breyta skólanum aftur í gamla horfið og gera hann að óskiftum 6 ára skóla. Rök þau, er borin hafa verið fram með þessu og móti, nenni jeg ekki að fara að telja upp, enda yrði það ekki annað en endurtekning frá ári til árs. Jeg vil aðeins taka það fram, að mjer hefir virst, að meðal þeirra manna, er rætt hafa málið hjer í Reykjavík, og þó einkum hjer á Alþingi, beinist stefnan í þá átt, að breyta skólanum og gera hann óskiftan. Þegar fram kom till. 1921 um að breyta skólanum þannig, var lagst mjög eindregið á móti því hjer á Alþingi. En að því er virðist, eru fleiri og fleiri að komast á þá skoðun, að þessi breyting væri heppileg. Jeg sje ekki ástæðu til þess, að gera grein fyrir þessu frv. sjerstaklega, því að það er hjer um bil eins og frv. frá 1926, nema með þeim breytingum, sem á því höfðu verið gerðar þá.

Eins og hv. þdm. muna, var þá skilið við málið fremur ósjálfbjarga, en þó langt frá því dauðvona. Það, sem jeg hefi vikið við í frv., er, að jeg hefi tekið upp annað nafn en verið hefir í hinum fyrri frv. og sett mentaskóli í stað hins lærða skóla. Finst mjer það nafn bæði fallegra en hitt, og svo er það orðið mönnum tamara. Þá hefi jeg sett það atriði í frv., að hafa latínukenslu í öllum bekkjum skólans; þó tel jeg, að megi sníða það atriði burt, ef menn fallast ekki á það, og vil jeg í engu, að það atriði verði því til fyrirstöðu, að fyrirkomulagi skólans verði breytt og skólinn verði gerður óskiftur. Þá vil jeg hafa enskukenslu í skólanum svo mikla, að nemendur geti talist kunna það mál, að afloknu stúdentsprófi. Það er nú svo komið, að enskan er að verða alheimsmál, er hverjum manni er nauðsynlegt að kunna. Þarf þar sem dæmi ekki að taka annað en útvarpið, sem nú fleygir fram árlega. Mun varla líða á löngu, þar til hverjum útvarpsnotanda verður nauðsynlegt að vera vel fær í ensku.

Grískukenslu háskólans vil jeg færa inn í mentaskólann. Má öllum vera það augljóst, hve það er miklu heppilegra fyrir þá, er ætla sjer að lesa guðfræði, að geta notað tímann í mentaskólanum til þess náms, í stað þess að þurfa að tefja sig frá háskólanámi.

Ákvæðinu um heimavistir hef jeg haldið, og vil láta það vera tengt við breytingar á skólanum að öðru leyti,

enda álit jeg, að það sje annað höfuðatriðið í þeim umbótum, sem breytingin mundi gera á skólanum. Aftur á móti er það algert nýmæli, í niðurlagi 11. gr., að afnema skólagjöldin. Mjer finst, að þegar komið hefir verið upp góðum heimavistum fyrir utanbæjarmenn, þá sje það alveg meiningarlaust, að leggja skólagjald á innanbæjarmenn. Þar að auki ætti ríkið að setja metnað sinn í, að menn veldust í skólann eftir gáfum, en ekki eftir efnahag, og ætti heldur að ljetta undir með fátækum efnismönnum, heldur en að íþyngja þeim með gjöldum.

Þetta mál stendur í nánu sambandi við önnur mál, er nú liggja fyrir Alþingi. Það hefir verið fært fram sem aðalástæða gegn því, að mentaskólinn yrði óskiftur, að þá vantaði gagnfræðaskóla í Reykjavík. Nú hefir stjórnin lagt frv. fyrir Ed. — sem jeg að vísu er ekki ánægður með — að stofnaður verði gagnfræðaskóli í Reykjavík. Þá skýrði hæstv. forseti frá því, að útbýtt hafi verið frv. um samskóla í Reykjavík, sem mundi eflaust leysa þetta mál til fullnustu, ef samþykt verður. Þessi ástæða gegn breytingu mentaskólans er því algerlega á burtu numin.

Jeg vil aðeins minnast á það, á hvern hátt þetta mál stendur í sambandi við eitt af þeim vandamálum, sem nú er mikið um rætt, nefnilega stúdentafjölgunina á síðari árum. Jeg hefi haldið því fram, að stúdentafjölgunin standi að meira eða minna leyti í sambandi við breytingu þá, er gerð var á mentaskólanum 1904. Þessu til sönnunar hefi jeg sett í greinargerðina tölu stúdenta frá aldamótum til síðasta árs. Menn sjá þá, að fyrstu árin, eða frá 1901—1909, útskrifast 15⅑ stúdentar að meðaltali. En eftir breytinguna á skólanum, frá 1910—1927, útskrifast 30⅙ stúdentar að meðaltali. Síðari helming þessa tímabils hafa útskrifast miklu fleiri. Mjer finst því mikið rannsóknarefni, hvort þessi hóflausa stúdentafjölgun standi ekki í beinu sambandi við breytinguna, sem gerð var á fyrirkomulagi skólans 1904. Fyrstu árin gætir að vísu ekki mikilla áhrifa frá breytingunni, og svo koma stríðsárin, með alla sína erfiðleika. En eftir að menn eru farnir að jafna sig eftir stríðið, koma áhrifin greinilegá í ljós. Árin 1922—27 útskrifast að meðaltali 39⅔ stúdentar á ári, en 3 síðustu árin er tala stúdenta 45. — Með öðrum orðum: þegar fyrirkomulag skólans fer að njóta sín, keyrir stúdentafjölgunin alveg úr hófi Þetta er auðvitað ekki eina ástæðan fyrir þessu vandamáli; þar liggja auðvitað fleiri ástæður að.

Á hinn bóginn virðist það sjálfsagt að reyna að ráða bót á þessu, á heilbrigðan og þvingunarlausan hátt, með breyttu fyrirkomulagi mentaskólans, einkum þar sem sú breyting yrði heppileg fyrir þá, er skólans njóta. Það er margt, sem mælir með því, að skifting skólans og aðrar breytingar á fyrirkomulagi hans 1904 sje völd að stúdentafjölguninni.

Það fyrirkomulag, er nú er, hefir gert skólann meira laðandi að ýmsu leyti; neðri bekkirnir eru yfirleitt ljettir, og það er margt, sem dregur þá, er í þeim sitja, til þess að halda námi áfram til stúdentsprófs. Það er ekki nema eðlilegt, þótt gagnfræðingum renni kapp í kinn, þegar þeir sjá önnur bekkjarsystkini sín halda áfram,

og margir fylgjast með þeim upp í efri bekkina, þótt þeir hafi ætlað að láta staðar numið við gagnfræðapróf. Mjer finst þetta fyllilega eðlilegt, og mun eflaust hafa einhverju valdið um stúdentafjölgunina.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta mál frekar, en vil mælast til, að frv. verði vísað til 2. umr. og mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 14: 10 atkv.

3. Kosningar í sveitamálum og kaupstaða.

Á 6. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (þmfrv., A. 49).

Á 8. fundi í Ed., 2. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Ed., 30. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þó að ekki sje langt um liðið, síðan þessi lög, sem hjer um ræðir, voru sett, hefi jeg þó leyft mjer að koma fram með till. til breytingar á þeim. Það hefði ef til vill ekki verið ástæða til að koma fram með frv. í þessa átt, ef engin breyting hefði orðið á Alþingi. En nú eru gengnar kosningar síðan í fyrra, að gengið var frá þessum lögum, og sýnist því rjett að fá álit þessa nýkosna þings á þessu atriði laganna. Jeg álít, að við eigum ekki að vera og getum ekki lengur verið svo langt á eftir nágrannaþjóðum vorum, eins og við höfum verið og erum enn í þessum efnum.

Fyrst er það 21 árs aldurinn, sem jeg vildi minnast á, og get jeg raunar verið um það fáorður, því að jeg hefi oft áður á þingi lýst því máli. En jeg vil nú að þessu sinni aðeins bera fram þá almennu ástæðu, að það eru svo margvísleg rjettindi, sem menn öðlast 21 árs gamlir, að það ætti ekki að sýnast ástæða til að halda fyrir þeim kosningarrjettinum einum, fremur en öðrum mannrjettindum.

Hitt er einnig mikilvægt, sem í mínu frv. felst, að fella niður það ákvæði gildandi laga, að menn missi við það kosningarrjett, ef þeir standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Og þó að það ákvæði sje nú í lögum, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir geti kveðið á um það, hvort rjettindamissi skuli varða, ef sjerstaklega stendur á, þá er það í rauninni lítil rjettarbót.

Nú er það svo, að þetta nær heldur ekki, eftir mínu frv., nema til kosninga í málefnum sveita og kaupstaða, en ekki til Alþingis, enda þyrfti til þess stjórnarskrárbreytingu. Mjög hefir það einnig ýtt undir mig, um flutning þessa frv., að síðan hin nýju fátækralög gengu í gildi, hefir virst svo sem sum ákvæði þeirra hafi ekki verið látin koma til framkvæmda. Hefi jeg orðið þess var hjer í Reykjavík, nú alveg nýlega, af fundagerðum fátækranefndar, þar sem mönnum hefir verið veittur fátækrastyrkur. Til dæmis var það svo um einn mann, sem varð fyrir slysi við vinnu og hef-

ir verið óvinnufær síðan í fyrra og verður ef til vill aldrei vinnufær aftur, að hann varð að leita styrks, og hefði að sjálfsögðu sá styrkur átt að vera óafturkræfur, en það var þó ekki tekið fram við styrkveitinguna, að svo skyldi vera. Það, sem fyrir mjer vakir, er að fá alveg skilyrðislaust ákveðið, að þeir, sem neyðast til að þiggja slíkan styrk, skuli ekki sviftir neinum rjettindum.

Nú kunna einhverjir að segja sem svo, að hjer eigi ekki allir óskilið mál, og get jeg vel gengið inn á að svo sje. En það eru undantekningar, sem jeg vil ekki láta alla hina líða fyrir, sem af óviðráðanlegum ástæðum hafa lent í þeirri raun, að verða að leita á náðir hins opinbera um styrk. Hinsvegar eru einnig í lögum ákvæði, sem heimila það, að svifta þá menn fjárforræði, sem ekki hirða um að bjarga sjer sjálfir, en hafa öll skilyrði til þess að geta það.

Jeg mun svo, að svo stöddu, ekki fjölyrða meira um málið, en aðeins mælast til þess, að hv. deild leyfi því að ganga til 2. umr. og allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:2 atkv. og til allshn. með 8:1 atkv.

Á 22. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 49, n. 116 og 130, 117).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Jeg þarf ekki að segja mörg orð um frv., en jeg vildi aðallega minnast nokkuð á brtt. mína á þskj. 117. Eins og nál. ber með sjer, hefir meiri hl. orðið sammála um að mæla með því, að þessi rjettarbót gangi fram.

Jeg fyrir mitt leyti lít hinsvegar svo á, þó að jeg telji þessa breytingu á kosningarrjettinum rjettmæta, að engin nauðsyn beri til, að kjörgengi fylgi. Það er þess vegna, að jeg hefi borið fram brtt. mína við 2. gr. á þskj. 117. Í gildandi lögum er það ákvæði, að sá er kjörgengur, er kosningarrjett hefir, og verði þetta frv., sem hjer liggur fyrir, samþ. eins og það er, þá gerir það ekki aðeins breytingu á kosningarrjetti, heldur líka á kjörgengi. En eins og jeg hefi áður sagt, tel jeg ekki, í þessu tilfelli, nauðsyn á, að það tvent fylgist að.

En þessa breytingu á aldurstakmarkinu, að því er kosningarrjettinn snertir, álít jeg mikilsverða rjettarbót og sjálfsagða. Er hún nú og fengin víða í menningarlöndum. Enda má líka benda á það, því til stuðnings, að það hvíla nú orðið margar skyldur á unglingum á þessu reki. Það eru svo margvísleg rjettindi, sem þeir hafa öðlast, að lítil ástæða virðist til að halda fyrir þeim þessum rjetti, með því líka það eru einmitt þessir ungu menn, sem vinna fyrir hæstu kaupi og eru því, margir hverjir, hinir hæstu gjaldendur sveitanna.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Frv. þetta felur í sjer þær breytingar, að kosninga- og kjörgengisaldur færist niður í 21 ár, og svo hitt, að það skuli eigi varða missi kosningarrjettar, þó að menn standi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Jeg finn nú ekki ástæðu til að fara

mörgum orðum um ástæðurnar með og móti þessu máli. Því hefir lítt eða ekki verið hreyft fyr en á síðari árum og mjög einhliða á því haldið. En jeg vil þó benda á það, að það er í raun og veru engin ástæða, þó að maður hafi náð lögaldri, orðið 21 árs, og þar með fengið fjárforræði sjálfs sín, til þess að sjálfsagt sje að fela honum fjárforræði annara.

Jeg ætla svo ekki að segja meira um málið. Jeg ræð deildinni til að fella frv., en jeg sje, að umr. hafa hjer lítið að þýða, því að jeg veit, að ef það er eitt af lífsskilyrðum stjórnarinnar, að þetta mál nái fram að ganga, þá gengur það fram. En sje ekki svo, þá munu menn greiða atkv. eins og þeir eru vanir.

Jón Baldvinsson: Það er ekki rjett hjá hv. 3. landsk., að þessu atriði um svifting atkvæðisrjettar vegna sveitarstyrks hafi ekki verið hreyft fyr en á seinni árum. Til dæmis hreyfði Skúli Thoroddsen því, og Bjarni frá Vogi mun hafa hreyft því við hverja stjórnarskrárbreytingu, að jeg ætla, og mun ekki hafa munað miklu árið 1919, að það næði fram að ganga. Þá hafa margar þjóðir leitt í lög hjá sjer, að veita mönnum 21 árs að aldri kosningarrjett um opinber mál. Englendingar, sem hafa þroskaðra þingræði en margar aðrar þjóðir, hafa gert það, og sýnir það, að þeir telja ekki, að þetta sje neitt athugavert.

Ennfremur má benda á það, sem hv. frsm. meiri hl. tók rjettilega fram, að mönnum eru fengin svo margvísleg rjettindi, þegar þeir eru 21 árs, og falin svo margháttuð störf í sínu sveitarfjelagi, að það virðist ekki nema sanngjarnt, að veita þeim einnig þennan atkvæðisrjett um sveitarmálefni.

Hv. 3. landsk. sló því fram, að úrslit þessa máls mundu vera háð einhverjum samningi við hæstv. stjórn. Jeg ætla nú ekki að svara þessu, en ef hann markar það á fylgi hv. 2. þm. S.-M., þá hygg jeg, að hann hafi fylgt þessu máli áður.

Um brtt. á þskj. 117 vil jeg taka það fram, að svo gæti staðið á um einstaka menn, að þeir væru í svo miklu áliti, þótt þeir ættu ógreiddan sveitarstyrk, að æskilegt þætti, að þeir tækju þátt í sveitarstjórnarstörfum, en jeg geri það ekki neinu kappsmáli, hvort hún verður samþykt eða ekki.

ATKVGR.

1. gr. feld með 7:5 atkv.

Brtt. 117 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 8:2 atkv.

2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 7:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7:4 atkv.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 182).

Jón Baldvinsson: Það fór svo við 2. umr., að klipt var af það atriðið, sem mjer þótti mestu máli skifta, nefnilega breytingin um aldurstakmark kosningabærra manna úr 25 árum niður í 21 ár. En þó að þetta atriði hafi fallið niður, er eftir allveruleg rjettarbót um það, að menn, sem þiggja sveitarstyrk, geti haft atkvæðisrjett í kosningum í málefnum sveita

og kaupstaða. Þó að jeg telji frv., eins og það er nú orðið, vera til bóta, var þó það atriði, sem búið er fella úr því, svo mikilsvert, að jeg er viss um, að það mun halda áfram að koma fram hjer á Alþingi, þar til það verður samþykt.

Á móti þessu rjettlætismáli verður ekki staðið til lengdar.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Minni hl. nefndarinnar sjer ekki frekar ástæðu til að samþ. þetta frv. nú en áður. Nú er ekki annað eftir í því en ákvæðið um að veita mönnum, sem þiggja sveitarstyrk, atkvæðisrjett í kosningum í málefnum sveita og kaupstaða. En eins og nú standa sakir, finst mjer ekki ástæða til að gera það, þar sem í fyrra voru lögleidd ákvæði um, að það skyldi sett í vald sveitarstjórna að haga styrkveitingunum þannig, að styrkþegar mistu ekki kosningarrjett.

Jón Baldvinsson: Þó að samþ. væru breytingar á sveitarstjórnarlögunum í fyrra, þá er svo langt frá, að það verði nema undantekning, að veittur verði óafturkræfur styrkur. Fyrst og fremst er þar aðeins um heimild að ræða, en engan rjett þeirra, sem styrkinn þiggja. Og þó að sú heimild kynni sumstaðar að vera notuð út í æsar, þá mundi sá stóri hópur manna, sem orðið hefir að þiggja styrk eftir eldra fyrirkomulaginu, kanske ekki komast inn undir hin nýju ákvæði, af því að þeim var í fyrstu veittur styrkurinn sem óafturkræfur. Heimild sú sem samþ. var á síðasta þingi, nær því mjög skamt og er alveg ófullnægjandi.

ATKVGR.

Frv. felt með 7:5 atkv.

4. Yfirsetukvennalög.

Á 17. fundi í Ed., 8. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912 (þmfrv., A. 118).

Á 19. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Ed., 11. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Á þinginu 1926 flutti jeg frv. um bætt kjör yfirsetukvenna hjer á landi. Frv. fjekk mjög góðar undirtektir hjer í deildinni og var samþ. með miklum meiri hluta atkvæða. Það fór svo til hv. Nd., en var þar svo dauflega tekið, að það dagaði uppi.

Á síðasta þingi var málið aftur flutt í Nd. og fjekk þá betri undirtektir, en fór þó svo, að það fjell með eins atkv. mun. En rjettlátt mál sofnar ekki, heldur hlýtur það að sigra að lokum, og í trausti þess hefi jeg nú, ásamt tveimur öðrum hv. þm., tekið málið upp aftur.

Við höfum þó ekki sjeð okkur fært að ganga eins langt og gert var 1926, heldur flytjum við það nú, eins og nefnd sú, sem um það fjallaði í Nd., gekk frá því á síðasta þingi.

Það hefir rækilega verið bent á það áður, bæði af mjer og öðrum hv. þm.,

hversu laun yfirsetukvenna eru nú lág og kjör þeirra óviðunandi. Hæstu laun þeirra eru nú 275 kr., og er það, eins og allir sjá, gersamlega óviðunandi. Launakjör yfirsetukvenna eru svo slæm, að þau þola ekki einu sinni samjöfnuð við kjör þess starfsflokks, sem alment er talinn lægst launaður, en það eru vinnukonur. Þær munu að jafnaði hafa eigi minna en 30 kr. á mánuði, og verða þá árslaunin upp undir 400 kr., og auk þess alt frítt. Það er því stór munur á því, hvað kjör þeirra eru betri en yfirsetukvenna vorra.

Afleiðingin er líka augljós, og hún er sú, að yfirsetukvennaskólinn hefir hin síðari árin verið svo illa sóttur, að mikill skortur er orðinn á lærðum ljósmæðrum í landinu, svo mikill, að nú er fjöldi umdæma, sem engar yfirsetukonur fást í. Jeg hefi aflað mjer upplýsinga um þetta, og er ástandið nú þannig, að um 30 umdæmi eru ljósmóðurlaus. Afleiðingin af þessu er aftur sú, að ólærðar konur neyðast til að taka þessi störf að sjer, og þegar svo er komið, þá erum við komnir út á mjög hættulega braut og alls ekki samboðna þjóðfjelagi með sæmilegri siðmenningu. Enda er þetta mikil afturför frá því sem verið hefir, því að við höfum haft lærðar ljósmæður í flestum ef ekki öllum umdæmum.

Í frv. okkar er farið fram á, að byrjunarlaunin verði 300 kr., sem fari hækkandi þannig, að þau geti orðið 500 kr. hæst. Þá er einnig gerð sú breyting á núverandi skipulagi, að laun yfirsetukvenna í sveitum skuli greidd að ⅔ úr ríkissjóði, en að ⅓ úr sýslusjóði, en nú greiðir hvor aðili helming. Þessi breyting mundi að vísu valda nokkrum útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, líklega nálægt 40 þús. kr., en það getur naumast talist mikil upphæð, þegar um það er að ræða, að bæta kjör jafnmargra og þarfra starfsmanna þjóðfjelagsins eins og yfirsetukonur eru.

Jeg skal svo ekki hafa þennan formála lengri, en treysti því, að þessu máli verði nú, ekki síður en áður, vel tekið, og legg til, að frv. verði vísað til fjhn.

Einar Árnason: Jeg vildi aðeins fá nokkrar upplýsingar hjá hv. flm. um einstök atriði málsins. Eftir frv. eiga byrjunarlaunin að vera 300 kr., og þau eiga að svo að hækka 3. hvert ár upp í 500 kr. Þá er spurningin, hvort þær ljósmæður, sem gegnt hafa starfinu í 12 ár, þegar lögin ganga í gildi, eiga að fá hæstu laun strax eða taka byrjunarlaun.

Nú er það einnig svo eftir gildandi lögum, að sumt af launum er greitt úr ríkissjóði, en sumt úr sýslusjóði, og nú sje jeg ekki á frv., hvort til er ætlast, að ríkissjóður greiði dýrtíðaruppbót á öll launin eða aðeins á sinn hluta þeirra. Það er svo um einn flokk starfsmanna, sem sje barnakennara, að ríkissjóður greiðir dýrtíðaruppbót á öll launin, þó að hann greiði eigi nema nokkurn hluta þeirra, og þykir mjer þetta atriði einnig þurfa skýringa við. Sem sagt, jeg veit ekki hvað fyrir hv. flm. vakir, en það skiftir talsverðu, hvernig hann ætlast til að þessu verði komið fyrir.

Flm. (Halldór Steinsson): Það er mikið rjett hjá hv. 1. þm. Eyf., að það

verður ekki sjeð á frv., hvað verða ætti um laun þeirra ljósmæðra, sem þegar hafa starfað 12 ár, þegar lögin koma í gildi. En jeg lít svo á, að það mæli full sanngirni með því, að þær fái full laun, eða 500 kr. Annars er það svo um þetta og annað, að það kemur til athugunar í nefnd.

Að því er dýrtíðaruppbótina snertir, teldi jeg í sjálfu sjer rjettara, að rjettir aðilar greiddu hana hvor að sínu leyti. En ef nefndin telur hitt rjettara, þá set jeg mig alls ekki upp á móti því. Sem sagt, þetta eru atriði, sem að sjálfsögðu koma til athugunar í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A 118, n. 189).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Fyrir tveim undanförnum þingum hefir legið frv. þess efnis, að bæta kjör yfirsetukvenna á landi hjer, en það hefir ekki tekist að koma því í framkvæmd. Þó má segja, að viðurkenning hafi fengist á því, að launin sjeu mjög lág. Nú er enn flutt frv. þessa sama efnis. Hefir fjhn. haft málið til meðferðar og orðið sammála um að mæla með, að það nái fram að ganga. Eftir lögum frá 1919 eru lágmarkslaun yfirsetukvenna í lægra launaflokkinum 200 krónur á ári, sem hækka á 15 árum upp í 275 krónur. Eins og menn sjá, eru þetta mjög lág laun. Í þessu frv. er farið fram á, að grunnlaunin hækki fyrst og fremst upp í 300 krónur, sem síðan hækka þriðja hvert ár upp í 500 krónur. Auk þess er ætlast til, að sýslu- eða bæjarsjóðir og ríkissjóður greiði dýrtíðaruppbót á laununum eftir sömu hlutföllum og launin sjálf. Það var enginn ágreiningur í nefndinni um að verða við þessu, enda er það svo, að lærðar yfirsetukonur hafa ekki fengist í öll laus umdæmi, einungis vegna hinna óviðunandi kjara. Nefndin hefir ekki gert aðrar brtt. við frv. en lítilsháttar skýringar, að öðru leyti en því, að hún vill færa saman lögin frá 1919 og 1912 og gefa þau út í einu lagi, ef þetta frv. verður að lögum. Það eru nógu óaðgengileg ýms lög, sem Alþingi hefir látið frá sjer fara, þó að þessi lög sjeu færð saman í eitt, í stað þess að vera í þrennu lagi. Annars er slíkt ekki altaf auðvelt. Það verður fyrst og fremst að vera verk stjórnandanna, en ekki einstakra þingmanna. En þar sem nú svo stendur á, að hægt er með lítilli fyrirhöfn að gera þetta, þá fanst fjhn. það rjettara.

Enn er það eitt, sem nefndin vill láta koma fram, sem sje það, að þær yfirsetukonur, sem skipaðar eru eftir gömlu launalögunum, njóti þeirrar aldursuppbótar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þannig, að þær, sem hafa starfað í 12 ár, fái hámarkslaun. Að þessu lýtur brtt. I, 3.

Jeg hefi ekki meira um þetta mál að segja. Jeg vænti þess, að úr því tókst að sameina nefndina um frv., muni það úr þessu eiga greiðan gang í gegnum hv. deild.

Einar Árnason: Eins og hv. frsm. tók fram, er þetta frv. enginn nýr gestur

í þinginu. Breytingar á launalögum yfirsetukvenna hafa tvisvar sinnum áður gengið í gegnum Ed., en strandað í Nd. Jeg geri ráð fyrir, að eins fari enn, og að þess vegna muni ekki hafa mikla þýðingu að andmæla þessu máli hjer í deildinni. Jeg býst heldur ekki við, að neitt nýtt komi fram í því. Það er búið að endurtaka það sama þing eftir þing. Formælendur málsins telja mikla nauðsyn á að bæta launakjör ljósmæðra. Jeg hefi ekki getað fallist á röksemdir þeirra, þó að jeg hinsvegar vilji alls ekki þrengja sjerstaklega kosti þeirra. Mjer virðist ljósmóðurstarfið vera alveg eins vel launað og önnur störf í þágu hins opinbera. Mjer er kunnugt um, að í sveitunum er þetta mjög litið starf. Venjulega gengur ekki til þess meira en tveggja til þriggja vikna tími á ári, svo að ljósmæður geta óhindraðar af því stundað aðra atvinnu. Enda veit jeg, að ýmsar merkar ljósmæður, bæði í sveitum og kaupstöðum, álíta launin alveg nægileg.

Jeg vildi aðeins láta þess getið, að það er til sú skoðun í þessari hv. deild, að ekki sje frekari ástæða til þess að bæta laun ljósmæðra en ýmissa annara starfsmanna hins opinbera. Vitanlega sker atkvgr. úr, hvernig um þetta fer, en jeg mun greiða atkvæði á móti frv. Jeg er samt meðmæltur brtt. nefndarinnar. Þær eru til bóta. Ef það á að viðurkennast, að laun yfirsetukvenna sjeu of lág, hafa þau vitanlega ekki síður verið það áður.

Mjer þætti leitt, ef það rættist, sem einstakir menn hafa sagt, að frv. yrði til að fækka fæðingum í landinu.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Hv. 1. þm. Eyf. vildi halda því fram, að kjör ljósmæðra væru eins góð og störf þeirra eins vel launuð og annara opinberra starfsmanna. Jeg held að laun ljósmæðra sjeu, eftir núgildandi taxta, langt fyrir neðan laun nokkurra annara starfsmanna hins opinbera. Þær gegna mjög ábyrgðarmiklu starfi, og þurfa að vera til taks, hvenær sem á þær er kallað. Jeg get hugsað mjer, að hv. þm. vilji bera laun þeirra saman við hreppstjóralaunin. En það hefir nú verið svo í þessu landi, frá því að hreppstjórar urðu til, að sú staða hefir verið mjög eftirsótt og álitin virðingarstaða. En það er ekki hægt að miða launakjörin við það starf, sem þær inna beint af hendi, því að staðan heimtar það, að þær sjeu ávalt tilbúnar að gegna kalli, og geta því ekki fest sig við önnur störf. Þá sagði sami hv. þm. (EÁ), að til væru yfirsetukonur, sem ekki hefðu óskað eftir launahækkun og ekki talið þörf á hækkun. Það kann nú að vera, að til sjeu einstaka undantekningar um þetta. En jeg hygg þó, að þær sjeu fáar. Og máske gera þær fáu það aðeins af kurteisi, eins og til dæmis þegar gesti er boðið kaffi, og hann telur það hreinasta óþarfa að þiggja það, þótt hann í raun og veru dauðlangi í það. En hvað sem þessari hæverksu líður, hjá einstaka yfirsetukonu, þá hygg jeg að þær muni þiggja þessa launauppbót, ef hún verður samþykt. Enda hafa flestar óskað eftir því. Sjeu launakjörin borin saman við laun annara starfsmanna, þá sjest, að laun yfirsetukvenna eru alls eigi sambærileg við þau. Mjer er eigi ljóst, hvað hv. þm. átti við, er hann sagði, að það væri álit sumra, að fæðingum mundi fækka,

ef þetta frv. næði fram að ganga. (**EÁ:** Jeg ætla mjer ekki neitt að rökstyðja það!). Fyrst svo er, þá er það bara fullyrðing, en engin rök, og þá ekki hægt að svara því.

Einar Árnason: Það var eitt atriði í ræðu hv. frsm., sem jeg vildi minnast á. — Að vísu vantaði hann víða röksemdir, fullyrðingum sínum til stuðnings, en jeg ætla ekki í þetta sinn að fara að krefja hann um þær. En jeg verð þó að athuga lítillega þá staðhæfingu hans, að langflestar yfirsetukonur hefðu æskt þess, að fá laun sín hækkuð. En sú krafa, sem um það hefir komið, er þannig til komin, að gengist var fyrir því hjeðan frá Reykjavík, að fá undirskriftir yfirsetukvenna út um land, án þess að þær hefðu hugsað til að gera neinar kröfur. Aldan er því runnin hjeðan úr Reykjavík. Ef til vill hefir ein yfirsetukona verið óánægð með launakjör sín, og pantað svo þessar undirskriftir utan af landi.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla að leyfa mjer að segja nokkur orð nú, þótt búið sje að ræða þetta mál allítarlega á undanförnum þingum.

Jeg álít það naumast vansalaust, hve mikil tregða þessu máli hefir verið sýnd undanfarið, þó jeg játi, að málsbætur sjeu fyrir hendi frá hálfu þeirra manna, er staðið hafa móti því, þar sem ekki er hægt að telja fulltrygt, að betri yfirsetukonur fáist, þó að launin sjeu hækkuð. En það er og ætti að vera aðaltilgangur frv. En sje máli þessu ekki sint, þá getur það orðið til þess að yfirsetukonur fáist ekki í sum hjeruðin, og má þá engan furða, þó að slys geti hlotist af, í sambandi við barnsburð kvenna. En til þess að tryggja aðaltilganginn, hygg jeg rjett, að báðir sveigðu nokkuð af, svo að betri niðurstaða fengist. Það, sem jeg hygg að gera þurfi — og mun jeg bera fram brtt. um það við 3. umr — er það, að tryggja það, að óhæfar yfirsetukonur, vegna aldurs t. d., sitji ekki áfram æfilangt. Til þess að koma í veg fyrir það, að þær sætu of lengi, mætti t. d. haga starfssamningi þeirra svo, að þær væru ráðnar til 5 ára í senn, sem svo mætti endurnýja, meðan ástæða þætti til. Væri þetta gert, þá er rangt að vera á móti þessu frv., sem ætti að vera til þess, að fá hæfari konur í þessar stöður.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg vil aðeins svara hv. 1. þm. Eyf. því, að þótt mál þetta, um að bæta kjör yfirsetukvenna, sje runnið hjeðan úr Reykjavík, þá er það ekki verra fyrir það, að mínu áliti. Ef málið er gott, eins og það vitanlega er, þá er það ekki verra fyrir það, að vera hjeðan runnið. En það er ekki rjett hjá hv. þm., að konur út um land óski þessa ekki. Þær munu einmitt flestar eða allar vera sammála um að óska betri launakjara.

Hæstv. dómsmrh. er ekki ástæða til að svara að sinni. Nefnd þeirri, er um málið fjallar, mun gefast færi á að athuga þær brtt., er hann gerir ráð fyrir að bera fram við frv., og gefst þá færi á að tala um þær síðar.

Halldór Steinsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. nefnd fyrir góðar undirtektir hennar og skilning á þessu máli. En jeg get ekki þakkað hv. 1. þm. Eyf. fyrir undirtektir hans, sem hafa verið

á sama veg nú sem fyr. Hann reis upp nú, sem áður, til að andmæla frv., en röksemdir hans hafa þó ekki aukist eða batnað. Hann hjelt því fram, að störf yfirsetukvenna væru lítilfjörleg, einkum í sveitum, og að ársstarf þeirra þar næmi ekki meiru samtals en 2—3 vikum. En þetta eru áreiðanlega ýkjur. Jeg hygg, að varla sje um svo fámenna hreppa að ræða, að þar sjeu eigi 4—5 fæðingar árlega, og eru það þá jafnmargar vikur, því það er skylda yfirsetukvenna, að vera minst viku yfir hverri sængurkonu. Og sjeu þær skemur, þá gera þær ekki skyldu sína. En nú er þetta aðeins í minni hreppum, sem fæðingar eru svona fáar. Í stærri hreppum eru þær fleiri. En svo ber að gæta þess, að ekki má eingöngu miða við þann tíma, sem yfirsetukonurnar eru yfir sængurkonum, því að í raun og veru eru þær altaf bundnar við starf sitt og geta því ekki ráðið sig til fullkominnar vinnu, eins og aðrar konur. Það lítur svo út sem þessi hv. þm. (EÁ) hafi ekki gert sjer fulla grein fyrir því, en þetta er einmitt mikilsvert atriði.

Hv. sami þm. sagði, að sumum yfirsetukonum væri óþægð í því, að launin væru hækkuð. Jeg veit nú ekki hvaðan hv. þm. kemur sú viska. Frá miklum meiri hluta þeirra liggur fyrir áskorun um að bæta launakjör þeirra. Og þótt þær yfirsetukonur, sem gengist hafa fyrir þessari áskorun, eigi heima hjer í Reykjavík, þá er hún í sjálfu sjer ekkert verri fyrir það, þótt áhugasöm kona hjer vilji halda uppi rjetti stjettar sinnar.

Þá sagði hv. þm., að það væri álit ýmsra, að þetta frv. verði til að fækka fæðingum, ef samþykt verður. Það væri æskilegt, að hv. þm. vildi skýra þetta nánar. Jeg sje að minsta kosti enga ástæðu til að ætla, að svo muni fara, þó gerðar sjeu ráðstafanir til þess að fá betri yfirsetukonur.

Einar Árnason: Ræða hv. þm. Snæf. gefur nú í raun og veru ekki ástæðu til þess að tala í meira en 5 mínútur. Hv. þm. taldi röksemdir mínar lítils virði. En jeg vil þá skjóta því til hans, að sjá svo um, að yfirsetukonurnar geri skyldu sína. Tel jeg honum það skyldast, þar sem hann hefir flutt þetta frv. svo oft. Það skakkar töluverðu um tímann hjá okkur hv. þm., þann, sem við teljum að eyðist hjá yfirsetukonunum í þarfir sængurkvenna. En jeg fullyrði, að það, sem jeg sagði um það, er rjett. Það mun vera fremur fátítt til sveita, að yfirsetukonurnar sje meira en tvo sólarhringa, að jafnaði, við hverja barnsfæðingu. Það er að minsta kosti ekki, þar sem jeg þekki til, og með þeirri staðreynd reiknaði jeg. Það væri því rjett að tryggja það, að þær gerðu þessa skyldu sína, sem hv. þm. talar um, um leið og laun þeirra verða hækkuð, en það gera þær ekki nú, eftir því sem hv. þm. Snæf. segir vera skyldu þeirra. En, eins og jeg sagði áður, þá eru ekki meira en 5—6 fæðingar á ári í flestum hreppum landsins. Og þegar yfirsetukonurnar eyða að jafnaði ekki nema 2 sólarhringum við hverja fæðingu, verður dæmið mjög auðvelt.

Jeg stend líka við það, sem jeg sagði áður, að yfirsetukonurnar geti stundað aðra atvinnu. Þær, sem eru giftar, stunda bú sín. Og þótt þær tefjist frá um tvo sólarhringa í senn, þá fellur ekkert niður fyrir það hjá þeim. Enda

er það ekki meira en að skroppið sje í kaupstað.

Þá sagði sami hv. þm., að krafan um bætt launakjör væri ekki verri fyrir það, þó að óskin um hana hefði komið fyrst frá Reykjavík. Jeg sagði það ekki heldur, að hún væri verri fyrir það. En það er auðskilið mál, að með fortölum má fá hverja stjett sem vera vill til að gera kröfur um að bæta sinn hag, ef farið er að berjast fyrir því að fá hana til þess.

En um þetta þýðir víst ekki að fara fleiri orðum; úrslit málsins munu fyrirfram ákveðin.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg þarf ekki að vera langorð um þetta mál, því, eins og tekið hefir verið fram áður, er það ekki nýtt hjer í deildinni, þar sem það hefir verið til umr. áður á tveimur þingum.

Mjer þykir vænt um, hversu hlýlega andaði til þessa frv. frá hv. frsm., og að málið virðist nú hafa betra gengi að fagna en áður, hjer í hv. deild. En það leið þó eigi á löngu, áður en gustur kæmi fram gegn málinu. Sá gustur kom frá hv. 1. þm. Eyf. Er það leitt, um svo mætan mann og sanngjarnan sem þessi hv. þm. venjulega er, að hann skuli leggjast móti jafnsjálfsögðum sanngirniskröfum og hjer er farið fram á. En jeg held, að andstaða hans stafi ekki frá því, að hann í raun og veru bresti skilning og þekkingu, heldur að hann hafi valið sjer of þröngan sjónarhól í þessu máli.

Jeg skal nú færa nokkur rök fyrir nauðsyn þess, að laun ljósmæðra sjeu bætt. En rjett er fyrst að benda á það, að yfirsetukonurnar hafa stofnað fjelag, sem heitir „Ljósmæðrafjelag Íslands". Heimili þess er í Reykjavík, en í fjelaginu eru flestar yfirsetukonur hjer á landi. Tilgangur þessa fjelagsskapar er fyrst og fremst sá, að auka kynni innan þessarar stjettar og bera boð um framfarir og nýjungar, er stjettina varða, til fjelagskvenna. Þá er og einn þáttur í tilgangi fjelagsins sá, að bæta kjör þessarar stjettar, svo að trygt verði, að í þessar stöður veljist jafnan góðar, duglegar og áhugasamar konur, sem sint geti af alúð starfi sínu. Þetta starf er þannig vaxið, að það er sannarlega ekkert aukaatriði, að það sje stundað vel, og að í það veljist hæfar konur. En fyrst verða ljósmæðraefnin að leggja fram allmikið fje, til þess að kosta nám sitt, í, að jeg hygg, 10 mánuði. Og þótt þær njóti nokkurs námsstyrks af almanna fje, þá verða þær að leggja fje fram sjálfar allmikið, sennilega um helming námskostnaðar. Að minsta kosti hefir því verið haldið fram fyr, að svo væri, og þá ekki mótmælt. Er því skiljanlegt, að ekki leggi aðrar stúlkur út á þessa braut en þær, sem löngun hafa og áhuga fyrir starfinu.

Það er athugað og viðurkent, að starf ljósmæðra er þýðingarmikið, en námið hinsvegar all-kostnaðarsamt. Ennfremur er upplýst, að mörg ljósmæðraumdæmi standa nú óskipuð. Orsökin er ekki sú, að ekki sje nóg til af lærðum yfirsetukonum, heldur hin, að þær sjá sjer ekki fært að taka að sjer umdæmi með núverandi launakjörum. Það ættu því allir að sjá, hversu ósanngjarnt það er, að launa ljósmæðrunum svo illa, að góðir kraftar dragi sig í hlje frá þessu starfi. — Að áður hafi starfað að þessu ólærðar konur, sem oft hafi hepnast starf sitt vel, er

að vísu satt. En þegar kröfurnar til ljósmæðra hafa verið hækkaðar, með auknu námi, þá er og eðlilegt, að kröfur um bætt launakjör komi á móti.

Hv. þm. Eyf. líkti starfi ljósmæðranna við kaupstaðarferð. En slík samlíking er algerlega gripin úr lausu lofti. Slíkt á sjer ekki stað, nema þar sem allra greiðast gengur, eða þá þar sem heimilisástæður eru á einhvern hátt því til fyrirstöðu, að hægt sje að halda yfirsetukonuna lengi. Er þetta því alveg óframbærileg ástæða. Sje það satt, að svo sje alment í sveitum, þá sannar það einungis það, að launin eru svo lág, að ljósmæðurnar geta ekki sint starfi sínu eins vel og vera ber.

Mjer þótti vænt um að heyra, að hæstv. dómsmrh. tók vel í þetta mál, svo sem hann hefir og gert áður. En því miður var jeg kölluð frá og gat því ekki heyrt alla ræðu hans, en mjer er sagt, að hann hugsi sjer, að setja ljósmæðurnar til 5 ára í senn. Mjer þykir leitt, ef þessi till. hæstv. dómsmrh. miðar að því að draga á nokkurn hátt úr þeim rjettarbótum, sem frv. veitir. Vona, að svo sje ekki. En um það skal jeg ekki dæma, þar sem jeg heyrði ekki alla ræðuna.

Jeg skal svo ekki lengja þessa ræðu mikið meira. Öllum ætti að vera ljós þörfin fyrir góðar ljósmæður. En þær eru ekki einungis þarfar vegna starfs síns, heldur eru þær og víða um land hollvinir heimilanna, sem leggja þeim góð ráð um hollustuhætti, þrifnað og fleira. Ekki síst eru þær mikilsverðir ráðgjafar fyrir ungar og óreyndar mæður.

Vona jeg, að þótt háttv. 1. þm. Eyf. hafi tekið þessu máli á sama veg og hann hefir áður gert, þá nái þó frv. fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.

Brtt. 189, I. 1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 189, I. 2 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 189, I. 3 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 189, II (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 229, 242).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 242. Afbr. leyfð og samþ. í e. hlj.

Páll Hermannsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. við frv. Breytingin er þess eðlis, að hún þarf ekki mikilla skýringa við. Hún er borin fram af sparnaðarástæðum. Þess vil jeg strax geta, að þessir starfsmenn eru verðir að njóta þeirra launa, sem geri þeim kleift að rækja sitt starf. En hinsvegar lít jeg svo á, að þjóðin verði að sætta sig við, að laun ljósmæðra verði lág, samanborið við embættislaun. Víðast hvar í landinu hagar svo til, að ljósmóðurstarfið getur ekki orðið aðalstarf. Umdæmin eru mörg en fámenn. Því getur ekki orðið um há laun að ræða. Fjárhagurinn leyfir það ekki. Það verður að sníða sjer — hjer sem annarsstaðar — stakk eftir vexti.

Þessir starfsmenn hafa lengi farið á mis við háu launin, og þeir verða að gera það framvegis. Sú ánægja, sem

þeir hafa af starfinu, hefir verið mikill hluti launanna, og þannig mun það einnig verða framvegis.

Jeg er sammála hv. 1. þm. Eyf. um það, að sá skortur, sem á ljósmæðrum er, stafi ekki eingöngu af lágum launum, heldur einnig af fækkun fólks í sveitum og því losi, sem í þjóðlífinu er, ekki síður meðal kvenna en karla. Og jeg hygg, að dvöl ljósmæðra í Reykjavík við nám eigi sinn þátt í því, að þær una síður hag sínum í sveitunum til lengdar. Jeg viðurkenni, að ljósmæður eiga við lág laun að búa, en þó eru þær ekki ver launaðar en margir aðrir opinberir starfsmenn heima í sveitunum.

Í brtt. minni er gert ráð fyrir talsverðri lækkun frá því, sem í frv. er. En mjer virðist þó auðsýnt, að hún bæti töluvert um kjör ljósmæðra, því að svo er til ætlast, að laun flestra þeirra, er starfandi eru, hækki um 75—150 kr. frá því, sem nú er. Og þegar dýrtíðaruppbótin af þessari launaaukningu bætist við, dregur talsvert um þetta.

Því hefir verið haldið fram, að ljósmæður þyrftu að verja talsverðu fje til námskostnaðar sjer. En jeg hygg, að þær hafi notið all-verulegs styrks til námsins, enda væri athugandi, hvort sá styrkur ætti ekki að hækka.

Það, sem aðallega vakir fyrir mjer, er að bæta svo kjör þeirra ljósmæðra, sem starfað hafa um einhvern tíma, að þær, launanna vegna, gætu unað við starf sitt. Það er óviðunandi eyðsla, að fjöldi kvenna læri ljósmóðurstörf, án þess svo að rækja starfið að neinum verulegum mun á eftir. En of mikið vill bera á þessu nú. 50 kr. hækkun á launum þriðja hvert ár gæti kannske eitthvað ýtt undir ljósmæður að halda starfinu áfram.

Jeg sje enga þörf á því, að skýra málið frekar. Jeg býst við, að brtt. mín verði feld, vegna þess að frv. virtist eiga óskift fylgi deildarinnar við fyrri umr. málsins. En engu að síður ber jeg brtt. fram, og ekki spillir hún fyrir málinu í hv. Nd.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Þessi brtt. er einföld, og gat því nefndin gert sjer grein fyrir henni í fljótu bragði.

Nefndin þóttist hafa farið fram á eins lág launakjör handa ljósmæðrum og hægt væri, og leggur til, að brtt. verði feld. Þó að 100 kr. sjeu ekki mikil upphæð hjá þeim, sem úr miklu hafa að moða, er slík lækkun all-tilfinnanleg á svo lágum launum. Það hefir áður verið gerð grein fyrir, að þessi launakjör, sem farið er fram á, sjeu sanngjörn. Og svo á að fara að klípa af því litla, sem upphaflega var farið fram á.

Hv. flm. vill að vísu bæta kjör ljósmæðranna, en hann telur sig knúðan til að bera fram þessa brtt. af sparnaðarástæðum. En jeg hygg, að sparnaðurinn, sem af brtt. leiðir, sje ekki þess virði fyrir ríkissjóð, sem hækkunin er fyrir þá, sem taka við launum. Auk þess sem hækkunin mundi gera ljósmæðurnar ánægðari við starfið og leiða til þess, að hæfar ljósmæður fengjust í flestum eða öllum hjeruðum landsins.

ATKVGR.

Brtt. 242 feld með 7:4 atkv.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 229).

Á 29. fundi í Nd., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. felt frá 2. umr. með 12: 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, GunnS, HG, HjV, JJós, LH, MJ, SE, SÁÓ, BSv.

nei: SvÓ, EJ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JS, JörB, MG, MT, ÓTh, PO.

Fjórir þm. (BSt, BÁ, HK, JÓl) fjarstaddir.

5. Útsvör.

Á 7. fundi í Ed., 26. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (þmfrv., A. 51).

Á 9. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Árnason): Vegna þess, að frv. fylgir all-ítarleg greinargerð, ætla jeg ekki, að svo komnu, að halda neina ræðu um málið, en aðeins mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 19. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 21. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 51, n. 484 og 490, 530, 538).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Allshn. hefir ekki getað orðið sammála um frv. það, sem hjer liggur fyrir. Eins og sjá má á þskj. 490, leggjum við hv. 3. landsk. til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Að nokkru leyti eru færð fram rök fyrir dagskránni í nál., og hefi jeg þar ekki miklu við að bæta. Jeg geri ráð fyrir því, að svipaðar orsakir valdi því um okkur báða, meirihlutamenn, að við viljum, að málið verði afgreitt þannig að þessu sinni.

Jeg vil taka það fram, að mínu leyti, að strax í upphafi, þegar lög þessi voru samin, þótti mjer á þeim ýmsir annmarkar, enda mundu þau ekki allsstaðar eiga við. Það mun eflaust erfitt að semja þessi lög svo, að öllum líki, en þótt þessi löggjöf kunni að ýmsu leyti að vera varhugaverð, og jafnvel í einstöku tilfellum ranglát, þá tel jeg ekki rjett að gera breytingar á henni nú þegar. Þegar þær breytingar verða gerðar, álít jeg, að mest velti á því, að þær verði sem mest í samræmi við þá reynslu, sem þá er fengin, og þá bætt úr þeim megingöllum, sem við reynsluna hafa komið í ljós, gagnvart þeim, sem við lögin eiga að búa.

Það hefir strax komið fram, við 2. umr. þessa máls, að skoðanir manna eru töluvert skiftar um þau atriði, og ef nú á að fara að hrófla við þessum lögum, er ekki víst, hvað að kemst, nje heldur, að það verði til bóta.

Frv. þetta er fram borið aðallega vegna eins kaupstaðar á landinu, og skal jeg játa, að hann verður sennilega nokkuð hart úti, eftir þessum lögum.

En þess ber að gæta, að eins og frv. þetta liggur fyrir, hlýtur það að grípa inn í þetta mál, einnig á öðrum stöðum á landinu, og leiðir það af sjer, að ósamræmi kemur inn í löggjöfina. Það, sem erfiðast þótti með gömlu löggjöfina, var þessi endalausi eltingaleikur um útsvarsálagningu. Var þá það ráð tekið upp, að leggja ekki á gjaldþegn nema á einum stað, en skifta útsvarinu milli þeirra sveitafjelaga, sem hlut eiga að máli. En ranglætið með hinni gömlu útsvarsálagningu var alveg orðið óþolandi, og algert ósamræmi um aðferðir við slíkar útsvarsálagningar. Má segja, að með aðferð núverandi löggjafar megi vænta nokkurs samræmis. Nú leggjum við meiri hl. til, að löggjafarvaldið láti lögin reyna sig betur. Ekki af því, að við ætlum, að eigi væri hægt að breyta þeim til batnaðar, heldur af því, að reynsla sú, er menn hafa af þeim enn, er eigi nógu löng, að okkar dómi, til þess að á henni verði bygðar breytingar til verulegra bóta.

Út af framkomnum brtt. skal jeg geta þess, að afstaða okkar gildir einnig um þær. Það er ekki af því, að við teljum þær allar raska grundvelli laganna, því að við viðurkennum, að sumar þeirra kunni jafnvel að vera til bóta, heldur af því, að þótt kanske hafi sýnt sig, að breyta þurfi einstökum atriðum í lögunum, þá er reynslan ekki enn búin að sýna, hvar gallarnir eru mestir, og því teljum við ekki tímabært að fara að hringla í þeim strax. Þótt misfellur kunni einhverjar að vera á lögunum, og eitthvert misrjetti kunni af þeim að leiða, þá teljum vjer, að reynslan geti einmitt verið gagnlegur skóli til að kippa þessum ágöllum í betra horf.

Reynslan hefir sýnt, að ófært er að hringla í útsvarslögum frá ári til árs. Þegar núgildandi lög voru sett, leiddu þau allmikið rask af sjer. Með breytingu reikningsársins úr fardagaári í almanaksár leiddi það, að gera varð þrjú misseri að reikningsári, er lögin gengu í gildi. Ef þessar nýju breytingar ná fram að ganga, kemur svipað fyrir aftur.

Hjer hefir komið fram ein brtt. um að breyta reikningsárinu í fardagaár að nýju, í hreppsfjelögum. Skal jeg viðurkenna, að vel má vera, að heppilegra sje, að reikningsár þeirra hreppa, sem eru eingöngu landbúnaðarhreppar, sje fardagaárið, vegna ábúðar- og vistaskifta. Þetta kann að skifta nokkru máli fyrir hreina sveitahreppa. En fyrir þá hreppa, sem eru kauptún, að miklu eða einhverju leyti, er það allmiklum örðugleikum bundið, að miða reikningsárið við fardagaár. Nú er svo komið, að reikningsskil allra stofnana eru miðuð við almanaksárið, nema ábúðaskifti og greiðsla verkkaups árshjúa.

Í fljótu bragði kynni að virðast, að hægt væri að bæta úr þessu á þann hátt, að hafa annað reikningsár fyrir sveitahreppa en kauptún. En nú stendur svo á, að margir hreppar eru blandaðir, bæði sveit og kauptún teljast í sama hreppi, og innan sömu sýslu liggja bæði kauptúna- og sveitahreppar. Svo er þessu háttað í Suður-Múlasýslu, Ísafjarðarsýslu, Snæfellsnes-

sýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og víðar. Mun það reynast erfitt, ef ekki óframkvæmanlegt, að hafa tvennskonar reikningsár innan sömu sýslu. Hygg jeg því, að erfitt verði að breyta reikingsárinu svo, að eigi verði það til erfiðleika fyrir einhverja þeirra, sem við þessi kjör eiga að búa. Kemur þá það til greina, hvort meira óhagræði leiði af því fyrir sveitahreppana, að hafa almanaksár, en kauptúnin að hafa fardagaár að reikningsári. Jeg held, að reynslan hafi sýnt, að rjett sje, að reikningsárið sje almanaksár. Það er svo komið inn í viðskiftalíf og viðskiftavitund þjóðarinnar, að jeg hygg, að sveitahrepparnir geti á stuttum tíma sætt sig við það fyrirkomulag, án þess að það valdi þeim örðugleikum.

Þá vildi jeg drepa nokkuð á brtt. minni hl., sem gengur inn á þá braut, að setja það sjerákvæði um einn kaupstað, Siglufjörð, að hið sama skuli gilda þar um útsvarsálagningu og áður en lögin gengu í gildi. Jeg skal játa, að nokkuð sjerstaklega stendur á um þennan kaupstað, en jeg er hræddur um, að þessi breyting dragi á eftir sjer breytingar á öðrum stöðum, t. d. í Vestmannaeyjum. Gæti jafnvel farið svo, að fleiri breytingar bættust aftan í, þegar á þessu þingi, og þykist jeg mega sjá þess merki þegar við 2. umr.

Þótt jeg viðurkenni, að agnúar sjeu á lögunum, tel jeg ekki fengna næga reynslu um þau, til að farið sje að breyta þeim nú þegar, og einnig býst jeg við, að sumir þessara agnúa mundi hverfa, er farið væri að framkvæma lögin. En þær brtt., er hjer hafa komið fram, toga hver í sinn skanka, og heppilegra mun að samþykkja ekki mikið af þeim, ef ekki á að komast ósamræmi inn í þessa löggjöf.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það var margt rjett, sem hv. frsm. meiri hl. hjelt fram í framsöguræðu sinni. Fyrst og fremst er það rjett, að lögin eru lítt reynd, eftir aðeins eitt ár; ekki full festa komin í framkvæmd þeirra, og að líkindum ekki allir agnúar þeirra komnir í ljós. En jeg held, að engum geti dulist, að sá agnúi, sem margir sáu að vísu fyrirfram, að einn kaupstaður, Siglufjörður, yrði sjerstaklega hart úti vegna breytingarinnar, hafi þegar sýnt sig.

Jeg minnist þess, að þegar lögin voru til umræðu á þinginu 1926, þá kom hv. 2. þm. Eyf. (BSt) fram með brtt. um að rýmka heimild til að leggja útsvar á þá, er atvinnu reka í dvalarsveit. En svo fór, að þessi brtt. náði ekki fram að ganga.

Siglufjörður hefir algerða sjerstöðu í þessu efni. Atvinnurekstur sá, er myndað hefir bæinn, er eigi rekinn nema 2—3 mánuði ársins, af mönnum alstaðar að af landinu, og jafnvel af útlendingum, í mjög stórum stíl. Að vísu eru til margar aðrar verstöðvar á landinu, en atvinnurekendur þar eru næstum ætíð úr hjeruðunum kringum þær, eða úr sama sýsluhjeraði. Þar sem svo stendur á, er þó með skyldari að skifta en á Siglufirði, þar sem saman hópast menn af öllu landinu, til að njóta hlunninda af afstöðu kaupstaðarins og mannvirkja þeirra, er bæjarfjelagið hefir kostað stórfje til. Veit jeg, að síldveiðistöðvar eru víðar til hjer á landi, t. d. á Akureyri, Ísafirði og Austfjörðum, en þetta er í miklu smærri stíl, og á Ísafirði og Austfjörð-

um eru síldveiðar jafnvel ekki reknar nema sum ár, og að mestu leyti af hjeraðsmönnum, sem hægt er að leggja útsvör á, eins og áður. Þessu er ekki að heilsa á Siglufirði. Þangað streyma menn í þúsunda tali á sumri hverju, úr öllum áttum. Bærinn er bygður upp á það, að geta náð útsvörum af þessum mönnum. Því hefi jeg borið fram þessar brtt. um sjerstöðu Siglufjarðar, vegna síldveiðanna þar. Tel jeg, að ekkert annað hjerað þurfi að fara fram á samskonar ívilnanir, þótt þær nái fram að ganga, að minsta kosti ekki eins og nú standa sakir.

Enn kemur eitt atriði til greina, sem gerir þessi undantekningarákvæði nauðsynleg. Það er alkunnugt, að töluverður hluti af síldarútvegs- og síldarkaupmönnum þar nyrðra geta sjálfir ekki lagt fje í atvinnurekstur sinn, og eru eignalausir menn. Þeir eru því leppar eða umboðsmenn erlendra síldarkaupmanna, fá hjá þeim tunnur og salt, krydd og annað, sem til síldarverkunar þarf. Sumir þessara manna greiða verkafólki sínu ekkert kaup sum árin, og kemur þetta mest niður á Siglfirðingum. Bæði er það, að utanbæjarmenn eru eftirgangssamari um að heimta kaupgjald sitt og síður hægt að draga þá á langinn, og hitt, að margir þeirra eru skrásettir á skipum og bátum og hafa því sjóveð fyrir kaupi sínu. Þetta rekstrarfjárleysi þessara „leppa", ef svo má nefna þá, leiðir af sjer, að um leið og seinasta tunnan er farin um borð frá þeim, standa þeir uppi slyppir og allslausir og ekkert af þeim að hafa, hvorki upp í útsvar nje kaupgjald. Hefi jeg heyrt þessa eitt átakanlegt dæmi síðastliðið sumar. Maður einn, er fengið hafði efni, salt og eitthvað af peningum hjá erlendum síldarkaupmönnum, til að kaupa síld fyrir, skildi þannig við á Siglufirði, að hann greiddi hvorki útsvar nje verkakaup. Hann er heimilisfastur í útkjálkasveit, og þar greiddi hann 25 kr. útsvar. Þó hafði hann haft 70—80 manns í vinnu á Siglufirði og velt hundruðum þúsunda yfir atvinnutímann. Þess má nefna fjölmörg dæmi, að bærinn fær ekki útsvar og verkafólk ekki kaup, og verður það því bænum til byrði, beinlínis af þeim ástæðum. Þessir útgerðarmenn verða bænum til byrði í tvöföldum skilningi. Þeir njóta afstöðu og mannvirkja staðarins án endurgjalds, og þeir taka íbúa hans í þjónustu sína, án þess að greiða þeim kaup fyrir.

Brtt. mín er fram komin til þess að koma í veg fyrir þetta ástand. Þar er farið fram á, að heimilt sje að leggja útsvör á skip og báta, sem upp leggja síld á Siglufirði, og ennfremur á einstaka menn eða fjelög, sem kaupa eða selja síld á Siglufirði, eða verka hana þar. Lög þessi eiga einnig að ná til útlendinga. Svo stendur á um marga þeirra, er kaupa, selja eða verka síld, að þeir hafa stórfje handa á milli meðan síldveiðitíminn stendur yfir, en eru slyppir bæði á undan og eftir. Ef útsvarið er eigi lagt á þá, meðan á síldveiðunum stendur, er ekkert af þeim að hafa, og því verða útsvörin að falla í gjalddaga þegar, er þau hafa verið lögð á. Þessi sjerstaða fyrir Siglufjörð er því aðeins vegna síldarútvegsins. Þetta er sú minsta breyting, sem hægt er að fara fram á, og jeg álít, að hjer standi svo sjerstaklega á, að önnur hjeruð geti ekki kom-

ið fram með kröfu um slíka breytingu með eins miklum rjetti og Siglufjörður.

Þótt jeg játi, að útsvarslögin sjeu eigi enn orðin fullreynd, þá sjest þó þegar, að Siglufjörður hefir orðið mjög hart úti þeirra vegna. Útsvarsskrá síðasta árs þaðan sýnir, að útsvör hafa lækkað svo mjög, að til vandræða horfir um fje til framkvæmda þeirra og mannvirkja, sem bærinn sjálfur þarf að láta framkvæma og allmikill hluti landsmanna, er síldarútveg stunda, verður við að styðjast.

Menn tala nú um að koma síldveiðunum í fastara horf en áður, og er vonandi, að það takist. En jafnframt verður að gæta þess, að sá staður, þar sem mestur síldaraflinn kemur að landi, fari ekki eins varhluta af gjöldum af þeim atvinnurekstri og reyndin virðist benda á að verði, eftir nýju útsvarslögunum. En úr því verður á engan hátt bætt, nema leyfilegt sje að leggja útsvör á utanbæjarmenn, er þar reka atvinnu, og bærinn þurfi ekki að ganga til skifta við aðra hreppa um þau útsvör. Hygg jeg, að það sje öllum ljóst, að með því fyrirkomulagi verði það venjulega sú sveit, sem maðurinn er heimilisfastur í, sem fær mestan hlut útsvarsins eða allan, en sú sveit eða kaupstaður, sem hann rekur atvinnu í, lítið eða ekki neitt. Jeg álít það að vísu kost, að nokkru leyti, en vil gera undantekningu um Siglufjörð, af þeim ástæðum, sem jeg hefi þegar greint.

Um brtt. hv. 1. þm. Eyf., að í stað 3000 komi 20000, er það að segja, að jeg er henni meðmæltur, ef mínar tillögur falla. Á þann hátt sleppur smáútgerðin og annar smá-atvinnurekstur við útsvör, og get jeg fallist á, að svo sje.

Jeg hygg þá, að jeg hafi rökstutt brtt. mínar nægilega.

Um brtt. hv. þm. A.-Húnv. skal jeg ekki fjölyrða að þessu sinni. Býst jeg þó heldur við að verða þeim andvígur. Tel jeg ekki þörf á öðrum brtt. en minum.

Einar Árnason: Það munu nú vera um átta vikur, síðan þetta mál var látið ganga til allshn. Hefði því mátt ætla, eftir tímanum að dæma, að nefndin hefði varið allmiklum tíma til að athuga málið. En þegar litið er á niðurstöður hennar, einkum meiri hl., virðist eigi sem svo hafi verið. Hins vegar vil jeg þakka hv. minni hl. fyrir tillögur hans í þessu máli. Mjer finst hann hafa sýnt góðan skilning á málinu, og brtt. hans sýna það, að hann vill leitast við að bæta úr þeirri rangsleitni, sem Siglufjörður verður fyrir af útsvarslöggjöfinni. Jafnvel þó að brtt. hv. minni hl. breyti frv. allmikið, vil jeg þó lýsa yfir því, að jeg felst á brtt. hans, af því að þær nálgast svo mjög það, sem farið er fram á í minu frv., að þær geta að miklu leyti bætt úr því ástandi, sem er. Það er viðurkent af mörgum, þar á meðal hv. minni hl., að Siglufjörður hafi allmikla sjerstöðu í þessu efni. Um engan stað á landinu er eins ástatt og Siglufjörð. Það er svo, að núgildandi útsvarslöggjöf ýtir undir menn að fara ýmsar krókaleiðir til þess að komast hjá því að greiða útsvar. Löggjöfin gefur ágætt tækifæri til þess, þar sem maður getur rekið atvinnu í stórum stíl á Siglufirði, án þess að hægt sje að leggja á hann útsvar, ef hann telur sjer heim-

ili í sveit, þar sem eru hjer um bil engin útsvör. Siglufjörður getur ekki fengið útsvar frá heimilissveit hans, en hins vegar verður bærinn, til þess að hægt sje að reka þar atvinnu, að halda uppi ýmsum mannvirkjum og leggja mikið í kostnað við höfn og vegagerðir.

Jeg vil vekja athygli á því, að jeg hefi flutt brtt. við 3. gr. frv., af því að jeg hefi orðið þess var, að 3. gr. er sú greinin, sem mestum ágreiningi veldur. Jeg hefi ekki getað skilið, af hverju hv. meiri hl. hefir lagt á móti 1. og 2. gr., því að jeg get ekki sjeð, að þó að þær verði samþyktar, raski þær neitt því heildarfyrirkomulagi, sem í útsvarslöggjöfinni felst, og hafa litil eða engin áhrif á aðrar sveitir. Jeg viðurkenni hins vegar, að ákvæði 3. gr. raska grundvelli útsvarslöggjafarinnar. En með því að samþ. brtt. mína um, að í stað 3 þúsunda komi 20 þúsund, verður það ekki mikið, sem útsvarslöggjöfin raskast. Það yrði þá aðeins hinn stærri útvegur á Siglufirði, sem kæmist inn undir þetta ákvæði.

Jeg hefi flutt þessa brtt., sem einskonar varatillögu, ef brtt. hv. minni hl. verða feldar. Að sjálfsögðu kemur mín brtt. ekki til atkvæða, ef brtt. hv. minni hl. verða samþyktar. En jeg hefi lýst yfir fylgi mínu við þær.

Um dagskrártillögu hv. meiri hl. hefi jeg ekki margt að segja. Hún er ljós vottur um viljaleysi hv. meiri hl. til þess að bæta úr þeirri rangsleitni, sem sumar sveitir og bæjarfjelög eiga við að búa af núgildandi útsvarslöggjöf. Jeg vænti, að hv. deild felli þá tillögu, til þess að tækifæri gefist til að greiða atkvæði um hinar ýmsu brtt., sem fram eru komnar við frv.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki þreyta hv. deild lengi á því að tala fyrir brtt. minum. Jeg hefði getað slept því að miklu leyti, ef hv. frsm. meiri hl. hefði ekki vikið að þeim, einkum hinni fyrstu, en hún varðar mestu. Hv. frsm. játaði, að sú brtt. væri til góðs fyrir sveitarfjelögin, enda hljóta allir að gera það, sem nokkuð þekkja til. En svo sagðist hv. þm. ekki finna neitt sjerstakt, sem mælti með brtt., nema ef vera skyldi það, að fólksflutningar í sveitum fara fram í fardögum, í lok reikningsársins. En það er talsvert mikilsvert atriði. Jeg get fært nægar ástæður fyrir því, og gerði það á þinginu 1926, hve óhentugt er, að minsta kosti fyrir hreppsfjelög, að hafa ekki fardagaárið fyrir reikningsár. En hv. frsm. færði engin rök að því, að almanaksárið væri hentugra. Jeg skal játa, að það hefir altaf verið að færast nær því, að almanaksárið væri reikningsár ýmsra fjelaga og stofnana, og það á við í mörgum tilfellum. En í þessu tilfelli er það miklu óhentugra, þar sem fólksflutningar á milli hreppa fara fram í fardögum, eða á miðju núverandi reikningsári. En af því leiðir, að hjá fjölmörgum gjaldendum þarf að skifta útsvarinu á milli 2 hreppa. Þá má benda á, að sveitarómagar eru ráðnir frá vori til vors, en ekki nýári til nýárs, og ýmislegt fleira. En skifting útsvara, eins og frá henni er gengið í lögunum, er fyrirhafnarsöm og varhugaverð að ýmsu leyti. Það eru þegar farnar að koma margar fyrirspurnir til stjórnarráðsins um

það, hvernig beri að skilja lögin hvað það snertir, og sýnir það ljóslega, hversu flókin þau eru og óskýr í þessu efni.

Hv. frsm. heldur, að þeir agnúar, sem hann játar sjálfur að sjeu á lögunum, muni slitna af í notkuninni. En það skal ekki koma flatt upp á mig, þó að lögin reynist í framtíðinni nákvæmlega eins illa og þau hafa reynst hingað til. Og væri þessi skoðun háttv. frsm. rjett, að agnúarnir slitni af, virðist óþarft að breyta lögum yfirleitt.

Þar sem jeg er ekki nákunnugur í kaupstöðunum, hefi jeg ekki þorað að halda öðru fram en rjettara væri að lofa þeim að halda því reikningsári, sem nú er. Það er mikill vandi að setja löggjöf um þetta efni fyrir alt landið. Mjer virðist eiginlega vera sjálfsagt, að hafa ein lög um þessi mál fyrir kaupstaði og önnur fyrir sveitahreppa.

Mjer var falið að bera fram þessa brtt. samkvæmt einróma ósk fjölmenns þingmálafundar á Blönduósi. Blönduós er hreppur út af fyrir sig. Það vildi svo vel til, að jeg var farinn af fundinum, þegar þetta kom fram, svo að ekki verður hægt að segja, að það líafi verið fyrir mín áhrif. Þarna vitum við um einn hrepp, sem er kauptún og vill þó hafa fardagaárið fyrir reikningsár.

Það er ekki von, að hv. nefnd hafi athugað frv. með tilliti til minna brtt. Þær komu svo seint fram. En það virðist hafa vakað fyrir hv. meiri hl., að þægilegast væri að breyta engu. Jeg býst við, að tækifæri verði til að tala um þessi lög á hverju þingi, á meðan nauðsynlegar breytingar fást ekki fram. Jeg hugsa, að þing verði ekki lengi svo skipað, að það vilji ekki taka tillit til almennra óska landsbúa. Jeg verð að segja, að jeg álít, að við sjeum ver farnir eftir að endurskoðun laganna hefir farið fram, heldur en með gömlu sveitarstjórnarlögunum. Það var verið að smálaga þau, eftir því sem þörf krafði, þó að ekki væru gerðar neinar stórfeldar breytingar.

2. brtt. mín er um 12. gr. laganna. Það hefir komið fram, að ekki er aðgengilegt að skifta útsvörum eftir aðferðum 12. gr. Það gæti gengið, ef ekki væri lengra á milli hreppa en á milli hornanna hjerna í salnum. Og svo þarf að vera að borga fram og aftur. Ýmist þurfa gjaldendur að borga til baka, eða þá að hreppurinn þarf að borga þeim. Jeg verð að segja, að það er ákaflega klaufalegt fyrirkomulag. Það er eins og það hafi vakað fyrir löggjöfunum, að gera þetta sem allra-erfiðast.

3. brtt. mín er um 26. gr. laganna. Jeg vil fella burt 26. gr., að öðru leyti en þessu: „Kærum, sem koma að liðnum kærufresti, verður ekki sint.“ Í niðurlagi 26. gr. er hið dásamlega ákvæði um að yfirskattanefndir megi ekki breyta útsvörunum, ef ekki skakki meira en 10%, þó að þær hins vegar sannfærist um, að kæran sje rjettmæt.

Ef svo færi, að 1. brtt. yrði samþykt, sem ummæli frsm. nefndarinnar benda nú ekki til, þyrfti að breyta bráðabirgðaákvæðunum aftan við lögin, því að þá yrði að taka hálft ár sem sjerstakt reikningsár. Það er dálítil fyrirhöfn, en ekki mikil þó, en líklega meiri en hv. frsm. meiri hl. vildi leggja á sig og nefndin.

Jeg heyrði ekki betur, en að hv. frsm. meiri hl. væri altaf að tala um agnúa á lögunum. Það er óskemtilegt, að hann skuli tala þannig, en þó ekki geta fallist á breytingar. Jeg trúi ekki á, að útsvarslögin óbreytt reynist ekki framvegis slæm. Það hefir mikið verið talað um að skipa milliþinganefnd til þess að athuga skattamálin. Þá ætti ekki síður að vera þörf á að skipa nefnd til að athuga útsvarslöggjöfina, meðal annars af því, að miklu meiri gjöld eru tekin af þjóðinni eftir útsvarslögum en eftir skattalögum.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Jeg ætla aðeins að segja örfá orð, út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. Hann taldi, að dráttur hefði orðið á þessu máli í allshn. Það er alveg rjett, en hann stafar af því, að til nefndarinnar hafa borist allmörg mál, sem hafa verið ærið tímafrek. Mjer er samt óhætt að fullyrða, að nefndin skágekk ekki þetta mál um skör fram, enda mun það vera svo, að mörg mál, sem eiga fram að ganga á þessu þingi, munu ekki vera komin lengra en þetta.

Jeg held, að þeir, sem talað hafa í þessu máli, að minsta kosti hv. þm. A.-Húnv. og hv. 1. þm. Eyf., misskilji afstöðu meiri hl. nefndarinnar. Það kom fram í ræðum þeirra, að jeg vildi viðurkenna, að agnúar væru á lögunum, en samt vildi jeg láta við þau sitja. Það er alveg rjett, að jeg viðurkenni, að lögin eru ekki fullkomin, en hitt er rangt, að jeg vilji umfram alt láta við þau sitja. Við, meirihl.menn, viljum, að úr því að lögin eru komin á, sjeu þau framkvæmd það lengi, að nokkur reynsla fáist í þessu efni, svo að síðari villan verði ekki argari hinni fyrri. Sumar hreppsnefndir eru ekki enn farnar að læra að fara með lögin og hafa gert ýmsar fyrirspurnir til stjórnarráðsins, eins og hv. 1. þm. Eyf. vjek að, um það, hvernig framkvæma skuli lögin. Það er fyrst, þegar hreppsnefndirnar eru búnar að læra að fara með lögin, að hægt er að segja, að reynsla sje fengin um þau. Það er ekki álit okkar meirihlutamanna, að lögin sjeu svo góð, að aldrei þurfi að breyta þeim. En við viljum, að það sje notað úr lögunum, sem nothæft er, og ekki breytt öðru en því, sem nauðsyn er á.

Jeg held, að hv. þm. A.-Húnv. hafi misskilið mig, að því er snertir 1. brtt. hans. Jeg viðurkendi, að það kynni að valda óþægindum fyrir sveitahreppa, að hafa almanaksárið fyrir reikningsár, en hitt tók jeg líka fram, að um aðra hreppa, sem mundu lenda undir ákvæði brtt., ef samþykt yrði, stendur svo á, að afleiðingarnar yrðu enn verri en í fyrra tilfellinu. Hv. þm. viðurkennir, að það sje miklu heppilegra fyrir bæjarfjelög að hafa almanaksárið fyrir reikningsár. Jeg benti á það í fyrra, að það væri hugsanleg leið, að fardagaárið gilti aðeins fyrir sveitahreppa. En jafnframt sýndi jeg fram á, að hún er óframkvæmanleg. Í sömu sýslunni verður að gilda sama reikningsár fyrir alla hreppa. Þó nú að lögin hafi máske ekki reynst eins vel og æskilegt hefði verið, þá álít jeg, að við ættum að læra meira af reynslunni, hvað framkvæmd þeirra snertir, heldur en við erum búnir að, áður en þeim yrði breytt.

Þá mintist hv. þm. A.-Húnv. á, að skipa þyrfti milliþinganefnd í þessi mál, því að þau væru síst minna verð, en tolla- og skattamál. Þessu er því að

svara, að jeg var á sínum tíma með því, að skipa milliþinganefnd í þetta mál, en þá var þeirri till. vísað til stjórnarinnar, og árangurinn af henni eru einmitt þessi lög.

En eins og jeg tók fram áðan, þá vil jeg ekki breyta þessum lögum að svo komnu. Jeg tel alt of litla reynslu fengna um þau ennþá. En sífelt hringl í þessum efnum sem öðrum ber aldrei góðan árangur.

Guðmundur Ólafsson: Háttv. frsm. meiri hl. vildi halda því fram, að hreppsnefndirnar væru alt af að læra, og þyrftu að læra betur að framkvæma þessi lög. Þennan mikla lærdóm, sem hreppsnefndirnar verða að leggja á sig, til þess að skilja lögin, tel jeg ókost á þeim, því að það gefur í skyn, að þau sjeu þó meir en lítið tvíræð. Annars held jeg, að þó að gerðar væru einhverjar breytingar á þessari útsvarslöggjöf nú, þá væri það ekki meira en það, sem oft hefir verið gert áður, bæði á þessum lögum og öðrum.

Þá sagði háttv. frsm. meiri hl., að jeg hefði viðurkent, að almanaksárið væri hentugra reikningsár fyrir kaupstaðina. En þetta er ekki rjett. Jeg komst aldrei svo langt. Jeg sagði, að það gerði kaupstöðunum lítið til, en sveitunum mikið. Þá fullyrti háttv. þm., að fardagareikningsárið væri miklu verra fyrir kaupstaðina en almanaksárið, en honum láðist alveg að færa nokkur rök fyrir þeirri fullyrðingu. Þau liggja svo sem ekki á lausum kili rökin hjá háttv. meiri hl. í þessu máli. Annars er það eins og háttv. meiri hl. sje í tilhugalífi við þessi vitlausu og ranglátu lög, sem hann getur aldrei varið.

Umr. lokið, en atkvgr. frestað.

Á 54. fundi í Ed., 22. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (atkvgr.).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 490, frá meiri hl. allshn., feld með 7 : 7 atkv.

Brtt. 530, 1 feld með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IHB, PH, BK, EÁ, GÓ.

nei: EF, HSteins, IP, JóhJóh, JBald, JÞ, JJ, JKr, MK.

Brtt. 484, 1 feld með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, EF, JBald, JJ, MK.

nei: HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JÞ, JKr, PH, BK, GÓ.

Brtt. 484, 2—6 teknar aftur.

1. gr. feld með 8 : 5 atkv.

2. gr. feld með 8 : 5 atkv.

Brtt. 538 samþ með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JBald, JJ, MK, PH, EÁ, EF, GÓ.

nei: IHB, JóhJóh, JÞ, JKr. BK, HSteins.

3. gr., svo breytt, feld með 8 : 5 atkv.

4. gr. þar með fallin.

5.—6. gr. teknar aftur af flm, en teknar upp af þm. A.-Húnv. (GÓ).

5. gr. feld með 7 : 7 atkv.

Brtt. 530, 2 samþ. með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, JÞ, JJ, EÁ, EF, HSteins, IHB, GÓ.

nei: JBald, JKr, MK, PH, BK, IP.

6. gr. feld með 11 : 2 atkv.

Brtt. 530, 3 samþ. með 8 : 4 atkv.

— 530, 4 samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. felt frá 3. umr. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PH, EÁ, EF, GÓ.
nei: HSteins, IHB, IP, JóhJóh, JBald, JÞ, JJ, JKr, MK, BK.

6. Eignarnám á Reykhólum.

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um eignarnám á jörðinni Reykhólum (þmfrv., A. 240).

Á 29. fundi í Ed., 22. febr. var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Jeg þarf ekki miklu við þá greinargerð að bæta, er frv. fylgir. Eins og hún ber með sjer, þá hafa ríkisstjórninni borist áskoranir frá íbúum Reykhólahjeraðs, um það, að hjeraðinu verði tryggður læknisbústaður á Reykhólum.

Nú hefir verið reynt að fá keypta spildu úr Reykhólalandi, undir læknissetur, en sú málaleitun hefir orðið árangurslaus. Er því sú leið farin, að fá heimild þingsins til að taka jörðina eignarnámi. Að farið er fram á að taka jörðina alla, er af þeirri ástæðu, að auk þess sem hún er vel fallin fyrir læknissetur, er þar og ákjósanlegur skólastaður, vegna jarðhita, sem er þar svo mikill, að nægja mun til að hita margar stórbyggingar. Auk þess er foss skamt frá bænum, sem er sá aflgjafi, er nægja mundi til að hita upp margar byggingar og haft gæti þýðingu í framtíðinni.

Það er þýðingarlaust að lesa hjer upp þau plögg, er málinu fylgja. Þau verða væntanlega athuguð í nefnd. En jeg vil aðeins geta þess, að fasteignamatsverð Reykhóla, með hjáleigum, er nú 42 þúsund krónur. Þar sem svo er ástatt, að jörð þessi er vel í sveit sett, með tilliti til opinberra bygginga, þá þykir mjer sjálfsagt að Alþingi athugi þetta mál vel, áður en því er hafnað. — Rjett er að taka það fram, að jörð þessi er nú setin af leiguliða, og að engin líkindi eru til að eigandi eða börn hans þurfi á henni að halda til ábúðar fyrir sig sjálf í náinni framtíð. Þessi jörð stendur nærri því að lenda í braski, og er nú talin miður vel setin. Er því hætt við, að henni fari hnignandi. Það er því margt, sem mælir með því, að hún verði tekin, og því fyr því betra.

Jeg tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta að sinni. Jeg hefi kynt mjer plögg málsins, en ekki dregið saman efni þeirra; tel víst, að þau verði rækilega athuguð í nefnd.

Jeg vil svo leyfa mjer að óska þess, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. Það getur verið álitamál, hvort málið eigi fremur heima í fjhn., eða allshn. Tel þó líklegra, að það eigi heima í allshn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að frv. þessu verið vísað til fjhn., þar sem það fjallar um fjárhagsmál. (**JÞ:** Það er öldungis rjett hjá hæstv. ráðh.).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 24. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, 536, n. 557).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. Afbr. leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Fjhn. hefir haft þetta mál til meðferðar og athugunar. Til nefndarinnar kom bóndi úr sveitinni, þar sem jörðin er, og taldi hann nauðsyn á, að hreppsbúar hefði umráð yfir jörðinni. Frv. á þskj. 240 fer fram á að veita ríkisstjórninni heimild til þess að taka jörðina Reykhóla eignarnámi, landinu til handa, aðallega í því skyni, að jörðin verði læknissetur fyrir viðkomandi læknishjerað. Allir nefndarmenn eru sammála um að sinna beri þessari málaleitan, en það, sem ágreiningur varð um, innan nefndarinnar, var það, að sumir nefndarmenn vilja ganga skemra en frv., eða með öðrum orðum vilja ekki láta taka alla jörðina eignarnámi, heldur aðeins spildu úr henni, sem nægi fyrir læknisbýli, svo sem gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 536. En hjeraðsbúar hafa fleira í hyggju en læknisbústað á þessari jörð. Það hefir komið til orða að reisa þar í framtíðinni alþýðuskóla Breiðfirðinga, og mun það vera eftir bendingum fræðslumálastjóra, því að jörðin er tilvalið skólasetur. Þar er heitt vatn í ríkum mæli, því að í landi jarðarinnar eru um 20 hverir, og væri því hentugt að byggja þar sundlaug til afnota fyrir hjeraðsbúa. Enn hefir komið til mála að reisa þar heimavistarskóla fyrir börn úr hjeraðinu. Það er því ýmislegt, sem menn hafa í huga að gera við þessa jörð. Þetta mál hefir að öðru leyti verið skýrt við 1. umr., og frv. fylgir greinargerð, ásamt fylgiskjali, sem er brjef landlæknis, þar sem hann rekur aðdraganda þess, að þessa er farið á leit. Hafa háttv. deildarmenn átt kost á að kynna sjer þær ástæður fyrir nauðsyn málsins, sem þar eru færðar.

Það er till. mín og að minsta kosti annars nefndarmanns úr fjárhagsnefnd, að frv. verði samþykt óbreytt.

Jón Þorláksson: Við háttv. 1. þm. G.-K. (BK) berum fram brtt. við þetta frv. á þskj. 536.

Málið er þann veg komið til þingsins, að landlæknir hefir snúið sjer til dómsmálaráðuneytisins út af málaleitan hjeraðsbúa í Reykhólahjeraði um læknisbústað. Höfðu þeir hugsað sjer læknissetur á jörðinni Berufirði. Sú jörð stendur mjög miðsvæðis í hjeraðinu, og er fyrir þeirra hluta sakir mjög hentug sem læknissetur. Höfðu þeir jafnvel fest kaup á jörðinni. En nú hefir þeim snúist hugur, og jafnvel sagt að þau kaup sjeu gengin til baka. Óska hjeraðsbúar nú heldur að fá lækni sínum stað í Reykhólalandi. En á því strandar, að ekki hefir gengið saman um kosti og kjör við kaupin. Til þess að ráða fram úr þessu vandamáli, sendi landlæknir dómsmálaráðuneytinu tvær uppástungur. Önnur er samhljóða þessu frv., heimild fyrir ríkisstjórnina að taka Reykhóla eignarnámi, og hugsar landlæknir sjer að viðkomandi læknir hafi aðeins part af jörðinni til ábúðar Hin uppástungan, sem ekki hefir verið borin fram, er líka í frumvarps formi, og er Reykhólahjeraði þar heimilað að taka eignarnámi spildu úr Reykhólalandi, með þeim ummerkjum, sem tiltekin eru í því frv.

Nú sýnist einsætt að fara þá síðast-

nefndu leið, og það fyrst og fremst af tveimur ástæðum. Önnur er sú, að ekki er rjett að blanda ríkissjóði inn í kaup á jarðnæði undir læknisbústaði og sjúkraskýli. Læknishjeruðin eiga sjálf að sjá sjer fyrir því. Ef ríkissjóður ætti hæfilega eign, sem hentug væri í þessu skyni, væri innan handar að láta hana viðkomandi læknishjeraði á leigu. En hjer er um miklu stærri kaup að ræða en þarf til þess að fullnægja þeirri nauðsyn, sem fyrir hendi er. Tel jeg ekki rjett að binda ríkissjóði þann bagga, sem af því mundi leiða. Í öðru lagi telur minni hl., eða við tveir nefndarmenn, sem berum fram brtt., mjög vafasamt, hvort eignarnámsheimildin í stjórnarskránni nái svo langt, að henni megi beita af þeim ástæðum einum, að það þyki hentugt einhverra hluta vegna, að einhver jörð hverfi í eign ríkissjóðs. Hjer er þörfin ekki viðtækari en það, að útvega nægilegt land undir læknisbústað. Í síðari uppástungu landlæknis er gert ráð fyrir 40 hektörum. Viljum við takmarka það við þá stærð, og láta hreppsnefndir viðkomanda læknishjeraðs fá heimild til þess að taka þá spildu eignarnámi úr Reykhólalandi.

Út af öðrum fyrirætlunum hjeraðsbúa verð jeg að segja það, að jeg sje ekki, að þessi leið rekist neitt á þær. Sundlaug má byggja, án þess að gert sje ráð fyrir, að jörðin þurfi að vera í sjerstakri ábúð, hennar vegna. Hvað barnaskólann snertir, þá er stærð þeirrar spildu, sem hjeraðinu er gefinn kostur á að taka eignarnámi, svo rífleg til þeirra hluta, sem hún er ætluð, að vel mætti á því svæði reisa skólahús, án þess að til nokkurs baga væri fyrir lækninn, ef það þætti á annað borð hentara að reisa barnaskóla á þessari spildu, heldur en í landi jarðeiganda.

Að síðustu vil jeg bæta því við, að þótt Reykhólar sje hlunnindajörð og hafi marga kosti frá náttúrunnar hendi, þá er staðurinn svo ákaflega afskektur, að við getum ekki hugsað okkur, að hann geti haft þýðingu fyrir aðra en íbúa þessa fámenna hjeraðs, sem nær aðeins yfir 3 hreppa. Vegna framtíðarfyrirætlana er lítill slægur í eigninni til handa ríkissjóði.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Af því að jeg hefi átt þátt í að bera fram þetta frv., sem flutt er eftir óskum landlæknis, vildi jeg segja um það nokkur orð.

Undanfarin ár hafa íbúarnir í Reykhólahjeraði verið í mestu vandræðum með læknissetur. Höfðu þeir fengið augastað á jörð til þess, en feldu sig ekki við þann stað, er til kom, og hafa verið á hrakningi með lækninn síðan. Nú hefir landlæknir lagt áherslu á að læknissetrið skuli vera á Reykhólum. Er þegar fengin til þess meirihlutasamþykt í hjeraðinu. Samninga hefir verið leitað um kaup á jarðnæði undir læknisbústaðinn, en sonur ekkjunnar, sem er eigandi að Reykhólum, hefir ekki fengist til að selja part af jörðinni í þessu skyni. Því er ekki um annað að ræða en eignarnám, ef unt á að vera að reisa læknisbústaðinn, þar sem landlæknir telur hann best settan.

Reykhólar eru ein af helstu hverajörðum landsins og að öðru leyti mikil hlunnindajörð, enda gamalt höfuðból. En jörðin er nú komin í niðurníðslu. Eins og nú horfir um landbú-

skap, verður hún tæplega starfrækt af einum bónda, svo að nokkur mynd sje á. Til þess er hún alt of fólksfrek og erfið. Þetta forna höfuðból er nú til lítillar prýði, húsalaust orðið og illa setið.

Ástæðan til þess, að lagt er til, að landið eignist alla jörðina, er sú, að þetta höfuðból er nauðsynlegur staður fyrir viðreisn hjeraðsins. Fyrst og fremst er jörðin sjálfsagður staður fyrir heimavistarskóla handa börnum í hjeraðinu. Ennfremur má benda á hana sem glæsilegan stað fyrir væntanlegan unglingaskóla Breiðfirðinga. Færi mjög vel á því, að þar væri skóli fyrir nokkurn hluta Barðastrandarsýslu og Dalasýslu. Það er vitanlega aðeins tímaspurning um að bæta úr alþýðufræðsluþörf þessa afskekta hjeraðs.

Sumar jarðir eru þannig settar og þannig útbúnar frá náttúrunnar hendi, að þær eru betur komnar í eigu hins opinbera heldur en einstakra manna. Þessi jörð er ein af þeim, einkum vegna hins mikla aflgjafa, jarðhitans, sem þar er. Þó að landið eignaðist hana og þar yrðu auk læknisbústaðarins settir tveir skólar, mundi hún samt geta borið nokkur minni býli, sem starfrækt væri vegna þessara stofnana.

Brtt. háttv. 1. þm. G.-K. og háttv. 3. landsk. hygg jeg muni verða til þess, að frv. verði síður samþykt. En það væri leiðinlegt, því að hjeraðsbúar hafa nú þegar beðið lengi eftir læknisbústað, fyrir þá sök, að jarðnæði hefir vantað. Nú er orðið svo áliðið þings, að minstu má muna um frv., að þau nái fram að ganga.

Jeg get gefið þær upplýsingar, að nálega helmingur af fasteignaverði jarðarinnar er skuld við sjóði, sem eru undir umsjá ríkisstjórnarinnar. Þessvegna er ekki um það að ræða, nema að nokkru leyti, að binda nýtt fjármagn úr ríkissjóði, þó að jörðin yrði keypt. Í öðru lagi álít jeg það enga hættu fyrir landið, að eiga nokkrar jarðir. Ríkið hefir þegar selt margar jarðir, en hlýtur altaf að þurfa að eiga nokkrar til eigin afnota.

Jeg geri ráð fyrir, að jörðin muni altaf ávaxta þá fjárhæð, sem í hana væri lögð. Og jeg vil leggja áherslu á, að það er gert þvert ofan í óskir hjeraðsbúa, að leggja á móti því að þetta mál gangi fram. Eins og jeg hefi áður tekið fram, var jörðin fyrrum höfuðból, en er nú niðurnídd, húsalaus, hálfnotuð, órækt uð og nærri í auðn. Hjer er því um beint framfaramál að ræða, með því að ekki lítur út fyrir, að núverandi eigendur hafi dug eða þrótt til að bæta jörðina.

Halldór Steinsson: Í stjskr. er kveðið svo á, að ekki megi taka eignir eignarnámi, nema almenningsheill krefji. Nú er því haldið fram í þessu máli, að almenningsheill krefji slíks. En það tel jeg vafasamt í þessu tilfelli. Hjer er aðeins að ræða um að fá stað fyrir læknisbústað. Nú er það svo, að það mun vera völ á fleirum jafnhentugum eða hentugri stöðum, og það án eignarnáms. En þótt nauðsyn bæri til að læknirinn sæti á þessum stað, frekar öðrum, þá nær vitanlega engri átt að taka alla jörðina eignarnámi, og einu sinni ekki 40 hektara eða 120—130 dagsláttur, eins og brtt. minni hl. fer fram á. Jeg tel alveg nægilegt fyrir lækninn 10—20 hektara land úr jörð-

inni. Þegar um eignarnám á landshluta er að ræða, verður að gæta þess vandlega, að rjettur landeiganda sje ekki skertur meira en þörf gerist, en það yrði hann áreiðanlega, ef frv. eða brtt. minni hl. yrði samþykt. Jeg legg því á móti málinu í heild sinni.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Mjer finst hv. þm. Snæf. líta nokkuð öðrum augum á ákvæði stjskr. nú, en hann leit á þau í bankamálinu í fyrra. Það er enginn efi á því, að það stenst fyllilega gagnvart stjórnarskránni, sem farið er fram á í frv. Annars ætla jeg ekki að tala frekar um þetta, en vil benda á ýmisleg fleiri not, sem hjeraðsmenn hafa af landinu, en það eitt, að hafa það fyrir læknissetur. Þetta er tilvalinn staður bæði fyrir hjeraðsskóla, sundlaug og barnaskóla, svo sem áður hefir verið á minst.

Jón Þorláksson: Hæstv. dómsmrh. endaði ræðu sína á því, að færa fram sem ástæður fyrir eignarnámi á þessari jörð, að hún væri höfuðból, en niðurnídd, húsalaus, hálfnotuð, og órækt uð. Það er nú svo, að landið á nokkur forn-höfuðból, sem svipað má segja um. Vil jeg þar til nefna í hvirfingu umhverfis höfuðstaðinn: Gaulverjabæ, Ólafsvelli og Reykholt. Eitthvað svipað hygg jeg að mætti segja um þessar jarðir, að þær sjeu niðurnídd ar, húsalausar, hálfnotaðar og órækt aðar. Ríkið á nóg af slíkum jörðum, sem það sýnir engan sóma, og jeg sje ekki ástæðu til að fjölga þeim.

Páll Hermannsson: Mig langar til að gera örstutta grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Hjer er um það að ræða að taka eignarnámi hið forna höfuðból Reykhóla. Jeg get ekki fallist á, að það verði gert, og skal jeg færa nokkrar ástæður fyrir þeirri afstöðu minni. Jeg get fallist á, að jörðin sæti nú ekki eins góðri meðferð eins og hún ætti skilið, og vildi jeg gjarnan, að úr því yrði bætt. En jeg get ekki fallist á, að gildar ástæður sjeu til að fara þá leið, sem hjer er farið fram á. Jeg skal viðurkenna, að ríkið hefir látið ganga sjer úr greipum fleiri góðar jarðir en rjett hafi verið að selja, og þar á meðal mörg höfuðból, og gæti verið rjett að hugsa sjer að ná sumum þeirra aftur, en mjer er sárara um að ríkið beiti þeirri aðferð um jarðir, sem aldrei hafi verið í þess eign. Jeg hygg, að þessi jörð hafi frá öndverðu verið í eign bænda. Núverandi eigandi er gömul kona. Þetta skiftir máske litlu máli, en það er þó — með fleiru — ástæða, sem jeg vil ekki ganga fram hjá að óþörfu. Það er skiljanlegt, að fyrir hana sje viðkvæmt mál að missa þessa eign sína, og sjerstaklega á þennan hátt. Mjer finst heldur ekki nein sjerstök ástæða til að taka þessa jörð eignarnámi, vegna þess, að land vanti undir læknisbústað. Jeg veit, að Barðstrendingar hafa ráð á öðrum stað, hentugum fyrir læknissetur. Og því þá að taka land eignarnámi að óþörfu. Jeg get því alls ekki greitt atkv. með frv., með því að jeg tel ekki gildar ástæður til að fara þessa leið.

ATKVGR.

Brtt. 536, 1 feld með 8:3 atkv.
— 536, 2 sjálffallin.
1. gr. feld með 7:5 atkv.

Forseti lýsti frv. fallið.

Lagafrumvarp afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Nýbýli.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um að stofna nýbýli (þmfrv., A. 200).

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Þetta mál var hjer frammi í fyrra, og var því vísað til landbn. Það kom til deildarinnar aftur, og var þá vísað til milliþinganefndarinnar í búnaðarmálum. Ekkert hefir komið frá þeirri nefnd enn, enda mun varla ástæða til að búast við því, svona á fyrsta ári.

Þetta er nauðsynjamál, og verður ekki hjá því komist að hrinda því í framkvæmd, því að það er eina leiðin til að bægja til sveitanna aftur þeim fólksstraum, sem þaðan hefir leitað til kaupstaðanna undanfarið. Frv. um byggingar- og landnámssjóð er að vísu spor í áttina, en það verður í smáum stíl, og því er þetta aðalráðið, að koma upp nýbýlum í stórum hverfum, þar sem ræktunarmöguleikar eru góðir. Mönnum gefst tækifæri til að eiga í sameiningu vjelar og fleira, er að búnaði lýtur, en slíkt er hverjum einstökum manni ofvaxið að kaupa og eignast af eigin ramleik.

Annars gerði jeg grein fyrir þessu frv. í fyrra. En jeg vildi bera þessa till. fram nú, svo að málið hjeldist vakandi og yrði ekki þagað í hel í milliþinganefndinni. En mjer virtist anda heldur kalt til málsins í fyrra.

Hitt er mjer kunnugt um, að margir þeir, sem standa framarlega í búnaði, eru málinu meðmæltir, og telja, að það muni vinna landbúnaðinum mikið gagn, ef það næði fram að ganga.

Þetta mál verður að sjálfsögðu athugað í landbn. deildarinnar, og get jeg þá komið því að í nefndinni, að leitað verði álits búnaðarfrömuða vorra um málið, þeirra, er hafa látið sig nýrækt mestu skifta.

Hefi jeg þá ekki fleira að segja, en vonast til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 13. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 200, n. 426 og 427).

Frsm. meiri hl. (Einar Árnason): Jeg sje ekki neina ástæðu til að halda langa ræðu um þetta mál. Meiri hl. landbn. getur ekki fallist á, að rjett sje að afgreiða þetta mál nú, því að svo stendur á, að samskonar mál lá fyrir síðasta þingi, og var þá gengið svo frá því, að því var vísað til milliþinganefndar þeirrar í landbúnaðarmálum, er þá var kosin. Var til þess ætlast, að hún tæki það til athugunar og kæmi svo fram með tillögur. En nú hefir nefndin ekki ennþá komist yfir að athuga þetta, og leggur því meiri hl. nefndarinnar til, að þetta verði látið bíða um stund, þar til milliþinganefndin hefir haft tækifæri til þess að taka það til athugunar. Þess vegna vill meiri hl. láta afgreiða þetta frv. með þeirri rökstuddri dagskrá, sem flutt er á þskj. 427.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Þegar jeg bar þetta frv. fram á þessu þingi, gekk jeg svo sem ekki gruflandi að því, að þeim andmælum mundi verða hreyft, sem nú þegar er raun á orðin, sem sje, að þessu máli hefði verið vísað til milliþinganefndar, en að hún hefði ekki enn skilað neinu áliti, og því ekki gerlegt að afgreiða þetta. En þó jeg byggist nú við þessum móttökum, þá þótti mjer samt rjett að bera það fram, og það var aðallega af þeim ástæðum, að menn, sem standa mjög framarlega í búnaðarmálum og af mjög mörgum taldir aðalfrömuðir hans, hvöttu mig eindregið til þess. Jeg þarf ekki að draga neinar dulur á, hverjir það voru, og get þar meðal annara nefnt Sigurð Sigurðsson búnaðarmálastj., sem einn af þeim, er fastast lagði að mjer með þetta. Auk þess er það oft svo, eftir nýjar kosningar, að ýms mál, er áður hafa átt erfitt uppdráttar, fá betri viðtökur en áður, vegna þess, að þá eru komnir nýir menn til sögunnar.

Eins og öllum er kunnugt, er sú stefna mjög ríkjandi nú, að beina fólksstraumnum sem mest upp í sveitirnar aftur, eða að minsta kosti að fá fólkið til þess að vera þar kyrt, sem ennþá er ekki farið. Og í samræmi við þessa stefnu er þetta frv. flutt, því það á að stuðla að því, að fólki, sem vill flytja upp í sveit, verði gert það kleift með því að það geti átt kost á landi til ræktunar og þeim húsakynnum, sem geti talist viðunanleg, samanborið við þær íbúðir, er þetta fólk getur haft í kaupstöðum. Og mjer þykir vænt um að geta lagt fram, þessu frv. mínu til stuðnings, álit manns eins og Sigurðar búnaðarmálastj. En þar tekur hann það fram, að hann áliti grundvallarstefnu þessa frv. rjetta. Hann álítur, að hverfabyggingin í sveitum sje framtíðarskipulagið, og það, sem best muni stuðla að aukinni ræktun í sveitum landsins. Á þann hátt verði ræktunin auðveldari og betri aðstaða með byggingar. Auk þessa verður alt auðveldara, hvað skólafyrirkomulag snertir, því að öll aðstaða verður ólíkt þægilegri í þjettbygðum hverfum, heldur en þar sem strjálbýlt er.

Auk Sigurðar hafa ýmsir mætir menn tjáð sig hlynta þessari uppástungu minni, og má þar t. d. tilnefna bankastjóra Landsbankans. Hafa þeir sumir hverjir talið þetta heppilegustu uppástunguna, sem fram hefir komið

um þessi efni. Að vísu er búnaðarmálastj. ekki samþykkur mjer um öll atriði frv., svo sem að staðbinda nýbýlin í frv. o. fl., og get jeg að ýmsu leyti fallist á það. En mjer þótti rjett að sjá, hvernig frv. reiddi af við 2. umr., því jeg bjóst við, að því mundi ef til vill vísað aftur til milliþinganefndar í landbúnaðarmálum, vegna þess að hún hefði það til meðferðar, og því kem jeg ekki með brtt. að þessu sinni. En þess vil jeg þó geta, að þau ákvæði frv., að binda nýbýlin við ákveðna staði, eru ekki sett út í bláinn; t. d. í Ölfusinu eru stórar graslendur, sem auðvelt er að rækta, og þar eru ýmis ágæt skilyrði fyrir því, að koma upp nýbýlahverfi. Sama er að segja um lendur í Rangárvallasýslu, við Holtaveginn, að þar eru víða góð bæjarstæði. Að jeg legg ekki til, að þessi býli verði reist í sambandi við Flóaáveituna, stafar af því, að jeg lít svo á, að land það, er fjelli til ríkisins af áveitusvæðinu, ætti að láta þurrabúðarmenn á Stokkseyri og Eyrarbakka fá til afnota. Þeir eiga húsin niður frá og geta búið í þeim áfram, þótt þeir fái land til ræktunar. En í Flóanum eru engin verulega góð bæjarstæði, eins og á þeim svæðum, sem frv. tekur til, í Ölfusi og Holtum. Þessum mönnum, sem eru að gefast upp á sjósókninni í kauptúnunum austan fjalls, væri mjög mikill fengur í að fá lönd í Flóaáveitunni til afnota, án þess að þurfa að byggja ný býli. Hagur þeirra hefir þrengst mjög undanfarið. Verslunin er lögð burtu að mestu og flutt bæði til Reykjavíkur og að Ölfusárbrú. Útgerðin hefir brugðist, svo að þar er nú orðið miklu minna að gera fyrir þurrabúðarfólk en undanfarna áratugi. Með þetta fyrir augum tilnefndi jeg ekki Flóann til þess að reisa þessi býli. Jeg hafði aðra skipun á afnotum ríkislendna þar í huga. En þetta er ekkert aðalatriði, og gæti jeg vel sætt mig við, að ekki væri staðbundið, hvar býlin skyldi reisa.

Jeg þykist ekki þurfa að eyða fleiri orðum að þessu máli. Jeg býst við, að örlög frv. sje þegar ákveðin. En jeg vildi mega vænta þess, ef frv. verður vísað frá, að þá sjái hæstv. stjórn um, að landbúnaðarnefndin, sem starfar milli þinga, taki þetta mál upp til athugunar og geri sínar till. út af því áður en langt líður.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Út af síðustu orðum hv. þm. (JBald) vildi eg geta þess, af því að sá ráðherra, sem þetta mál að sjálfsögðu heyrir undir, hæstv. atvrh., er ekki hjer viðstaddur, að jeg er þess fullviss, að stjórnin muni verða við tilmælum hans, og stuðla að því, að milliþinganefndin í landbúnaðarmálum taki málið til meðferðar.

Um leið vil jeg endurtaka það, sem jeg sagði í fyrra um sama efni, að þótt jeg búist við, að allmikið af till. háttv. 5. landsk. verði notað síðar, þá er jeg enn ekki sannfærður um, að það, sem hann fer fram á, sje heppilegasta leiðin, nú sem stendur. Þó að landbúnaðarfrömuðir, eins og t. d. Sig. Sigurðsson búnaðarmálastjóri, hafi komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegt sje að rækta land í stórum spildum og byggja í hverfum, þá þykir mjer fullvíst, að slík byrjun sem þesssi sje of dýr fyrir það fjármagn, sem landið hefir nú yfir að ráða.

Í öðru lagi hefir þingið þegar stigið spor í þessa átt, með því að samþykkja frv. um byggingar- og landnámssjóð. Og þótt jeg búist við, að ýmsu þurfi að breyta og bæta við síðar, finst mjer ekki ástæða til þess að samþykkja tvenn lög um sama efni á sama þingi. Er rjettara að sjá fyrst til, hversu það gefst, sem fyrr er fram komið. Aðalmunurinn á þessum tveimur kerfum er sá, að það, sem þegar hefir verið samþykt, byggir á einstaklingsframtakinu að nokkru leyti. Þeir, sem hjálpað er, verða að leggja fram talsvert á móti, bæði vinnu og eignir. Og sú hjálp, sem þjóðfjelagið ætlar að veita einstaklingunum, getur komið til greina hvar sem er á landinu, þar sem menn hafa áhuga og ástæður til þess að koma sjer upp nýbýlum og vilja leggja krafta sína og vinnu fram til þess. Jeg býst við, að háttv. 5. landsk. vinni aðalsigra sína í þessu máli, þegar Flóaáveitan og Skeiðaáveitan eru komnar í gang. Þar mun reynast óhjákvæmilegt að koma upp hverfum. Samt verð jeg að segja það, að mjer finst um of mikla rausn að ræða í tillögum hans, og álít, að býlin megi ekki vera eins dýr og hann gerir ráð fyrir.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það, sem hæstv. dómsmrh. sagði, byggist á erfiðleikum þeim, sem verið hafa hingað til á því, að halda uppi íslenskum landbúnaði. Yfirleitt hefir hann ekki borgað sig; því er ekki hægt að kosta miklu til hans. Þetta var inntakið í ræðu hv. ráðh. Í frv. mínu er sleginn nokkur varnagli við þessu. Jeg vona, að hæstv. ráðh. og aðrir athugi, að fjeð er lagt í býli, sem eiga að liggja við aðalsamgönguæð landsins. Þeir, sem búa við svo góðar samgöngur, geta borið uppi dýrari byggingar og aðrar framkvæmdir en þeir, sem ekki hafa tök á því að koma afurðum bús síns í verð. Þess vegna held jeg, að hæstv. ráðh. hafi vilst, er hann var að tala um of mikla rausn. Býlin eiga að byggjast við besta veg landsins, sem liggur til besta markaðs landsins, en hann er í Reykjavík, og búendur geta með auðveldum hætti sent vörur sínar þangað og fengið betra verð fyrir en bændur víðast hvar eiga við að búa. Það er því upplagt mál, að þeir eiga auðveldara með að greiða háa vexti af fje, sem lagt er í byggingu og ræktun, heldur en búandi á býli, er bygt væri uppi í afdal, sem er fjarri góðum samgöngum og ómögulegt að koma búsafurðum á markað.

Þetta frv. er bygt á alt öðrum grundvelli heldur en frv. það um byggingar- og landnámssjóð, er hæstv. ráðh. vitnaði í, og er um það bil að verða að lögum, eða er þegar orðið. Sá er munur á stefnu þessa frv. og þess frv. hæstv. dómsmrh., er hann hefir borið fram bæði nú og undanfarið, að annað hugsar til að halda fólki í sveitunum, en hitt gengur lengra, því að það ætlast til, að reynt sje að flytja fólkið úr kaupstöðunum upp í sveitirnar aftur. Þess vegna sje jeg ekkert athugavert við að samþykkja þessi tvö frv. samtímis. Þann tilgang, sem mitt frv. felur í sjer, sem sje þann, að veita fólksstraumnum úr bæjum út í sveitirnar, verður ekki auðveldara að framkvæma seinna. Sú kynslóð, sem nú lifir í bæjunum, er uppalin í sveitum að talsvert miklu leyti. Það er því auðveldara nú að fá fólkið til þess að

flytja aftur upp í sveitirnar, meðan enn eimir eftir af kunnáttu til sveitavinnu, heldur en eftir svo sem 10—20 ár, er sú kynslóð, er þá byggir kaupstaðina, er með öllu orðin afvön og ókunn sveitalífi og bústörfum. Það verður að vinda bráðan bug að, ef okkur er alvara, að vilja beina fólksstraumnum aftur til sveitanna.

Jeg verð að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir góðar undirtektir um að beina þessu máli til milliþinganefndar í landbúnaðarmálum, ef þetta frv. næði nú ekki fram að ganga. Þykir mjer það betra, að mega eiga von á, að sú nefnd taki það til meðferðar heldur en ekki, þótt jeg hinsvegar telji, að það sje nú þegar svo vel undirbúið, að vel megi frá því ganga og samþykkja á þessu þingi.

Jónas Kristjánsson: Það má kanske virðast óþarfi að taka til máls um þetta frv., en jeg get samt ekki stilt mig um það, og þá fyrst og fremst til þess að geta þess, að jeg tel ófært að frv. þetta verði samþykt nú, vegna ónógs undirbúnings.

Það er aðallega eitt, sem vantar, til þess að frv. þetta megi að haldi koma, og það eru nægilega góðar samgöngur. Meðan svo er ástatt sem nú í því efni hjer á landi, er þýðingarlaust að vera að tala um nýbýli í því formi, sem frv. þetta gerir. (**JBald:** Má jeg skjóta því fram í ræðu háttv. þm., að býlin eru hugsuð bygð við bestu samgöngur, sem við nú eigum völ á.) Já, jeg veit það. En það dugir ekki til. Búskapur á þeim mundi ekki bera sig, meðan samgöngur eru ekki betri en nú á sjer stað. Það er gott að fá góðar hugmyndir. Hitt er þó betra, að sjá, að þær sjeu framkvæmanlegar og nothæfar. Góðar hugmyndir eru gagnslausar, nema þær sje framkvæmanlegar og standi á traustum grundvelli. Frv. er óframkvæmanlegt, nema því aðeins, að samgöngur verði bættar frá því sem nú er, og það tel jeg óhugsandi, nema með því einu móti, að við fáum járnbraut austur yfir fjall. Fyr er ekki hugsandi til slíkra framkvæmda, er frv. þetta fjallar um, en komnar eru greiðar samgöngur alt árið um kring austur yfir fjall. Eins og kunnugt er, eru þær marga vetur erfiðar eða stöðvast algerlega langan tíma vetrar, sakir fannfergis. Það er ekki að miða við veturinn, sem er að líða, því að hann hefir verið óvenju snjóljettur. Eins og nú standa sakir, er þetta mál því með öllu ótímabært.

Að flytja fólkið upp í sveitirnar, án þess að sjá því fyrir samgöngum, sem það getur ekki lifað án, finst mjer líkt og það, ef farið væri að veita ánum, sem flóa til ónýtis og ógreiða yfir bakka sína, upp í fjöllin aftur. Fólkið flýr þaðan, sem það getur ekki dregið fram lífið, og leitar til þeirra staða, þar sem það býst við bjargvænlegri afkomu.

Viðvíkjandi því atriði, að íbúarnir á Stokkseyri og Eyrarbakka fái land til ræktunar á Flóaáveitusvæðinu, verð jeg að segja það, að mjer finst það dálítið vanhugsað, því að ef þeir eiga að búa áfram í húsum sínum niðri í kaupstöðunum, þyrfti nýbýlin að vera sem næst bústöðum þeirra og nær en hægt er að koma við, eftir því sem þar til hagar. Það er óhugs-

andi, að nýrækt verði stunduð af þeirri alvöru og krafti, sem til þarf, til þess að hún beri ávöxt, ef ekki er bygt á afmælda landinu sjálfu.

Land það, sem ætlað er hverju nýbýli, virðist mjer alt of lítið, til þess að heil fjölskylda geti lifað af því, nema með ódýrum samgöngum, sem eiga sjer stað helst daglega, til þess að afurðasalan gangi greitt. 10 hektarar er ekki stórt land, bæði til ræktunar og beitar. Að minni hyggju getur engin fjölskylda lifað af því eingöngu. Jeg tel því, að þessu athuguðu rjett, það sem hin rökstudda dagskrá fer fram á, að fresta þessu máli og undirbúa það betur.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Háttv. 6. landsk. kvartar yfir því, að samgöngur sje hjer á landi svo erfiðar, að þetta nýbýlafrumvarp mitt sje óframkvæmanlegt. Var jeg þó raunar búinn að lýsa því, að þessi býli, sem jeg hefi hugsað mjer reist, eiga að standa þar sem völ er á betri samgöngum til góðra markaða en bændur alment eiga kost á. Háttv. þm. hafði ekki trú á, að veita fólksstraumnum úr bæjum til sveitanna, og tók til samlíkingu, sem er dálítið kynleg. Hann sagði, að það væri eins og að veita ánum aftur upp til fjallanna, sem þær væru komnar frá. Þessi samlíking finst mjer ekki heppileg. Jeg veit ekki til þess, að neinn hafi fyr en háttv. 6. landsk. látið sjer detta í hug, að æskilegt væri að veita ánum upp til fjalla. Jeg veit ekki svo sem í hvaða skyni það ætti að vera. En hitt telja allir æskilegt, og jeg held háttv. þm. líka, að veita fólksstraumnum aftur upp í sveitirnar. Hjer er því óliku saman að jafna. Menn hafa látið sjer detta í hug, og það með nokkrum rjetti, að hægt mundi að breyta stefnu fólksstraumsins, en hitt held jeg engum hafi dottið í hug, að unt væri að veita ánum upp í móti, nema ef vera skyldi að háttv. 6. landsk. geri sjer vonir um, að það megi takast. Það hefir kanske vakað fyrir honum eitthvað líkt og piltinum í Ólafsdal, er Torfi skólastjóri spurði á prófi, hvort hægt væri að veita læknum aftur í skálina, uppi í fjallinu, sem lækurinn rann úr. Jú, sagði pilturinn; það er vel hægt, bara með því að fara með lækinn í nógu mörgum krókum!

Það, sem hv. þm. fann að frv. af skynsamlegu viti, og er álitamál og ástæða til þess að fetta fingur út í, það er það, hvort býlunum sje ætlað nógu stórt land. Það er lítið svo á af þeim, sem best geta um þetta dæmt, að hægt sje að lifa á þetta stóru landi, sem um ræðir, 10—20 hektörum, vel ræktuðu og vel hirtu, og þá gengið út frá, að ábúandi hafi einhverja aðra íhlaupavinnu. Ef nýbyggjendur hafa lítið land til umráða, er meiri von til að þeir gangi vel fram í ræktun þess. Eg býst við, að margir verði til þess að viðurkenna, að stóra landið, sem bændur víðast hvar hafa til umráða — svo stórt sumsstaðar, að þeir geta ekki farið um það alt á einum degi — sje eitt meðal annars, sem verið hefir því til fyrirstöðu, að meira hafi verið ræktað en raun ber vitni. Með því að hafa landið ekki stærra en þetta, væri þeir nauðbeygðir til þess að rækta það sem best, til þess að geta lifað sómasamlega af því. Vitanlega væri altaf einhverjir, sem ekki mundu sinna um ræktunina frekar en verk-

ast vildi. Við því verður aldrei sjeð. En þeir, sem vilja leggja sig fram, geta vel lifað af þessu landi, að áliti þeirra, er vit hafa á.

Fleiri ástæður fann hv. 6. landsk. ekki frv. til foráttu. Samgöngurnar taldi hann ekki verða bættar frá því, sem nú er, nema með járnbraut. Jeg man nú að vísu ekki afstöðu hv. þm. til þess máls í fyrra. En betri samgangna en hjer koma til greina er ekki kostur nú sem stendur.

Þegar sveitabændur koma hingað til bæjarins og kynnast umhverfi hans, þá er það ekki stórbýlið á Korpúlfsstöðum í Mosfellssveit, sem vekur mesta athygli þeirra. Þeir telja það utan við verkahring sinn og umfram getu sína að líkja eftir því. En ræktunin í Sogamýrinni og nýbýlin þar, það vekur athygli þeirra. Og það er eðlilegt, að það vekji eftirtekt þeirra, að sjá svo lítið land fullræktað og að mestu nægilegt til framfærslu heilli fjölskyldu, móts við hinar óræktuðu og stóru lendur, sem þeir hafa yfir að ráða í sveitinni, og veita þeim þó af skornum skamti lífsuppeldi, skylduliði þeirra og sjálfum þeim.

Hvar bjó alt þetta fólk áður, sem nú er samansafnað í kaupstöðum og kauptúnum landsins? Ekki eru svo margar jarðir lagðar í eyði sem fólksfækkun sveitanna samsvarar. Nei, það er fólkið úr hjáleigunum, þurrabúðarfólkið, sem hefir sópast burtu úr sveitunum. Og mest vegna þess, að bændurnir sjálfir vildu hafa meira olnbogarúm, meira landsvæði til ábúðar og umráða. En þeir gáðu þess ekki, að með þessu móti mistu þeir tökin á að geta rekið eins góðan búskap og áður, meðan fólkið var fleira í sveitunum. Útkoman er sú, að kaupstaðirnir eru yfirfyltir, en fólksfæð í sveitinni. Nú er um það að ræða, hvort það sje tilvinnandi, að beina þessu fólki, sem umfram er þörf í kaupstöðum, aftur upp í sveitirnar. Það kostar fyrirhöfn, það kostar fje. En ef við erum of fátækir til þess að hverfa að því ráði, þá má eins segja með nokkrum rjetti, að við sjeum of fátækir til þess að geta verið landbúnaðarþjóð, sem þó margir halda fram, að við eigum að vera fyrst og fremst. — Þetta kemur ekki af sjálfu sjer. Löggjöfin getur ýtt undir og veitt fje til framkvæmda. Ef hún gerir það á skynsamlegan hátt, eins og frv. fer fram á, þá mun öllu reiða vel af. Þá munu upp rísa slík sveitahverfi, sem hjer um ræðir.

Jónas Kristjánsson: Það ber ekki mikið á milli mín og hv. frsm. minni hl. Jeg held því fram, að til þess að nýbýli geti þrifist, þurfi samgöngur, ekki aðeins samgöngur eins og best gerist nú, heldur miklu betri. — Hv. 5. landsk. hefir þá eina röksemdafærslu á takteinum, að snúa út úr fyrir andstæðingunum og rangfæra orð þeirra. Samlíking mín var rjett. Jeg viðurkenni ekki síður en hann, að æskilegt sje, að fólkið tolli í sveitunum. Og burtflutningurinn úr sveitunum stafar ekki síst af því, að samgöngurnar eru ekki nógu góðar á landi. Fyrir erfiðar samgöngur er örðugt að byggja uppi í sveitum. En sökum ljelegra húsakynna og húsakulda unir fólk þar ver en ella mundi. Jeg hefi trú á, að járnbraut muni bera þann árangur, að bót ráðist á þessu og þessi hugmynd verði framkvæm-

anleg. (**JBald:** Við skulum þá setja hana strax af stað!) Jeg get ósköp vel trúað, að hv. þm. vaxi það ekki í augum, en jeg býst við, að hann framkvæmi það samt ekki í fljótu bragði. Eins og stendur er þetta sama og að fleygja fje út til einskis, en fjáreyðsla á því að eins rjett á sjer, að hún beri nokkurn árangur. Svo er hjer sem oftar, að byrja verður á rjettum enda. Það verður að hugsa málið og undirbúa það, áður en byrjað er á að framkvæma það. Það er ekki hægt að taka býlin í Sogamýrinni til samanburðar í þessu máli. Sogamýrin er rjett við Reykjavík og getur notið hindrunarlaust hins góða markaðar þar. Það er síður en svo, að jeg sje á móti þessu í sjálfu sjer. En jeg vil ekki verða þess valdandi, að fæla menn frá framkvæmdum í þessu efni með því að stofna málinu í óefni þegar í byrjun, með óheppilegri byrjun. Fyrir mjer er aðalatriðið, að byrjað sje á því, sem nauðsynlegt er, en það er að bæta samgöngurnar í landinu.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 427, frá meiri hl. landbn., samþ. með 9:2 atkv.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Hafnargerð á Skagaströnd.

Á 14. fundi í Ed., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um hafnargerð á Skagaströnd (þmfrv., A. 90).

Á 17. fundi í Ed., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg vil til viðbótar við það, sem segir í greinargerð frv. á þskj. 90, og hv. deild mun nú hafa kynt sjer, taka það fram, að hafnargerð á Skagaströnd, eins og frv. fer fram á, mundi samkvæmt fyrirliggjandi teikningum þar um reynast framtíðar- og framfaramál fyrir Skagastrandarkauptún með hinum víðlenda Vindhælishreppi, og einnig fyrir alla sýsluna.

En ef höfn yrði bygð á Skagaströnd, mundi sjávarútvegur aukast þar stórkostlega, því að skamt er þaðan að sækja á góð fiskimið. En nú má ekki heita, að sjávarútvegur sje stundaður þar nema á opnum bátum og aðallega um sumar- og hausttímann. Upplagspláss til fiskverkunar er þar stórt og vel lagað, sem mest alt er eign ríkisins. Telja má því líklegt, ef höfnin væri komin á Skagaströnd, að þar mundi á skömmum tíma myndast stórt kauptún, sem hafa mundi mikla þýðingu hvað sölu snerti á ýmsum framleiðsluvörum hjeraðsbúa, þar sem bílvegir eru nú komnir um meiri hluta sýslunnar. Af þessu mundi svo aftur leiða það, að atvinnuvegir sýslubúa mundu blómgast og taka framförum, bæði sjávarútvegur og jarðrækt, því að umhverfi Skagastrandar er mjög vel fallið til jarðræktar. Hafnargerðin mundi einnig að öllum líkindum draga mikið úr útstreymi fólks úr sýslunni til annara landshluta, en það hefir um undanfarin ár staðið henni fyrir þrifum.

Í framhaldi af þessu vil jeg taka fram, að þegar hafís liggur á Húnaflóa, sem oft hefir að borið, þá er skipunum oft fært inn með Skaganum að vestan inn á Skagaströnd, þó að skip komist að öðru leyti ekki inn á flóann. Allir munu geta skilið, hve mikla þýðingu það gæti haft, er svo stendur á, að hafa fullkomna höfn á Skagaströnd, svo að hægt væri að fá þangað vörubirgðir. Mundi það oft geta komið í veg fyrir eina af alvar-

legustu hættum landbúnaðarins, fóðurskortinn, á stóru svæði, það er báðum Húnavatnssýslum, vesturhluta Skagafjarðarsýslu og innri hluta Strandasýslu. Þetta byggist á því, að þegar hafís kemur inn á Húnaflóa, kemur hann altaf fyrst inn með Ströndum, eins og straumar liggja.

Hvað samgöngum á sjó við kemur, mundi það greiða mjög fyrir þeim, einkum ef veðrátta er óhagstæð, ef höfn væri bygð að austanverðu við Húnaflóa, nefnilega á Skagaströnd, og skiftir hafnargerðin, hvað það snertir, þjóðina í heild miklu máli.

Til að skýra málið betur, hvað þetta snertir, vil jeg með leyfi hæstv. forseta lesa upp brjef frá skipstjóra á strandferðaskipinu „Esju", snertandi þetta mál:

„Vegna fyrirhugaðrar hafnarbyggingar á Skagaströnd, vil jeg hjer með, samkvæmt ósk góðra manna, láta álit mitt í ljós um þýðingu þessa máls í sambandi við sjósókn og siglingar við Húnaflóa.

Sem vitanlegt er, er Húnaflói eitt af aðal-síldveiðasvæðum landsins og veiðar þar stundaðar fram á haust af stórum og smáum skipum, með stóra báta hangandi aftan í eða í „davíðum"; skip þessi eru því oft illa móttækileg fyrir hörð norðanveður, er þar geta komið. Samfara þessum veðrum er sem oftast mikil úrkoma (hríð), og er þá leiðin á Strandafirðina hulin og hvergi lands að leita fyr en á Siglufjörð. Aftur á móti er austurströnd flóans að mestu hrein, og má þar land taka lengi með varúð, og væri þá höfn á Skagaströnd nauðsynleg.

Það hefir komið í ljós, að Húnaflói er einnig góður staður fyrir þorskveiðar síðari hluta sumars eða á haustin, og mundi þá höfn austan megin flóans gera þá björg almennari og tryggari, ef hægt væri á stærri bátum að stunda hana. Ennfremur mundi höfnin fyllilega eins álitlegur staður fyrir síldveiðar sem Siglufjörður.

Flestir þekkja þær tafir, sem milliferðaskip og strandferðaskip hafa orðið fyrir, sökum vangæfta á austurhöfnum flóans. Venjan hefir verið sú á haustin, að bíða eftir gæftum vestur á fjörðum, og það mun eigi ofmælt, að í það hafi gengið stundum 8—10 dagar (þau árin, sem verst gengur), að ná vörum að og frá borði. Fyrir skip, sem kostar 15—1600 krónur á dag, þá er þetta töluvert fje, eftir því sem árin líða. Vegna þess að svæðin eru stór og þjettbygð, sem að þessum höfnum liggja, þá er einskis látið ófreistað að ná sambandi við þær, og þá beðið uns gefur.

Strandferðaskipið hefir nokkrum sinnum tafist þar og ekki verið hægt að koma hvorki fólki nje vörum í land, heldur ekki ósjaldan komið fyrir, að skipið hefir orðið að rífa sig upp frá Blönduósi með hundruð manna innanborðs, þvingað sig gegn ofsaveðrum, ekki náð höfn á Ströndum sökum hríðar og orðið að liggja úti fleiri sólarhringa, og ef þar við bætist frostharka og hafís, munu þá flestir skynberandi menn sjá, um hvað teflt er.

Með tilliti til útflutnings á frosnum og kældum afurðum er höfnin að mínu áliti mjög þýðingarmikil, því að staðurinn er hægur aðgöngu, bæði á sjó og landi, og veit jeg ekki annan, er

sameinar þetta tvent betur en Skagaströnd.

Virðingarfylst,
Reykjavík, 20. janúar 1928.
Þórólfur Beck
skipstj. á e.s. „Esju".

Höfundur þessa brjefs hefir — eins og hv. deild er kunnugt — undanfarin ár haft á hendi siglingar kringum landið, og hefir því þekkingu og reynslu til þess að geta um þetta borið, svo að takandi sje mark á.

Hvað áætlun um kostnað við hafnargerðina viðvíkur, þá hefir hafnarstæðið verið skoðað og áætlun gerð um kostnað árið 1921. Eftir þeirri áætlun átti höfnin að kosta tæpar 750 þús. kr. En nú hefir vitamálastjóri endursamið þá áætlun, og bygt á því verðlagi, sem nú er, og fengið kostnaðinn niður í tæpar 600 þús. kr. Jeg hefi brjef frá vitamálastjóra um það, og er þar tekið fram, að það þurfi nauðsynlega að rannsaka þetta hafnarstæði enn á ný, og telur hann miklar líkur til þess, að þá mundi þessi áætlun, sem nú liggur fyrir, reynast of há, þó að hann jafnframt segi, að það sje ekki hægt að byggja á því, eins og stendur.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að svo stöddu, en vil leyfa mjer að stinga upp á, að málið gangi til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 90, n. 558).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Að því er vikið í nál., að nefndin telur rannsókn á þessu hafnarstæði vera ófullnægjandi til þess, að rjettmætt verði talið að byggja á henni jafnmikil fjárframlög sem frv. gerir ráð fyrir. Fyrir nefndinni lá allmikið af skjölum viðvíkjandi þessari hafnargerð, þar á meðal gömul mæling á höfninni og áætlun, sem ekki hefir verið athuguð síðar nákvæmlega; en núverandi vitamálastjóri telur, að sú áætlun, sem í skjölunum felst, um kostnað við hafnargerðina muni vera sæmilega rjett. En þar sem um svo mikið mannvirki er að ræða, þá lítur sjútvn. svo á, að það verði að krefjast þess, að fyrir liggi ítarleg mæling á þessum stað, og áætlun, sem bygð er á þeirri mælingu.

Meðal annara skjala, sem fyrir nefndinni lágu, var umsögn skipstjórans á „Esju", Þórólfs Beck, þar sem hann getur þess, að þarna á þessum stað geti verið um annað hafnarstæði að ræða. Jeg skal ekki leggja dóm á, hvað mikið er á þessu að byggja, en þó hygg jeg, eftir því sem jeg þekki þann mann, að það muni ekki vera fleipur eitt. En þessu virðist ekki hafa verið gaumur gefinn, og umsögn vitamálastjóra er óákveðin og ber vott um, að málið hafi ekki verið nægilega rannsakað; því að hann segir, að að sögn kunnugra manna að norðan sje ekki um neinn annan hafnarstað að ræða; með öðrum orðum: það hefir engin rannsókn farið fram á þeim stað, er skipstjórinn minnist á.

Jeg skal taka það fram strax, að sjútvn. telur, að hafnargerð á Skagaströnd sje eitt af okkar nauðsynjamálum, en hins vegar hlýtur hún altaf

að verða mjög dýr, og við teljum ógerlegt að leggja út í svo stórt mannvirki, eða ákveða það með lögum, fyr en fengin er sæmileg rannsókn og áætlun.

Það er ekki hægt að sjá af þeim skjölum, sem fyrir nefndinni lágu, hvort botn hafnarsvæðisins hafi verið rannsakaður. Við spurðum þá vitamálastjóra um þetta, meðal annars vegna þess, hvernig ætti að haga byggingu hafnargarðsins. Við fengum það svar, að botninn hefði ekki verið rannsakaður, en garðinn ætti að byggja úr steini. Þó að enginn okkar hefði sjerstaklega vit á þessu máli, þá virtist okkur þetta eitt hljóta að benda til þess, að töluvert væri ábótavant undirbúningi þessa máls, þegar slegið er föstu, að garðurinn skuli bygður úr steinsteypu, en botninn sje þó ekki rannsakaður. Mjer virðist hjer liggja fyrir sönnun þess, að það stappi nærri að vera óforsvaranlegt, að ákveða með lögum þessa hafnargerð.

En til þess að úr þessu máli verði sem fyrst ráðið á sem hagkvæmastan hátt, viljum við nefndarmenn leggja til, að málinu sje nú á þessu stigi vísað til stjórnarinnar, til frekari rannsóknar. Jeg hygg, eins og málið liggur nú fyrir, þá sje það sú heppilegasta úrlausn, sem fengin verður.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta; jeg geri ráð fyrir, að mjer hafi tekist að gera það nægilega skýrt, hverjar eru orsakir þess, að sjútvn. leggur til, að málið verði afgreitt á þennan hátt.

Guðmundur Ólafsson: Jeg verð að segja, að hv. nefnd hefir ekki farið illa með þetta mál — geymt það vel og vandlega, og skilar því svo með hlýjum ummælum eftir þann tíma, sem ráðgert var í fyrstu að slíta þingi. Hefir hún verið svo heppin, að þetta hefir reynst á annan veg en þá var spáð, svo að hún gat athafnað sig. Og hv. nefnd er svo sammála um, að það sje hreint ekki svo vitlaust að leggja út í þetta mannvirki einhvern tíma, enda mun það verða álit flestra, sem eitthvað fara um þetta að hugsa. En mjer fanst hv. frsm. nefndarinnar gera helst til lítið úr þessari rannsókn, sem fram hefir farið. Jeg held, að rannsóknin sje sæmileg. Jeg hefi ekki að minsta kosti vitað meira álit á öðrum rannsóknum en rannsóknum Kirks heitins, sem þarna starfaði að, og þegar hann sagði, að þarna ætti að byggja steinsteypugarð, þá hefir hann auðvitað rannsakað botninn, þar sem garðinn skyldi byggja. Og jeg skil ekki brjef vitamálastjóra, sem nefndin hafði með höndum, á þann veg, að botninn hafi ekki neitt verið rannsakaður. Hann segir einmitt, að botninn hafi verið rannsakaður, og af þeirri rannsókn hafi verið dregið, að garðurinn skyldi bygður úr steini.

En mjer getur aldrei þótt nema skynsamlegt af þinginu, þegar það fær svona stórmál til meðferðar, þó að það vilji ekki flaustra þeim af á fyrsta þingi, sem hefir þau til meðferðar, þó að jeg búist við, að mörg mál hafi verið afgreidd á því, sem lakar voru undirbúin en þetta mál.

Það er nú ekki nema að hálfu leyti rjett, sem hv. frsm. sagði, að hafnargerð þessi væri dýr; jeg álít, að hún sje fremur ódýr, þá er miðað er við þær hafnargerðir, sem hjer er búið að

framkvæma, því að þetta verður fremur stór höfn, og að minni hyggju og margra annara góð höfn. En hvað snertir það, sem Þórólfur Beck skipstjóri hefir bent á í brjefi til nefndarinnar, þá get jeg ekki lagt mjög mikið upp úr því; mjer þykir sem sje óliklegt, að annar eins maður og Kirk heitinn hefði ekki komið auga á þetta, því að þetta umgetna hafnarstæði er fast við hliðina á hinu. (IP: Nei.) Það er ekki hinumegin við höfðann, en þar er bara sker, sem ætlast er til að komi í staðinn fyrir hafnargarð að sunnanverðu. Jeg hefi einmitt frjett af þessu, að Þórólfur Beck áliti, að komið geti til mála, að heppilegra sje annað hafnarstæði alveg við hliðina á þessu; en jeg fyrir mitt leyti trúi því ekki, að það verði ofan á. Sýslunefndin hefir beðið stjórnina að láta rannsaka botninn betur, áður en hafist yrði handa, og af því að jeg treysti hinni núverandi hæstv. stjórn mjög vel, þá býst jeg við, að hún leggi þetta mál fyrir næsta þing, svo vel undirbúið, að sú nefnd, sem þá hefir það til meðferðar, geti ekkert haft að athuga við undirbúning þess. Annars fanst mjer hv. frsm. gera mun meira úr þessu undirbúningsleysi en hann hafði ástæðu til.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg ætla aðeins að segja örfá orð um þetta mál. Jeg geri ráð fyrir, að þar sem heil þingnefnd leggur til, að því verði ekki ráðið til lykta nú, heldur óskað eftir frekari rannsókn, þá muni svo fara hjer í hv. deild. Vildi jeg aðeins gefa þá skýringu, af því að sá ráðherra, sem á hlut að máli, er ekki staddur hjer, að jeg þykist þess fullvís, að sú stjórn, sem nú situr, eða hver önnur, sem tæki við till., mundi verða við óskum hv. sjútvn., að reyna að láta vinna að frekari rannsókn í sumar. Hvort málið yrði lagt fyrir næsta þing af stjórninni, skal jeg ekki fullyrða; en a. m. k. lofa jeg því fyrir hönd núverandi stjórnar, ef til kemur.

Þessi orð mín ber þó eigi að skilja svo, að jeg óski sjerstaklega eftir því, að frv. sje vísað frá.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg þarf ekki mikið að segja. Mjer virtist hv. flm. (GÓ) vera nefndinni mikið sammála. Það, sem á milli ber, er það, að hann vill ekki kannast við annað en að rannsókn sje sæmileg, gerð af ágætum manni, sem megi treysta. En það vill svo óheppilega til, að við getum ekki notið hans við, og þau plögg, sem til eru frá hans tíð, virðast vera ófullkomin. Getur verið, að þau hafi verið fullkomnari. Og viðvíkjandi rannsókn á botninum vil jeg benda á það, að vitamálastjóri svaraði brjefi nefndarinnar á þá leið, að við rannsókn á sjávarbotninum, sem gerð hefði verið, væri miðuð sú bráðabirgðaáætlun, sem gerð var. En hann sagði ennfremur, að sjálfsagt yrði að fara fram ítarlegri rannsókn, bæði á þessu og öðrum atriðum viðvíkjandi hafnargerðinni, áður en á verkinu yrði byrjað. Þarna virðist hann viðurkenna, að rannsókn sje ekki orðin nægileg, og höfum við þá fyrir okkur orð vitamálastjóra.

Annars er óþarfi að deila mikið um þessi atriði, því að jeg hefi lýst yfir því fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefir alls ekki viljað taka þessu máli

óvingjarnlega. Hún telur þá afgreiðslu, sem hún leggur til, í alla staði skynsamlegasta, og mjer skilst hv. flm. geta sætt sig við hana. Einnig tel jeg, að treysta megi því, að hæstv. stjórn láti rannsókn fram fara á þessu ári, svo að málið þurfi ekki ófyrirsynju að tefjast.

Guðmundur Ólafsson: Ef jeg hefi tekið rjett eftir orðum hæstv. dómsmrh., þá hefir hann ekkert á móti rannsókn málsins. Það er auðvitað styrkur fyrir málið, að hæstv. stjórn flytji það; og jeg tek ummæli nefndarinnar svo, að þegar hún leggur til að vísa málinu til stjórnarinnar til undirbúnings og frekari rannsóknar, þá sje ætlast til, að hæstv. stjórn taki málið að sjer og leggi það fyrir næsta þing, ef rannsóknin leiðir í ljós, að æskilegt þykir að ráðast í slíkt mannvirki.

Okkur hv. frsm. hefir ekki greint á að öðru leyti en því, að jeg tel það ekki rjett hjá honum, að botninn hafi ekki verið rannsakaður, því að það stendur þó í brjefi vitamálastjóra. Er það sannast að segja, að þó að rannsókn þurfi að gera aftur, þá er það ekkert nýtt; það er oft svo um stórfyrirtæki, að undirbúningsrannsókn fer fram oftar en einu sinni, enda er auðvitað varhugavert, að ráða stórmálum til lykta, nema alt sje rannsakað sem best.

Erlingur Friðjónsson: Jeg skal ekki lengja umræður mikið, en mjer finst þörf að segja nokkur orð um þetta mál, sem er stórmál, um leið og það kemur úr nefnd.

Þegar um er að ræða að leggja í fyrirtæki eins og þetta, þarf að gera sjer rækilega grein fyrir því, hversu mikil nauðsyn er á því og hversu líklegt er, að það komi til með að borga sig. Jeg er náttúrlega ekki vel kunnugur málavöxtum þarna norður frá, en hefi þó komið þangað nokkrum sinnum. Og jeg get ekki varist því að láta uppi þá skoðun mína, að jeg álít þetta verk í sjálfu sjer þess eðlis, að mjög sje vafasamt, að það borgi sig að kosta svona miklu til. Annars lítur það svo út fyrir mínum sjónum, að málið sje órannsakað enn þá, hvort ekki sje hægt að gera þarna bátakví, sem yrði til muna ódýrari en bráðabirgðaáætlunin gerir ráð fyrir. Jeg held, að nauðsyn á hafnargerð þarna sje aðallega bundin við það, að fá sæmilega tryggan stað fyrir mótorbátaútgerð, ef hún risi þarna upp. Jeg held að vanti rannsókn á því, hvort fiskimið sjeu svo nærri þessum stað, að þarna geti slíkur útvegur þrifist í stórum stíl. Það er að sönnu talað um síldarbræðslustöð, og ef til vill síldarsöltun þarna, en þess má þá geta, að til þess að búa í haginn fyrir slíkt, þarf að kosta meira til undirbúnings við höfnina en gert er ráð fyrir samkvæmt þeirri áætlun, sem fyrir liggur. Þarna er ekki að ræða um að mynda kaupstað, sem hafi aðstöðu til að selja til hjeraðsins, því að þegar kemur inn fyrir Blönduós, er fjarlægðin orðin of mikil til þess. Jeg fæ alls ekki sjeð, að höfnin verði notuð til verslunar fyrir aðalsýsluna. Sem verslunarstaður yrði því þetta aðallega fyrir Skagaströndina, sem er ekki þjettbygð og hefir ekki skilyrði til þess, að þar geti aukist bygð að mun.

Það má vera, að hv. flm. málsins

(GÓ) þyki ekki blása byrlega úr þessari átt til frumv. En jeg vildi láta mína skoðun í ljós í þessu máli, ekki sjerstaklega gagnvart mannvirkinu þarna, sem verið er nú að tala um, heldur vegna ýmissa hafnargerða og mannvirkja við sjávarsíðuna, sem umsóknir liggja fyrir um fjárstyrki til. Mjer virðist, að talsvert mikið fje hafi verið lagt af mörkum oft og tíðum til ýmissa slíkra fyrirtækja, án þess að nógu rækilega hafi verið athugað, hvað upp úr því væri að hafa. Jeg vildi segja hreinskilnislega, að mitt álit er þetta. Jeg vil því fara sem varlegast í málinu. Fyrst og fremst verður að krefjast þess, að rannsakaður sje botninn með sjerstöku tilliti til þess, úr hverju hafnargarðurinn verður bygður. Það er gert ráð fyrir, að hann verði bygður úr steinsteypu, og er hið mesta óráð að byrja framkvæmdir, án þess að rannsakað sje og fullvíst, að botninn sje öruggur og í samræmi við það. Enda getur það miklu valdið um kostnaðinn, hvernig þessu er háttað.

Halldór Steinsson:* Úr því að tveir nefndarmenn eru búnir að taka til máls í þessu máli, held jeg að jeg verði líka að segja mitt álit. Mjer fanst anda nokkuð kalt frá hv. þm. Ak. til þessa máls, og kaldara en mjer fanst koma fram í nefndinni hjá þessum hv. þm. Hann talaði um, að þessi höfn væri einkum ætluð mótorbátum. Jeg vil nú segja það, að þó að ekki væri nema um mótorbátahöfn að ræða, þá sje jeg ekki, að með þessu sje of mikið í sölurnar lagt. Hvað gerum við annarsstaðar á landinu fyrir þessa útgerð? Höfum við ekki lagt miljónir til Vestmannaeyja? Þar er útgerðin næstum eingöngu mótorbátaútgerð. Því er líka sannarlega ekki kastað á glæ, því fje, sem varið er til að tryggja þessa útgerð með hafnarbótum og öðru. Jeg álít því þvert á móti mjög vel varið, og það ætti að vera markmið þingsins að styðja þessa útgerð, þótt það sjái sjer ekki fært að láta frv. þetta ná fram að ganga að svo stöddu.

Jón Þorláksson: Mjer þótti leitt, að hv. sjútvn. gat ekki afgreitt málið á þann hátt, að það kæmist á betri rekspöl. Það er nefnilega sannfæring mín, ekki vegna kunnugleika á staðnum, heldur vegna nokkurs kunnugleika á hjeraðinu yfirleitt, að þetta sje með merkari málum, sem fyrir þinginu liggja nú.

Ef það reynist kleift, að koma upp þessari hafnargerð, þá er jeg viss um, að þar með er stigið eitthvert mesta framfaraspor, sem hægt er að stíga fyrir þetta hjerað. Með því eru líka skapaðir möguleikar til þess að halda fólkinu kyrru heima í hjeraðinu, og er það mikið atriði í málinu. Hjer er leið til að láta sjávarútveginn styðja landbúnaðinn.

Ef svo fer, að þessu máli verði vísað til stjórnarinnar, vona jeg að það fái góðan undirbúning. Það á það fyllilega skilið.

Erlingur Friðjónsson: Hv. þm. Snæf. gat þess, að honum hefði komið nokkuð á óvart, hvernig jeg hefi tekið í þetta mál hjer í deildinni, og var á honum að heyra, að jeg hefði talað hlýlegar um það í nefnd. Jeg held nú,

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

að hjer hljóti að valda misskilningur hjá hv. þm., að minsta kosti hefir engin skoðanabreyting átt sjer stað hjá mjer. Jeg lít dálítið öðruvísi á aðstæður nyrðra en virtist koma fram hjá hv. þm. Hann vildi jafna saman aðstöðunni á Skagaströnd og í Vestmannaeyjum. Jeg veit ekki til, að aðstaðan í Vestmannaeyjum sje neitt svipuð, hvað þá sambærileg við Húnaflóa. Væri jeg viss um, að hægt væri að koma upp öðrum eins útvegi á Skagaströnd og í Vestmannaeyjum, þá mundi jeg hiklaust greiða atkv. með þessu, þó því aðeins, að jeg teldi það nægilega undirbúið. Jeg sje ekki enn sem komið er, að slík mannvirki sem hjer er um að ræða, sjeu nauðsynleg vegna líkanna fyrir því, að hægt sje að reka þarna stóran útveg, og þess vegna hlýt jeg að vera hægfara í málinu að svo komnu. Jeg beini þessu ekki síður til 3. landsk. Báðir þessir þm., hv. 3. landsk. og hv. þm. Snæf., líta svo á, að hjer sje um að ræða möguleika fyrir miklum útvegi. Jeg efast enn um þetta. Jeg vil í þessu sambandi benda á, að hinumegin við flóann, á Reykjarfirði og Norðurfirði, hafa verið settar upp síldarsöltunarstöðvar, en þær eru nú ekki starfræktar. Aðstöðu mun mega telja þarna nokkuð svipaða og á Skagaströnd, hvað veiðiskap snertir. Þar eru ágætar hafnir, en innsigling að vísu nokkuð varasöm.

Þetta voru aðeins nokkrar almennar athugasemdir, sem ekki snerta ef til vill málið beint, en aðstaðan er þó svo svipuð á þessum stöðum, að það er vert að athuga þá reynslu, sem þar hefir fengist.

Guðmundur Ólafsson: Hv. þm. Ak. byrjaði á því að tala um, hvort góð fiskimið væru þarna nálægt Skagaströnd. Jeg held nú, að óþarfi sje að deila um það. Þar er áreiðanlega um góð fiskimið að ræða. Jeg held líka, að öllum hljóti að vera kunnugt um, að síldarmiðin eru talin einna best á Húnaflóa, með öðrum orðum beint út af Skagaströnd. Þó að útgerð frá Steingrímsfirði eða öðrum fjörðum vestan Húnaflóa geti náð til þessara miða, þá höfum við Húnvetningar þess engin not. Jeg held, að sæmileg áætlun hafi verið gerð um þetta, og mjer dettur ekki í hug, að ekki hafi verið kannað, hvernig botn væri þarna, hvort það væri trygg undirstaða. Þá virtist hv. þm. ekki muna eftir neinu öðru en sjávarútvegi í sambandi við þetta. Jeg hjelt, að hann mætti þó sjá af brjefi skipstjórans á „Esju“, að þetta gæti verið til mikilla bóta fyrir siglingar á þessum slóðum. Það kemur oft fyrir, að skip geta ekki athafnað sig á Blönduósi og verða að fara til Steingrímsfjarðar, án þess að fá afgreiðslu. Nú getur farið svo, að veður batni 2—3 stundum eftir að skipið færi frá Blönduósi, og væri þá munur að geta farið til Skagastrandar, sem ekki er nema tæprar stundar ferð. — Jeg get heldur ekki fallist á, að höfnin geti talist mjög dýr, þótt hún kostaði ½ miljón króna, svo fullkomin sem hún á að verða. Hjer er líka alt tryggara en t. d. brimbrjóturinn í Bolungarvík, sem lagt er nú til svo skiftir tugum þúsunda ár eftir ár, með litlum árangri. Ennfremur vita allir, sem eitthvað þekkja til, að á Skagaströnd liggur mjög vel við með allan útveg. Það eru þarna tvímælalaust mjög góð fiskimið og síldarmið skamt

undan. Við teljum, að þessi hafnargerð væri til mikilla hagsbóta fyrir hjeraðið alt, að minsta kosti fyrir austurhluta Húnavatnssýslu.

Erlingur Friðjónsson: Jeg hefi sjálfsagt ekki talað nógu ljóst, og þess vegna hefir hv. flm. ekki skilið fullkomlega rjett orð mín, þegar jeg talaði um aðstöðuna til sjávarútvegs við Húnaflóa. Mín meining var sú, að ekki væri sennilegt, að um mjög góð fiskimið væri að ræða þarna, úr því að enginn útvegur, svo teljandi væri, væri rekinn við flóann, og síldarstöðvar, sem þarna standa, ekki starfræktar. Þetta finst mjer benda á, að aðstaðan sje ekki eins glæsileg og haldið hefir verið fram.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg vildi aðeins segja nokkur orð, út af ræðu hv. 3. landsk. Jeg vænti, að í orðum hans hafi ekki átt að felast nein ásökun til sjútvn. út af meðferð þessa máls af hennar hálfu. Jeg held, að telja megi þá úrlausn á málinu, sem nefndin stingur upp á, þá einu, sem hægt er að veita því, að svo stöddu. Það hafa nú komið fram nokkuð skiftar skoðanir í málinu og einnig innan nefndarinnar. Jeg fyrir mitt leyti vil styðja að framgangi málsins og tel, að slíkt mannvirki sem þetta muni áreiðanlega borga sig, ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis. Mjer er fyllilega ljós þörfin á þessum hafnarbótum. Jeg held, að hvernig sem á málið er litið, þá hljóti menn að kannast við hana, og að það mundi verða til mikilla hagsbóta hjeraðinu öllu, ef úr henni væri bætt, bæði að því er útveg snertir og einnig eins og hv. flm. benti á, þá mundi þessi höfn verða til mikils hagræðis fyrir alla sýsluna, þó ekki væri nema sem biðhöfn fyrir strandferðaskipin. Mín afstaða til málsins byggist aðeins á því, að jeg tel það ekki nægilega undirbúið, með því að mikið veltur á, að tryggilega sje um alt búið, áður en byrjað er á framkvæmdum.

ATKVGR.
Till. á þskj. 558, frá sjútvn., um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 9 : 2 atkv.

2. Sjúkraskýli og læknisbústaðir.

Á 23. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um samþyktir um sjúkraskýli og læknisbústaði (þmfrv., A. 178).

Á 25. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg leyfi mjer aðeins að leggja til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 178, n. 470).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg hefi ekki mikið að segja um þetta frv., frekar en tekið er fram í nál. Eins og nál. ber með sjer, leggur nefndin til, að frv. nái fram að ganga, en leist þó rjett að setja nýja grein inn í frv., til viðbótar því, sem í 2. gr. frv. stendur, um það, er svo stendur á, að læknishjerað nær yfir hluta úr tveim sýslufjelögum. Annar flm. frv. hefir skýrt mjer svo frá, að þeir flm. hafi ætlast til, að 9. gr. kvæði nægjanlega á um þetta, en þó skildist mjer á honum, að þeir hefðu ekkert á móti, að þessi brtt. yrði samþ.

Jeg hefi ekki fleira að segja um frv. fyrir nefndarinnar hönd. Vona jeg, að það liggi svo ljóst fyrir hv. þdm., að frekari greinargerð þurfi ekki. En jeg vil taka það fram, að sá dráttur, sem orðið hefir á afgreiðslu málsins, er ekki nefndinni að kenna, heldur mjer. Frv. lá hjá mjer í nokkra daga, fyrir óaðgæslu, eftir að nefndin hafði lagt síðustu hönd á það. Vona jeg, að háttv. flm. taki vægilega á þessu athugaleysi mínu. Vænti jeg þó, að frv. nái eigi að síður fram að ganga á þessu þingi.

Magnús Torfason: Jeg ætla aðeins að þakka hv. allshn. fyrir meðferð þessa máls. Og hvað drættinum viðvíkur, þá hefir hv. frsm. gert sig svo mjúkan, að hann nýtur þess hjá mjer. En hvað snertir fyrri brtt., þá er hún til bóta, gerir frv. nákvæmara en það var. Við höfðum ætlast til, að 9. gr. ætti við þau tilfelli, en það er ekki nema gott, að kveðið er nánar á um það en gert var.

En hvað hina brtt. snertir, þá hefði jeg að vísu betur kunnað við, að sjúkraskýlin fengju þá hjálp til að innheimta útistandandi skuldir, sem ákveðin er í 6. gr. Heimur versnandi fer, og mun þeim naumast af veita henni. En það er þó ekki hægt að segja, að sjúkraskýli sjeu opinberar stofnanir, og frá því sjónarmiði get jeg skilið, að nefndin hafi ekki álitið það þess vert. Get jeg og sætt mig við þessa brtt.

Frsm. (Hákon Kristófersson): Mjer láðist að geta um aðra brtt. áðan. Mjer þykir vænt um, að hv. flm. getur sætt sig við hana. Nefndinni þótti það varhugavert að veita sjúkraskýlum frekari hjálp við innheimtu skulda, heldur en veitt er við innheimtu almennra skulda, og að þeim fylgi lögtaksrjettur. Það má búast við, að reikningar þessir, bæði frá læknum og öðrum, verði ef til vill nokkuð hátt settir, ef vissa er fyrir, að engu sje að tapa. Annars þykir mjer gott að heyra, að hv. flm. getur átt samleið með nefndinni; vona jeg hv. deild geti það líka.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 470, 1 samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr. þar með ákveðin.

3., 4. og 5. gr. (verða 4., 5. og 6. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 470, 2 samþ. með 16 shlj. atkv.

7., 8. og 9. gr. samþ. með 15 hlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 19. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 501).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 501).

Á 53. fundi í Ed., 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 501, n. 678).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. Afbr. leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorláksson): Eins og tekið er fram í nál. á þskj. 678, þá viðurkennir nefndin, að þörf sje á löggjöf um sjúkraskýli og læknisbústaði. Um æði mörg ár hefir verið veitt fje í fjárlögum til að koma þessum stofnunum upp. En einu ákvæðin, sem um þær eru, voru sett í fjárlögum, þar sem fjárveitingin var bundin þeim skilyrðum, að viðkomandi sýslufjelag tæki stofnunina að sjer til eignar og rekstrar. Síðustu ár hefir þetta skilyrði fyrir fjárveitingunni ekki verið sett í fjárlög, en fjárveitingin annaðhvort bundin við sjerstök læknishjeruð, eða verið ósundurliðuð og falin ráðstöfunum stjórnarinnar. Hefir landlæknir tjáð nefndinni, að stjórnin hafi jafnan sett sama skilyrði fyrir styrknum og áður stóð í fjárlögunum.

Nefndin lítur svo á, að þegar sett er löggjöf um sjúkraskýli og læknisbústaði, þá verði hún fyrst og fremst að innihalda ákvæði um skyldu hjeraðanna til að halda þeim við og reka þau. Það er ekki rjett, að láta þetta óumtalað í lögum og ætla samþyktum einum að kveða á um það.

Eins og frv. liggur fyrir, þá inniheldur það ekki annað en heimild til að gera samþyktir um þessar stofnanir. Þó gefst frv. upp við það, að ákveða, hvernig fara skuli að, þegar svo stendur á, að læknishjerað nær yfir svæði úr tveimur lögsagnarumdæmum, og yrði þá stjórnin að ákveða um það. Öll ákvæði um þetta vantar í frv. Nefndinni finst, að þar sem sýslufjelög hafa upphaflega undirgengist skyldu til að halda þessum stofnunum við og reka þær, þá þurfi að athuga, hvort rjett sje að leyfa sýslunum að skila þeim í hendur tiltekins svæðis, svo sem hreppa eða læknishjeraða. En þar sem svo er áliðið þings, höfum við ekki treyst okkur til að setja inn í frv. ákvæði, sem okkur finst, að það þurfi að innihalda, en í það vantar.

Við leggjum því til, að stjórninni sje falið að undirbúa löggjöf um þetta efni, sem yrði þá væntanlega kallað lög um læknisbústaði og sjúkraskýli, og leggi hún þau fyrir næsta þing. Með þessu fororði gerir nefndin það að tillögu sinni, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.
Till. á þskj. 678, frá allshn., um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 13 shlj. atkv.

3. Veðlánasjóður fiskimanna.

Á 28. fundi í Ed., 21. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um veðlánasjóð fiskimanna (þmfrv., A. 253).

Á 30. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði í e. hlj., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það má með sanni segja, að eigi sje hörgull á frv. á þingi nú, sem fara fram á að hjálpa almenningi um lánsfje. Eru komin fram eigi færri en þrjú frv. um að veita mönnum lánsfje og rekstrarfje.

Þetta frv. er flutt til þess, að reyna að ljetta undir með þeim mönnum, sem stunda fiskiveiðar á bátum, eða með öðrum orðum smáútgerðarmönnum. Mjög víða hagar svo til, að þessir menn eru bundnir við einhvern vissan kaupmann, um að láta hann fá allan afla sinn, en eiga hins vegar aðgang að honum um lán til heimila sinna og að einhverju leyti til útgerðarinnar. Verðlag á þessum vörum mótast vitanlega af því, að kaupmenn verða oft og tíðum að liggja lengi með fisk þann, er þeir kaupa, og að skuldir þeirra tapast stundum, þegar afli bregst, eða þá að kaupmenn neyta aðstöðu sinnar til að setja lágt verð á fiskinn. Allir telja þetta fyrirkomulag óhafandi, sem von er, og tilraunir hafa verið gerðar í löggjöfinni til að koma í veg fyrir það, en árangurinn hefir ekki orðið meiri en svo, að skuldaverslunin stendur í blóma enn þann dag í dag, bæði hjá kaupmönnum og kaupfjelögum. Væri hægt að koma á peningaviðskiftum meðal manna, mundu viðskiftin verða eðlilegri að öllu leyti og útlenda varan lækka, en sú innlenda hækka. Það er líka kunnugt, að menn horfa fremur í eyrinn, þegar þeir greiða út í hönd, heldur en þegar tekið er út í reikning.

Jeg býst nú ekki við, að frv. þetta komi algerlega í veg fyrir þessa skuldaverslun, en jeg tel víst, að það yrði til mikilla bóta, ef það kæmist fram í svipuðu formi og hjer er lagt til. Verslunin mundi verða hagkvæmari eftir en áður og afkoma manna því betri. Þótt hjer sje stungið upp á ákveðnu fyrirkomulagi um deildir um land alt, skal jeg geta þess, að jeg mun ekki halda fast við það, ef sýnt verður fram á hagkvæmari tilhögun við dreifingu lánsfjárins út um landið. En jeg hefi eftir allmikla umhugsun komist að þeirri niðurstöðu, að deildastofnun sú, sem stungið er upp á í frv., sje heppilegasta ráðið til þess.

Í þáltill. 1927 um lánsstofnun fyrir bátaútveginn var um nokkuð svipað að ræða og í þessu frv. Að vísu var þar átt við rekstrarlán, og felst því nokkru meira í þáltill. en þessu frv., þar sem aðeins er gert ráð fyrir lánum út á fenginn afla. Á að vera hægt á þennan hátt að lána út á fiskinn jafnóðum og hann veiðist, hvort sem það verður gert að þeim hluta, sem ákveðið er í frv., eða eigi. Menn geta ekki beðið eftir því, að fiskurinn sje þurkaður og verði tilbúinn til útflutnings. Margar þarfir kalla að áður, bæði til heimila og útgerðar. Peningarnir þurfa að streyma inn jafnóðum og afli berst á land. Nokkur

hluti fiskjarins á þó að verða eftir í eigu mannanna sjálfra, og eiga þeir að geta selt hann fullverkaðan, annaðhvort til innlendra eða erlendra kaupmanna. Hjer er gert ráð fyrir, að lánað verði út á fiskinn nálægt því verði, sem kaupmenn og kaupfjelög gefa fyrir hann, þar sem skuldaverslunin helst. Útlenda varan lækkar í verði, og sá hluti fiskjarins, sem ekki er lánað út á, verður eign útvegsmanna sjálfra. Fiskurinn er og að jafnaði hlutfallslega meira virði fullþurkaður, heldur en nýr eða upp úr salti.

Þó að benda megi á, að menn hafi stundum skaðast á því, að selja fiskinn verkaðan, samanborið við þá, sem seldu hann blautan, þá er reglan sú, að fiskurinn er tiltölulega meira virði fullverkaður. Svo er það, að menn hafa atvinnu við að verka fiskinn, og þá vinnu fá þeir borgaða úr andvirði fiskjarins.

Af því að það fjármagn, sem jeg geri ráð fyrir í þessu frv., er takmarkað, móts við verð það, sem liggur í afla, sem fluttur er á land hjá smærri útveginum, þá hefði jeg viljað í þessu frv. takmarka lánveitingar fyrst og fremst við þá menn, sem hafa mesta útgerð og hafa möguleika til þess að útvega sjer lánsfje hjá kaupmönnum, en láta þá sitja fyrir, sem fátækastir eru. Þá menn er mest ástæða til að styrkja, til þess að þeir geti haft upp úr afla sínum sannvirði þeirrar vöru, sem þeir eru að afla. En hafi sjóðurinn seinna fjármagn til, þá tekur þetta einnig til þeirra, sem hafa útgerð í stærra stíl. En það er fyrst um sinn ekki hugsað til þess, að þeir, sem gera út mótorskip og stærri skip og borga kaup í peningum, geti fengið lán úr sjóðnum. Jeg lít svo á, að þeim mönnum sje það greiður aðgangur að bönkunum, að þeir geti ekki komið til greina um þessar lánveitingar.

Jeg sting upp á, að fiskiveiðasjóður sá, sem nú er til, og nemur nálega 700 þús. kr., renni sem stofnfje inn í þennan veðlánasjóð. Sá sjóður hefir nú á síðustu árum algerlega hætt því starfi, sem honum var í upphafi sett, nefnilega að lána til þess að auka fiskiskipastól landsmanna. Í stað þess hefir hann lánað fje til hafnargerða, og meginhlutinn af fje hans situr þar fast. Verður því ekki sjeð, að hann geri nú sem stendur fiskiveiðunum nokkurt gagn, og hefi jeg ekki sjeð aðra þarfari starfsemi handa honum en láta hann hjálpa mönnum til þess að gera góða vöru úr þeim fiski, sem fiskimenn draga á land. Stofnsjóðurinn verður til þess að lækka dálítið vexti af því lánsfje, sem ríkissjóður leggur honum til, og það er altaf mikilsvert, að vextir geti verið sem allra lægstir. Og ef heppilega tekst til um útvegun lánsfjárins, þá held jeg, að vextir peninga frá veðlánasjóði fiskimanna þurfi ekki að fara fram úr 7½%, jafnvel þótt tekið verði með þessi 1%, sem menn eiga að greiða af andvirði þess afla, sem lánað er út á, í varasjóði deildanna, er einungis koma til góða hverri þeirri deild, sem slíkt varasjóðsgjald fær. Jeg held ekki, að vextir verði hærri en nú í bönkum. Svo er á það að líta, að sjóðurinn eignast sjálfan sig á 40 árum, og eftir þann tíma mætti því lækka vexti mikið. En það verður, í því veltufjárleysi, sem hjer er í landi, náttúrlega ekki aukið, nema með því, að safnað sje í sjóð til framtíðarinn-

ar. Annars verðum við altaf í vandræðum með fje, ef ekki verður byrjað að safna. Þegar það væri komið í kring, yrðu þetta tiltölulega ódýr lán; og þá mundi sjóðinum sennilega vaxa það fiskur um hrygg, að hann gæti tekið að sjer aðra starfsemi en þá takmörkuðu starfsemi, sem honum er ætlað samkv. þessu frv.

Það er sjálfsagt eitthvað í þessu frv., sem öðruvísi gæti staðið, þó að jeg álíti hinsvegar, að form þess sje sæmilega gott og að ekki þurfi miklu að breyta. Mun jeg fús að taka til athugunar till. um breytingar, ef jeg sje líkur til, að þær miði að því, að ná betur tilgangi þeim, sem sjóðnum er ætlað í þessu frv.

Jeg minnist í aths. frv. á ýmsar fiskiútvegsstöðvar kringum landið, þar sem sjóðurinn skyldi hafa deildir. Geta ef til vill orðið skiftar skoðanir um þetta. En jeg held, að margir af þeim stöðum hljóti að koma til greina fyrst og fremst.

Þá hefði jeg viljað, að svo gæti tekist á milli stjórnar þessa sjóðs og Landsbankans, að bankinn hjálpaði sjóðnum í að ávaxta fjeð þann tíma, sem það er ekki í notkun; en það er svo um þetta fje, að erfitt mun að ávaxta það, eins og er um annað fje, sem lánað er til skamms tíma. Það er varla fært öðrum en Landsbankanum að ávaxta sæmilega hátt slíkt fje, af því að hann hefir viðskifti við útlönd og getur veitt því þangað. Þyrfti því að vera náin samvinna milli þessa sjóðs og Landsbankans. Annars er kanske stærsti erfiðleikinn í þessu, hvernig eigi að ávaxta fjeð þann tíma, sem það er ekki notað, ef ekki nást hæfilegir samningar við Landsbankann. Sami agnúinn var á frv. um atvinnurekstrarlán, sem var fyrir hv. deild um daginn. En lán úr þessum sjóði ættu alls ekki að þurfa að tapast neitt, því að það er aðeins lánað út á fult verðmæti; og þótt maður geti hugsað sjer, að einhverjir reyndu að komast undan því, að láta andvirði afla síns til endurgreiðslu, þá hygg jeg það yrði aðeins sem undantekning og yrði alveg hverfandi. Og mönnum þætti áreiðanlega ódrengilegt að svíkjast undan að greiða slík lán. Það er til þess ætlast, að menn hafi afl ann í sjálfsvörslu, þó að hann sje að veði; er það samkv. þeirri heimild sem samþ. var í lögum á síðasta þingi fyrir bankana. Viðvíkjandi þeirri heimild verð jeg að segja, að jeg hefi ekki trú á því, að bankarnir láni fje svo verulegu nemi til hinna smærri útvegsmanna, bæði af því að þá brestur kunnugleika til þess að vita, hvort óhætt sje að veita þessi lán, og eins af hinu, að þeir geta ekki haft eftirlit með því, að lánin sjeu greidd á gjalddaga. Er öðru máli að gegna, þegar kunnugir menn á hverjum stað eiga að hafa eftirlit með því, að lánin sjeu greidd á þeim tíma, sem varan er seld.

Það hefði verið gott að heyra undirtektir hæstv. stjórnar, sjerstaklega um það, hvernig hún tekur í að útvega lánsfje og hverjar líkur munu til þess, að það fengist með viðunandi kjörum; en hún stendur í styrjöld við þá Íhaldsmennina í neðri deild, sem eru nú að romsa upp hennar syndir. Er því kanske fyrirgefanlegt, þótt tómir sje ráðherrastólarnir.

Jeg geri að till. minni, að frv. þessu verði vísað til fjhn., þó að það gæti

að einhverju leyti heyrt undir sjútvn. En svipuð mál koma til fjhn., enda er þetta mikið fjárhagsmál.

Halldór Steinsson: Það er enginn vafi, að það er hið mesta nauðsynjamál, sem hjer er á ferð, og það er heldur enginn vafi, að tilgangurinn með frv. er í sjálfu sjer góður, og hv. flm. hefir ekki gengið til nema alt hið besta með að flytja það.

Á síðasta þingi var samþ. þáltill. um það, að skora á ríkisstjórnina að gera gangskör að því, að undirbúa mál um lánsstofnun fyrir bátaútveginn. Samkv. þessari áskorun hefir hæstv. stjórn skipað nefnd manna til að íhuga málið. Og álit þessarar nefndar er komið fram. Jeg er samdóma hv. flm. þessa máls, að þær till., sem nefndin lagði fram, geti alls ekki komið bátaútveg landsins að verulegu haldi. Það, sem er aðalatriðið í þessu máli, er það, að smærri bátaútvegi landsins veitist kostur á lánsfje áður en aflinn er fenginn. Og þess vegna stóð jeg upp, að jeg vildi benda á, að þetta frv. nær ekki þessum aðaltilgangi, sem ætti að vera. Það er ekki nóg fyrir smærri útvegsmenn að eiga von á lánum eftir vertíð; það kemur ekki að neinu haldi. Margir eru svo settir, að þeir verða að láta jafnóðum afla sinn til viðurværis, til þess hreint og beint að geta lifað. Nei, það, sem þeir þurfa helst á að halda, er að fá lán fyrirfram, til þess fyrst og fremst að geta trygt sjer veiðarfæri og lífsviðurværi yfir þennan tíma, þangað til aflinn er orðinn að verkaðri vöru. Þetta er aðalatriðið. Og meðan ekki er fundin leið út úr þessum vandræðum, þá sitjum við í sama farinu.

Jeg verð að segja, að eins og gert er ráð fyrir að fyrirkomulagi um atvinnurekstrarlán sje varið með því frv., þá eru meiri líkindi til, að brátt gæti komist sú æskilega tilhögun í kring, því að þar er ætlast til, að fjelagi manna sje veitt lán fyrirfram, og það er það eina, sem dugar. Jeg skal ekki um segja, hvort þau lán yrðu eitthvað ótryggari; það kynni að vera, en má þó alls ekki ganga út frá því sem vísu; það er komið undir lánsstofnuninni. Og þar sem jeg þekki til, er svo trygg stjórn fyrir sparisjóðum úti um land, að litlar líkur tel jeg á, að misnotkun eigi sjer stað. Með því fyrirkomulagi skilst mjer, að frekar mætti ná þessum aðaltilgangi, að veita sjómönnum lán áður en aflinn er fenginn, sem er aðalmergur þessa máls.

Flm. (Jón Baldvinsson): Við vitum það, að lánsþörf atvinnurekenda er mikil; sjómenn vantar lán áður en vertíð byrjar, og bændur vantar lán frá vori til hausts, eða frá vetri til hausts. Menn vantar líka lán út á vörur, eftir að búið er að afla þeirra eða framleiða þær.

Hv. þm. Snæf. lagði áherslu á það, að menn þyrftu að fá lán áður en afli væri fenginn. Jeg geng út frá, að þetta sje rjett, en á það má líka benda, að það litla, sem bankarnir lána bátaútveginum, það lána þeir í byrjun vertíðar. Og það álít jeg einmitt að ætti að vera verkefni bankanna að gera. En til þess svo að ná fullu verðmæti úr þessum afla fiskimannanna, álít jeg að eigi að hjálpa

þeim um lán út á fiskinn, jafnóðum og hann kemur á land, eftir því sem menn þurfa, svo að þeir geti verkað fiskinn sjálfir til útflutnings.

Jeg skildi ekki hv. þm. Snæf. svo, að hann væri á móti frv., heldur að hann teldi meira þurfa að gera en frv. fer fram á. Það gæti vel verið, að hægt væri að sameina að einhverju leyti þá lánastarfsemi, sem hjer er stungið upp á, við þá starfsemi, sem flutningsmenn atvinnurekstrarlánanna stinga upp á. Annars held jeg, að það, sem aðallega dregur bátaútveginn niður, sje það, að þeir eru nauðbeygðir til að láta af hendi fiskinn nýjan, fyrir lægra verð að jafnaði heldur en þeir gætu fengið með því að fullverka hann. Jeg held, að með því að fá aðstöðu til að verka fiskinn, mundu menn verða styrktir fjárhagslega til þess að geta eignast eitthvað, ef til vill til þess að geta smámsaman safnað sjer rekstrarfje, svo að þeir þyrftu ekki lán.

Það var ekki annað en þetta, sem hv. þm. Snæf. hafði út á frv. að setja, en að honum fanst annað ennþá brýnni þörf en þessi lán. En jeg held, að fyrir þessa smærri fiskimenn sje þetta allra brýnasta þörfin. Það er nú regla, að útvegsmenn ráði háseta upp á hlut. Geta þeir eftir mínu frv. fengið lán upp á sinn afla, en útvegsmenn útvega aftur það fje, sem þarf í upphafi í veiðarfæri. Þeir eiga auðveldara með að fá lán til atvinnurekstrar heldur en þeir, sem aðeins eru hluttökumenn. Þeir eiga ekki annars úrkostar en fara til kaupmannsins og fá lán hjá honum. Kaupmenn og kaupfjelög eru þeirra banki, og skuldirnar eru sá mylnusteinn, sem heldur þeim niðri. Það eru þessir menn, sem mitt frv. miðar fyrst og fremst til að hjálpa.

Einar Árnason: Það hefir verið stungið upp á að láta þetta mál fara til fjhn. En jeg held það eigi frekar heima í sjútvn. Það geta oft verið ýmiskonar fjárhagsatriði í málum, sem þó ekki eru talin heyra undir fjhn. En jeg tel aðalatriðið í þessu frv. vera skipulagið sjálft, og það verður vitanlega að miðast aðallega við þörf þessara smærri útgerðarmanna. Það atriði heyrir að sjálfsögðu undir sjútvn. Þetta frv. er einmitt hliðstætt frv. um byggingar- og landnámssjóð, og það fór til landbn., en ekki fjhn. Auk þess mætti og benda á, að sem stendur eru talsvert færri mál hjá sjútvn. en fjhn., svo að með því að vísa þessu máli til sjútvn., mætti gera ráð fyrir að það fengi greiðari afgreiðslu.

Halldór Steinsson: Út af ræðu hv. 1. þm. Eyf. vil jeg taka fram, að mjer finst enginn vafi geta leikið á því, til hvaða nefndar málinu eigi að vísa. Jeg tel alveg sjálfsagt, að það fari til fjhn. Þangað hefir verið vísað frv. um atvinnurekstrarlán, og þar sem hjer er um svo náskylt mál að ræða, sje jeg ekki betur en að þau verði að athugast saman í sömu nefndinni. Jeg styð því þá till., sem fram er komin um að vísa frv. til hv. fjhn.

Við erum alveg sammála um það, hv. flm. og jeg, að sjálfsagt sje að hjálpa á einhvern hátt smábátaútgerðinni, svo að þeir menn, sem hana stunda, þurfi ekki að selja aflann blautan og við litlu verði. Það er að-

eins um leiðirnar, sem okkur greinir á. Jeg álít fyrir mitt leyti, að það náist ekki með frv. að tryggja smábátaútgerðinni hærra verð fyrir afla sinn. Mjer er kunnugt um það, að fyrir vestan settist nýlega að maður, er kaupa vildi fisk, og hafði nægilega peninga handa milli, til þess að borga fiskinn með. En hvað skeður? Menn lögðu ekki inn fisk hjá þessum manni, þrátt fyrir peningana, sem í boði voru, og sem þeir hefðu að sjálfsögðu getað keypt fyrir nauðsynjar sínar.

Þarna er yfirleitt um fátæka menn að ræða, sem byggja afkomu sína á aflavonum. Þeir hafa áður verið upp á kaupmanninn komnir, og þorðu því ekki beinlínis að eiga á hættu að brjóta hann kanske af sjer, með því að selja fiskinn öðrum, og standa svo allslausir, þegar aflinn bregst. Það hafði komið fyrir, að kaupmennirnir gáfu þau svör: „Aflann geti þið selt hverjum sem vera vill, en þið getið varla búist við, að jeg haldi áfram að lána ykkur ótakmarkað eftir sem áður allan þann tíma, sem ekkert aflast.“ Og hvert eiga þá þessir menn að flýja, þegar búðinni er lokað fyrir þeim? Sjóðurinn verður líka að geta útvegað mönnum þær lífsnauðsynjar, sem á þarf að halda yfir vertíðina eða þangað til búið er að koma aflanum fullverkuðum í verð.

Flm. (Jón Baldvinsson): Eiginlega er dæmið, sem hv. þm. Snæf. tók þarna að vestan, áþreifanleg sönnun þess, að eitthvað verður að gerast í þessu efni, og jeg held einmitt, að það, sem stungið er upp á í frv., geti orðið til mikilla bóta. Mennirnir þarna fyrir vestan eru svo undirgefnir kaupmannsvaldinu, að þeir þora ekki að selja afla sinn fyrir peninga, sem þeir geta keypt fyrir vörur annarstaðar og ódýrara en kaupmaðurinn á staðnum selur þær.

Þetta dæmi sýnir átakanlega, hve brýn þörf er að bæta úr þessu. Dæmið er smellin lýsing á ástandinu, eins og það er víða, þar sem almenningur er bundinn á klafa hjá kaupmanninum. Hann veit, kaupmaðurinn, hvað hann má bjóða sjer: Þið þurfið ekki að koma til mín, jeg lána ykkur ekkert! Ef þið hagið ekki öllu ykkar heimilislífi eftir því sem jeg legg fyrir, þýðir ekkert að leita til mín!

En þó að þetta dæmi lýsi ástandinu átakanlega, eins og það er, sannar það ekkert um, að ekki sje hægt með lánum úr sjóðnum að tryggja það, að mennirnir geti sjálfir átt aflann og selt hann hæsta verði. Maðurinn fyrir vestan bauðst að vísu til að borga aflann með peningum út í hönd, en hann gaf þeim ekki sömu vonir um verðið, eins og ef þeir gætu sjálfir átt aflann, þangað til hæsta markaðsverð býðst. Þegar svona fiskkaupmaður tekur sjer bólfestu um stundarsakir, þora menn ekki að sleppa viðskiftunum við fasta kaupmanninn á staðnum. Á þessum mönnum er ekkert að byggja til langframa; þeim er hvergi markaður bás, þeir geta tilt sjer þarna niður eina vertíð og flogið svo út í veður og vind. Þetta vita menn, og eru því hræddari að slíta gömul viðskifti, þótt óhagkvæm sjeu, vegna þessara aðvífandi manna.

En ef stofnun, sem ríkið stendur á bak við, styður slík viðskifti, þá er von um, að úr þessu sje bætt, og ekki aðeins tjaldað til einnar nætur, held-

ur haldi sliku áfram. Eins mætti ætla, að kaupmenn sæju sjer litinn hag í að vinna móti slíkum lánveitingum, af því að margir þeirra eru skuldugir og verða oftast að fá lán hjá umboðsmönnum sínum, og þau sjaldnast hagkvæm, sem kemur fram í dýru vöruverði. Kaupmenn ættu því að stuðla að því, að slík viðskifti kæmust á, enda mundu þau öllum fyrir bestu.

Það getur líka komið fyrir, að kaupmenn láti vanta í búðir sínar algengustu nauðsynjavörur. Mjer er t. d. kunnugt um, að á Vesturlandi hefir það átt sjer stað, að kaupmenn hafa ekki pantað matvæli eða haft slíkar vörur til sölu svo tímum skifti, og það kanske þegar harðast var hjá fólkinu. Og þegar kaupmennirnir eru spurðir, hvers vegna þeir láti sjer farast svona ómannlega, þá afsaka þeir sig með því, að þeir segjast ekki geta haldið vörunum fyrir fátæklingum, sem þurfa þeirra við, en hafa ekkert handa milli til þess að greiða vörurnar með. Og þá grípa þeir til þessa snjallræðis, að hætta við að panta matvörur og aðrar nauðsynjar, svo að þeir losni við að sinna fátæklingunum, sem til þeirra leita, þegar heimilin eru bjargarlaus.

Dæmið, sem hv. þm. Snæf. tók, og það, sem jeg nefndi áðan, sanna einmitt um nauðsyn þessa máls, er frv. þetta flytur.

Halldór Steinsson: Jeg skal kannast við, að þetta dæmi, sem jeg nefndi, sannar, að mönnum, sem smábátaveiði stunda, er nauðsynlegt að geta fengið lán. En hv. flm. komst ekki í þessari síðustu ræðu sinni að kjarna málsins, eða því, sem um er deilt, en það er það, hvort lánið skuli veitt fyrirfram eða á eftir, þegar aflinn er fenginn. Í kringum þetta hefir hann farið, en látið í veðri vaka, að mönnum mundi nóg að fá lánið eftir á. Að öðru leyti þarf jeg ekki að fjölyrða um það hjer, að við erum sammála um þörfina fyrir þessar lánveitingar. En jeg held hinu fram, að mönnum komi betur að geta fengið lánið í byrjun vertíðar, eða áður en þeir búa sig til veiðanna.

Þá fanst mjer hv. flm. leggja fullmikið upp úr því, að jeg hefði með dæmi því, er jeg nefndi, farið niðrandi orðum um kaupmenn á Vesturlandi. Það var fjarri mjer, að jeg vildi álasa þeim á nokkurn hátt. Jeg sagði, að það væri ekki nema von, þó að kaupmenn hættu að lána þeim, sem fara með vörur sínar eitthvað annað. Þetta er ekki nema mannlegt, hjá kaupmanninum; ekki er að ætlast til þess, að hann láni, nema einhver von sje um endurgreiðslu.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg er hræddur um, að dæmið hafi nú snúist við í höndum hv. þm. Jeg benti áður á, í svari mínu, að það væri tiltölulega auðvelt fyrir þá, sem gera út skip, að fá lán, en þeir menn, sem hjá þeim vinna, verða daglega að fá hjá kaupmönnum nauðsynjar sínar. En til tryggingar þessu verða þeir að festa aflann og vantar svo lán til rekstursins. Það er því ekki rjett, að jeg hafi gengið fram hjá aðalatriðum málsins, en hitt er rjett, að jeg tel alveg eins nauðsynlegt að veita lánin jafnóðum og afli kemur á land, eins og fyrirfram. Það er bara munurinn sá, að við tölum sinn um hvora menn. Hv. þm. Snæf. talar aðallega um þá menn, sem

bátana eiga og gera þá út, en jeg miða aftur á móti við hina, sem hjá báta-eigendum vinna og taka kaup sitt að mestu í hlutum. (**HSteins:** Það geri jeg líka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., og til fjhn. með 7 : 3 atkv.

Á 70. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 253, n. 739).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. Afbr. leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það var nokkuð snemma á þinginu, sem jeg bar fram þetta frv. Jeg skal ekki fara nánar inn á efni þess en jeg gerði við 1. umr. Jeg skal geta þess, að jeg er eins og áður sannfærður um nauðsyn þessa máls, og einmitt á grundvelli frv. Það hefir æxlast svo, að tillögur um lánsstofnun fyrir sjávarútveginn hafa átt örðugt uppdráttar á þessu þingi. Það er sýnilegt, að engar af þessum tillögum ná að ganga fram, hvorki hjer nje í hv. Nd. Þó að leitt sje til þess að vita, má ekki gefast upp að svo komnu, heldur halda málinu lifandi. Þess vegna hefi jeg í fjhn. getað fallist á, að vísa því til stjórnarinnar, eins og nú er komið. Jeg ætlast til, að hæstv. stjórn taki málið til athugunar og leggi tillögur um það fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Till. á þskj. 739, frá fjhn., um að vísa málinu til stjórnarinnar, samþ. með 10 shlj. atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Verðtollur.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi laga um verðtoll af nokkrum vörum (stjfrv., A. 4).

Á 5. fundi í Nd., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það þýðir ekki að hefja umr. um þetta mál nú, enda liggur það svo ljóst fyrir sem frekast er unt. Það er ekki borið fram í öðrum tilgangi en þeim, að fyrirbyggja, að ríkissjóður verði til fullnustu sviftur þeim tekjum, er hann má ekki án vera. Annars sje jeg ekki ástæðu til að orðlengja um það, en legg til, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Húsbygging fyrir skrifstofur.

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir landsstjórnina að byggja hús fyrir opinberar skrifstofur (stjfrv., A. 13).

Á 3. fundi í Nd., 21. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er að vísu ekki eins þýðingarmikið og það, sem síðast var afgreitt hjer í deildinni (sundhöll). En þó er hjer um nauðsynjamál að ræða.

Sundhöllin er menningarmál, og til þess fram borið, að bæta heilbrigði þjóðarinnar, en ekki fyrst og fremst til að spara fje.

Með þessu frv. er aðeins um fjárhagslegt atriði að ræða fyrir ríkissjóð. Og þó að það yrði samþykt nú, sem jeg skal ekkert segja um að verði, þá gæti vel farið svo, að eitthvað dragist að byrja á byggingunni. En frv. hefi jeg borið fram vegna þess, að þegar hagur ríkissjóðs leyfir, verður ekki komist hjá því að byggja þetta hús. Annars liggja tvær höfuðástæður til þess, að frv. er fram borið.

Í fyrsta lagi mun það reynast ódýr-

ara fyrir ríkið að byggja yfir skrifstofur sínar, heldur en að leigja húsnæði fyrir þær víðsvegar úti um bæ. Mundi því vera um allmikinn fjársparnað að ræða fyrir ríkissjóð, kæmist það í framkvæmd að reisa húsið.

Í öðru lagi eru líkur til, að hægt yrði að draga saman störf í skrifstofunum, ef þær væru allar í sama húsi, og minka þannig mannahald. Mundi samfærsla spara starfsmönnum skrifstofanna margan snúning og tafir. Auk þess yrði hún til mikilla hagsmuna fyrir alla þá menn, sem erindi eiga í skrifstofurnar. Eins og kunnugt er, eru skrifstofur þessar dreifðar út um allan bæ, svo að hjá ferðamanni, sem mörgum erindum hefir að gegna, fer hjálfur dagurinn í að hlaupa milli þeirra.

Annars vil jeg taka það þegar fram, að til mála hefir komið að byggja við stjórnarráðshúsið í þessu skyni, og þá stungið upp á að bygðar yrðu álmur út að Bankastræti og Hverfisgötu. En að byggja þessar hliðarálmur við húsið eins og það er, mundi aldrei fara vel og spilla mjög útliti þess hluta bæjarins, sem húsið stendur í. Stjórnin hefir því helst hugsað sjer að nota lóð ríkisins á Arnarhólstúninu og reisa þar nýtt hús með einföldu sniði, er fullnægi þó kröfum tímans. Heppilegast mundi að hafa það með því sniði, sem tíðkast um slíkar byggingar í Ameríku, og byggja smátt og smátt, eftir því sem fjárhagur ríkisins leyfir. Til útlits þessa húss þarf ekki að gera jafnháar kröfur og þeirrar byggingar, sem stæði á stjórnarráðsblettinum. (**MJ:** Það verður þó að vera hljóðhelt!) Já, stjórnarráðshúsið er nú hljóðhelt. Það eru metraþykkir múrveggir í því, og þó að það sje gamalt, er það vandað og traust, enda var það til forna hvorttveggja í senn: betrunarhús og letigarður.

Eins og jeg gat um í upphafi máls míns, getur dregist, að húsið verði bygt, enda þótt heimildin yrði samþykt. En fyr eða síðar hlýtur að koma að því, að það verði reist. Og þá er gott, að heimildin sje til.

Jeg þykist ekki þurfa að fara um frv. fleiri orðum. Það mun vera best komið hjá hv. fjhn., og geri jeg að till. minni, að því verði þangað vísað, að þessari umr. lokinni.

Magnús Guðmundsson: Það er aðeins örlítil fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um það, hvort nokkur áætlun hafi verið gerð um, hvað hús þetta muni kosta. Mjer skilst, að hjer sje um þá stórbyggingu að ræða, að ekki sje unt að glöggva sig á málinu, fyr en ábyggileg kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Um fullnaðar-kostnaðaráætlun er ekki enn að ræða. En húsameistari ríkisins hefir lauslega áætlað, að húsið mundi kosta 175—200 þús. krónur. Þykir mjer sennilegt, að honum vinnist tími til að fullgera áætlunina svo snemma, að nefndin geti fengið hana til athugunar áður en málið verður afgreitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv., og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Hveraorka.

Á 6. fundi í Nd., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um eignar- og notkunarrjett hveraorku (stjfrv., A. 28).

Á 8. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mjer nægir að segja aðeins fá orð um þetta frv., því að í grg. er fram tekið það, sem þarf á þessu stigi málsins. Eins og þrjú önnur stjfrv. er það borið fram í samræmi við áskorun Alþingis í fyrra. Eru vatnalögin höfð til hliðsjóðar við samninguna, og eru ákvæði þessa frv. í nánu sambandi við þau.

Jeg óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Jörundur Brynjólfsson: Eins og getið er í ástæðum frv. þessa, er það fram borið eftir áskorun Alþingis í fyrra. Hefi jeg ekkert sjerstakt að athuga við meginatriði frv., en þó langar mig til að vekja athygli þeirrar nefndar, sem það fær til meðferðar, á nokkrum ákvæðum þess, og þá einkum 12. gr.

Í frv. er gert ráð fyrir, að jarðeigandi geti tekið hveraorkuna til nauðsynja sinna, og einnig er það heimilt leiguliða, ef lánardrottinn vill ekki nýta orkuna. Þá er og ennfremur heimilað hjeraðsstjórn að taka eignarnámi hveraorku einhverrar jarðar til almennra afnota í hjeraðinu. Og loks er heimilað, að ríkið taki eignarnámi jarðhitaaflið, undir vissum kringumstæðum.

Við öllum þessum ákvæðum er í sjálfu sjer ekkert að segja, og er þannig frá þeim gengið, að vel má fylgja þeim. En þetta verður alt athugaverðara, þegar hægt er eftir 12. gr. að færa rjettindin út til einstaklinga, svo að þeir geta fengið sjerleyfi til borunar í landeign manns, jafnvel þótt hann sje því andvígur og þurfi sjálfur á hitaorkunni að halda. Í 12. gr. er komist svo að orði: „Nú vill einhver annar en landeigandi eða umráðamaður bora eftir jarðhita, og sýnir, að hann er þess megnugur, og skal hann þá fá leyfi til þess hjá lögreglustjóra .... Áður en leyfi er veitt, skal lögreglustjóri tilkynna landeiganda, að sótt hafi verið um borunarleyfi.“ Þetta ákvæði um tilkynningarnar er að vísu gott, en það nægir enganveginn, því að hvergi er tekið fram, að lögreglustjóri hafi ekki heimild til að veita leyfið, fyr en komið sje svar frá landeiganda. Þó virðist mjer, að ekki mætti minna vera, en að slíkt ákvæði væri sett. Samkv. greininni, eins og hún er nú, virðist mjer rjettur ábúanda og eiganda jarðar ekki nægilega trygður. Þess er og getið í greininni, að sá, sem borunarleyfi fær, skuli ganga fyrir um sjerleyfi til notkunar hitanum. Að vísu er jafnframt sagt, að ríkisstjórn eða hjeraðsstjórn geti tekið hitaorkuna til almennra þarfa, hvað langt sem verkinu er komið, en þess er hvergi getið, að eigandi jarðar eða ábúandi geti fengið rjettindin til sín aftur. Mjer sýnast þeir því æði hart leiknir með þessum ákvæðum. Vel getur staðið svo á, að eigandi sje ekki viðbúinn að taka hitann til eigin afnota, þegar einhver sækir um borunarleyfi, og er þá hart, að annar maður, sem aðeins hefir betri fjárráð þá stundina,

geti svælt undir sig þessi mikilsverðu rjettindi.

Þessum atriðum vildi jeg hreyfa, áður en málið færi til nefndar. Vona jeg, að hún komi með þær brtt., að rjettur eiganda og ábúanda verði ekki fyrir borð borinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., og til allshn. með 7 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Síldarmat.

Á 6. fundi í Ed., 25. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um síldarmat (stjfrv. 31).

Á 8. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Saga þessa frv. er sú, að í árslok 1926 skipaði fyrv. stjórn nefnd til þess að endurskoða lög um síldarmat og koma fram með breytingar á þeim. Álit nefndarinnar var eigi tilbúið fyrir síðasta þing, sem eigi var von, og kom það fyrst í hendur stjórnarinnar nokkru fyrir síðustu áramót. Sá jeg, að nefndin var svo skipuð, að eigi mundi líklegt, að horfði til bóta, að jeg breytti mikið tillögum hennar, enda eigi tími til þess. Er frv. því borið fram með sömu ummerkjum og þegar það kom frá nefndinni. Að öðru leyti get jeg látið nægja að vísa til athugasemdanna, sem fylgja því.

Leyfi jeg mjer svo að leggja til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Dýralæknar (stjfrv.).

Á 1. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um dýralækna (stjfrv., A. 18).

Á 4. fundi í Nd., 23. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þó að hjer sje um stutt og lítið frv. að ræða, hefi jeg orðið var við nokkurn andgust gegn því nú þegar. Þannig hefir, til dæmis, af hálfu eins dýralæknis verið samið annað frv., sem gengur í þveröfuga átt við þetta, nefnilega fjölgun dýralækna. Það fer svo oftast, ef á að gera tilraun til að fækka opinberum starfsmönnum, þá má telja vísa gagnsókn úr ýmsum áttum.

Það mun hafa verið á þinginu 1925, frekar en 1926, sem samþ. var þál. um að skora á stjórnina að veita ekki embætti, þegar þau losnuðu, ef svo

stæði á, að hægt væri að vera án þeirra.

Nú stendur svo á, að ein dýralæknisstaða hefir losnað, og þá kemur hitt til álita, hvort unt sje að vera án þess að skipa í öll dýralæknaembættin.

Jeg tel mjög vafasamt, eins og okkar búnaðarháttum og samgöngum er nú farið, að svo mikið gagn sje að dýralæknum sem til hefir verið ætlast og ætti að vera. Eins og nú er háttað samgöngum um þau stóru hjeruð, sem dýralæknar vorir hafa til yfirsóknar, mun mega segja að mestu, að aðalnotin af þeim hafi verið ráðleggingar gegnum síma, og er þá augljóst, að til dæmis vestur á Barðaströnd er eins hægt að tala við dýralækni í Reykjavík eins og í Stykkishólmi. Hinsvegar er jeg ekki í vafa um, að sá tími komi, að sjálfsagt verði að fjölga þessum starfsmönnum aftur, þegar landbúnaði vorum og samgöngum hefir verið komið í gott horf. En jeg vil halda því fram, að reynslan hafi sýnt það, að lítið gagn hafi orðið að þeim tveim dýralæknaembættum, sem jeg nú legg til að sjeu lögð niður. En ef þetta frv. verður ekki samþ., sem jeg ekki ætla að gera að neitt sjerstaklega miklu kappsmáli, þá tel jeg sjálfsagt að breyta til. Jeg álít t. d., að dýralæknir komi að meiri notum, ef hann situr í Borgarnesi en í Stykkishólmi, og ef á að vera dýralæknir á Austfjörðum, þá á hann auðvitað að vera uppi á Hjeraði, en ekki niðri í kaupstaðnum. Jeg vil beina því til þeirrar nefndar, sem máli þessu verður vísað til, að hún athugi þetta, ef hún ekki getur fallist á frv., þá að athuga hitt, hvort ekki sje rjett að breyta til, svo að meira gagn verði að.

Samhliða því sem jeg vil vera kröfuharður fyrir landbúnaðarins hönd um alt það, er honum miðar til hagsbóta, vil jeg leggja ríka áherslu á það, að ekki sje haldið uppi opinberum starfsmönnum, sem ekki eiga fullan tilverurjett. Dýralæknar koma ekki að fullu liði í baráttu bænda við ýmsa alidýrasjúkdóma. Í því sambandi álít jeg annað nauðsynlegra. Það þarf að koma upp stofnun, sem geti á vísindalegan hátt rannsakað eðli og orsakir búfjársjúkdóma, sem mestum spellum valda, t. d. bráðapest, ormaveiki, fjöruskjögur, fjárkláða o. s. frv., og á þeim grundvelli fundið ráð, sem duga til þess að vinna bug á þessum vogestum íslensks landbúnaðar. Ef hann á áfram að geta með rjettu heitið hinn tryggi atvinnuvegur, verður ekki hjá því komist að stofna til slíkrar starfsemi.

Jeg get hinsvegar sagt, að jeg geri þetta mál ekki að sjerstöku kappsmáli, en jeg álít það mjög verjandi frá landbúnaðarins sjónarmiði, að fækka þessum starfsmönnum. En svo mun reynast enn sem fyr, að hægra er að fjölga en fækka.

Að loknum umr. legg jeg til, að frv. verði vísað til landbn.

Pjetur Ottesen: Það er öllum kunnugt, að meðal þjóðarinnar hafa verið og eru enn uppi allháværar raddir um að reynt sje, eftir því sem framast er unt, að draga úr kostnaði við starfsmannahald ríkisins. Og það er síst ófyrirsynju, að slíkum kröfum er haldið á loft. Því að sú hefir jafnan orðið reyndin á, að sje ekki vel haldið á rekstri ríkisbúsins, eða láti illa í ári, kemur það niður á verklegu

framkvæmdunum. Þær verða að sitja á hakanum. Þá er ekki hægt að sinna nema af skornum skamti þessari höfuðnauðsyn landsmanna, þótt gjaldabyrði almennings sje hinsvegar svo há, að teflt sje á fremsta hlunn.

Undanfarin þing hafa mjög daufheyrst við þessum kröfum. Þó kom fram allmerkilegt atriði af þingsins hálfu 1925. Þá var samþykt þál. þess efnis, að ef embætti losnaði, sem tiltækilegt þætti að sameina öðrum starfa eða leggja niður, skyldi það ekki veitt, án þess að leita þingviljans. En það hefir komið á daginn, að í þessu var ekki falin sú trygging, sem gera hefði mátt ráð fyrir.

Á síðasta þingi stóð svo á, að dáið hafði maður í embætti, og annar, sem að vísu var ekki embættismaður, en þó starfsmaður ríkisins. Og þáverandi stjórn beið með skipa í þessar stöður, samkvæmt áðursögðu. Því verður ekki mótmælt, að vel var hægt að sameina umrædd embætti öðrum embættum. En hvernig fór? Á þingi náði þetta ekki fram að ganga, heldur sætti mjög ákveðnum andmælum. Auk þess sem þetta mætti mótspyrnu, má geta þess, að endurreist var á síðasta þingi alóþarft embætti, svo þarflaust, að jafnvel talsmenn þess gáfust upp í leit eftir rökum fyrir sínum málstað.

Því hefir verið haldið fram sem ástæðu fyrir því, hve miklu fje þyrfti að verja til opinberrar starfrækslu, að strjálbýlið og samgangnaleysið gerði það að verkum, að vjer Íslendingar þyrftum tiltölulega miklu fleiri embættismenn en aðrar þjóðir. Það er sjálfsagt eitthvað til í þessu. En þó er það svo, að þegar mest var losið í okkar þjóðlífi og embætti og sýslanir spruttu upp eins og gorkúlur á haug, þá kom sú aukning mest og aðallega niður á kaupstöðunum. Ekki er þó strjálbýlinu fyrir að fara þar. Starfsmannagrúinn er þar mestur, þótt Reykjavík beri þar höfuð og herðar yfir. Því lít jeg svo á, að fyrst og fremst eigi, þegar til fækkunar kemur, að líta eftir, hvort ekki sje hægt að draga eitthvað úr embættafjöldanum í kaupstöðunum. Ekki þar með sagt, að þar við ætti að sitja. Vitanlega er sjálfsagður hlutur að svipast líka út um sveitir landsins og aðgæta, hvað má draga þar úr. Það hafa heyrst raddir um, að fækka mætti sýslumönnum allmikið að skaðlausu, og um brauðasamsteypur er það að segja, að enn mætti að sjálfsögðu færa þar nokkuð saman. Starfsmannagrúinn í kaupstöðunum jókst einmitt mest á þeim árum, er litið var öðruvísi á þessa hluti en menn verða nú að gera, og því er eðlilegt, að grípa þar fyrst niður.

Hvað þetta frv. snertir, þá er það vitanlegt, að sú fækkun, sem þar er farið fram á, gengur út yfir bændur, strjálbygðina, sem samkvæmt rökum þeirra, er rjettlæta vilja embættis- og starfsmannafjöldann, má síst við því, að frá henni sje tekið það, sem hún hefir. Þar sem hæstv. fors.- og atvmrh. talaði um það, að ekki yrði æskileg not af starfsemi dýralækna, þá kemur það til af því, hve erfitt er að ná til þeirra. Stefnan hefir undanfarið verið sú yfirleitt, að fjölga bæri dýralæknum frekar en fækka. 1915 var þeim fjölgað um 2. Á þingi 1919 báru þingmenn Árnesinga fram till. um að fjölga þeim upp í 7, samkvæmt sam-

þyktum þingmálafunda í Árnessýslu. Þetta var samþ. hjer í Nd. með 1 atkv. mun, að mig minnir, en dagaði uppi í Ed. Af þessu má sjá, að litið hefir verið svo á af talsvert mörgum, að dýralæknar væri landbúnaðinum nauðsynlegir menn.

En jeg vil fyrir hönd okkar bænda sýna mjög mikla sjálfsafneitun í þessu efni. Jeg get lýst yfir því, að jeg mun fylgja þessu frv. En það vil jeg taka fram, að mjer virðist hjer byrjað á öfugum enda. Hæstv. stjórn hefði fyrst átt að bera niður í kaupstöðunum; svo átti og jafnhliða að fara út um sveitirnar. Þó álít jeg, að heppilegra hefði verið að byrja þar á öðrum fyr en dýralæknum.

Þótt jeg nú fylgi þessu frv., svo sem jeg hefi þegar tekið fram, þá er mjer það fyrir þá sök miklu ógeðfeldara, að hæstv. stjórn hefir ekki samtímis int af hendi þá sjálfsögðu skyldu, að bera fram tillögur um fækkun á starfsmönnum í kaupstöðum, og það er svo fjarri því, að hún hefir jafnvel, að því er jeg heyri sagt — jeg skal ekki fullyrða neitt að sinni; tækifæri mun gefast til þess síðar — aukið allmikið starfsmannaliðið, bæði í Rvík og eins í öðrum kaupstöðum. Þetta er svo vaxið, að jeg get alls ekki látið hjá líða að benda á hið algerða ósamræmi í framkomu hæstv. stjórnar. Og það hlýtur að koma allóþægilega við tilfinningar okkar bændafulltrúanna að hugsa til þess, að verið sje að jeta upp það fje, er þannig á að sparast við niðurlagningu á embættum, sem að gagni mættu koma fyrir landbúnaðinn, og ekki aðeins það, heldur og jafnvel miklu meira, til þess að fjölga starfsmönnum í kaupstöðum.

Annars ætla jeg ekki að fara mikið út í ræðu hæstv. fors.- og atvmrh. Hann talaði um, að dýralæknar kæmi að litlu liði. Aðalgagnið af þeim væri það, að hægt væri að ná í þá í síma og fá hjá þeim ráðleggingar. Þeir fengist ekki við að rannsaka orsakir og eðli búfjársjúkdóma. Þetta er alls ekki rjett, og það kom mjer mjög á óvart, að hæstv. ráðh., formaður Búnaðarfjelags Íslands, skyldi halda þessu fram. Mætti honum þó ekki síður en öðrum vera kunnugt t. d., að dýralæknirinn eystra, Jón Pálsson, hefir rannsakað eðli og háttsemi ormaveiki í sauðfje og gefið út á kostnað Búnaðarfjelags Íslands ráðleggingar við þessari veiki. Eru þessar rannsóknir hans og leiðbeiningar birtar sem sjerprentun úr Búnaðarritinu. — Starfið er og miklu víðtækara en hæstv. ráðh. vill láta í veðri vaka. Það er meira en að svara fyrirspurnum í síma. Jeg veit t. d. ekki betur en að dýralæknirinn á Akureyri sje nú á ferðalagi um Húnavatnssýslu, vegna ormaveikinnar, er nú geisar þar. Húnvetningar hafa ekki látið sjer nægja að tala við hann símleiðis. Það er því ekki hægt að tala um algert gagnsleysi þessara embættismanna, og því verður ekki neitað, að meira gagn mundu þeir gera okkur bændum, ef þeir væru fleiri, svo að við þyrftum ekki, sakir fjarlægðar, að fara á mis við aðstoð þeirra, þegar mikið liggur við.

En hjer kemur annað til greina. Það má líta á þetta frv. sem tilraun og byrjun til þess að draga úr starfs-

mannakostnaði ríkisins. Og á þeim grundvelli vil jeg fylgja því.

Jeg gat ekki látið hjá líða að minnast á þessi atriði, og því betur þætti mjer, ef það gæti orðið til þess, að hæstv. fors.- og atvmrh., höfuð stjórnarinnar, tæki nú rögg á sig og ljeti nú ekki sitja við það eitt að bera fram tillögur um fækkun dýralækna, heldur bæri hann einnig niður í kaupstöðum líka; væri nógur tími til þess enn að bera fram slíkar tillögur á þessu þingi, ef áhugi væri fyrir því.

Gunnar Sigurðsson: Mjer er altaf illa við að þrautræða mál við 1. umr., en ætla þó að segja fáein orð.

Jeg er þakklátur hæstv. atvmrh. fyrir að hafa flutt þetta frv. hjer í deildinni, því að þetta er mál, sem vissulega þarf athugunar við. En því miður nær þetta þakklæti ekki lengra, því að jeg er honum ósammála í aðalatriðinu.

Það hlýtur að verða ofan á í framtíðinni, að dýralæknum verði fjölgað, en ekki fækkað. Sú hefir orðið reynsla allra landa, þar sem landbúnaður hefir tekið framförum og færst í nýtiskuform. Og það er allra álit, sem landbúnaði unna, að takmarkið og eina leiðin til að reisa hann við, sje það, að koma á hann meira nýtiskusniði en nú er. Jeg skal rökstyðja þetta, er jeg sagði um reynslu annara þjóða í þessu efni. Jeg nefni Noreg sem dæmi. Þar í landi voru um aldamótin 1900 148 dýralæknar, en 1920 voru þeir 245 að tölu, eða nálægt hundraði fleiri, og nú ættum við að tiltölu við Norðmenn að hafa 25 dýralækna.

Mörg atriði koma hjer til greina. Berklaveiki í kúm hefir orðið vart hjer á landi. Má búast við, að hún aukist, ef ekki er að gert í tíma. Til þess að rannsaka þetta og hafa eftirlit þarf dýralækna. Sumstaðar er það beinlínis heimtað, eins og t. d. í Reykjavík, þar sem mjólk er seld frá þúsundum heimila, að allar kýr sjeu skoðaðar af dýralækni.

Jeg er þakklátur hæstv. atvmrh., að hann tók það fram, að ætti nokkurt einstakt hjerað heimting á sjerstökum dýralækni, þá væri það Suðurlandsundirlendið. Austanfjalls vantar tilfinnanlega dýralækni. Allvíða þaðan er nú farið að selja mjólk til Reykjavíkur, en ekki hægt um vik, að fá lækni hjeðan til þess að skoða kýrnar, auk þess sem þetta er svo stórt landbúnaðarsvæði, að fullnóg verkefni ætti að vera þar fyrir hendi fyrir sjerstakan dýralækni. Þá má benda á í þessu sambandi, að hæstv. stjórn hefir á prjónunum frv. um búfjártryggingar. Það er eitt hið mesta þarfamál. En einmitt það ýtir undir fjölgun dýralækna, kanske meira en nokkuð annað. Án þeirra verður aldrei komið á búfjártryggingum, svo í lagi sje. Jeg ætlast ekki til að þeim fjölgi alt í einu, heldur smámsaman eftir þörfum og getu. Benda má á, að þeir gætu sem best tekið að sjer jafnframt önnur störf. Ætlast jeg til, að þeir sjeu búsettir í sveit. Geta þeir þá tekið að sjer kenslu á búnaðarskólum, eða jafnvel alþýðuskólum. Auk þess virðist hægt og jafnvel sjálfsagt, að þeir taki að sjer og annist búfjársýningar, sem hið opinbera gengst fyrir. Ætti engir að vera til þess betur fallnir en einmitt þeir.

Hæstv. atvmrh. fanst mjer gera

heldur lítið úr starfsemi þeirra dýralækna, sem nú eru. Jeg er viss um, ef fólk vendist að leita til þeirra meira en það gerir, og hefði betri aðstöðu til þess, því að nú má það heita frágangssök víðast sakir fjarlægðar, þá mundi gagnið af starfi þeirra verða meira en menn grunar.

Jeg hefi undanfarin ár haft allstórt bú og altaf mist árlega 1—2 stórgripi. Jeg er sannfærður um, að mörgum þeirra hefði mátt bjarga frá dauða, ef hægt hefði verið að ná til dýralæknis. Og enn er eitt, sem jeg tel ekkert smáatriði, og það er mannúðarhlið þessa máls. Mig hefir oft tekið sárt, að verða að horfa upp á dauðveika gripi kveljast, án þess að geta neitt að gert til hjálpar.

Jeg vil geta þess í þessu sambandi, að sá maður, sem manna mest hefir starfað fyrir íslenskan landbúnað, Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri, er mjer sammála um öll þessi atriði. Þar sem hæstv. atvmrh. mintist á stofnun til þess að rannsaka búfjársjúkdóma, þá skal jeg taka það fram, að Jón Pálsson, dýralæknir eystra, hefir skrifað í „Veterinærfysikatet" viðvíkjandi þessu spursmáli, og forstjóri þess, C. O. Jensen, sent álit sitt búnaðarmálastjóra. Með leyfi hæstv. forseta vil jeg leyfa mjer að lesa upp það, sem hann segir um samband dýralækna og slíkrar rannsóknarstofu. Honum farast svo orð: „-- Det vil være en væsentlig Hindring for Laboratoriet, at der ikke findes Dyrlæger spredt i Landet og en Forringelse af det nuværende Antal vil i höj Grad formindske den Nytte, Laboratoriet kan göre."

Þetta sýnir, að C. O. Jensen álítur það beinlínis hættulegt fyrir slíka stofnun, að fækka dýralæknum. Mun jeg ef til vill síðar fá tækifæri til þess að bera fram brtt. eða frv. í þessa átt.

Sigurður Eggerz: Aðeins örfá orð. Jeg lít svo á, að þau hjeruð, sem eftir frv. þessu eiga að verða fyrir því, að missa dýralækna sína, verði fyrir miklu tapi. Og mjer finst það liggja í hlutarins eðli, að svo framarlega sem meira á að gera fyrir landbúnaðinn hjer eftir en hingað til hefir verið gert, þá sje þetta, að kippa helming dýralæknanna burtu, alveg spor í öfuga átt, sem hreint og beint ekki megi eiga sjer stað. Því að það er öldungis víst, að landbúnaðurinn hefir verið vanræktur til þessa, og að halda lengur áfram á þeirri braut, má ekki eiga sjer stað. En það er víst, að úr þörfum hans verður ekki bætt með eintómum hrópyrðum, án þess að hafast neitt að, honum til hagsbóta, eins og því miður virðist hafa verið aðalstarf sumra þeirra manna, sem telja sig bera hag hans manna fyrir brjósti.

Hvað snertir þá tillögu stjórnarinnar, sem kemur fram í aths. við frv. þetta, að framkvæmdar verði vísindalegar rannsóknir og tilraunir, um ráð gegn þeim búfjársjúkdómum, sem mestu tjóni hafa valdið hjer á landi, er ekkert nema gott að segja. Jeg tel brýna nauðsyn á, að hún komi til framkvæmda, því að vart mun meiri þörf á öðru, að því er þessi mál snertir, en að rannsaka þessa skæðu sjúkdóma. En það tel jeg, að framkvæma megi, án þess að dýralæknunum sje burtu kipt.

Þá var eitt orð í ræðu hv. þm. Borgf.,

sem gefur mjer tilefni til að beina örfáum þakkarorðum til hæstv. stjórnar. Hv. þm. var að tala um embætti, sem núverandi stjórn vildi halda uppi, þrátt fyrir andstöðu gegn því. Mun hann hjer hafa átt við sendiherraembættið í Kaupmannahöfn. Jeg vil einmitt leyfa mjer að þakka hæstv. stjórn fyrir, að hún skuli hafa tekið upp í fjárlagafrumvarpið fjárveitingu til þess, því að það er embætti, sem er nauðsynlegt, og almenningur mun því ekki sjá eftir því fje, sem til þess gengur.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get lýst ánægju minni yfir niðurlagsorðunum í ræðu hv. þm. Borgf. Hann virtist hafa sömu skoðun og jeg, að rjett sje að leggja embætti þessi niður í bili, þar sem þau virðast ekki koma að þeim notum fyrir þjóðfjelagið, sem til var ætlast, þegar þau voru stofnuð.

Þá get jeg tekið undir það með þessum hv. þm., að ástæða sje til að fækka embættismönnum víðar, t. d. í kaupstöðum. En þar sem fæstir af þeim embættismönnum heyra undir mig, þá skal jeg ekki fjölyrða um það frekar nú, en mun að sjálfsögðu nú sem fyr fylgja slíkum rjettmætum tillögum, hvaðan sem þær koma. Annars má ekki ætlast til þess, að stjórnin gæti fyrir þetta þing tekið alt það til athugunar í embættabákni landsins, sem nauðsyn ber til að athugað sje, þar sem svo stuttur tími er frá því, að hún tók við. En það mun verða athugað síðar.

Hv. þm. hafði það ekki rjett eftir mjer, að ekkert hefði verið gert vegna húsdýrasjúkdómanna. Jeg taldi þvert á móti, að töluvert hefði verið gert, t. d. viðvíkjandi bráðapestinni, og það væri góðra gjalda vert, sem Jón Pálsson hefði gert vegna lungnaormasýkinnar, enda þótt það virtist að mestu leyti vera kák eitt, þar sem athuganir hans eru ekki bygðar á vísindalegum grundvelli.

Hv. 2. þm. Rang. lagðist á móti frv. þessu, og kom það mjer ekki á óvart, því að hann hafði sagt mjer það fyrirfram, að hann væri frv. andvígur. Hann taldi, að dýralæknarnir bæði gætu og ættu að annast kenslu við búnaðarskólana. En reynslan er búin að margsanna, að það verður ekki gert, nema þá með miklum aukakostnaði. Þá benti þessi háttv. þm. á reynslu annara þjóða. En þar er því að svara, að hjer er slíkt ekki sambærilegt, og reynsla annara þjóða er ekki sú, að dýralæknar annist búpeningssýningar. Og hvað þetta mál snertir, þá er reynslan ekki sú, að þessar dýralæknastöður hafi ekki komið að tilætluðum notum fyrir þau hjeruð, sem áttu að njóta þeirra.

Hv. þm. Dal. taldi það hart fyrir Austfirðinga og Vestfirðinga, ef dýralæknum þessum væri kipt í burtu. En slík ummæli sem þessi eru mælt af ókunnugleika á staðháttum. Því að hvaða gagn hafa t. d. menn á Vestfjörðum frekar af dýralækni í Stykkishólmi en í Reykjavík. Og hvaða gagn hafa menn norður í Vopnafirði af dýralækni á Reyðarfirði? Jeg veit, að það er lítið. Hitt get jeg aftur tekið undir með þessum háttv. þm., að landbúnaðurinn hafi verið vanræktur og látinn sitja á hakanum að undanförnu, og að ekki nægi honum til viðreisnar aðeins orðin tóm. En hvað

snertir framkomu mína og þessa hv. þm. á undanförnum árum gagnvart landbúnaðinum, þá þori jeg óhræddur að koma þar í samanburð. Annars finst mjer koma úr hörðustu átt, að þessi hv. þm. skuli vera að stæra sig af umhyggju fyrir landbúnaðinum, þar sem það er eitt af hans helstu afrekum, síðan hann gerði sjálfan sig að bankastjóra, að bola einu stærsta bændafjelaginu, sem starfar hjer um slóðir, frá viðskiftum við banka þann, sem hann veitir forstöðu. Á jeg þar við Mjólkurfjelag Reykjavíkur.

Þá var háttv. þm. Dal. að þakka stjórninni fyrir, að hún skyldi halda uppi sendiherraembætttinu í Kaupmannahöfn. Út af þeim ummælum hv. þm. vil jeg taka það fram, að eins og kunnugt er, komu í fyrra fram tillögur um, að veita ekki fje til þessa embættis, en þær voru úrskurðaðar frá, af því að þær voru taldar koma í bága við gildandi lög, sem embætti þetta hvíldi á. Fyrir þessum úrskurði hæstv. forseta beygir stjórnin sig nú, og tekur upp á fjárlagafrv. fje til embættisins. Á hún því engar þakkir skilið fyrir það.

Einar Jónsson: Það er einatt svo, þegar framkvæma á einhverjar fækkanir á starfsmannahaldi ríkisins, að einhverjir verða til að mæla þar á móti. Jeg fyrir mitt leyti er sammála háttv. þm. Borgf. um það, að fækka megi embættismönnum í kaupstöðum landsins, en síður í sveitum. Hvað snertir þau embætti, sem hjer eru til umræðu nú, þá er því svo varið fyrir mjer, að jeg hefi aldrei talið verulegt gagn að þeim, að minsta kosti ekki eins og þau hafa verið rekin. Hjer er farið fram á að fækka þessum embættismönnum um tvo, og mjer er kunnugt um, að annað frv. mun koma fram, þar sem farið verður fram á að fjölga þeim upp í 7. Ennfremur komu með mjer að austan tillögur, sem samþyktar voru af stjórn Búnaðarsambands Suðurlands, þar sem þess er æskt, að dýralæknum verði hvorki fækkað nje fjölgað, heldur látnir hafa sömu tölu og þeir hafa nú. Hver þessara þriggja tillagna verður ofan á, skal jeg ekkert um segja, og mína afstöðu til þessa læt jeg ekki uppi, fyr en við atkvgr.

Hvað snertir gagnsemi þessara embættismanna fyrir almenning, þá lít jeg svo á, að þeirra verði ekki full not við sóttir og veikindi fjenaðar fyr en þeir eru orðnir jafnmargir og hreppar eru í landinu. Þá fyrst væri um alment gagn af þeim að ræða. En eins og nú er háttað, tel jeg, að mest gagn yrði að þeim með því að þeir rituðu meira í blöð og tímarit um húsdýrasjúkdóma og varnir gegn þeim en þeir hafa gert hingað til. Jeg er t. d. í engum vafa um, að skrif Jóns Pálssonar dýralæknis um lungnaormasýkina hafi gert mikið gagn, þeim, sem eftir hafa tekið. Annars er jeg hálfhissa á því, að þessi stjórn, sem telur sig vera bændastjórn, skuli koma með frv. þetta, því að ef það er skaði að fækka dýralæknunum, þá eru það vitanlega bændurnir, sem fyrir honum verða.

Að svo mæltu skal jeg ekki fjölyrða um málið við þessa umr., en vil vekja athygli nefndar þeirrar, sem fær það til meðferðar, á því, að hún mun fá erindi frá Búnaðarsambandi Suðurlands, þar sem farið er fram á, að

dýralæknum verði ekki fækkað frá því, sem þeir eru nú, heldur látnir halda sömu tölu. En hvort sem dýralæknar verða hjer eftir 2, 4, eða 7, má vita, að gagnsemi þeirra kemur best og almennast að notum með aukinni fræðslu í ritum og ræðum, t. d. á námsskeiðum sem víðast. Með ferðalögum og handlækningum við einstaka gripi er ekki nægilegs gagns að vænta af svo fáum starfsmönnum í þessari grein, sem hjer er um að ræða.

Sigurður Eggerz: Hæstv. atvrh. sagði, að það stafaði af ókunnugleika mínum, ef jeg hjeldi, að það væri óhagræði fyrir Vestfirðinga og Austfirðinga að missa dýralækna sína, og skildist mjer helst, að hann telja eins hægt fyrir þessi hjeruð að leita t. d. til Reykjavíkur eða Akureyrar, eins og til Stykkishólms og Reyðarfjarðar, þar sem læknarnir hafa haft aðsetur. Á þetta get jeg alls ekki fallist hjá hæstv. ráðh. Jeg fæ ekki betur sjeð en betra sje t. d. fyrir Dalamenn og Snæfellinga að hafa dýralækni búsettan í Stykkishólmi heldur en hjer í Reykjavík. Og sama má segja um Austfirðinga. Eins og það sje t. d. ekki betra fyrir Hjeraðsbúa, að hafa dýralækni búsettan á Reyðarfirði, heldur en norður á Akureyri. Jeg held því, að hæstv. ráðh. hafi ekki athugað þessi atriði í ræðu minni, þegar hann hreyfði þessum mótmælum, því að það liggur svo í augum uppi, að þetta er rjett hjá mjer, að hvert mannsbarn hlýtur að sjá það, sem á annað borð hefir opin augu fyrir þessum hlutum.

Jeg verð að segja, að mjer þótti það dálítið leiðinlegt, þegar hæstv. ráðh. fór að draga inn í þessar umr. einstakar lánveitingar við banka þann, sem jeg er bankastjóri við. Og það leiðinlegasta var fyrir hæstv. ráðh., að hann ámælti bankanum fyrir að hafa reynst Mjólkurfjelaginu illa. En jeg þori alveg að taka í ábyrgð, að framkvæmdarstjóri Mjólkurfjelagsins mun ekki taka undir þessi ummæli ráðherrans, því að sannleikurinn er sá, að við höfum stutt þetta fjelag, bæði með lánum og ábyrgðum. Þessi ásökun hæstv. ráðh. er því með öllu órjettmæt. Það má og geta þess hjer, að bankastjórn Íslandsbanka hefir nýlega gert ráðstafanir í þá átt, að bændum fyrir norðan verði lánað fje, vegna hinnar óhagstæðu kjötverslunar, sem þeir hafa haft nú síðastliðið ár. Á þetta minnist ráðherrann ekki. Annars finst mjer harla óviðkunnanlegt, að formaður bankaráðsins skuli vera að draga lánveitingar bankans inn í þessar umræður, en þó tekur út yfir alt, að hann skuli þá ekki einu sinni fara rjett með.

Hvað snertir hug minn til landbúnaðarins, þá get jeg vísað til framkomu minnar á fyrri þingum. Jeg hefi barist fyrir því, að hjer í þessu landi kæmist upp sjerstakur fasteignaveðbanki, en seðlabankinn væri í sambandi við hann. Hefði þeim ráðum verið fylgt, var búið að skipa landbúnaðinum í öndvegið. Þessum tillögum hefi jeg barist fyrir á undanförnum þingum, og jeg held, að allir hljóti að vera sammála um, að þær hefðu komið bændum og þjóðinni yfir höfuð að meira gagni, heldur en púðursykur sá, sem hæstv. ráðh. hefir viljað strá yfir bændur þessa lands. Þess vegna verður því ekki móti mælt, að jeg hefi borið fram betri tillögur til handa land-

búnaðinum en hæstv ráðh. Öllum vinum landbúnaðarins er að verða ljósara og ljósara, hve mikil lánsþörfin er. Að hæstv. ráðh. hefir unnið á móti þeim, tel jeg stafa af skilningsleysi hans, frekar en illvilja. En þegar skilningsleysi og illvilji fara saman, þá kastar alveg tólfunum.

Jeg skil ekkert í, hvers vegna fyrri ræða mín verkaði svona illa á hæstv. ráðh. Jeg var hógvær, og þakkaði það, sem þakka var vert hjá hæstv. stjórn. Er mjer því alveg ráðgáta, hvernig á þessu uppþoti ráðherrans stóð. En hvað þetta mál snertir, þá er jeg viss um, að ráðh. er í minni hluta nær alstaðar á landinu. (**LH**: Ekki í Skaftafellssýslu). Ja, það kann að vera, en þá er mínum góðu vinum, Skaftfellingum, illa brugðið, ef þeir kunna ekki skil á jafn-þýðingarmiklu máli fyrir landbúnaðinn sem þessu.

Gunnar Sigurðsson: Mjer fanst hæstv. atvmrh. gera lítið úr því, að bæta mætti við dýralæknana störfum. Það má vel vera, að það yrði erfitt fyrir dýralækninn á Akureyri að kenna vestur á Hólum, en víða hagar svo til, að hægt er fyrir dýralækna að taka að sjer kenslu. Og einmitt vegna strjálbygðarinnar virðist full þörf á að draga saman þau störf, er saman geta átt, en skifta þeim ekki á milli fleiri manna. Þarna vill nú svo vel til, að um skyld störf er að ræða. Dýralæknarnir eiga að vera það lærðir menn, að óhætt sje að fela þeim að standa fyrir kynbótasýningum. Þeir eiga beinlínis að hafa öðrum fremur sjerþekkingu í slíkum efnum. Það er líka erfitt og dýrt, að senda menn hjeðan, t. d. austur á land, til þess eins að mæta þar á sýningum. Hitt virðist rjettara, að fela það starf dýralækninum, sem búsettur er í þeim fjórðungi. Við það sparaðist ferðakostnaður hjeðan, sem hlýtur að nema allmikilli upphæð.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það fer hjer, eins og stundum hefir viljað brenna við áður, að inn í umr. dragast önnur mál og fjarskyld. Í þetta sinn hefir hv. þm. Dal. heiðurinn af því, að hafa komið af stað umr. um bankamál, sendiherrann í Kaupmannahöfn og fleira, sem liggur jafnfjarri því máli, sem hjer er á dagskrá.

Ræðum þeirra beggja, hv. þm. Rang. (EJ og GunnS), þarf jeg engu að svara, og sný mjer því að hv. þm. Dal. Hann vildi nú í seinni ræðu sinni gefa í skyn, að afstaða hans til bankamálsins hefði jafnan mótast af velvilja hans til landbúnaðarins. Það er því undarlegra að heyra þetta af vörum hv. þm., þegar öll alþjóð veit, að á bak við framkomu hans í þessu máli hefir legið alt annað en umhyggja hans fyrir landbúnaðinum. Skraf hans um fasteignabankann er marklaust hjal, og ekkert annað en orðin innantóm. — Annars vona jeg, að á næsta þingi gefist tækifæri til að prófa í reynd þennan velvilja hans til landbúnaðarins, og að þá sjáist, hvernig hv. þ. m. Dal. stendur við þetta loforð um að styðja að auknum og hagkvæmum lántökum landbúnaðinum til handa.

Þá þótti bankastjóranum undarlegt af mjer, sem formanni bankaráðsins, að draga hjer inn í umr. einstakar lánveitingar bankans. En hjer var aðeins um einstaka neitun bankans að ræða, um einstakt lán til sjerstaks fjelags, sem alt var um garð gengið, áður en

jeg gerðist formaður bankaráðsins. Hvort bankastjórnin hefir sjeð sig um hönd og veitt þessu fjelagi lán, skal jeg ekkert segja um. Jeg hefi ekki haft það til siðs, að vera með nefið niðri í einstökum lánveitingum bankans, síðan jeg varð formaður bankaráðsins.

Þá var sami hv. þm. að hrósa sjer af því, að bankinn hefði nú nýlega gert ráðstafanir til þess að bjarga bændum í Norðurlandi, vegna erfiðleika, sem þeir ættu í fjárhagslega. En sannleikurinn er sá, að bankinn neitaði fyrst að veita bændum þetta lán, en eftir kröfu frá mjer varð það þó úr, að lánið fjekst að einhverju leyti. Þessi tvö dæmi ættu að vera næg sönnun þess, af hvað miklum heilindum hv. þm. Dal. mælir, þegar hann er að tala um velvilja „bankastjórans" til landbúnaðarins. Í bæði þesssi skifti hefir hann beinlínis reynst fjandsamlegur í garð landbúnaðarins.

Sigurður Eggerz: Hæstv. atvmrh. var að dylgja um það, að eitthvað annað hefði vakað fyrir mjer í bankamálum, en að sjá landbúnaðinum borgið. En hvað annað vakti fyrir mjer? Afstaða mín til fasteignabankans sýndi það, að jeg og samherjar mínir höfðum fullan hug á að koma bankamálunum í gott horf. Og um leið skipuðum við landbúnaðinum í öndvegi.

Jeg held fast við það, sem jeg sagði áðan, að við höfum hjálpað Mjólkurfjelagi Reykjavíkur eftir því sem við höfum getað. Og til þess liggur sú einfalda ástæða, að við berum fullkomið traust til fjelagsins og sjáum, að því er vel stjórnað. Um þetta mætti spyrja framkvæmdarstjóra fjelagsins, og jeg er ekki í neinum vafa um, hverju hann muni svara.

Þá mintist hæstv. atvmrh. á lánið til norðlensku bændanna, og vildi láta líta svo út, að það væri veitt eftir beinni skipun frá sjálfum honum. Jeg vil þá leyfa mjer að spyrja: Er hann þá sem bankaráðsformaður orðinn lánveitandi, eða er það meiningin, að hæstv. stjórn ætli framvegis að blanda sjer inn í einstakar lánveitingar bankans? Ef svo er, þá er hjer lengra gengið en nokkur formaður bankaráðsins hefir leyft sjer áður. Hitt er satt, að hæstv. atvmrh. sagði mjer, að bændur þessir hefðu orðið illa úti, og mæltist mjög vingjarnlega til, að tekið yrði tillit til þessa í bankanum, eftir því sem hægt væri. Að lánið sje veitt eftir skipun hans, er því með öllu órjett.

Annars vil jeg skjóta því til hæstv. atvmrh., að jeg er ekki í neinum vafa um, að mínar till. í bankamálum munu reynast betri og heppilegri en hans, því að mínar kröfur í þessu efni eru bygðar á rjettari og sanngjarnari grundvelli en hann byggir.

Hann spurði líka, hvort jeg mundi standa við þessar kröfur, þegar á hólminn kæmi. Því get jeg svarað strax, að jeg er ákveðinn í því, að vilja styrkja landbúnaðinn svo um muni, því á því tel jeg mikla þörf. Enda hefir ekki verið lögð eins mikil rækt við þennan atvinnuveg og skyldi. Og jeg skal ljúka þessari athugasemd með því, að það er sannarlega kominn tími til þess, að gerðar sjeu viturlegar till. landbúnaðinum til bjargar.

Ólafur Thors: Jeg skal játa, að jeg er enginn sjerfræðingur til þess að

dæma um rjettmæti þessa máls, sem hjer liggur fyrir að ræða, enda er það heldur ekki nauðsynlegt.

Ef það er rjett, að gagn það, sem hægt er að hafa af dýralæknum, sje aðeins í því fólgið, að leita símleiðis ráða þeirra, þá er auðsætt, að einn dýralæknir nægir öllu landinu, ef hann þá er í símasambandi. En ef dýralæknir kemur að meira gagni þeim, sem nærri honum búa, og geta vitjað hans, og það tel jeg að muni vera, þá skilst mjer, að betra muni að hafa þá fleiri en færri, eða t. d. að 7 dýralæknar komi bændum að betra gagni heldur en 4 eða aðeins 2, eins og frv. fer fram á. Þess vegna get jeg ekki orða bundist um það, að mjer þykir þessi till., sem er fyrsta sparnaðartill. hæstv. stjórnar, koma úr hörðustu átt. Og hefði stjórnin í fyrra flutt þessa till., er jeg ekki í vafa um, að þá hefði núverandi hæstv. atvmrh. kallað það hnefahögg í andlit bænda, Enda verður því ekki neitað, með neinum skynsamlegum rökum, að þetta frv., um fækkun dýralækna, er hnefahögg til bænda.

Hæstv. forseti hefir sýnt háttv. þdm. mikið frjálslyndi við umr. þessa máls. Vænti jeg einnig að verða hins sama frjálslyndis aðnjótandi, og vil þá nota tækifærið til þess að minna á, að hæstv. forsrh. hefir rekið fleirum en bændum hnefahögg þessa dagana. Þegar hann beitti sjer gegn því, að kosning hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) væri tekin gild, rak hann rjettlætinu hnefahögg. Því hvað sem fækkun eða fjölgun dýralækna líður, þá er mjer áhugamál, að rjettilega kjörnum þm. þessarar hv. deildar verði fjölgað með því, að Alþingi samþ. tafarlaust kosningu hv. þm. N.-Ísf. Síðast, þegar spurt var um þetta mál, voru þau svör gefin, að beðið væri eftir einhverjum skjölum, er upplýsa ættu málið. Nú vil jeg spyrja: Eru þessi skjöl komin? — og, ef svo er, hvers efnis eru þau? Þessu beini jeg til hv. form. kjörbrjefanefndar (SvÓ) og vænti þess, að hann svari nú þegar, hvar komið sje störfum nefndarinnar og hvenær vænta megi endanlegs úrskurðar hennar.

Forseti (BSv): Þetta mál liggur að vísu ekki fyrir, og vona jeg því, að það lengi ekki umr. En hv. formaður kjörbrjefanefndar ræður því, hvort hann vill nú þegar svara þessum spurningum með nokkurum orðum.

Sveinn Ólafsson: Þetta mál liggur utan við dagskrá fundarins, og mun jeg því ekki lengja þessar umr. með því að fara að ræða það.

En að fundi loknum er jeg reiðubúinn að svara spurningum háttv. 2. þm. G.-K., í tómi, og vona, að hann láti sjer það nægja.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla ekki að fara að svara ræðu háttv. þm. Dal., en vildi aðeins taka það fram, að þetta hrósefni, sem hann eignar sjer, um lánveitinguna til bændanna fyrir norðan, er mjer að þakka. Því að það var fyrir mín orð, að hann fjelst á að veita lánið; áður var hann mótfallinn því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv., og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 210 og 226, 245).

Frsm. meiri hl. (Lárus Helgason): Vegna þess, að frsm. landbn., hv. 2. þm. Eyf., er ekki viðstaddur, mun jeg sem formaður nefndarinnar fylgja nál. úr hlaði með nokkrum orðum.

Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli. Fjórir nefndarmanna hafa orðið sammála um það, að sá sparnaður, sem leiðir af fækkun dýralækna, komi ekki að tilætluðum notum. Eins og drepið er á í nál., virtist nefndinni, að með betri tilhögun megi hafa meiri not af dýralæknunum hjer eftir en hingað til. Má þó ekki skilja þetta svo, að þeir hafi ekki orðið að notum. Ennfremur leit nefndin svo á, að ef tekið væri í lög, að eigi skulu vera nema tvö dýralæknaembætti hjer á landinu, þá muni ungum og efnilegum mönnum þykja svo óárennilegt, að stunda dýralæknisnám, að svo getur farið, að enginn fáist til að gegna þessum tveim embættum. Nefndinni virtist einnig, að hjer væri ekki um verulegan sparnað að ræða, og að niðurlagning embættisins mundi vekja óánægju, eins og komið hefir fram, þegar sameina hefir átt önnur embætti, eins og t. d. sýslumannaembættin. Nefndin áleit, að til hins sama mundi draga, ef dýralæknum yrði fækkað. Hv. 1. þm. Árn. hefir ekki getað átt samleið með öðrum nefndarmönnum, og mun hann sjálfur gera grein fyrir áliti sínu.

Jeg vænti þess, að hv. deild geti fallist á álit meiri hl., og mun því ekki orðlengja meira um málið.

Frsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. frsm. meiri hl. ljet þess getið, að þegar bornar væru fram till. um fækkun embætta, kæmi það fram, að menn vildu ekki missa þau. Jeg held, að það eigi nú ekki alstaðar við. En hvað sem um það er, þá álít jeg ekki rjett að líta á það eitt út af fyrir sig, heldur það, hvort embættin eru nauðsynleg eða ekki, og hvort starfið svarar til kostnaðar. Í mörg ár hefir verið kvartað yfir háum útgjöldum til embætta og sýslana. Og þegar litið er á tekjur landsins og skattabyrðar þær, er lagðar eru á borgarana, og launagreiðslu til embættismanna annarsvegar, þá held jeg, að þær kvartanir hafi ekki verið að ástæðulausu. Jeg hefi ekki aðgætt nákvæmlega, hve miklu er varið til launagreiðslu og beins kostnaðar við embætti og sýslanir, en hygg, að það sje ekki fjarri 5 milj. króna árlega. Þar að auki gengur í lögbundnar greiðslur, vexti og afborganir, ærið fje, svo að þessar upphæðir báðar verða um 7 miljónir. Með því að ganga nær gjaldþoli þjóðarinnar en tíðkast nokkursstaðar annarsstaðar, er hægt að fá tekjurnar upp í 10 milj. kr. á ári. Það er því bein skylda þingmanna, að gera alt, sem hægt er, til að draga úr kostnaði þessum, þjóðinni að skaðlausu. Má vel vera, að þess hafi hingað til verið síður gætt en skyldi, en það bætir ekki úr skák; þvert á móti. Og jeg verð að segja það um þetta frv., að jeg sje mjer ekki fært að leggjast á móti því, þegar litið er á verkefni þessara manna. Það er sannfæring mín, að litlu skifti, fyrir almenningsnot af dýralæknum, hvort þeir eru 2 eða 4, hvað ráðleggingar og vinnubrögð

snertir. Þótt þeir sjeu fjórir, er það ekki nema sáralítill hluti landsmanna, sem hefir bein not af þeim. Aðalverkefni þeirra hlýtur jafnan að vera að vera landsstjórninni til leiðbeiningar og ráðleggingar í sjergrein sinni, og veita almenningi fræðslu, einkum þeim mönnum, sem hneigðir eru til að sýsla um skepnur. En sú starfsemi er ekki meiri en svo, að tveir menn gætu int hana af höndum. Það munar minstu, þegar um almenningsnot er að ræða, hvort þeim er fækkað niður í 2, eða fjölgað upp í 7, eins og hv. 2. þm. Rang. ber fram frv. um. Þó mundu að vísu fleiri ná til læknanna, ef slík fjölgun næði fram að ganga. En hversu margir hv. þm. munu treystast til að stofna 3 ný embætti, þegar vonin um aukið gagn af starfsemi þessara manna er ekki meiri en hún er? Þótt svo kynni að fara, að þörf yrði á þessari fjölgun síðar meir, vil jeg bíða þess tíma, að starfsemin komi að gagni. Enn sem komið er, er samgönguleysið þrándur í götu þess, að svo geti orðið.

Það kom fram við 1. umr., að illa ætti við að fækka þessum starfsmönnum, vegna sveita landsins, En þegar jeg er ekki sannfærður um gagnsemi embættanna, vil jeg ekki setja það fyrir mig, þótt fækkun þeirra gangi út yfir þann hluta landsins, sem hefir e. t. v. fæsta embættismenn starfandi fyrir sig. Hv. meiri hl. landbn. vill halda tölu dýralækna óbreyttri, en jafnframt auka starfssvið þeirra, einkum hvað almenningsfræðslu snertir. En eins og jeg hefi drepið á áður, duga 2 til þess alveg eins og 4. Jeg er ekki að vanþakka þessum mönnum starfsemi þeirra undanfarið, en aðstaða þeirra hefir verið þannig, að starfsemi þeirra hefir ekki getað komið almenningi að beinum notum. En hvað sem um málið má segja, vonast jeg eftir, að hv. deild samþykki fremur hina rökstuddu dagskrá landbn., heldur en brtt. frá 2. þm. Rang. á þskj. 245. Því að ef þær ná samþykki, er þingið búið að binda hendur sínar um fjölgun dýralækna, og það mundi jeg síst kjósa. Ef það verður gert, get jeg ekki annað sjeð en að við stöndum höllum fæti á eftir, um að fækka embættum og sýslunum, þótt full þörf kunni að vera þá. Jeg vona því, að þótt háttv. meiri hl. landbn. leggist á móti frv., þá samþykki hv. deild það óbreytt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er vafalaust tilgangslaust að fjölyrða um þetta mál. Það, sem hjer er að gerast, er hið sama og oft áður hefir gerst. Þegar bornar eru fram tillögur um að fækka opinberum starfsmönnum, og þótt viðurkent sje, að það sje rjettmætur sparnaður, fara hlutaðeigendur ávalt af stað með svo sterka „agitation“, að þetta verður mjög erfitt. Jeg spáði því við 1. umr., að erfitt mundi verða að koma þessu máli fram, og mjer sýnist sú ætla að verða raunin á. Og jeg segi það hispurslaust, að það, hve linlega háttv. landbn. hefir tekið á málinu, stafar af undanlátssemi hennar við utanaðkomandi „agitation“, sem ekki á við rök að styðjast. Það er ekki fyrst og fremst reynt að mótmæla fækkun dýralæknanna með því að segja, að dýralæknaembættin á Reyðarfirði og í Stykkishólmi hafi reynst nauðsynleg á undanförnum árum. Nei, hv. landbn. dettur ekki í hug að bera það fram,

heldur kemur hún með það, að kanske megi hafa gagn af þeim á komandi tímum, láta þá kenna á námsskeiðum o. s. frv. En jeg vil ekki halda við embættum upp á svo loftkenda hluti. — Jeg taldi það skyldu mína, að bera fram þetta frv., af því að jeg taldi embættin ekki nauðsynleg. Og mjer þykir vænt um, að hv. form. millipinganefndarinnar í landbúnaðarmálum (JörB) stendur þó með mjer í þessu máli, einn hv. landbn.-manna.

Það er ekki rjett hjá hv. frsm., að sparnaðurinn af fækkun dýralækna verði mjög óverulegur. Hann verður nálægt 10 þús. kr. á ári, og það eru þó 5% vextir af 200 þús. kr. höfuðstól.

Jeg álít þýðingarlaust að ræða þetta mál frekar, en vil aðeins endurtaka það, að jeg álít óverjandi, að halda þá menn á opinberan kostnað, sem ekki fæst full eftirtekja af.

Jón Ólafsson: Því miður hefir nefndin ekki getað orðið samferða í þessu máli. Meiri hl. sjer sjer ekki fært að svo stöddu að leggja til, að dýralæknum sje fækkað, en minni hl. vill fallast á að hafa ekki nema tvo dýralækna, eins og í frv. segir. Ástæðan fyrir fækkuninni er aðeins sparnaðurinn, og vilja báðir nefndarhlutar fallast á, að hann verði nokkur. En meiri hl. vill aðeins ekki fallast á, að í öllum tilfellum sje rjettmætt að spara, einkum þegar um fagmenn er að ræða. Vitanlega er ekki hægt að neita því, sem hæstv. forsrh. sagði, að sparnaðurinn af þessari embættafækkun verður kringum 10 þús. kr. á ári — á fjárlögunum. En þegar litið er yfir búfjáreign landsmanna, verð jeg að segja, að 10 þús. kr. er ekki stór póstur, samanborið við það verðmæti, sem í búpeningnum liggur. Mjer virðist þá ekki verða æði mikið úr þeim sparnaði, og jeg hygg, að landsmenn verði fyrir meira tjóni af því að missa þessa tvo dýralækna, heldur en launum þeirra nemur. Það er svo margt, sem þjóðin heldur uppi til að hjálpa borgurunum við framleiðslustarfsemi sína, án þess að beinlínis sje hægt að benda á eftirtekju, sem renni til ríkissjóðs í beinhörðum peningum. Þannig er t. d. um Búnaðarfjelag Íslands og þá leiðbeiningarstarfsemi, sem það rekur. Jeg býst ekki við, að mönnum finnist hún svo lítils virði, að rjettmætt væri að leggja hana niður. Mjög líkt er ástatt um þetta. Vitanlega eru til þeir menn í landinu, sem álíta, að starf búnaðarráðunautanna svari ekki kostnaði, en mikill meiri hluti þjóðarinnar er á gagnstæðri skoðun og lítur svo á, að þeir sjeu mjög nauðsynlegir. Alveg eins er ástatt um dýralæknana. Meiri hl. landbn. hefir þá skoðun, að búfjárstofni landsmanna sje betur borgið, hann sje trygðari gegn skakkaföllum, ef dýralæknum er a. m. k. ekki fækkað. Ef dýralæknar eru aðeins tveir í landinu, þá sjer það hver maður, að ekki geta þeir verið á mörgum stöðum, auk þess sem þeir virðast hafa ærið verkefni við þær rannsóknir, sem stjórnin ætlar þeim að inna af hendi.

Allir vita, að starf dýralæknanna til þessa hefir ekki verið þýðingarlaust. Þeir hafa unnið mikið að útrýmingu fjárkláðans, og skal það að vísu játað, að ekki ber öllum saman um, hve rjett þeir hafi haft fyrir sjer í því máli. En um starfsemi þeirra í bráðapestarmálinu ætti ekki að geta orðið

ágreiningur. Það var ekki lítil fræðsla, sem þeir þurftu að veita mönnum, hjeðan og handan af landinu, um það, hvernig best væri að berjast gegn bráðapestinni.

Mjer er sagt af fróðum mönnum, að það sje út af fyrir sig mjög bagalegt að leggja niður dýralæknisembættið á Vesturlandi, vegna hins mikla hestaútflutnings þaðan. En dýralæknisvottorð er altaf heimtað með hestasendingunum, og hygg jeg, að það gæti orðið bæði umsvifasamt og kostnaðarmikið, að þurfa altaf að reka hestana þangað, sem slíku vottorði yrði náð, ef aðeins væru tveir dýralæknar. Jeg hefi spurst fyrir um það, hvort slík vottorð væru heimtuð með kjötsendingum frá landinu, og sagði mjer forstjóri í Sambandi ísl. samvinnufjelaga, sem þessum málum er vel kunnugur, að þau væru ekki e n n heimtuð. En jafnframt sagði hann, að ef galli kæmi fram í einhverri kjötsendingu, mætti búast við, að sú krafa yrði gerð. Að vísu yrði ekki endilega heimtað vottorð frá dýralækni, heldur yrði alment læknisvottorð talið jafngilt. En þau mundu kosta sinn skilding, geri jeg ráð fyrir.

Fyrir meiri hl. landbn. vakti sú stefna, sem nú er mjög uppi, að láta dýralæknana veita hæfum mönnum í sveitum landsins fræðslu um ýms atriði í meðferð sjúkdóma og meiðsla á dýrum. Í flestum sveitum munu nú vera til menn, sem bæði vilja og geta hjálpað í ýmsum algengum húsdýrasjúkdómum og við slysfarir á dýrum, ef þeir hljóta aðeins nokkra fræðslu hjá dýralækni. — Í stuttu máli þóttist meiri hl. eigi finna í frv. þann sparnað, sem til nytsemdar gæti talist. Jeg fyrir mitt leyti — og þar hygg jeg mig tala fyrir hönd fleiri manna, — vil ekki láta undan þeim hugsunarhætti, sem búið er að ala mjög upp með þjóðinni, að skilyrðislaust eigi að fækka starfsmönnum þjóðfjelagsins. Þar sem þeir gera betur en að vinna fyrir kaupi sínu, á tvímælalaust að láta embættin haldast.

Að þessu sinni get jeg látið vera að segja meira.

Gunnar Sigurðsson: Nú er þegar liðið mjög á fundartimann, og verður sennilega að ræða þetta mál lengur en í dag. Flestir ræðumenn hafa talað um þetta mál eins og smámál, en það er engan veginn rjett. Því er algerlega óheimilt að flýta umræðunum svo, að hv. þdm. þurfi að greiða atkv. að óathuguðu máli.

Mjer sýnist nú ekki vera miklar horfur á, að mínar till. nái samþykki að þessu sinni. En það er svo um mörg góð mál, og einkum þau bestu, að þeim hefir ekki orðið framgengt við fyrstu atlögu. Jeg er alveg viss um, að framtíðarskipulagið verður fjölgun dýralækna, ef nokkrar framfarir eiga að verða í búskapnum. Jeg skal benda á skylt atriði, fjölgun lækna í landinu á sínum tíma — en það er meiri skyldleiki þarna á milli en jeg hygg, að menn geri sjer alment grein fyrir. — Það þótti stórt spor, þegar læknum var fjölgað úr einum í fjóra, og þurfti mörg ár til að sannfæra menn um, að þetta væri ekki óþörf eyðslusemi. — Þörfin fyrir dýralækna eykst með auknu afurðamagni. Jeg hefi áður bent á, að vátrygging búpenings getur ekki talist möguleg, nema með dýralæknisefirliti. Eins er um eftirlit með

útfluttum búsafurðum og þó einkum varnir gegn útbreiðslu alidýrasjúkdóma, sem áreiðanlega verður ilt að koma í veg fyrir, að endrum og eins berist til landsins.

Jeg get skotið því hjer inn, að eins og jeg hefi áður tekið fram, er það ekki ætlun mín, að þegar í stað verði settir 7 dýralæknar. Þess er máske varla þörf enn, og það er ekki heldur hægt að koma því í framkvæmd, vegna þess, að ekki eru til nógu margir menn með hina nauðsynlegu þekkingu. En frv. því, er jeg bar fram, er ætlað að vera framtíðarskipulag þessara mála. Jeg vona, að með því takist að tjalda til meira en einnar nætur, enda þótt þetta úreldist auðvitað síðar, eins og alt annað.

„Höggur sá, er hlífa skyldi", má segja um hv. 1. þm. Árn., er hann gerist fyrstur manna til að mæla með fækkun dýralækna, þótt með hverju ári verði háværari kröfurnar um Suðurlandsundirlendið að fá þeim fjölgað. Um kostnaðinn af þessum embættismönnum vil jeg benda á, að ekki þurfa þeir að bjarga lífi margra stórgripa, til þess að vinna fyrir sjer. Jeg fyrir mitt leyti hefi t. d. áreiðanlega mist 2 stórgripi þau 4 ár, sem jeg hefi stundað búskap, sakir þess, að ekki náðist til dýralæknis.

Hjer hefir verið minst lauslega á störf dýralæknanna, og er óneitanlega einkennilegt að heyra ummæli í þá átt, að eiginlega hefðu þeir ekkert gert til gagns. Hvað hafa þeir t. d. gert í kláðamálinu? (**Forsrh. Trþ:** Já, hvað hafa þeir gert í kláðamálinu?) Þeir hafa tekið upp og framfylgt þeirri stefnu, að sjálfsagt væri að útrýma kláðanum með lækningu, en ekki niðurskurði. (**Forsrh. Trþ:** En það hefir aldrei verið hægt að fara að þeirra tillögum). Þess vegna er fjárkláðanum heldur ekki útrýmt. Eins hafa þeir unnið mikið starf í því að halda niðri bráðapestinni með bólusetningum, og lungnaormaveikinni í sauðfje. Hygg jeg, að það verk þeirra hafi ekki enn verið til peninga metið.

Jeg skal taka fram, að nú þegar hafa komið allmargar áskoranir til Alþingis, þar sem fækkun dýralækna er harðlega mótmælt, og er jafnvel sumstaðar krafist, að þeim sje fjölgað. Eru þessar áskoranir einkum af Austurlandi, og má sjerstaklega geta þess, að eitt brjefið er frá Búnaðarsambandi Austurlands. Eitt fjelag, sem mikið tillit ætti að taka til í þessu máli, Dýraverndunarfjelagið, hefir ennfremur lýst fylgi sínu við mína stefnu. Fyrir þessar sakir leyfi jeg mjer að fullyrða, að alt, sem fram hefir komið, hnígur í þá átt, að fjölga beri dýralæknum. Þeir hv. þm. V.-Sk. og hv. 3. þm. Reykv. eru mjer líka að mestu sammála, þar sem þeir leggja á móti stjfrv. og till. hv. 1. þm. Árn. En þótt jeg fallist á margt hjá hv. meiri hl. landbn., ber jeg þó fram aðra till. til rökstuddrar dagskrár, og ef hún verður samþykt, mun jeg taka aftur frv. mitt, sem hjer er á eftir á dagskránni. Get jeg sannast sagt ekki skilið, hvernig menn geta verið því andvígir, að Búnaðarfjelag Íslands og búnaðarsamböndin athugi málið til næsta þings. Það er heldur fáránleg ályktun hjá hv. 1. þm. Árn., ef hann hefir nokkra trú á sínum málstað, að gera ráð fyrir því fyrirfram, að þau hljóti að fylgja mínu frv. (**JörB:** Það er fyrirfram búið að „agitera" í þeim).

Ef svo er, að öll búnaðarsamböndin og Bf. Í. eru nú þegar með fjölgun dýralækna, þá er það aðeins ný sönnun fyrir ágæti málsins.

Jeg skal fúslega játa, að mjer er dálítið um hönd að biðja hæstv. landsstjórn að semja frv. um fjölgun dýralækna. En hæstv. atvmrh. sagði við 1. umr., að sjer væri þetta mál ekki kappsmál, og þar sem hann er talsvert riðinn við búnaðarfjelagið, tel jeg víst, að honum verði ekki mikið á móti skapi að bera fram tillögur þess.

Sem ástæður móti dagskrártill. hv. meiri hl. vil jeg geta þess, að fyrir mjer er það aðalatriði, að dýralæknunum verði falin kensla í meðferð algengustu húsdýrasjúkdóma og eftirlit með sýningum á kvikfjenaði. Vona jeg að mönnum skiljist, að þeir hafa betri aðstöðu, hvað þekkingu snertir og fleira, heldur en búnaðarráðunautarnir, til þess að leysa þetta vel af hendi. Dýralæknarnir hafa beinlínis sjerfræðipróf í þessu, enda gegna ýmist dýralæknar, eða menn með prófi frá dýralæknaskólum í húsdýrarækt og húsdýrasjúkdómum, samskonar embættum í öllum menningarlöndum.

Pjetur Ottesen: Jeg vona, að hæstv. forseti vaki vel yfir þeim fáu sálum, sem enn eru í deildinni, svo að ræðumenn geti að minsta kosti nokkurn veginn heyrt til sjálfra sín fyrir skvaldrinu.

Við 1. umr. gat jeg þess, að þótt mjer virtist byrjað á öfugum enda um embættismannafækkunina í þessu frv., þá mundi jeg þó greiða því atkv. mitt.

Jafnframt bar jeg fram brýningu til hæstv. stjórnar, um að bera fram tillögur um fækkun á fleiri embættum og sýslunum. Skoraði jeg á hana að láta nú hendur standa fram úr ermum og bera víðar niður. En það hefir alt verið til einskis mælt, að því er sjeð verður. Það er alment viðurkent, að bein not af dýralæknum til almennrar lækningastarfsemi — nema þegar sjerstaklega stendur á — sje tiltölulega lítil, sökum þess, hve dreifðir þeir eru. Ef því á að láta þá halda sömu tölu og hingað til hefir verið, verður að leggja aðaláhersluna á fræðslustarfsemi þeirra. Hv. landbn. vill í dagskrá sinni sveigja nokkuð inn á þessa braut, en ef svo á að fella frv., sem nú eru allar horfur á, þá vil jeg að athugað sje, hvort ekki er tiltækilegt að færa verksvið dýralæknanna ennþá lengra út. Vill ekki hæstv. landsstjórn taka til athugunar, hvort dýralæknarnir geta eigi tekið að sjer ýms þau störf, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir nú með höndum, t. d. eftirlitið með kynbótum nautgripa, sauðfjenaðar og hrossa? Starf þetta er m. a. í því fólgið, að veita forstöðu sýningum víðsvegar um landið og ráðleggja um gripaval. Sýnist mjer, að það gæti vel samrýmst starfi dýralæknanna, að stjórna þessum sýningum og gefa leiðbeiningar. Þarna gætu þeir jafnframt komið fram sem leiðbeinendur um meðferð sjúkdóma og slysa á skepnum, þannig, að þeir, sem sæktu sýningarnar, yrðu aðnjótandi almennrar fræðslu um þessi atriði. Mjer finst því fullkomlega þess vert, úr því að það eru litlar sem engar horfur á að málið fái að ganga fram, að reyna að gera það besta í málinu, sem kostur er á, þannig, að tilgangi frv. um sparnað á ríkisfje verði

að einhverju leyti náð. Jeg vildi því, að hæstv. stjórn væri falið að taka til athugunar, hvort ekki væri hægt að samrýma þessa grein af starfsemi Búnaðarfjelags Íslands við starfsemi dýralækna. Við það mætti fækka ráðunautum Búnaðarfjelagsins, og er það vitanlega sparnaður á ríkisfje; því, eins og kunnugt er, byggist starfsemi Búnaðarfjelagsins einungis á fjárframlagi úr ríkissjóði. Það hefir a. m. k. einn dýralæknir látið það í ljós, að hann álíti þetta mjög vel geta farið saman. Einnig vil jeg benda á, að þegar stofnað verður til þeirra rannsókna á alidýrasjúkdómum, sem fyrirhugaðar eru, og gert er ráð fyrir að veita fje til í fjárlögum 1929, væri sjálfsagt að nota starfskrafta dýralækna til þeirra þarfa að vetrarlagi, þegar þeir eru ekki á ferðalögum.

Jeg vil því hjer með, sökum þess, sem jeg áður sagði, að mjer virðist sýnt, að ekki verði hægt að koma þessari fækkun fram, bera fram rökstudda dagskrá, sem breytingu við hina rökstuddu dagskrá nefndarinnar, og hún hljóðar svo:

„Í því trausti, að atvinnumálaráðuneytið setji dýralæknum nýtt erindisbrjef, þar sem meðal annars sje ákveðið, að þeim sje skylt að veita almenningi fræðslu um eðli algengustu alidýrasjúkdóma og meðferð þeirra, með fyrirlestrum og námskeiðum og á annan hátt, og að ráðuneytið taki ennfremur til athugunar, hvort ekki sje unt að færa svo út starfssvið dýralækna, að þeir hafi einnig á hendi þá grein starfsemi Búnaðarfjelags Íslands, sem lýtur að hrossa-, nautgripa- og sauðfjárrækt, svo að þar megi fækka ráðunautum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Forseti (BSv): Mjer hefir borist brtt. við rökstudda dagskrá meiri hl. nefndarinnar, sú, sem nú var lesin hjer í deildinni. Þetta virðist vera tölulvert innlegg í málið, og þar sem ýmsir hafa kvatt sjer hljóðs, sje jeg ekki annað fært, en að taka málið út af dagskrá.

Er þá umræðu frestað.

Á 29. og 32. fundi í Nd., 22. og 25. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr. (A. 18, n. 210 og 226, 245).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Dýralæknar (frv. GunnS).

Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um dýralækna (þmfrv., A. 65).

Á 13. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Gunnar Sigurðsson): Eins og jeg tók lauslega fram, þegar hæstv. atvmrh. lagði fram stjfrv. um dýralækna, hefir það frv., sem jeg flyt nú, verið í undirbúningi síðan í sumar. Hafa ýmsir merkir menn unnið að því, og má nefna Sigurð búnaðarmálastjóra og dýralæknana. Einkum hefir Jón Pálsson dýralæknir á Austurlandi lagt við það mikla alúð. Dálitlar breytingar hefi jeg gert á frv., síðan það var sent til þingmanna flestra. T. d. er sú, að laun dýralæknanna eru nú

áætluð 500 kr. lægri, og er þar farið eftir núgildandi launalögum.

Jeg get verið hæstv. atvmrh. þakklátur fyrir frv. sitt, þótt við sjeum sitt á hvorri skoðun um tölu dýralæknanna. Fyrir okkur báðum vakir vafalaust það sama, að koma skipulagi á þetta atriði. Það ætti eigi að spilla fyrir þessu frv., að jeg flyt það sem utanflokkamaður. Skal jeg nota tækifærið til þess að taka það fram, að jeg hefi eigi gengið í Framsóknarflokkinn, þótt jeg sje í kosningasambandi við hann.

Jeg vona, að hv. þm. geti verið sammála um það, að hjer sje um framtíðarskipulag að ræða. Það getur varla komið til mála, að þjóðin fari að stíga spor aftur á bak, með því að fækka dýralæknum. Reynsla annara þjóða hefir sýnt, að með auknum framförum í landbúnaði verður að fjölga dýralæknum. Þó að gert sje ráð fyrir 7 dýralæknum í frv., ætlast jeg eigi til, að þeir verði þegar í stað svo margir. Nú eru heldur ekki til í landinu nema 4 menn, sem numið hafa dýralækningar, og mjer er eigi kunnugt um, að nokkur leggi stund á þær nú sem stendur.

Hæstv. forsrh. tók það fram, að dýralæknir þyrfti að vera á Suðurlandi. Er og einsætt, að svo er. Nú er nýstofnað mjólkurbú í Flóanum og annað á uppsiglingu í Rangárvallasýslu. Verður því brýn nauðsyn á að hafa þar eftirlit með kúm og heilsufari þeirra. Þegar útflutningur á frystu kjöti færist í vöxt á Suðurlandi, þarf og á dýralækni að halda, til þess að annast stimplun þess.

Þótt allítarleg greinargerð fylgi frv., vil jeg nú fara nokkru nánar út í einstök atriði málsins.

Nú sem stendur er eytt afarmiklu fje til útrýmingar á berklaveiki. Það er því einkennilegt, að eigi skuli lögð meiri stund en er á það, að koma í veg fyrir berkla í kúm. Í nálægum löndum hefir það komið fram við rannsókn, að heilsufar kúnna er mjög alvarlegt. Í Danmörku er talið, að 40% af öllum kúm sjeu berklaveikar. Danir treystast eigi til að skera niður allar sjúkar kýr, en láta sjer nægja að gerilsneyða mjólkina. En Ameríkumenn drepa allar berklaveikar kýr, og er nú tala þeirra komin niður í 1½%. — Annað atriði, sem sterklega mælir með fjölgun dýralækna, eru hinar fyrirhuguðu búfjártryggingar. Stjórnin flytur nú frv. um þær. En jeg get varla hugsað mjer, að þær geti orðið í stórum stíl, ef dýralæknar eru eigi fleiri en nú. Dýralæknir verður t. d. að skera úr því, hvort nauðsynlegt sje að drepa sjúkan grip.

Gerum ráð fyrir, að pest komi upp í búfje. Tveir dýralæknar mundu þá lítið fá að gert. Hvernig færi t. d., ef klaufnaveiki kæmi upp austur í Hornafirði, og dýralæknirinn í Rvík kæmist eigi þaðan fyrir önnum? Þá yrði að leita til dýralæknisins á Akureyri. Hætt er við, að veikin væri búin að gera usla, áður en hann kæmi á vettvang.

Jeg vil undirstrika það, að hlutverk dýralæknanna á ekki eingöngu að vera það, að lækna, heldur eigi síður að koma í veg fyrir sjúkdóma.

Hæstv. stjórn hefir sýnt áhuga á því að láta rannsaka alidýrasjúkdóma. En jeg fæ ekki betur sjeð, en að það

sje nauðsynlegt að hafa marga dýralækna til þess að safna skýrslum og upplýsingum utan af landi og senda til rannsóknarstofunnar. Það hefir verið beðið um álit forstjórans í Veterinær Fysikatet í Khöfn, og hann hefir látið eindregið í ljósi þá skoðun, að fækkun dýralækna, frá því sem nú er, muni mjög draga úr gagnsemi slíkrar stofnunar, enda standa henni fyrir þrifum, hve fáir þeir eru fyrir.

Það tel jeg merkilegt atriði, sem þetta frv. mitt gerir ráð fyrir, að sameina önnur störf dýralæknastarfseminni. Tvímælalaust getur þetta komið til greina hvað snertir ráðunautsstörfin. Dýralæknar ættu að vera betur „kvalificeraðir" til þeirra starfa en þeir, sem hingað til hafa gegnt þeim. Þeir hafa meiri og betri þekking heldur en búfræðingar yfirleitt, og hafa numið sín fræði á vísindalegan hátt. Auk þess er ekkert á móti því, að dýralæknar hefði á hendi kenslu við búnaðarskólana, eða jafnvel alþýðuskóla í sveitum. Er þá gert ráð fyrir, að þeir sje búsettir í sveit, enda komast þeir með því í nánari kynni við bændur og hafa meiri íhlutun um mál þeirra. Eins og hæstv. atvmrh. benti á, er eðlilegast, að dýralæknar sitji í stærstu landbúnaðarhjeruðunum. Það má að vísu segja um Reykjavík, að hún kemst ekki af án dýralæknis, en aðrir kaupstaðir hafa enga eða mjög litla þörf í þá átt. Það er því furðulegra, að í tveim stærstu landbúnaðarhjeruðunum skuli enginn dýralæknir vera búsettur. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til háttv. landbn., ef hún fellst ekki á að fjölga dýralæknunum, svo sem hjer er farið fram á, hvort ekki sje þá rjett að breyta til um bústaði þeirra, sem fyrir eru, þannig, að einn sitja í Borgarfirði og annar á Suðurlandsundirlendinu. Til þess ber brýn nauðsyn, og svo mikið er víst, að austanfjalls hafa komið fram raddir um slíkt.

Jeg skal benda á enn nýtt starf, sem dýralæknar hafa fengið, og vaxandi menning með kröfum sínum um vöruvöndun og heilbrigðisráðstafanir gerir æ umfangsmeira. Þetta starf er eftirlit með matvælum, hvort heldur send eru á erlendan markað eða seld heima fyrir. Þetta höfum vjer og tekið upp að nokkru, svo sem t. d. um skoðun á útfluttu kjöti, en þó er langt frá, að það sje enn með tískusniði. Annarsstaðar er það talið starf dýralækna að hafa eftirlit með mjólk, sem seld er til neyslu í borgum og bæjum. Hjer í Reykjavík mun heilbrigðisfulltrúi hafa þetta eftirlit á hendi. Með fjölgun dýralækna ætti þeim að verða hægra um vik að geta kent og leiðbeint þeim mönnum, sem sjerstaklega eru hneigðir fyrir lækningar, svo að þeir geti orðið að liði, ef á liggur. Æskilegast væri, að maður væri í hverjum hreppi, sem þekti helstu sjúkdóma búpenings og ráðleggingar við þeim. Eins og flestir vita, er enn blandað allskonar hindurvitnum inn í lækningaaðferðir alþýðufólks sumstaðar. T. d. það, að lækna hest með því að klippa galdrastaf á lend honum, sem jeg veit dæmi til. Dýralæknarnir eiga að koma læknisþekkingunni út til fólksins.

Þá er eitt atriði enn, sem jeg vil leggja mikla áherslu á, og það er mannúðarhlið þessa máls. Jeg drap lauslega á þá hlið við 1. umr. um frv. hæstv. stjórnar um fækkun dýralækna, svo að jeg get gengið út frá því, að

menn viti við hvað jeg á. Frá mínu sjónarmiði er það stórt atriði, og jeg veit, að Dýraverndunarfjelag Íslands mun senda erindi hingað til Alþingis, þar sem mótmælt er fækkun dýralækna, með þeim forsendum, sem jeg áður hefi drepið á.

Það var sagt hjer í þessari háttv. deild, við 1. umr. stjfrv. um dýralækna, að með því væri reiddur hnefi að bændum landsins. Jeg álít, að því fari fjarri, að það sje viljandi gert. Jeg þykist vita, að aðalatriðið, sem fyrir hæstv. atvmrh. hafi vakað, hafi verið það, að koma á breyttu og bættu skipulagi, þótt við sjeum hinsvegar ekki sammála, með hverjum hætti það megi best verða.

Að svo mæltu vil jeg biðja háttv. deild að vísa þessu frv. til 2. umr. og landbn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins fá orð, sem jeg þarf að láta falla um þetta frv. Þótt jeg sje því andvígur, vil jeg ekki beita mjer fyrir því, að það fari ekki til 2. umr. En háttv. flm. gat mín svo oft í ræðu sinni, að jeg verð að gera honum nokkur skil.

Jeg vil geta þess til skýringar, að jeg vil halda fast við þá skoðun mína, að það sje vel forsvaranlegt, frá sjónarmiði landbúnaðarins, að fækka dýralæknum. En ef því fæst ekki framgengt, þá tel jeg tvímælalaust hentugra að flytja þá til, þannig, að þeir búi innan um bændur. Og í því sambandi vil jeg taka það fram, að það hjerað, sem að sjálfsögðu hefir mesta þörf fyrir sjerstakan dýralækni, væri Suðurlandsundirlendið. **(GunnS:** Alveg rjett!).

Annars eru tvö atriði í sambandi við þetta frv., sem vert er að athuga. Annað er það, að nú sem stendur eru aðeins til 4 menn með prófi í dýralæknisembætti, og enginn við nám. Hjer er því um það að ræða, að setja löggjöf, sem kemur ekki til framkvæmda fyr en eftir 5—10 ár. Mjer finst rjettara, að láta þá fulltrúa, er þá sitja á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, hafa fyrir því að ákveða um þetta atriði, eftir því, sem þá þykir henta. Hitt atriðið er þetta: Þegar stofnað er til nýrra embætta, má að minni hyggju ekki minna vera en að komið hafi fram um það rökstudd beiðni og berleg þörf sje fyrir hendi. Tilefnið er í þessu tilfelli algerlega ófullnægjandi. Það hefir ekki komið nein beiðni í þessa átt frá fólki utan af landi, heldur er frv. samið af einum dýralæknanna, sem nokkurskonar mótleikur gegn frv. því, er stjórnin ber fram, um fækkun dýralækna.

Flm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg tók það fram, að jeg gerði ekki að kappsmáli, að frv. næði óbreytt fram að ganga, t. d. það, að dýralæknarnir yrði endilega 7. Aðalatriðið fyrir mjer er það, að þeim fækki ekki frá því, sem nú er, verði þá 4—5, og færðir til, þannig, að þeir kæmi að betri notum, og sitji einn á Suðurlandi, austan fjalls.

Að fresta löggjöf fyrir þær sakir, að einhverra orsaka vegna geti ekki komið til fullra framkvæmda strax, tel jeg ekki ráðlegt. Fari frv. fram á æskilegar umbætur, verður það til þess að ýta undir, að því marki verði náð, sem þar er sett upp.

Hvað undirbúning þessa frv. snertir,

þá er það ekki allskostar rjett, sem hæstv. atvmrh. sagði um hann. Margir fleiri hafa þar lagt hönd að verki, lesið frv. yfir og gert við það athugasemdir, heldur en Jón Pálsson, dýralæknir, sem að vísu er aðalmaðurinn við samningu þess.

Það er heldur ekki rjett hjá hæstv. atvmrh., að engar óskir hafi heyrst um fjölgun dýralækna. Það hafa oft verið uppi óskir um þetta meðal almennings, að minsta kosti hafa oft komið fram raddir um það á Suðurlandsundirlendi.

Hvað sparnaðinum við frv. hæstv. atvmrh. viðvíkur, þá er einnig um sparnað að ræða með þeirri skipun, sem hjer er gert ráð fyrir, þótt dýralæknum yrði fjölgað upp í 7, ef hægt er að sameina önnur störf, sem hingað til hafa verið unnin fyrir sjerstakt fje, við aðalætlunarverk þeirra. Og þótt útgjöld sýni sig á pappírnum, geta þau unnist upp á ýmsan hátt, í auknu hagræði, tryggari bústofni o. s. frv. Það dugar ekki að segja eins og Danskurinn: „Lige meget hvad det koster, bare man sparer".

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 29. og 32. fundi í Nd., 22. og 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 65, n. 225, 244).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Þingsköp Alþingis.

Á 6. fundi í Nd., 25. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á l. um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915 (þmfrv., A. 47).

Á 8. fundi í Nd., 28. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Utanríkismálin eru, eins og kunnugt er, að litlu leyti í höndum okkar Íslendinga sjálfra. Þetta frv. er borið fram í því skyni, að eitthvað megi lagast frá því, sem verið hefir um meðferð þeirra mála.

Hingað til hafa utanríkismálin aðeins átt heima í stjórnarráðinu, en þingið fengið mjög litið um það að vita, hvað þar hefir gerst. Stundum eru kallaðir saman leynifundir í þinginu, eða leynifundir þingmanna innbyrðis, og leitað álits þingmanna á þann hátt um það, sem fyrir kann að hafa komið. En þetta er auðvitað mjög fjarri því, að þingið hafi beina íhlutun um það, sem gerist í þessum málum. Því hefir okkur Alþýðuflokksmönnum komið í hug, að rjett væri að gera þær umbætur, sem frv. þetta ræðir um, til þess að þingið geti fylgst með. Þetta ætti reyndar ekki að þurfa að vera neitt flokksmál. Það er víst, að væri föst utanríkismálanefnd, þá ætti að geta orðið meiri festa í málunum. Er það styrkur fyrir stjórnina að hafa slíka nefnd á bak við sig, ekki aðeins um þingtímann, heldur einnig utan þinga.

Ef einhverntíma á að hugsa til þess, að Ísland fái sjálft meðferð utanríkismálanna í sínar hendur, þá verður eitthvað að gera ráð fyrir því, að það sjeu fleiri en sá eini maður, sem forsæti skipar í stjórninni, eða tveir menn, sinn úr hvorum flokki, sem þekki þau mál. Það verður að ala upp menn í þinginu, sem fylgjast með þeim og geti gert um þau tillögur. Þess má líka vænta, að nefndin stuðlaði að því, að utanríkismálunum yrði meira sint og reynt meira að draga áhrifin á stjórn þeirra hingað inn í landið. Sjerstaklega vil jeg minnast á það, að nauðsyn er til, að slík nefnd hafi starfað í nokkur ár og haft nauðsynlegan undirbúning áður en kemur til sambandsslita við Dani árið 1940.

Jeg vænti þess, að hv. deild taki vel þessu litla frv. og vísi því til 2. umr. og allshn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla aðeins að geta þess, að jeg hefi átt tal við ýmsa hv. þm. um þessi mál og hefi á prjónunum tillögur, sem fara í nokkuð svipaða átt og þetta frv., en þó með nokkuð öðrum hætti. En tilgangurinn er að ná sama marki og mjer skilst þetta frv. stefna að. Jeg sje ekki ástæðu, við fyrstu umr., að fara inn á þetta atriði, en vildi mega skjóta þeirri ósk til hv. allshn., sem mun sennilega fá málið til athugunar, að jeg fengi að eiga tal við hana um það, áður en hún afgreiðir það frá sjer.

Pjetur Ottesen: Með þessu frv. leggur hv. flm. til að kjósa 7 manna nefnd í sameinuðu þingi, sem sje vísað til öllum utanríkismálum, sem sameinað þing hefir til meðferðar, og auk þess starfi þessi nefnd milli þinga að slíkum málum, ásamt stjórninni. Það hafa ekki komið neinar tillögur um skipun slíkrar nefndar fyr en nú. Það mætti því ef til vill draga þá ályktun út frá þessu, að hv. flm. líti svo á, að núverandi stjórn væri þannig skipuð, að ástæða væri að gera sjerstakar ráðstafanir um eftirlit með gerðum hennar í þessum málum.

Eins og kunnugt er, eru utanríkismálin oft og tíðum ákaflega viðkvæm mál, og landsmenn eiga ákaflega mikið undir því, hvernig tekst um meðferð þeirra. En heppileg úrslit og afgreiðsla þeirra mála byggist vitanlega á því, að þeir, sem með þau fara, sýni næga festu, gætni og hyggindi. En umfram alt verður þó altaf að vera vel vakandi hjá slíkum mönnum sá sjálfstæðisandi, sem felst í orðunum „Ísland fyrir Íslendinga."

Hvað viðvíkur tilhögun þeirrar nefndarskipunar, sem frv. fer fram á, þá virðist mjer hún óheppileg. Hjá okkur er, eins og kunnugt er, tvískift þing, og öll afgreiðsla og meðferð mála, sem í lagaformi eru, er vitanlega miðuð við þessa tvískiftingu. Þannig er fyrirskipað, að lagafrv. hvert verði að bera fram í annarihvorri deildinni. Málin eru svo rædd þar, og að þeim unnið að öðru leyti í þeim nefndum, sem deildirnar skipa. Það er því sýnt, að ekki er samrýmanlegt þingsköpum að ætla að láta nefnd, sem kosin er í sameinuðu þingi, taka til meðferðar þau mál, sem borin eru fram í deildunum. Þrátt fyrir það, þótt þessi nefnd yrði kosin á þennan hátt í sameinuðu þingi, yrði að vísa öllum utanríkismálum, sem

borin væru fram í þinginu í lagaformi, fyrst til fastanefndanna í deildunum, eða þá kjósa sjerstaka nefnd í hvorri deild fyrir sig til þess að hafa þau til meðferðar. Þannig er það, að starf þessarar nefndar, eins og það er fyrirhugað, fellur alls ekki saman við núverandi skipulag þingsins.

Jeg er því samþykkur, að einhverjar ráðstafanir í þessa átt sjeu gerðar. En þó því aðeins get jeg fallist á að efnt sje til nefndarkosninga í þessu augnamiði, að sú aðferð sje viðhöfð, að kosin sje nefnd í hvorri deild fyrir sig.

Vitanlega er ekkert því til fyrirstöðu, að þessar nefndir vinni saman, enda er ráð fyrir því gert í þingsköpum, að fastanefndir þingsins hafi samvinnu um ýms mál. Viðvíkjandi starfi þessara nefnda utan þinga, en þá kæmi nefndin að sjálfsögðu fram sem samvinnunefnd beggja deilda, er það að segja, að það þarf ekki annað en setja ákvæði um það í þingsköpin, að þessi nefnd skuli hafa það fram yfir aðrar nefndir þingsins, að vera ráðunautur stjórnarinnar milli þinga

Jeg vil því skjóta því til hv. flm., um þennan sjerstaka flokk mála. hvort hann gæti ekki fallist á þetta, og jafnframt til þeirrar nefndar, sem fær málið til meðferðar, að ef hún felst á þessar till. minar, þá færi hún frv. í það form, sem jeg tel í raun-inni það eina form, sem samræmanlegt er við þá þingskipun, sem við eigum nú við að búa.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Ræða hv. þm. Borgf. gefur mjer ekki ástæðu til margra athugasemda. Það er aðeins tvent, sem jeg vildi minna á til svars.

Hv. þm. gat þess, að þetta frv. væri sjerstök varúðarráðstöfun gagnvart þeirri hæstv. stjórn, sem nú er, af því að slíkt hefði ekki komið fram fyr. Jeg neita því, að þetta sje sjerstaklega vegna þessarar stjórnar, frekar en hverrar annarar stjórnar. Jeg álít, að þingið eigi að fylgjast með gerðum hverrar stjórnar sem er. En ef það væri eitt frekar en annað, sem hefði ýtt á eftir þessu frv., þá er það fremur meðferð fráfarandi stjórnar landsins en vegna þeirrar núverandi.

Hitt atriðið var það, að háttv. þm. Borgf. taldi rjettara að hafa sína nefndina í hvorri deild, sem ynnu síðan saman að þessum málum. Mjer finst þetta ekki varða mjög miklu; atalatriðið er, að það komist á eitthvert fast form, og að það sje nefnd úr þinginu, sem starfi eitthvað milli þinga. En þó verð jeg að geta þess, að eðlilegra finst mjer að nefndin sje í sameinuðu þingi en í hvorri deild fyrir sig, og meiri líkindi til þess, að eining verði í stefnu utanríkismálanna, er nefndin er þannig skipuð, enda mætti svo um búa, að hægt væri að vísa til hennar málum úr báðum deildum.

Það er tiltölulega sjaldan, sem þarf löggjöf um utanríkismálin; það kemur aðallega til ályktana sameinaðs þings, en sjaldan þarf laga, þó að slíkt geti auðvitað átt sjer stað. Fyrst eru samningar gerðir út á við, áður en farið er að mynda löggjöf, ef hennar gerist þörf.

Ef kosin yrði nefnd í hvorri deild, yrðu þær að starfa saman fyrst, og síðan gengi hvor í sína deild, þegar til löggjafar kæmi. Jeg geri ráð fyrir, að hv. allshn. taki þetta atriði til athugunar.

Pjetur Ottesen: Jeg sagði bara um afstöðu hv. þm. í þessu máli gagnvart núverandi stjórn, að þannig mætti líta á þetta. Jeg studdist þar einmitt við það, að hv. þm. átti sæti á síðasta þingi og bar þá ekki fram neinar till. í þessa átt.

Þótt það muni ef til vill vera í fleiri tilfellum, að slík mál komi til kasta sameinaðs þings, en að þau komi til kasta þingsins í lagaformi, þá hafa mínar till. samt sem áður yfirburði yfir till. hv. flm. Því að þannig löguð skipun getur alveg komið að fullu gagni við afgreiðslu slíkra mála í sameinuðu þingi, en þegar slík mál væru afur á móti borin fram í lagaformi, þá er líka fyrir því sjeð, samkvæmt mínum tillögum. Mjer skilst líka á háttv. flm., að hann geti fallist á þetta, með því að árjetta tilmæli mín til allshn. um það, að hún tæki þetta til athugunar.

Jeg gleymdi í fyrri ræðu minni að minnast á það, er hv. flm. sagði, að utanríkismálin væru að litlu leyti í okkar höndum. Þau eru einmitt að öllu leyti í okkar höndum. Því að þau afskifti, sem Danir hafa af þeim, eru þau ein, að þeir fara með þau í okkar umboði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Trygging á fatnaði og munum skipverja.

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um skyldu útgerðarmanns til að tryggja fatnað og muni lögskráðs skipverja (þmfrv., A. 59).

Á 10. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Frv. þetta er enginn nýr gestur hjer á Alþingi, því að það hefir verið borið fram á tveim undanfarandi þingum. Og enda þótt hv. þm. kunni að finnast, að það sje ekki mikið nýtt í því, þá felst þó í því sú rjettarbót handa mönnunum, sem það er fyrir, að nauðsynlegt er, að það verði að lögum.

Það hefir allmikið farið í vöxt á síðustu fimm árum, að fiskiskip hafa orðið fyrir þeim slysum að stranda, og á stuttu tímabili hafa hvorki meira nje minna en þrír togarar algerlega strandað, og tveir eða þrír þeirra á þeim stöðum, að mjög hefir verið tvísýnt um, að lífi skipverja yrði bjargað, en í fleiri tilfellum hefir afleiðingin orðið sú, að alt, sem þeir hafa haft með sjer, hefir farist, eða að meira eða minna leyti skemst. Strand getur komið fyrir hvaða skip sem er, við okkar stormasömu strendur, og þess vegna er líka ætlast til, að ákvæði frv. nái til allra þeirra skipa, sem nauðsynlegt þykir. En að talið er nauðsynlegt að tryggja þessa muni, er af því, að hjer er oft um mjög fátæka menn að ræða, sem hafa lagt mikið í kostnað, til þess

að klæða sig til vinnu sinnar, og sá klæðnaður er alldýr, svo sem hlífðarföt og vinnuföt, og svo hafa þeir löngum með sjer betri fatnað, til þess að geta klæðst í, þegar þá ber að landi á fjarlægum stöðum. Og ekki mun fjarri að áætla, að verðmæti þessara muna sje alt að 800 krónum. En á minni skipum er gert ráð fyrir, að mennirnir hafi minna með sjer, og er vátryggingarupphæðin þar þess vegna höfð nokkuru minni.

Menn munu nú segja sem svo, að það eigi að vera kleift fyrir sjómennina sjálfa að vátryggja muni sína. En þar til er því að svara, að það er altaf sama sagan, að menn eru ekki nógu árvakir um sinn hag, og það er hætt við, að menn verði það aldrei, nema því aðeins, að slíkt sje fyrirskipað í lögum. Það eru svo mörg dæmi þess, að það verður að skylda fólk til þess að tryggja sig fyrir óhöppum. Jeg skal benda á, að á styrjaldarárunum komst sú regla á hjá nágrannaþjóðunum, að útgerðarmenn trygðu muni skipverja sinna, og ef mennirnir svo mistu það, sem þeir höfðu með sjer, þá fengu þeir alla upphæðina greidda. Hjer hjá okkur hefir þetta komist lítilsháttar í kring, þar sem Eimskipafjelag Íslands er, því að það hefir tekið upp þessa reglu. Við álítum, að þessi regla þurfi að gilda á öllum skipum, hvort sem það eru togarar, mótorskip eða línubátar, því að alstaðar getur það komið fyrir, að slík áföll eigi sjer stað.

Jeg verð að geta þess, að þegar slík strönd hafa átt sjer stað, þá hafa skipverjar í raun og veru hvergi getað fengið greitt það tap, sem þeir hafa beðið, og það er óhætt að segja það, eins og minst er á í grg. frv., að undantekningarlaust alt er vátrygt á skipinu, nema fatnaður skipverja, menn, skip, farmur, alt er vátrygt, nema þetta eina, og það kemur niður einmitt þar, sem síst skyldi, þar eð í flestum tilfellum er um algerlega eignalausa menn að ræða.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að iðgjaldsgreiðsla sje gerð á hendur útgerðarmanni, að þeir standi straum af þeim kostnaði. Jeg vil nú taka það sem dæmi, að jafnstórt fjelag og fjelag botnvörpuskipaeigenda hjer trygði þetta á einum stað, og mundi þá verða hægt að komast að mjög góðum kjörum, og svo væri hægt að tryggja þetta aftur hjá einhverju endurtryggingarfjelagi. Svo er líka önnur leið til, sú, að hvert útgerðarfjelag fyrir sig hefði þann kostnað, að greiða þær upphæðir úr fjelagssjóði, sem ætti að greiða, þegar skipsstrand kemur fyrir, og svo leiðis mun það einmitt vera hjá Eimskipafjelagi Íslands. Það mun ekki hafa trygt hjá öðrum, heldur staðið sjálft allan straum af þessum kostnaði; en í fleiri tilfellum má nú vænta þess, að þetta komi sjaldan fyrir, og mundi því ekki hafa mikil áhrif á iðgjaldagreiðslu.

Að síðustu vil jeg geta þess, að það er ekkert ákvæði til í íslenskum lögum um það, ef farmaður verður fyrir því að missa fatnað sinn, og standi allslaus eftir, að hann skuli klæddur aftur. Erlendis er það ákvæði tekið inn í lög, að ríkið skuli sjá honum fyrir nauðsynlegum klæðnaði, til þess að hann geti komist heim til sín. Jeg veit dæmi þess, að það hefir komið fyrir hjer suður á Selvogsgrunni, að mönnum hefir verið bjargað svo að segja nöktum. Fóru þeir til stjórnarinnar

og spurðu, hvort þeir gæti ekki fengið eitthvað upp í fatakostnað, en ráðherra sá, sem þá var, sagði þeim, að það væri engin heimild í lögum, sem gæfi leyfi til að láta þá fá neitt fje til fata.

Jeg skal svo ekki þreyta hv. deild á lengri ræðu að sinni. Jeg leyfi mjer að leggja til, að þessu frv., verði vísað til 2. umr. og til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv., og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Gagnfræðaskóli á Ísafirði.

Á 9. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um gagnfræðaskóla á Ísafirði (þmfrv., A. 60).

Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. er samhljóða frv., sem í fyrra var flutt hjer af þáverandi þingmanni Ísafjarðarkaupstaðar. Því var þá vísað til mentmn., og átti það ekki afturkvæmt þaðan. Nú flyt jeg frv., eftir tilmælum bæjarstjórnarinnar á Ísafirði og þingmálafundar þar. En þó að jeg flytji frv. eins og það var í fyrra, eru í því ýms ákvæði, sem jeg felli mig ekki allskostar við. Til dæmis er í 7. gr. gert ráð fyrir, að í reglugerð skuli ákveða, að nemendur skólans greiði skólagjald, en jeg er yfirleitt á móti því, að nemendum við opinbera skóla sje gert að greiða skólagjöld. Hins vegar er mjer það ljóst, að þar sem greitt er skólagjald í öðrum svipuðum skólum á landi hjer, muni það ekki verða til þess að greiða fyrir frv. þessu nú, ef ákvæðið um skólagjald væri felt úr því.

Í raun og veru er óþarft að fjölyrða um þetta mál. Eins og hv. þm. er kunnugt um, hefir Ísafjarðarkaupstaður og Vestfirðir yfirleitt orðið mjög útundan, þegar úthlutað hefir verið fje til fjórðungsskólanna, Akureyrarskólans, Eiðaskólans og Flensborgarskólans. Jeg hefi tekið upp í greinargerð frv., hvernig framlög ríkissjóðs skiftast á milli skólanna árið 1924—1925. En það var á þessa leið: Akureyrarskóli, alls kr. 54441.00, kr. 504.00 á hvern nem., kr. 14.40 á námsviku hvers nem. Eiðaskóli (samsvarandi tölur) kr. 19365.00, 605.00, 20.86. Flensborgarskóli (samsvarandi tölur) kr. 14000.00, 258.00, 9.92. Sama ár var Ísafjarðarskóli, með 2 deildum og 45 nemendum, styrktur með 2600.00 krónum, eða aðeins kr. 2.06 á námsviku hvers nemanda. Árið eftir, 1926, var styrkurinn lækkaður niður í 2500.00 krónur, en hækkaður síðastliðið ár upp í 4000.00 krónur.

Þá ber og þess að gæta um Flensborgarskólann, að hann er svo að kalla undir handarjaðrinum á Reykjavík, og skyldi maður því ætla, að síður væri ástæða til að styrkja hann en hina fjórðungsskólana. Hlutföllin milli framlags ríkissjóðs til þessara skóla, miðað við námstíma og nemendafjölda, urðu þannig fyrir skólaárið

1924—25: Akureyrarskóli ca. 7.00 kr. Eiðaskóli ca. 10.00 kr. Flensborgarskóli ca. 5.00 kr., í hvert skifti sem Ísafjarðarskólinn fjekk eina krónu. — Sjá allir, hve hróplegt misrjetti þetta er. — Eitthvað mun þetta hlutfall þó hafa breyst til bóta tvö síðustu árin; styrkurinn hefir verið 4000 krónur.

Ennfremur vil jeg biðja hv. deild að minnast þess, að enda þótt þetta frv. sje flutt af þingmanni Ísafjarðarkaupstaðar einum, er það þó engu að síður hjeraðsmál allra Vestfjarða. Unglingaskólinn á Ísafirði var settur á stofn árið 1904, og heldur bærinn honum uppi að mestu leyti, en nemendur sækja til hans af öllum Vestfjörðum og jafnvel víðar að. Stjórn og kensla skólans hefir jafnan verið í besta lagi og skólinn mikið sóttur. Skólinn er í tveim deildum, og síðustu árin hafa verið þar um 50 nemendur. Ef húsrúm leyfði, væru nemendur sennilega mun fleiri.

Alt frá stofnun þessa skóla hefir því verið hreyft öðru hvoru, að Ísafjarðarkaupstaður, og þá um leið Vestfirðir, ættu ekki minni rjett til gagnfræðaskóla en hinir fjórðungar landsins. Áskoranir til þings og stjórnar hafa verið samþyktar, en engan árangur borið. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1929 er gert ráð fyrir, að Akureyrarskóli skuli styrktur með 59300 kr., Eiðaskóli með 19000 kr. og Flensborgarskóli með 16000 kr. En liður sá, sem ætlaður er öllum öðrum alþýðuskólum, þar á meðal Ísafjarðarskólanum, ert hækkaður úr 42000 kr. upp í 45000 kr. Kjör Ísafjarðarskólans verða því, eftir fjárlagafrv., hjer um bil þau sömu og áður. Nú býst jeg við, að hv. þdm. hljóti að verða mjer sammála um, að hvorki er vit nje sanngirni í því, að gera þennan skóla svo afskiftan um fjárstyrk.

Jeg þykist ekki þurfa að lýsa því fyrir hv. deild, hver þörf sje á því, að hafa sæmilegan skóla á Vestfjörðum, eins og í öðrum fjórðungum landsins, og það því síður sem nú liggja fyrir hv. deild tvö frv. um alþýðuskóla í Reykjavík. Það ber vott um, að hv. deild sje ljós nauðsyn alþýðlegra skóla og gagnsemi þeirra. Í Reykjavík hefir þó til þessa af bestum efnum og mannafla verið haldið uppi allskonar menningarstarfsemi og skólum.

Vænti jeg, að hv. deild geti fallist á ástæður mínar og greitt götu frv. Vil jeg að lokum mælast til, að því verði vísað til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til mentmn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

10. Samskólar Reykjavíkur.

Á 11. fundi í Nd., 1. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samskóla Reykjavíkur (þmfrv., A. 70).

Á 13. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Eins og háttv. þm. geta sjeð af fylgiskjölum, sem prentuð eru með þessu frv., höf-

um við þm. Reykjavíkur, allir fjórir, flutt þetta frv., samkvæmt einróma samþykt bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

Jeg stend nú upp, með ekki litlum ótta í hjarta, um afdrif þessa frv., af því að það varð hlutskifti mitt að fylgja því úr hlaði. En ekki er að vita, við hverju búast má um þessar mundir. Við flm. höfðum ritað undir frv. í þeirri röð, sem kosning okkar segir til um. Fór jeg þess á leit við samþingismann minn, háttv. 2. þm. Reykv. (HjV), að hann mælti fyrir frv. nokkrum orðum. En hann færðist undan. Varð jeg því að herða upp hugann og leggja af stað með frv., út á hið stormfulla haf þessarar háttv. deildar, hversu svo sem kann að fara um sjóferð þá.

Jeg vil leyfa mjer að vísa þeim, sem vilja kynna sjer málið, á nál. meiri hl. mentmn. Nd. í Alþt. 1927, og ræðu frsm. meiri hl. sömu nefndar, þm. V.-Ísf. (ÁÁ), í C-deild Alþingistíðindanna frá í fyrra. Jeg hefi þar engu við að bæta til skýringar málinu. Mætti þetta því nægja við þessa umr. Að henni lokinni vonast jeg til, að háttv. þdm. sjái sjer fært að hleypa frv. til 2. umr. og vísa því til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., og til mentmn. með 18 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., 29. mars, var útbýtt nál. meiri hl. mentmn., á þskj. 621. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Heimavistir við mentaskólann.

Á 12. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimavistir við Hinn almenna mentaskóla (þmfrv., A. 75).

Á 15. fundi í Nd., 6. febr. var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv er flutt af mjer eins og það var samþ. af þessari háttv. deild í fyrra. Lengra komst það ekki þá, því að það fjell í hv. Ed., að mig minnir með jöfnum atkvæðum.

Jeg skal ekkert fara út í að ræða um innihald frv., því að það var svo mikið rætt í fyrra. En jeg vil aðeins drepa á það, að sú mótbára, sem þá var helst uppi gegn þessu frv., að ekki væri rjett af þinginu að vera að samþ. svona áætlanir út í framtíðina, er nú fallin um sjálfa sig, því að nú hafa einmitt verið lögð fyrir þingið af hæstv. stjórn ýms frv., sem eru ráðagerðir um, hvað gera skuli í framtíðinni, svo að jeg geri ráð fyrir, að það muni ekki vera talið óviðeigandi, þó að slíkt sje gert í fleiri tilfellum en þar er stungið upp á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til mentmn. með 15 shlj. atkv.

Á 32., 34., 37., 39., 40. og 43. fundi í Nd., 25. og 28. febr. og 2., 5., 6. og 9. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 276 og 284).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Vegalagabreyting.

Á 13. fundi í Nd., 3. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum nr. 41, 4. júní 1924 [Vegalög] (þmfrv., A. 79).

Á 15. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það er ekki neitt nýnæmi hjer í hv. deild að sjá framan í frv. um þetta efni. Þetta frv. er flutt af okkur þremur, mjer og hv. þm. Ísafjarðarsýslnanna beggja. Á hverju ári er veitt fje úr ríkissjóði, svo hundruðum þúsunda skiftir, bæði til nýrra vega og viðhalds eldri vegum víðsvegar á landinu. En það má svo heita, að þessi hluti landsins, sem hjer um ræðir, Vestfirðir, hafi orðið alveg afskiftur. Nú er hjer ekki gengið svo langt, að farið sje fram á fjárveitingu til nýrra vegalagninga, heldur aðeins hitt, að þessi vegur frá Hnífsdal vestur yfir, suður um Vestfirði og Barðaströnd, að Þorskafirði, verði tekinn í tölu þjóðvega. Hjer er heldur ekki farið fram á, að þjóðvegur sje talinn inn fyrir hvern fjörð, heldur aðeins milli fjarða, þar sem vogskornast er.

Jeg álít, að hjer sje svo skamt gengið í kröfunum, að sú nefnd, sem málið fær til umsagnar, geti ekki annað en fallist á frv., ef hún vill sýna sanngirni í till. sínum.

Jeg skal svo ekki tefja umr. með lengra spjalli, en legg til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

13. Loftskeytanotkun veiðiskipa.

Á 14. fundi í Nd., 4. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa (þmfrv., A. 91).

Á 16. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg ætla ekki að hafa langan formála fyrir þessu frv. Jeg tel það skýra sig sjálft og hygg, að hverjum manni muni augljós stefna þess. Vil jeg ætla, að það sje áhugamál öllum góðum borgurum landsins að stuðla að því, að fyrirgirt verði misnotkun loftskeytannna til stuðnings brota á landhelgislögunum. Jeg þykist þó vita, að talsvert sjeu um það skiftar skoðanir, hvaða leiðir sjeu líklegastar til þess að ná þessu marki. Má vel vera, að aðrar eða fyllri tillögur en frv. geymir þurfi fram að koma í þessu efni. En þess ætti þá að mega vænta, að við meðferð málsins kæmu þær í ljós.

Það er alment viðurkent, að engin íslensk lög muni jafnoft brotin og lögin um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi. (**ÓTh:** En bannlögin?) Jeg hygg, að þessi lög sjeu jafnvel enn oftar brotin. Þess eru mörg dæmi, að hundruð og jafnvel þúsundir manna hafa orðið að horfa á þau lagabrot í stórum stíl dag eftir dag úr landi, án þess að geta nokkuð að gert. — Einn-

ig er það alment viðurkent, að þessi botnvörpuveiði í landhelgi sje einhver háskalegasta rányrkja, sem hægt er að stunda hjer við land. Það alvarlegasta í þessu efni er það, að slík lögbrot leiða ekki aðeins til tjóns fyrir atvinnu þeirra, sem leita sjer lífsviðurværis við smábátaútveg, heldur leiðir þetta til gerspillingar á fiskiveiðunum í framtíðinni og eyðileggingar á hrygnistöðvum nytjafiskanna. Auðvitað er það viðurkenningin á þessari hættu og því tjóni, sem af henni getur leitt, sem knúð hefir til svo alvarlegrar viðleitni um að verja landhelgina, eins og hjer hafa verið gerðar á síðari árum. En eins og öllum er ljóst, ná þær hvergi nærri nógu langt, og þess verður áreiðanlega langt að bíða, að vjer verðum þess megnugir að verja landhelgina til hlítar. Þetta erfiða verkefni ríkisins og varðskipanna torveldast því meir sem meira kann að verða gert að því að styðja þá menn, sem lögin brjóta, í því að varast varðskipin og komast undan þeim. Þótt því sje neitað úr ýmsum áttum, að þetta eigi sjer stað, þá má þó telja fullar sannanir fyrir því, að talsverð brögð sjeu að þessu. Vil jeg minna hjer á þær upplýsingar, sem þyngstar verða á metunum, en það eru yfirlýsingar fyrv. 1. þm. G.-K., Ág. Flygenrings, þess útgerðarmanns, sem mest og best mun hafa hugsað þessi mál og af mestri hreinskilni hefir um þau talað. Vildi jeg með leyfi hæstv. forseta lesa nokkur orð, er hann mælti á þingi 1924, er rætt var um sjerstök refsingarákvæði fyrir íslenska skipstjóra, er brytu landhelgislögin. Auðvitað verð jeg að slíta þessi orð út úr samhengi, en jeg vænti, að það komi ekki að sök. Ág. Flygenring kvað svo að orði um skipstjóra togaranna:

„Það vita allir, sem eitthvað þekkja til, að sumir þeirra, sem brotlegastir eru, hafa aldrei verið teknir.“ — Á öðrum stað segir hann: „Og auðvitað er það, að landhelgisbrot eru ekki ókunnug útgerðarmönnum. Það er opinber leyndardómur, að loftskeytatæki og annað slíkt er fyrst og fremst haft í skipunum vegna landhelgisveiðanna.“ — Og enn segir hann: „Nú er það vitað, að þeir, sem leiknastir eru að veiða í landhelgi, eru þannig útbúnir, að sáralítil hætta er fyrir þá, að í þá náist.“

Það mætti benda á fleiri ummæli af líku tæi frá þessum sama hv. þm. En það vill svo vel til, að hann er ekki einn til frásagnar um þetta, því að úr fleiri áttum hafa heyrst samskonar raddir. Liggja fyrir gögn um þetta, þótt jeg hirði ekki að heimfæra þau til nafna að sinni. Í sjálfu sjer er ekkert undarlegt við þetta, því að allir hljóta að sjá, að frestingin er óvenju mikil hjá fiskimönnum til þess að nota landhelgina, þegar þar er mikla veiði að fá. En engum dylst, að auk þeirrar hættu, að hrygningarstöðvarnar skemmist og grunnmiðaveiðin, stafar einnig af þessu sú hætta, að útlendar þjóðir, sem verða að beygja sig undir íslensk lög um landhelgivarnir, týni traustinu á rjettlæti og rjettdæmi Íslendinga, þegar okkar eigin skip sleppa nær altaf úr greipum varðskipanna, enda þótt þau veiði ekki síður í landhelgi. Um það er vitaskuld nokkur ágreiningur, hvort rjett sje það, sem sumir hafa haldið fram, að íslenskir botnvörpungar veiði

meira í landhelgi en allir aðrir. Um það er vitanlega ekkert hægt að sanna, en einn hv. þdm., hv. þm. Borgf., hjelt því samt mjög eindregið fram 1924, og færði fyrir því allskýr rök, að íslensku botnvörpungarnir væru einmitt forsprakkar að landhelgiveiðum. Jeg vil ennfremur benda á, að nú fyrir fám dögum kom alveg hið sama fram í ræðu hjá hv. þm. Snæf. í Ed., er hann mælti fyrir frv. sínu um nýtt strandvarnaskip. Hann hjelt því fram, að íslenskir skipstjórar ættu mikinn þátt í landhelgibrotunum, og að þeir væru öllum öðrum fiskimönnum djarfari í þeim efnum.

Með þessum orðum vildi jeg rjettlæta þá tilraun, er kemur fram í frv., til að fyrirgirða, að brot af þessu tæi eða aðstoð við lögbrotin úr landi verði vítalaust framin á komandi tímum. Þótt gerðar verði strangar ráðstafanir, er þess ekki að vænta, að synt verði fyrir öll sker, en þó ætti að mega fækka brotunum mikið.

Það segir sig sjálft, að þegar togari, sem mætir varðskipinu við Reykjanes, getur þegar í stað tilkynt öðrum það loftleiðina, að varðskipið sje nú á austurleið, þá er ekki mikill vandi fyrir veiðiþjófa við Ingólfshöfða, eða þótt vestar væru, að forða sjer í tæka tíð. En sýnu auðveldara er þó að sleppa, ef svo reynist, sem ekki er aðeins sterkur grunur um, heldur nærri full vissa, að botnvörpungunum sje tilkynt alt um ferðir varðskipanna úr landi. Þá aðstoð við lögbrjóta þarf að fyrirgirða, eða a. m. k. að torvelda eftir því sem hægt er, að slíkar skeytasendingar geti orðið lögbrjótunum að liði.

Jeg finn ekki ástæðu til að fara öllu lengra út í málið að svo komnu. Jeg hygg, að þess gerist ekki þörf. Jeg vænti, að málinu verði vísað til nefndar, og mundi það þá helst eftir venju eiga að verða sjávtn. Þó sje jeg ekkert á móti því, að það fari til allshn., en vil samt ekki gera það að tillögu minni.

Ólafur Thors: Jeg ætla ekki að gera grg. þessa frv. að umræðuefni, og ekki heldur þann hluta af ræðu hv. flm., sem vjek að því, hvort íslenskir togarar væru verstir í landhelgisbrotunum, eða það, hvort þeir nytu aðstoðar útgerðarmanna til þessara brota. Því er haldið fram af fleirum en hv. flm., að þetta sje svo, en því er harðlega neitað af hlutaðeigendum. Þarna stendur fullyrðing móti fullyrðingu, en þó má segja, að grunur leiki á um þetta. — Jeg vil nú gera ráð fyrir, að sá grunur sje rjettur, og ræða málið frá því sjónarmiði, hvort till. hv. þm. er líkleg til að ráða bót á þessu meini. Það á að skylda útgerðarmenn og skipstjóra til að senda dómsmálaráðuneytinu lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að verða í skeytasendingum til skipanna og frá þeim. Auk þess á ráðuneytið að afhenda sjerstök eyðublöð, sem öll skeytin sjeu frumrituð á. Loks eiga útgerðarstjóri og skipstjóri fyrir hönd allra sendenda skeytanna að undirskrifa drengskaparvottorð um það, að þarna búi ekkert fals undir. — Þetta eru aðal-öryggisráðstafanirnar. Jeg skal ekki að þessu sinni ámæla höfundi frv. fyrir, að líklegt er, að með þessum reglum sjeu brotnar alþjóðavenjur um leynd skeytasendinga. Hygg jeg, að ekki sje hægt að heimta

skeyti útgerðarmanna nema með dómsúrskurði. En af því að jeg hygg, að ráða mætti bót á þessu í nefnd, skal jeg ekki gera það að sjerstöku umtalsefni í þetta skifti. En hinu verður ekki komist hjá, að athuga, hvað miklar líkur eru til, að höfuðtillagan nái tilgangi sínum. Höfuðtill. er þá sú, að það skuli vera skylda að láta dómsmálaráðherra í tje lykil að því dulmáli, sem notað er við slíkar skeytasendingar, og á með þessu að tryggja, að veiðiskipum berist ekki frjettir af varðskipunum. Jeg vil ekki láta hjá líða að leiða athygli hæstv. ráðh. og hv. flm. að því, að jeg hygg þessi uppástunga sje alveg gagnslaus. Maður getur náttúrlega sagt, að skylda an til að gefa drengskaparvottorð um að viðhafa ekkert í skeytum, sem geti gefið bendingar, leggi aðilum ríka kvöð á herðar. En það er ótækt að krefjast þess, að útgerðarmaður og skipstjóri ábyrgist öll skeyti til skips og frá. Jafnvel þótt aðeins væri krafist af þeim drengskaparheits um þau skeyti, er þeir sjálfir skiftast á, tel jeg að ekki sje rjett að ganga svo langt um notkun drengskaparheits, og hygg það sje ekki venja löggjafanna. En ef ekki á að byggja á drengskaparheiti einu, þá er hitt með öllu þýðingarlaust að ætla sjer að girða fyrir þau brögð, sem hjer kunna að verða höfð í frammi, með því að láta ráðuneytið hafa lykla að launmálinu. Jeg get ekki sjeð, að þeim, sem á annað borð kæra sig um að fara í kring um ákvæði þessara laga, sje með þeim gert nokkurn skapaðan hlut örðugra fyrir, en þótt lögin væru ekki. Það hlýtur að liggja hverjum manni í augum uppi, að það er alveg jafnhægt að koma skilaboðum, hvort heldur munnlega eða með loftskeytasendingu, á venjulegu mæltu máli, eins og dulmáli. Það er ákaflega auðleikið, að láta þetta mælta mál hafa ákveðna dulþýðingu. Jeg get ekki sjeð, að það þurfi slyngan bragðaref til þess að finna upp margvísleg kerfi dulmáls, sem ekki er þó á annara færi að sjá, að sje dulmál. Það er flestum hv. þdm. kunnugt, að Þjóðverjar gátu leikið sjer að því að koma frá sjer skilaboðum hvert sem þeir vildu, með skeytum, sem voru flest á venjulegu mæltu máli. Þeir voru að semja um síld og mjöl, en það þýddi þá tilkynning um það, að þessi deild kafbáta hefði siglt frá þessum stað til annars. Eða það var fyrirspurn til njósnara um það, hvort von væri á nokkrum skipum frá þeirri og þeirri höfn, svo að þeir gætu komið við kafbátum til þess að granda þeim skipum.

Jeg verð því að segja, að að svo miklu leyti sem sá grunur, sem er borinn fram í greinargerð frv., er á rökum bygður — en hjer er ekki staður til að ræða það, meðal annars af því að ekki er hægt að komast að ákveðinni niðurstöðu — en að svo miklu leyti sem hann er á rökum bygður, þá er að virða þá viðleitni, sem kemur fram í frv., til þess að ráða bót á meininu. En jeg sje ekki betur en að það sje skotið fram hjá markinu.

Út af ræðu hv. flm. datt mjer í hug, hvað það væri nú erfitt að meina skipum að senda sín á milli skeyti, sem þá gætu falið í sjer fullar upplýsingar um, hvar varðskipin væru stödd á hverjum tíma. Hv. flm. var að tala um að skip, sem er statt við Reykjanes og mætti þar varðskipinu á austurleið, gæti tilkynt skipum austur við sanda,

að nú væri varðskipsins von. Við skulum hugsa okkur, að svona sje. Er nú þetta saknæmt? Er það saknæmt, ef togari, sem er á leið til Reykjavíkur, sendir skipi, sem er á veiðum fyrir austan, frjettir um það, að hafa mætt varðskipinu? Er þetta gert í þeim tilgangi að aðvara skipið um komu varðskipins, eða er það aðeins símað sem algeng frjett? Til þess að gera dæmið enn gleggra, skulum við hugsa okkur, að togarinn mætti 3—4 öðrum skipum, togurum og millilandaskipum, og sendi frjettaskeyti um það til annara skipa eystra; þá er frjettaskeytið ekki saknæmt. En er þá verknaðurinn orðinn saknæmur, ef varðskipið er nefnt?

Nei, jeg hygg það sje örðugt að búa svo um hnútana, að ekki sje að minsta kosti hægt að senda skeyti á alveg venjulegu mæltu máli, sem geti haft alt aðra þýðingu.

Af hinum minni göllum frv., sem jeg hefi tekið eftir við fyrsta lestur, vil jeg benda á einn. 7. gr. gerir ráð fyrir því, að brot gegn 2. og 3. gr. skuli varða sektum frá 15—50 þús. kr. Frá þessum fyrirmælum er engin undantekning. Nú er það eitt af fyrirmælum 3. gr., að á sjerhverju skipi skal frumrita öll skeyti, sem frá því eru send, á eyðublöð frá dómsmálaráðherra. Jeg, sem er nokkuð kunnugur togaraútgerð, get vel hugsað mjer, að það komi iðulega fyrir, að skipstjóri gleymdi því, þegar hann færi úr íslenskri höfn, að slík eyðublöð væru á þrotum. Og nú kemur skipið út á veiðistöðvar. Við skulum segja, að því hlektist á og sendi neyðarskeyti. Það getur ekki frumritað skeytið á eyðublað frá dómsmálaráðuneytinu, og sje jeg þá ekki betur en að vörður rjettvísinnnar verði að sjá um, að fyrir þetta sæti skipið sektum frá 15—50 þús. kr. En þetta er einn af minni göllunum, sem hægt er að ráða bót á, ef á annað borð er hægt að búa til eitthvað utan um þá hugmynd, sem mun felast í frv., er að gagni mætti koma.

Jeg vil einnig benda á það, að það hefir oft verið talað um, að togarar fengi talstöðvar. Það fjelag, sem jeg hefi meðgerð með, hefir sett talstöð á eitt af sínum skipum. Á þá ekki að banna í þessu frv. slíkar talstöðvar? Mörg erlend skip nota mikið talstöðvar sín á milli, til þess að gefa upplýsingar um aflabrögð.

Jeg get ekki leynt því, að mjer finst þetta mál ákaflega vanhugsað; og mjer er nær að halda, að maður, sem hefir þá reynslu, sem hv. flm. hefir, hafi hreint ekki lesið yfir þetta frv., áður en hann gerðist flutningsmaður að því, og höfundur þess er hann áreiðanlega ekki. Það er lítil og skemtileg saga í greinargerð frv., nefnilega þetta, að „ömmu líður vel", og „ömmu líður ennþá vel", og „amma er að byrja að verða lasin", sem segir til um faðerni frv. Hún er svo lík ýmsu, sem fellur frá hæstv. dómsmrh., að engum blandast hugur um, að frá honum er hún komin. — En frv. sjálft er svo vanhugsað, að það gæti ekki átt neinn „afa" að höfundi. Jeg hygg, að jafn reyndur og greindur maður og hv. flm. hafi ekki lagt hausinn í bleyti — ef jeg má komast svo óþinglega að orði — til þess að laga galla þessa frv.

Jeg nota nú tækifærið — af því að jeg hefi ekki altaf þá ánægju að tala við hæstv. dómsmrh., sjerstaklega ekki svo hitalaust sem nú — til þess að

benda á eitt ráð, sem dugar í þessum efnum. Það er aðeins eitt ráð til þess að fyrirbyggja ólöglega veiði íslenskra og erlendra togara, og það er að fjölga varðskipunum. Það liggur fyrir frv. í Ed., frá hv. þm. Snæf., um það, að Landhelgissjóður byggi nýtt strandvarnaskip. Jeg vænti, að sá hugur, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv. hæstv. ráðh., lýsi sjer í framkvæmd með því að hann taki vel því máli. Og mín skoðun er sú, að landhelgisveiðin verði ekki stöðvuð með öðru en því, að girða svo landhelgina, að hvorki íslenskir nje erlendir togarar þ o r i inn fyrir. Mjer er það ekkert launungarmál — og jeg segi það mínum kjósendum, sem eiga manna mest undir því, að landhelgin sje vel varin, — að þegar skipstjórar ekki einungis sæki a u ð i n n inn fyrir línuna, heldur líka sinn m e t n a ð, þá verða landhelgisveiðar ekki stöðvaðar nema með því einu, að hafa svo öfluga vörn, að þeir þ o r i ekki inn fyrir. Hjer eru þeir, sem hæsta sýna sölu á enskum markaði, eðlilega taldir mestir fiskimenn. En sumir þeirra manna, sem heppnastir eru taldir á ísfiskiveiðum, eru einmitt þeir, sem mest hafa valdið þeim grun, sem kemur fram í greinargerð þessa frv. Það er mannlegt, að skipstjórar láti metnað sinn ráða nokkuru um framkomu sína í þessu máli. En fyrir löggjöfina, sem á að skilja þær mannlegu tilfinningar og um leið að gera við þeim brotum, sem framin kynnu að verða — fyrir okkur er það eina ráðið, að auka varðskipaflotann og gera það sem fyrst.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að vera óánægður með undirtektir hv. 2. þm. G.-K.; gæti miklu fremur þakkað honum góðar undirtektir og þau vilyrði, að leggja eitthvað gott til þessara mála, þegar fram í sækir. Jeg verð hinsvegar að segja, að jeg get ekki fallist á þá skoðun hans, að með þeim ráðstöfunum, sem bent er á í frv. sje alveg fram hjá markinu skotið. Jeg held, að hann hafi hlaupið yfir 1. gr. frv. Einmitt í henni eru helstu varnarráðin, sem í frv. felast, og að nokkuru í 3. gr. Hv. þm. heldur, að jeg hafi ekki skilið þetta mál til hlítar, þegar jeg tók að mjer frv. til flutnings, og þess vegna hafi ekki verið betur um hnútana búið. Slík ummæli met jeg að engu. Það er vitaskuld — og jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að jeg geng að því vísu, að einhverju þyrfti að breyta. Við nána yfirvegun kunnugra manna, — jeg vil segja manna eins og hv. 2. þm. G.-K., getur auðvitað margt færst til betri vegar. Og mjer þykir mjög vænt um að eiga von á fulltingi hans og aðstoð við frekari athugun málsins.

Hv. þm. tók það fram, sem jeg hafði reyndar minst á áður, að það er auðvitað hægt — þrátt fyrir það, þótt dómsmálaráðherra hafi lykla að hverju launmáli — að senda skeyti á venjulegu máli og gefa orðunum einhverja sjerstaka merkingu. En slík meðferð daglegs máls er líka dulmál og rekur sig á ákvæði 3. gr. Það má auðvitað margvíslega fara í kringum þetta, og það var mjer og er fyllilega ljóst. En það kostar líka brot á drengskaparheiti því, sem gert er ráð fyrir í 3. gr., en þau og ákvæði 4. gr. lúta helst að því, að fyrirbyggja, að þetta verði að ósekju gert. Einhlítt verður

auðvitað eftirlitið aldrei, þrátt fyrir strangar gætur, og þótt ráðuneytið hafi lyklana og geti borið skeytin saman. En fyr getur eftirlitið að gagni orðið en öllum brotum er aftrað. Auðvitað er það rjett, sem hv. þm. tók fram, að algerlega einhlíta ráðið er fjölgun varðskipa. En það er vitað, að langir tímar líða, áður en vjer verðum þess um komnir, að verja ströndina svo, að ekki verði kostur á að brjóta landhelgislögin. Og það er sjerstaklega meðan svo stendur, að þörf er á slíkum ráðstöfunum sem þessum, — eða þeim ráðstöfunum, sem torvelda landhelgisbrotin.

Af því að hv. 2. þm. G.-K. var hógvær í andmælum sínum, vil jeg ekki fara frekar út í það, sem getur gefið tilefni til ágreinings og deilu. Jeg býst við, að málinu verði að umræðunni lokinni vísað þangað, sem við báðir eigum kost á að fjalla um það, til sjávarútvegsnefndar.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 2. þm. G.-K. tók rjettilega fram, að jeg mundi hafa átt þátt í samningu frv., og beindi því til mín nokkru af ræðu sinni. En jeg hefði hvort sem er viljað segja um þetta mál fáein orð, af því að málið er mjög stórt og þýðingarmikið, og af því að þessi hlið þess hefir enn sem komið er verið alveg vanrækt, þrátt fyrir það, að almenn vitneskja er um það, að loftskeyti sjeu mjög misnotuð af íslenskum veiðiskipum. Sú vitneskja, sem jeg held að ekki verði deilt um í þessu máli, er margtekin fram af fulltrúum ýmissa hjeraða, sem hlut eiga að máli. Jeg ætla það sje hv. þm. Borgf., hv. þm. Barð., hv. þm. Snæf. og fyrverandi 1. þm. G.-K., Ágúst Flygenring, sem hafa oftar en einu sinni tekið það fram — og hv. þm. Snæf. (HSteins) árlega — hvað íslenskir togarar sjeu ákaflega sæknir í landhelgina. Og þeir segja, að skipstjórar geri þetta að yfirlögðu ráði, og spjöllin, sem þeir valda, sjeu ekkert smáræði, þar sem í kjölfar þeirra sigli útlendu togararnir og athafni sig þar rólega.

Jeg hefi nýlega haft ástæðu til að kynna mjer þetta af viðtali við loftskeytamann, sem hefir verið lengi á togara. Hann sagði mjer — sem kemur heim við það, sem þessir hv. þm. hafa borið — að það sje venjulegt, t. d. í Ólafsvík fyrri hluta vetrar og fram í mars, að togararnir komi þetta 6—7 í hóp, þegar fer að rökkva, togi þar á hinum mjúka botni í víkinni, slökkvi öll ljós, af því að þeir geta notað ljósin í þorpinu til þess að stýra eftir. Þegar fer að lýsa af degi, fara þessir veiðivargar eitthvað út í flóa, eitthvað í áttina til Grundarfjarðar eða að Búlandshöfða, og bíða þar í skjóli yfir daginn. Ef símað er til Reykjavíkur eftir varðskipinu, vita togararnir það undir eins, og eru allir á burt.

Jeg spurði loftskeytamann af íslensku skipi, hvað hann hjeldi að mikill partur af veiðinni væri tekinn í landhelgi, þegar mest væri. Hann áleit, að það væri oft yfir helming, ekki á vertíðinni allri, en aðallega þegar verið er að fiska fyrir enskan markað. Þetta er auðvitað ekki nema eitt vitni, en það er líka maður, sem hefir sjálfur verið á skipum, við loftskeyti. Hann var ekki að bera húsbændum sínum neitt illa söguna, skoðaði þetta sem mannlegan veikleika, eins og hv.

2. þm. G.-K. En þegar vitnisburði frá skipunum sjálfum ber saman við það, sem fulltrúar sjávarhjeraðanna segja á þingi, er ekki að efa, að rjett sje með farið. — Meira að segja sagði einn af þessum þingmönnum á síðasta kjörtímabili, að loftskeytaáhöld væru beinlínis sett á togarana til þess að útgerðarmenn gætu með loftskeytum stjórnað lögbrotunum úr landi. Þetta hefir aldrei verið hrakið, enda mundi það erfitt, þar sem þetta vottaði skilríkur maður, sem sjálfur átti hlut að máli. Jeg tel þess vegna alveg sannað, fyrir meðvitund þjóðarinnar, að það er um stórkostleg brot að ræða af hálfu íslenskra skipa; og að þessi brot sjeu undirstaða undir allmiklu af öðrum brotum.

Nú vil jeg taka það fram, út af því, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði, að það yrði áreiðanlega nokkuð dýr útgerð fyrir landið, ef ætti að fjölga skipum, þannig, að þau gætu verið alt í kringum landið; verið alstaðar á verði og haldið landhelginni hreinni, þó að loftskeytasendendur úr landi væru stöðugt að vara við, hvar sem þau kæmu. Jeg held, að það sje ekki hugsanlegt, að landið rísi undir því, að gera út 5—6 skip, til eftirlits við landið, sem ekki veitti af, ef mögulegt ætti að vera að verja fyrir togurum, svo framarlega sem þeir hafa sömu aðstöðu og nú, til vitneskju um varðskipin.

Jeg býst við, að hv. 2. þm. G.-K. þyki það bera vott um mannlegan veikleika í minu hjarta, ef jeg skrifta fyrir honum og segi: Meðan jeg á að hafa nokkur störf fyrir landhelgina, þá lít jeg á það sem aðalatriði, að af hverjum 10 togurum, sem teknir eru, sjeu hlutfallslega jafnmargir íslenskir sem útlendir, af þeim, sem raunverulega brjóta landhelgislögin. Við eigum ekki, viljandi eða óviljandi, að draga fjöður yfir það, sem íslensku skipin gera af sjer. Það er þegar sannað, að íslenskur togari með loftskeytatæki og sambandi við Reykjavík hefir miklu meiri möguleika til að verða spillir í landhelginni en t. d. þýskur togari. Þýskur togari fer inn í landhelgina á sína eigin ábyrgð, og án þess að hafa nokkur hjálpargögn í landi. Þess vegna er það, að þeir eru teknir svo oft, að þeir standa ekki undir neinum verndandi áhrifum, nema þegar þeir geta fylgt íslenskum togurum inn fyrir og flúið út fyrir, þegar þeir flýja. — Sú hugsun háttv. 2. þm. G.-K., að yfirleitt sje hægt að verja landhelgina með varðskipafjölda, er draumórar einir. Það sjá allir heilvita menn, sem opin hafa augun fyrir þessum hlutum, hversu mjög það er hægt fyrir togarana, sem hafa fyrst og fremst samband sín á milli, og auk þess samband við ýmsa í landi, að skjótast inn fyrir landhelgislínuna. Nú sem stendur eru varðskipin 2, og auk þeirra einn leigubátur, sem nú gætir landhelginnar við Snæfellsnes. En hvað megna þau í þessum skollaleik? Sáralítið móti íslenskum lögbrjótum. Jeg segi skollaleik, af því að mjer virðist þetta eins og nokkurskonar skollaleikur, þar sem varðskipin eru sá, sem bundið er fyrir augun á, en togararnir þeir sjáandi. Annars verð jeg að segja það, að mjer voru það veruleg vonbrigði, að annar togaraútgerðarmaðurinn, sem hjer á sæti í deildinni, skyldi verða til þess að mæla bót hinum auðvirðilegu afbrotum stjettarbræðra sinna móti landhelgisgæslunni. Það eina ráð, sem

hann gaf, var að auka varðskipakostinn, svo að segja ótakmarkað. Vitandi þó, að það er ekki hægt, vegna fátæktar landsins. Og jafnframt, að það kæmi ekki einu sinni að fullu gagni, vegna hins fullkomna „spion-systems", sem rekið er í sambandi við togaraútgerðina, því að það er eins og Ágúst Flygenring sagði eitt sinn, að togurunum er hreint og beint stjórnað hjeðan inn í landhelgina, með loftskeytum. Það er því höfuðsök, sem háttv. 2. þm. G.-K. hefir hjer gert sig sekan í, hann, sem er fulltrúi eins þess kjördæmis, sem á nær alla sína tímanlegu velferð undir því, að landhelginnar sje vel gætt. Hann talaði meira að segja með mildum orðum um brot togaranna. Og má í því sambandi minna á það, sem ameríkskur sálarfræðingur segir um drykkjumennina, sem falla aftur fyrir vínnautninni. Sá merki maður segir, að drykkjumennirnir kenni ekki víninu eða eitri þess um vesaldóm sinn, heldur geri þeir gælur við flöskuna, kalli hana tárið·sitt, vinkonu o. s. frv. Hv. 2. þm. G.-K. fer nokkuð líkt að og þessir menn. Hann talar með gæluorðum um landhelgisbrotin, og telur ekki hægt að ásaka skipstjórana fyrir þau. Slíkt sje aðeins mannlegur breyskleiki.

Annars fanst mjer þessi háttv. þm. sanna það með ræðu sinni, sem margbúið er að sýna fram á áður, að brýn nauðsyn er á að fá ráðna bót á þessum vandkvæðum; gerði hann það fyrst og fremst með gælum sínum við lögbrjótana, og í öðru lagi með því að sýna fram á, hvernig bæði hann, og jafnvel fleiri, færu að því, að brjóta landhelgislögin.

Jeg lít svo á, að fyrirkomulag það, sem nú er stefnt að með landhelgisgæsluna, að byggja nýtt skip til aðstoðar „Óðni" og leigja smærri báta, eins og t. d. nú er gert, til þess að verja staði eins og Ólafsvík, sem skipin mega helst aldrei yfirgefa, verði gagnslítið, ef togararnir geta altaf fengið vitneskju um, hvar varðskipin eru. Jeg er nú alls ekki að halda því fram, að frv. þetta mundi að öllu leyti koma í veg fyrir það, að togararnir gætu fengið vitneskju um ferðir varðskipanna, en mikil bót mundi eigi að síður verða að því. Auk þess stendur það til bóta. Þannig býst jeg við, að þingið herði á því, við meðferð þess í vetur, og svo verði stöðugt haldið áfram, þangað til því takmarki er náð, að veiðiskipin geti aðeins notað loftskeytin á heiðarlegan hátt, fengið vegna þeirra veiðifrjettir og aðra almenna, hlutlausa vitneskju.

Þá er sú hlið þessa máls, sem snýr að sjálfstæði þjóðarinnar. Jeg er ekki í minsta vafa um, að því getur stafað hætta af þessum málum. Það er víst, að okkar skip brjóta mest landhelgislögin, en það eru útlendingarnir, sem fyrir sektunum verða. Hvað skyldu þeir því halda um íslensku varðskipin, stjórnarvöldin og dómstólana? Vitanlega ekkert annað en að þetta sjeu alt þjónar togarafjelaganna íslensku. Það er því ekki hægt að gera landhelgisgæslunni íslensku annað betra verk, en ef hægt væri að koma því til leiðar, að okkar skip væru sektuð jafnoft og hin útlendu, í hlutfalli við raunveruleg brot. Og meðan það er ekki hægt, megum við stöðugt eiga von á meira og minna rökstuddum grun um það, að við leyfum hjer lögbrot

okkar eigin skipum. Mjer er fullkunnugt um þennan grun, t. d. bæði frá Englendingum og Þjóðverjum, en það eru þær þjóðir, sem mestar fiskiveiðar stunda hjer við land. Umboðsmenn þessara þjóða hjer telja þetta svo gott sem sannað. Frv. þetta miðar auk annars að því, að hreinsa af þjóðinni þann blett, sem togarafjelögin sum hafa á hana sett með landhelgisveiðum sínum.

Þá tók þessi háttv. þm. nokkurar greinar til athugunar, og komst að þeirri niðurstöðu, að þær næðu ekki tilgangi sínum; væru of harðar, gengju of nærri mannlegri lögbrotanáttúru.

Til þess að skýra það fyrir háttv. þingdeild, hvort það mundi eins auðvelt að fremja lögbrot á þessum vettvangi hjer eftir eins og hingað til, ef frv. þetta verður samþykt, vil jeg fara um það nokkrum orðum til skýringar. Fyrst er gert ráð fyrir, að hvert skeyti til eða frá íslenskum veiðiskipum skuli frumritað á sjerstakt eyðublað, sem dómsmálaráðuneytið leggur til, og undirritað af þeim, sem ábyrgð ber á því, að viðlögðum drengskap, að ekkert í efni skeytisins geti orðið til þess, að hjálpa veiðiskipi til þess að brjóta landhelgislöggjöfina. Þessu drengskaparvottorði vill háttv. 2. þm. G.-K. komast hjá, en allir heiðarlegir útgerðarmenn og skipstjórar munu telja sjer slíkt ljúft. Er því hjer ekki um annað erfiði að ræða en að hafa til nægilegt af eyðublöðum þessum. Og jeg treysti útgerðarstjórum Kveldúlfs til svo mikillar búmensku, að hafa altaf nóg af þeim. Jeg skal játa, að það var hart, dæmið, sem háttv. þm. tók, að verða að borga 15 þús. kr., ef t. d. „Skallagrímur“ strandaði, en hefði ekki hin fyrirskipuðu eyðublöð til þess að frumrita á skeytið um strandið. Það væri þó maklegt, ef hann strandaði við landhelgisbrot. (**ÓTh:** Skip stranda oftast innan landhelgislínu, án þess þó að vera að veiðum í landhelgi). Veit jeg það, en það hefir líka komið fyrir, að þau hafi strandað upp við fjörusanda, með vörpuna á eftir sjer.

Hvað snertir drengskaparvottorðið, þá fæ jeg ekki sjeð, að meira sje að skrifa undir það en drengskaparvottorð, sem menn verða að undirskrifa á pósthúsum, um að póstsendingar til manns innihaldi ekki annað en upp er gefið. Slík vottorð hefir þessi háttv. þm. kanske aldrei þurft að undirskrifa, því vel má vera, að hann fái sínar vörur á annan hátt. En það hafa bæði jeg og aðrir orðið að gera.

Einn mætur maður, sem jeg hefi átt tal um þetta mál við, taldi það eitt mundi nægjanlegt, að láta hlutaðeigendur gefa þetta drengskaparvottorð, af því að menn væru yfirleitt svo samviskusamir. En háttv. 2. þm. G.-K. dró það í efa, af því að mannlegt eðli væri býsna veikt. En setjum nú svo, að útgerðarmaður eða prókúrahafi hans hafi ekki svo mikinn drengskap, sem til er ætlast, og sendi skeyti, sem saknæmt er, samkvæmt lögum þessum, þá er þetta skeyti bókfært hjá loftskeytastöðinni og hlustað á það af varðskipunum. Kemur þetta framhjátökubarn því í ljós, þegar sjávarútvegsnefndir Alþingis fara að endurskoða skeytin. Í viðbót við þetta er lögð sú skylda á herðar loftskeytamanna og skipstjóra, að láta stjórnarráðinu í tje lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann

að vera í skeytasendingum milli útgerðarinnar og veiðiskipa hjer við land, eða milli íslenskra veiðiskipa innbyrðis. Þetta eru þeir skyldir að gera, vilji þeir ekki gera sig seka í glæpsamlegu athæfi. Alt þetta telur háttv. 2. þm. G.-K. fánýtt, og má vera, að svo sje, ef um mjög spilta menn er að ræða. En jeg hefi yfirleitt þá trú á útgerðarmönnum landsins, að þó þeir sjeu ekki beinlínis englar að siðgæði í þessum efnum, þá sjeu þeir ekki eins slæmir og hv. 2. þm. G.-K. vill vera láta. Í frv. þessu er þó gert ráð fyrir, að það geti komið fyrir, að útgerðarmaður hjer á landi eða skipstjóri á veiðiskipi misnoti loftskeytin í þeim tilgangi að fremja eða dylja landhelgisbrot. Er því farið fram á, ef þetta kemur fyrir hvað eftir annað, að stjórnin grípi til þess úrræðis, sem talað er um í 5. gr. frv., að taka af þessum skipum óhindraðan rjett til loftskeytasendinga. Á stríðsmáli er þetta kallað að setja skipin á gráan lista. Það er, að öll skeyti, sem það sendir, eða til þess eru send, skuli vera undir sjerstöku eftirliti, þannig, að efni þeirra er athugað, og það eitt sent, sem skipið þarf að fá vitneskju um, eins og t. d. að góður markaður sje í Englandi o. s. frv. Þá mundi skeyti eins og t. d. „Fuglinn flaug til suðausturs", sem einu sinni mun hafa átt að þýða: „Fylla fór til suðausturs", ekki hafa verið sent. Erlendis er mikið eftirlit haft með öllum loftskeytasendingum, og jeg vona, að jeg móðgi háttv. 2. þm. G.-K. ekki, þó að jeg segi honum frá því, að enska loftskeytastjórnin hefir vanið bæði íslenska togara og skip Eimskipafjelagsins af því, að vera með óþarfa samtöl við Englandsstrendur. Skip þessi höfðu það fyrir vana, þegar þau voru á ferð í Norðursjónum, að tala saman sjer til skemtunar. Englendingar tóku svo skeytin og sendu þau hingað, og bönnuðu þennan vaðal við Englandsstrendur. Þeir sögðust annað hafa að gera með loftið, en láta aðra nota það fyrir óþarfa málæði. Úr þessu hefir nú verið bætt. Landssímastjórnin hjer hefir lagt fyrir skipin að hætta nauðsynjalausum umræðum. Að þessu mun líka draga hjer, að skipum verði bannað að vera með óþarfa vaðal.

Því þarf ekki að lýsa hjer, hve erfitt það er fyrir varðskipin að nota loftskeytatækin, síðan sum íslensku skipin fengu miðunartæki. Mjer er sagt, að skip með þessum tækjum geti vitað, hvert varðskipin fari, hvort þau fari vestur eða austur, norður eða suður, ef nokkur fjarlægð er að ráði. Þetta sýnir líka, að það má ekki lofa varðskipunum að síma til Reykjavíkur t. d. 2—3 sinnum á dag, eins og nú á sjer stað, þar sem þau segja til sín með þessum skeytasendingum.

Ólafur Thors: Eftir þær ræður, sem hjer hafa verið fluttar, þarf jeg ekki að tala langt mál.

Hv. flm. sagðist ánægður með undirtektir mínar, en þótti mjer hinsvegar hafa yfirsjest í því, að ganga fram hjá ákvæðum 4. gr. En það var aðeins vegna vináttunnar, sem jeg ber til hv. flm., að jeg hlífðist við að gera þessa grein frv. að umtalsefni. Hún er svo hjákátleg, að furðu gegnir, að jafngætinn og athugull maður eins og hv. flm. er álitinn af öllum, sem til þekkja, skuli hafa lánað nafn sitt undir frv.

Í þessari gr., 4. gr. frv., er gert ráð

fyrir að bókfæra öll loftskeyti til og frá íslenskum veiðiskipum, og senda þau síðan í afriti dómsmálaráðuneytinu í lok hvers mánaðar, en ráðuneytið afhendir síðan alla þessa skeytafúlgu sjávarútvegsnefndum Alþingis til frekari athugunar. Jeg veit, að okkur, sem sæti eigum í sjútvn., mundi ekki endast þessir þrír mánuðir, sem Alþingi starfar, til þess að lesa þessar einkennilegu bókmentir. Svo mörg og margvísleg eru þau skeyti, sem send eru til og frá íslenskum veiðiskipum. Ákvæði 4. gr. frv. er því svo fjarri öllu skynsamlegu viti, að það er broslegt, að slíkt skuli borið fram á löggjafarþingi þjóðarinnar.

Jeg lofaði hv. flm. aðstoð minni til að athuga málið í nefnd, þótt jeg efist um, að okkur, þrátt fyrir einlægan og góðan vilja, takist að klæða svo þessa fúnu beinagrind, að úr því verði lagasmíð að nokkru liði.

Jeg sný þá máli mínu að hæstv. dómsmrh.

Min ræða hneig að því, að gagnrýna, hvort frv. þetta mundi til bóta, ef því er slegið föstu, að grunurinn um landhelgisveiði íslenskra togara sje á rökum bygður. — Hæstv. dómsmrh. talaði um aðra og óskylda hlið málsins. Ræða hans hnje aðallega að því, að leiða líkur að því, að grunurinn um landhelgisbrot togara væri á rökum bygður. En þær málalengingar erú óþarfar, úr því jeg hefi einmitt rætt málið á þeim grundvelli. Þessa hlið málsins er því óþarft að ræða, enda leiði jeg hjá mjer að svara ýmsum staðleysum og fullyrðingum hæstv. dómsmrh. og öllum þeim fúkyrðum og getsökum, er hann ljet sjer sæma að kasta að íslenskum útgerðarmönnum.

Hæstv. dómsmrh. ljet sjer ennþá einu sinni sæma, að kasta fram þeirri fullyrðingu, að loftskeytatækin hefðu verið sett í íslenska togara í þeim eina tilgangi, að aðstoða þá við landhelgisveiðar, og bar fyrir sig orð, sem fallið hefðu hjer á Alþingi um þetta efni frá mikilsvirtum fyrv. hv. þm., en bætir svo við næsta hróðugur, að þessu hafi ekki verið mótmælt. Jú, þessu var mótmælt, og það var gert á þeim vettvangi og svo eftirminnilega, að furðu gegnir, að hæstv. dómsmrh. skuli vera búinn að gleyma því. Þessi vettvangur var „Tíminn“. Þar hafði hinn síritandi skriffinnur blaðsins, núverandi hæstv. dómsmrh., birt eina af sínum alkunnu langlokum um þetta mál, og gengið svo langt í getsökum í garð útgerðarmanna, að ritstjóri blaðsins sá sig tilneyddan að ljá rúm í blaðinu til andsvara.

Og svarið kom.

Alt var rekið ofan í hæstv. dómsmrh. og honum t. d. bent á, að þessi sami hv. þm., er hann vitnaði í, hefði litlu eftir að hann talaði þessi umræddu orð í þinginu sett loftskeytatæki í eitt veiðiskip sitt, af því að hann taldi það nauðsynlegt við löglegar veiðar.

Jeg ætti kanske að minna hæstv. dómsmrh. á, að þessi „snjalli“ rithöfundur, sem hrakti allar staðhæfingar hans, var einmitt jeg sjálfur.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að óhugsandi væri að fjölga svo varðskipum, að öryggi fengist fyrir því, að landhelgin yrði varin á öllum tímum árs. En þessi fullyrðing er á engum rökum bygð. Eins og jeg hefi áður sagt, þurfa varðskipin að vera það mörg, að togarar eða önnur veiðiskip þori ekki inn fyrir landhelgina til ólöglegra veiða.

Jeg lít svo á, að 3—4 varðskip af líkri gerð og „Óðinn“ mundu nægja til þess, að enginn skipstjóri mundi eiga það á hættu að veiða í landhelgi. Það er misskilningur, að varðskipin sjeu eins og skollinn í leiknum. Hinir mentuðu og duglegu skipherrar vita það fullvel, að freistingin til landhelgisveiða er staðbundin á vissum tíma árs, og þeim er vel kunnugt um, hvar helst er veiði von. Sá erlendur skipstjóri, sem lengst hefir farið með strandgæslu hjer við land, foringinn, sem var á „Fyllu“ í fyrra, er þeirrar skoðunar, að okkur mundu nægja 4 varðskip til þess að halda íslenskum og erlendum veiðiskipum utan landhelgi, og sömu skoðunar er jeg, eins og jeg hefi margtekið fram.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að með bendingum mínum á höfuðgalla þessa frv. hefði jeg gerst sekur um gífurlegan fjandskap við strandvarnarmálið, og það væri mín höfuðsök. Því undarlegra er þetta, þegar þess er minst, að sá maður, sem frv. flytur fyrir hæstv. dómsmrh.., hv. 1. þm. S.-M., er alveg nýbúinn að þakka mjer í heyranda hljóði fyrir undirtektir mínar, og ljet þess jafnframt getið, að jeg mundi í sjútvn. líklegur til að hjálpa honum að umbæta þennan vanskapning, sem frv. er.

En hvað býr undir?

Jú, hæstv. dómsmrh. er með þessum blekkingum að reyna að rægja mig í augum kjósenda minna, einkum þó þeirra, sem búa suður með sjó og stunda smábátaveiði á grunnmiðum. En þetta þýðir ekki neitt; það hefir verið reynt áður að bera mig þessum sökum. Suðurnesjabúar þekkja mig of vel og þann hug, sem jeg ber til strandvarnanna. Jeg hefi á fundum hjá þeim marghaldið fram þessu sama og hjer: að auknar strandvarnir sjeu eina hjálpin til þess að vernda grunnmiðin og tryggja afkomu smábátaútgerðarinnar. Jeg hefi líka áður sagt, að þegar búið er að láta greipar sópa um grunnmið og hrygningarsvæði, þá þarf ekki framar að leita fiskjar á djúpmiðum. Það er því ekki nema eðlilegt, að jeg, sem útvegsmaður, vilji heill þess atvinnuvegar og skilji betur en hæstv. dómsmrh., hvað hjer er í húfi. Hann þarf því ekki að væna mig um óheilbrigði, mig, sem er fulltrúi þeirra manna, er alt eiga undir því, að grunnmiðin sjeu vernduð, og stunda auk þess sjálfur útgerð. Eyðilegging grunnmiða og hrygningarstöðva sýndi álíka hyggindi útgerðarmanna og bændur sýndu í sauðfjárræktinni með því að slátra öllum lömbunum.

Jeg skal ekki tefja tímann með því að fara að ræða um ráðstafanir, sem gerðar hafa verið við Englandsstrendur til þess að fyrirbyggja loftskeytatruflanir. Að hæstv. dómsmrh. seildist svo langt, var víst í þeim tilgangi gert að reyna að láta líta svo út, að einhver annar á undan honum hefði gerst til þess að gefa líkar fyrirskipanir og frv. fer fram á. En vitanlega liggur í augum uppi, að þessar ráðstafanir Englendinga eru alt annars eðlis en þær, sem felast í frv.

Þá vildi hæstv. dómsmrh. láta líta svo út, að jeg legði ekkert upp úr drengskaparloforðum útgerðarstjóra. Og þetta leyfir hann sjer að draga út úr orðum þeim, er jeg mælti áðan. En hjer er vitanlega ekki um annað að ræða en vanalegar falsanir hæstv. ráðh. á orðum andstæðinga sinna. Mjer

dettur ekki í hug að ætla annað en að flestir, sem drengskaparheit gefa, haldi það. En jeg sagði, að enginn útgerðarstjóri gæti gefið drengskaparvottorð um það, að ekkert það stæði í skeytum, sem bærust til og frá skipum hans úti í sjó, er upplýsa mætti um varðskipin. Slíkt drengskaparvottorð getur enginn útgerðarstjóri gefið, og það af þeirri einföldu ástæðu, að hann getur ekkert um það vitað. Hæstv. dómsmrh. gæti meira að segja sent skeyti og orðið þess valdandi, að upplýsa um, hvar varðskipin halda sig stundina þá. Við skulum hugsa okkur, að einhver af togurum Kveldúlfs sje að veiðum í Faxaflóa. Hann fær skeyti frá dómsmálaráðuneytinu, er gæti hljóðað svo: „Viljið þjer gera svo vel að fara til móts við „Óðinn“ suður að Garðskaga og aðstoða hann við björgun.“ Nú getum við hugsað okkur, að skipstjóranum á þessum togara þyki gott að vita, hvar varðskipið heldur sig, og fari ekki til björgunarinnar. Er jeg þá drengskaparlaus maður fyrir þá sök, að þetta skip mitt hefir fengið upplýsingar um varðskipið og það í skeyti frá sjálfum dómsmálaráðherranum?

Jeg endurtek því það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni, að eins og frv. er úr garði gert, þá er ekki hægt að gefa slík drengskaparvottorð. Hinsvegar vil jeg benda á, að ef drengskaparvottorð ætti að heimta í þessu efni, þá mundi rjettara að koma því fyrir á annan auðveldari hátt, t. d. að skipstjórarjettindin væru bundin því, að enginn fengi leyfi til þess að fara með botnvörpung, nema hann undirskrifaði áður drengskaparvottorð um það, að veiða aldrei í landhelgi. Og svo slyngur maður sem sjálfur dómsmálaráðherrann er í lagasmíðinni, ætti ekki að verða í vandræðum að finna ráð til að koma slíkum ákvæðum í frv.

Jeg hefi bent á, að þrátt fyrir ákvæði þessa frv. geta allir, sem annars vilja það, farið í kringum lögin, og landhelgisveiðar þess vegna haldið áfram. Menn geta eftir sem áður sent hundrað setningar á venjulegu máli, sem þó geta haft ákveðna merkingu. (**Dómsmrh. JJ:** Þá er það dulmál!) Hver getur dæmt um það? — Við skulum hugsa okkur, að eitthvert skip fái loftskeyti, sem hljóðar á þessa leið: „Guð blessi dómsmálaráðherrann!“ Er þetta saknæmt, að biðja fyrir ráðherranum? Jeg veit ekki betur en að í öllum kirkjum landsins sje beðið fyrir stjórninni. (**Dómsmrh. JJ:** Þeir skrópa nú í því efni, sumir íhaldsklerkarnir!) Þess þá heldur ætti að vera þörf á því, að aðrir tækju sig til og bæðu guð að blessa ráðherrann.

Jeg hefi þá með þessu, er jeg hefi nú sagt, sýnt hæstv. dómsmrh. fram á, að tilraunir hans um að gera mig tortryggilegan hafa algerlega misheppnast. Hv. flm. hefir þakkað undirtektir mínar og fúslega viðurkent, að frv. þurfi lagfæringar við. Þetta mál þarf að hugsa miklu skarpara en frv. ber vott um. Af samning þess getur hæstv. dómsmrh. engan heiður haft, annan en þann, að hafa ef til vill meint eitthvað gott með því. En eins og frv. er, ber það vott um frámunalega fljótfærni og ófyrirgefanlegt hirðuleysi um lagasmíð.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mjer þykir hv. flm. hafa leikið hv. 2. þm. G.-K. grátt, með því að ætla honum að

taka skopið sem hól um sig. (**ÓTh:** Var hv. flm. ekki alvara?) Ef hv. þm. álítur, að orð hv. flm. hafi átt að taka sem hól, þá hann um það; mjer duldist ekki hvað lá á bak við þau.

Annars er svipað um þetta frv. að segja og sagt var, hver áhrif kenningar mótmælenda hefði á maga munkanna á siðaskiftatímanum. Það hefir komið álíka óþægilega við hagsmunatilfinningar hv. 2. þm. G.-K. Báðar ræður hans voru eins og sársaukaþrungin stuna, af því hann sá og fann, að með frv. er verið að kreppa svo að lögbrjótunum í hans stjett, að þeir geta ekki leikið lausum hala eins og áður við að stela fiski úr landhelginni. Það er ekki hægt að neita því, að togararnir laumast í landhelgina, hvenær sem þeir sjá sjer færi, og vegna loftskeytatækjanna veitist þeim auðveldara að brjóta landslögin. Brotin eru margsönnuð hjer á Alþingi ár eftir ár, og það af flokksbræðrum hv. 2. þm. G.-K.

Afstaða þessa hv. þm. til frv., og harmakvein hans yfir því, er besta innleggið, sem hægt er að fá frá hans hendi í þessu vandamáli þjóðarinnar. Hann fer síst í launkofa með hug sinn til landhelgisveiða. Hann kvíðir því, að með frv. verði reistar skorður við því, að togarar hans og stjettarbræðra hans geti haldið áfram að stela fiski frá kjósendum þessa háttv. þm. um Suðurnes.

Annars læddust með þessum harmagrát hans upplýsingar um eitt atriði, sem jeg er honum þakklátur fyrir. Hann sagði, að sumum útgerðarstjórum hefði komið til hugar að setja taltæki í veiðiskip sín. En ef sýnt er, að það sje gert til hjálpar landhelgisveiðum, þá verður vitaskuld að banna það.

Hv. 2. þm. G.-K. hefði átt að dylja sitt rjetta hugarfar í garð smábátaveiði kjósenda sinna og slást heldur í för þeirra útgerðarmanna, sem látast vera einlægir vinir landhelgisvarna. En hann hefir ekki kosið það. Eina svarið, sem hann hefir gefið, er það, að hann vill ekki, að reynt sje að hafa eftirlit með loftskeytum togaranna, heldur að fjölga varðskipunum. Hann talar um að 3—4 varðskip dugi til þess að verja landhelgina fyrir ágengni lögbrjótanna. Sem stendur eru varðskipin 3, og þó eru togararnir að veiða í landhelgi meira og minna á hverri einustu nóttu, og vitanlegt, að þetta getur þeim haldist uppi, vegna þeirrar aðstöðu, sem loftskeytin veita.

Hv. 2. þm. G.-K. áleit það mjög leiðinlegt, að sjútvn. skyldi eiga að sjá skeytin. Hv. þm. væri það ef til vill hvimleitt, að eiga að lesa skeytin sjálfur, en það fengist ef til vill einhverjir aðrir, t. d. hv. 4. þm. Reykv., sem væntanlega vildu leggja á sig töluverða vinnu til þess að athuga hvernig „ömmu gömlu“ liði. Það má segja, að hv. 2. þm. G.-K. verðskuldi, að aðrir geri gys að honum, þegar hann gerir svo geipilegt gys að sjálfum sjer, að hann kallaði sig t. d. einu sinni snjallan rithöfund, sem spanst út af því, að „Tíminn“ hafði getið um það, að einn togari Kveldúlfs hafði verið fangaður við veiðiþjófnað og dæmdur fyrir landhelgisbrot. Hv. þm. var þá ákaflega súr yfir því, að tekist hafði að herja út úr honum 15 þús. krónur í sekt, og mun víst flestum í fersku minni, hve háðulega för hann fór í þeirri ritdeilu. Hefir þar ef til vill legið til grundvallar hinn vondi málstaður, samhliða hans eigin ógjörvuleik. Það þýðir ekkert fyrir

þennan hv. þm. að reyna að telja mjer eða öðrum hv. þdm. trú um, að hann beri hlýjan hug til landhelgismálsins. Brot skipa hans á sjónum og ræður hans á þingi sanna það gagnstæða. Það getur verið, að einhverjir einfaldir kjósendur hans suður með sjó trúi honum, þegar hann kemur til þeirra og reynir að sannfæra þá um þetta þrent, að landhelginnar sje vel gætt, að hann og það fyrirtæki, sem hann stjórnar, hafi engan framtíðarhagnað af landhelgisbrotum togara sinna, en skaðist miklu frekar á þeim, og því megi skipstjórarnir ekki fiska í landhelgi, og í þriðja lagi sjeu nú togaraskipstjórarnir orðnir afhuga brotum.

Þetta, að játa sekt sína, en koma um leið með yfirborðsyfirlýsingu um það, að hann hafi staðist og standist freistinguna, það getur ef til vill gengið suður með sjó, en það gengur ekki hjer á Alþingi.

Þá játar hv. 2. þm. G.-K., að það sje mjög óskynsamlegt að toga í landhelgi, og sje ástæðan sú, að það sje nauðsynlegt að hlífa ungviðinu, til þess að fiskurinn nái að dafna. Hvernig stendur þá á því, að íslensku togararnir eru hverja nótt í landhelgi, ef þeir sjá sjer fært? Hvernig er hægt að samræma hin tíðu brot þeirra og eyðileggínguna, sem af þeim hlýst, við raunverulega fræðilega þekkingu?

Það er það sama, sem prestarnir tala svo oft um og kalla baráttu holdsins og andans. Hv. 2. þm. G.-K. veit fullvel, að það er satt, sem fiskifræðingarnir segja — en holdið er veikt. Það er ekki spurt, hvaðan fiskurinn kemur, þegar hann er í háu verði og mikið kemur í aðra hönd. Útgerðarmenn falla fyrir freistingunni og fórna framtíðinni fyrir augnablikið. Á því eru hin tíðu brot bygð. Hver trúir því, að skipstjórarnir mundu veiða í landhelgi, ef útgerðarmennirnir segðu við þá: Það er ekkert, sem skaðar okkur eins mikið eins og það, að þið veiðið í landhelgi.

Þegar talað var um það á þinginu 1924, að þyngja hegningu við landhelgisbrotum, þannig, að hún kæmi harðar niður á skipstjórunum, þá stóð upp einn af merkari útgerðarmönnum landsins og sagði, að þetta mætti ekki, því að landhelgisbrot togaranna væru útgerðarmönnum sjálfum að kenna, en ekki skipstjórunum. Þessi beina yfirlýsing stendur í þingtíðindunum 1924, og það er þess vegna lýðum ljóst, að það þýðir ekkert að vera með neinn skollaleik í þessu máli. Og jeg treysti því, að það sjeu aðeins sárfáir menn í þessari hv. deild, sem vilja leggja sig eins bera fyrir og hv. 2. þm. G.-K. hefir gert í þessu efni.

Þessu máli skal verða haldið til streitu, og jeg treysti því, að ef nokkrar breytingar verða gerðar á því í meðferð hv. deildar, þá verði þær aðeins í þá átt, að draga netið enn þá þjettara að hinum brotlegu.

Hv. 2. þm. G.-K. virtist ekki skilja það, hvaða þýðingu það hefði, að íslenskir togarar og skip Eimskipafjelags Íslands hafa fengið áminningu fyrir óþarft málæði við Englandsstrendur. Það þýðir það, að okkur stendur opinn vegur til þess að banna óþarfar skeytasendingar í ísl. landhelgi, að við höfum í því efni fordæmi hinnar merkustu siglingaþjóðar. Hv. þm. sagði, að það væri hart fyrir okkar fáu veiðiskip, ef þau mættu ekki nota loftskeytin til þess að hjálpa

hvort öðru eða bera algengar frjettir. Nefndi til dæmis, að togari á heimleið mætti „Óðni" við Reykjanes, og sendi togurum austur við sanda þá frjett.

Hvaða ástæðu hefði þetta skip til þess að breiða það út, hvar „Óðinn" er?

Nei, togarana varðar ekkert um það hvar varðskipin eru; þeir eiga ekki að hafa leyfi til þess að n e f n a „Óðinn" eða „Þór". Þeir, sem það gera, ættu skilið að fá kúlu gegnum belginn fyrir málæði sitt. — Á skilningsleysi hv. þm. á þessu mikilsverða atriði, má sjá það, hve ákaflega langt er frá því, að útgerðarmenn skilji þetta mál.

Jeg býst við því, ef sjútvn. heldur áfram að vera skipuð mönnum úr Íhaldsflokknum, eins og hv. þm. Borgf. og hv. þm. Barð., eða mönnum, sem vegna kjósenda sinna bera smábátaútveginn fyrir brjósti, þá muni þeir lesa pistilinn yfir þeim mönnum, sem sök eiga á því, að ísl. togarar ræna landhelgina, og þeir gera það væntanlega, þótt það komi í ljós, að það væru samherjar þeirra hjer á þingi og annarsstaðar, sem töluðu um það, að „fuglinn fljúgi í suðaustur", eða „amma gamla" sje að verða lakari. (**ÓTh**: Er ráðh. að dylgja um það, að skeytin sjeu frá Kveldúlfi?) Nei, það hefir aldrei verið sagt, og jeg hefi enga ástæðu til að ætla, að svo sje, nema viðkvæmni hv. 2. þm. G.-K. í svip og viðmóti í hvert skifti sem minst er á „ömmu gömlu", og jeg verð að taka það sem hálfgerða játningu frá hv. þm., hve illa hann tekur því, að á hana sje minst.

Háttv. 2. þm. G.-K. áleit það ósanngjarnt, að útgerðarmenn skyldu eiga að bera ábyrgð á öllum skeytum, sem send væri til togaranna. Ef jeg ætlaði t. d. að senda „Skallagrími" loftskeyti (það er nú heldur ósennilegt, að til þess komi, en við getum hugsað okkur það), þá er ekki til þess ætlast, og jeg býst heldur ekki við því, að við því verði tekið af útgerðarstjórninni, nema henni finnist það líta svo sakleysislega út, að það sje hættulaust fyrir landhelgisgæsluna að það komist til „Skallagríms".

Það lítur út fyrir, að hv. þm. ætli að verða svo einfaldur, að vilja heldur hafa þá aðferð, sem prestarnir höfðu áður við barnafermingar, meðan það var siður að láta börnin hátíðlega afneita þeim gamla og öllu hans athæfi með hinni stuttu yfirlýsingu fyrir alla æfi. En menn hafa efast um, hve vel mönnum hafi tekist að halda það heit. Og jeg verð að álíta það miklu rjettara, að útgerðarmenn undirskrifi hvert skeyti, og geri það 2—3 þúsund sinnum á æfinni, en þeir gefi fyrirfram eitthvert allsherjarsakleysisvottorð, og eigi svo ef til vill eftir að falla oft. Jeg hugsa, að þegar hv. 2. þm. G.-K. athugar þetta nánar, og tekur með í reikninginn þann mannlega breyskleika, sem að líkindum er líka til hjá útgerðarmönnum, þá muni hann sjá, að þetta er hentugra.

Jeg skal ekkert blanda mjer í það, hvort hv. þm. (ÓTh) eyðir peningum sínum í blessunarskeyti fyrir landsstjórninni. Það yrði vafalaust rannsakað í sjútvn., hvort hv. þm. hefði haft skynsamlega ástæðu til þess að gera það, eða hvort það væri dulbúin áminning til veiðiskipa um að veiða í landhelgi með breitt yfir nafn og númer. Og það gæti farið svo, að sjúvtn. kæmist að þeirri niðurstöðu, að það bæri að líta á slíkar fyrirbænir svip-

að eins og fregnir um heilsufar ömmu, og það yrði til þess, að útgerðarstjórnin yrði sett á svartan lista og undir eftirlit, þangað til hún lærði betur að biðja rjettilega.

Pjetur Ottesen: Það verður ekki um það deilt, að landhelgisgæslan er hin mesta þjóðarnauðsyn. Að því leyti sem þetta frv. gæti stuðlað til þess að torvelda landhelgisveiðar, þá er það sjálfgerður hlutur fyrir alla þá, sem hafa opin augun fyrir því nauðsynjamáli, að vinna að því, að þessi lagasmíð geti náð sem best tilgangi sínum. En jeg er, því miður, hræddur um, að það sje mjög hæpið, að þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, nái tilgangi sínum, og ef til vill verði erfitt að búa það svo úr garði. Og jeg álít það mjög hæpið fyrir þá menn, sem ant er um landhelgisgæsluna, að varpa alt of miklum áhyggjum upp á það, að þetta frv. verði til þess að bæta hana verulega. Aðalatriðið í því máli er að auka gæsluna. Mjer varð þetta enn þá ljósara við ræðu hæstv. dómsmrh. áðan, sjerstaklega eitt atriði í henni. Hann sagði sem sje, að togarar, sem hefðu miðunaráhöld, gætu altaf vitað, hvar varðskipin væru. Þessi tæki eru enn sem komið er í fáum skipum. En þegar tekið er tillit til þess, hve sorgleg reynsla er fengin um það annarsvegar, hve ákaflega hættulegar eru siglingar hjer við land, og hinsvegar, hve mikið öryggi er í því fyrir skipin, að hafa þessi áhöld, þá má ganga að því vísu, að það líði ekki á löngu áður en flest skip útvegi sjer þessi tæki. Og ef það má altaf vita með hjálp þessara tækja, hvar varðskipin eru, þá má ekki búast við því, að bót verði ráðin á því að ljetta undir með landhelgisgæsluna á þann hátt, sem frv. þetta ætlast til. Þess vegna vildi jeg aðeins láta í ljós þá skoðun mína, að menn megi ekki varpa alt of miklum áhyggjum á þá úrslausn, sem þetta frv. felur í sjer. En jeg vil eigi að síður vinna að því, að ná sem bestum árangri, sem hægt er, á þann hátt.

Það var þó annað atriði í ræðu hæstv. dómsmrh., sem gaf mjer sjerstaklega ástæðu til þess að standa upp. Hann talaði um loftskeytanotkun togaranna í sambandi við þá hlið þessa máls, sem snýr að útlendingum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að útlendingar, sem hjer eru teknir og dæmdir í sektir fyrir landhelgisbrot, þykjast oft grátt leiknir. Sjerstaklega eru það þýskir og enskir togarar, sem oftast verða fyrir barðinu á varðskipunum. Þegar eftir heimkomu þeirra til Englands eða Þýskalands hafa útgerðarmenn skipanna mjög oft snúið sjer til fulltrúa sinna á þingi og beðið þá að krefjast þess, að það yrði rannsakað, hvort togararnir hafi ekki verið beittir órjetti hjer. Það er auðvitað, að þegar skipstjórarnir koma heim eins og halakliptir hundar, þá halda þeir því fast fram, að þeir sjeu alsaklausir og hafi verið rangindum beittir. En það hefir, sem betur fer, altaf sýnt sig hingað til, að kærur þessar hafa ekki haft við nein rök að styðjast.

Því hefir verið haldið fram, að íslensku togararnir hafi betri aðstöðu til landhelgisveiða, vegna þess, að þeir hafi loftskeytatæki. Þar er því til að svara, að mörg hinna útlendu botnvörpuskipa hafa einnig loftskeytatæki, og hafa þau því sömu aðstöðu hvað þetta snertir. Það hefir verið sagt, að

ísl. togararnir standi betur að vígi í þessu tilliti vegna þess, að þeir sjeu hjer að veiðum við sitt eigið land. Aðstaða útlendinga er að sama skapi betri, er þeir veiða við sínar eigin strendur, og er hjer því enginn munur á. Meðan okkur tekst að halda því orði á varðskipunum okkar, að þau sjeu óhlutdræg, hver sem í hlut á, og sömuleiðis öll framkoma þeirra, sem um framkvæmd laganna sjá, þá stafar okkur engin hætta af árásum útlendinga í þessu efni. Og sem betur fer hafa þær raddir, sem upp hafa komið um það hjer á landi, að nokkuð sje áfátt þessu öryggi, dáið sjálfkrafa út, og þeir menn, sem hafa komið fram með slíkt, hafa orðið að bera kinnroða fyrir fullyrðingar sínar. En það má ekki heyrast nein rödd, sem veikt geti þessa rjettarstöðu okkar gagnvart útlendingum, og ef slíkt kemur fyrir, verður jafnharðan að kveða þann orðróm niður, því það geta verið nógu miklir erfiðleikar á því, að ráða niðurlögum á gremju þeirri, sem þungar sektir vekja hjá erlendum lögbrjótum, þótt þeim sje ekki gefið undir fótinn með ummælum um það innanlands, að ef til vill sje ekki hið sama látið ganga yfir þá og innlenda togara. Jeg vil stuðla að því á allan hátt, að landhelgisgæslu okkar stafi sem minst hætta af notkun loftskeytatækja, og jeg mun af einlægum hug styðja hverja tilraun, sem fram kemur, og úr hvaða átt sem hún kemur, til þess að draga úr þeirri hættu.

Ólafur Thors: Jeg vil fyrst leyfa mjer að skjóta því til hv. flm., hvort beri að taka hin vinsamlegu ummæli hans í minn garð sem skop. Jeg veit ekki betur en að jeg hafi unnið með honum í nefnd af fullri einlægni, að þeim málum, sem til okkar hefir verið vísað.

Í tilefni af ræðu hæstv. dómsmrh. verð jeg að svara honum nokkrum orðum. Jeg skal reyna að hafa það mjög stutt.

Hann sagðist skilja ræðu mína þannig, að jeg væri ótryggur vinur landhelgismálanna, og kvað þann mótþróa, sem jeg hefði sýnt gegn þessu frv., vera sönnun þess. Það stendur einhversstaðar skrifað, að þann, sem guð elskar, agar hann. Jeg þykist geta sagt, að jeg beri landhelgismálin mjög fyrir brjósti, þótt jeg hinsvegar segi, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, sje svo mjög gallað að formi og hugsun, að það sje algerlega óviðunandi.

Hæstv. dómsmrh. sagði, að jeg ætti skilið, að aðrir skopuðust að mjer, því að jeg hefði gert það sjálfur.

Það mun vera rjett skilið hjá hæstv. ráðh., að jeg hafi skopast að rithöfundarhæfileikum mínum. En þótt svo hafi verið, bar jeg þó í þeirri ritdeilu, sem hann talaði um, hærri hlut fyrir hæstv. dómsmrh., og þykist hann þó stundum geta komið fyrir sig orði. Annars var það eins og svo oft áður hjá hæstv. ráðh., að það var áberandi, hve illgirnin var ríkur þáttur í ræðu hans. Hann var að væna mig um það, að jeg hefði gefið kjósöndum mínum lognar yfirlýsingar. Jeg vil leyfa mjer að segja það, að jeg hefi engar yfirlýsingar gefið í þessum efnum, aðrar en þær, sem mjer hefir verið full alvara með. Jeg býst við, að hv. þdm. þekki mig það vel, að það mun aldrei henda mig, að gefa lognar og falskar yfirlýsingar.

Hæstv. dómsmrh. lítur svo á, að það sje lítið að byggja á fjölda varðskipanna, því að það sje ekki á okkar færi, efnahagsins vegna, að hafa þau svo mörg, að að fullu gagni komi. Nú sjeu varðskipin t. d. 3, og þó sjeu togararnir altaf í landhelgi, á hverri nóttu. Það má nú segja, að hæstv. dómsmrh. sjer furðu langt og vel, ef hann getur fylgt togurunum á ólöglegum leiðum þeirra á niðdimmum nóttum.

Það er að vísu rjett, að varðskipin eru að nafninu 3, en þeim er svo háttað, að „Þór" hefir nú legið um langan tíma í viðgerð hjer í Reykjavík, annað skipið er vitaskipið, sem er algerlega óviðunandi til gæslunnar, og það þriðja er „Óðinn", sem gegnir björgunarstörfum við Vestmannaeyjar í stað „Þórs". Þetta er því alls ekki sambærilegt við það, ef um 3 fullkomin varðskip væri að ræða.

Jeg verð nú að vera svo illgjarn í garð hæstv. dómsmrh. að segja það, að jeg er ekki alveg viss um, hver hugur hans er í þessu máli. Jeg þykist hafa ástæðu til að halda, að hæstv. ráðh. sjái, að þetta frv. kemur að litlum notum. En ef hann veigrar sjer við að sinna öðrum kröfum sjávarútvegsmanna, þeim, sem rjettmætar eru og máli skifta fyrir strandvarnirnar, þá skal jeg fyrstur manna rísa upp og segja, að hann sje óheill í þessu máli.

Nú vil jeg gera hæstv. ráðh. þann miska, að hafa yfir eina setningu, sem hann sagði í síðustu ræðu sinni. Hann sagði, að mönnum væri ekki treystandi til að ráða vel fram úr máli, þar sem þeir ættu hjálfir hagsmuna að gæta. Þessi ummæli eru honum alls ekki samboðin. Ef þetta er hugarfar hæstv. dómsmrh., á hann undir eins að segja af sjer. Dómsmrh., sem svo hugsar, á ekki að þolast.

Jeg spurði um það, hvort það mundi geta talist saknæmt, þó að togari, sem er á leið heim úr veiðiför, sími það til annars skips, að hann hafi orðið var við „Óðin" á leið sinni. Því svarar ráðh. á þessa leið: „Hvað varðar þennan togara um „Óðin" eða „Þór". Togaraskipstjóri, sem er að kjafta — jeg vek athygli hv. þm. á því, að ráðh. segir „kjafta" — um varðskipin, á skilið að fá kúlu í belginn."

En ef ætti að framfylgja þeirri reglu, að láta alla fá „kúlu í belginn", sem „kjafta" um það, sem þeim kemur ekki við, vildi jeg ráðleggja hæstv. forsetum að fá sjer hríðskotabyssu og hæstv. dómsmrh. að mæta í þinginu brynvarinn frá hvirfli til ilja.

Hákon Kristófersson: Jeg hafði ætlað mjer að sitja hjá við þessa umræðu. En af því að jeg átti nokkurn hluta af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, sje jeg mjer eigi fært að sitja hjá með öllu.

Jeg er svonefndum flm. frv. þakklátur fyrir áhuga hans á þessu máli, og efast ekki um, að hann sje einlægur í því. Einlægni hv. 1. þm. S.-M. er þekt um land alt!

En mjer þykja dálítið leiðinleg þau orð, sem hæstv. dómsmrh. hefir haft um þau ummæli, sem jeg hefi látið falla um landhelgiveiðar íslenskra togara. Jeg hefi aldrei kent útgerðarstjórunum um þær. Mjer er því mesta raun að því að heyra það haft eftir mjer. Helst mætti ætla, að hægt væri að búast við þesshättar rangfærslum af vefaranum mikla frá Leiti, en ekki hæstv. dómsmrh. Jeg held, að dóms-

mrh. ætti ekki að vera að bera óhróður á menn. Jeg þakka honum hlýjan hug í minn garð, sem hann reyndi að láta koma fram í ummælum sínum, hvort meint hafa verið eða ekki, en vísa að öðru leyti ummælum hans heim til föðurhúsanna.

Viðvíkjandi skeytaeftirliti sjávarútvegsnefndar verð jeg að segja það, að mjer finst, að hún verði að vera bundin þagnarskyldu, úr því að landsíminn verður að þegja yfir efni þeirra skeyta, sem hann fær handa á milli. — Annars held jeg, að frv. gæti verið til mikilla bóta, ef það besta er notað úr því. Og jeg er viss um, að hæstv. dómsmrh. hlýtur að ganga gott til, að fylgja því. En eins og það er nú, dreg jeg stórlega í efa, að það geti læknað þau mein, sem við erum báðir sammála um að sjeu á landhelgisgæslunni. Varðskipunum þarf að fjölga. Það er sú eina rjetta lausn á málinu. Jeg vona, að hæstv. dómsmrh. geri sitt besta í því, og hann er líka eini maðurinn, sem getur hrundið þessu nauðsynjamáli í framkvæmd, hvað það snertir, þar sem líkur eru til að samþykt verði nú á Alþingi bygging á nýju strandgæsluskipi.

Jeg held, að hv. 2. þm. G.-K. hafi tekið hæstv. dómsmrh. of alvarlega. Auðvitað hefir ráðh. ekki meint, að það ætti að setja kúlu gegnum skrokkinn á þeim skipum, sem tala saman um „Óðin“ eða „Þór“. Sem alvara gat slíkt ómögulega komið frá hæstv. dómsmrh. Það er stundum alveg bráðnauðsynlegt, að skip tali saman. Þar af leiðandi má ekki taka þau mörgu vanhugsuðu orð hæstv. ráðh., bæði í þessu máli og öðrum, sem fullkomna alvöru. Jeg vil leyfa mjer að nefna mannskaðaveðrið mikla, fyrir nokkrum árum. Þá voru skipin altaf að tala saman og spyrja hvort annað, hvernig ástatt væri. Það nær þess vegna engri átt að banna slíkt. Og ekki get jeg sjeð, að það sje ákaflega saknæmt, þó að þau minnist á varðskipin. Það er nú einu sinni áþreifanleg reynsla, að við erum eigi eins löghlýðnir og vera ber. En til þess að koma í veg fyrir landhelgisbrot, þarf að fjölga varðskipum. Það er ekkert annað, sem dugar. Við göngum öll á annara rjett í ýmsum tilfellum. Fáir geta víst hreinsað sig af því, að hafa ekki einhverntíma gert það, og það er í raun og veru afsakanlegt, þó að menn, sem fullir eru af veiðihug og ákafa, skreppi einstaka sinnum inn fyrir landhelgislínuna. En það er svívirðilegt, að þeir skuli bæði brjóta lögin og skemma veiðarfæri fiskimanna. — En af frv. vænti jeg einskis góðs, eins og það nú er. Jeg er viss um, að hægt er að senda aðvörunarskeyti, þó að eigi sjeu á dulmáli. Mjer kemur ekki í hug, að bera á móti því, að útgerðarmenn hafi sent slík skeyti, því mig brestur kunnugleika á því. En ákaflega hefir sá verið klaufskur, sem fór að tala um heilsufar ömmu, í einu skeyti. Sá maður hlýtur að vera fjarska ólíkur hv. 2. þm. G.-K. (**Dómsmrh. JJ:** Þetta er ættrækni!) Jeg vil nú samt slá því föstu, að þessi maður hafi verið mjög fjarskyldur hv. 2. þm. G.-K. En við verðum að álíta, að það hafi verið einn af útgerðarstjórunum, ef þetta er þá ekki ósatt.

Jeg vona nú, að jeg hafi eigi blásið að neinum óslöktum eldi hjá hæstv. dómsmrh., með þessum fáu orðum, sem jeg hefi sagt. Jeg trúi eigi öðru

en að við verðum sömu vinirnir og við höfum verið, eftir sem áður, þó að mjer þyki hins vegar leiðinlegt, að hann skuli fara með rangfærslur.

Jeg ætla mjer ekki að taka aftur þau ummæli, sem jeg hefi haft um lögbrot íslenskra togara. En það get jeg sagt, að nú á seinni tímum hefi jeg orðið var við miklu færri yfirtroðslur frá þeirra hálfu en áður. Það þakka jeg auknum landhelgisvörnum. Og jeg treysti hæstv. dómsmrh. til þess að láta hana verða eftirleiðis enn betri en hingað til. Ekki vantar hann áhugann! En mjer fellur það afar illa, að hann skuli blanda alóskyldum efnum inn í þessar umræður, t. d. fyrirbænum í kirkjum og því líku. En þrátt fyrir það vænti jeg, að hans góði vilji megi sín nokkurs, og framkoma hans í þessu máli byggist á fullri alvöru og umbótaviðleitni, en ekki á hinu, að ófrægja útgerðarmenn og aðra andstæðinga sína.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg get varla komist hjá því, að verða við ósk hv. 2. þm. G.-K., þegar hann mælist til þess, að jeg skýri þau orð, sem jeg ljet falla um hann í fyrri ræðu minni.

Þess vil jeg þó áður geta, að mjer virðast allar umræður um þetta frv. falla mjög í eina átt, nefnil. til stuðnings við það. Jafnvel hv. 2. þm. G.-K., sem helst hreyfir andmælum gegn því, hefir öðrum þræði látið falla hlýleg orð um málið. Þessar undirtektir allar met jeg sem vott eða fyrirboða um góðar lyktir þessa máls.

Jeg skal svo drepa á eina yfirlýsingu, sem gefin hefir verið í þessum umræðum, og eiginlega gæti hún nægt sem svar við fyrirspurninni. Það er yfirlýsing hv. 2. þm. G.-K. sjálfs, í fyrri ræðu hans, um það, að hann teldi tilgang frv. lofsverðan og góðan. Þakklæti mitt til hans, sem hann tekur svo sárt, að vefengt hefir verið, var einkum vegna þessara orða hans. Hinsvegar get jeg eigi gert að því, þó að einstakir hv. þm. kunni að hafa litið á orð mín eins og skop eða tvíræða vjefrjett. En ef hv. 2. þm. G.-K. vill álíta, að jeg hafi ekki talað í einlægni, þá má hann það. **(ÓTh:** Alls ekki!) Sannast að segja virðist mjer, að það hafi verið óþarfi fyrir hann að stökkva upp á nef sjer út af meinlausu spaugi um hólið frá mjer. Að lokum vil jeg lýsa ánægju minni yfir þeim góðu undirtektum, sem frv. hefir fengið, og virði jeg að vettugi öll smávægileg olnbogaskot til mín út af því.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. þm. Borgf. hefir ávalt látið sjer mjög ant um landhelgisvarnirnar. Mjer fanst þó tæplega eins mikill kraftur í ræðu hans í dag og stundum áður. En þess vænti jeg, að frv. eigi vissa liðsemd hans. — Hv. þm. virðist hafa misskilið nokkuð ræðu mína. Jeg gat um það meðal annara erfiðleika við landhelgisgæslu, að togarar gætu með miðunartækjum sínum vitað nokkuð um ferðir varðskipanna. En með þessu var jeg í raun og veru að gagnrýna gerðir landstjórnarinnar, bæði hinna fyrv. og þeirrar, sem nú situr. Hún hefir látið varðskipin tala talsvert saman, og þá geta togararnir vitað hvar þau eru. Þessu þarf að kippa í lag, og koma þá miðunartækin lögbrjótunum eigi að haldi. Jeg held, að hv. þm. hafi líka misskilið ummæli mín um íslenska og erlenda togara. Hv. þm. Snæf. hefir lýst því,

hvernig skipin hafa komið inn í landhelgina, óðara en varðskipið var farið, en forðað sjer jafnskjótt sem hann var búinn að síma til Reykjavíkur og kæra. Hv. þm. Borgf. mun eigi neita þessu. En auðvitað vekur þetta grun hjá útlendingunum. Skipstjórar erlendir, sem teknir eru fyrir brot, gera auðvitað það, sem þeir geta, til þess að afsaka sig, þegar heim kemur. Og þeir geta borið það með rjettu, að okkar skip sjeu eigi tekin, þó að þau sjeu í tugatali innan landhelginnar. Það þýðir ekki að telja sjer trú um, að útlendingarnir taki eigi eftir þessu. Og ef til vill vita þeir líka ástæðuna, að ísl. togurunum er sagt til úr landi. Það er því alveg nauðsynlegt, að framvegis náist tiltölulega eins margir ísl. togarar og erlendir, í hlutfalli við brot, svo að hægt sje að segja, að jafnt gangi yfir alla.

Um ræðu hv. 2. þm. G.-K. þarf jeg fátt að segja. Við erum báðir búnir að færa fram okkar rök. Hann hjelt, að hægt væri að halda uppi sæmilegri landhelgisgæslu með 3 skipum álíka og „Óðinn“ er. Landhelgissjóður er nú að vísu svo vel stæður, að hann gæti lagt fram fje til að byggja 2 skip. En það verður erfiðara að standast rekstrarkostnað en stofnkostnað skipanna. Fjárhagsleg geta verður ávalt að ráða miklu. En ærin ástæða sýnist til þess að gagnrýna framkomu þeirra þingmanna, sem ekki vilja reyna þær umbætur, sem ekkert kosta, eins og þær, sem frv. fer fram á. Nú höfum við á að skipa 3 skipum vopnuðum til landhelgisgæslu. Samt eru lögbrot framin í stórum stíl. Að vísu er „Þór“ eigi eins góður og hin skipin, en þó er hann til nokkurs gagns. Innan skamms kemur danska varðskipið, og þá höfum við 4. Samt veitir ekki af ráðstöfunum þeim, sem farið er fram á í frv. Þá fyrst getur landhelgisgæslan orðið sæmileg, þegar þess er gætt, að togurum sje eigi hjálpað úr landi.

Hv. 2. þm. G.-K. fanst mikið til um þau ummæli mín, að mönnum væri varlega treystandi til þess að vinna samviskusamlega að málum, þar sem þeir ættu hagsmuna að gæta. Hann er nú sjálfur búinn að tala svo mikið um mannlegan breyskleika, að hann hefir alveg sannað þeta. Mótbárur hans gegn ummælum mínum eru því hreinasti barnaskapur og annað ekki.

Pjetur Ottesen: Í raun og veru þarf jeg eigi miklu að svara hæstv. dómsmrh., enda mun oftar gefast tækifæri til þess, áður en skilist verður við landhelgismálin. Hann var að tala um, að ekki væri eins mikill kraftur í ræðu minni nú og áður. Það getur vel verið, en það á þá rót sína að rekja til þess, að jeg býst ekki við miklum árangri af því, fyrir umbætur á landhelgisgæslunni, þótt þetta frv. verði samþ., þótt jeg sje fús til að fylgja því og vinna að endurbótum á því, svo sem kostur er. En það er spá mín, að þegar frv. það, um aukna landhelgisgæslu, sem hv. Ed. hefir nú til meðferðar, kemur í þessa hv. deild, þá muni hæstv. dómsmrh. komast að raun um, hvort jeg hefi nokkuð slegið af kröfum mínum.

Þegar hæstv. ráðh. talar um kostnað við strandvarnirnar, og gerir mikið úr honum, þá gerir hann sjer ekki næga grein fyrir því, til hvers er að vinna. Kostnaðurinn við landhelgisgæsluna, — þó hann aukist mikið frá því sem

er — er ekki nema örlitið brot af þeim hagsmunum, sem landið hefir af því, að landhelgin sje vel varin. Það er nú viðurkent, að „Þór“ sje mjög ófullkomið varðskip, en þó hefir hann komið að miklu liði.

Það er vitanlega alkunna, að mikið hefir þegar áunnist um endurbætur á landhelgisgæslunni frá því, sem áður var, enda þótt mjög mikið sje eftir, svo að vel sje.

Hæstv. dómsmrh. talaði um þátttöku Dana í landhelgisgæslunni, svo sem hún væri jafnfullkomin hinni innlendu. En það eru ýmsar ástæður, er jeg hefi áður gert grein fyrir, sem valda því, að Danir neyta sín ekkert svipað því við landhelgisgæslu hjer, sem íslensku landhelgigæsluskipin. Þá hefir til þessa brostið flest til þess. Er jeg reiðubúinn að endurtaka rökin fyrir því enn á ný, ef þess gerist þörf.

Hæstv. ráðh. taldi á misskilningi bygt það, sem jeg sagði um miðunaráhöldin og það, að með þeim gætu botnvörpungarnir altaf fundið, hvar varðskipanna væri að leita. Sagði hann, að þetta bygðist á því, hve oft stjórnarráðið hefði að undanförnu haft samband við skipin. En jeg vil benda honum á, að úr því er ekki hægt að draga, svo að neinu nemi, meðan skipin eru svona fá. Þegar kvartanir koma hvaðanæfa um landhelgisveiðar, þá sýnist óhæfilegt annað en að skýra varðskipunum frá því. Svo er ekki ósjaldan, sem gerð eru boð eftir þeim til að þeytast kringum landið í allskonar snatti. Vitanlega er þetta snatt varðskipanna hin hörmulegasta misbeiting á starfi þeirra, sem orðið getur, meðan landhelgisgæslan er ekki betri.

Jeg veik að þeim orðum hæstv. ráðh. í fyrri ræðu minni, að útlendingar hefðu rökstuddan grun um það, að þeir væru hjer ekki undir sömu lögum og meðhöndlan og innlendir menn. Hæstv. ráðh. dró nú úr þessum ummælum öllum, og vildi sveigja þau í þá átt, að um misskilning hefði verið að ræða hjá mjer. En jeg vil leggja áherslu á það, að í þessum grun geta útlendingar ekki fengið neina átyllu til að ásaka íslenskt rjettarfar.

Ólafur Thors: Jeg vil aðeins leiða athygli hv. þd. að því, að veigamikill munur er á aðstöðu útgerðarmanns eða skipstjóra annarsvegar, og hinsvegar aðstöðu útgerðarmanns, sem tekið hefir við umboði til þingmensku. Hæstv. dómsmrh. hefir áður haldið hjer langar ræður um „fair play“ og stjórnmálaþroska. En jeg vil leyfa mjer að segja, að stjórnmálaþroski þess þingmanns væri ekki mikill, sem fyndi ekki til þess, eftir að hafa tekið að sjer umboð fyrir hjerað eins og Gullbringu- og Kjósarsýslu, að hann hefði tekið þar á sig nýjar og þungar skyldur, einmitt í svona málum. Jeg vona, að hv. þd. aðhyllist þessa skoðun mína, og þá það þar með, að jeg sje fullkomlega dómbær í þessu máli, engu síður en aðrir hv. þdm. — Ef jeg hefði verið óheill í málinu, þá hefði jeg þagað í dag og greitt atkvæði með frv., þar sem jeg hlaut að sjá vonleysi þess um að bera nokkurn árangur. Ef menn nú spyrja, hví jeg hafi ekki gert þetta, þá svara jeg því, að það er fyrir þá sök, að jeg er heill og falslaus um landhelgisvarnirnar. Jeg hefi andmælt þessu frv. sakir þess, að mjer þykir skömm að því, að það

skuli koma fram, þar sem það er gersamlega tilgangslaust, hlýtur að verða vita-gagnslaust og getur orðið til þess að draga úr öðrum gagnlegum ráðstöfunum til eflingar landhelgisgæslunni.

Jeg vil enda mál mitt með því að þakka hv. 1. þm. S.-M. — hinum svokallaða flm., eins og hv. þm. Barð. orðaði það — fyrir að endurtaka þau ummæli sín, að allir ræðumenn hefðu talað af hlýjum hug til málsins. Ættu þessi orð að nægja til að reka niður í hæstv. dómsmrh. þau öfugmæli hans, að þetta hefði verið meint sem skop. — Við hv. flm. og jeg eigum nú væntanlega eftir að vinna saman að þessu máli í nefnd. Jeg hefi enga trú á, að þetta frv. geti orðið grundvöllur að neinum till., sem að gagni megi koma, en e. t. v. getur það gefið tilefni til bollalegginga í nefndinni, sem kynnu að bera einhvern ávöxt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Orð þau, er hv. þm. Borgf. ljet falla til sambandsþjóðar vorrar, um ljelega þátttöku í strandgæslunni, voru mjög ómakleg. Dönsku varðskipin hafa þrásinnis tekið skip að veiðum í landhelgi og sjeð fyrir, að þau yrðu sektuð. T. d. tóku þau allmörg skip á árinu, sem leið, og er það engum til hagsbóta að neita þeirri staðreynd. — Það er gott, ef hv. þm. stendur við það, að verða skeleggur í landhelgismálunum hjer eftir, og vænti jeg, að það megi verða þeim til meiri framdráttar en þátttaka hans nú í því, að breiða yfir linku og ljelegt skipulag. — En út af sneiðum hans um það, að varðskipin sjeu notuð í snattferðir, vil jeg svara því, að það er bæði gamall og nýr siður, að landsstjórnin noti þessi skip í opinberar þarfir, ef nauðsyn krefur. Vænti jeg, að síðar gefist tækifæri til að ræða það betur. En ef á að finna að því, að eitthvað sje gert við 140 þús. kr. sjóðþurð hjá sýslumanni á Vesturlandi, þótt Íhaldskjósandi sje, þá skal hv. þm. Borgf. vita, að jeg mun þar engu góðu svara, og að hann skal ekki eiga síðasta orðið í þeim viðskiftum, þótt varðskipin hafi verið notuð til að reyna að bjarga einhverju af þessu fje aftur. Hv. þm. þarf ekki að ímynda sjer, að þessi skip hafi eingöngu verið smíðuð til þess eins að gæta hans eigin fiskineta, heldur til alþjóðargagns. — Jeg mun ekki svara því, sem hv. þm. reynir að rangfæra eftir mjer, en jeg undirstrika, að það er staðreynd, að íslenskir togarar eru meira í landhelgi en útlendir, og til þess þarf mikla fávisku eða magnaða ósvífni, að neita því, að það gefi slæman grun, að þeir eru nær aldrei teknir. En vitanlega stafar það af því, að þeim er stjórnað með loftskeytum úr Reykjavík.

Það, sem helst hefir einkent ræður andstæðingaliðs míns í dag, er vonleysið um að geta nokkru komið í framkvæmd og linkan gagnvart lögbrjótunum. En hv. þm. Borgf. skal vita það, að hann á eftir að fá orð í eyra, ef hann ætlar sjer að fara að snúa við í þessu máli, frá stefnu sinni, og reyna að opna íslenska landhelgi fyrir veiðiþjófnaði pólitískra samherja sinna.

Pjetur Ottesen: Af því að hæstv. dómsmrh. byrsti sig og setti upp mikinn valdsmannssvip, vil jeg aðeins láta hann vita, að jeg er á hvaða tíma sem er óhræddur að deila við hann um þetta mál. Jeg er ekki hræddur við

hann, og vona, að hann fái um annað að tala að leikslokum en það, að jeg hafi runnið. Hæstv. ráðh. talar um linku hjá mjer í því, að vilja koma í veg fyrir landhelgisveiðar. Mjer þykir hann satt að segja seilast um hurð til lokunnar, þegar hann ætlar að fara að nota þetta mál til árásar á mig, þar sem jeg hefi lýst yfir því, að jeg vilji vinna með honum að framgangi þessa máls. Þegar jeg rjetti út höndina til bróðurlegrar samvinnu um málið, þá ræðst ráðherrann að mjer með fúkyrðum og fruntaskap. (**Dómsmrh. JJ:** „Mjög hæpið, að frv. nái tilgangi sínum", sagði hv. þm.!) Víst sagði jeg það, en það hefir hæstv. ráðh. sjálfur játað, með því að segja, að frv. stæði mjög mikið til bóta.

Jeg þarf ekki að svara hæstv. ráðh. fleiru. Í þessu hátterni hans liggur svo góð mannlýsing, að ekki er hægt um að bæta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv., og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, áður en til dagskrár væri gengið, mælti

Ólafur Thors: Utan dagskrár vil jeg leyfa mjer að vekja athygli hv. þd. á nál., sem var útbýtt á þessum fundi, á þskj. 335. Meiri hl. sjútvn. hefir borið fram álit sitt um frv. til laga um eftirlit með loftskeytanotkun íslenskra veiðiskipa. Hygg jeg, að formaður nefndarinnar hafi samið það. Í því eru ummæli um minni hl. nefndarinnar, sem eru ekki einungis villandi, heldur þess eðlis, að þau setja siðferðilegan blett á minni hl. Jeg nota tækifærið til þess að mótmæla þessum ummælum sem staðlausum og röngum.

Sveinn Ólafsson: Hjer er reyndar tekið til umræðu mál, sem stendur ekki á dagskránni, og er því ef til vill allsendis óþarft að svara þessu, en úr því að hv. 2. þm. G.-K. kemur fram með þessa athugasemd, þá vil jeg aðeins leyfa mjer að benda á 1. umræðu málsins, þegar þessi hv. þm. lýsti yfir því endurtekið, að þessi tilraun yrði ónýt, vegna þess að það mundi verða á almennu máli símað og þýðing orðanna vikið við. Í frv. stendur, að taka skuli drengskaparheit af hlutaðeigendum um það, að í skeytunum felist ekki annað en það, sem dómsmálaráðuneytinu er tilkynt, að þau þýði. Þá lýsti hv. þm. (ÓTh) yfir því, að drengskaparheitum væri ekki að treysta.

Forseti (JörB): Jeg leyfi mjer að benda hv. þm. á, að þetta mál er ekki á dagskrá, og verður því umræðum um það ekki haldið áfram, enda síðar tækifæri að ræða þetta atriði.

Á 60. og 64. fundi í Nd., 29. mars og 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 91, n. 355 og 613, 628).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

14. Löggilding Vattarness.

Á 15. fundi í Nd., 6. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um löggilding verslunarstaðar á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu (þmfrv., A. 102).

Á 17. fundi í Nd., 8. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Guðmundsson: Jeg vildi leyfa mjer að benda á það, að fyrir þinginu liggja nú nokkur frv. um löggilding verslunarstaða. En það er bæði heppilegt og sparnaður að því, að setja öll slík frv. saman í ein lög. Vil jeg því beina því til hv. flm., hvort hann sjái sjer ekki fært að fara að dæmi hæstv. forsrh. og slá þessu frv. saman við þau frv., er nú liggja fyrir hv. Ed., því annars farast þau á mis, og bakar það aðeins óþarfa fyrirhöfn og kostnað.

Forseti (BSv): Þessi mál eru nú í nefnd í Ed. Til þess að láta þetta frv. verða samferða þeim, þyrfti aðeins að fá einhvern í Ed. til að flytja brtt. um það.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Það er fátt eitt um þetta frv. að segja, umfram það, sem í grg. stendur. Frv. er flutt samkvæmt ósk búanda á Vattarnesi og næstu granna og til þess að verða vermönnum að liði, sem sækja þangað á sumrum. Skip mundu verða auðfengnari þangað, ef staðurinn væri löggiltur, því að skilyrði vátryggingarfjelaga torvelda oft skipaferðir til ólöggiltra hafna.

Nú stendur einnig svo sjerstaklega á, að töluvert af verðmætum húsum og öðrum mannvirkjum á að seljast þarna næsta vor, til lúkningar veðskuldum. En veðhæfi og verðmæti bygginga þessara mundi aukast mjög, ef svæðið væri löggildað og lóðarrjettindin gerð skýlaus. Er því veðhöfum og lánsstofnunum, sem þarna eiga hlut að, full nauðsyn á löggildingunni.

Mál þessu lík hafa oft legið áður fyrir þinginu og gengið fram mótspyrnulaust. Vona jeg, að svo fari einnig um þetta mál. Það má að vísu segja, að löggilduð höfn, Eskifjörður, sje ekki langt frá þessum stað, en þó er sjóleið þar á milli um 16 mílufjórðungar og landleið miklu lengri, enda vermanna vegna mikil þægindi að hafa löggiltan verslunarstað í Vattarnesi.

Jeg skal ekki fjölyrða meira um þetta að sinni. Vona, að þessu frv. verði tekið vel og að það, að lokinni umr., verði látið ganga til allshn.

Forseti (BSv): Hv. flm. mun ekki hafa verið inni, er hv. 1. þm. Skagf. bar þá till. fram, að máli þessu væri, með brtt., komið fyrir í samskonar frv., sem nú er í nefnd í Ed.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Jeg gat ekki sjeð við því, sem fram var komið hjer í deildinni áður en jeg kom inn. En jeg flutti frv. þetta sjerstakt og óháð öðrum samskonar frv., sem nú liggja fyrir þinginu, af nauðsyn. Ástæðan er sú, að jeg vildi flýta fyrir þessari löggildingu, svo að hún yrði komin í kring áður sala færi fram á komanda vori á eignum þeim, sem jeg áður nefndi. Þess vegna hefi jeg tekið í frv. stærð

og takmörk lóðarinnar til löggildingar; en eftir frv. því, sem fram er komið í efri deild, er stjórninni ætlað eftir á að ákveða lóðarstærð samkv. lögum nr. 55 frá 1905, og gæti dráttur, sem af því leiddi, aftrað því, að löggilding á Vattarnesi hefði áhrif á sölu húseignanna þar á komanda vori. Jeg sje ekki, að neinu sje spilt, þó að frv. þetta gangi sjerstaklega fram. En ef hv. nefnd, sem fær mál þetta til meðferðar, sýnist svo, þá getur hún lagt til breytingar á þessu. Aðeins kemur löggildingin ekki að fullu liði, ef fylgt er fyrirmynd frv. þess, sem liggur fyrir efri deild.

Magnús Guðmundsson: Jeg gekk út frá í þeim orðum, sem jeg sagði áðan, að frv. þetta yrði látið ganga fram nefndarlaust, sem algengt er með slík mál. En þar sem hv. flm. hefir nú lagt til, að það sje athugað í nefnd, sem jeg á sæti í, þá geri jeg ráð fyrir, að geta haft áhrif á meðferð málsins í þá átt, sem jeg vjek að áður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Fyrning skulda.

Á 16. fundi í Nd., 7. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum nr. 14, 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annara kröfurjettinda (þmfrv., A. 111).

Á 18. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Það er ekki þörf langrar framsögu um þetta mál, með því að í grg. er gerð allnákvæm grein fyrir efni frv. og ástæðunum til þess, að það er borið fram. Aðaltilgangurinn er sá, að draga úr hinni miklu skuldasöfnun, hinna almennu, ósamningsbundnu skulda, verslunarskuldanna, með því að stytta fyrningarfrestinn, og koma þannig í veg fyrir, svo sem unt er, að verslunin sje milliliður á milli almennings og hinna eiginlegu lánsstofnana, bankanna.

Með þrennu móti er ætlað að takmarka fyrningarfrestinn.

Í fyrsta lagi með því að stytta fyrningarfrest þessara umræddu skulda úr 4 árum niður í 1 ár.

Í öðru lagi, að fyrningarfrestinum verði ekki viðhaldið með áframhaldandi viðskiftum.

Og í þriðja lagi með því að láta ekki einfalda viðurkenning á skuld slíta fyrningu, og gildir það jafnt um allar skuldir.

Með frv. er ekki ætlunin að ganga of nærri því, að skuldaeigendur geti innheimt skuldir sínar. Eins árs frestur ætti að vera nægilega langur til þess að hægt sé að heimta skuldirnar inn, eða þó a. m. k. að fá þær viðurkendar með því að samþ. víxil fyrir henni — það er mjög fljótlegt — eða þá að stefna til greiðslu á þeim og fá fyrir þeim dóm eða samning. Í öllum þessum tilfellum er slitið fyrningu.

Það má vera, að sumum þyki þessi frestur of stuttur, en jeg tel, að svo sje ekki; hann eigi að vera svo stutt-

ur sem hægt er. Þetta ætti heldur ekki að hamla því, að venjuleg reikningsviðskifti geti átt sjer stað áfram eins og áður, en aðeins verður nauðsynlegt báðum aðilum, bæði lánveitendum og hinum, sem lán þiggja, að sýna meiri gætni, miða viðskiftin meira við getuna en átt hefir sjer stað. Slík lagaákvæði sem þessi hljóta að verða mönnum hvöt til þess, þegar menn annarsvegar geta átt von á að gengið sje eftir því, að viðskiftin sjeu greidd upp, en hinsvegar, ef það bregst, gefinn sem stystur frestur til innheimtu. Jeg er þess fullvís, ef þessi hefði verið venjan, að það hefði reynst báðum aðilum holt og verslunarskuldir hefðu verið miklum mun minni en er. Menn hefðu lært að sníða stakkinn betur eftir vexti, og það er altaf það farsælasta.

Jeg hefi orðið þess var, að ýmsir hv. þm. muni ekki vera frv. fylgjandi, en jeg geri þó ráð fyrir, að það fái að fara til nefndar, og leyfi jeg mjer að leggja til, að því verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 52. og 53. fundi í Nd., 20. og 21. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 111, n. 236).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Bændaskólar.

Á 16. fundi í Nd., 7. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum nr. 48, 10. nóv. 1905, um bændaskóla (þmfrv., A. 114).

Á 18. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Jeg verð að byrja á því að geta þess, að í prentuninni hefir fallið burtu ein gr. úr frv., sem þar átti að vera. En það er ekki veruleg efnisbreyting, enda verður þetta bráðlega lagfært.

Jeg geri ráð fyrir, að öllum hv. þdm., sem frv. þetta lesa, sje það þegar ljóst, að ein aðalbreytingin, sem hjer er farið fram á, er að auka verklega kenslu í skólunum. Að því leyti gengur þetta frv. í sömu átt og frv. það, sem hæstv. forsrh. flytur um bændaskólann á Hólum, og get jeg að því er þetta snertir að miklu leyti vísað til hans framsögu, en við flm. þessa frv. viljum ganga það lengra, að við viljum láta þetta ná einnig til Hvanneyrarskólans.

Aðalbreytingarnar, sem í frv. þessu felast, eru fjórar.

Í fyrsta lagi, að í stað þess að núgildandi lög gera algerlega ráð fyrir, að skólabúin sjeu rekin af einstökum mönnum, „ef öðru verður ekki við komið," viljum við gera þá breytingu, að svo skuli aðeins vera „ef hentara þykir," og er það gert með það fyrir augum, að nú, síðan kröfurnar um verklegt nám fóru að aukast, líta menn svo á, að í þeim efnum eigi bændaskólarnir að hafa forustuna og

svo um ýmsar tilraunir í sambandi við það, sem reknar eru fyrir hönd hins opinbera. Við teljum, að rjett sje, í sambandi við þær breytingar, sem á eftir koma um aukið verklegt nám, að breyta þessum ákvæðum um rekstur skólabúanna. Við leggjum þó engan dóm á þetta, en viljum gefa stjórninni heimild til, ef hún telur hentara, að láta reka búin á kostnað hins opinbera.

Önnur og aðalbreytingin, eins og áður er sagt, er sú, að verklegt nám við skólana sje aukið að miklum mun frá því, sem verið hefir.

Þriðja aðalbreytingin er sú, að stofnuð skuli og starfrækt ársdeild við skólana, er starfi frá hausti til hausts, og sje námið bæði bóklegt og verklegt. Eins og kunnugt er, hefir það stundum verið svo, þegar fullskipað hefir verið í skólunum, að skólastjórar hafa tekið aukanámssveina um eitt ár, sem þó hafa ekki verið útskrifaðir sem reglulegir búfræðingar. Nú gerum við ráð fyrir, að meira muni bera á þessu, eftir að verklegt nám er lögfest. Gerum við ráð fyrir, að í þessari deild sje lögð áhersla á það hagnýtasta í bóklegu námi á vetrum, en eingöngu verklegt nám stundað á sumrum.

Í fjórða lagi viljum við gera það að skilyrði fyrir inntöku í skólana, að piltar hafi stundað að minsta kosti í átta vikur verklegt nám áður. Þetta er eitt af því, sem við leggjum langmesta áherslu á.

Um fyrirkomulag þessa hefir talsvert verið rætt, og menn eigi á eitt sáttir. En jeg er sannfærður um, að þetta er hin sjálfsagðasta breyting. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að íslenskur landbúnaður er skemra á veg kominn en hjá flestum öðrum menningarþjóðum, sem við að öðru leyti stöndum jafnfætis. Aðalástæðan til þessa er sú, að íslenskum bændum er alveg fyrirmunað að taka í sína þjónustu þær vinnuvjelar, sem aðrar þjóðir nota svo mjög. Þeir verða að keppa við þær, án allra slíkra vjela, og innanlands verða þeir að keppa um vinnukraftinn við atvinnuveg, sem rekinn er með allra fullkomnustu tækjum, sem þekkjast. Sjórinn við Ísland er fiskauðugri en víðast annarsstaðar í heiminum, og útgerðin getur hagnýtt sjer allar framfarir í rekstri þess atvinnuvegar. En íslenskir bændur verða fyrst að umskapa landið, gerbreyta því, áður en þeir eru færir um að taka í þjónustu sína þær vinnuvjelar, sem flestum öðrum þjóðum eru svo handhægar.

Það er einmitt þetta, sem jeg álít stærsta viðfangsefnið, sem liggur fyrir, ekki eingöngu íslenskum bændum, heldur líka fyrir hinni íslensku þjóð. Og það er svo mikið, að það er ekki nokkurt vit að ætlast til þess, að bændur leysi það einir af höndum; til þess þurfa að koma alþjóðarsamtök. Þetta er viðurkent af löggjafarvaldinu; það er viðurkent með jarðræktarlögunum, það er viðurkent með þeim tillögum, sem hjer á þingi hafa verið gerðar hvað eftir annað um það, að útvega þeim ódýran áburð. Það er viðurkent með því frv., sem liggur fyrir Alþingi nú, um landnámssjóð, og það er viðurkent af stjórn Búnaðarfjelags Íslands, með því að hún á síðustu árum hefir látið fram fara rækilegar til-

raunir um það, hver útlend verkfæri til jarðræktarvinnu væri hentugust og best fyrir okkur.

En það er eitt atriði, sem menn hafa ekki veitt eftirtekt, og það er einmitt það atriði, sem mest ríður á. Það er að kenna bændunum sjálfum að vinna þetta verk. Það hefir verið deilt um það, hvort heppilegra væri að nota nýtísku vinnuvjelar við þetta verk, eða nota hestaflið. En svo framarlega sem verulegur skriður á að komast á það mál, þá verður að kenna hverjum einasta bónda að framkvæma það; það verður að gerast að heimilisvinnu, sem hver einasti maður lærir. Jeg vona, að það verði bráðlega borið fram frv. þess efnis, að enginn megi hafa umráð yfir jörð, án þess að kunna skil á helstu þessháttar verkum. Átta vikna nám er vitanlega það skemsta, sem hægt er að heimta, en ef því er haganlega fyrir komið og áhersla lögð á hyggilega starfsaðferð og verkfæri notuð, þá er jeg sannfærður um, að þetta getur komið að mjög miklu liði.

Jeg geri ráð fyrir, að landbn. fái þetta frv. til meðferðar, að þessari umr. lokinni, og jeg ætla að vona, að hv. deild skilji svo vel nauðsyn þessa máls, að hún taki því með samúð, og að hv. landbn. treysti sjer til þess að taka upp í sitt frv. aðalatriðin úr þessu frv., sem jeg hefi lagt áherslu á, enda þótt hún sjái sjer ekki fært að fallast á frv. óbreytt.

Pjetur Ottesen: Eins og aðalflm., hv. þm. Mýr., hefir lýst, þá er svo, að aðalbreytingar þessa frv. á lögunum um bændaskólana ganga í þá átt, að bæta fyrirkomulag þeirra, og er það ekki að ástæðulausu, því að menn hafa fundið allsárt til þess, hversu lítið áhrifa búnaðarskólanna hefir gætt í því, að nemendur þeirra lærðu verklega búfræði. Þannig hefir það verið með ýmsa menn, sem útskrifast hafa af þessum skólum, að þeir virðast ekki vera öðrum fremri í meðferð jarðyrkjuverkfæra og jarðyrkju yfirleitt. Það er því áreiðanlegt, að bændaskólunum er mjög ábótavant í þessu efni.

Með því frv., sem hæstv. stjórn flutti á þessu þingi, um breyting á bændaskólalöggjöfinni, en sem ekki náði nema til annars skólans, er þó gert ráð fyrir því að auka verklega námið við þann skólann, en jeg felli mig betur við, úr því að á annað borð er hafist handa, að þessar umbætur sjeu gerðar á báðum skólunum. Jeg hefði annars talið rjettara að bíða tillagna milliþinganefndar í landbúnaðarmálum um þetta mál, því að það mun sameiginlegt við báða skólana, að allmikið skorti á í þessu efni. Hinsvegar virðist mjer líka rjettara, að ákveða það beint í lögunum, hverjar greinir hins verklega náms skólarnir eigi að hafa. Jeg vil ekki segja, að það, sem hv. flm. þessa frv. hafa lagt til málanna, sje það besta, en það á eftir að ganga í gegnum nefndir hjer í þinginu, og getur því staðið til bóta. Mjer finst þetta frv. taka frv. stjórnarinnar allmikið fram, bæði af því, að hjer er gert ráð fyrir að ráða bót á þessu við báða skólana, og svo því, að hjer á að slá þessu föstu í lögum. Auk þess virðist mjer þetta frv. benda til þess, að það muni vera meining hv. flm. þess, að sporna á móti því, að beina skólunum inn á þá braut, að

taka þar upp almenna fræðslu, framar því, sem nú er, og get jeg verið þeim samþykkur.

En mjer virðist það þó vera eitt atriði í þessu máli, þar sem kennir nokkurs undanhalds hjá hv. flm., frá því, sem er í gildandi lögum um bændaskólana. Í frv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir því, að heimila, að skólabúið á Hólum sje rekið á kostnað ríkissjóðs, og það er sýnilegt, að það vakir fyrir stjórninni, sem flytur þetta mál, að færa rekstur búsins í þá átt, enda held jeg að það hafi komið fram, þegar hæstv. atvmrh. reifaði þetta mál. En jeg minnist þess, að það var einmitt annar flm. þessa frv., hv. 2. þm. Skagf., sem benti á, að ríkisbúskapurinn á Hólum ætti ekki þá fortíð, að hyggilegt væri að hverfa að honum aftur, og gat jeg ekki þá greint annað, en að hv. 2. þm. Skagf. vildi sporna við því, að þetta væri tekið upp aftur við Hólaskóa. En mjer finst, að hv. flm. þessa frv. hafi dálítið smitast af þeirri ríkisrekstrarhugmynd, sem fram kemur hjá hæstv. stjórn, því að þeir vilja einmitt kippa burt úr lögunum þeim öryggisákvæðum, sem þar standa um það, að búin skuli ávalt rekin af einstaklingum, svo fremi sem til þess fáist færir og hæfir menn, því að í 1. gr. frv. þeirra stendur, að reka megi búin á bændaskólunum á ríkissjóðs kostnað, „ef hentara þykir," en í lögunum stendur, að þau skuli rekin á landssjóðs kostnað, „ef öðru verður ekki við komið." Nú er það upplýst, að landsstjórninni þykir það hentara, að láta reka búin á ríkissjóðs kostnað. **(BÁ:** Það er talað um eitt bú.) Já, auðvitað gat hæstv. atvmrh. ekki tekið öðruvísi til orða í ræðu sinni, því að ákvæði þess frv., sem hann flytur, ná aðeins til annars bændaskólans, nefnilega Hólaskóla. En ef hæstv. atvmrh. vill reka bú á Hólum á kostnað ríkisins, þá vill hann auðvitað líka reka búið á Hvanneyri á kostnað þess. Þess vegna virðist mjer, ef þessi breyting verður samþykt, að þá sje stefnt að því, að horfið verði inn á þá braut með rekstur búanna, en jeg veit, að þótt stjórnin vildi koma ríkisrekstri að á Hvanneyri, þá sje henni það ekki í lófa lagið nú, en aftur á móti verður hægt að koma þessu svo fyrir á Hólum þegar á næsta vori.

Þegar jeg legg þetta saman, sem fram kemur í frv. hæstv. atvmrh., og það, sem sagt er á þskj. 114, þá virðist mjer svo sem það sje þegar samið og sett, að farið verði á næsta vori að reka skólabúið á Hólum á kostnað ríkisins. Þetta ætla jeg að vona að hv. þingdeild athugi, og þá sjerstaklega hv. 2. þm. Skagf., því að eftir ræðu hans á dögunum veit jeg, að hann er á móti því, að það verði gert.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg gerði ekki ráð fyrir að þurfa að taka þátt í umr. á þessu stigi málsins, því að jeg er hv. flm. frv. að nokkru sammála, þótt okkur greini nokkuð á.

En það er hv. þm. Borgf., sem jeg vildi segja nokkur orð við, því að sá hv. þm. hefir mjög misskilið það, sem jeg sagði um daginn.

Það, sem gerði, að jeg bar fram mitt frv., var þörfin um að auka verklega námið. En það er nú svo, að það verður mjög erfitt að koma við verulega auknu verklegu námi, ef ríkið rekur

ekki búið. Það verður að þreifa sig áfram um, hvernig á að gera þetta. Þess vegna vildi jeg láta gera þessa tilraun norður á Hólum, en jeg tók það skýrt fram, að jeg hefði ekki komið með þessar tillögur fyrir báða skólana, af því að jeg áliti það í alt of mikið ráðist, að láta ríkið reka bæði þessi bú, og jeg minti á þá reynslu, sem fengist hefir í því efni, og sem gerði það að verkum fyrir ca. 20 árum, að fjögur opinber bú voru lögð niður. Þess vegna er það einmitt það atriðið, sem jeg hefi að athuga við þetta frv., að þar er gert ráð fyrir því, að gerbreyta báðum bændaskólunum og fara að reka bæði búin fyrir opinbert fje. Jeg álít, að reynslan frá 1905 sje sú, að við eigum ekki að taka upp þegar sama fyrirkomulagið á báðum skólunum, heldur ættum við í mesta lagi að reyna það á öðrum þeirra, þegar tækifæri gefst til þess. — Um hinn skólann er það að segja, að hann hefir mjög góða aðsókn nú.

Jón Sigurðsson: Það kann að virðast svo, sem ekki sje samræmi á milli þess, sem jeg sagði hjer um daginn, þegar annað frv. var hjer til meðferðar, og þeirra tillagna, sem jeg er nú meðflutningsmaður að. Jeg lýsti þá þeirri skoðun minni á ríkisrekstri, að jeg teldi hann athugaverðan. En af því að þetta er nú dregið inn í umræðurnar, finn jeg mjer skylt að gera grein fyrir því, hvers vegna jeg get aðhylst svona tillögur. Það er af því, að þótt jeg telji það rjett, að skólabúin sjeu rekin af einstökum mönnum — og svo best tekur almenningur þá til fyrirmyndar, að það sjeu einstaklingar, sem beri ábyrgðina, og menn viti það, því að fjöldinn lítur svo á, að þegar ríkissjóður, með sitt breiða bak, tekur eitthvað upp á sína arma, þá sje það ekki lengur orðið öðrum til fyrirmyndar. En við höfðum nokkra reynslu í þessu efni, og sú reynsla hefir kent mjer, að þótt jeg telji, að skólabú eigi undir flestum kringumstæðum að vera rekin af einstökum manni eða skólastjóra, þá er mjer svo ant um skólann, að jeg vil heldur brjóta í bág við þessa stefnu, heldur en að hæstv. stjórn verði neydd til að láta skólabúið í hendurnar á þeim mönnum, sem reka það þannig, að það sje fremur til viðvörunar heldur en hitt, og þess vegna vil jeg hafa þetta svo rúmt. Jeg treysti því, að stjórnin fari ekki ótilneydd inn á þessa braut. Annars mun mjer kanske síðarmeir gefast tækifæri til að benda á fleiri hliðar þessa máls, eins og t. d. þann stofnkostnað, sem af þessu hlyti að leiða, t. d. kaup á innbúi, fjenaði og mörgu öðru, sem alt er í eigu bústjóra, en sem mundi kosta ríkissjóð stórfje.

Hæstv. atvmrh. vjek að því, að það mundi verða erfitt að framkvæma verklega kenslu undir þeim kringumstæðum, að einstaklingur ræki búið, Því er ekki að neita, að ef slík kensla er samviskusamlega framkvæmd og hugsað um það, að nemendur hafi sem mest gagn af kenslunni, hlýtur það ávalt að baka bústjóra mikinn kostnað. En jeg álít, að um leið og þessi kvöð er lögð á bústjórann, eigi að gefa honum svo góð ábúðarskilyrði, að hann geti staðið sig við þetta, og jeg held, að það verði hyggilegra, bæði fyrir ríkið og skólann, að þessu verði þannig háttað.

Jeg ætla svo ekki að fara inn á fleiri

atriði, því að þau hefir hv. aðalflm. (BÁ) tekið mjög skilmerkilega fram.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Mig langar einungis til að gera grein fyrir því atriði, sem frv. hefir um ríkisrekstur skólans. Jeg ætla ekki að slá neinu fram um það, hvort betra sje að reka búið fyrir reikning hins opinbera, eða láta einstaka menn reka það, en aðeins benda á, að það eru nú þegar orðnar mjög skiftar skoðanir um það. Það má ekki skoða skólabúið sem atvinnustofnun, heldur sem skóla, á sinn hátt eins og hið bóklega. Það er að vísu altaf æskilegt, að skólabúið, eins og önnur bú, beri sig. En eftir því sem verklega kenslan er aukin þar, því nær færist það því, að vera einskonar verklegur skóli, og þess vegna er það, að menn álíta rjettast, að ríkið taki það að sjer og reki eins og hverja aðra skóla, þar sem þörf nemenda er höfð fyrir augum, en ekki einstaklings.

Jeg vil taka undir með hv. 2. þm. Skagf., að jeg álít það sje alls ekki neinum vandkvæðum bundið að koma þessu verklega námi fyrir á skólanum, þó að rekinn sje af einstökum mönnum. Og þessi frv.gr. segir ekki fyrir um það, að annar eða báðir skólarnir verði reknir af því opinbera. En til þess að úr þessu verði skorið, hvort heppilegra sje að reka skólabúið fyrir reikning hins opinbera eða einstaklinga, álít jeg rjett að reyna nú ríkisrekstur á öðru búinu, þegar þannig stendur á, að annar skólinn losnar úr ábúð í vor. Þá ætti að fást reynsla um það, hvort hentara væri. **(PO:** Er það meiningin?) Já, það er meiningin. Og þó að jeg hafi mína ákveðnu skoðun um það, hvort sje betra, að reka fyrirtæki á ríkiskostnað eða einstakra manna, þá er jeg þó ekki sá „princip"-þræll, að vilja ekki gera tilraun. Reynslan er þó altaf ólygnust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr., með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Bann gegn næturvinnu.

Á 22. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um að banna næturvinnu við ferming og afferming skipa og báta í Reykjavík og Hafnarfirði (þmfrv., A. 163).

Á 24. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta mannúðar- og menningarmál, sem hjer er fram borið, mun ekki ókunnugt hv. þdm., því að það var hjer á ferðinni á síðasta þingi. Krafa þessi, um afnám næturvinnu, er fram komin frá verkamönnum sjálfum.

Í „Dagsbrún" hefir verið samþ. ár eftir ár, að slík krafa verði gerð að lögum. Fyrst var gerð tilraun við atvinnurekendur, hvort þeir gætu ekki gengið inn á þetta með samningum. Þetta var reynt, en tókst ekki, því að það þurfti að kosta ýms fríðindi í móti,

og þá oftast kauplækkun. Að þessu gátu verkamenn ekki gengið, því eins og kunnugt er, verða þeir oft að heyja harða baráttu um kaupið, og þessa kröfu gátu þeir ekki selt fyrir nokkra aura á klukkustund.

Þá var það samþ., að krefjast þess, að sett væri með lögum þessi rjettarvernd.

Nú munu hv. þdm. alment spyrja, hvaða nauðsyn sje til að afnema næturvinnu. Jeg mun því reyna að rökstyðja, að þessi krafa er ekki að nauðsynjalausu fram komin, og ekki út í loftið.

Í fyrsta lagi er krafa þessi nauðsynleg vernd fyrir heilsu manna. Það er nú svo hjer í Reykjavík, að menn verða að híma klukkustundum saman, kaldir og svangir og oft illa búnir, eftir því að fá vinnu. Þetta er mjög títt hjer, einkum þegar atvinnuleysi er mikið. Ef til vill hefir nokkur hluti þessara manna komist að vinnu, hinir verða að fara heim jafnnær að kvöldi, eftir að hafa staðið allan daginn.

Jeg veit ekki, hvort nokkur hv. þdm. getur sett sig inn í lífskjör þessara manna, því að þetta endurtekur sig dag eftir dag og stundum viku eftir viku. Eins og hjer er háttað, er það oft svo, þótt menn hafi ef til vill fengið vinnuna, að þeir hafa fengið nóg af striti dagsins, þótt þeir ynni ekki nóttina með. Á nóttunni er kuldi og raki loftsins meiri, einkum á þeim tíma árs, þegar allra veðra er von. Nóttin er líka hinn eðlilegi hvíldartími öllum mannlegum verum, og sá tími, er menn njóta svefnsins best.

Það má líka segja, að þessi krafa sje fram komin til þess, að ofþjökun á vinnuþoli manna eigi sjer síður stað. Eins og vinnubrögðum er háttað hjer, kemur það oft fyrir, þegar mikill fiskur berst að á vertíðinni, að sumir menn, sem aðgangsfrekir eru um vinnu, vinni í 2 sólarhringa samfleytt. Þegar menn fara að vinna svo lengi, segir það sig sjálft, að þeir afkasta minnu en með fullum kröftum. Á meðan menn þessir geta haldið út, bíða svo jafnmargir, sem enga vinnu fá. Þetta er því líka hreint og beint skipulagsatriði.

Jeg held því fram, að ef vinnutíminn væri reglubundinn, mundi verða meiru afkastað við vinnuna. Hitt skipulagið gerir það að verkum, að í öllum tilfellum verður minna unnið.

Því er svo háttað, að allmikill hluti þeirra manna, er verða að sætta sig við þau lífskjör að stunda hina svonefndu „eyrarvinnu“, eru ekki gjaldgengir, að dómi atvinnurekenda, til annarar vinnu, svo sem sjómensku, sem reynslan hefir þegar sýnt. Yfirleitt eru þetta eldri menn, sem ekki eru eins harðir í horn að taka og ekki færir til að þola þessa meðferð, að vinna bæði dag og nótt. Jeg get ekki komist hjá að minnast á það fyrirkomulag, er jeg veit best í hafnarbæjum hjá nærliggjandi þjóðum. Það kann að verða sagt, að við eigum að láta okkur litlu skifta siðu annara þjóða, en í þessu tilfelli má áreiðanlega taka tillit til þeirra.

Hjer á landi búa menn, sem hafa sömu þarfir, sömu eiginleika og tilfinningar og þeir, er búa í Englandi, Noregi, Danmörku o. s. frv., og mætti því ætla, að þeir þyrftu að hafa eitthvað svipaða aðbúð og þeir.

Það er nú orðið all-langt síðan jeg hefi verið erlendis, en þá kom jeg í allmarga hafnar- og fiskibæi, þá er líkastir eru og hjá okkur, og kynti jeg mjer vinnufyrirkomulag þar. Mjer er óhætt að segja, að í bæjum þessum alment var mönnum ekki ætlað að vinna nema 8—9 klukkustundir á dag, og það undir alt öðrum skilyrðum og við betra og hlýrra loftslag en hjer. Síðan jeg var á ferð, fyrir tíu árum, hefir margt breyst til batnaðar erlendis, og verkamenn fengið ýmsar kröfur uppfyltar.

Nú er hjer alls ekki farið fram á að lögfesta vinnutímann, þótt það væri sjálfsagt og eðlilegt, heldur er hjer verið að tryggja það, að menn verði lausir við að vera í raun og veru skyldaðir til að vinna á nóttunni.

Það hafa heyrst ýmsar mótbárur gegn þessu, svo sem að þessi krafa komi í bága við eðlilegan gang framleiðslunnar, en þær mótbárur ætla jeg ekki að hrekja að þessu sinni, nema jeg finni ástæðu til þess og þær verði vaktar upp á ný. En jeg vænti þess, að hv. þdm. skilji, að hjer er svo mikið mannúðar- og menningarmál á ferðinni, að þeir lofi því í fyrsta lagi að ganga til nefndar, svo að það verði rannsakað þar, hvort mótbárur þær, sem fram kunna að verða bornar, hafa við nokkur rök að styðjast.

Jeg verð að geta þess, að jeg hefi hvergi sjeð hafnarverkamenn jafn augsýnilega bera með sjer skort og einkenni ofþjökunar og hjer, bæði við og utan vinnu, og veldur því án efa ástand það og hin ömurlegu lífskjör, sem þeir eiga við að búa.

Það er hart, að þurfa að segja slíkt um sitt eigið land, en hjá því verður ekki komist. — En er þá ekki því meiri ástæða fyrir löggjafarvaldið að athuga, hvort ekki sje hægt að gera meira en gert hefir verið fyrir þessa menn.

Vil jeg svo að lokum óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Ólafur Thors: Þetta frv. lá fyrir hv. deild í fyrra, og var þá felt við 1. umr. Jeg get gert ráð fyrir, að mönnum hafi ekki snúist hugur síðan, en þó ætla jeg að andmæla, með fáum orðum, nokkrum fullyrðingum hv. flm.

Það er algerlega ósannað, að hjer sje um kröfu verkamanna að ræða, og þar að auki fer hv. flm. órjett með, er hann segir, að slíkar kröfur hafi verið samþyktar ár eftir ár, í „Dagsbrún“. Jeg leiði það af því, að þegar jeg deildi við hv. 2. þm. Reykv. og núverandi formann „Dagsbrúnar“, um þetta atriði, bar jeg það fram, að ekki lægi fyrir nein yfirlýsing, er sýndi, að þetta væri vilji verkamanna, og gat formaðurinn ekki sýnt, að svo væri, en sagði, að hægt væri að fá slíka yfirlýsingu hvenær sem væri. Af því leiddi jeg, að ekki væri hægt að styðjast hjer við eldri sögu þessa máls. Jeg skal ekki efa, að hv. 2. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. sje kleift að fá samþ. í „Dagsbrún“, að þetta sje vilji verkamanna, en það er ekki sönnun þess, að það sje vilji þeirra verkamanna, er hlut eiga að máli. Jeg er alveg sannfærður um, að ef verkamenn þeir, er vinna næturvinnu, væru spurðir, hvort þeir óskuðu þess, að næturvinna væri bönnuð, að meiri hluti þeirra mundi vera á móti því. (**HG:** Sú sannfæring er ekki mikils virði!) Jeg skal sanna, með yfirlýsingu 100 verkamanna, er

næturvinnu stunda, að þetta er rjett. Ef hv. þm. Ísaf. getur fengið fleiri til síns fylgis, skal jeg beygja mig, en fyr ekki.

Það er alveg rjett, að ef menn vinna bæði dag og nótt, er sú vinna mjög lýjandi. En hverjum verkamanni er það í sjálfsvald sett, hve lengi hann vinnur, vegna þess, að það eru frekar fleiri en færri, sem sækjast eftir vinnu. Það er því alveg óþarfi, að vinnuveitandi leggi að nokkrum verkamanni um næturvinnu, ef hann kýs hana ekki sjálfur.

Hjer er líka að ræða um nauðsynjamál fyrir útveginn. Því er svo farið, að á vertíðinni er aðalafli togaranna veiddur á Selvogsbanka að næturlagi. Er þá reynt að haga því þannig til, að togararnir komi inn kl. 2—4 eða 6 á eftirmiðdögunum, og ef þeir eru afgreiddir strax, tapa þeir ekki einni nóttu frá veiðum. En ef banna á næturvinnu frá kl. 10—6, hljóta togararnir að missa tvær nætur. Þetta er svo mikið hagsmunamál fyrir útgerðina, að jeg álít, að ekki eigi að lögfesta þetta bann, nema því aðeins, að hjer sje um að ræða brýna þörf til þess að vernda heilsu manna, eða það sje gert fyrir heita ósk þeirra manna, er hlut eiga að máli. En jeg hygg, að það sje alveg rangt, að menn hafi ofboðið kröftum sínum við næturvinnu.

Hitt er rjett, að hjer í Reykjavík sjer maður oft verkamenn híma kuldalega niður við höfnina, til þess að fá vinnu, og er það ekki skemtileg sjón. Hefir verið reynt að bæta úr því að nokkru, með því að byggja verkamannaskýlið. En þetta er önnur hlið á málinu, og það, sem hjer er til umræðu, mundi ekki bæta úr því. Að það eigi við rök að styðjast, að hjer sje um mikið hagsmunamál útgerðarinnar að ræða, sjest best á því, að útgerðarmenn vilja heldur kaupa næturvinnu, þegar svo stendur á, þótt hún sje helmingi dýrari en dagvinna. Þeir mundu að sjálfsögðu ekki gera sjer það til ánægju.

Það er ástæðulaust að fjölyrða um það, hvernig þetta er með erlendum þjóðum, þar sem hafnarverkamenn afgreiða aðeins flutningaskip, því að hjer er um að ræða aflafeng á hávertíð.

Það er óneitanlega dálítið broslegt, þegar hv. flm. er að tala um, að hafnarverkamenn hafi miklu skemtilegri aðstöðu erlendis, svo sem betra loftslag o. fl. Jeg hefi komið í marga hafnarbæi erlendis, og jeg verð að segja það, að jeg vildi heldur vinna hvar sem er á þessu landi, en í þeim ódaun, sem í þeim ríkir. Þá sagðist hv. flm. hvergi hafa sjeð jafnilla útlítandi verkamenn og hjer, við og utan vinnu. Þetta er óverðskuldaður dómur, og ósæmilegur, um hina íslensku verkamenn. Jeg hefi líka sjeð erlenda verkamenn, og jeg verð að segja, að íslensku verkamennirnir eru þeim með öllu ólíkir, svo miklu mennilegri eru íslensku verkamennirnir.

Þetta mál var, eins og kunnugt er, felt frá 2. umr. í fyrra, með allflestum atkv. Jeg mun ekki gera það að till. minni, að það verði felt frá nefnd í þetta skifti, en jeg þykist þess fullviss, að frv. nái ekki fram að ganga.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Mjer hafa ekki komið á óvart þær fullyrðingar, sem hjer hafa komið fram gegn

þessu frv., og mun jeg nú sýna fram á það, á hve miklum rökum þær eru bygðar.

Hv. 2. þm. G.-K. sem er, eins og kunnugt er, einn af stóratvinnurekendum þessa bæjar, vill draga í efa, að frv. þetta sje borið fram eftir óskum verkamannanna sjálfra. Ef þessi hv. þm. hefði verið staddur á fundum verkamanna, þar sem þetta mál hefir verið rætt, mundi honum hafa gefist kostur á að sannfærast um, hvort svo er eða eigi. Jeg veit, að þessi hv. þm. hefir marga verkamenn í þjónustu sinni, en jeg leyfi mjer að efast um, að hann hafi kannað hug þeirra svo, að hann geti komið fram með slíkar fullyrðingar. (**ÓTh**: Það hefi jeg samt gert). Jeg endurtek, að jeg efast um, að sú fullyrðing sje rjett. Þetta mál er ekki borið fram vegna neinna látaláta í okkur flm., heldur í umboði verkamanna sjálfra, af óumflýjanlegri nauðsyn, til að vernda og tryggja heilsu þeirra gegn óhollustu þeirri, sem næturvinna hefir í för með sjer.

Þá mun jeg snúa mjer að þeirri hlið málsins, sem að útgerðinni snýr.

Því hefir verið haldið fram sem aðalástæðu gegn frv., að það yrði til að togarar tefðust oft og tíðum um tvær nætur við að losa afla sinn, og frv. yrði þannig til að draga úr afla þeirra. Jeg leyfi mjer að fullyrða, þar sem jeg er svo kunnugur við Reykjavíkurhöfn, að jeg veit þess mörg dæmi, að skip hafa legið yfir nóttina, enda þótt uppskipun afla hafi verið lokið um kveldið. Jeg skal koma með dæmi, sem sýnir hvílíkur misskilningur það er, að togarar tapi tveim nóttum við það, þótt uppskipun fari fram að degi til, eins og frv. fer fram á. Togari siglir austan af Selvogsmiðum kl. 5 að morgni, og kemur til Reykjavíkur kl. 1—2 eftir hádegi. Afgreiðsla í höfn tekur 6—8 tíma, og er því lokið kl. 8—10 síðdegis. Togarinn ætti því að vera kominn austur á Selvogsmið aftur kl. 6—7 næsta morgun. Í langflestum tilfellum er það aðeins ein nótt, sem tapast. Togarinn getur ávalt sent boð á undan sjer með loftskeytum, hvenær hans er von, svo að alt sje til taks, að taka á móti honum. Komið getur það líka fyrir, að skip komist ekki að, vegna þrengsla á höfninni, og er því vitanlega ómögulegt að synda fyrir, að nótt og nótt tapist við afgreiðslu skipanna, fyrir þær sakir.

Þetta virðist mjer aðalþungamiðjan í rökum hv. 2. þm. G.-K. Get jeg ekki sjeð, að þær röksemdir hafi við neitt að styðjast.

Hv. þm. sagði, að ef útgerðarmenn vildu borga hærra kaup fyrir næturvinnu en ella, væri rangt, að meina mönnum að njóta þess kaups. Jeg veit að vísu, að til eru þeir menn, sem vilja alt til kaupsins vinna, en fleiri munu hinir, sem vinna næturvinnu vegna þess, að þeir v e r ð a að hafa öll spjót úti til að framfleyta sjer og sínum, og mundi að öðrum kosti ekki láta sjer til hugar koma að slægjast eftir þessari vinnu, og svo það, að ef þeir neituðu að vinna, gætu þeir átt á hættu að fá ekki vinnu framar. Hv. þm. sagði, að úr nægu fólki væri að velja. Þetta er satt, því þótt unnið sje við öll skip, sem að hafnarbökkunum komast, stendur þó jafnan hópur atvinnulausra manna hjá. Hjer er því um mikilvægt skipulagsatriði að ræða, sem miðar að því, að skifta vinnunni jafnara meðal verkamanna, með því

að undanskilja vinnu að nóttu til, er sömu mennirnir sitja að og að deginum unnu. Þessi hlið frv. er vitanlega ákaflega mikilsverð, en hitt er þó aðaltilgangur þess, að vernda líf manna og heilbrigði, og því er það fyrst og fremst nauðsynlegt frá heilsufræðilegu sjónarmiði.

Hv. þm. vitnar í útlönd, og segir, að skip þau, sem þar eru afgreidd, sjeu verslunarskip, en eigi fiskiveiðaskip. (**ÓTh:** Að mestu leyti). Honum ætti þó að vera kunnugt um afgreiðslu veiðiskipanna í hafnarbæjunum, þar sem afgreiðsla hefst ekki fyr en kl. 4 að morgni, að jafnaði, og menn vinna ekki nema 8—10 tíma í einu við afgreiðsluna, en aðrir menn starfa að útskipun kola og annars, er skipið þarf með.

Hv. þm. fetti ennfremur fingur út í það, sem jeg sagði um útlit hjerlendra verkamanna. Það er einmitt þyngsti dómurinn yfir atvinnurekendum, hvernig verkamenn hjer verða að líta út, vegna of lágs kaupgjalds og ónógrar vinnu.

Jeg þykist vita, að hv. deild sje það ljóst, þrátt fyrir þau andmæli, sem fram hafa komið, að þetta mál sje svo vaxið, að það eigi að fara til nefndar; vænti jeg að hún komist að þeirri niðurstöðu, að frv. eigi að verða að lögum.

Jón Ólafsson: Þetta mál er ekki stórmál, og hvorki nauðsynjamál nje menningarmál, og því ekki ástæða til að hafa langar umr. um það.

Eins og allir vita, og einnig flm., er þessi vinna ekki int af hendi, nema þegar sjerstök nauðsyn er á, eða eins og hv. 2. þm. G.-K. sagði, að því aðeins er nokkur vinna framkvæmd eftir kl. 10, að á þann hátt fæst miklu meiri afli á land en annars. Þetta á sjer þó ekki stað, svo að neinu nemi, nema í einum mánuði ársins, aprílmánuði. Engum vinnuveitanda mundi detta í hug að láta vinna svo dýra vinnu, nema full nauðsyn væri á því.

Jeg vil víkja lítið eitt að dæmi því, er hv. flm. tók, um togara, er sigldi austan af Selvogsbanka til Reykjavíkur, til afgreiðslu þar. Hann gerði ráð fyrir, að togarinn legði af stað kl. 5 árd. Nú er sannleikurinn sá, að skipin leggja ekki af stað fyr en kl. 9—10—11 árd., að austan, og koma því ekki fyr en kl. 5 síðd. til Reykjavíkur. Nú er ekki hægt að afgreiða skip á minna en 8—10 tímum, og afleiðingin yrði því sú, ef þetta frv. næði fram að ganga, að skipið yrði að bíða yfir nóttina, án þess að lokið sje við að afferma það. Því er verið að halda í næturvinnu þennan eina mánuð, og fyrir mitt leyti stæði mjer á sama um alla aðra tíma ársins, hvað þetta snertir.

Hv. flm. talaði um, að kjör verkamanna væru ekki eins og þau ættu að vera. Jeg er honum samdóma um það, og álít, að allir ættu að reyna að bæta þau af fremsta megni. En sú viðbót fylgdi, að það væri atvinnurekendum að kenna, af því að þeir útveguðu ekki næga vinnu. Þetta er vitanlega ekki annað en ósanngjörn fullyrðing út í loftið. Enginn atvinnurekandi getur haft við hinu sívaxandi aðstreymi til bæjanna, sem hv. flm. og flokkur hans á áreiðanlega sinn mikla þátt í.

Jeg veit, að hv. deild muni geta fallist á, að frv. þetta sje ósanngjarnt og óþarft. Annars sje jeg ekki ástæðu til

að orðlengja meira um það, því að það er hvort sem er ekki nema einn af þeim tituprjónum, sem verið er að pota í togaraútgerðina, svo sem oft má heyra og sjá.

Ólafur Thors: Jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði áður, að það er rangt, að hjer sjeu kröfur verkamanna á ferðinni Ef hv. flm. vill sætta sig við það, að honum sje færður listi yfir nöfn nokkurra manna, sem þessa vinnu stunda, og hann vill beygja sig undir dóm þeirra, skal jeg vera honum hjálplegur um að útvega nokkur nöfn.

Hv. flm. sagði, að það væri algengt, að skip lægju á höfninni um nóttina, þótt þau næðu afgreiðslu fyrir miðnætti. Þetta kann að koma fyrir, t. d. ef viðgerð er að fara fram, sem ekki er hægt að ljúka við á skemri tíma. En það er hrein undantekning. Ef hann á við, að skip liggi hjer yfir nóttina að nauðsynjalausu, þá fer hann með rangt mál.

Hv. 3. þm. Reykv. hefir þegar svarað þeirri tilraun hv. flm. að sanna, að ekki skifti máli fyrir aflabrögð togara, hvort næturvinna er leyfð eða ekki, og þarf jeg því ekki að hrekja þær fullyrðingar hans aftur. En þegar hann segir, að fyrir geti komið, að skip geti ekki fengið afgreiðslu, vegna þrengsla á höfninni, þá er það ekki annað en bein sönnun fyrir því, að þörf er á næturvinnu, til að flýta fyrir því, að skipin geti komist að. Þetta er svo augljóst, að það hlýtur hver maður að skilja. Þá gaf hann og yfirlýsingu um það, að fleiri menn sæktust eftir þessari vinnu en að kæmust. Ef svo er, hvaða ástæða er þá til að ætla, að menn verði ofþjakaðir af þessari vinnu, gegn sínum eigin vilja? Ef menn vilja vinna þessa vinnu, held jeg að varhugavert sje fyrir löggjafarvaldið að stemma stigu fyrir því.

Hv. flm. vitnaði í aðrar þjóðir og hversu þetta horfði þar við. Jeg vil benda hv. deild á, að í þeim hafnarbæjum á Englandi, þar sem fram fer afgreiðsla fiskiskipa, hefst vinnan kl. 2 að nóttu til. Þetta sprettur þar eins og hjer af nauðsyn atvinnurekstrarins, svo að fiskurinn komist út um landið með járnbrautunum í tæka tíð og sala geti farið fram að morgninum.

Þá sagði hv. flm., að það væri þyngsti dómurinn um atvinnurekendur hjer, hve verkamenn litu illa út. Það sannaði, að vinnna væri ónóg og illa borguð. Það má nú auðvitað þrátta um, hvort þessi vinna er illa borguð eða ekki. En ef miðað er við fiskverð nú og fyrir stríð, ætti kaupið að vera 52 aurar um tímann; ef miðað er við dýrtíðina í landinu, ætti það að vera 80 aurar um tímann, en er 1 kr. og 20 aurar.

Ef kenna á atvinnurekendum um það, að vinnan sje ónóg, þá vil jeg benda á það, að Alþbl. hefir þrásinnis kallað atvinnurekendur „blóðsugur, sem lifa á svitadropum alþýðunnar“ (**SÁÓ:** Hvar stendur það í Alþbl.?) — það skal jeg finna fyrir hv. þm., ef hann óskar — fyrir það, að þeir skuli reka atvinnu og veita atvinnu. Nú er fundið að því, að við sjeum ekki nógu miklar blóðsugur. Þetta eru heilindin. Við atvinnurekendur erum að vísu orðnir þessu svo vanir, að við erum hættir að kippa okkur upp við það. Jeg hefi áður sagt, að jeg muni ekki leggjast á móti því, að þetta mál fari til nefndar. En jeg vona, að hv. nefnd

sjái, að hjer er að ræða um ónauðsynlega kröfu, á kostnað þess atvinnurekstrar, sem rikissjóði hefir dropið drýgst úr.

Lárus Helgason: Mjer þykir einkennilegt, að ekki er farið fram á í frv. að banna næturvinnu annarsstaðar en í Reykjavík og Hafnarfirði. Ef næturvinna er óholl og óheppileg á þessum stöðum, hlýtur hún að vera það annarsstaðar líka. Annars held jeg, að það væri ekkert heillaspor, að banna þessa vinnu. Það er gamall málsháttur, að grípa skuli gæs meðan gefst, og hvergi á það betur heima en um sjávarútveginn, þar á meðal fermingu og afferming skipa. Óhugsandi er, að atvinnurekendur væru að leika sjer að því að borga svo miklu hærra kaupgjald fyrir þessa vinnu en annars gerist, ef hjer væri ekki um nauðsyn og ótvíræðan ávinning að ræða. Jeg hefi heyrt margan verkamanninn tala um það, hve mikið hann hafi haft upp úr þessari og þessari vikunni, einmitt vegna næturvinnunnar. Jeg býst við, að frv. þetta sje alls ekkert nauðsynjamál. Yfir höfuð býst jeg við, að þetta frv. sje alls ekki hyggilegt; að minu áliti væri það þvert á móti ósanngjarnt, að það næði fram að ganga. Eins og jeg benti á, þá getur ekki átt sjer stað, að sjerstök þörf sje að banna næturvinnu aðeins í Hafnarfirði og Reykjavík.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg verð að svara örfáum orðum hv. 3. þm. Reykv. um dæmið, sem jeg tók, og mjer skildist að honum fyndist rangt. Það er eiginlega engin regla fyrir því, hvenær menn fara austan af Selvogsgrunni; það er lagt af stað á öllum tímum sólarhringsins. En dæmið, sem jeg tók, sannaði, að ef menn vildu losna við að vera nema eina nótt frá veiðum, þá gætu þeir hagað þessu þannig til. Að öðru leyti svara jeg ekki ræðu þessa hv. þm.

Þá er hv. 2. þm. G.-K. Hann hefir leitast við að hrekja sumt af því, sem jeg hjelt fram, eins og það, að skipin lægju ekki hjer í höfnum. Jeg hefi því miður enga skýrslu um þetta, en sú skýrsla er hjá hafnarskrifstofunni, hvenær skipin fara og koma, en sennilega er engin skýrsla um, hvenær afgreiðslu þeirra er lokið. En jeg hefi því miður sjeð þess glögg dæmi, að skipin hafa ekki altaf flýtt sjer úr höfn, þegar afgreiðslu var lokið, og hefi jeg ekki orðið var við, að viðgerðir orsökuðu töfina, nema í örfáum tilfellum; það er oftast á valdi skipstjóranna sjálfra, hvort þeir sigla samstundis úr höfn eða ekki. Þeir vita manna best, hvort nokkurt veiðitap hlýst af því eða ekki.

Hann sagði ennfremur, að þrengsli við höfnina útheimti næturvinnu. Jeg var að sanna, með dæminu um þrengsli í höfninni, að ómögulegt væri að fullyrða neitt um það, að fyrir gæti komið, að skip gætu tafist lengur en eina nótt frá veiðum á Selvogsgrunni; en þó þau tefðust á ýmsum tímum hjer á höfninni, er ekki altaf þar með sagt, að þau geti komist að að nóttunni frekar fyrir það. Því að bæði kolaskip og saltskip, sem liggja við hafnarbakkann óafgreidd og ekki er unnið við að nóttu til, eru ekki hreyfð frá hafnarbökkunum fyr en þau eru að fullu affermd eða fermd.

Hitt hefir komið fyrir, ef skip hafa

komið síðla dags, að afgreiðsla þeirra hefir haldið óslitið áfram, þar til henni er lokið.

Það er ábyggileg reynsla, að þeir útgerðarmenn, sem ekki hafa látið afgreiða að nóttu til, sökum dýrari vinnu, þeir hafa yfirleitt ekki borið minna frá borði hvað afla snertir. Hv. þm. áleit, að hann gerði verkamönnum greiða með næturvinnu, þar sem kaupið væri hærra. Slíkur greiði hefir orðið mörgum alldýr, og flestir telja það ekki með beinum höppum, að verða að vinna dauðþreyttir, allavega til reika, í allskonar veðri, fyrir utan margskonar óþægindi önnur, sem því fylgir, þótt borgað sje nokkrum aurum hærra fyrir.

Svo vildi hv. þm. sanna, að erlendis byrjuðu menn að vinna klukkan 2 að nóttu. Jeg verð að fræða hv. þm. um það, að sú regla er almennari, að byrja klukkan 4. Og jeg ætla að bæta því við, að sjeu skip ekki búin að fá afgreiðslu klukkan 12, þá er ekki unnið meira þann dag. Það þýðir ekkert að koma í breska höfn upp á það, að fá afgreiðslu á öllum tímum sólarhringsins. Þó að menn byrji klukkan 2, sem mun eiga sjer stað í Hull, þá vinna þeir ekki, þrátt fyrir það, nema 8—9 tíma; það er álitinn alveg fullkominn vinnutími þar í landi. Hjer vinna menn á meðan þeir geta staðið á fótunum, og sýnast atvinnurekendur kunna því ekki illa. Slíkt er hættulegt öllum mönnum, og ekki síst gömlum mönnum og lasburða og heilsuveilum, og skaði fyrir þjóðfjelagið, ef það á að haldast uppi.

Svo vildi hann vitna í kaupgjaldið. En kaupgjaldið er of lágt, miðað við þarfir manna og þá vinnu, sem menn inna af hendi yfirleitt. En hitt er annað mál, að það er ósannað, hvort útgerðin getur borgað hærra kaup eða ekki.

Jeg held það hafi verið hv. 3. þm. Reykv., sem drap á það, að við jafnaðarmenn stuðluðum að því að draga fólkið úr sveitinni til kaupstaðanna. En sannleikurinn er sá, að þótt allmikill fjöldi fólks hafi verið atvinnulaust í þessum bæ, hefir verið auglýst út á landsbygðina eftir fólki, af útgerðarmönnum, og það jafnvel af þeim, sem eiga sæti í þessari hv. deild. Jeg get fært þessum orðum mínum stað, ef hv. þingmenn vilja; sönnunargögnin liggja fyrir hendi. Þetta gilti jafnt um karla og konur. Svo að það eru ekki við jafnaðarmenn, sem köllum á fólkið hingað, heldur útgerðarmenn sjálfir.

Jeg verð að segja nokkur orð til hv. þm. V.-Sk. Jeg held það sje meira af því, að hann hefir ekki sett sig inn í þetta mál, að hann legst á móti því, en það, að hann vilji ekki unna verkamönnum rjettar síns í þessum efnum. Það er ekki nauðsyn, að setja slíka takmörkun sem þessa, nema mikil brögð sjeu að því, að mönnum sje ofþjakað í þessu efni. Jeg leyfi mjer að staðhæfa, að hvergi á landinu sje gert eins mikið að því að vetrarlagi að láta menn vinna að nóttu til, eins og í þessum tveimur bæjum, og þá náttúrlega í sambandi við stórútgerðina. Nú var það svo, að hvíldardagshelgin var ekki heldur að neinu virt, og varð að ganga að því með oddi og egg, að fá lögfest bann gegn vinnu yfir þann tíma, sem messugerð fer fram. Einnig þurftu lög að koma til, svo að verkamenn fengi frið á stórhátíðum. Á-

gengnin gagnvart helgidögum og næturhvíld er mest á þessum tveimur stöðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BÁ, HStef, HG, HK, HjV, IngB, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

nei: EJ, HJ, JJós, JAJ, JÓl, JS, JörB, LH, MG, PO.

ÓTh greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (GunnS, MJ, BSt) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Einkasala á saltfiski.

Á 22. fundi í Nd., 14. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um einkasölu á saltfiski (þmfrv., A. 165).

Á 24. og 26. fundi í Nd., 16. og 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 21. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, hefir oft áður verið flutt í þessari hv. deild. En jeg held jeg muni það rjett, að það hefir aldrei átt því fylgi að fagna, að hafa komist til nefndar.

Okkur flm. þótti þó rjett að taka nú málið upp að nýju, í fyrsta lagi af því, að eftir síðustu kosningar hefir skipun þingsins breyst mikið frá því sem áður var, í öðru lagi vegna þess, að mönnum er að verða það ljósara og ljósara, að full þörf muni á að koma betra og hagkvæmara skipulagi á þessi mál, þ. e. útflutning og sölu sjávarafurða okkar, eins og sjest á þeim ráðstöfunum, sem komið hafa til mála um bætt skipulag á síldarsölunni og frv. þeim, er liggja fyrir þinginu þar að lútandi.

Jeg vil þá fyrst aðallega víkja máli mínu að því, hvort ástæða sje til fyrir hv. deild að láta sig nokkru skifta þetta mál: einkasölu á saltfiski.

Hlýtur þá sú spurning að vakna, hvort hjer sje um svo stóran þátt að ræða í atvinnulífi þjóðarinnar, að hið opinbera, eða ríkið, eigi að skifta sjer af því, og í öðru lagi, hvort nokkur von sje um, að takast megi að lagfæra eitthvað sölufyrirkomulagið, svo að meiri hagnaðar megi vænta af þessum atvinnurekstri en verið hefir.

Jeg er þeirrar skoðunar, að hvorutveggja þessu megi svara játandi. Hjer er áreiðanlega um svo stóran þátt í viðskiftalífi og búskap þjóðarinnar í heild að ræða, að ríkinu ber skylda til að skerast í leikinn og reyna á einhvern hátt að bæta úr þeim ólestri, sem verið hefir á útflutningi og sölu þessarar aðal-útflutningsvöru okkar.

Sumir álíta þó, ef til vill, að hjer sje um einkamál útgerðarmanna og fiskikaupmanna að ræða, og af því að frv. sje ekki komið frá þeim, þá sje sjálfsagt að verða á móti því.

Jeg skal taka það fram strax, að

þetta frv. er af alt öðrum toga spunnið en t. d. frv. um einkasölu á tóbaki, sem borið er fram af einum okkar jafnaðarmanna. Það frv. er fram borið til þess að afla ríkissjóði tekna. Hjer er heldur ekki um þá almennu þjóðnýtingu atvinnufyrirtækjanna að ræða, sem við jafnaðarmenn höfum á stefnuskrá okkar. Með frv. þessu er eingöngu verið að gera tilraun til að bæta úr því ólagi, sem verið hefir og enn á sjer stað um sölu þessarar aðalframleiðsluvöru þjóðarinnar.

Jeg ætla þá í áframhaldi af því, sem áður er sagt, að víkja að því, hvort hjer sje um svo stórt mál að ræða fyrir þjóðina í heild, að því opinbera beri að hafa bein afskifti af því.

Jeg hefi aflað mjer upplýsinga um saltfisksútflutning okkar á árunum 1924—1927, og hverju hann nemur, samanborið við annan útflutning. Tölurnar yfir árin 1924—1925 eru teknar úr hagskýrslunum; en um síðari árin, 1926—1927, hefi jeg fengið upplýsingar hjá hagstofunni, eftir skýrslum gengisnefndar. Geta þær tölur breyst að einhverju leyti, en þá áreiðanlega til hækkunar.

Þessi skýrsla mín og samanburður litur þá þannig út:

Árið 1924 var útflutningur alls kr. 86 milj., þar af saltfiskur 61,1%, sem skiftist þannig:

Fullverkaður	kg. 42,136,000	kr. 43,069,000	
Óverkaður	— 15,943,000	— 9,449,000	52,518,000

Árið 1925 nam útflutningur alls kr. 78,5 milj., þar af saltfiskur 62,5%, sem skiftist þannig:

Fullverkaður	kg. 39,340,000	kr. 39,521,000	
Óverkaður	— 19,932,000	— 9,609,000	49,130,000

Árið 1926 nam útflutningur alls kr. 47,9 milj., þar af saltfiskur 57%, sem skiftist þannig:

Fullverkaður	kg. 43,517,000	kr. 24,828,000	
Óverkaður	— 7,323,000	— 2,334,000	27,162,000

Árið 1927 er útflutningur talinn alls kr. 57,1 milj., þar af saltf. 54,5%, sem skiftist þannig:

Fullverkaður	kg. 49,397,000	kr. 26,546,000	
Óverkaður	— 16,450,000	— 4,735,000	31,281,000

Allur útflutningur þessara fjögra ára hefir þá verið kr. 269,9 miljónir, þar af saltfiskur kr. 160,1 miljónir, en það svarar til 60% að meðaltali á ári af öllum útflutningi landsins þessi fjögur ár.

Sje nú tekinn til samanburðar útflutningur saltfiskjar á árunum 1913—1919, þá sjest, að hann er að meðaltali á ári 23,363,000 kg. Þó er vert að geta þess, að á þessum árum, 1913—1919, er það aðeins ⅓ af fiskinum, sem fer til Spánar og er seldur þar, en ⅔ fara til annara landa. Á síðari árum hafa þó þessi hlutföll breyst, eftir því sem mjer er sagt, þannig, að

nú fer hlutfallslega meira til Spánar. — Þá er enn ótalinn karfi, sem fluttur var út saltaður á árunum 1926—27. Voru það 595 tunnur, og mun það hafa numið um 11,000 krónum, sem þær seldust fyrir.

Jeg ætla nú, að um það verði ekki deilt, að hjer sje um svo stóran þátt að ræða í viðskiftalífi Íslendinga, að Alþingi geti ekki látið málið afskiftalaust, nema þá því aðeins, að skipulag það, sem nú er á saltfisksölunni, sje álitið svo gott, að því verði ekki breytt til batnaðar. Nú er vitanlegt, að þetta hefir verið dregið mjög í efa, og það ekki að ástæðulausu. Þess vegna furðar mig það stórum, satt að segja, að þetta mál skuli hafa verið flutt hjer í hv. deild ár eftir ár, án þess að hv. deild sæi nokkra ástæðu til að sinna því eða íhuga, hvaða ráðstafanir mundu best henta í þessu efni. Því verður þó ekki með rökum neitað, að þetta er mál, sem alla alþjóð varðar. Lífsafkoma sjómanna og verkamanna beinlínis, og allra annara landsmanna óbeinlínis, er undir því komin, að þessi stóri þáttur afurðasölu þjóðarinnar fari vel úr hendi. Verslunarjöfnuðurinn við útlönd er að miklu leyti undir því kominn, og þar með myntgengi okkar, og eins það, hverra viðskiftakjara við verðum aðnjótandi hjá útlendingum.

Jeg býst nú ekki við, að margir verði til að andmæla því, að ríkinu beri að láta sig þetta mál nokkuru varða, ef von er um, að á þann hátt megi takast að gera þessa útflutningsvöru verðmeiri og útgerðina þar með arðsamari. Hitt kann vel að vera, að menn greini á um það, hvernig þetta verði best lagfært frá því sem nú er, og að sumir jafnvel áliti, að því skipulagi, sem nú er, verði alls ekki breytt til bóta. En það er misskilningur. Það er ómótmælanlegt, að saltfisksölunni er ákaflega ábótavant, og að það er óverjandi að reyna ekki að bæta úr ólaginu. Jeg hefi fyrir mjer ummæli og skjalfesta gagnrýning hinna fróðustu manna í þessu efni. Við höfum um langt skeið kostað erindreka suður á Spáni, sem látið hefir öðru hvoru til sín heyra í blöðunum, t. d. í „Ægi" og „Morgunblaðinu", þar sem hann hefir birt skarpar ádeilugreinar um það skipulagsleysi, sem ræður hjá okkur í saltfisksversluninni. Í grein, sem hann ritaði í „Morgunblaðið" síðastliðið sumar, benti hann á, að hið lága verð á útfluttum saltfiski síðasta ár hefði stafað af því að miklu leyti, hvað fyrsta sala á árinu var lág, alveg óeðlilega lág, að hans dómi. En fyrsta sala ársins hefir jafnan mikil áhrif á það, hvaða verð er boðið langt fram eftir árinu.

Jeg minnist þess líka, að erindrekinn benti á ýmislegt fleira um skipulagsleysi saltfisksverslunarinnar, t. d. að í sumum bæjum á Spáni væri alveg óhæfilega miklar birgðir af saltfiski, á sama tíma sem aðrir bæir þar hefðu engan fisk á boðstólum. En þetta út af fyrir sig hlýtur að hafa áhrif á verðið og halda því niðri.

Þá er það oft og einatt, að fiskurinn er afhentur í umboðssölu, og stundum kemur það jafnvel fyrir, að norskir fiskikaupmenn hafa haft íslenskan fisk í umboðssölu. Auðvitað selja þeir fyrst sinn eigin fisk, en láta umboðssölufiskinn sitja á hakanum. Hann hefir líka bent á, að reglubundnar ferðir vanti til Miðjarðarhafsland-

anna, svo að útflutningurinn gæti verið í samræmi við eftirspurnina. Auk þess fellur mikill kostnaður á þann fisk, sem ekki er hægt að selja strax, af því að geymslan þar syðra er mun dýrari en hjer heima. Neytendur vita það fullvel, að fiskur, sem kominn er til Spánar, verður ekki fluttur þaðan aftur, og að hann þolir ekki ótakmarkaða geymslu. Því láta þeir sjer ekki óðslega að bjóða í fiskinn, meðan margfaldar birgðir eru í landinu við það sem þörfin krefur. En slíkt hlýtur þráfaldlega að koma fyrir, meðan samgöngurnir eru ekki bættar.

Þá ætla jeg, að jeg muni það rjett, að hann hafi bent á, að eftirlit með útflutningi fisksins sje ekki nógu strangt, og ósamræmi í matinu. Í sumum landshlutum heimta matsmenn fiskinn miklum mun harðþurkaðri en í öðrum, og ganga jafnvel lengra í þessu en Spánverjar sjálfir óska. Sje þetta rjett, er það tvöfalt tap; fiskurinn ljettist svo, að miklu meira fer í skpd., og verkunin verður langtum dýrari en þyrfti. Aftur mun það brenna við í öðrum landshlutum, að fiskurinn er ekki nægilega hertur, og þolir því ekki geymslu og skemmist, ef hann ekki selst strax og til Spánar kemur.

Loks benti erindrekinn á, að það væri iskyggilegt, hvað margir erlendir fiskikaupmenn eru sestir að hjer í landi, og að ef þeim fjölgi enn, sje líklegt, að þeir sölsi undir sig mestan hluta saltfisksverslunarinnar. En þá eru rofin sambönd þau, sem íslenskir útflytjendur hafa nú í markaðslöndunum, og getur orðið erfitt að ná þeim aftur í skjótri svipan, ef svo skyldi fara, að þessir útlendu kaupmenn vildu nota sjer aðstöðuna til að skamta verðið, sem ekki getur talist ósennilegt.

Það er mýmargt annað, sem erindrekinn hefir bent á, að í ólagi sje um saltfisksverslun okkar, en þetta, sem jeg hefi nú drepið á, læt jeg nægja í bili.

Annan mann hefir stjórnin sent til Suður-Ameríku og Eystrasaltslandanna, til þess að leita að nýjum markaði. Sá maður er Pjetur A. Ólafsson. En jeg veit ekki til, að ferðir hans hafi enn sem komið er borið nokkurn sýnilega árangur. Hann benti þó á í fyrra, að líklegt væri, að hægt mundi að selja eitthvað af saltfiski í Suður-Ameríku við hærra verði en Spánverjar þá gáfu fyrir hann. Gunnar Egilson vildi ekki viðurkenna, að útreikningar P. Ó. væri rjettir, en fjöldi manna var þó og er enn þeirrar skoðunar. Jeg er ekki svo kunnugur þessum málavöxtum, að jeg treysti mjer til að gera þar upp á milli. En hitt liggur í augum uppi, að þegar salan bregst á Spáni, þá verður að leita fyrir sjer annarsstaðar, og þykir mjer þá ekki ósennilegt, að Suður-Ameríka verði þrautalendingin. Ríður því á að byrja sem fyrst að gera tilraunir með innflutning þangað og reyna að ná þar föstum samböndum.

Það er í sjálfu sjer eðlilegt, að einstakir fiskiútflytjendur treysti sjer ekki til að ráðast í svo kostnaðarsamar tilraunir sem útvegun nýrra markaða jafnan hlýtur að verða. Því meiri fiski sem menn hafa ráð á í einu lagi, því ljettara verður um að bera kostnaðinn, sem af nýjum markaðsleitum leiðir. En í byrjun má altaf gera ráð fyrir, að tap verði á slíkum tilraunum.

Jeg býst líka við, að allir muni sannfærast um það, við nánari athugun málsins, að tæplega sje hægt að hugsa sjer verra fyrirkomulag um saltfisksölunа en taumlausa samkeppni. Dáendur og postular svonefndar frjálsrar samkeppni telja það einmitt höfuðkost hennar, að hún lækki vöruverðið. Þó að margir telji samkeppni um sölu innfluttrar vöru, sem landsmenn þurfa að kaupa, almenningi til hagsbóta, þá hljóta allir að játa, að samkeppni íslenskra útflytjenda um sölu á fiskinum hlýtur altaf að verða þjóðinni til stórtjóns; hlýtur að verða til þess að lækka verð þessarar vöru, að dómi samkeppnismanna sjálfra. Með núverandi skiplagi óbreyttu eru fiskútflytjendur beinlínis neyddir til þess að keppa hver við annan um söluna, sjálfum sjer og þjóðinni til stórtjóns. Flestir þeirra verða að taka lán, til þess að ná í fiskinn, hvort sem þeir láta veiða hann og verka eða kaupa hann af öðrum. Þegar lánardrotnarnir krefjast greiðslunnar, er fiskurinn oft og einatt óseldur, og getur staðið svo á, að markaðurinn sje sjerlega óhagstæður, þá í svipinn. Kaupmaðurinn verður samt að selja fiskinn, hvað sem fyrir hann fæst, og grípur þá jafnvel oft til þess að bjóða verðið niður.

Annað, sem ber vitni um það mikla ólag, sem nú er á fyrirkomulagi fisksölunnar, er viðleitni útgerðarmanna og fiskútflytjenda sjálfra, til þess að breyta því. Þeir hafa nokkrum sinnum reynt að gera samtök með sjer um söluna. Er þá fyrst að minnast fiskhringsins fræga, sem kendur hefir verið við Copland. Sá fjelagsskapur lánaðist ekki betur en svo, að fjölmargar miljónir króna töpuðust og hringurinn rofnaði. Hringurinn var stofnaður af tiltölulega fáum mönnum, sem ætluðu sjer að stórgræða á fisksölunni, og fullvíst má telja, að einmitt gróðalöngun þeirra hafi að miklu leyti valdið því, að salan mistókst og 3 miljónir týndust. Tapið lenti að langmestu leyti á bönkunum, sem síðan hafa jafnað því niður á landsmenn alla; fer svo venjulega um slík töp. Árið 1926 gekk aftur erfiðlega með sölu á fiski. Þá stofnuðu nokkrir stærri útflytjendur — aðallega togaraeigendur — samlag um sölu á óseldum stórfiski, ca. 36—40 þús. skpd. En Spánverjar kæra sig ekkert um að hlúa að sölusamtökum hjer. Þeir keyptu ekkert af samlaginu, fyr en allir aðrir voru búnir að selja. Samlagið varð því að liggja með allan sinn fisk, þar til annar fiskur var uppseldur, og beið auðvitað af því allmikið tjón. Þetta dæmi sýnir ljóslega veilurnar í svona smásamtökum. Á meðan eitthvað af fiski er utan við samtökin, er hann tekinn fyrst. Alt öðru máli hefði verið að gegna, ef samlagið hefði ráðið yfir öllum útfluttum fiski. En þessar tilraunir eru viðurkenning á ókostum hennar og illu skipulagi. En þesshättar tilraunir, sem bygðar eru á röngum grundvelli eða eru gerðar í svo smáum stíl, að þær verða kák eitt, hljóta að misheppnast, — munu ávalt misheppnast.

Jeg hefi reynt að gera mjer hugmynd um þær sveiflur, sem urðu á fiskverðinu árin 1924—27, þ. e. a. s. muninn á hæsta verði og lægsta, sem framleiðendur hjer fengu fyrir hvert skippund fiskjar. 1924 er verðsveiflan 30 kr. 1925 er sjerstakt ár hvað verslun snertir, vegna hinnar miklu hækk-

unar á krónunni, sem varð á því ári. Sveiflan verður þá líka 55—65 kr. 1926 er hún aftur nokkru minni, 30—35 kr., og 1927 20—30 kr. Þetta eru ákaflega stórkostlegar sveiflur. Jeg hefi að vísu eigi getað kynt mjer til hlítar verðbreytingarnar í markaðslöndunum þessi ár, en jeg ætla þó, að mjer sje óhætt að fullyrða, að svo stórfeldar sveiflur hafi eigi átt sjer stað þar, að minsta kosti ekki á verðinu til neytenda, þótt innkaupsverð stórkaupmanna þar auðvitað hafi verið allbreytilegt.

Jeg hefi nú að nokkru drepið á ummæli erindrekanna erlendis um fisksöluna, og sömuleiðis þá viðurkenningu á göllum hennar, sem komið hefir frá útflytjendum sjálfum í verki. Nú vil jeg bæta við ummælum úr þeirra hóp.

Í þingtíðindunum 1924 eru ummæli þáv. 1. þm. G.-K., Ágústs Flygenrings, sem mun vera kunnugastur allra núlifandi manna þessum málum. Þessi þm. talaði um Coplands-hringinn, og viðurkennir, að fyrirkomulagi saltfiskssölunnar sje stórlega ábótavant. Hann segist telja samvinnu um útflutning og sölu fiskjar æskilega. Hann ber ekki á móti því, að tjón hafi orðið af völdum Coplands-hringsins, og að hann hafi orðið okkur til stórtjóns. En hann afsakar þetta með því, að það hafi ekki verið gert viljandi. Um markaðsleitina segir þm., að af henni hafi orðið lítill árangur, en bætir svo við: „Lít jeg svo á, að fyrst um sinn muni okkur nægja sá markaður, sem við höfum á Spáni og Ítalíu.“ Jeg held, að allir sjeu nú farnir að sjá, að þetta er rangt, og að markaðurinn á Spáni og Ítalíu sje að verða of þröngur fyrir Íslendinga. Ennfremur verð jeg að álíta, að útflytjendur sjeu þess eigi megnugir, að leggja í kostnað við markaðsleit í nægilega stórum stíl. Sumpart skirrast þeir líka við því, af því að þeir hafa sömu skoðanir og Ágúst Flygenring, að Ítalía og Spánn nægi fyrst um sinn.

Næst segir þingmaðurinn (Á. F.), að þegar markaðinn þrjóti á Spáni, munum við verða að leita til Suður-Ameríku. Hann kemst svo að orði: „Býst jeg við, að þegar markaður Spánverja verður okkur ónógur, þá höfum við ekki annað að flýja en til Suður-Ameríku. En það kostar bæði fje og fyrirhöfn, að tryggja sjer slíkan markað.“

Þá talar hann um, hvernig aðrar þjóðir vinni að því, að opna og auka markaðinn þar, og segir, að þeir hafi ekki einungis konsúla og verslunarerindreka í helstu borgum í Suður-Ameríku, „heldur hefir líka hvert verslunarfjelag sinn prívat-erindreka, og alt, sem með þarf, til að greiða fyrir fiskversluninni. Þetta geta stórþjóðirnar, en við getum það ekki, af því að þessi rekstur er í svo smáum stíl hjá okkur.“

Jeg ætla, að reynslan hafi sannað þessi ummæli. Sumir útgerðarmenn hafa reynt að afla sjer nýs markaðar, en af litilli getu og með litlum árangri. Kostnaðurinn verður einstökum útflytjendum ofviða. Alt öðru máli væri að gegna, ef fiskurinn væri á einni hendi. Í svo mikilli veltu, sem þá yrði, mundi litlu muna, þó að einhver töp yrðu á markaðsleit. Og þó að einkasalan sendi eitthvað lítilsháttar til staða, þar sem salan væri óviss, og lægi með það um lengri eða skemri

tíma, mundi það engin áhrif hafa, svo teljandi sje, á jafnaðarverðið fyrir alt það fiskimagn, sem hún hefði til umráða.

Jeg býst við, að sumir muni segja, að það sje að vísu rjett, að samvinna og samtök um söluna sjeu góð og gagnleg, en þau eigi að vera milli útgerðarmanna og fiskútflytjenda sjálfra eingöngu, en ríkið eigi ekki að hafa afskifti af þeim, þ. e. aðstandendur fisksölunnar eigi sjálfir að takmarka samkeppnina. Jeg skal játa, að ef slíkt allsherjarsamband útflytjenda kæmist á, mætti vænta nokkurnveginn sama fjárhagslegs árangurs fyrir þá og af einkasölu. En jeg held, að það sje alt of mikil bjartsýni á lundarfar og lífsskoðun þeirra manna, sem nú ráða sölunni, að treysta þeim til þess að mynda slík samtök. Þetta segir líka sá fyrv. þingm. (Á. F.), sem jeg hefi áður vitnað í. Honum farast svo orð:

„Jeg skal hinsvegar endurtaka það, að það væri æskilegt, að við hefðum víðtækari sambönd og betri samtök um söluna. Jeg skal taka það fram, að með því á jeg ekki við samtök til okurs, eins og háttv. flm. talaði um, heldur samtök til þess að reyna að draga úr áhættunni. En það er ekki hægt að mynda slík samtök, nema þau sjeu bygð á vilja meiri hluta þeirra manna, sem stunda þennan rekstur. Má og geta þess, að tilraun meðal útgerðarmanna og fiskútflytjenda um að hafa samvinnu í verslun, með sjerstakri nefnd, sem skipuð yrði úr þeirra hóp, strandaði á því, að meiri hluti þeirra áleit slíkt fyrirkomulag vera of mjög haft á umráðarjetti einstaklingsins. Fyrir mitt leyti var jeg þessu mjög fylgjandi og áleit, að slík nefndarskipun gæti orðið til hagsmuna, eða í öllu falli afstýrt óhöppum í ýmsum tilfellum. En það fjekst nú ekki meiri hluti fyrir þessu, og sýnir þetta best, að menn vilja umfram alt algert frjálsræði í þessum efnum."

Hann viðurkennir m. ö. o., að fiskútflytjendum hafi komið þessi leið í hug, en eigi viljað fara hana, vegna þess, að það legði höft á frelsi einstaklinganna. Honum finst það hart aðgöngu, að banna þeim að spilla fyrir öðrum með taumlausri samkeppni. Og hann heldur því fram, að fyrst útflytjendur sjeu eigi sjálfir viljugir til þess að leggja á sig höftin, megi ríkið ekki leyfa sjer að gera það.

Á orðum þessa merka manns byggi jeg þá ályktun mína, að útgerðarmenn sjeu hvorki megnugir eða viljugir til þess að stofna samtök um fisksöluna. Og jeg get auk þess sagt það fyrir mig, að jeg held, að slík samtök mundu ekki vera allskostar heppileg. Þar mundi jafnan verða mest litið á hag stærstu útgerðarmanna og útflytjenda annara. En fisksalan er engu síður mál smærri útgerðarmanna, sjómanna og allra þeirra annara, sem viðurværi sitt og fjárhagslega afkomu alla eiga undir því, hversu til tekst um hana. Ekkert annað kemur hjer að notum en allsherjarsamband allra þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta. Samtök einstakra gróðamanna og fjelaga eru ónóg, og geta auk þess verið stórhættuleg, því að áhættusöm spákaupmenska er þá ekki útilokuð, sbr. Coplandshringinn.

Það er ekki úr vegi að nefna nú, til samanburðar við fiskinn, aðrar aðalútflutningsvörur okkar. Skal jeg minn-

ast á tvent, kjötið og síldina. Um kjötið er svo háttað, að meiri hluti þess er á einni hendi, hjá Samb. ísl. samvinnufjelaga. Nú á síðustu árum hafa verið gerðar stórfeldari tilraunir til þess að bæta kjötmarkaðinn en þekkjast hjer á nokkru öðru sviði. Þar hefir sambandið haft forgönguna. Ef ekki hefðu verið svo sterk samtök um afurðasölu bænda og fjelagsskapur þeirra ekki svo sterkur og samfeldur, hefðu áreiðanlega ekki orðið svo miklar framkvæmdir og umbætur í þessum efnum. Ríkið hefði alls ekki ráðist í það, að styrkja marga einstaka kjötútflytjendur til markaðsleitar og annara umbóta. Hinar stórfeldu framkvæmdir til aukningar kjötmarkaðinum, kæliskipið og frystihúsin, hefðu átt langt í land, ætla jeg, ef eigi hefði sambandsins notið við.

Um síldarverslunina til þessa má margt segja, en fátt af því er skemtilegt fyrir okkur Íslendinga. Það er raunasaga skipulagsleysis, fjárbralls og heimskulegrar samkeppni. Fyrir þessu þingi liggja 2 frv. um einkasölu á síld, og að auki frv. þess efnis, að ríkið byggi bræðslustöðvar, til þess að bjarga þessum atvinnuvegi úr ógöngum þeim, sem frjáls samkeppni hefir komið honum í. Enginn maður mælir á móti því lengur, að lögbjóða þurfi einhverskonar samtök um síldarsöluna. En nú vil jeg spyrja: Er ekki ástæða til að ætla, að með því að útiloka innbyrðis samkeppni um saltfisksöluna, megi ráða bót á göllum hennar, þegar það er viðurkent, að vera eina hugsanlega bjargráðið fyrir síldarútgerðina, og jafnframt er sannað og öllum vitanlegt, að með því hefir lánast að skapa nýjan markað fyrir kjötið okkar?

Jeg hefi bent á ummæli erindreka nna erlendis, og orð Á. F., um gallana á sölunni nú. Og reynslan hefir sýnt það áþreifanlega, að fyrirkomulagið er ekki viðunandi, eins og það er nú. Bankarnir hafa undanfarin ár orðið að þola töp, sem nema tugum miljóna. Því miður eru ekki fyrir hendi skýrslur um, hvernig þessi töp hafa til orðið, og á hverjum hefir tapast. Þó ætla jeg, að minstur hluti þeirra hafi til orðið af því, að framleiðslan hafi brugðist beinlínis. Ástæðan mun oftast hin, að salan hafi mistekist. Sem dæmi þess hefi jeg þegar nefnt fiskhringinn, og ótal fleiri dæmi mætti til tína. Það er að vísu erfitt að segja um, hvað tapast hefir á útgerðinni og hvað á sölunni, en það er mín trú, að meiri hluti tapanna stafi af ólagi á sölunni.

Jeg geri ráð fyrir, að til sjeu menn, jafnvel hjer í hv. deild, sem halda því fram í alvöru, að salan sje einkamál þeirra manna, sem fyrir einhverja herrans tilskikkun hafa fengið hana í sínar hendur. En það er fásinna. Ef illa tekst með saltfisksölunna, kemst hver hjerlendur maður brátt að raun um, að það kemur honum við, að það bitnar á þjóðinni allri. Það kemur fram í hækkuðum vöxtum viðskiftamanna bankanna, lækkuðu kaupi verkamanna og erfiðum lífskjörum allra þeirra, sem afkomu sína eiga undir framleiðslunni, en það eru allir Íslendingar.

Það er viðurkent af öllum, að smábændur og þó einkum smærri útgerðarmenn eigi við þröngan hag að búa.

Hjer á Alþingi er nú sýnd, í orði að minsta kosti, nokkur viðleitni í þá átt að ljetta undir með smærri atvinnurekendum. Jeg á hjer við frv. það um atvinnurekstrarlán, sem komið er fram í hv. Ed. Frv. þetta hefir raunar ýmsa annmarka, en í því sjest þó viðleitni til hjálpar, og viðurkenning á hinu bága ástandi. Segjum, að smáútgerðarmaður fái rekstrarlán. Markaðurinn er óhagstæður, þegar fiskurinn er fullverkaður, og hann vill gjarnan bíða með að selja hann, þar til betra verð er fáanlegt. En fyrirkomulag það, sem frv. gerir ráð fyrir, útilokar það, að hann geti beðið nokkuð að ráði, því að hann á að greiða lánið upp fyrir áramót. En hvað sem þessum göllum líður, má telja frv. beina viðurkenningu þess, að smáútgerðarmönnum þurfi að rjetta hjálparhönd. En þeim er best hjálpað með því að lögleiða einkasölu á saltfiski. Nú gengur fiskurinn stundum milli þriggja eða fjögurra millilíða, eða jafnvel fleiri, frá því að framleiðandinn lætur hann af hendi og þangað til hann er kominn í hendur neytenda.

Því verður ekki neitað, að mikið höfum við lagt á okkur, Íslendingar, til þess að halda markaðinum á Spáni. Til þess veittum við undanþáguna frá bannlögunum. Jeg skal ekkert um það segja nú, hvort það hafi verið rjettmætt. En hinu vil jeg halda fram, að tryggingin, sem talið var að fengist með Spánarvína-undanþágu fyrir góðum markaði á Spáni, hefir reynst lítils virði. Þegar undanþágan var til umr. á Alþingi, var hún af öllum talin neyðarúrræði og bráðabirgðaráðstöfun, að minsta kosti í orði. Og svo var ráð fyrir gert, að kapp yrði á það lagt, að rýmka markaðinn, svo að hún þyrfti eigi lengi að standa. Um þetta voru allir á einu máli. Og það mun hafa orðið til þess, að Pjetur Ólafsson var sendur til Suður-Ameríku og fastur erindreki skipaður í Miðjarðarhafslöndunum. En sú viðleitni hefir engan sýnilegan árangur borið. A. m. k. erum við eins mikið komnir upp á Spánverja nú og þegar samningurinn var gerður. Framleiðslan hefir aukist, en ekkert verið gert til að að koma henni á nýjan markað. Það er rjett, að bera þetta aðgerðaleysi saman við framkvæmdirnar í kjötmálunum. Er þó ólíku saman að jafna. Kjötið er árstíðarvara og því tiltölulega afar dýrt að byggja íshús og kæliskip, til þess eins, að flytja það út fryst eða kælt örlitinn tíma ársins; af sömu ástæðu er næsta torvelt að útvega fyrir það fastan og stöðugan markað. Frystan fisk er aftur á móti hægt að flytja út árið um kring, og sjá neytendum fyrir þeirri vöru, hvenær sem er á árinu. En með því að selja sem mest af fiskinum frystum, er ljett á saltfisksmarkaðinum. Mjer vitanlega hafa útgerðarmenn engar skipulegar tilraunir gert til að flytja út frystan fisk. Þeir hafa látið sjer nægja að láta togarana fara til Englands með aflann í ís, eftir hverja veiðiför, nokkra mánuði ársins.

Þetta óverjandi aðgerðaleysi stafar ekki einasta af skammsýni útgerðarmanna, heldur líklega miklu fremur af vanmætti þess skipulags, eða skipulagsleysis, sem á þessum málum er.

Nú ætlar erlent gróðafjelag að byggja hjer frystihús fyrir fisk. Væri ekki ákjósanlegra, að Íslendingar sjálfir ættu þetta fyrirtæki?

Við þennan samanburð er auðsætt.

að kjötsölunni er nú miklu betur komið en fisksölunni. En orsökin er sú, að öðrumegin er öflug samvinna, en hinumegin taumlaus samkeppni. Samvinna mundi hafa skapað útgerðarmönnum sömu skilyrði og bændum til þess að koma afurðasölu sinni í sæmilegt horf.

Jeg gat um það áðan, að ísl. fiskverslunin hefði verið að nokkru leyti í höndum erlendra fiskkaupmanna. Umráð þeirra yfir fiskversluninni fara vaxandi á síðari árum. En um leið fækka og veikjast þau sambönd, sem Íslendingar sjálfir hafa haft við kaupendurna í markaðslöndunum. Því meira sem kaupmenn á Spáni kaupa hjer, því færri verða þeir Íslendingar, sem hafa bein sambönd við markaðslöndin. Það er alkunnugt, hvernig farið hefir um síldarverslunina. Mestur hluti hennar er nú í höndum útlendra manna. Ef ekkert verður gert til að bæta fyrirkomulag fiskverslunarinnar, er ekki óliklegt, að eins fari um hana. Það verður minnna og minna, sem Íslendingar sjálfir flytja út, en meira og meira, sem fjesterkir útlendingar kaupa hjer á landi. Jeg álít, að af þessu stafi svo mikil hætta, að Alþingi verði þegar í stað að taka í taumana. Annað væri að fljóta sofandi að feigðarósi. Að bíða þess, að fiskverslunin verði í sama öngþveiti og síldarverslunin nú er orðin, er óverjandi í alla staði.

Jeg vænti þess, að hv. deild sje mjer sammála og samþykki frv. Jeg kysi helst, af því að þetta er fjárhagsmál allrar þjóðarinnar, að því yrði vísað til fjhn. en ekki sjútvn., þó að jeg ekki geri það að kappsmáli, hvor nefndin fær það til meðferðar.

Jón Ólafsson: Greinargerð þessa mikla frv. er ekki nema 4 línur. Jeg hefi þó svolítið reynt að kynna mjer málið, og sje ekki, að það hafi við annað að styðjast en það, sem fram kom hjá hv. flm. nú, slagorð og upptuggu eftir ýmsum mönnum, sem fyr og síðar hafa vaðið reyk í þessu máli. Þegar svona vandskilin mál eru á ferðinni, er hætt við, að ryki sje þyrlað upp í kringum menn og málefni. Þrátt fyrir alt, sem hv. flm. hefir lesið yfir okkur, hefir hann lítið bætt úr vöntun greinargerðarinnar. Aðeins er það eitt atriði í ræðu flm., sem vert er að athuga, sem sje, að greitt verði betur fyrir útbreiðslu nýrra markaða. En hv. flm. minnist ekki á það aðalatriði, að Spánarmarkaðurinn er bestur saltfisksmarkaður í heimi. Hann borgar hæst verð, og á síðari árum hefir mikið áunnist í því, að víkja öðrum þjóðum frá þeim markaði, þótt nokkuð sje þar óunnið enn. Þetta er nægilega ástæða til þess, að ekki sje lögð mikil áhersla á Suður-Ameríku. Samt sem áður eru þó tvö fjelög að vinna að því, að senda þangað fisk, með frekar ljelegum árangri. Aðalatriðið er því, að við getum haldið besta markaðinum og rutt öðrum frá honum að mestu eða öllu leyti, svo sem við höfum nú gert á Suður-Spáni.

Hv. flm. hjelt, að frv. fengi betri byr hjer á Alþingi og skapaði þessari hugsjón betri skilyrði, af því að nýjar kosningar hefðu farið fram. Það má vera, að svo sje, en jeg efast samt um, að þm. sjeu hrifnir af þessu. Mjer þætti ekki undarlegt, þó að þeim blöskraði þessar háu tölur — 40 miljónir. En þó er ekki óeðlilegt, að þeir, sem eru þjóðnýtingarsinnar, vilji

gjarnan fara höndum um ekki minni fjárhæð. Hv. flm. taldi líklegt, að fiskverslunin væri ekki rjett rekin. Það má segja það um flesta hluti, sem einstaklingarnir framkvæma, að þeir mættu betur fara. En þjóðin mundi reka þessa verslun að ráði einstaklinga þjóðfjelagsins, nema verslunin eigi, eins og var fyrir aldamót, að vera í Dana höndum. Síðan 1908 hefir hún verið rekin af Íslendingum, og þó að einkasala kæmist á, þá er líklegt, að þeim sömu mönnum, sem gert hafa þau dæmalausu glappaskot, sem hv. flm. vill vera láta, yrði falið eftirlit með henni, því að ekki er líklegt, að sótt verði ráð til þeirra, sem enga reynslu hafa við að styðjast, þótt flm. og fleiri álíti, að ekki þurfi annað en ráðstjórnir til allra framkvæmda í verslun o. fl. Versluninni fylgir mikil áhætta, og enn meiri, ef þjóðfjelagið á að taka ábyrgð á vitleysum þeim, sem vænta mætti af stjórn slíkra mála. Þó að ríkið beri ekki beinlínis ábyrgð eftir frv., þá ber það þó siðferðislega ábyrgð á stjórn slíks fyrirtækis, sem rekið er að tilhlutun þess.

Hv. flm. talar um að útiloka samkeppni. Veit ekki hv. flm., að það er ekki hægt að útiloka samkeppni í fiskversluninni, þar sem við eigum að etja við sterka samkeppendur, aðallega Norðmenn. Þeir koma sínum fiski alstaðar inn, einkum þar sem þeir finna veikan punkt á öðrum þjóðum. Það er höfuðvilla hjá hv. flm., að halda, að við getum sett fiskineytendum stólinn fyrir dyrnar í verðlagi, því að þau tilfelli koma ekki fyrir nema einu sinni máske á 10 árum. Hitt er rjett, að við getum dregið okkur í hlje með framboð á ýmsum tímum, en gæta verður þó margs, þar á meðal framboða annara þjóða, ásamt heimsbirgðum vörunnar, og í öllum tilfellum virðist farsælast að fylgja alheimsverðlaginu á þessari vöru sem annari. Þetta verðum við að þola, til þess að aðrar þjóðir ryðji okkur ekki burt af markaðinum. Það kemur enn í ljós, að sumstaðar á Norður-Spáni er ekki spurt um annað en norskan fisk. En okkar kaupmönnum til lofs má segja, að nú eru ýms hjeruð á Spáni að vinnast, fyrir milligöngu þeirra á síðari árum. Við erum til dæmis búnir að ná Catalóníu-markaðinum öllum á okkar vald, og að mestu leyti höfum við rutt Norðmönnum af Bilbaó-markaðinum. Síðustu árin hafa þeir selt mikið af fiski sínum til Portúgal. Fyrst og fremst verða þeir, sem fást við fiskverslun, að afla sjer allra þeirra upplýsinga, sem mögulegt er að fá, um framleiðslu annara þjóða og fiskframboð þeirra. Það er eitt af því allranauðsynlegasta. Það er óhætt að segja, að í seinni tíð liggja fyrir greinilegri skýrslur um þetta efni en áður. En af mörgum ástæðum er ómögulegt að spá neinu um það, hve lengi framleiðslan muni endast. Þar kemur margt til greina, t. d. uppskera og fjárrækt og framboð á þeim vörum. Þetta kemur máske alt í einu í ljós á þann hátt, að það dregur óeðlilega úr neyslu fiskjarins. En slíkt er aldrei hægt að sjá fyrir, og menn komast að raun um, að ómögulegt er að reka fiskverslun á öruggum grundvelli um verðlag. Þegar verðlagið lækkar, er reynt að halda því dálítið uppi, með því að draga úr útflutningnum, en þrátt fyrir það dregur úr neyslunni og verðið fellur, í samkeppninni við

aðrar matvörur, sem einstaklingurinn sjer sjer hag í að brúka. En slikt verður sem sagt ekki sjeð fyrir. Sumir hafa reynt að láta aðra taka áhættuna á sig, en í ríkissölu mundi sú leið ekki verða tekin. Þessar lágsveiflur á fiskverði sýnast vera eðlilegar. Þær byrja þannig, að framboð hefst á vöru, sem keppir við fiskinn, eða af því að fiskframleiðslan er óeðlilega mikil. Það stafar aftur af síðustu hásveiflu verðsins. Þegar verðið lækkar, dregur úr framleiðslunni. Menn fara að stunda annað, sem borgar sig betur.

Jeg geri ekki ráð fyrir, að þótt stjórnin hefði fiskverslunina með höndum, eða þá sjerstök nefnd, sem til þess væri valin, að hún yrði naskari um þessa hluti en þeir, sem fengist hafa við verslunina hingað til. Þvert á móti, því að eins og hv. flm. mintist á, hefir sú orðið reyndin, að mistökin hafa orðið því meiri sem fiskverslunarfjelögin hafa orðið stærri, og því oft ekki gætt þess, að þau voru ekki megnug þess að ráða verðlaginu á heimsmarkaðinum, meðal annars af þeim ástæðum, sem jeg hefi hjer tekið fram. Þegar því þannig mistekst að leggja sanngjarnt verð á fiskinn, leitar einstaklingurinn á aðrar slóðir um kaup á neysluvörum. Einkasalan mundi ekki undanþegin þessari ófrávíkjanlegu hættu, nema síður sje.

Það væri fróðlegt að líta yfir það, hvernig fiskverslun okkar hefir gengið í seinni tíð, og hverjir hafa rekið hana. Við höfum að mestu selt útlendingum, sem hingað hafa komið til innkaupa á þeim tegundum fiskjar, sem sú þjóð hefir haft brúk fyrir. Þessi tíska er svo alþekt um allan heim, í vöruviðskiftum þjóðanna, og er það því hið eðlilegasta, að sá kaupmaður, hvort sem hann er innlendur eða útlendur, kaupi hjer vörur fyrir það verð, sem framleiðandi vill selja þær á, að fengnum öllum upplýsingum frá sendimanni á Spáni um horfurnar þar. Jeg verð að vísu að segja, að það hefir ekki altaf reynst örugt, sem sendimaðurinn á Spáni hefir sagt. Mín reynsla er sú, að oft, þegar hann hefir spáð verðlækkun, hefir orðið verðhækkun, og öfugt. Þetta sýnir, að ómögulegt er, að sjá fyrir, hvað verða muni í þessu efni, enda hafa útlendingar tapað stórfje á að kaupa fisk hjer. 1908 varð hæsta verðsveifla, sem jeg man eftir á fiski. Hann komst upp í rúmar 85 krónur pr. skpd. Þá versluðu hjer með fisk Edinborg, Miljónafjelagið og H. P. Duus. Þessi hásveifla kom hinum útlendu fjelögum svo á knje, að þau risu ekki úr rústum aftur. Þau vildu nota sjer sem best væntanlega verðhækkun á Spáni. Jeg held ekki, að hægt sje að segja, að landsmenn hafi þá orðið fyrir miklum halla, af því að fiskverslunin var ekki í ríkisins höndum. Það er svo um framleiðendur, að þeir vilja koma af sjer áhættunni á aðra, og í sjálfu sjer álít jeg ekkert varhugavert við það.

Jeg skal enn færa fram nokkur rök, sem ekki verður á móti mælt, nema með slagorðum um að það megi bæta skipulag fiskverslunarinnar. Við megum ekki gleyma því, að við eigum ætíð í bardaga við aðrar þjóðir og óvissuna um það, hvernig þær koma fram á heimsmarkaðinum. Síðastliðið ár þótti sumum líta út fyrir verðhækkun, og gerðust ýmsir þá til spákaupmensku. En áður en varði kom það

í ljós, að birgðirnar voru meiri en gert var ráð fyrir, svo að verðið fór lækkandi, og varð að síðustu að selja fyrir fáanlegt boð, og tap útlendra og innlendra kaupmanna varð gifurlegt. En flestir framleiðendur höfðu fengið meira en sannvirði, og eru mjög mörg dæmi þess í fiskverslunarsögu vorri hin síðari árin, og skal jeg skýra það nokkru nánar.

Framan af stríðsárunum og til 1920 safnaðist nokkurt fje á hendur stórkaupmönnum þeim, er fiskverslun höfðu haft með höndum. En þá byrjar hrunið. Verðið fellur stórkostlega, og þessir stórkaupmenn verða fyrir verulegum skakkaföllum. Þá sópast burt allur fyrri ára ágóði og mikið meira, sem því miður lenti á bankanum, eins og allir munu kannast við. En það fje, sem þessir menn töpuðu frá sjálfum sjer, rann alt inn í landið. Þannig hefir Coplandsfjelagið tapað um 1½ milj. kr. Nokkrir efnamenn töpuðu og miklu af eignum sínum, eða um 2 milj. kr. — Þessar nærri 4 milj. hafa því runnið inn í landið aftur. Þessi fjelagsskapur reisti flugið nokkuð hátt. Hann ætlaði sjer að ráða markaðinum, með því að komast yfir sem mest af fiskinum. Þeir keyptu af framleiðendum fyrir óeðlilega hátt verð, sem vitanlega kom framleiðendunum að notum. En hjer með er ekki alt upp talið. Þrjú fjelög, öll útlend, sigldu í kjölfar Coplands & Co. með of hátt verð. Munu sum þeirra hafa skilið hjer eftir um 5 milj. kr., eða öll alt að 8 milj. kr.

1925 fer alt á sömu leið, að allir, sem versla með saltfisk, tapa á honum. Þar á meðal Truepa & Pardo í Bilbao um 400 þúsund kr. Alt þetta útlenda fje hefir runnið inn til landsmanna, og að sjálfsögðu aukið þjóðarauðinn mikið.

1926 er mjög erfitt að selja fisk og lítil eftirspurn. Öflugt firma hjer, sem hafði mjög víðtæka þekkingu á fiskverslun, áleit þá, að eftirspurnin mundi aukast og verðið hækka. Bankarnir nota tækifærið og láta smærri fiskeigendur selja firmanu fisk sinn. Firmað greiddi hverjum einum sitt, en tapaði sjálft ca. 2 milj. af veltufje sínu.

Af þessu má sjá, að einkasala ríkissjóðs mundi eiga við alla hina sömu erfiðleika að stríða sem þessir stóru fiskseljendur. Eins og sjá má á þessu yfirliti, þá eru það þessir stóru fiskkaupmenn, sem mest hafa tapað. Jeg held nú, að hv. flm. muni ekki harma það svo mjög, þótt þeir hafi offrað sjer fyrir hina smærri framleiðendur.

Jeg geri nú ráð fyrir því, að þegar þessir fiskframleiðendur, sem seldu stóra firmanu í síðastnefndu dæmi, fengu 30—40 kr. meira fyrir hver 160 kg. af fiski, heldur en firmað gat selt hann aftur, þá muni jafnaðarmenn segja, að það hafi ekki verið sannvirði, sem þeir fengu fyrir fiskinn, heldur hærra verð. En þótt þeir sjálfsagt kalli það eitt sannvirði, sem einhverjum klaufanum tekst að selja fiskinn fyrir með einokunarfyrirkomulagi, þá munu þeir þó varla sjá eftir því, þegar útlendir menn verða til þess að borga hátt verð inn í landið, þótt þeir sjálfir tapi á því. Slíka hvalreka til handa landsmönnum skaffar einkasalan ekki, og því síður öryggi fyrir glappaskotum.

Jeg skal svo ekki fjölyrða mikið meira um þetta. Jeg býst við, að af

þessu megi sjá, að þótt horfið verði að einkasölu, þá eru það þó altaf mannlegar verur, sem eiga með söluna að fara. Og þegar þeir, þótt þriggja manna nefnd sje, eiga svo að fara að selja milliliðalaust — því, að nota þá þekkingu og færni, sem slíkir menn hafa, mega jafnaðarmenn ekki heyra nefnt — getur orðið verulegt hætta á skakkaföllum. Og því meiri sem fyrirtækið er stærra. Hjer væri því um stóra hættu fyrir ríkissjóð að ræða. Annars er þetta milliliðahjal tóm endileysa. Það er eins og þeir haldi, að þessir milliliðir leggi hvorki fram hæfileika, þekkingu eða vinnu við sitt starf. Slíkar fjarstæður ættu ekki að heyrast til greindra manna.

Kæliskip og flutningur á kældum fiski kemur þessu máli ekki við. Það atriði er alveg hliðstætt því, sem byrjað hefir verið með útflutning á t. d. kjöti. Það getur verið framtíðarmál, og ekki óeðlilegt, að ríkissjóður styrki það, ef það gæfi von um betra verð í framtíðinni.

Þótt stundum hafi gengið erfiðlega með fisksöluna á liðnum árum, þá er þó framtíðarleiðin til að tryggja söluna áreiðanlega ekki sú, að taka upp einkasölu. Hitt er heillavænlegra, að byggja á þeirri reynslu, sem fengin er, reyna að komast yfir mannlegan breyskleika og vanþekkingu og fika sig áfram smátt og smátt, þangað til erfiðleikunum er rutt úr vegi, að svo miklu leyti sem hægt er, með aukinni þekkingu á þessu sviði sem öðrum.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það vill nú svo undarelga til, að þrátt fyrir hina löngu ræðu hv. 3. þm. Reykv., þá hefi eg þó ekki miklu að svara. Ástæðan til þess er sú, að þessi ræða hv. þm. snerti í raun og veru mjög lítið það frv., sem hjer liggur fyrir, og ekki heldur ræðu mína. Það var þá helst í niðurlagi ræðu sinnar, er hann fór að andmæla skoðun þeirra Gunnars Egilssonar, Pjeturs A. Ólafssonar og Ágústs Flygenrings, er jeg hafði getið um í ræðu minni, en hv. þm. vildi ekkert mark á taka. Hv. þm. vildi halda því fram, að umsögn fiskifulltrúans á Spáni hefði verið mjög ónákvæm og lítt að marki hafandi. Þannig hefði hann síðastliðið sumar gefið þá skýrslu, að fiskverðið væri hækkandi á Spáni, en þá hefði það í raun og veru verið lækkandi. Jeg skal nú ekki dæma um þetta að fullu, en vona, að mjer verði ekki láð það, svona að órannsökuðu máli, þó að jeg beri fult svo mikið traust til þessara manna, eins og til ummæla hv. 3. þm. Reykv.

Jeg tók þó nokkur atriði upp úr ræðu hv. þm., sem jeg skal leyfa mjer að svara. — Hv. þm. sagði, að lítið gagn hefði orðið að rannsóknum Pjeturs A. Ólafssonar og útflytjendur lítið fært sjer þær í nyt. Taldi hann þá ástæðu til, að besti fiskmarkaðurinn væri á Spáni. Kemur fyrri hluti þeirra ummæla heim við það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni. Það getur nú satt verið, en eigi að síður sýnir þessi rökfærsla hv. þm. mikla skammsýni. Spánski markaðurinn er vitanlega því aðeins góður, að ekki berist of mikið af fiski á hann; framboðið verði ekki of mikið. En til þess að fyrirbyggja að svo verði, þarf að tryggja sjer víðar markað fyrir saltfiskinn, svo hægt sje að ljetta á spánska markaðinum. Einnig þarf að vinna fleiri sölustaði á Spáni.

Þá sagði hv. þm., að ef ríkiseinkasala á saltfiski væri tekin upp, þá bæri ríkið, eða þjóðin, bæði fjárhagslega og siðferðislega ábyrgð á sölunni. — Þetta er ekki rjett. Eins og frv. ber með sjer, eiga framleiðendur að fá það, sem fiskurinn selst fyrir, annað ekki. En þó svo væri, sem ekki er, þá verður munurinn í raun og veru ekki mikill frá því sem nú er. Því eins og reynslan hefir sýnt, þá verður það altaf að síðustu þjóðin öll, sem ber ábyrgð á og verður að borga töp fiskhringanna og annara sölubraskara, sem tapað hafa. Á henni lenda skakkaföllin, afleiðingarnar af vitleysum þeirra, eins og hann orðar það, að lokum.

Þá taldi hv. þm., að við hefðum í raun og veru grætt um 4 milj. kr. á tapi fiskhringsins. En þar ber bókum hans og fyrv. þm. G.-K., Ágústs Flygenrings, sem taldi, að við hefðum stórtapað á honum, ekki sem best saman. Tek jeg Á. F. fult svo trúanlegan sem hv. 3. þm. Reykv. Hættan er sú, þegar salan er á ofmörgum höndum, að þá fara sumir að bjóða út fyrir lægra verð en hægt væri að fá, og samkeppni verður um söluna. En við það fellur verðið enn. Einnig það hefir einatt átt sjer stað, að menn hafa ætlað að taka stórgróða, með því að setja verðið hærra í byrjun en markaðurinn leyfði, og hafa svo að síðustu, af því að háa verðið dró úr eftirspurninni og þar með sölunni, orðið að selja með tapi. En það er fjarri öllum sanni, að halda því fram, að þetta tapaða fje hafi runnið í vasa framleiðenda.

Þá hjelt hv. þm. því fram, að skaðlegt væri að útiloka samkeppnina um fisksöluna, enda gætum við aldrei komist hjá því að keppa við aðrar þjóðir, Norðmenn t. d. En það er nú einmitt það sem er, að samkeppnin verður alls ekki útilokuð, þó einkasölufyrirkomulagið verði tekið upp. Samkeppnin við Norðmenn heldur áfram. Aðeins verður sú samkeppni miklu styrkari af okkar hendi, heldur en nú er, þegar salan er tvístruð og við keppum líka hver við annan. Nú ræður enginn við framboð og verð, þar sem salan er á svo margra höndum. Þetta hafa og útgerðarmenn sjeð og viðurkent, bæði með stofnun fiskhringsins og sölusamlaginu 1926.

Hv. þm. viðurkendi, að íslenski fiskurinn þætti betri vara en sá norski, þar sem hann væri þektur orðinn af neytendum. Þyrfti því að vinna meira að útbreiðslu hans. Taldi hann, að Gunnar Egilson hefði verið óábyggilegur og ekki að marka ummæli hans um það, að fyrsta sala í vor hefði verið fyrir of lágt verð. Sönnun þess, að G. E. hafi haft rjett fyrir sjer í þeim ummælum, er, að norskur og færeyskur fiskur var á sama tíma seldur fyrir hærra verð á stöðum, þar sem ísl. fiskur er þektur, þó ísl. fiskur þyki betri og sje keyptur að jafnaði hærra verði. Taldi G. E., að það hefði stafað af óheppilegri framkomu ísl. útflytjenda; efa jeg ekki, að það sje rjett.

Þá talaði hv. þm. um ýmsa örðugleika, sem fiskkaupmenn og útflytjendur ættu við að stríða. — Það er vitanlega rjett, að salan getur verið undir ýmsu komin, svo sem afla okkar sjálfra og annara fiskiþjóða, uppskeru, kjötverði, og almennri afkomu fiskneytenda o. fl. En jeg veit ekki, hvernig hv. þm. styður sína skoðun um að heppilegra sje, að margir sjeu um útflutninginn á fiskinum. Alla þessa erfiðleika er miklu ljettara að yfirstíga, ef salan er á

einni hendi, heldur en þegar margir bjóða vöruna, að órannsökuðum sölumöguleikum, og gera hver öðrum tjón með skipulagslausum framboðum. Nei, einmitt tal hv. þm. um erfiðleikana, sem fiskútflytjendur nú eiga við að stríða, er, ef hann fer rjett með, meðmæli með því, að salan verði látin fara fram undir einni yfirstjórn. Jeg vil leyfa mjer, að beina þeirri spurningu til hv. 3. þm. Reykv., hvort hann, ef hann hefði umráð yfir öllum saltfiski á þessu landi og yfirstjórn alls útflutnings og sölu í sínum höndum, mundi vilja sleppa allri yfirstjórn og skifta útflutningnum og sölunni milli margra manna, sem keptu hver við annan og byðu verðið hver niður fyrir öðrum. — Nei, honum mundi áreiðanlega ekki detta slíkt í hug. Hann mundi áreiðanlega vilja hafa yfirlit yfir útflutning og framboð og hafa eina stjórn fyrir fisksölunni. Hv. þm. sagði, að útlendingar, sem keyptu hjer fisk, hafi tapað stórfje á þeirri verslun, og virðist hann eiginlega vera mjög ánægður með það. Segist hann búast við, að jeg hafi ekkert á móti því, að útlendingar skilji hjer eftir auðæfi sín.

Jeg býst nú við, að útlendingar fari lítið eftir því, sem jeg óska í þessu máli. En jeg óska engra ölmusugjafa frá þeim okkur Íslendingum til handa. En jeg vil nú spyrja hv. þm., hvort hann haldi í raun og veru, að útlendingar komi hjer í þeim tilgangi að skilja hjer eftir auðæfi sín. Heldur hann ekki, að þeir mundu reyna að koma aftur og gera tilraun til að ná því upp aftur, er þeir hafa tapað, og ef það tekst ekki, mundu þeir heldur hætta. Að þeir haldi áfram að reka verslun ár frá ári með halla, nær engri átt. Sá, sem rekur verslun, hefir það fyrir augum að vinna það upp á góðu árunum, er hann kann að tapa, þegar illa árar, og meira til. Þá sagði hv. þm., að útlendir kaupmenn hefðu hjer umboðsmenn í Reykjavík, sem keyptu fiskinn, og að því er mjer virtist taldi hann þetta heilbrigt fyrirkomulag og okkur hagfelt. Jeg hygg, að það væri miklu betra, að við hefðum okkar umboðsmenn í markaðslöndunum til þess að selja fiskinn, hefðum sjálfir bein sambönd við markaðslöndin. En sambönd Íslands við markaðslöndin verða því færri og veikari sem útlendingarnir hafa fleiri umboðsmenn og eru fjesterkari hjer á landi. Gæti jafnvel svo farið, að þau slitnuðu með öllu. Þá gæfist erlendu kaupmönnunum færi á að skamta okkur verðið.

Hv. þm. sagði, að fyrir utan slagorð og reyk og blekkingar í ræðu minni hefði borið mjög á því, hve mig langaði til þess, að hinar mörgu miljónir, sem fást fyrir fiskinn, gengju í gegnum hendur flokksbræðra minna. Jeg býst ekki við að verða framkvæmdastjóri einkasölunnar. En jeg álít, að það sje fullkomlega rjettmæt krafa, að umboðsmenn þjóðarinnar skifti sjer af því, hvernig ræktur er jafnþýðingarmikill þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og fisksalan er. Þetta er mál, sem varðar alþjóð og þjóðin öll á að vita um framkvæmdir þess máls, og fje það, er fæst fyrir fiskinn, á að fara í gegnum hendur þeirra manna, er hún trúir fyrir því starfi. Í frv. er gert ráð fyrir, að 2% af andvirði fiskjarins renni í sjerstakan sjóð, og helmingi þeirra tekna má verja til þess að útvega nýja markaði fyrir fiskinn. Ef tekin hefðu verið 2% á árunum 1924—27 af þessum 160 milj. króna, þá hefðu 3 milj. og 200 þús. kr.

runnið í þennan sjóð. Þessi ár hefir ríkið tekið 1½% í útflutningsgjald, eða sem nemur 2 milj. og 400 þús. kr.. Þó ekki hefði verið tekinn nema mismunur þessara tveggja upphæða, sem er 800 þús. kr., má gera ráð fyrir, að ríkissjóður hefði með því fje getað gert töluvert til þess að bæta markaðshorfur og sölufyrirkomulag. Með þessu móti má vafalaust bæta að miklum mun sölumöguleika á íslenskum fiski.

Mjer skildist á hv. þm., að hann hjeldi, að frv. þetta væri fram komið af kala til útgerðarmanna og þeirra „stóru". (JÓ: Þetta er rangfærsla). Það er mjög fjarri því, að svo sje, en jeg er hræddur um, að hv. þm. misskilji nokkuð hlutverk hinna „stóru", því að hv. þm. sagði, að ef hinir stóru vildu offra fyrir smærri útgerðarmennina, fyndist sjer einkennilegt, að þeir mættu ekki gera það. Jeg hjelt, að útgerðarmenn og fiskverslanir rækju ekki atvinnu sína til þess að þeir stóru offruðu fyrir hina minni, en vitanlega getur það komið fyrir, að stórútgerðarmenn verði fyrir töpum af innkaupum, og þá er það ekki annað en sú áhætta, sem altaf má gera ráð fyrir. Sama máli er að gegna um það, ef útlendingar skilja hjer eftir nokkrar milj. af auði sínum, þá er það áreiðanlega ekki af einskærri miskunnsemi við landsmenn, og nær engri átt að tala um slíkt.

En það er öllum vitanlegt, að stórfeldustu töpin, eins og t. d. töp fiskhringsins, hafa til orðið af þeim ástæðum, að hringurinn vildi fá of mikinn gróða í vasa hluthafanna. Hitt er rjett, að stóru fiskhringarnir hafa betri aðstöðu að ná hærra verði. Þeir hafa meira fje yfir að ráða og geta því beðið átekta, og meira að segja stundum sett kosti, ef því er að skifta.

Hv. þm. bjóst við, að jeg mundi kalla það sannvirði, sem hver klaufi gæti selt fiskinn fyrir á markaðinum, með einkasölufyrirkomulagi. Jeg kalla það sannvirði, sem fæst fyrir fiskinn í markaðslandinu, að frádregnum kostnaði við söluna, og það verð eiga framleiðendur að fá. Það segir sig sjálft, að því fleiri sem milliliðirnir eru og því meira sem þeir fá, því minna verður eftir til framleiðendanna af því verði, sem fæst fyrir fiskinn á markaðinum. Jeg býst við, að hv. þm. sækist ekki eftir mörgum milliliðum í sinni verslun, en kjósi helst að selja fiskinn beint til Spánar. Hitt veit hann vel, að minni útgerðarmennirnir út um land neyðast til að hafa milliliði, stundum meira að segja áður en fiskurinn er seldur til Reykjavíkur. Einkasalan mundi einmitt verða smærri útgerðarmönnum til mests hagræðis og hagnaðar. Hún mundi tryggja það, að einstaklingarnir fái sem næst sannvirði fyrir fisk sinn.

Að lokum sagði hv. þm., að það væri viðurkent, að þær tilraunir, sem Sambandið hefir gert með tilstyrk Alþingis til þess að bæta útflutning og sölu á kjöti, hafi verið til mikilla bóta. Hið sama væri nauðsynlegt að gera að því er fiskinum við kemur, og hafi það verið mikið rætt. — Síðan jeg komst til vits og ára, hefir verið ósköpin öll rætt um að bæta þurfi útflutning og sölufyrirkomulag á fiski; það vantar svo sem ekki, en það hefir lítið verið gert til þess. Það hefir líka verið mikið rætt um útflutning á frystum fiski, en ekkert verið gert til þess að hrinda því máli í framkvæmd, og nú er það útlent

fjelag, sem gerir byrjunina til þess. Nei, sannleikurinn er sá, að vegna þess, að hver hefir viljað ota fram sínum tota, hefir enginn útgerðarmanna verið þess megnugur að gera jafn stórfeldar breytingar og með þarf. Til þess að koma þeim breytingum á, þurfa öflugri samtök að standa á bak við en þeirra. Ef allur útflutningur og sala á fiskinum væri á einni hendi, væri mikið auðveldara að gera þessa tilraun og aðrar, sem nauðsynlegar eru, því að þótt gerð væri tilraun til að flytja út frystan fisk, mundi hún alls ekki leiða af sjer það, að sala á saltfiski eða þurkuðum fiski hætti, og þarf auðvitað að halda áfram að vinna jöfnum höndum á því sviði líka. Að vísu mundi þessi tilraun hafa allmikinn kostnað í för með sjer, en þann kostnað væri auðveldara að bera, ef samlag væri um útflutning og sölu fiskjarins. Nú er ekkert, sem bendir til, að útgerðarmenn vilji eða geti komið á slíku samlagi, og liggur því beinast fyrir, að ríkið geri það.

Jón Ólafsson: Jeg þarf ekki mörgu að svara hv. flm., því að vitanlega getur hann ekki hrakið neitt af því, sem jeg bar fram af rökum móti frv. Heldur ekki treystist hann að mótmæla því, að frv. þetta væri borið fram af hinni mestu vanþekkingu. Verð jeg að telja það alveg óforsvaranlegt, að bera jafnstórt mál fram, án þess að því fylgi nokkur rök frá þeim mönnum, en við því er ekki að búast úr þeirri átt, sem frv. er komið, enda ekki til þess ætlast af einum eða neinum, þar á meðal flm. Það er alveg rangt, að fiskhringurinn hafi ekki verið til bóta, því að hann var búinn að leggja út mikið fje fyrir landsmenn, og er þá ekki nema eðlilegt, að hann reyni að ná sínu fje aftur. (**HG:** Og meiru!) Við skulum gera ráð fyrir því, að það hafi verið ætlunin. En hvernig það fór, er flm. nokkuð kunnugt. Hefðu nú forráðamenn ríkisverslunar setið við stýrið, hefði að sjálfsögðu orðið af þessu hinar mestu þrengingar hjá fiskframleiðendum, sem hefðu fyrst og fremst orðið að bíða eftir því litla fje, sem sannvirðispostularnir hefðu seint og síðarmeir skilað, og gat það haft alvarlega þýðingu fyrir þennan atvinnuveg landsmanna. Enda er það augljóst, þegar tekið er tillit til þess, að hjá framleiðendum sjálfum mun hafa lent fjárhæð, er nam ca. 8 milj. meira en telja hefði mátt sannvirði. Fje þetta kom alt frá útlendum og innlendum kaupsýslumönnum, þó mest frá útlendum. Má gera ráð fyrir, að sú upphæð hafi verið 8 milj. kr. hærri en fiskurinn seldist fyrir, og sjest það á þeim töpum, er urðu á kaupum einstakra manna. Þetta 8 milj. kr. tap hefði þá orðið að lenda á framleiðendum, sem þá hefðu fengið „sannvirði" fyrir fiskinn. Engan vafa tel jeg á því, að meira hefði tapast á ríkisverslun, því að hún hefði ekki álitið sig knúða að halda verðinu uppi, svo sem eigendur fiskjarins gerðu. Þetta er yfirleitt gangur málsins, algildur þó. Þetta ár reyndust fiskbirgðirnar vera of miklar til þess að framleiðendur gætu komið þeim að á markaðinum og meðfram líka af öðrum ástæðum, sem sje þeim, að neytendur hættu að nota vöruna, vegna þess að verðið var of hátt, samanborið við aðrar neysluvörur.

Þá kom hv. flm. aftur að milliliðunum, og getur þess til, að jeg muni helst vilja vera laus við milliliði í minni verslun. Mín reynsla er sú, að milliliðir eru

í mörgum tilfellum óumflýjanlegir í hinum ýmsu greinum verslunarmálanna. Milliliðirnir hafa sjerþekkingu í þessum greinum, hafa góð sambönd, eru vanir vinnunni o. s. frv. Bæði jeg og aðrir leita til milliliðanna og láta þá útvega sambönd víðsvegar um heim, og sá sem verður hlutskarpastur og útvegar best sambönd, er notaður, og kemur þá oft í ljós, að ýms firmu, sem hafa þótt góð að selja, hafa dregist aftur úr í samkeppninni, ætlað sjer að lifa á fornri frægð og hætt þeim óþreytandi dugnaði og elju, er þau áður sýndu. Í þessu liggur hin stóra hætta einmitt fyrir ríkisverslun, svo sem dæmi eru til, að þau telji sig örugg með sannvirðið í samkeppnisleysinu. Fer hjer eins og annarsstaðar, að fagmaðurinn sigrar þann, sem þekkinguna vantar. Ef um ríkisverslun væri að ræða, mundi algerlega gengið fram hjá milliliðum, og þannig gengið á snið við þekkingu og reynslu þeirra, sem með óþreytandi elju hafa leitað uppi hin bestu viðskifti, sem kostur er á á heimsmarkaðinum. Jeg held því fram, að sannvirði sje hæsta söluverð, að frádregnum kostnaði, en það er ekkert skilyrði fyrir því, að um sannvirði sje að ræða, þótt með klaufaskap fáist minna verð en aðrir geta útvegað. Reynslan hefir sýnt, að íslenskum útgerðarmönnum, og ekki síst hinum minni framleiðendum, er það ómetanlegt gagn, að hafa átt aðgang að öðrum, sem gátu tekið að sjer ábyrgð á vörunni á vissu stigi, slegið á hana eign sinni, goldið hana og borið síðan alla ábyrgðina. En eins og jeg lýsti í fyrri ræðu minni, þá gera þeir þetta ekki af góðmensku, heldur er ætlunin sú, að græða á því. Þótt þessir menn hafi grætt nokkurt fje á vissum tímum, þá hefir reynslan sýnt, að þeir hafa látið það aftur til landsmanna að meira eða minna leyti. Jeg er ekki að hrósa þessu, heldur aðeins að segja söguna eins og hún hefir gengið. Hefðu landsmenn haft ríkissölu, er jeg ekki í neinum vafa um, að salan hefði verið ljelegri og stopulli en hún hefir verið hingað til.

Jeg veit ekki hvort hv. flm. hefir misskilið mig eða slitið orð mín út úr samhengi af ásettu ráði, en jeg sagði, að kæliútflutningurinn væri svo mikilsvert framtíðarmál, að nauðsyn bæri til þess að hrinda því til framkvæmda. Á saltfiskinn mintist jeg ekkert í þessu sambandi.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að tala meira um þetta; aðeins vil jeg geta þess, að það kom mjer ekki á óvart, að hv. flm. langi ekki til að stjórna slíku fyrirtæki. Til þess þarf mikla þekkingu á þessu sviði, svo og frábæra árvekni, að inna slíkt verk af hendi, og satt að segja treysti jeg engum landsmanna til þess að inna það svo vel af hendi, að hann nái jafnlangt og frjáls samkeppni, enda treysti jeg ekki ríkiseinkasölu til þess að komast þangað með tærnar, sem þeir nú hafa hælana.

Mjer skildist á orðum hv. flm., að hann hvorki treysti sjer nje hefði löngun til að veita þessari einkasölu forstöðu, og get jeg virt honum það til vorkunnar. Jeg hygg, að svo fari hverjum þeim, sem lítur á þetta mál með nokkurri ábyrgðartilfinningu.

Jón Auðunn Jónsson: Eftir því sem mjer heyrðist á ræðu hv. flm., vakir einkum tvent fyrir honum með frv. þessu: að auka markað fyrir fiskinn og bæta sölufyrirkomulagið. Jeg varð meira en lítið hissa, er jeg heyrði hann

halda því fram, að ekkert hefði verið gert til að auka fiskmarkað erlendis síðustu árin. Hv. þm. hefði ekki þurft annað en að líta í hagskýrslur síðustu ára, til að sannfærast um, að markaðurinn hefir stóraukist. Þá hjelt hann því fram, að Spánarsamningurinn hefði ekki bætt aðstöðu vora á Spáni. Fyrir stríð voru fluttar til Spánar um 6000 smálestir á ári af fullverkuðum saltfiski, og var þá þegar farið að bera á því, að markaður væri þröngur þar. En síðan hefir tekist að auka þennan markað stórkostlega, mest fyrir tilverknað íslenkra fiskútflytjenda og spánskra fiskkaupmanna. Árið 1921 eru fluttar um 15000 smálestir af saltfiski til Spánar. Árið 1923 eru fluttar þangað 24000 smálestir, 1924 28000 smálestir og 1925 30000 smálestir. Og þessi fiskur hefir yfirleitt selst með hærra verði en Norðmenn og Englendingar hafa fengið fyrir sinn fisk í þessu sama landi. Mjer finst því, þegar á alt er litið, að tekist hafi alveg sjerstaklega vel með aukningu saltfiskmarkaðarins á Spáni, og síst ástæða til að gera lítið úr þeim framförum.

Ýmsar orsakir liggja til þess, að oss hefir ekki tekist að afla oss markaðar í Suður-Ameríku. Norðmenn hafa starfað að því áratugum saman, að útvega sjer markað þar, en hefir þó ekki gengið betur en svo, að þeir hafa af og til þar markað, ár og ár í bili. Englendingar hafa hingað til haft lang besta aðstöðu í Suður-Ameríku. Fiskkaupmenn í Suður-Ameríku heimta að jafnaði 4—9 mánaða gjaldfrest. Eins og atvinnurekstri og fjárhag íslenskra útgerðarmanna er háttað, og bankarnir jafn vanmáttugir og þeir eru, er vitanlega ómögulegt að ganga að slíkum kostum. Samkvæmt lögum, sem sett voru 1919, endurkaupir breska ríkið víxla þessa af útflytjendum, fyrir 60—70% af nafnverði vöru þeirrar, sem út er flutt. Meðan að enskir útflytjendur njóta þeirrar aðstöðu, verður erfitt eða ómögulegt fyrir oss að þreyta við þá á þessum markaði. En nú er í ráði, eða ef til vill búið, að afnema þessa ríkishjálp í Bretlandi, og þá fer fyrst að verða von fyrir oss á suður-amerískum markaði. Hinsvegar er ekki rjett hjá hv. flm., að ekkert hafi verið gert til að koma ísl. fiski á þennan markað. Nokkur hundruð skippund hafa árlega verið send þangað til reynslu, mest fyrir forgöngu eins stærsta útgerðarfjelagsins hjer, en aðstæðurnar eru eins og jeg hefi þegar lýst þeim, og auk þess þarf fiskurinn að vera öðruvísi verkaður en hjer er venja til, jafnvel frá byrjun. Er varla þess að vænta, að útgerðarmenn treystist að leggja í mikinn kostnað vegna nýrra verkunaraðferða, svo tvísýnn sem þessi markaður er ennþá.

Englendingar og Norðmenn hafa stórkvartað undan því síðustu árin, að vjer værum að þoka þeim af markaðinum á Spáni. Það er öllum ljóst, að fisksala vor þar hefir stóraukist og markaður víkkað. Hv. flm. drap á þá agnúa, sem erindreki vor á Spáni hefði minst á, að of mikið af fiski væri í sumum bæjum þar, en of lítið í öðrum. Það er nú svo, að eigi þýðir fyrir oss að senda fisk þangað, sem vjer höfum ekki markað fyrir hann, því að Spánverjar halda sjer lengi við þær vörutegundir, sem þeir hafa einu sinni komist á að nota. (HG: Þetta er í bæjum, þar sem íslenski fiskurinn er seldur.) Eins og kunnugt er, eru eigi nema 3—4 innflutningshafnir á Suður-Spáni, og viðlíka margar á Norður-Spáni. Þótt fiskút-

flytjedur vildu flytja fisk til fleiri hafna, er þeim það ekki auðið, vegna þess að ekki eru til hús, til að geyma fiskinn í, nema á þessum fáu stöðum. Það er ekki hægt að geyma saltfisk, svo óhætt sje við skemdum, nema í kælihúsum. Langmestur hluti fiskjarins er síðan fluttur með járnbrautum út um landið. Það er ekki sök íslenskra útflytjenda, þótt fyrir kunni að koma mistök um dreifingu fiskjarins á hina ýmsu staði á Spáni, enda hygg jeg það fremur sjaldgæft.

Þá drap hv. flm. á umboðssölu á fiski og skaðsemi hennar. Jeg skal fallast á, að umboðssalan hafi skaðað oss, en þess ber að geta, að vjer erum næstum algerlega hættir að selja fisk í umboðssölu. (HG: Það var þó gert síðast í fyrra.) Það er rjett, að í fyrra voru seldar um 700 smál. af fiski, sem enginn kaupandi fjekst að, í umboðssölu, en annars má telja, að umboðssalan sje horfin úr sögunni. Það kemur fyrir enn þá, að ódýrari tegundir, ens og t. d. ufsi, eru seldar á þennan hátt. En yfirleitt má segja, að umboðssala á fiski, sem á fyrri þingum hefir verið talin aðalástæðan fyrir þessu frv., sje nú undantekning, sem altaf verður sjaldgæfari og sjaldgæfari.

Það er rjett hjá hv. flm., að ósamræmi er í fiskmatinu. En ráðið til að bæta úr því er ekki einkasala, heldur það, að matið sje samræmt með skipun eins aðalyfirmatsmanns fyrir land alt. Þá sagði hann, að útlendir fiskkaupmenn hafi umboðsmenn hjer heima og skaði fisksölu voru á þann hátt. Jeg hygg það ekki skaðlegt, þó spanskir innflytjendur ísl. fiskjar hafi umboðsmenn hjer. Spanskir fiskinnflytjendur eru þeir einu menn, sem hafa sameiginlegra hagsmuna við oss að gæta um það, að fiskverðið ekki lækki, þar sem þeir venjulega hafa stórar birgðir af fiski, sem þeir hafa keypt fyrirfram.

Reynsla sú, er Labradormenn hafa af einkasölu sinni, virðist ekki hvetjandi. Þar var einkasala frá 1919—22, en var afnumin 1923. Afleiðing einkasölunnar var sú, að spanskir og ítalskir kaupmenn reyndu á allan hátt að sneiða hjá viðskiftum við einkasöluna og keyptu fisk annarsstaðar frá með hærra verði, fremur en að kaupa af einkasölunni. Vjer Íslendingar nutum góðs af þessu í meiri eftirspurn eftir okkar fiski. Þá reyndu Labradormenn einskonar samlagssölu hjá sjer 1924, og tóku að selja fisk sinn til Portúgal. Þetta gekk allvel í fyrstu. Samlagssalan skifti við smásalana, en brátt fóru að koma í ljós agnúar á þeim viðskiftum. Þegar smásalarnir sáu, að fiskurinn barst að með jöfnu millibili, hættu þeir að gera fyrirframkaup, og afleiðingin varð sú, að fiskverð fór sílækkandi. Fór svo, að Labradormenn sáu sig neydda til að hætta við samlagssöluna árið 1927, og taka að skifta við stórkaupmennina, eins og áður. Vjer urðum líka þessa sama varir á stríðsárunum, þegar útflutningsnefnd, sem þó var skipuð ágætismönnum, hafði fisksöluna með höndum. Það kom í ljós, að Spánverjar vildu heldur skifta við einstaklinga, heldur en nefndina. Nefndin gat jafnvel selt fisk sinn hærra verði einstökum mönnum hjer heima, heldur en hún gat fengið fyrir hann á Spáni. Yfirleitt er Spánverjum og öllum Suður-Evrópuþjóðum mjög nauðugt að skifta við ríkiseinkasölu eða samlagssölur, og telja, að stofnað sje til sliks til að hnekkja hagsmunum þeirra.

Hv. flm. gat þess til, að ástæðan til þess, hve fisksala fiskhringsins svokallaða hefði mistekist, væri sú, að þeir, sem að honum stóðu, hefðu ætlað sjer of mikinn ágóða. Jeg skal ekki bera á móti því, að þeir hafi ætlað sjer í fyrstu að hagnast á fiskkaupunum. Þó hygg jeg þeir hafi ekki búist við eða heimtað óeðlilega háan ágóða. En þegar leið fram á haustið og þeir sáu hvað verða vildi, lækkuðu þeir verðið svo, að þeir þá þegar reyndu að selja fiskinn án hagnaðar eða jafnvel með tapi. En tap hringsins hygg jeg hafa stafað meðfram af því, að fyrirtækið hafði ekki fjármagn til þess að halda fiskinum, en varð, til þess að fá peninga, að láta fiskinn í umboðssölu.

Þá mintist flm. á tilraunir samlagsins 1926. Samlagið var upphaflega stofnað til að stemma stigu fyrir verðfalli. En það kom í ljós, að þetta verðfall var enganveginn óeðlilegt. Of mikið af fiski var fyrirliggjandi á spönskum markaði, og aðrar vörur fjellu jafnframt í verði. Enda fór svo, að samlagið varð að selja fyrir lægra verð en viðunanlegt var. Spánskir fiskkaupmenn keyptu fremur fisk af einstaklingum fyrir hærra verð, heldur en að kaupa af samlaginu, og stórtöpuðu líka á sínum fiskkaupum.

Hv. flm. talaði um, að miklar verðsveiflur hefðu orðið á fiskmarkaðinum 1924—27. Þetta er rjett. En þær sveiflur samsvara sveiflum á heimsmarkaðinum, þótt nokkru kunni að hafa skakkað frá mánuði til mánaðar. Kjötið hefir fallið meira í verði á þessum tíma, og viðurkennir þó flm., að gert hafi verið alt, sem unt var, til að halda því í verði. Þar hefir hin svokallaða skipulagsbundna verslun ekki sýnt neina yfirburði umfram frjálsa verslun. Kjöt og fiskur hafa fallið meira í verði þessi árin en aðrar vörur, en þetta eru einmitt vörur þær, sem keppa hvor við aðra í daglegu lífi.

Það er langt frá því, að reynslan hafi sýnt, að sölu útflutningsvörunnar sje best borgið með því að hafa hana á einni hendi. Reynsla Labradormanna bendir í þveröfuga átt. Það kunna að vera skiftar skoðanir um það, hvort útflutningsverslun á fiski hefir gefið ágóða eða tap á undanförnum árum. En að svo er, það stafar af vanþekkingu. Það er óhætt að fullyrða, að síðan 1919 hefir þessi verslun gefið meira tap en ágóða. Eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, hafa hjerlend fjelög, eins og fiskhringurinn o. fl., tapað stórfje, og spanskir kaupmenn orðið fyrir miklu tapi, einkum árin 1924—25. Eins var það og rjett, sem hann sagði um tap hins gamla danska firma á verslun með ísl. fisk.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Jeg þykist hafa sýnt fram á það, að reynsla undanfarinna ára, hjer og anarsstaðar, mæli ekki með því, að frv. nái fram að ganga.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Jeg vil fyrst víkja nokkrum orðum að hv. 3. þm. Reykv. Hann sagði, að óforsvaranlegt væri að bera fram frv. um þetta, án þess að gera sjer ljóst, hvern árangur það bæri. Mjer er nú ekki vel ljóst, hvað hv. þm. á við með þessu. Hjer hefir engin önnur einkasala verið á þessu sviði, nema þau ár, sem útflutningsnefnd starfaði. Við flm. mættum því vera í meira lagi spámannlega vaxnir, ef við ættum að geta sagt fyrir nákvæmlega um árangur af frv. út í ystu æsar.

Það, sem við gerum hjer, er að benda á annmarka þess ástands, sem nú er, og þær breytingar, sem við teljum til bóta. Sannanirnar færir reynslan okkur, ef frv. verður að lögum. Mjer heyrðist á honum og hv. þm. N.-Ísf., að þeir teldu, að landsmenn hefðu haft gróða af Coplandshringnum, þótt salan tækist svo sem kunnugt er. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að hringurinn hefði ætlað sjer að hagnast á sölunni, og hv. þm. N.-Ísf., að hann hefði sett verðið of hátt. (JAJ: Það hefi jeg ekki sagt.) Jeg skrifaði þessi ummæli hv. þm. hjá mjer. — Afleiðingin varð auðvitað sú, að kaupendur leituðu þangað, sem þeir fengu vöruna með lægra verði. Hefði verðið verið sanngjarnt í upphafi, hefði verðlækkunin orðið miklu minni. Verðlækkunin stafaði af „spekulation"; hringurinn ætlaði sjer óhæfilega álagningu, og því fór sem fór. Þetta er viðurkent af báðum þessum hv. þm., og tapið lenti fyrst og fremst á bönkunum, síðan á landsmönnum.

Hv. 3. þm. Reykv. gat þess, að n a u ð s y n l e g i r milliliðir væru n a u ð s y n l e g i r, og er það vitaskuld rjett. Veit jeg ekki til, að nokkur maður hafi mótmælt því. Ríkiseinkasölunni er einmitt ætlað að verða hinn nauðsynlegi milliliður milli framleiðenda hjer og stórkaupmanna og neytenda á Spáni. Jeg geri ráð fyrir, að í upphafi verði einkasalan að skifta við stórkaupmennina, en ekki er ótrúlegt, að með tíð og tíma megi spara þann millilið.

Sami hv. þm. sagðist ekki treysta nokkrum núlifandi Íslendingi til að veita þessu fyrirtæki svo góða forstöðu, að ástandið yrði betra en nú er. Jeg lít nokkuð öðrum augum á þetta, því að jeg hygg, að hverjum manni, sem fæst við fiskverslun, sje treystandi til að gera það betur með einkasölu en frjálsri samkeppni. Svo miklu auðveldara er að yfirstíga örðugleikana fyrir einkasölu en samkeppnisverslun. Það er bein og rökrjett afleiðing af samkeppninni, að hún hlýtur að lækka verð vörunnar, er hver framleiðandinn býður niður fyrir annan, til að koma út sinni vöru.

Jeg ætla, að hv. þm. V.-Ísf. færi ekki rjett með eitt atriði. Hann kvað mig hafa sagt, að ekkert hafi verið gert á undanförnum árum til að auka markaðinn. Það voru ekki mín orð. Jeg talaði einmitt um þær ferðir, sem farnar hefðu verið í þessu skyni, en sagði, að þær hefðu engan árangur borið, svo að sýnilegt væri. Jeg gat þess og, að markaðurinn á Spáni hefði aukist, þannig, að við flyttum þangað meiri fisk nú en áður, og tók jeg fram hlutföllin í ræðu minni. — Sami hv. þm. sagði, að jeg hefði talað um, að engin trygging hafi fengist fyrir auknum markaði á Spáni með því að veita undanþáguna frá bannlögunum. Jeg er nú satt að segja þeirrar skoðunar, en samt sagði jeg það ekki í ræðu minni, heldur aðeins, að mjer þættu þessar tryggingar lítils virði. — Hv. þm. færði það sínu máli til sönnunar, hvað Norðmenn og aðrir keppinautar okkar segðu um dugnað okkar við að afla markaða. En jeg hygg, að orð þau, er hann vitnar til, sjeu mest sögð til brýningar keppinautunum. Víst er um það, að innflutningur á fiski frá Færeyjum og Noregi til Spánar hefir aukist á síðari árum,

Hv. þm. vildi viðurkenna mest af því, sem jeg sagði um agnúana á fiskverslueninni og hafði eftir Gunnari Egilssyni, nema það, að sumir bæir væru ýmsa tíma ársins fisklausir, þótt á öðr-

um stöðum væri meira en nægur fiskur. Að hv. þm. N.-Ísf. alveg ólöstuðum verð jeg að segja, að jeg trúi erindrekanum eins vel um þetta, og ef menn efast um, að jeg hafi rjett eftir, geta þeir sjálfir gætt í skýrsluna. Vitaskuld á þetta aðeins við þá staði, þar sem íslenskur fiskur er seldur. — Hv. þm. segir, að ekki sje um að ræða nema 4 eða 5 innflutningshafnir fyrir íslenskan fisk á Suður-Spáni. Þetta kann rjett að vera, en er þá ekki unt að breyta þessu? Englendingar hafa t. d. mikið um það ritað, að best væri að geyma fiskinn sem lengst í Englandi og senda hann með smærri skipum og á fleiri hafnir í Spáni. Mundi ekki sama mega segja um fiskinn frá okkur.

Um umboðssöluna sagði hv. þm., að hún væri alveg úr sögunni. Jeg viðurkenni, að hún hefur mjög mikið minkað, en þar fyrir er hún enganveginn úr sögunni. Enda var það viðurkent af hv. þm. sjálfum, að síðari hluta ársins sem leið hafi verið send a. m. k. 4 þús. skpd. í umboðssölu. En þess ber að gæta, að það ár var óvenjulega greið sala, og auðvitað selja menn heldur fiskinn, þegar það er hægt, við góðu verði, en að láta hann í umboðssölu. En því miður er altaf mikil hætta á því, að hvenær sem illa gengur með fisksöluna, freistist menn til að senda fiskinn í umboðssölu. Á þessu er auðvitað engin hætta, þegar vel gengur. En fyrir þetta verður aldrei bygt, meðan útflytjendurnir eru margir og keppa hverir við aðra. Umboðssalan kemur altaf aftur, ef harðnar í ári.

Ennfremur sagði hv. þm., að stórkaupmennirnir á Spáni hefðu sömu hagsmuna að gæta eins og við. Þetta er ekki nema hálfur sannleikur og tæplega það. Auðvitað hafa þeir þeirra hagsmuna að gæta, að verðið sje sem hæst til neytendanna, en jafnframt vilja þeir auðvitað sjálfir gjalda sem allra minst fyrir vöruna.

Eitt atriði í ræðu þessa hv. þm. hygg jeg að sje veigamest af þeim mótmælum, sem fram hafa komið gegn frv. Það er, að innflytjendur á Spáni mundu verða slíku fyrirkomulagi óvinveittir. Jeg býst við, að þetta sje rjett. En það væri rjett fyrir hv. deild að gera sjer grein fyrir, af hverju þetta stafar. Það er af því, að þeir búast ekki við eins hagfeldum kaupum, ef einkasalan kemst á. Auðvitað stafar það ekki af neinu öðru. Þeir búast ekki við, að Íslendingar nái eins háu verði í samkeppni eins og með samvinnu. – Þetta hefir líka sannast af reynslunni. Tilraunir þær, sem hjer hafa verið gerðar til að ná fisksölunni á eina hönd, hafa átt litlum vinsældum að fagna á Spáni. En aðstaða þeirra, sem þær tilraunir hafa gert, hefir einnig verið miklu lakari heldur en aðstaða einkasölunnar yrði. Því að fyrir utan fiskhringinn og samlagið 1926 stóðu margir keppinautar, sem einnig höfðu íslenskan fisk á boðstólum. Var þá hægt að kaupa hann fyrst, en bíða með að versla við hringina. En fyrir utan einkasöluna yrði ísl. fisk hvergi að fá. E. t. v. mundu kaupmennirnir þá snúa sjer til Færeyinga, Norðmanna og Englendinga um fisk frá þeim. En það er áreiðanlegt, að neytendurnir vilja helst íslenskan fisk, þeir, sem honum eru orðnir vanir, og eftir því hygg jeg, að kaupmenn á Spáni verði að laga sig mest. Enda sönnuðu eigin orð hv. þm. þetta. Hann sagði, að þegar útflutningsnefndin frá stríðsárunum var að leysast upp, hefðu

Spánverjar heldur viljað versla við kaupmenn heldur en hana. En þetta var ekki fyr en nefndin var að leysast upp. Meðan ekki var í annað hús að vernda, þá sneru Spánverjar sjer ætíð til hennar. En auðvitað sáu þeir sjer hag að því að kveða niður þessa einkasölu svo fljótt sem þeir gátu. Samkeppni okkar er þeim líkleg til gróða.

Þessi hv. þm. sagði enn, að síðan 1918 mundu allir, sem fengist hafa við fisksölu, heldur hafa halla af henni. Jeg get ekki vel um þetta deilt, þar sem jeg hefi ekki haft færi á að sjá reikninga fiskkaupmanna. (**JAJ:** Það má spyrja bankana!) Þeir segja mjer nú ekki alla hluti, bankarnir, þótt þeir kunni að vera liðlegri við suma aðra. En undarlegt má það kallast, að þeir, sem búnir eru að bera hitann og þungann og tapið í meira en 9 ár, halda stöðugt áfram. Mjer finst sannast að segja býsna einfaldlegt að halda slíku fram; jeg vona að hv. þm. fyrirgefi, að jeg neyðist til að nota þau orð. Ef fiskkaupmenn hefðu í tug ára rekið verslunina með sífeldu tapi, hvernig gæti þá annað átt sjer stað heldur en það, að þeir yrðu manna fyrstir til að heimta breytingu á sölufyrirkomulaginu eða hætta með öllu. Sennilega hafa þeir að minsta kosti einhverja von um að hætta að tapa áður en lýkur. Jeg hefi enga trú á því, að útlendingar gerist til þess ár eftir ár að borga okkur meira fyrir fiskinn en þeir fá fyrir hann. Slík brjóstgæði get jeg ekki ætlað þeim. Okkur Íslendingum væri heldur ekki vansalaust að þiggja slíkar ölmusugjafir.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., 24. febr., var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 165).

Ólafur Thors: Jeg gat því miður ekki verið viðstaddur fyrri hluta þessarar umræðu, þar sem jeg var veikur. Mín aðstaða til að rökræða málið er því önnur en verið hefði, ef jeg hefði getað fylgst með gangi þess frá upphafi. Hv. fyrsti flm. hefir þó sýnt mjer þá velvild að segja mjer aðaldrættina úr frumræðu sinni. Einnig hefi jeg lesið handrit þingritaranna af síðari hluta ræðunnar, svo að jeg get að nokkru leyti andmælt hv. flm.

Mjer skilst, að hv. flm. hafi leitt rök að því, að sölufyrirkomulag á íslenskum saltfiski sje ekki sem best. Þetta er rjett. Því er í mörgu ábótavant og og að miklu leyti vegna þess, að salan er ekki að nógu miklu leyti í höndum Íslendinga sjálfra. Það þarf mikið fjármagn til að reka þessa verslun, en hinir íslensku bankar hafa ekki treyst sjer til að veita íslenskum mönnum það lán, er nægja mundi. Þess vegna hafa útlendingar rekið fiskverslunina, Íslendingum til skaða. Þeir hafa margir verið illa til þess færir. Oft hafa þeir verið fjelitlir, en notið óverðskuldaðs trausts íslenskra framleiðenda. En þótt svona hafi farið, er það engin sönnun þess, að sú grundvallarstefna, sem ríkt hefir um fiskverslunina, sje röng. Þetta virðist samt hv. flm. álíta, og til þess að ráða bót á því, t æ p i r hann á samlagi framleiðenda, en s t i n g u r u p p á einkasölu.

Jeg vil leiða athygli hv. þdm. að því, að fiskverslunin er áreiðanlega erfiðasta og vandasamasta hlutverk hinn-

ar íslensku verslunarstjettar. Þó að ekki hafi allir þeir, sem hafa rekið hana, verið jafn vel til þess færir, hafa margir duglegir menn lagst á eitt um að reyna að halda henni í góðu horfi. Það er nauðsynlegt, enda er það tilætlun hv. flm., að annaðhvort aðeins einn eða fleiri menn úr hópi þeirra manna, taki að sjer forstöðu einkasölunnar. Sjerþekking í þessu efni er bráðnauðsynleg. En þegar þessir fáu menn eiga að inna af hendi verk allra hinna, vil jeg leiða athygli manna að því, að það er enn meiri vandi að versla með allan fisk landsmanna en nokkurn hluta hans. Það er margur maðurinn nýtur, ef hann sníður sjer stakk eftir vexti, þótt ekki fái hann leyst af hendi svo mikið og vandasamt verk og einkasalan yrði. Þó að einhver reki nú sæmilega fiskverslun, er það engin trygging fyrir því, að hann gæti stjórnað sölu á öllum fiski Íslendinga. Það er sjerstaklega mikið í húfi, ef val á þeim mönnum tekst illa. Eins og hv. flm. leiddi rök að, er saltfiskurinn langstærsti liðurinn í framleiðslu Íslendinga og andvirði hans stærsti liðurinn í því, sem við fáum fyrir framleiðsluvörur okkar. Af því leiðir, að þjóðin á alt í húfi, ef illa tekst val á forstöðumönnum einkasölu. Jeg skal játa, að það má færa ýms rök að því, að einkasölufyrirkomulagið hefir ýmislegt fram yfir frjálsa samkeppni. En þau rök hljóta að falla, af því að trygging á vali forstöðumanna er of lítil í samanburði við áhættuna, ef illa tekst. Þegar útnefning slíkra manna fer fram, fer oft svo, að stjórnmálaskoðanir ráða miklu um úrslitin. En þó svo væri ekki, þá er engin trygging fyrir því, að bestu mennirnir fáist, þó að þeir yrðu fyrir valinu.

Um gallana á einkasölu á saltfiski skal jeg ekki fjölyrða úr hófi. Þó vil jeg minna á þrent, sem mjer þætti miður fara. Í fyrsta lagi óttast jeg minni vöruvöndun en áður, en það vita allir landsmenn, að við eigum velgengni okkar fyrst og fremst að þakka vöruvöndun. Jeg ætla, að jeg megi með fullri vissu staðhæfa, að ef einkasala á saltfiski er lögfest nú, þá er það gegn vilja flestra framleiðenda. Margir framleiðendur freistast að öðru jöfnu til að vanda vöruna miður en skyldi. Vöruvöndun hefir í för með sjer allmikinn kostnað. En ef framleiðendur eiga að skifta við óvinsæla útflutningsnefnd, er jeg ekki í neinum vafa um, að sú freisting eykst að mun. Útflutningsnefnd verður skyldug til þess að taka við öllum vörum, sem ekki eru verri en það, að þær nái því matsvottorði, sem lög skipa fyrir um. En jafnvel þótt kaup og sala fiskjarins sje nú innanlands miðuð við það vottorð, þá hafa útflytjendur mikla vitneskju um það, hverjir vanda vöruna og hverjir ekki, og kaupa helst við hæsta verði af þeim, sem vel vanda vöruna. Þetta verður burtu numið, með því að útflutningsnefnd er skyldug til að taka hverja þá vöru, sem matsvottorð fæst um, en þá er dregið úr þeirri hvöt, sem framleiðendur hafa nú til vöruvöndunar. Í öðru lagi er jeg ekki óhræddur um, að af einkasölunni leiði minni neyslu. Þeir, sem þekkja fiskverslun við útlönd, vita, að ýmiskonar óskir koma fram um vörugæði. Það mun ekki ofmælt, að fiskútflytjendur, sem í 20—30 ár hafa

unnið að fisksölu, hafi haft gott tækifæri til að vita um þessar óskir. En ef hver einstakur erlendur innflytjandi fær ekki þá vöru, sem viðskiftavinir hans vilja fá, þá eru líkur til þess, að hans hagur af versluninni minki og hann leggi minni áherslu á hana en áður. Jeg veit ekki, hvort ástæða er til að skýra þetta nánar, en við skulum hugsa okkur, að viðskiftamenn Spánarkaupmannanna komi og vilji kaupa þá vöru, sem þeir eru vanir að fá, en varan er ekki lengur til. Afleiðingin verður sú, að annaðhvort hætta þessir menn alveg að kaupa fisk, eða þeir reyna að fá vöruna annarsstaðar, og mundu þeir margir, sem af þessum ástæðum hætta alveg við að kaupa íslenskan fisk. Í þriðja lagi óttast jeg, að einkasala dragi frekar úr framleiðslunni en auki hana. Útgerðarmenn bera meiri áhættu en aðrir atvinnurekendur, en þá er ekki óeðlilegt, að þeir vilja vera einráðir um, hvernig þeir fara með það, sem guð og gæfan gefur þeim. Þeim yrði óljúft að þurfa að glíma við þá tvöföldu áhættu, sem fyrir hendi er, þegar einkasalan er komin á. Fyrst og fremst eiga þeir að glíma við aflabrögðin, og síðan verða þeir að sæta því verðlagi, sem einhver og einhver óvinsæl nefnd skamtar þeim úr hnefa.

Jeg skal ekki fjölyrða meira um þá hlið einkasölunnar, sem snýr inn á við. En um hina hliðina, sem út á við snýr, skal jeg fara nokkrum orðum, meðfram af því, að jeg tel mig kunnugri þeirri hlið en flestir hv. þdm. Jeg get fullyrt, að innflytjendur í neyslulöndunum eru yfirleitt mjög mótfallnir einkasölu. Jeg hefi átt tal við marga þeirra, og alla þá stærstu. Jeg hefi sagt þeim, að hugsast gæti, að Íslendingar vildu gera einhverjar ráðstafanir til þess að bæta það fyrirkomulag, sem nú er. En mjer hefir ekki tekist að ná áheyrn þeirra. Að vísu álít jeg það skakt hjá hinum erlendu kaupmönnum að beita sjer á móti einkasölu, því að það mætti á ýmsan hátt tryggja þeirra hag. En hitt er staðreynd, að þeir hafa allir sem einn maður risið einbeittir gegn slíku fyrirkomulagi. Jeg tel það vera mjög hættulegt fyrir Íslendinga að ráðast í þetta, meðan hinir erlendu innflytjendur eru því mjög andvígir. Í þessu sambandi vil jeg minna á það, sem hv. flm. gat um, að þegar sunnlenskir útgerðarmenn mynduðu samlag með sjer, þá mætti það mikilli andúð erlendis. Kaupmenn reyndu að sneiða hjá því að versla við það, og það þó að samlagið frá byrjun gerði sjer mikið far um að tryggja þeim alla sanngirni í viðskiftunum.

Jeg sagðist líta svo á, að vel mætti framkvæma einkasölu, án þess að hún færi í bága við hagsmuni erlendra innflytjenda. En líklegt er, að neytendur yrðu að kaupa vöruna dýrari en áður. Það er enginn vafi á því, að þau eru rök erlendra innflytjenda gegn okkur, að við ætlum að reyna að hækka verðlag á fiski. En hagsmunir viðskiftamanna þeirra, neytendanna, eru að fá fiskinn sem ódýrastan. Með þessu mundu þeir reisa þá öldu gegn okkur, sem riði okkur að fullu. Þó að okkar fiskur sje á Spáni álitinn bestur, má ekki af því álykta, að hann sje eini fiskurinn, sem Spánverjar vilji sætta sig við. Innflytjendur geta ráðið því, að annar fiskur komi í staðinn.

Jeg vil segja hv. þdm. frá því, en jeg

veit ekki, hvort það á við rök að styðjast, að spánskir innflytjendur hafa haldið því fram við mig, að við hefðum alls ekki rjett til einkasölu, samkvæmt Spánarsamningnum. Jeg álít, að þetta sje athugunarefni. Það er óvitaháttur að gera nokkuð það, sem getur svift okkur þeim hlunnindum, sem við njótum á Spáni.

Þá ætla jeg að víkja að örfáum fullyrðingum úr ræðu hv. frummælanda, sem jeg hefi gripið af handahófi úr handriti ritaranna. Hv. frummælandi vildi sýna fram á veilur á því fyrirkomulagi, sem nú er, með því að geta um það, hve miklar verðbreytingar hefðu orðið hjer á landi hvert einstakt ár á síðari árum. Hann fullyrti, að slíkar verðbreytingar hefðu ekki átt sjer stað í neyslulöndunum. En þetta er með öllu rangt. Verðbreytingar hafa þar verið líkar og jafnvel meiri en hjer, enda er það svo, að það ræður yfirleitt sveiflunum hjer, hverjar sveiflur eru á hinum erlenda markaði, og yfirleitt skeður verðfall fyr þar en hjer, og oftast verðhækkun líka.

Þá sagði hv. flm., að útgerðarmenn hefðu lítið reynt að afla nýs markaðar og lítið orðið ágengt. Þetta er ákaflega röng staðhæfing, og byggist áreiðanlega á vanþekkingu hv. flm. Útflytjendur hafa gert ákaflega mikið til þess að reyna að afla markaðar, og þeim hefir orðið ákaflega mikið ágengt; enda veit jeg, að hv. flm. muni skilja þetta, ef hann athugar framleiðslumagn íslensks saltfisks fyrir nokkrum árum og nú síðustu árin. Það get jeg sagt hv. flm., að einmitt hin síðari árin hefir verið unnið að þessu með mjög miklu kappi og þá mest eftir að verslunin fór að færast yfir á íslenskar hendur. Það er nefnilega svo um þessa verslun, að fyrsta áratug þessarar aldar var verslunin öll svo að segja í höndum erlendra manna, en hefir verið að smá-færast yfir á hendur innlendra manna, og því meiri hefir árangur markaðsleitar orðið. Nú senda íslenskir útflytjendur fisk bæði til Suður-Ameríku og Cuba og um alla Afríku. Togaraeigendur hafa myndað fjelagsskap, sem hefir sent mann til Suður-Ameríku til að vinna að útvegun markaðar. Og einstakir útflytjendur hafa unnið mikið í þessu efni líka. Jeg get sagt frá því um eitt fjelag, sem mjer er vel kunnugt um, að undanfarin ár hefir það gert ýmsar tilraunir, sem hafa borið mikinn árangur, svo að t. d. þeir, sem hafa keypt 10—20 kassa fyrir tveim árum, kaupa nú 2—3 þús. kassa. Og hjer er um alveg nýjan markað að ræða. Jeg vil ennfremur benda á, að á síðari árum hafa landsmenn tekið upp þann sið, að verka saltfisk sinn á sem misjafnastan hátt. Áður mátti heita, að allur stórfiskur væri verkaður á einn og sama hátt. Nú er hann sendur alt frá því að vera hálfverkaður og alt að því að vera beinharður, alt eftir því, hvers neytendur krefjast. Framfarirnar hafa því orðið ákaflega miklar á síðari árum, enda mikið að málinu unnið. Er þess vegna ómaklegt að segja um útflytjendur og framleiðendur, að þeir hafi lítið aðhafst í þessu efni. En einmitt þetta, hvað framtak útgerðarmanna væri lítið, átti að vera höfuðsönnun hv. flm. fyrir nauðsyn einkasölu. Jeg þykist þegar hafa hrakið þá staðhæfingu.

Hv. flm. gat þess, svona til þess að sýna, hver munur væri á sölu á saltkjöti og saltfiski hinsvegar, að nú væri þegar farið að flytja út fryst kjöt en ekki saltað eingöngu. En jeg vil benda honum á, að það hefir verið svo frá því að íslensk togaraútgerð hófst, að fiskur hefir verið fluttur út bæði saltaður og í ís. Svo að það er ekki um neitt meiri fullkomnun að ræða um sölu kjöts en fisks í þessu efni.

Jeg held jeg geti þá staðhæft það og bygt þá staðhæfingu á alveg fullkominni þekkingu, að einkasala er, eins og nú standa sakir, alveg óforsvaranleg. Einkasalan er frá minu sjónarmiði einnig og jafnvel aðallega hættuleg vegna þeirrar sjerstöku aðstöðu, að þeir, sem eru aðalviðskiftamenn okkar erlendis, eru andvígir henni. Og fyr en þeim er sæmilega sýnt fram á, að ekki er verið að ráðast harðvítuglega á þeirra hagsmuni, tel jeg alveg óforsvaranlegt að taka upp einkasölu. En hitt er rjettara, sem hv. flm. var að tæpa á, að talsvert mætti bæta úr þeim meinum, sem nú eru á fyrirkomulagi saltfisksölunnar, ef landsmenn vildu hafa ýmiskonar samlög, t. d. eins og þau samlög, sem þegar hafa verið reynd. Jeg álít það ekki heppilegt, að þetta komi alt í einu, það er eðlilegra og betra, að þróunin verði smámsaman. Útgerðarmenn í Vestmannaeyjum seldu ýmist alla eða mesta framleiðslu sína árin 1926 og 1927 á þennan hátt, og gafst alveg ágætlega. Það er mikið talað um, að togaraeigendur eigi að hafa meiri samtök í þessu efni. Þessi árin voru töluverð samtök, og voru þetta 3—4 stór fjelög, sem seldu þannig alla sína framleiðsluvöru. Yfirleitt vil jeg segja það um samlögin, hvort sem þau eru þrengri eða víðari, að það er sá höfuð-munur á þeim og einkasölu, að þar ráða framleiðendur öllu um, hverjir fara með þeirra mál; en það er ákaflega veigamikið atriði. Hv. flm. hafði það á móti samlögum, að þá mundu þeir, sem hann kallar „stórlaxa", njóta sín miklu betur. Þetta byggist á misskilningi; því ef það skipulag kemst á, mundu allir fá eitt og sama verð, jafnt þeir stærri og minni.

En aðalrök hv. flm. gegn samlögum voru þau, að útgerðarmenn væru yfirleitt svo andvígir þeim, að það þýddi ekkert að nefna þau. En ef útgerðarmenn eru nú svona andvígir samlögum, að ekki þýðir þau að nefna, þá er hitt víst, að þeir eru langtum andvígari einkasölu. En það er frumskilyrði fyrir því, að einkasala geti orðið með sæmilegum árangri upp tekin, að þeir, sem eiga við hana að búa, uni henni sæmilega vel. En meðan málið horfir þannig, að innlendir menn eru andvígir einkasölu og þeir útlendu menn, sem við eigum mest undir í þessu efni, mega ekki heyra hana nefnda, þá finst mjer óráð hið mesta að fara fram á, að löggjöfin ljái lið sitt til þess, að slík fyrirmæli nái lögfestu.

Jeg vil enda mitt mál með því að staðhæfa, að það sje fyrst og fremst okkur Íslendingum alveg nauðsynlegt að vita um hug hinna stærri erlendu viðskiftamanna til einkasölu á hverju sviði sem er, áður en við ráðumst í slíkt fyrirkomulag. Og ef það ráð verður einhverntíma upp tekið, að fiskur verði allur seldur fyrir milligöngu ríkisskipaðrar útflutningsnefndar, þá vænti jeg þess, að valdamennirnir hafi

hugfast, að þeir þurfi áður að reyna að tryggja sjer samúð hinna erlendu viðskiftamanna, er fiskinn kaupa.

Hjeðinn Valdimarsson: Hv. aðalflm. (HG) er nú búinn að tala svo oft, að hann mun ekki eiga eftir nema aths., og vildi jeg því svara nokkrum orðum því, sem hv. 2. þm. G.-K. kom með, móti einkasölu á saltfiski.

Hv. þm. viðurkendi að ýmsu leyti, að ólag væri á fiskiversluninni, og það mun heldur enginn telja orka tvímælis, að hafi verið síðari árin. En aftur á móti hjelt hann fram, að einkasölu mundu fylgja ýmsir gallar ekki betri en þeir, sem loða við hina svokölluðu samkeppnisverslun. Og hann byrjaði með því að taka fram, að enda þótt til væru menn, sem góðir væru til þess að versla með fisk í smærri stil, þá mundi erfitt að fá menn til þess að hafa slíkt útflutningsbákn á hendi, eins og saltfiskssölu fyrir alt landið. Væri engin trygging fyrir því, að slíkir menn fengjust. En er nokkur frekari trygging fyrir því, að nokkurntíma verði góðir menn fyrir sölu saltfisks, meðan samkeppnin gildir? Það er engin trygging fyrir því nú, að þeir menn, sem hafa meiri hluta þeirrar verslunar undir sjer, þekki neitt að ráði til þeirra hluta, nje að ráð þeirra verði sem hagfeldust íslenskum framleiðendum. Hinsvegar er það, að mjög orkar tvímælis, hvort það sje nokkurn hlut vandasamara að stjórna slíku fyrirtæki sem einkasala á saltfiski væri, heldur en samkeppnisfyrirtækjunum margvíslegu. Það verður á margan hátt einfaldara að stjórna, þegar aðeins er um einn útflytjanda að ræða. Samkeppnin innanlands hverfur alveg úr sögunni, og kröftunum verður beitt eindregið út á við. Þótt ekki fengjust betri menn við útflutninginn en áður, þá geta þannig yfirburðirnir verið í sjálfu fyrirkomulagi verslunarinnar einu. Það er alkunnugt, að í samkeppnisverslun eru menn ekki valdir í stöður eftir neinum prófum eða þvíliku, og ekkert dæmt um þau skilyrði, sem þeir hafa til þess að stjórna sínum atvinnugreinum á annan hátt en þann, hvort þeir hafa nóga peninga til þess að ráðast í fyrirtæki, og ef þeir hafa ekki nóga peninga, þá nóg lánstraust hjá bönkunum. En þó að þeir geti aflað sjer tiltrúar, þá er ekki þar með sagt, að þeir hafi hæfileika til að gegna verslun. Aftur á móti er það nokkurn veginn víst, að svo ströng mundi aðgæsla almennings vera á forstjóra fiskeinkasölunnar, að í slíkri stöðu mundi ekki geta setið neinn liðljettingur til lengdar, og mundi peningaeign hans ekki geta hjálpað honum í því efni.

Þá tók hv. 2. þm. G.-K. það fram, að vöruvöndun mundi minka, ef saltfiskseinkasala kæmist á, þar sem hún mundi verða móti vilja allflestra eða a. m. k. allmargra útgerðarmanna. Jeg dreg mjög í efa, að slík einkasala sje í raun og veru á móti vilja meiri hluta þeirra, sem stunda útgerð hjer á landi, að minsta kosti smábátaeigenda. Hitt veit jeg, að það er búið að koma þeirri skoðun inn í flesta stórútgerðarmenn, að þetta sje óhagkvæmt fyrir þá, og það hefir aðallega verið gert af hendi þeirra manna, sem stunda fiskverslun, enda þótt fáir af þeim geri það að miklu leyti fyrir sinn reikning, heldur sjeu að mestu leyti umboðsmenn útlendinga. Jeg hygg, að óvinsæld saltfiskseinkasölunnar meðal þeirra

manna, sem sjá um öflun fiskjarins, mundi ekki ráða miklu. Og jafnvel þótt þeim væri vel við einkasöluna, þá er engin ástæða að halda, hvorki að þeir væru svo innrættir, að þeir vönduðu ver vöruna, nje að þeir gætu sjeð sjer minsta hag í því. Því auðvitað mundi verða eftirlit með vörukaupum og vörugæðum frá einkasölunni, og saltfiskurinn yrði að vera sæmilega úr garði gerður í alla staði. Eins var hv. þm. að tala um það, að einkasala mundi sennilega draga úr neyslu í viðskiftalöndum okkar við Miðjarðarhafið, vegna þess, að kaupendur heimtuðu margvísleg vörugæði, vegna síns sjerstaka viðskiftasvæðis. Það kann nokkuð að vera í þessu, að innflytjendur geri ýmsar sjerstakar kröfur um gæði á saltfiski, en jeg sje ekki, hvers vegna væri ekki hægt fyrir einn útflytjanda eins og marga, sem flytja út í mörgu lagi, að sinna þessum kröfum. Það ætti meira að segja að vera miklu hægra viðfangs, vegna þess að það er hægt að láta verka nákvæmlega það magn af saltfiski á þann hátt, sem vera ber, eftir ósk kaupanda, í stað þess að samkeppnismenn hafa alls ekki verkað fiskinn í rjettu hlutfalli við eftirspurnina. Hefir yfir þessu verið kvartað oft undanfarandi ár, og málið verið tekið upp af sjútvn. þessarar hv. deildar á síðasta þingi. Enda er slíkt auðvitað erfiðara, þegar verslunin er dreifð. Auk þess má nefna það, að það stefnir yfirleitt að því með vörur, og þar á meðal saltfisk, að þessi mismunur á smekk manna hverfur smám saman að miklu leyti, og vörurnar verða það, sem kallað er „standard"-vörur, á stórum svæðum, þó að það taki tíma í rómönsku löndunum, sem eru aftur úr í samgöngum og viðskiftum. Jeg tel ekki ólíklegt það, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði, að spanskir innflytjendur sjeu yfirleitt andstæðir saltfiskseinkasölu. Er augsýnileg ástæða til þess, og hún er sú, að þeir álíti, að með einkasölu eigi innflytjendur ekki eins í hendi sjer ráð útgerðarmanna og yfirleitt þeirra, sem þeim selja saltfisk hjer á landi, eins og þeir gera nú. En við þessu er ekkert að segja; hjer rekast á hagsmunir þeirra, sem hjer veiða fiskinn og selja, og svo hagsmunir spanskra innflytjenda. Við Íslendingar verðum auðvitað að draga taum okkar eigin landsmanna gegn spönsku innflytjendunum.

Þá gat hv. þm. þess, að verðfallið kæmi oftast fyrst á Spáni. En af hverju er verðfall á Spáni, þegar hvorki á sjer stað gengisbreyting, stríð eða þess konar? Það kemur aðallega af ýmsum breytingum á framleiðsluháttum og verslunarháttum. Til dæmis mun það oft verða orsök verðbreytingar, að hrúgað er of miklu af fiski hjeðan frá Íslandi. En einmitt þeir stóru innflutningar mundu temprast og meira og betra skipulag ráða, ef einn væri útflytjandinn.

Það vill svo vel til, að það eru ekki einsdæmi, að ríkið taki sölu vörutegunda í sínar hendur; jeg vil nefna kaffisöluna í Brasilíu. Ríkið tók að sjer allan útflutning á kaffi, og hefir þetta gengið ákaflega vel upp undir 20 ár. Tilgangurinn var einmitt sá, að sjá um, að útflutningi á kaffi væri hagað nokkurnveginn eftir eftirspurninni, til þess að halda verðinu sem jöfnustu, bæði milli ýmissa tíma ársins, milli áranna og meðal kaffiræktenda. Kaffisalan geymir kaffið frá

einu ári til annars, eftir því sem eftirspurnin hagar sjer. Nú er það líkt með kaffiræktina og saltfisksöluna hjer á landi, að enginn getur vitað, hvað mikill afraksturinn verður. Er því meiri ástæða til, að hið opinbera taki í tauma um slíkan atvinnurekstur, til þess að tempra verslunina, heldur en um þær atvinugreinar, þar sem takmarka má framleiðsluna nokkurnveginn við eftirspurnina, svo sem iðnað ýmiskonar.

Þá gat hv. 2. þm. G.-K. þess, að það væri fjarri því, að íslenskir útflytjendur sætu aðgerðarlausir um markaðsleit, því að þeim yrði mjög mikið ágengt, og vitnaði í, að fjelag eitt hefði hafið markaðsleit í Suður-Ameríku og fleira þvílikt. Það mun hafa verið stofnað fjelag í fyrra, til þess að leita markaðs í Suður-Ameríku. Ekki veit jeg, hvað það hefir starfað mikið, en það þori jeg að fullyrða, að hingað til hefir það ekki borið neinn verulegan árangur. Aftur á móti eru líka til þau lönd, þar sem minkað hefir innflutningur frá Íslandi síðustu árin, eins og til dæmis Portúgal. Skýrsla lá fyrir Alþingi í fyrra, frá Þórði Flygenring, sem sýndi, að innflutningur til Portúgals hafði stórum minkað, án þess að virtist sjerstök ástæða til, önnur en sú, að ekki var nógu vel unnið að útbreiðslu markaðsins þar, svo að ekki er hægt að hæla dugnaði íslenskra fisksala á þeim markaði. Þá ætlaði hv. þm. að vitna til þess, að togararnir hafi fiskað í ís um langan tíma, svo að þeir væru á undan kjötframleiðendum. En honum er kunnugt um það, að nú á tímum vilja menn fara lengra en það, að fiska í ís 3—4 mánuði ársins; nú er talað um, að nauðsynlegt sje að hafa íshús víðsvegar um landið, og koma á stöðugum flutningum á frystum fiski, ekki aðeins til Englands, heldur selja hann svo að segja nýjan suður um alla Mið-Evrópu, með hinni svonefndu Ottesens-aðferð. En hjer eru það útlendingar, sem renna á vaðið; það er sænskt fjelag, A/b. Svenska Fryserierna, hjer í bænum, en ekki íslenskir hluthafar nje togaraeigendur, sem hafa gengist fyrir því. Þetta frystihús getur valdið stórkostlegri breytingu á útveginum hjer í bænum, en því miður hefir þetta erlenda frystihús náð einkaleyfi á þessari Ottesens-aðferð hjer. Það hefir sýnt sig um útgerðarmennina íslensku, að þó að þeir stundi sjóinn kappsamlega, þá hafa þeir því miður átt mjög erfitt um samtök sín á milli, og það eru mjög fáir af þeim, sem eiga nokkuð við að selja sjálfir sinn fisk, heldur láta sjer nægja að fleygja honum í umboðsmenn einhvers útlendingsins.

Þá vildi hv. 2. þm. G.-K. halda fram, að það væri skárra að hafa samlög, en að reyna einkasölu, og kvað hann líkt á komið með stærri og smærri framleiðendum í samlagi; þeir fengju allir sama verð. En ef ætti að vera svipað fyrirkomulag á því samlagi, eins og á samlaginu um síldarsölu, þá yrði æði mikill munur á stærri útgerðarmönnum og þeim minni. Atkvæði þeirra fara eftir síldartunnufjölda, og sennilega færi eins um saltfisksamlagið, að atkvæðamagn yrði eftir skippundafjölda, en ekki höfðatölu, svo að ráðin mundu í höndum þeirra, sem mestan fiskinn hafa. Í öðru lagi væru engin ráð í höndum alls þorra þeirra manna, sem þessa atvinnu stunda, sem sje sjómanna og verkafólks. Raunar

má segja, að með einkasölu hafi þær stjettir engin bein ráð; jeg fyrir mitt leyti álít það galla. Síldareinkasalan ætti að vera þjóðnýtt fyrirtæki, en það er hún ekki, fyr en allir, sem starfa að síldarframleiðslu og verslun hafa íhlutun um stjórn hennar.

Þá sagði hv. þm., að ef útgerðarmenn vildu ekki sölusamlagið, þá mundu þeir ekki frekar vilja einkasöluna. Þetta getur vel verið. En sá er munurinn á þessu tvennu, að einkasalan yrði lögfest, svo að allir yrðu að hlýða, en samlagið mundi sennilega vera ólögbundið að einhverju leyti.

Það hefir oft verið bent á það um síldina, og sömuleiðis um saltfiskinn, hvílíkir erfiðleikar væru um sölu á þessum afurðum, sökum samkeppni útlendinga, og þá sjerstaklega Norðmanna og þeirra, sem stunda fiskiveiðar við Nýfundnaland. Hafa menn viljað halda því fram, að þótt einkasala kæmist á hjer á landi, mundi þessi útlenda samkeppni halda áfram, og íslenska útgerðin því vera litlu betur sett. En nú er það svo, að sú stefna er uppi um allan heim, að stórframleiðendur innanlands og utan geri með sjer náið samband um vöruverð, sölu eða skiftingu heimsmarkaðarins, til að útiloka óheilbrigða samkeppni. Vegna hins margþekta framtaksleysis stórútflytjenðanna hjer á landi og samvinnufjandskapar þeirra, eru lítil líkindi til, að þeir mundu gera með sjer slíkt samband, nje semja við útflytjendur saltfisks eða síldar erlendis. En einkasalan mundi aftur á móti telja sjer skylt að leita samvinnu við útflytjendur í Noregi og Nýfundnalandi, Englandi og jafnvel víðar, til að koma föstu skipulagi á fisksöluna í Norðuráfunni, sem mundi af sjer leiða hærra og jafnara verðlag til íslenskrar útgerðar. Væri Ísland eðlilegur brautryðjandi í slíku máli, eftir aðstöðu sinni til fiskveiða og fiskverslunar. Slík sambönd eru algeng í öðrum atvinnugreinum erlendis, skifta hundruðum og ná oft yfir mörg lönd og jafnvel álfur.

Það, sem jeg tel aðalatriðið í einkasölumálinu, er það, að hún mundi gera sjávarútveginn tryggari, fyrst og fremst fyrir útgerðarmennina, og því næst fyrir verkamennina, sem hjá þeim vinna. Verðbreytingar mundu verða minni, og atvinna og kaup því jafnara. Velmegun almennings yrði því meiri, og möguleikarnir fyrir eðlilegri þróun þjóðarinnar mundu vaxa.

Ólafur Thors: Jeg skal forðast endurtekningar, og því aðeins svara því af ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ekki var svarað með fyrri ræðu minni.

Háttv. þm. sagði, að því væri svo varið um frjálsa verslun, að ekki trygði hún betur, að hæfileikamaðurinn fengi að njóta sín en ríkisrekstur. Þessi staðhæfing háttv. þm. er alröng, því í frjálsri samkeppni er það gáfur, heiðarleiki og dugnaður, sem lyfta einstaklingnum í þann sess, sem honum ber í þjóðfjelaginu. (**HjV:** Og ósvífnin!) Ja, það getur verið, að svo sje í flokki hv. 2. þm. Reykv., en það er ekki alment. Hitt er venjan, að hæfileikamennirnir skari fram úr.

Háttv. þm. vefengdi, að einkasala mundi draga úr vöruvöndun, því að hún mundi aðeins óvinsæl hjá útgerðarmönnum. Þarna verður að koma staðhæfing á móti staðhæfing. Jeg tel, að almenningur mundi verða óánægð-

ur með hana. Og jeg held, að það sje oftraust á mannlegu eðli, ef hann heldur, að áhættulaust sje um sviksemi viðskiftamanna. Vafalaust munu margir hafa tilhneigingu til undanbragða, og það er hinn mesti misskilningur hjá hv. þm., að matið tryggi til fulls vöruvöndun. Hitt hefir ráðið og mun ráða meiru, að sá, sem þektur er að vöruvöndun, fær í frjálsri samkeppni hærra verð, og getur auk þess oft selt, þegar aðrir geta það ekki. Þetta hefir verið aðalaðhald um vöruvöndun, en mundi alveg burtu numið, ef einkasala yrði upp tekin.

Þá vildi hv. þm. vefengja það, sem jeg fullyrti, að einkasala mundi draga úr neyslunni. Þetta held jeg að sje sprottið af vanþekkingu hjá háttv. þm., því að það er alveg víst, að ef útflutningsnefnd ætti alt í einu að taka við allri fisksölunni, þá mundi hún alls ekki vita, hvers einstakir innflytjendur sjerstaklega óska. Það er vitneskja, sem útflytjendur hafa aflað sjer gegnum margra ára reynslu. Sem sagt, útflutningsnefnd hlýtur að hafa mun lakari aðstöðu í þessum efnum en einstakir útflytjendur, því að hún veit ekki um óskir innflytjendanna. Þá er það alveg rangt hjá þessum hv. þm., að hjer væri að myndast það, sem kallað er „standard"-vara. Slík vara var hjer fyrir 20 árum, en er nú ekki lengur. Þá var fiskur verkaður mjög á einn veg, en þetta hefir smátt og smátt gerbreyst, í samræmi við kröfur neytenda, svo að nú er fiskur verkaður með mjög misjöfnum hætti.

Þá vildi hv. þm. gera lítið úr þeim árangri, sem markaðsleitartilraunir útgerðarmanna hefðu borið. Því miður má jeg ekki verja löngum tíma til þess að svara þessu, umfram það, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni. (**HjV:** Hvað segja hagskýrslurnar?) Þær segja, að útflutningurinn hafi tvöfaldast á síðari árum. Og jeg get sagt hv. 2. þm. Reykv. það, að útgerðarmenn hafa varið miklu fje til þess að útbreiða þekkingu á þessari vörutegund, og um árangurinn get jeg sagt honum það, að varla fer svo nokkurt millilandaskip hjeðan, að ekki fari meira og minna af saltfiski til Afríku og Suður-Ameríku.

Þá vildi háttv. 2. þm. Reykv. meðal annars sanna ódugnað útflytjenda um markaðsleit með því, að fiskflutningur hjeðan til Portúgals hefði minkað á seinni árum. Þetta er rjett. En það stafar ekki af ódugnaði, heldur af dugnaði Íslendinga. Ástæðan er sú, að við Íslendingar vorum að vinna okkur nýjan og betri markað; við vorum að reka Norðmenn út af spanska markaðinum og til Portúgal. Að hv. þm. skyldi ekki vita þetta, sýnir ljóslega, að hann er ekki fær um að tala eins digurbarklega um þessa hluti eins og hann gerir.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að við Íslendingar værum að dragast aftur úr á þessum sviðum, og nefndi sem dæmi upp á það, að Svíar flyttu út mikinn fisk, verkaðan eftir hinni svokölluðu Ottesens-aðferð. Það er ekki af því, að íslenskir útgerðarmenn hafi ekki komið auga á þetta, að þeir hafa ekki í þessu efni fetað í fótspor Svíanna, heldur stafar það af því, að það er ekki hægt fyrir þá, sem hafa takmarkað fjármagn, að gera alt, sem þeim dettur í hug. Hinsvegar er gott til þess að vita, að jafnvel það nýjasta í þessum efnum hefir verið tekið upp

hjer á Íslandi, án þess að einkasala kæmi þar til greina.

Þá sagði hv. þm. að jeg hefði sagt, að samlagið væri skárra en einkasalan. En það voru alls ekki mín orð, heldur sagði jeg, að einkasalan væri alveg ótæk, en samlagið gæti verið heppilegt, ef það væri bygt á grundvelli frjálsrar verslunar.

Hitt get jeg fallist á, hjá hv. 2. þm. Reykv., að ef til einhverra framkvæmda kæmi í þessum efnum hjer, þá væri vel við eigandi að taka til athugunar tillögur, sem sendimaðurinn á Spáni kom fram með, að leita samkomulags við aðrar fiskframleiðsluþjóðir um skiftingu markaðsins.

Hv. þm. sagði, að einkasalan mundi tryggja sjávarútveginn. Í svipinn hygg jeg hún tryggi eitt, og aðeins eitt: Hún mundi tryggja Norðmönnum, okkar gömlu keppinautum, aftur sinn gamla sess á markaðinum. Og jeg vænti fastlega, að íslenskir löggjafar verði ekki til þess að smíða það eina vopn, sem á okkur getur unnið í þessum efnum.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til framhalds 1. umr. (A. 165).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

19. Sauðfjárbaðanir.

Á 23. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um sauðfjárbaðanir (þmfrv., A. 177).

Á 25. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hákon Kristófersson): Jeg sje ekki ástæðu til að halda langa framsöguræðu fyrir þessu máli. Það er gamall kunningi, eins og drepið er á í grg. fyrir frv., og var þaulrætt hjer í fyrra.

Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að því verði vísað til landbn., að lokinni þessari umr. Jeg skal bæta því við, að jeg verð að halda fast við það, sem jeg hefi áður haldið fram í þessu máli, að í frv. felist allmiklar umbætur frá því, sem nú er, og að með því fyrirkomulagi, sem hjer er farið fram á, sje það nokkurnveginn trygt, að bændur verði ekki fyrir tjóni af fjárkláða í framtíðinni. Þessi fáu orð vil jeg láta fylgja frv. til hv. nefndar, sem jeg vænti, að veiti því sitt mikilsverða fylgi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 12. mars, áður en til dagskrár væri gengið, mælti

Hákon Kristófersson: Jeg vildi gjarnan, með leyfi hæstv. forseta, fá að segja örfá orð utan dagskrár.

Svo er mál með vexti, að jeg hefi á þessu þingi flutt frv. á þskj. 177, og var því máli vísað til hv. landbn. þann 17. febr. síðastl. Þetta frv. er nú búið að liggja hjá hv. nefnd á 4. viku, og bendir þessi langi tími til þess, að nefndin ætli að „setjast á málið", sem kallað er.

Jeg hefi oft vakið máls á þessu við hv. form. landbn., og hefir hann að vísu svarað mjer góðum orðum einum, en

annars má segja, að hann hafi farið undan í flæmingi, og sama er að segja um alla aðra úr hv. nefnd, sem jeg hefi haft tal af.

Jeg verð að telja slíkan drátt á afgreiðslu mála úr nefndum alveg óhæfilegan, nema nefndin sje svo hreinlynd, að hún lýsi yfir því, að hún ætli alls ekki að afgreiða málið. Nú lít jeg svo á, að hjer sje um mál að ræða, sem sje í samræmi við skoðanir og vilja meiri hluta bænda um alt landið, og mundi jeg telja það vel farið, ef það næði samþykki þessa þings.

Nú skortir mig getu til að ná þessu máli úr höndum hv. landbn., og verð jeg því að snúa mjer til hæstv. forseta með ósk um, að honum mætti þóknast að taka málið á dagskrá án frekari tafar, nema hv. nefnd lofi að afgreiða málið innan 3—4 daga. Ef svo verður ekki, vona jeg, með skírskotun til þess, að það hefir verið gert áður, að hæstv. forseti taki málið á dagskrá sem fyrst, og þá helst þegar á morgun.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál. Jeg þykist nú hafa komið því í þær hendur, sem fara muni svo með það, að jeg megi vel við una.

Jón Ólafsson: Af því að hv. form. landbn. (LH) er ekki viðstaddur, ætla jeg að segja örfá orð fyrir hönd nefndarinnar um gang þessa máls.

Við nefndarmenn höfum rætt þetta mál í nefndinni og skipað í það undirnefnd, þá hv. form. nefndarinnar (LH) og hv. 1. þm. Rang. (EJ). Jeg fyrir mitt leyti verð að segja það, að ef það á að ganga eins og á síðasta þingi um þetta mál, að það taki upp óratíma af tíma þingsins, þá óar mjer við því, að taka það á dagskrá, því að þá voru haldnar um það á annað hundrað ræður og sumar óralangar.

Það er ekki rjett hjá hv. þm. Barð., að sá dráttur, sem orðið hefir á afgreiðslu þessa máls, stafi af því, að nefndin ætli að „leggjast á málið", heldur aðeins af því, að mikið hefir verið að gera í nefndinni og henni óar við umræðum um það.

Jeg vona, að nefndin geti gert hv. flm. ánægðan og afgreitt málið á sínum tíma, kanske ekki mikið fyrir páska, en heldur ekki löngu eftir þá.

Hákon Kristófersson: Mjer komu ekki á óvart ummæli hv. 3. þm. Reykv. Þau eru alveg í samræmi við framkomu hv. nefndar í þessu máli. Hv. nefnd vill afsaka sig með því, að hún sje hrædd við sennur í umr. út af þessu máli. Jeg segi nú bara: Heyr á endemi!

Þeir hv. nefndarmenn eru þá líklega hræddir við orðasennu í fleiri málum.

Nei, jeg tel þetta enga frambærilega ástæðu fyrir þeim óhæfilega drætti, sem orðið hefir á afgreiðslu þessa máls hjá hv. nefnd. Því að þetta mál var svo þrautrætt á þinginu í fyrra, að ætla má, að umræður um það nú muni einmitt ekki „taka upp óratíma af þingtímanum", eins og hv. 3. þm. Reykv. var hræddur um; að minsta kosti mun jeg ekki þurfa að eyða miklum tíma í umræður um það nú.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það væri ekki rjett hjá mjer, að nefndin ætlaði að leggjast á málið. Jeg sagði það ekki. En hitt sagði jeg, að það liti svo út, þar sem nefndin hefði dregið afgreiðslu málsins um slíkan óratíma, en hins vegar afgreitt mál, sem seinna hafa komið til hennar, að hún ætlaði að setjast á málið eða humma það fram af sjer.

Og jeg vil endurtaka þá ósk, sem jeg áðan beindi til hæstv. forseta, um að hann taki málið á dagskrá sem fyrst, og þykist jeg nú ekki hafa síður ástæðu til þess en áður, eftir að þessi ágæti maður, hv. 3. þm. Reykv., hefir dregist á það fyrir hönd nefndarinnar, að hún afgreiddi málið „öðru hvoru megin við páskana". (PO: Í þinglokin!).

Forseti (BSv): Mjer líst rjett að doka við svo sem 3 nætur, og sjá síðan til, hvort hægt verður að taka málið á dagskrá.

Á 50. fundi í Nd., 17. mars, utan dagskrár, mælti:

Hákon Kristófersson: Fyrir nokkrum dögum snjeri jeg þeirri málaleitun til hæstv. foseta, að hann vildi ljá mjer lið sitt til þess að dregið yrði fram á dagskrá frv. það um sauðfjárbaðanir, sem jeg hefi borið fram. Nú hefir það legið lengi hjá landbn., og ekki virðist bóla neitt á, að nefndin ætli að fara að skila því frá sjer. Hæstv. forseti gaf mjer það svar, að að þrem dögum liðnum mundi málið koma á dagskrá. En nú eru tvisvar sinnum þrír dagar liðnir síðan; en af því að jeg fylgi ekki þessu máli með neinni frekju, hefi jeg látið mjer líka þetta sæmilega. En jeg vil þó enn einu sinni beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann án frekari dráttar sjái sjer fært að taka málið fyrir, sem sje á næsta fundi.

Forseti (BSv): Þetta mál mun verða tekið á dagskrá á mánudaginn.

Á 51. fundi í Nd., 19. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 177).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Greiðsla verkkaups.

Á 24. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við lög nr. 4, 14. febr. 1902, um greiðslu verkkaups (þmfrv., A. 199).

Á 26. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Með lögunum í fyrra um viðauka við lögin frá 1902 um greiðslu verkkaups, viðurkendi Alþingi nauðsynlegt að bæta úr þeim ágöllum, sem verið höfðu um reglubundna kaupgreiðslu til verkafólks. Mátti það því allmikil rjettarbót heita, frá því sem áður var, að verkafólk gat framvegis fengið kaup sitt greitt vikulega.

Önnur rjettarbót og ekki minni felst í þessu frv., þar sem verkafólki er heimilt að fara í mál út af kaupi sínu, og það án þess að baka sjer málskostnað. Þessar upphæðir hafa stundum verið svo lágar, að ekki hefir borgað sig að leita aðstoðar dómstólanna, vegna málskostnaðarins, sem fylgdi því, að ná rjetti sínum. Enda er mjer kunnugt um, að margir hafa gefið eftir kröfur sínar einmitt af þessum ástæðum. Og þó að upphæðirnar sjeu oft lágar, sem ágreiningur rís út af, getur þó fátæka verkamenn munað verulega um þær. Þess vegna endurtek jeg það, að fyrir fátæka

menn er þessi rjettarbót síst minna virði en sú, að fá kaup sitt greitt vikulega.

Frv., sem varð að lögum í fyrra, liggur nú fyrir í þeirri breyttu mynd, að sjómennirnir eru teknir með, sömuleiðis vegavinnumenn, bifreiðastjórar og fólk, sem vinnur við allskonar síldarvinnu, og iðnaðarmenn og konur, sem vinna við iðnað. Þá er bætt við einni gr. í frv. frá því í fyrra, en að öðru leyti er það samhljóða því, sem það þá var fram borið.

Jeg vænti nú, eins og Alþingi tók í þetta mál í fyrra, að það fái að þessu sinni góða og skjóta afgreiðslu, og að það verði frv. ekki að falli, þó að það sje látið ná til fleiri manna en áður. Jeg vænti líka, að þeir atvinnurekendur, sem sæti eiga í þessari hv. deild, geti fallist á frv., enda munu þeir fylgja þeirri reglu að greiða verkafólki kaup sitt vikulega, sem í landi vinnur.

Þar sem gert er ráð fyrir, að umboðsmenn geti tekið kaupið, þá hafði jeg aðallega í huga konur giftra manna, einkum þó sjómanna, sem vitanlegt er um, að oftast eru fjarverandi, og þá ekki nema eðlilegt, að konur þeirra þurfi á peningum að halda og þær því geti krafið um kaup manna sinna. Annars mun sjómönnum greitt kaupið ýmist á mánaðarfresti eða kanske sjaldnar. En að sjálfsögðu hentugra fyrir heimilið, að fá það vikulega greitt.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. Málið liggur ljóst fyrir, og eins og jeg tók fram áður, vænti jeg, að því verði vel tekið af hv. deild. Jeg óska svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er talsvert undrandi yfir þeim þekkingarskorti hjá hv. flm., sem lýsir sjer í búningi þessa frv.

Jeg skal að þessu sinni benda á aðeins eitt atriði, og það eru ákvæðin í 2. gr. frv. um vikulega útborgun af hluta af afla. Jeg hjelt, að hv. flm. mætti vera það kunnugt, að þetta ákvæði er með öllu óframkvæmanlegt. Hvernig er hægt að útborga vikulega aflahlut, þar sem svo stendur á, að skipið er 2—3 vikur í veiðiförinni, eins og oft á sjer stað? Það er heldur ekki hægt að skifta vikulega, þegar aflinn er ekki seldur upp úr skipi, þó komið sje daglega að landi, heldur seldur 12 daga staðinn í landi, eða alls ekki seldur fyr en fullverkaður. Þetta ákvæði er líka blátt áfram hættulegt og hvetur, einkum hinn fátækari hluta fiskimanna, til þess að gera fyrirfram sölu á aflafeng sínum, og gæti einmitt þetta ákvæði orðið þess valdandi, að harðsnúnir útvegsmenn notuðu þessa aðstöðu til þess að binda fátæka hlutarmenn fyrirfram samningum um verð á aflahlut þeirra.

Með þessu ákvæði er líka mjög dregið úr hvöt þeirri, sem útvegsmenn hafa haft til þess að lána hlutarmönnum út á ófenginn afla.

Jóhann Jósefsson: Á þinginu í fyrra voru afgreidd lög um þetta, eins og hv. flm. benti á. Jeg hafði þá orð á því í allshn. hv. Ed. við þáverandi hv. flm. þess, að jeg kynni illa við niðurlag 1. gr. frv. Hann gaf mjer þá sína skýringu á þessu atriði, en af því að það var gert í einkasamtali, vil jeg ekki fara frekar út í það nú.

En af því að jeg sje, að þetta niðurlagsákvæði 1. gr. frv. stendur ennþá óbreytt, þá vildi jeg leyfa mjer að

skjóta því til þeirrar nefndar, sem málið fær, hvort hún muni ekki sjá sjer fært að breyta þessu. Jeg get ekki neitað því, að mjer finst óviðkunnanlegt, að gert sje upp á milli þess, hvort vinnan fari fram í sveit eða við sjó.

Í niðurlagi 1. gr. stendur, að undanþegnir kaupgreiðslu vikulega sjeu þeir, sem vinna í sveit og hafa auk kaupsins húsnæði og fæði. Nú tíðkast þetta líka við sjóinn, að menn fá fæði og húsnæði sem hluta kaupsins. Þess vegna sje jeg ekki ástæðu til að gera upp á milli sveita- og sjávarmanna í þessu efni, þar sem um sömu ráðningarkjör er að ræða.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Hv. þm. N.-Ísf. taldi vafa á, að hægt væri að koma í framkvæmd vikulegri greiðslu hjá þeim mönnum, sem taka kaup sitt í aflahlut. En jeg vil benda honum á, að heimili þessara manna þurfa þó altaf eitthvað til lífsviðurværis sjer, hvort sem líkur eru fyrir afla eða ekki. Því er í frv. gert ráð fyrir, að þeir menn geti og krafist vikulega greiðslu, sem svari þeim hluta aflahlutans, er þeir hafa þá fengið.

Þótt jeg geti viðurkent það með hv. þm., að erfitt kunni að að vera í ýmsum tilfellum, t. d. vestra, eins og hann talaði um, að vita nákvæmlega, hversu hlutur fiskimannsins sje orðinn mikill í það og það skiftið, þá má þó altaf áætla það lauslega. En jeg vil einmitt benda hv. þm. N.-Ísf. á það, að það hefir verið svo, fram að þessu, að útgerðarmenn hafa orðið að sjá um, að konur og börn sjómanna þeirra, sem vinna hjá þessari útgerð, sem hjer ræðir um, geti lifað. Þeir hafa orðið að leggja heimilum þeirra stöðugt, svo að þá ætti að vera sama, þótt það væri gert reglulega á viku hverri. Þessari kröfu yrði sennilega ekki beitt, nema um bláfátæk heimil væri að ræða.

Jeg fæ ekki sjeð neitt hættulegt við að lögleiða þessa reglu, því að hún hefir í raun og veru gilt áður, þótt í annari mynd hafi verið. Þótt um smámótorbáta sje að ræða, eins og t. d. fyrir vestan, þá verða þó útgerðarmenn þeirra að hafa nokkurt rekstrarfje, til þess að geta látið sjómenn hafa peninga, þótt ekki sje gert upp fyr en á haustin. Mjer er kunnugt um þetta, og það er enda ekki óalgengt, að allur fjöldinn sje búinn að jeta upp hlutinn, áður en upp er gert. Í þvílíku tilfelli verkar þessi regla sem takmörkun, sem útgerðarmönnum ætti ekki að verða óhagur að.

Hv. þm. Vestm. vil jeg segja það, að þetta ákvæði 1. gr. stóð í lögunum frá í fyrra, og sá jeg mjer með engu móti fært að breyta því. Aðstaða bænda til þess að greiða kaup vikulega er svo gerólík aðstöðu vinnuveitandans í kaupstað. Og þetta dæmi hv. þm., að bændur borguðu oft með landafurðum, sem þeir gætu þá eins látið af hendi vikulega, það held jeg að sje ekki algengt. Fólk, sem fær fæði og húsnæði í sveitinni, þarf miklu síður á peningum að halda en fólk, sem stundar vinnu í kaupstað, t. d. síldarvinnu, og alt verður að kaupa sjer, sem það með þarf. Auk þess er vistartiminn í kaupavinnu venjulega tiltölulega stuttur, 8—10 vikur, og því er það, að það fólk á miklu hægra með að bíða eftir kaupgreiðslu, þangað til tíminn er á enda. Hitt atriðið, sem hv. þm. Vestm. mintist á, að verkamenn og sjómenn hafi hlunnindi, eins og

fæði og húsnæði, sem kaup, það mun eiga sjer stað í Vestmannaeyjum, en hítt veit jeg, að menn eru ekki ánægðir með það fyrirkomulag, og mun sú stefna uppi, að menn vilji losa við það. Því kaupgjald er þar talið afarlágt, til þeirra manna, er ráðnir eru fyrir kaupi. Krafan um að fá hlut er að verða æ háværari, því í allflestum tilfellum er hann miklu hærri en kaup það, sem greitt er. (**PO**: Það er algengt suður með sjó!) Það mun kanske hafa átt sjer stað í Keflavík líka, en það er að hverfa. Og þótt þess kunni að hafa verið dæmi, að menn hafi ráðið sig upp á kaup með ýmsum hlunnindum, þá er það engin ástæða til þess að draga úr þessu ákvæði frv. Annars gefst hv. nefnd kostur á að athuga þessar athugasemdir, sem fram hafa komið um frv.

Hákon Kristófersson: Jeg vil taka undir það með hv. flm., að nefnd eigi að athuga það, sem fram hefir verið fært hjer í hv. deild við þessa umr. um frv. En jeg er alveg sammála hv. þm. N.-Ísf. um það, að 2. gr. þessa frv. sje alveg ótæk. Og komi frv. í þá nefnd, sem jeg á sæti í, þá mun jeg leggja til, að hún verði feld úr því. Það er ekki rjett, að það sje svo alstaðar, að formenn eða útgerðarmenn verði að annast um heimili þeirra sjómanna, sem hjá þeim eru. Jeg veit mörg dæmi til þess, að svo er ekki, nema þá að mjög litlu leyti. Annars verð jeg yfirleitt að segja það, að jeg held, að við mættum hlíta þeim lögum, sem síðasta þing setti um þessi efni, og ekki sje brýn nauðsyn á nýrri löggjöf svo stuttum tíma eftir að hin fyrri gekk í gildi. Jeg get ekki verið sammála þeim góðu mönnum, sem halda því fram, að löggjöfin eigi að grípa fram fyrir hendurnar á mönnum, um að gera samninga, svo sem þeim líkar og er hagkvæmt. Það getur vel verið, að löggjöfin geri eitthvað gott með því, en jeg held, að það ætti að vera meginregla, að þegar gott samkomulag fæst manna á milli, þá sje það ekki eyðilagt með lagabókstaf.

Jeg vil eindregið, eins og hv. þm. Vestm., undanþiggja sveitabændur frá þeirri greiðslu, sem þetta frv. fer fram á, því að það er alkunna, að hjá þeim hagar á allan hátt öðruvísi til en hjá mönnum við sjávarsíðuna, og það væri ekki ófyrirsynju, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, athugaði, hvort ekki mætti færa þetta til betri samrýmingar, ef frv. á að ná fram að ganga. Jeg fyrir mitt leyti álít annars ekki þörf á þessu frv. nú, og miða jeg það álit mitt fyrst og fremst við þarfir manna í þessu efni í því hjeraði, sem jeg og hv. flm. þekkjum best til.

Jóhann Jósefsson: Hv. flm. kvaðst ekki vilja hrófla við ákvæðinu í 1. gr. frv., úr því að það hefði verið í lögunum í fyrra, og reyndi að fóðra það, að það væri rjettmætt. Jeg get nú gefið skýringu á því, hvernig stóð á því, að þetta ákvæði komst mótmælalaust í gegn í fyrra. Það stóð svo á því, að of seint var að gera breytingu á frv., því að það hefði verið það sama sem að bregða fæti fyrir frv., því að ef breyting hefði verið gerð, þá hefði frv. orðið að fara aftur til Nd., en til þess var ekki tími, ef frv. átti að komast í gegnum þingið. Jeg hlífðist því við að koma með brtt. í þessa átt í Ed.

En úr því að þetta frv. er nú komið hjer aftur, og þetta ákvæði er enn í því óbreytt, þá vil jeg ekki láta hjá líða að benda á, að hjer er um opinbert misrjetti að ræða. Hv. flm. virðist hafa farið í sama farið sem hv. flm. í fyrra (HjV) fór í, að gera upp á milli til sjávar og sveita. Og rök hans fyrir því eru alveg staðlaus. Þótt það hafi áður verið venja að borga vinnumönnum og vinnukonum í fríðu, þá er það nú alveg afnumið, og alment borgað með peningum, alveg eins og við sjó. Það er því engin ástæða til að þola þetta misrjetti, ef sama traust er borið til manna við sjó og sjávarsíðu.

Hv. flm. heldur því fram, að það sje hverfandi lítið um það við sjó, að verkamenn og sjómenn hafi fæði og húsnæði sem hluta af kaupi. Jeg verð nú að segja, að mjer virðist hv. þm. sjá hjer heldur skamt út fyrir Reykjavík. Að minsta kosti get jeg sagt það, að í Vestmannaeyjum er þetta algild regla. Hvað sem þeirri „stefnu“ líður, sem hv. þm. var að tala um í þessu sambandi, þá er það víst, að svona er það þar enn þann dag í dag, og mun sjálfsagt verða enn um nokkur ár. Og jeg get ekki sjeð, að það væri neitt hollara fyrir verkamennina eða sjómennina, þótt þeim væri sjeð fyrir einhverju hóteli eða matsölustað, heldur en að búa á heimilum formannanna eða útgerðarmannanna. Á Austfjörðum og suður með sjó þekki jeg ótal dæmi þess, að menn við sjávarsíðuna, bæði verkamenn og sjómenn, hafi fæði og húsnæði sem hluta af kaupi sínu. Ástæður hv. flm. fyrir því, að rjett sje að gera upp á milli manna, eftir því, hvort þeir stunda atvinnu til sjávar eða sveita, eru alls ekki frambærilegar. Vona jeg því, að hv. nefnd athugi það, sem jeg hefi hjer sagt, og lagfæri frv. að þessu leyti. Hv. flm. hefir treyst sjer til að kippa burt úr frv. frá í fyrra einu ákvæði, sem sje því, að verkafólki væri frjálst að semja um kjör sín á annan hátt en þann, sem lögin gerðu ráð fyrir. Hv. flm. vill ekki hafa neitt frelsi; nei, hann vill hafa alt fastákveðið og bundið með lögum. Hann vill hafa alt svo rígbundið, að enginn geti slakað neitt til í kröfum sínum. Jafnvel þótt besta samkomulag fáist, mega menn ekki hafa frelsi til að gera samninga eins og þeir vilja. Einn hv. þm., sem á heima í sveit, en þó ekki alllangt frá kaupstað, benti mjer á, hve ákaflega stirt þetta ákvæði væri. Tók hann til dæmis, að hann, sem býr nálægt kaupstað, þyrfti að láta byggja hús í haust, og þarf að fá smiði til þess. Ef nú svo stæði á, að þeir væri atvinnulausir, en hann gæti ekki greitt þeim kaup sitt fyr en eftir nýár, þá er honum með þessu ákvæði frv. bannað að semja við smiðina á þeim grundvelli, og þeim bannað að ganga að slíkum samningum, þótt þeir fegnir vildu. Jeg fjelst á það, við þennan hv. þm., að það væri ekki nema sanngjarnt, að heimila slíkan samning og breyta þessu ákvæði 1. gr. í þá átt. En þessu atriði sá hv. flm. sjer vel fært að kippa úr frv. frá því í fyrra, af því að það veitti ofurlítið frelsi, en hitt ákvæðið gat hann látið sjer vel líka, af því að það er bersýnilegt misrjetti við þá, sem búa við sjó.

Jeg vil því ákveðið vekja athygli nefndarinnar á þessu atriði, að það er ekki nema sanngjarnt, að menn hafi frelsi til þess að gera samninga

í þessu efni, eins og þeim sjálfum gott þykir.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg benti á það í fyrri ræðu minni, hve ómögulegt væri að framkvæma fyrirmæli 2. gr. þessa frv. Þeir útvegsmenn, sem eru tregir til að lána hlutarmanni út á ófenginn afla, munu nota þetta ákvæði til þess að losna við fyrirframgreiðslu. Og jeg er hræddur um það, að menn fái jafnvel gegnum þetta ákvæði ástæðu til þess að geta kúgað hlutarmenn til þess að selja aflahlut sinn við fyrirfram ákveðnu verði. En það er áreiðanlega alt annað en það, sem hv. flm. vill með þessu frv. Annars vil jeg benda á það, að þegar menn eru ráðnir upp á hlut, þá er um sameiginlegan rekstur að ræða. Mjög víða er svo ástatt, að útgerðarmaður getur ekki fylgt útgerðinni. T. d. stunda bátar frá Ísafirði fiskveiðar við Suðurland, án þess útgerðarmaður fylgi útgerðinni, og væri hart að sekta hann, þó ekki gæti hann skift aflanum vikulega. Þess utan er það æði oft, að fiskurinn er ekki seldur fyr en hann hefir staðið 12 daga í landi, eða jafnvel ekki fyr en í vertíðarlok. Það er sýnt, að þessum útgerðarmönnum er það allsendis ómögulegt að borga út vikulega þá upphæð, sem svarar aflahluta sjómanns vikulega. En þessum mönnum er, samkvæmt 4. grein, bannað að gera samning um greiðslu, sem kæmi í bága við fyrirmæli 1. og 2. gr.

Annars skal jeg geta þess, að það mun víðast vera komin á sú regla nú þegar, að borga verkafólki kaup sitt vikulega, þar sem því verður við komið. Á Ísafirði hefir þeirri reglu að minsta kosti verið fylgt síðan 1909. Atvinnurekendur hafa sjálfir tekið upp þá reglu, því að þeim hefir þótt það borga sig betur. Þeim hefir þótt það margborga sig, að vera lausir við hið sífelda kvabb um fyrirframgreiðslur, og geta sagt: Við borgum vikulega, og meira ekki.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Jeg skal fyrst svara hv. þm. Barð., sem talaði um, að lögin mættu ekki ná til manna, sem ráðnir eru upp á aflahlut. Fyrirkomulagið um aflahlut er aðallega tvennskonar, að útgerðarmaður ráði algerlega sölunni — og það er það venjulega — og að hlutarmaður ráði henni með honum, sem er mjög sjaldgæft. En ef hlutarmaður ræður algerlega hlut sínum sjálfur, þá horfir málið auðvitað alt öðruvísi við.

Það má vel vera, að þetta sje ekki nægilega skýrt og vel tekið fram í greininni, en það má laga undir meðferð málsins í nefnd. (**HK:** Salan er sameiginleg!) Það getur verið, að það tíðkist enn sumstaðar í smáútgerð, þar sem árabátar eru, að hlutarmenn ráði hlut sínum, en venjulega er ekki skift í fjöru, heldur á vog, og þá að vertíð lokinni, eða þegar fiskurinn er seldur. En hv. þm. Barð. þekkir það vel frá þilskipaútgerðinni, sem einmitt hefir verið rekin í stórum stíl í hans kjördæmi, að þar tíðkast aflahlutur, hálfdrættið, og þar væri áreiðanlega ekki vanþörf á að koma á vikulegum greiðslum. (**HK:** Það er ómögulegt að koma því við.) Ja, jeg vil benda hv. þm. á, að það hefði farið öðruvísi á Bíldudal og Þingeyri, ef vikulegar greiðslur hefðu átt sjer stað. Jeg býst við, að ástandið væri öðruvísi nú með-

al verkalýðsins og sjómannanna þar, ef svo hefði verið.

Jeg skal þá snúa mjer að hv. þm. Vestm. Hann gerði ákaflega mikið úr því, hve mikið væri um það í Vestmannaeyjum, og víðar, sagði hann, að menn væru ráðnir upp á kaup og hlunnindi. Jeg játaði það í fyrri ræðu minni, að þetta væri svo í Vestmannaeyjum að miklu leyti, og jeg get bætt því við, að það eru margir hissa á því, hvað útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum hefir tekist að fá menn fyrir lítið kaup, miðað við það, sem tíðkast annarsstaðar. En þó er það nú svo, að jeg býst við, að Vestmannaeyja-útgerðarmenn sjeu ekki verri en aðrir um kaupgreiðslur, ef menn þurfa t. d. að senda heimilum sínum peninga, svo að jeg býst við, að þeir mundu áreiðanlega fást til að borga vikulega.

Þá vitnaði hv. þm. (JJós) sjerstaklega oft í sveitirnar. En jeg vil benda hv. þm. á, að það er dálítið annað, hvort vistartíminn er 8 vikur, eins og kaupavinnan, eða hvort hann er margir mánuðir. Það er alls ekki sambærilegt. Hvað því viðvíkur, að borgað sje í fríðu, þá er það alls ekki liðið undir lok ennþá.

Annars legg jeg það undir dóm nefndarinnar, hvort hún vill fella niður þetta ákvæði frv. eða ekki, en geri hún það, þá tel jeg miklu atriði slept. En mjer finst engin ástæða til þess, að kippa því úr frv.

Þá kem jeg að samningaákvæði 4. greinar. — Hvort heldur nú hv. þm., að verkalýðnum sje meiri greiði gerður með því að láta þetta ákvæði standa, eða ekki? Jeg verð nú að segja það, að mjer virðast líkur til þess, ef þetta ákvæði er ekki í lögunum, þá sje hægt að semja við ístöðulitla menn, svo að þeir afsali sjer rjettindum sínum, og fara þannig kringum lögin. Því er það, að jeg álít, að þetta ákvæði megi alls ekki falla úr lögunum, svo að mönnum gefist hreint og beint ekki kostur á því, að afsala sjer rjettindum sínum í hendur vinnuveitanda. Jeg býst við, að hv. þm. líti hjer meir á hag atvinnurekenda en verkamanna.

Þá er það hv. þm. N.-Ísf., sem jeg þarf að víkja dálítið að. Hann leggur afarmikið upp úr því, hve ákaflega erfitt sje að vita, hve miklu aflahlutur nemur á hverjum tíma. En hann fer alveg fram hjá þeirri staðreynd, sem jeg benti á, að vestra, t. d. einmitt við Djúp, hafa útgerðarmenn orðið að greiða mönnum iðulega upp í hlut. (**JAJ**: Það er gert.) Já, það er gert, segir nú hv. þm.; en því þá ekki að lögleiða það, sem skipulagsreglu? Jeg get hjer eftir ekki lagt mikið upp úr þeirri mótbáru hv. þm. gegn frv., að það sje svo erfitt að á æ t l a aflahlut á hverjum tíma. Því að það hafa útgerðarmenn einmitt hlotið að gera, samkvæmt upplýsingum hv. þm. Munurinn er aðeins sá, að ef reglan er lögleidd, eiga menn ekki að þurfa að ganga með grasið í skónum á eftir útgerðarmönnum, til þess að fá smáútborganir, svo konur og börn þurfi ekki að sitja bjargarlaus heima. (**JAJ**: Hvað mundi hv. þm. t. d. geta vitað um aflahlut á þilskipi, sem kemur inn mánaðarlega?) Það eru nú, held jeg, orðin fá þilskipin við Ísafjarðardjúp, en mótorbátarnir eru þar því fleiri, og þar er þörfin. Jeg vona, að hv. þm. mótmæli því ekki. (**JAJ**: Þetta ákvæði

á að ná lengra en til Ísafjarðardjúps.) Jeg er að svara hv. þm. og tala því um hans staðhæfingu. Jeg, fyrir mitt leyti, get ekki sjeð neitt hættulegt við þessa reglu, en mjer skildist það vera aðalatriðið hjá hv. þm. (JAJ) gegn frv.

Jeg get gefið nefndinni nánari skýringar á þessu atriði, en jeg verð að segja það, að sjómönnum er alveg eins nauðsynlegt að fá öll ákvæði frv. lögleidd, sem verkamönnum voru trygð með lögunum í fyrra. Þar sem þetta eru líka sömu mennirnir, og meiri hluti atvinnu þeirra byggist ef til vill á sjávarútvegi, því þá ekki að gefa þeim þann rjett, sem Alþingi hefir áður viðurkent rjettmætan?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Opinber reikningsskil hlutafjelaga.

Á 24. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um opinber reikningsskil hlutafjelaga (þmfrv., A. 202).

Á 27. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, er fram komið af mörgum ástæðum. Í lögum um hlutafjelög er gert ráð fyrir, að fjelögin geri skil til skrásetningarstjóra, þannig, að legið geti fyrir hjá honum plögg frá þeim mönnum, sem að fjelögunum standa. En nú er það fullyrt, af kunnugum mönnum, að mikill misbrestur sje á, að þetta sje gert. Veigamesta ástæðan fyrir því, að jeg ber frv. þetta fram, er sú, að hlutafjelög þau, sem stofnuð hafa verið á seinni árum, hafa verið mjög fjárfrek á rekstrarfje, og það hefir verið sama, hvort sem þau hafa verið stofnuð til atvinnurekstrar eða verslunar. Reynslan er nú búin að sýna það, að allmikið af rekstrarfje bankanna hefir á síðari árum legið í þessum fyrirtækjum, og þó að sorglegt sje, þá hefir ekki svo lítið af því tapast. Það virðist því nauðsynlegt, að þar sem fjelög þessi hafa svona mikið lánsfje bundið í atvinnurekstri sínum, þá sjeu þau háð opinberri gagnrýni, svo að almenningi geti gefist kostur á að sjá, hvernig þau eru rekin. Auk þess er nauðsynlegt fyrir allan þann fjölda verkamanna til lands og sjávar, sem á alt sitt líf undir gengi þessara hlutafjelaga, sem atvinnurekstur stunda, að fylgjast með rekstri þeirra. Þetta er ekki síst nauðsynlegt, þegar um ákvörðun kaupgjalds er að ræða. Það hefir þá vanalega klingt við, að hagur slíkra fjelaga sje svo bágborinn, að þau geti ekki greitt sanngjarnt kaup. En sönnunargögn fyrir því hafa verið falin, og því hæpið að leggja trúnað á slíkt. Jeg held, að flestir verði að viðurkenna, að sá stóri hópur manna, sem á atvinnu sína undir slíkum fjelögum, eigi

að hafa rjett til þess að tala með um það mál. Ef sú regla verður lögfest hjer, að niðurstaða reikninga slíkra fjelaga verði birt opinberlega, þá skapast um leið aðhald fyrir þau um að hafa reksturinn í svo góðu lagi sem unt er. Og það skapar fjelögunum um leið meira álit út á við og lánstraust, ef lýðum verður ljóst, að hagur þeirra og rekstur er í góðu lagi. Það liggur í hlutarins eðli, að fjelag, sem stendur sig vel, og alþjóð veit það, getur vænst meira lánstrausts hjá opinberum lánsstofnunum. Þær stofnanir, og þá fyrst og fremst bankar, eiga að hafa aðgang að upplýsingum um rekstur og fyrirkomulag slíkra fjelaga. En reynslan sýnir, að annaðhvort hafa þær ekki haft það, eða þá, að þær hafa verið of miskunnsamar í garð fjelaganna. Það eru til of mörg dæmi þess, að stórfeld töp fyrir bankana, á lánum til slíkra fjelaga, hafa átt sjer stað.

Jeg skal nú ekki, við þessa 1. umr. málsins, nefna dæmi þessu til sönnunar, en þau eru mýmörg til, sem bera sorglegt vitni þess, að hjer er síst ofmælt. Það hefir komið fyrir, bæði í verslun og atvinnurekstri, að bankarnir hafa tapað í stórum stíl á lánum til fjelaga og fyrirtækja. Jeg veit, að hv. þdm. eru kunn svo mörg dæmi þess, að jeg þarf ekki nú að fara nánar út í það. En jeg vildi aðeins benda á það hjer, að ef sú aðferð, sem farið er fram á í frv., verður tekin upp, þá mundi alþjóðleg gagnrýni verða svo sterk, að lánsstofnanirnar mundu fara varlegar í það, að lána til tvísýnna fyrirtækja, eða fjelaga, sem stæðu sig illa. Því að það er auðsjeð, að það er engin hætta að lána fjelagi, sem stendur sig vel, en mjög skuldugu og illa stæðu fjelagi er alt of mikil hætta að lána stórar upphæðir af veltufje þjóðarinnar.

Jeg kem þá að annari ástæðu, sem jeg verð að segja, að mjer finst nóg ástæða ein saman, til þess að þetta frv. nái samþykki.

Fróðir menn hafa sagt mjer, að í nágrannalöndum vorum sje slík regla þekt, sem farið er fram á að lögleiða hjer, með þessu frv., og þá sjerstaklega um þau hlutafjelög, sem hafa opinbert útboð á brjefum sínum. Það er ekki álitið trygt að kaupa hlutabrjef slíkra fjelaga, nema opinber skráning á þeim hafi farið fram. En það er ekki álitið trygt, að sú skráning sje rjett, nema reikningar viðkomandi fjelags hafi verið birtir, svo að alþjóð geti verið kunnugt um hag þess. Nú má búast við því, að sá tími komi, að íslensk hlutafjelög vildu bjóða út brjef sín almenningi til kaups, og þá á almenningur auðvitað heimtingu á að vita sannvirði brjefanna. En jeg hygg, að það sje svo best trygt, að ekkert sje falið fyrir almenningi í þeim efnum.

Jeg vil leyfa mjer að benda á eitt stórt hlutafjelag hjer, sem nú þegar birtir reikninga sína og verður fyrir alþjóðlegri gagnrýni. Jeg á hjer við Eimskipafjelag Íslands. Það telur það enginn maður ókost við það fjelag, að reikningar þess sjeu birtir. Allir telja það rjett og sjálfsagt, að allir viti um hag þess. En því skyldi þessi regla þá ekki mega ná til annara hlutafjelaga? Því að þótt hluthafarnir sjeu þar ef til vill færri, þá er hlutafjeð kanske meira. Það er í frv. talað um, að hlutafjelög, sem hafa minni höfuðstól en 50 þús. kr., skuli vera undan-

þegin skyldunni til að birta reikninga sína. Ástæðan er sú, að bæði er talið, að á þeim velti minna fyrir þjóðarheildina en hinum stærri, og hefir þótt rjett að undanskilja þau, meðan reynsla er að fást í þessum efnum. Það er þá altaf hægurinn hjá, að láta regluna einnig ná til þeirra, ef þjóðinni finst þessi regla góð.

Jeg vænti nú, að hjer þurfi ekki að koma fram neinn mótþróí gegn þessu frv. Jeg fyrir mitt leyti lít svo á, að hjer sje að ræða um heilbrigða ráðstöfun, sem þjóðfjelagsheildinni sje mikið gagn að, og vænti því, að þetta frv. fái góðar undirtektir hjá hv. þdm. Vil jeg því leyfa mjer að mælast til, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og allshn., því að í allshn. hygg jeg það eigi helst heima.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13: 7 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Einkasala á tóbaki.

Á 24. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um einkasölu á tóbaki (þmfrv., A. 203).

Á 27. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Þegar einkasala á tóbaki var upp tekin árið 1921, þá var það gert af fjárhagsástæðum. Sú stjórn, er þá sat að völdum, áleit, að auka þyrfti tekjur ríkissjóðs allverulega, og það var þáverandi fjármálaráðherra, núverandi hv. 1. þm. Skagf., er mest gekst fyrir því, að einkasölunni var komið á. Ætlast var til, að einkasala á tóbaki gæti gefið ríkissjóði æði miklar tekjur, með því að heildsöluhagnaður af verslun með þessa vörutegund rynni í ríkissjóð til viðbótar við tollinn, sem áður var.

Þessi einkasala stóð í 4 ár, eða fram til 1925, og það sýndi sig, að ár frá ári óx hagnaðurinn af rekstri hennar.

Fyrsta árið var hann lítill til þess að gera, enda ljet þá illa í ári, og annað það, að kaupmenn flestir höfðu birgt sig upp fyrir árið, áður en einkasalan gekk í gildi, því að þeir voru hræddir við það, að verða að sæta verri kjörum um kaup og sölu en þeim gott þætti. Síðan óx tollur og ágóði af þessari verslun með ári hverju og reyndist árið 1925 líðlega 1100 þús. kr. En á því herrans ári var einkasalan afnumin og verslun með tóbak gefin frjáls hverjum sem vildi. Árið eftir, 1926, var ólíkt árinu á undan, vegna þess að innflutningur tóbaks varð þá miklum mun meiri en vant var, þar sem allar verslanir tóku að birgja sig upp í ársbyrjun, og tollur hækkaður um þriðjung.

Þrátt fyrir þessa miklu tollhækkun, þá reyndust þó tekjurnar þær sömu að upphæð og árið áður, svo að geta má nærri, að þær hefðu verið miklu meiri, ef tóbakseinkasölunni hefði ekki verið af ljett. Þá bar að mörgu leyti vel í veiði fyrir verslun einstaklinga með þessa vörutegund; í desember það ár lækk-

aði verð á tóbaki erlendis, svo að minna bar á en annars mundi verið hafa, að verðið lækkaði í raun og veru í landssölu innanlands. En afleiðingar afnáms einkasölunnar urðu brátt þær, að tekjur ríkissjóðs af tóbakstolli fóru aftur minkandi, svo að 1927 eru þær um 230 þús. kr. minni en árið áður, meðan einstaklingsverslunin naut þessarar sjerstöku aðstöðu, og nálega jafnmiklu minni en þær voru síðasta einkasöluárið.

Þá má og sjá, hversu óhentugt verslunarfyrirkomulagið er, ef einstakir menn reka, af því, að fjórfalt fleiri menn vinna nú að tóbakssölu heldur en vera mundi, ef ríkið hefði hana á hendi. Þarf ekki mikinn reikningsmann til þess að sjá, hve það gerir alla verslun dýrari, og þar af leiðandi hagnað minni, ef verðið hækkar ekki að sama skapi.

Nú eru svipaðar ástæður fyrir hendi og árið 1921, er stjórnin lagði fyrir þingið frv. um einkasölu ríkis á tóbaki. Ríkissjóði er þörf tekna. Eftir því sem hæstv. fjmrh. (MK) skýrir frá, hefir tekjuhalli á rekstri ríkisbúsins árið sem leið og íhaldsstjórn fór með völd, orðið um 800 þús. — 1 milj. króna, og búast má við, að þetta árið, 1928, sem nú er að líða, þar sem fjárlögum var ráðið af Íhaldsmönnum, muni tekjuhalli reynast ½ milj. kr. Þá mun og Alþingi vart sætta sig við, að ekki verði meira um opinberar framkvæmdir næsta fjárhagstímabil en gert er ráð fyrir í fjárlfrv. hæstv. stjórnar, sem lagt er fyrir þetta þing. Mun von á till. um auknar fjárveitingar bæði frá hv. fjvn. og einstökum þm., ef að vanda lætur.

Þegar svo er komið sem nú, verður okkur Alþýðuflokksmönnum fyrst að athuga, hvort ekki sje hægt að hafa tekjur af fleiri einkasölum en þeirri einu, sem nú er við líði, en það er áfengisverslun ríkisins. Ávöxtur þeirrar athugunar er þetta frv. Það er að vísu ekki eins víðtækt og æskilegt væri. Jeg mundi hafa kosið að bera fram frv. um landsverslun, svipað eins og lögin um Landsbankann, um stjórn hennar og fyrirkomulag. Væri hægt að hafa hana í mörgum deildum, þannig, að hver deild annaðist sína vörutegund, sem í einkasölu væri. Mætti fjölga deildum og fækka eftir þörfum og vild. Allar deildir stæði undir sameiginlegri yfirstjórn og teldist ein stofnun.

En frv. í þessa átt hefði krafist mikils undirbúnings og meiri en hægt var að koma við fyrir þetta þing. Því hefi jeg lagt frv. fyrir háttv. deild, eins og það var síðast úr garði gert og samþ. 1921, með litlum breytingum. Sú eina breyting, er máli skiftir, er það, að álagning skuli miðuð við verð vörunnar að viðbættum tolli, eins og algengt er hjá öðrum verslunum, en ekki eins og fyr var ákveðið, á innkaupsverðið eitt.

Annars hygg jeg, að ekki gerist þörf að þessu sinni að mæla meira fyrir þessu frv. Jeg vil aðeins láta í ljósi þá fullvissu mína, að þess megi vænta, að þessu máli verði nú öðruvísi tekið en áður, því að hagsmunir kaupmanna, sem ráðið hafa að miklu leyti hjá þeim flokki, er því hefir verið andvígur, eru nú úr sögunni sem ráðandi um stefnu Alþingis í þessu máli.

Ólafur Thors: Jeg er ekki sammála hv. flm., að hag ríkissjóðs sje á neinn veg betur borgið, þótt tóbak sje í einkasölu. Fengin reynsla liðinna ára sannar mitt mál.

Það er svo stutt síðan tóbakseinka-

salan, sællar minningar, var afnumin, að það ætti öllum að vera í fersku minni. Þær tölur, er þá komu fram og sýndu afkomuna, eru þannig, að árin, sem ríkið rak einkasölu á tóbaki, reyndust tekjur ríkissjóðs af þeirri verslun að meðaltali árlega 764 þús. kr. En síðan einkasalan var lögð niður og verslun með tóbak gefin frjáls, hefir hagnaður ríkissjóðs af tóbakstollinum reynst meiri, eða rúml. 1 milj. kr. á ári, það er 250 þús. kr. meira en meðaltekjur meðan einkasala átti sjer stað. Jeg efast ekki um, að sú hliðin, sem snýr að almenningi, sje eitthvað svipuð. Jeg trúi hv. 2. þm. Reykv. eins vel til þess að reka verslun með tóbak í eigin hagsmunaskyni svo að þörfum og smekk neytenda sje fullnægt, og gæði vörunnar og gott verð haldist í hendur, eins og einhverjum og einhverjum, sem falin væri forsjá ríkiseinkasölu á tóbaki. En hv. 2. þm. Reykv. rekur sem kunnugt má vera stærstu tóbaksverslun þessa lands, og jeg ber það traust til verslunarhæfileika hans, að hagsmunum neytenda sje ekki síður borgið í höndum hans en í höndum einhvers tóbakssöluforstjóra ríkisins.

Flokkaskifting á þingi er nú öll önnur en hún var árið 1925, er tóbakseinkasalan var afnumin. Jeg tel ekki nema sjálfsagt, að svo hljóti að fara, að þessu sinni, að við verðum enn að nýju að búa við samskonar einkasölu. Það er ekki nema í samræmi við ríkjandi stefnu þeirra flokka, er nú hafa tögl og hagldir í sameiningu. En þótt ekki verði við því spornað, að svo fari sem þeir vilja, tel jeg samt rjett, að við, sem erum einkasölu andvígir, bendum á, að það er ekki gert í þarfir ríkissjóðs, heldur frekar það gagnstæða, ef farið er eftir þeim tölum, sem fyrir liggja.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið. En þegar jeg sá frv. þetta, datt mjer í hug vísan gamla:

Afturgengin Grýla
gægist yfir mar,
ekki er hún börnunum
betri en hún var.

Það var fyrsta ár þingsetu minnar, er tóbakseinkasalan var upp tekin. Og það vildi svo til, að jeg tók til máls í fyrsta skifti á Alþingi við 1. umr. þess máls. Jeg andmælti því þá, eins og jeg stend upp nú til þess að andmæla þessum uppvakningi. Einkasalan stóð um nokkur ár, en var afnumin 1925. Það er því alt önnur aðstaða nú til þess að dæma um kosti og galla þess fyrirkomulags en þá, er ekki var til reynt. Ýmsir, sem þá gerðu sjer vonir um að einkasalan kynni að gefa tekjuauka í ríkissjóð, hafa nú sannfærst um, að reynslan hafi kent nokkuð annað. Hv. 2. þm. G.-K. dró fram þessa reynslu í talnaformi. Það var rætt hjer á Alþingi, er tóbakseinkasalan var lögð niður, 1925, og þá voru leidd rök að því, að einkasalan hefði ekki gefið meiri tekjur í ríkissjóð heldur en tollur af tóbaki mundi nema, ef verslunin væri frjáls. Og nú eru það engar getgátur lengur. Reynslan er ólygnust. Því var spáð 1925, að með þeirri tollhækkun, er þá var farið fram á, mundu tolltekjur ríkissjóðs af tóbaki geta orðið 800 þús. kr., en það var nóg til þess að bæta upp missi einkasölunnar.

Nú er spurningin: hefir reynslan gert þessa tölu skakka, eða hefir hún staðfest hana? Jú, reynslan hefir gert hana

skakka, en óvart á þann veginn, að tekjurnar hafa reynst miklu meiri af tollinum einum en einkasölunni. Árið 1926 reyndust tekjurnar kr. 1134450,00 og árið 1927 tæp 900 þús., eða 898 þús. kr. Þessar tölur ættu að vera nóg rök í málinu, því að eins og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sýndi fram á áðan, voru tekjur af tóbakstolli og verslunarágóði þau árin, er einkasalan stóð, til samans ekki nema talsvert á 8. hundr. þús. kr., eða liðlega 800000 kr., ef tölurnar eru lagaðar til, eins og 25% gengisviðauki hefði verið í gildi öll árin. Það merkilega skeði, að tóbaksinnflutningur reyndist miklum mun minni þessi fáu ár einkasölunnar heldur en bæði fyrir og eftir, hvernig sem á því stendur. Hvort sem það stafaði af því, að einkasalan væri svo vel rekin, að menn forðuðust að koma nærri hennar vöru, eða smyglun hafi átt sjer stað, þá var það eitt víst, að innflutningur var samkvæmt skýrslum 20—30% minni þessi ár.

Það má náttúrlega segja sem svo, að tolltekjur tveggja liðinna ára sjeu hærri en við megi búast í framtíðinni. En engin ástæða er til þess að þjóta upp til handa og fóta og breyta til, meðan allir spádómar rætast. Háttv. 2. þm. Reykv., flm. þessa einkasölufrv., hlýtur að hafa fram að færa sterkari rök fyrir sínu máli en þau, er hann bauð mönnum upp á í framsöguræðu sinni, því að þau voru alls engin. Ummæli eins og þessi: „má nærri geta hve miklar tekjurnar hefði orðið 1926, ef einkasölunni hefði ekki verið af ljett“ — og: „má búast við, að þær hefði reynst hærri (1927), ef einkasalan hefði þá verið starfandi.“ Þetta er engin röksemdafærsla. Þetta heitir að slá fram sleggjudómum. Hv. þm. þarf að minsta kosti að færa einhverjar líkur fyrir því, að svo hefði reynst sem hann segir.

Hv. 2. þm. Reykv. gat þess, að eitt af því, er hjálpaði hinni frjálsu verslun með tóbakið, er það var gefið laust, hafi verið það, að verð á tóbaki erlendis lækkaði í það mund, er einkasalan var lögð niður, eða í árslok 1925. Jeg ætla mjer ekki þá dul að þræta um verð á tóbaki við hv. þm., sem teljast verður sjerfræðingur á því sviði. En þess er þá að gæta, að einkasalan starfaði líka við mjög góða aðstöðu árið 1925, því að gengisgróði hennar nam 90—100 þús. kr. (HjV: Ekki rjett!) Það er viðurkent af þáverandi ráðherra, Klemens Jónssyni, að gengisgróði væri 65 þús. kr., og annað, er á vanst, vegna sjerstakrar aðstöðu, 20 þús. kr. Þar eru þá komnar 85 þús. kr. Án efa má þar nokkru við bæta.

Ef því er haldið fram, að hin frjálsa verslun hafi unnið á fyrir heppilega tilviljun, má það mætast, að einkasalan starfaði undir alveg sjerstaklega hagstæðum skilyrðum líka, síðustu árin.

Mjer þykir ekki nema eðlilegt, að þetta frv. kemur fram. En hitt má merkilegt heita, að það kemur annarsstaðar að en frá hæstv. stjórn. Það var þó ekki svo lítið af því látið í þeim herbúðum, að Íhaldsmenn væru búnir að svifta ríkissjóð svo sem 200 þús. kr. tekjum með því að leggja niður ríkiseinkasölu á tóbaki. Jeg býst nú við, að forlög Karþagóborgar sjeu nú ákveðin fyrirfram. Og það var víst ekki nema vel gert af hv. flm. að ýta við hæstv. stjórn og koma nú fram með eitthvað af þeim málum, sem hún er að renna frá, hverju af öðru. Má kalla það heppilega liðveislu úr líklegri átt.

Hv. flm. fann hinni frjálsu verslun með tóbak það til foráttu, að fleiri menn hefðu atvinnu við hana en áður var, meðan einkasalan stóð. Ef verslunin er eins góð, og tekjur þær, sem hún veitir í ríkissjóð, eins miklar, er það þá galli, að fleiri menn lifa af henni? Nei, ekkert sýnir betur yfirburði frjálsrar verslunar yfir einkasölu en einmitt þessi staðreynd. Þá eiga það loks að vera hagsmunir kaupmanna, sem öllu eru valdandi um afstöðu heils stjórnmálaflokks til þessa máls. Jeg skal ekkert um það segja. En það hafa ýmsir kaupmenn sagt í mín eyru, að þeim hafi aldrei verið eins þægilegt að versla með tóbak og einmitt meðan einkasalan var rekin. Að þeir eru henni samt sem áður andvígir, orsakast af þeirri grundvallarskoðun, að verslun eigi að vera frjáls. Það er hentugast fyrir neytendur, að frjáls samkeppni fái að skapa verð, og ríkissjóði er líka best sjeð fyrir tekjum með frjálsri verslun og tollum. Reynslan hefir sýnt það. Og það fyrirkomulag er ekki ónýtt, sem veitir sem flestum mönnum atvinnu, útvegar neytendum sem besta vöru við sanngjörnu verði og skilar þó meiri ágóða í ríkissjóð en annað fyrirkomulag, sem þegar er reynt.

Sigurður Eggerz: Það er aðeins örstutt athugasemd, sem jeg vil gera. Jeg ætla ekki að fara að tala alment um einokun. Til þess munu gefast mörg önnur tækifæri á þessu þingi. Jeg vildi aðeins skjóta því fram til athugunar, hvort það sje rjett, að vera altaf að breyta til, svo að 2 ár sje frjáls verslun með þessa vöru og síðan næstu 2 ár einokun. Því að þótt nú yrði sett á stofn ríkiseinokun á tóbaki, stendur hún að vonum ekki til eilífðar. Ef t. d. frjálslyndi flokkurinn kæmi til valda – og það verður áður langt líður, ef þjóðin á nokkurn þroska fyrir höndum — þá verður henni aftur kipt í burtu. Jeg vildi því leyfa mjer að skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort það sje ekki of mikil óstöðvun á þessu sviði, að varpa þessu máli svo milli flokka, og hvort ekki sje rjettara að láta enn um stund við það sitja, sem er. Jeg hygg líka, að hæstv. stjórn sje í raun og veru alls ekki andvíg frjálsri verslun. Væri æskilegt að fá að heyra yfirlýsing hæstv. forsrh. í þessu efni. Eru það vinsamleg tilmæli mín, að hæstv. stjórn athugi þessar bendingar mínar, og hvort ástæða sje til að breyta svo fljótt um aftur.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. þm. Dal. lagði mesta áherslu á það, að ekki væri altaf verið að breyta til í þessu efni. Þess er því að vænta, að þegar hann kemst til valda og hans flokkur, verði ekki breytt til aftur og horfið frá því, sem nú verður væntanlega gert, að samþykkja einkasöluna.

Þá voru það þeir hv. 2. þm. G.-K. og hv. 1. þm. Reykv., sem vildu halda því fram, að ríkissjóður hefði meiri tekjur af tóbakstollum í frjálsri samkeppni, en búast mætti við með einkasölu nú.

Sje nú árið 1926 borið saman við árið 1925, sem var síðasta ár einkasölunnar, verður útkoman mjög svipuð, en sje árið 1927 tekið til samanburðar, verða tekjur ríkissjóðs um 200 þús. krónum lægri en 1925, þegar tekið er hvorttveggja saman, einkasölutekjur og tollur. — Hv. 1. þm. Reykv. taldi rjett að taka meðaltal af tekjum einkasöluáranna. Jeg álít það af ýmsum ástæðum ekki rjett, meðal annars er það vit-

anlegt, að innflutningur á hinum ýmsu vörutegundum getur farið minkandi eftir árferði og síðar vaxið aftur, og gefa því einkasöluárin, sem flest voru í kreppudalnum, ekki rjetta hugmynd um framtíðartolla og hagnað af tóbakinu, enda sjest hið sama af athugun á innflutningi af kaffi og öðrum nauðsynjavörum, sem engin einkasala var á, yfir sama tímabil. Þetta er ekki af neinu öðru en því, að kaupgeta fólks er ekki altaf hin sama, og það kemur fram á erfiðleikatímum, að menn spara við sig jafnvel hið allra nauðsynlegasta, hvað þá heldur tóbak. Innflutningurinn verður ekki meiri, þó frjáls verslun sje, heldur en einkasala. Þá verður úr því einkasala einstakra manna og fjelaga, í stað ríkisins, og hvernig er hægt skynsamlega að hugsa sjer, að notkunin minki, þó að verslunin komist á eina hönd í stað 3—5 heildsala, sem einkasölu hafa, eins og nú gengur. Það, að tolltekjur tapist, vegna þess að meira verði smyglað, ef einkasalan væri, sje jeg ekki ástæðu til að óttast. Jeg hefi það traust á núverandi stjórn, að hún gæti laganna á því sviði ekki ver en sú stjórn, sem sat við völdin á fyrra tímabili einkasölunnar. Enda væri það óeðlilegt, að meira væri smyglað fyrir því, þó að ríkið hefði einaksölu, en ef verslunin væri frjáls. Varla geri jeg ráð fyrir því, að þeir, sem mistu helst spón úr aski sínum við að einkasala kæmist á, legðu þá fyrir sig smyglun tóbaks í stað heildsölu.

Þá vildu háttv. andmælendur mínir fá sterkari rök fyrir því, að einkasölu ætti að taka upp. Jeg geri ráð fyrir því, að eins og skoðunum er háttað, þá hafi mín rök lítið að segja fyrir þá, og þeir vita líka vel, hver þau eru. Mín skoðun er sú, alment á litið, að stærri fyrirtæki beri sig betur, vegna minni reksturskostnaðar, en hin smærri, ef þeim er jafn vel stjórnað, og geti einkasala því meiri arð gefið en samkeppnisverslanir. Því sje einkasala heppileg frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Ennfremur megi með einkasölu ríkisins koma versluninni þannig fyrir, að neytendur fái vöruna með lægra verði en annars, vegna færri milliliða. Loks renni hinn eiginlegi verslunarhagnaður með einkasölu í ríkissjóð, en ekki vasa einstaklinga, og fái ríkissjóður því bæði toll og verslunarhagnað í stað tollsins eins. Sje það vilji þingsins, að lækka ekki vöruverðið, verður hagnaðurinn því meiri, en hann rennur þá í ríkissjóðinn. Jeg verð að segja það, að eftir þeirri reynslu, sem jeg hefi haft fyr og síðar af verslun með þessa vörutegund, veit jeg, að það er heppilegra fyrir fjárhagslega afkomu verslunarinnar, að hún sje á einni hendi, og má telja víst, að ríkissjóður gæti fengið aldrei minna en 200 þús. kr. tekjuauka, án þess að verðlag vörunnar til almennings hækkaði.

Hv. 1. þm. Reykv. var að tala um gengisgróða landsverslunar, 68 þús. kr., og vildi telja það til tekna. En með þessu fje var greitt útsvar, sem verslunin varð að greiða samkvæmt dómi. Einkasalan hefir greitt útsvör til Reykjavíkurbæjar, sem voru mörgum tugum þúsunda meiri en kaupmenn greiða nú árlega, og má af því, auk hagnaðar ríkissjóðs, telja þann tekjuauka fyrir bæjarsjóð Reykjavíkur, sem kæmi, ef einkasala hæfist að nýju.

Þá vildi hv. 1. þm. Reykv. halda því fram, að með samkeppnisverslun fengj-

ust yfirleitt betri vörur en ef einkasala væri. Jeg vil aðeins svara því til, að þær vörur, sem nú eru á boðstólum, eru yfirleitt nákvæmlega þær sömu og áður voru á tímum einkasölunnar, og þó síst betri nú. Sömuleiðis er verðið síst lægra nú í innkaupi fyrir heildsala, og hafa þeir þó miklu skemri gjaldfrest.

Jeg vil að lokum aðeins benda á það, sem jeg hefi áður sagt, að meiri arðsvon af rekstri verslunarinnar, ef hún er á einni hendi og ef hún er rekin með sem minstum tilkostnaði, hvað snertir mannahald og annað. Jeg sje ekki hvaða gagn er að því fyrir þjóðfjelagið, að fleiri sjeu látnir starfa við slíka verslun en þörf er á.

Jeg vil loks mælast til þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Jóhann Jósefsson: Það er nú sennilegt, að það þýði ekki mikið að hafa á móti þessu stefnumáli hv. flm., því að eins og högum er nú háttað hjer í hv. deild, má búast við, að forlög þessa máls sjeu ráðin fyrirfram. Jeg vil aðeins minna á það, að fyrir atbeina þess flokks, sem jeg fylgi að málum, og frjálslyndra, var einkasala á tóbaki afnumin árið 1925, og þá var því haldið fram, að ríkissjóður tapaði engu á því í tekjum, að verslunin væri gefin frjáls, enda var þá tollur hækkaður. Þá var einnig sýnt fram á það, að heldur hefði dregið úr versluninni með tóbak á þeim tíma, sem einkasalan stóð og varan versnað. Nú hefir það sýnt sig, að þrátt fyrir tollhækkunina hefir smásöluverð tóbaks lækkað, bæði hjer í Reykjavík og út um land, og auk þess hefir betri og fjölbreyttari vara verið á boðstólum. Jeg er því sannfærður um, að það er gert í óþökk mikils hluta þjóðarinnar, ef einkasala er upp tekin. Og hvað sem nú hv. flm. og hans flokksmenn og fylgjendur halda fram um það, að hjer eigi að vera um eina undantekningu að ræða, þá er það víst, og enda sýnilegt af öðrum frv., sem hjer eru komin inn í þingið, að þetta er aðeins einn liður í því, sem þessir menn vilja fá ríkiseinokun eða þjóðnýtingu á. Það er náttúrlega rjett, og það þarf ekki sjerstaka skarpskygni til að sjá það, að einokunarfyrirtæki hefir betri aðstöðu til að græða en fyrirtæki, sem starfar í frjálsri samkeppni. Sína fyrri ræðu endaði hv. flm. með þeirri fullyrðingu, að afnám einkasölunnar hefði verið hagsmunamál kaupmanna, og því hefði Íhaldsflokkurinn beitt sjer fyrir því. Þetta er nú vitanlega alls ekki neitt nærri sanni, en hitt er rjett, eins og hv. 1. þm. Reykv. benti á, að flokkurinn vill ekki að nauðsynjalausu innleiða einokun í nokkurri grein, og það væri algerlega að nauðsynjalausu, ef slíkt væri gert nú. Þegar Alþingi á sínum tíma ákvað að taka einkasölu á steinolíu, var það gert af nauðsyn, sem sje til að forðast áhrif útlendra auðhringa á verslunina og verðlagið hjer. — Jeg sje nú heldur ekki, að því er tóbakið snertir, að hag ríkissjóðs sje á nokkurn hátt betur borgið með því, að ríkið hafi einkasölu á því. — Þegar hv. flm. er að tala um það, að nú sje aðstaðan önnur og ekki ástæða fyrir Íhaldsflokkinn að leggjast á móti einkasölu, þá veit jeg ekki við hvað hann á með því, nema ef það skyldi vera það, að hann er sjálfur stærsti tóbaksheildsalinn á landinu. Já, það er auðvitað ekki nema eðlilegt, að hann ætlist til þess, að menn dáist að sjer fyrir þá dæmalausu óeigingirni, að bera

fram slíka till. sem þessa, gegn sínum eigin hag — einkum þegar litið er á það, að það mundi eðlilega fara svo, að hann seldi ríkissjóði allar sínar birgðir í einu lagi! Það er ekki nema eðlilegt, að hann líti smáum augum á þessa „eigingjörnu“ Íhaldsmenn, sem á sínum tíma börðust fyrir því, að fá þessa verslun frjálsa. Hann væri kanske vís til að kaupa tóbakið aftur, af landsverslun, ef breytt væri um fyrirkomulag í framtíðinni! Það er ekki að vita, hvað óeigingirni hv. þm. getur leitt hann langt.

Ólafur Thors: Jeg leiði hjá mjer allar almennar athugasemdir um þetta mál, en vil leyfa mjer að leiðrjetta villur hv. flm.

Sú mynd, sem hann dró upp af hinni fjárhagslegu hlið þessa máls, að því er ríkissjóðinn snertir, bæði á einkasöluárunum og síðan, er bæði skökk og villandi. Hann miðaði eingöngu við árið 1925, en auðvitað er það rangt, að miða aðeins við það eina ár. Einkasalan var rekin í fjögur ár, og það rjettasta er því auðvitað að miða við meðaltal þeirra ára, sem hún stóð. Auk þess var árið 1925 alveg sjerstakt í sinni röð að því er tekjur ríkissjóðs snerti yfirleitt.

Tekjur ríkissjóðs af tóbaki, bæði af einkasölu og tolli samtals, voru, þau fjögur ár, sem einkasalan stóð, sem hjer segir:

1922 .... 439 þús. kr.
1923 .... 634 — —
1924 .... 876 — —
1925 .... 1108 — —

og voru því meðaltekjur á ári 764 þús. kr.

Síðan einkasalan var afnumin eru nú aðeins liðin tvö ár. Jeg tel mjer nú ekki heimilt að hafa sömu aðferðina og hv. flm., að tilgreina aðeins annað árið, þó að munurinn yrði þá enn meiri, en með því að taka meðaltal af þessum tveim árum og bera það saman við meðaltal hinna fjögra, verður útkoman sú, að hin fjárhagslega afkoma ríkissjóðsins er 251 þús. kr. betri árlega, eftir að einkasalan var afnumin, en meðan hún stóð.

Það voru aðeins þessar staðreyndir, þessar talandi tölur, sem jeg vildi benda hv. þdm. á, áður en gengið er til atkv. um þetta mál, enda þótt jeg geri mjer ekki vonir um, að útkoman verði nema á einn veg.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki lengja umr., vegna þess að hv. 2. þm. G.-K. tók einmitt það í ræðu hv. flm. til athugunar, sem er mest villandi, og tók þar með ómakið að miklu leyti af mjer. Ef eitt ár er tekið út úr, er hið eina rjetta að taka besta ár einkasölunnar og besta ár hinnar frjálsu verslunar til samanburðar. En það hittist nú svo á hjer, að meðaltalsreglan er alveg rjett, þegar litið er á þessi fjögur ár, sem einkasalan stóð. Fyrsta árið, 1922, er óvenjulega rýrt ár, hið næsta talsvert betra og hin tvö, 1924 og 1925, óvenjulega góð ár.

Jeg reikna dálítið öðruvísi en hv. 2. þm. G.-K., jeg tek meðaltal tveggja síðustu ára einkasölunnar, því að hin fyrri tvö var gengisviðaukinn ekki kominn til greina, en samt verður útkoman sú, að frjálsa verslunin hefir gefið um 200 þús. kr. meira í ríkissjóð árlega en einkasalan.

Það er því ljóst, hvernig sem þessu er velt, að spár þeirra, sem fylgdu afnámi einkasölunnar, hafa fyllilega

ræst og meira en það, að því er fjárhagshliðina snertir.

Hv. flm. vildi ekki tala um gengisgróðann, af því að hann hefði farið til þess að greiða með útsvar, sem landsverslun varð að greiða samkvæmt dómi. Um þetta var nokkuð deilt á þingi 1925, og held jeg, að ekki sje hægt að komast hjá því, að útsvör verða altaf að fylgja. — Jeg hefi ekki við hendina gögn til að bera saman, hvað einkasalan hefir greitt í útsvar á þeim árum, sem hún starfaði, og hvað fæst með samkeppnisverslun. Jeg hygg, að erfitt sje að finna, hvaða tekjur fljóta af samkeppnisverslun, en hitt ætla jeg, að af sömu umsetningu hljóti að fljóta sömu tekjur til hins opinbera. Útsvör eru líka tekjur, þótt þau gangi ekki í ríkissjóð.

Hv. flm. rjeð ekki vel við það atriði, hvers vegna innflutningurinn varð minni á einkasölutímanum, og skildist mjer helst, að hann vildi bera hæstv. fyrv. stjórn einhverjum sökum þar að lútandi. Jeg veit ekki, hvort hann vill halda því fram, að hún hafi ýtt undir smyglun. Mjer þykir ótrúlegt, að hann meini það, en það mátti næstum ráða það af orðum hans.

Hv. flm. ætlaði að bæta fyrir sjer með því að bera fram rök almenns eðlis, eins og hann sagði, að stórfyrirtæki beri sig betur en fyrirtæki í smærri stíl. Þetta er rjett, ef stóru fyrirtækjunum er meistaralega stjórnað, en það hefir verið svo hingað til, að minni fyrirtækin hafa staðið nokkuð við hlið hinna stærri, sökum þess, að vandinn við stóru fyrirtækin er svo miklu meiri.

Hv. flm. sagði einnig, að það væri miklu betra fyrir ríkissjóð að hirða allar tekjur af verslunarágóðanum, heldur en tollinn einan. Þetta er alveg satt. En þá sannast um leið önnur staðreynd, og hún er sú, að gallar ríkisrekstrarins hafa etið alt þetta upp og meira til. Ríkissjóður hefir á einkasölutímanum hirt bæði ágóða og toll, en hvorttveggja til samans hefir ekki gefið ríkinu eins mikið og tollurinn einn gefur í frjálsri samkeppni. — Þetta sýna tölur í landsreikningunum, og þær tala svo ljóslega, að allar „teoriur“ nægja ekki til þess að bæta þær upp. — Fram hjá þessari staðreynd er ekki hægt að komast.

Flm. (Hjeðinn Valdimarsson): Hv. 1. þm. Reykv. hefir nú gripið til þess þrautaúrræðis, er hann altaf grípur til, sem sje að slá því föstu, að ríkisrekstur sje verri en samkeppnisrekstur.

Þegar um menningarfyrirtæki er að ræða, eins og t. d. háskólann, hefir hv. 1. þm. Reykv. ekki hingað til verið á móti ríkisrekstri, eða haldið því fram, að hann sjálfur eða aðrir eigi að fá að „spekúlera“ með háskólakenslu á vísu samkeppnisrekstrar.

Þetta kemur sennilega til af því, að í mentamálunum þekkir hv. 1. þm. Reykv. eitthvað til, en hinsvegar þekkir hann ekkert til um verslunarrekstur yfirleitt.

Hv. 1. þm. Reykv. og hv. 2. þm. G.-K. gerðu samanburð milli tekna einkasölunnar og tollsins eftir 1925, eða árin 1926—27. En jeg verð að segja, að ef ætti að sanna á slíkum talnasamanburði, þá ætti ekki einungis að taka til athugunar þau árin, heldur árin á undan einkasölunni. Það þarf að gæta þess, að þegar einkasalan gengur í gildi, hefir verið flutt inn

afarmikið af tóbaki árið á undan, og það svo mjög, að þessar birgðir drógu mjög úr innflutningi einkasölunnar tvö fyrstu árin, því að hún flutti ekki meira inn en eftirspurnin krafðist.

Árin 1924—25 er fyrst hægt að tala um venjuleg verslunarár einkasölunnar og bera þau saman við 1926—27, þegar tollurinn var hækkaður. Árið 1926, eftir afnám einkasölunnar, hefst sami gífurlegi innflutningurinn; bæði keypti fjöldi kaupmanna miklar birgðir og fluttu inn í umboðssölu, og liggur mikill hluti þeirra enn óseldur í geymlustöðum kaupmanna eða tollgeymslu. Er þetta ár því ekki venjulegt, frekar en árið 1921, næst á undan einkasölunni. Fyrst árið 1927 kemur því fram sem venjulegt innflutningsár, með samkeppnisverslun, en þetta ár stenst ekki vel samanburð við venjuleg ár einkasölunnar.

Viðvíkjandi útsvörum tóbakseinkasölunnar og þeim útsvörum, er tóbaksinnflytjendur greiða nú, þarf ekki mörgum orðum að eyða, enda er auðvelt að rannsaka í nefnd, hve mikið útsvar tóbakseinkasalan og núverandi tóbaksinnflytjendur gjalda hjer. Er eðlilegt, að hagnaður einkasölunnar sje meiri, þar sem allur verslunarreksturinn er dýrari hjá innflytjendum. Þar sem bæjarsjóður fjekk sjer dæmt útsvar einkasölunnar, 100 þús. kr., verður sú upphæð að teljast hagnaður hins opinbera, auk tekna ríkissjóðs.

Hv. þm. Vestm. gat þess, að smásöluverð á tóbaki hafi lækkað, eftir að einkasalan hætti, bæði hjer og úti um land. Þótt lækkað hafi smásöluverð á einstaka tegundum, þá er það ekki nema eðlilegt, þar sem þannig stóð á, að innkaupsverð á tóbaksvörum lækkaði, um það leyti sem einkasalan hætti, í desember 1925. Ef teknar væru allar vörutegundir, mundi koma í ljós, að álag væri, töluvert meira í smásölu af tóbaki nú, en þegar einkasalan var.

Hann vildi láta líta svo út sem einkasalan hefði betri aðstöðu til þess að græða, en jeg átti auðvitað við, að einkasalan stæði betur að vígi en innflytjendur, vegna þess, að hún hefði ódýrari aðdrætti og innkaupsverð, og því tiltölulega minni tilkostnað. Hann fór ýmsum háðsorðum um, og dáðist að þeirri óeigingirni minni, að vilja láta ríkið fá hagnað af einkasölunni, og sýndi um leið þá mynd af mjer, að jeg mundi selja einkasölunni mínar tóbaksbirgðir.

Jeg vil taka það fram, að jeg er ekki tóbaksinnflytjandi sem slíkur. Jeg er aðeins starfsmaður hjá Tóbaksverslun Íslands, og á lítinn hluta af höfuðstól þess fyrirtækis. Jeg sje ekki, hvaða hagnaður væri fyrir þá verslun, hvað þá heldur fyrir sjálfan mig, að tóbakseinkasalan hætti. Þetta hlutafjelag hefir gefið allsæmilegan arð þessi árin, og mundi því ekki geta annað en mist hagnaðar við að hætta heildverslun og innflutningi. En kæmist einkasalan á, er hún samkvæmt frv. á engan hátt skyld til að kaupa birgðir heildsala, heldur þvert á móti hefir hún aðstöðu til að kaupa þær, ef hún á annað borð óskar þess, langt fyrir neðan innkaupsverð, vegna þess að annars yrði á þær lagður aukaskattur. Sjest af þessu, að hvorki jeg, Tóbaksverslun Íslands, nje aðrar innflutningsverslanir, geta haft hag af afnámi einkasölunnar. En hv. þm. skilur auðvitað ekki, að ýmsir menn, þar á meðal

jeg, geti miðað fylgi sitt við mál af öðru en eigin hagsmunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 9 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 22. mars, var útbýtt nál. minni hl. fjhn., á þskj. 543, og á 56. fundi, 24. mars, nál. 2. og 3. minni hl., á þskj. 573 og 576. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Fiskiveiðasjóður Íslands.

Á 25. fundi í Nd., 17. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Fiskiveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 214).

Á 27. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., 22. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Grg. þessa frv. ber það ljóst með sjer, hvað fyrir flutningsmönnum þess hefir vakað.

Það er öllum vitanlegt, að fiskiveiðasjóður er fyrir löngu orðinn ónógur til þess að verða við þeim lánsbeiðnum, er honum berast, og fullnægja lánsþörf bátaútvegsins yfirleitt. Þetta er alment viðurkent, sem sjest t. d. af afskiftum fiskiþingsins í þessu máli. Það er mjög nauðsynlegt fyrir bátaútveginn að aukið sje lánsfje til þess atvinnuvegar. Bátaútvegurinn hefir orðið að heyja harða baráttu fyrir tilveru sinni, engu síður en stórútgerðin, og á miklu erfiðari aðstöðu en hún.

Það var farið vel af stað í fyrstu, með þessa sjóðsstofnun og henni sjeð vel fyrir tekjum, þar sem henni voru ætlaðir ⅓ hluti af sektum togara, ⅓ af afla og veiðarfærum, sem upptæk höfðu verið gerð, og ⅓ af útflutningsgjaldi af síld. Þetta var sjóðnum mikil stoð, en nú hefir sjóðurinn mist allar þessar tekjugreinir. Hefir hann nú ekki aðrar tekjur en styrk ríkissjóðs og vexti af fje sínu. Það er því ekki von, að sjóðurinn geti orkað því hlutverki, er honum er ætlað, og því síður, þegar þess er gætt, að meðferð sjóðsins hefir hvergi nærri verið eins og tilgangurinn mun hafa verið upphaflega. Upphaflega var ætlunin, að nota sjóðinn aðallega til styrktar bátaútveginum, og til þess að hjálpa mönnum til að koma sjer upp bátum. Sjóðurinn var ætlaður til styrktar þessari framleiðslugrein. Í seinni tíð hefir þetta mikið breyst, og hafa úr sjóðnum verið lánaðar stórar fjárupphæðir til hafnarbóta, t. d. hjer í Reykjavík og víðar. Upphæðir þessar hafa verið svo stórar, að sjóðurinn hefir liðið við þær, sem lánsstofnun bátaútvegsins. Auðvitað hefir verið gripið til sjóðsins í nauðsyn, þegar fje hefir ekki verið fáanlegt annarstaðar. Hefir þá stundum verið leitað samþ. sjútvn., sem þó hefir ekki verið sammála um að lána fje sjóðsins á annan hátt en reglugerð hans mælir fyrir um. Í frv. þessu er lagt til að auka sjóðinn með drjúgu tillagi úr ríkissjóði í næstu 5 ár, og þar að auki með því að gefa út vaxtabrjef. Nú er vitanlegt, að þótt vaxtabrjefin sjeu trygð, mun verða erfitt að selja þau innanlands. Vildi jeg því taka það fram í umræðum, þótt það sje tekið fram í frv., að til

orða hefir komið hjá flm., að ríkið tæki lán til þess að kaupa vaxtabrjefin og ljetta þannig undir með sjóðnum, og gera hann færari til að ná tilgangi sínum. Að vísu eru til þessa fleiri leiðir, svo sem hvort komið gæti til mála að beina aftur til sjóðsins einhverju af þeim tekjum, sem honum voru upprunalega ætlaðar. En um þessi atriði og fleiri munu flm. tala við nefnd þá, er málið fer til.

Í frv. er gert ráð fyrir, að fiskveiðasjóðurinn fari eftir líkum reglum og fyrirkomulagi og ræktunarsjóður. Það er mjög vel til fallið, því að hjer er um tvær stofnanir að ræða, sem eiga að hjálpa landsmönnum til þess að afla sjer framleiðslutækja og mögu leika til þess að komast áfram. Það er því mjög í samræmi, að fyrirkomulag verði svipað á þessum tveim sjóðum, og jafnvel að stjórn þeirra verði á sama stað.

Sje jeg svo ekki þörf til þess að tala lengi fyrir máli þessu nú, enda ætla jeg, að öllum hv. þdm. muni kunnugt, hve brýn þörf er á því að efla þenna sjóð eða aðra þá lánsstofnun, er gæti lánað bátaútveginum. Sú nauðsyn er mjög knýjandi fyrir alla þá, er bátaútveg stunda. Vona jeg, að frv. verði vel tekið, og fái að ganga til 2. umr. og sjútvn.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þetta mál er gamall kunningi hjer, frá síðastliðnum þingum. Á síðasta þingi var skorað á stjórnina að athuga, hvað hægt væri að gera í þessu máli, og skipaði hún til þess þriggja manna nefnd. Fyrir sjútvn. liggur nú álit þeirrar nefndar í frumvarpsformi, en nefndin hefir ekki ennþá tekið afstöðu til þess.

Sýnist mjer, sem hv. flm. hafi tekið sjer frv. til fyrirmyndar og bætt inn í frv. sitt grein, samhljóða að mestu ákvæðum ræktunarsjóðsins. Lítur helst út fyrir, að flm. hafi hnuplað frv. frá nefndinni, sem hún hafði hugsað sjer að bera fram í einhverri mynd.

Um leið vil jeg benda á, að fyrir Ed. liggur frv. svipað þessu, til þess að bæta úr lánsþörf þeirra, er fiskiveiðar stunda, en gengur töluvert lengra. Það er frv. til l. um veðlánasjóð fiskimanna.

Jeg mun greiða þessu frv. atkv. til sjútvn., og legg til, að þar verði þessi þrjú frv. athuguð, og þar með reynt að samrýma þau og gera úr þeim eitt frv. Öllum hlýtur að vera ljóst, að þetta er mjög mikið nauðsynjamál fyrir bátaútveginn, og er þetta því sannarlega orð í tíma talað, að hefjast handa. Það er alveg rjett hjá hv. þm. Vestm. og öðrum flm., að taka þarf stórt lán til þess að koma upp öflugum sjóði. Þetta felst einnig í frv. um veðlánasjóð fiskimanna. Er því verkefni fyrir þetta þing að búa út lög um þennan sjóð, svo að hann gæti komið að verulegum notum um leið og heimildin er veitt til að mynda hann.

Jeg vil taka það fram, að jeg er fyllilega vinveittur hugmynd þeirri, sem kemur fram í þessu frv., og vil ekki á neinn hátt bregða fæti fyrir þau ákvæði, sem hægt er að samrýma við þau frv., sem fram eru komin og stefna að svipuðu marki.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Mjer þykir gott að heyra undirtektir hv. 4. þm. Reykv., aðrar en þær, er hann sagði, að við mundum hafa hnuplað hugmyndinni í frv. Veit jeg ekki, hvað

hann á við með þessu, því að jeg veit ekki betur en till. fiskiþingsins hafi verið birtar í blöðunum og lesnar bæði af mjer og öðrum. Þessar till. hafa vakað fyrir fleirum, t. d. nefnd þeirri, er stjórnin skipaði í fyrra, fyrir þáltill. frá sjávtn. Ed., og flokksbróðir hv. þm. (SÁÓ) hafði framsögu fyrir. Hv. 4. þm. Reykv. gat þess, að fyrir sjávtn. lægju nú till. um lánsstofnun, slíka og hjer um ræðir. Það er rjett, en þessar till. er hv. nefnd ennþá ekki farin að taka til neinnar alvarlegrar meðferðar, og er þó komið langt fram á þingtímann. Á hinn bóginn höfðu þeir menn þetta mál til meðferðar, sem eru flokksmenn hv. þm. (SÁÓ), svo að auðsætt er, að margar stoðir hafa runnið undir það mál, eins og heyra má af orðum hv. þm. um það frv., sem komið er fram í Ed. En það er einmitt með svona mál, sem er nauðsynjamál og þarf að ganga fram, að þá er það ekki nóg, að uppástungur komi sín úr hverri áttinni, jafnvel þó að þær sjeu að einhverju leyti samhljóða, heldur þarf að koma þeim í þann búning, að þær geti orðið samþyktar á formlegan og löglegan hátt. Jeg býst við, að allir hv. þm. muni sjá það, að hjer er verið að flýta fyrir málinu, með því að færa það í frv.-búning og bera það síðan fram í þinginu. Það er líka miklu þægilegra að fá málið svo, heldur en að fá það sem lauslegar hugmyndir, sem svo er eytt fleiri dögum í að ræða um, hvernig eigi að taka upp. Mjer finst, að hjer sje mun ljettara að bæta inn í því, sem þykir á vanta, heldur en ef ætti að búa það til af mönnum, sem kanske hafa gagnólíkar skoðanir á málinu. Við höfum þess vegna borið fram þetta frv., til þess að flýta fyrir málinu. Hv. þm. sagðist gjarnan vilja fylgja því, sem gott væri í frv., og minti mig um leið á eitt atriði í frv., sem jeg gleymdi að taka fram áðan. Það var um sjóveð. Við höfum tekið það fram, að þau lán, sem fiskiveiðasjóður veitti eftir hinni nýju skipun, þau gengi fyrir öðrum sjóveðum, og þetta er fram komið af því, að bátar eru orðnir algerlega óveðhæfir. Það er ekki hægt að fá nokkurt lán út á tryggingu í bátum eina saman, hve góður sem báturinn er, af þeirri ástæðu, sem hjer er um að ræða, að sjóveð liggur sem mara á öllum bátum, svo að engin lánsstofnun vill lengur líta við þeim sem veðhæfum. Þetta kemur alstaðar fram, fyrst og fremst hjá lánsstofnunum, ennfremur á fiskiþinginu, og loks kemur það sama fram í áliti nefndar þeirrar, sem stjórnin skipaði til að athuga þetta mál. En um þetta verður tækifæri til að tala nánar í nefndinni. Við flm. sáum okkur ekki annað fært en að taka þetta ákvæði upp í frv. Það gleður mig að heyra, að hv. þm. vill ljá þessu máli alt sitt lið, og jeg treysti því, að það geti tekist samvinna um það yfirleitt, að kippa þessu máli í lag á þann veg, sem viðunandi sje fyrir bátaútveginn, því að það er eitt, sem ekki má gleyma, að það eina, sem dugir í þessu efni, er, að ráðin sje bót á því vandræðaástandi, sem ríkir, að því er snertir lánsfje til þessa atvinnuvegar.

Ólafur Thors: Jeg vildi aðeins segja nokkur orð vegna þeirra ummæla, sem komu frá hv. 4. þm. Reykv., að þessu máli hafi verið hnuplað af okkur flm. þess, enda þótt 1. flm., hv. þm. Vestm.,

sje að nokkru leyti búinn að svara þessu. Við þurfum ekki að hafa nein dulmæli um það, Íhaldsmenn, sem fram fer í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að nokkrir okkar hafa frá síðasta þingi verið að vinna að undirbúningi þessa máls; þegar svo þingmenn komu saman í þingbyrjun, var þetta eitt af þeim málum, sem við fórum að ræða, um það bil sem frv. var að mestu fullsamið og komið í frambærilegt form. En þá sáum við, að fiskiþingið hafði einnig tekið ákvarðanir um málið, með því að skora á forseta Fiskifjelagsins að vinna að framgangi þess. Þegar við nú sáum þetta, snerum við okkur brjeflega til forseta Fiskifjelagsins og tilkyntum honum, að við hefðum ætlað okkur að bera þetta mál fram, en ef hann tæki það upp á sína arma, þá mundum við láta okkur það vel líka, en óskuðum aðeins að fá að vita, hvora leiðina hann mundi velja. Við þessu fengum við svo skriflegt svar frá forseta Fiskifjelagsins, þar sem hann kveðst mundi eiga tal um málið við sjávarútvegsnefndir beggja deilda Alþingis. Þegar hjer var komið, þótti okkur þetta mál orðið of sameiginlegt mál allra, til þess að nokkuð næði fram að ganga, því að það er sem kunnugt er, að þegar allir eiga eitt mál saman, þá er það ávalt til þess, að ekkert verður gert. Þess vegna þótti okkur rjett að flýta fyrir málinu, með því að leggja fram þetta frv. Erum við fúsir til samvinnu og reiðubúnir til að hlýða á tillögur, hvaðan sem þær koma.

Að því er snertir tillögur þær, sem hv. 4. þm. Reykv. gat um að lægi fyrir sjútvn. Nd., tillögur, sem komnar eru frá milliþinganefnd, sem fjallaði um þetta mál, verð jeg að segja það, enda þótt sú nefnd hafi verið skipuð ágætis mönnum, þá höfum við flm. ekki getað aðhylst tillögur þeirra, frekar en þetta frv. ber með sjer. Sá var aðalmunurinn, að nefndin ætlaðist til að starfað yrði á tvennan hátt, vildi bæði veita lán til bátakaupa og rekstrarlán annarsvegar, en í frv. okkar hníga tillögurnar að því, að lána til skipakaupa og til að stofnsetja iðnaðarfyrirtæki til þess að vinna úr fiskúrgangi. Þetta er höfuðmunurinn, en hann er líka allverulegur.

Jeg vil að öðru leyti taka undir það með hv. 1. flm. frv., að jeg vil lýsa ánægju minni yfir því, að hv. 4. þm. Reykv. hefir lýst fylgi sínu við þetta mál. En af því leiðir þá líka, að hann mun leggja á móti frv. á þskj. 253, sem flutt er af hv. 5. landsk., því að það frv. fer fram á alt aðra ráðstöfun á fiskiveiðasjóði, og getur á engan hátt samrýmst því frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg finn sjerstaklega ástæða til að undirstrika það þakklæti, sem hv. þm. Vestm. hefir látið í ljósi, til hv. 4. þm. Reykv., fyrir það, að taka svo gersamlega andstöðu við flokksbróður sinn. Jeg á ekki slíku að venjast úr þeim herbúðum, og finn því ríkari hvöt til að þakka hv. þm. (SÁÓ), þegar það kemur svo greinilega í ljós.

Sigurjón Á. Ólafsson: Jeg vil segja hv. þm. Vestm. það, þegar hann er að tala um, að nauðsyn hafi borið til að bera fram þetta mál í frv.formi, að þar sem hann á sæti í sjútvn., þá gafst honum um leið tækifæri til að gera allar umbætur á því frv., er þar lá fyrir.

Það litla, sem um málið hefir verið rætt í nefndinni, hefir gengið í aðra

átt en að tala um það, hve mikils virði það væri. Það kemur öllum undantekningarlaust saman um, að sjálfsagt sje að leggja rækt við það. En það kom líka fram þá, að Íhaldsmenn í nefndinni sögðust vera með annað frv.

Þá skal jeg svara hv. 2. þm. G.-K. því, að jeg hjet fylgi mínu við málið alment, og benti þá um leið á það frv., sem komið er fram í hv. Ed., frv. til laga um veðlánasjóð fiskimanna. (**ÓTh:** Það er alt annað mál!). Jeg tók það þá fram, að það væri hlutverk nefndarinnar að taka saman og samræma það úr þessum frv., sem best væri, og jeg býst við, að hægt verði að komast að ákveðinni niðurstöðu um það síðar, hvort ekki er hægt að útvega fiskimönnum okkar lán til þess að koma afurðum sínum í sæmilegt verð, og sömuleiðis að útvega þeim lán til skipakaupa. En frv. það, sem komið er fram í hv. Ed., gengur lang-lengst og er því best.

Þar sem hv. þm. vitnaði í milliþinganefndina, þá skal jeg einmitt benda á, að forseti Fiskifjelagsins átti þar sæti, og er einn af tillögumönnum. Jeg skal játa það, að þetta frv. gengur skamt, en það stendur þó til bóta í nefndinni, og jeg geri ráð fyrir því, að forseti Fiskifjelagsins gangi ekki móti þeim boðum, sem hann hefir lýst í nefndinni. — Jeg sagðist skyldi fylgja því í málinu, sem gott væri, en benti á um leið, að það er meginvilla, að afnema sjóveð. (**MG:** Það er ekki alt sjóveð). Jú, það er það að vissu leyti. Það er til að gera lögin kraftlaus, og líka verð jeg að benda hv. flm. á, að þetta er kanske tæplega hægt, því að það eru til gildandi lög um þetta. Þau lög verða að vísu endurskoðuð, samkvæmt þingsályktun, sem hjer var gerð í fyrra, svo að það er nokkuð snemt að ákveða nú rýrnun á lögum, sem ekki verður breytt fyr en ef til vill á næsta þingi. Ef ætti að fylgja þessu frv. sem rýrnun á veði fyrir þeirri tryggingu, sem sjómenn hafa nú fyrir verkalaunum sínum, þá mun jeg ekki fylgja því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv., og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 22. mars, var útbýtt nál. minni hl. sjútvn., á þskj. 553, og á 59. fundi, 28. mars, nál. meiri hl., á þskj. 611.

Á 64. fundi í Nd., 3. apríl, utan dagskrár, mælti

Jóhann Jósefsson: Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli hæstv. forseta á því, að frv. til l. um fiskiveiðasjóð, sem vjer sex þdm. fluttum hjer í deildinni, hefir, að því er mjer finst, orðið nokkuð útundan með að komast á dagskrá. Frv. var vísað til 2. umr. 22. febr. og kom fram nál. frá minni hl. 22. mars, og frá meiri hl. 28. mars.

Með því að hjer er um mikilsvert mál að ræða, að því er snertir lánsfje handa sjávarútveginum, og hv. þm. munu á eitt sáttir um að efla þurfi fiskiveiðasjóðinn, svo sem verða má, á einhvern veg, vildi jeg mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki mál þetta á dagskrá sem allra fyrst.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

24. Sendiherra í Kaupmannahöfn.

Á 29. fundi í Nd., 22. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyting á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn (þmfrv., A. 268).

Á 31. og 34. fundi í Nd., 24. og 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Sigurður Eggerz: Jeg skal ekki halda langa ræðu; en mjer finst það sjálfsagt, þegar frv. eins og þetta kemur fram, að mótmæla því mjög harðlega. Jeg hafði þó vonað, að deilum um þetta mál væri lokið, og að menn almennt væru farnir að fallast á það, að þetta embætti væri nauðsynlegt.

Eins og kunnugt er, þá fara Danir nú með utanríkismál vor í umboði. En allir ættu nú að vera orðnir nokkurnveginn sammála um, að nauðsyn er á því, að vjer höfum öll þau áhrif, er vjer getum, á utanríkismálin. Og ennfremur er það samkv. yfirlýsingu, sem kom fram hjer í Alþingi nýlega, vitanlegt, að Íslendingar muni á sínum tíma segja upp sambandssamningnum. Verður þá ekki um það deilt, að nauðsyn mikil sje á því, að við búum okkur sem best undir það, að taka utanríkismálin í okkar hendur.

Þessi sendiherra, sem við höfum í Kaupmannahöfn, er auðvitað einn liður í þeim undirbúningi. Því að það er vitanlegt, að í gegnum skrifstofu sendiherrans ættu ýmsir menn að geta fengið æfingu, sem þurfa að taka þátt í meðferð okkar utanríkismála.

Þegar við vorum hjer í „eldhúsinu" í gær, skildist mjer á ræðu hæstv. forsrh. — og það gladdi mig mjög — að eftir að hann fór að fara með utanríkismálin, sje honum orðið ljóst, að það þyrfti meiri aðstoð en nú væri að fá. Jeg hefi altaf vitað um nauðsyn þessarar aðstoðar; og það er nauðsyn á því meðal annars, að fá í stjórnarráðið mann, sem hefir fengið sjerþekkingu á utanríkismálum. Þess vegna er þetta einn liður, sem við verðum að taka til greina, þegar við ræðum um sendiherraembættið, að gegnum það getum við fengið ýmsan undirbúning utanríkismálanna. Sendiherrann hefir aflað sjer margfalt meiri þekkingar um þetta mál en menn almennt, og getur látið aðra verða aðnjótandi þeirrar þekkingar.

En hvað sem þessu líður, þá hjelt jeg, að það ætlaði að verða nokkurnveginn samkomulag um það hjer á Alþingi, að þetta embætti væri nauðsynlegt. Það hefir beinlínis sýnt sig í einu máli, sem hefir afar mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn — jeg á við kjöttollsmálið; afskifti sendiherra okkar í Kaupmannahöfn hafa haft afarmikla þýðingu fyrir úrlausn þess máls.

Jeg skil því satt að segja ekkert í því, að nú skuli vera farið að koma með till. um heimild til þess að kippa þessu embætti til baka. Mjer virðist, að í þessu komi fram alt of mikið hringl, sem ekki megi eiga sjer stað í öðru eins stórmáli og hjer er um

að ræða. Það er enginn leyndardómur, að þegar við lögðum niður sendiherraembættið í bili, þá álitu það margir, sem vel þektu til, að slíkt væri landinu lítill heiður. Við vitum það, að einstök fjelög í landinu, svo sem S.Í.S., hafa haft erindreka víða úti um heim, og það er ekki minsti vafi, að þetta er mjög viturlegt og margborgar sig. Jeg veit ekki betur en að það verslunarfjelag hafi haft 2—3 menn, og að þeir hafi unnið því mikið gagn.

En þegar eitt verslunarfjelag getur ekki verið án þess að hafa erindreka erlendis, má nærri geta, hvort þjóðin öll muni ekki þurfa að hafa erindreka í útlöndum. Það er vitanlegt, að þó að sendiherrann eigi heimili í Kaupmannahöfn, þá hefir stjórnin sent hann víða í ýmsum erindum í þarfir þjóðarinnar.

Jeg verð þess vegna að segja, að mig tekur það mjög sárt, að það skuli nú bóla aftur á þessari gömlu hreyfingu. En það er búið að tala svo mikið um þetta mál, að ekki er ástæða til að ræða það ítarlega nú. Jeg fyrir mitt leyti hefi haft þá reglu, að jeg hefi greitt atkv. með flestum málum, til nefndar. En viðvíkjandi þessu frv. get jeg sagt það, að jeg mun gera undantekningu og greiða atkv. móti því, að það fari lengra. Jeg skoða það sem hálfgerða móðgun við sjálfstæðishugsjón þjóðarinnar, að það sje aftur farið að fitja upp á að taka þennan eina sendiherra burt, sem við höfum í útlöndum; jeg álít, að við þolum það hreint og beint ekki. Það er kunnugt, að þessi maður hefir reynst vel í embætti og haft traust allra þeirra stjórna, sem hann hefir haft viðskifti við. Og hann er búinn að afla sjer svo mikillar þekkingar á þessum málum, að við getum verið vissir um, að hann kann að koma fram fyrir Íslands hönd; og ef þessu embætti verður kipt burt, mundi hann ekki fást oftar í það. Álít jeg mjög óviðeigandi að kasta út á gaddinn slíkum manni, sem búinn er að sýna það í starfi sínu, að hann hefir komið vel fram fyrir þjóðarinnar hönd, með sína ágætu sjerþekkingu á utanríkismálum, og er líklegur til að afla sjer ennþá meiri sjerþekkingar og veita bendingar um utanríkismál þeim mönnum, sem þurfa, gegnum skrifstofu sína, o. s. frv. Jeg segi það aftur, að jeg skil ekkert í því, að nú skuli koma fram slíkt frv., og það því síður sem Alþingi hefir mjög nýlega sýnt ákaflega djúpan og mikinn skilning á okkar málum út á við. Jeg vona, að hæstv. forsrh., þó að hann hafi áður verið á móti þessu máli, þá fallist hann nú ekki á þetta frv. Það er engin minkun, þótt maður hafi einhvern tíma verið á móti einhverju máli, að breyta þeirri skoðun, eftir að hafa fengið betri þekkingu á málinu. (**LH**: Og tímarnir breytast!) Já, það er einmitt það. Tímarnir breytast líka. Hæstv. forsrh. lýsti yfir því við „eldhúsdags"-umræðurnar, hvað utanríkismálastarfið væri orðið þýðingarmikið og hvað mikið slíkt starf væri í stjórnarráðinu. Jeg verð að segja enn og leggja áherslu á, að það gladdi mig, að hæstv. forsrh. skýrði ótvírætt frá þessu.

Og nú verði farið að kippa í burt því embætti, sem er skipað þeim manni, sem mesta sjerþekkingu hefir á utanríkismálunum, þá mundi sannarlega ekki ljettast starfið fyrir stjórnina. Það munu allar stjórnir geta bor-

ið, að það er þægilegt að geta leitað upplýsinga hjá þessum vana manni, um hin vandasömu utanríkismál.

Nú skyldum við segja, að þetta frv. yrði samþ. og stjórnin ætlaði samt að samþ. launaupphæð sendiherrans á fjárlögum, þá er eitt við það að athuga. Það er varla von, að sá maður, sem nú gegnir sendiherraembættinu, vildi halda áfram að vera í því, ef frv. verður samþ., þar sem hann gæti átt von á því á hverju augnabliki, að verða kipt burt. Auðvitað getur þessi maður unnið fyrir sjer á ýmsan annan hátt, og þarf því ekki peninganna vegna að taka að sjer þetta embætti. Enda sýndi það sig í byrjun, að hann var ekki að hugsa um þá, þar sem hann hafði þá svo litil laun, að hann stórtapaði. En ef hann sjer, að farið er nú á ný að leika þennan skollaleik, og gera embættið svo laust, þá býst jeg við, að hann mundi svara þeirri ráðabreytni með því að biðja strax um lausn frá starfi. Er það sannarlega eðlilegt svar, því að hann er kominn á þann aldur, að hann getur ekki unað því, að vera í stöðu, sem honum getur verið kastað burtu úr á hverju augnabliki.

Jeg skal játa, að jeg hafði ekki athugað, að þetta mál væri á dagskrá, og þess vegna hefi jeg ekki talað um það eins ítarlega og jeg hefði annars gert. En ef málið verður ekki felt frá umræðunni — sem jeg vona þó að verði — þá mun aftur gefast tækifæri til að taka til máls.

Jeg skoða það sem móðgun við sjálfstæðishugsjónir þær, sem nú eru uppi, að leyfa því að fara til nefndar, og greiði atkv. móti því.

Gunnar Sigurðsson: Þetta frv. er sprottið af þeim mikla sparnaðarhug, sem greip þjóðina fyrir nokkrum árum, að það ætti að bera niður hvar sem væri, til þess að fækka embættum. Jeg hefi ávalt verið eindregið á móti því, að leggja þetta embætti niður, enda þótt jeg hafi vitað, að það hafi einatt verið áhættusamt, út af kjörfylgi; og jeg tek undir það með hv. þm. Dal., að jeg tel alveg ófært, að þetta frv. nái fram að ganga.

Jeg tel ekki einungis, að í framtíðinni verið haldið þessu embætti, heldur verði bætt sendimönnum í framtíðinni. Þeim peningum er ávalt vel varið, sem eytt er til þess að kynna landið út á við og afla markaðs fyrir afurðir þess. Það verður nauðsynlegur liður í sjálfstæðis- og framsóknarbaráttu okkar.

Hinsvegar hefi jeg æfinlega fylgt þeirri reglu undantekningarlaust, að vilja leyfa öllum málum í nefnd. En jeg tel það vanvirðu, ef frv. verður látið ganga fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12: 8 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 268, n. 131).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

25. Fiskiræktarfjelög.

Á 32. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um fiskiræktarfjelög (þmfrv., A. 295).

Á 33. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingólfur Bjarnarson): Frv. þetta er samið að tilhlutun nefndar, sem sett var sameiginlega af Búnaðarfjelaginu og Fiskifjelaginu, til þess að annast rannsóknir á veiðivötnum og ám og gefa leiðbeiningar um fiskirækt í þeim. Frv. er samið af ráðunaut nefndarinnar, Pálma Hannessyni, sem auk þess starfar fyrir Búnaðarfjelagið að framkvæmd þessara mála. Það er stílað sem heimildarlög fyrir hjeruð, er liggja saman að veiðiám eða vötnum, um að koma á föstum fjelagsskap til að stuðla að hverskonar fiskirækt hjá sjer og veiðiaukningu. Er auðskilið, að mikil nauðsyn ber til, að slík löggjöf komist á, þar sem um land alt er vaknaður hinn mesti áhugi og skilningur fyrir möguleikum til að margfalda veiði í ám og vötnum, fyrst og fremst með klaki, og svo öðrum þeim aðferðum, sem að gagni geta komið. En til þess að hægt sje að ná því marki, verður ekki hjá komist að setja fastar reglur um ýmislegt, er að veiðiskapnum lýtur. Nú hagar svo misjafnlega til á hinum ýmsu stöðum í landinu, að ekki geta einar og sömu reglur gilt alstaðar. Þess vegna hefir sú leið verið valin að gefa hinum ýmsu hjeruðum heimild til að semja sínar sjerstöku fiskiveiðareglur, ef svo mætti að orði komast. Með fyrirmælum þessa frv. er gert ráð fyrir því, að tryggja sem best, að allir, sem hlut eiga að máli, geti notið jafnrjettis um að taka þátt í þessum samþyktum. Jeg mun ekki fara frekar út í frv. Greinargerð þess er ítarleg, og býst jeg við, að hv. þdm. hafi kynt sjer hana. Þess utan er það mikil trygging, að frv. er samið af þeim mönnum, sem hafa mikinn áhuga fyrir þessu máli og víðtæka þekkingu. Það má því ganga út frá því, að frv. sje vel úr garði gert, þó að ef til vill megi deila um ýms smærri fyrirkomulagsatriði.

Jeg mun ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti þess, að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 295, n. 473).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):* Jeg vona, að jeg þurfi ekki langa framsögu í þessu máli. Jeg ætla, að hv. þdm. sjeu sammála um, að þetta sje nauðsynjamál, og þurfi jeg því ekki að fjölyrða um það frá þeirri hlið.

Brtt. nefndarinnar á þskj. 473 eru allar smávægilegar, orðabreytingar að mestu. Það er aðeins b-liður 1. brtt., sem skiftir máli, að það þurfi samþykki $\frac{4}{5}$ atkvæðisbærra fjelagsmanna til friðunar á fiski og útrýmingu á sel. Þótti nefndinni það hyggilegra, til að

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

varna því, að rangindum yrði beitt, og betur sjeð fyrir því, er svona mikill hluti fjelagsmanna þarf að samþykkja. Hinar brtt. lúta að því, að þegar eigandi jarðar vill ekki taka þátt í fjelagsskapnum, geti ábúandi tekið þátt í stofnfundi, áður en fundurinn hefir samþykt hann sem fjelaga. Fengi hann að hlýða á mál manna og hefði tillögurjett, en tæki að sjálfsögðu ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

Jeg fjölyrði svo ekki meira um málið. Það er öllum ljóst, að þessi hlunnindi, veiðinytjarnar, eru sumpart engin, þar sem þau gætu verið, og sumpart mætti auka þau til stórra muna, þar sem þau eru nú. Málið hefir fengið góðan undirbúning. Sjerfróður maður hefir undirbúið frv. Vona jeg, að í það vanti ekki ákvæði, sem máli skifta. En ef reynslan sýnir síðar, að eitthvað vantar, þá má bæta úr því seinna. Vona jeg, að hv. deild veiti málinu fljóta afgreiðslu.

Pjetur Ottesen: Jeg tek undir það með hv. frsm., að hjer er farið fram á nauðsynlega lagasetningu, að því leyti sem ákvæði frv. miða að því, að auka klak í ám og vötnum. Það hlýtur að koma að því, að unnið verði meira að því en enn er gert, að koma á klaki í ám og vötnum.

Jeg held það hafi verið á þinginu 1925, að við hv. 2. þm. Skagf. (JS) fluttum frv. þess efnis, að veita hjeruðunum heimild til þess að gera samþyktir svipaðar því, sem hjer er lagt til. Það frv. náði ekki framgangi þá. En hinsvegar er víst um það, að þegar verður farið að ráðast í stærri framkvæmdir á þessu sviði, er nauðsynlegt að það sje heimild til þess að gera samþyktir, þar sem öllum hlutaðeigendum sje skylt að leggja fram sinn hlut til þessara fyrirtækja.

Jeg vildi aðeins gera þá fyrirspurn til hv. frsm. út af ákvæðum 1. gr., hvað átt væri við með orðinu „fiskihverfi". Mjer skilst eftir 3. málsgrein, að helst sje gert ráð fyrir, að allar ár, sem renna um sama hjerað, sem vitanlega geta tekið yfir mjög víðlent svæði, skuli tilheyra einum og sama fjelagsskap. Jeg býst við, að heppilegra mundi að hafa fjelagsskapinn ekki svona víðtækan, heldur væri hann miðaður við sjerstakar ár og vötn. Jeg held það yrði miklu framkvæmanlegra. Það þarf kanske ekki að taka þetta nánar fram í lögunum, en hinsvegar er gott að komi fram a. m. k. skýring á þessu atriði.

Nefndin hefir borið hjer fram brtt. við 6. gr. Í þeirri grein er gert ráð fyrir, að leiguliðar sjeu skyldaðir til þess að taka þátt í kostnaði við klakið; og þegar leiguliði fer frá jörð, er landsdrotni skylt að greiða eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi fjelagsins. Það er ekkert talað um, hverjum eigi að greiða, en jeg býst við, að það sje leiguliði, sem lagt hefir í kostnaðinn. En það leiðir af sjálfu sjer, að ef leiguliðar hafa á sínum ábúðartíma notið hlunninda fyrir starfsemi þessa fjelagsskapar, þá hljóti að verða tekið tillit til þess í mati, þegar farið er að meta honum endurgreiðslu á því, sem hann hefir lagt í þennan kostnað. Jeg vil vekja athygli á því, að þetta hlýtur að koma til greina, þegar slíkt mat fer fram — ekki einungis kostnaður, heldur og hagnaður af þessum framkvæmdum. — Það var svo ekki fleira, sem jeg vildi vekja athygli

á. Jeg tel það mjög þarflegt að setja lagaákvæði, sem stuðlað geta að aukinni fiskirækt.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):* Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. Borgf. gerði fyrirspurn viðvikjandi ákvæðum 1. gr. um fiskihverfi. Það er alveg rjettilega tekið fram, að það kemur ekkert ákveðið fram um þetta í greinargerð frv. og okkur láðist að geta þess í nál. Jeg hefi skilið orðið „fiskihverfi" þannig, að það ætti við öll þau vötn, er falla í sama ós til sjávar, og að fjelagsskapurinn yrði í raun og veru miðaður við það. Jeg get nefnt Borgarfjörð sem dæmi. Jeg hefði hugsað mjer, að þar væri í fiskihverfi allir þeir menn, sem hafa veiðirjettindi við allar ár, sem í Hvítá falla og í hennar ós til sjávar. Jeg sje enga ástæðu til, að það taki yfir stærra svæði, nema hlutaðeigendur óski eftir og samþykki. En það leiðir af sjálfu sjer, að allir, sem eiga veiðirjett við ár og vötn, sem falla í sama ós, þeir verði að vera í sama fjelagi.

Þá er það viðvikjandi 6. gr. um bætur fyrir kostnað við veiðiaukningu. Það er ekkert sagt um það, á hvern veg þetta skuli meta, samkvæmt þessari grein; aðeins er svo að orði komist, að fyrir veiðiaukningu skuli greiddar bætur. Jeg býst við, að þetta muni verða komið undir mati manna. Jeg tel hugsanlega möguleika, að leiguliði hafi gert svo miklar veiðibætur, að áður en hann færi frá jörðunni, sje hann búinn að fá meira en sinn kostnað upp borinn. Mætti þá náttúrlega segja, að hann bæri ekki skarðan hlut, þó að honum sje ekki bætt. En á það ber þó að líta, að jörðin er fyrir slíkar aðgerðir í hærra verði en áður, og eigandi hefir fyrir starf leiguliða fengið verðmæti. Enda verð jeg að lýsa yfir því, sem minni skoðun, að mjer þætti sanngjarnt, að eigandi greiddi aitthvað fyrir.

Jón Auðunn Jónsson:* Mjer finst óviðkunnanlegt ákvæði í 13. gr., að gjöld þau, sem fjelagsmenn eiga að greiða, hafi sama forgangsrjett í þrotabúi skuldunauts sem skattar eða gjöld til ríkisins. Þessi fjelagsskapur er stofnaður til þess eins að auðga fjelagsmenn, og þess vegna virðist engin þörf vera á því, að gefa þessum gjöldum sama rjett og opinberum gjöldum. Það eru svo margar skuldbindingar, sem menn gangast undir við samborgara sína, að jeg álít hreint ekki rjett að taka þetta út úr og gera því hærra undir höfði, þegar um þrotabú er að ræða, heldur en öðrum fjárskiftum.

Annars er það um matið á veiðinni að segja, að það er nokkuð óákveðið í frv. Ef fjelagsmenn eiga sjálfir að meta, get jeg hugsað, að komi oft upp óánægja og ágreiningur, sem gæti ef til vill valdið fjelagsslitum, og væri það illa farið. Jeg held það þurfi að búa eitthvað öðruvísi um — að hið opinbera, t. d. sýslumenn, skipuðu nefnd til þess að ákveða þessi gjöld. Stjórnarráðið á að staðfesta gjaldskrána, en jeg sje ekki, hvernig stjórnarráðið getur haft aðstöðu til að meta, hvort sú gjaldskrá, sem fjelögini setja, og samþ. kanske með minni hluta fjelagsmanna, sje rjett og skuli samþykt. Alt annað væri, ef fengnir eru af því opinbera menn, sem meta þetta á fjelagssvæðinu og gera sínar till. um gjaldskrána.

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):* Jeg get fyrir mitt leyti fallist á það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um 13. gr., að ekki sje ástæða til, að þessi gjöld hafi forgangsrjett umfram önnur, og mætti athuga það atriði fyrir 3. umr. Viðvíkjandi því, sem hann drap á ákvæði 9. gr. um gjaldskrárnar, þá kann það að vera álitamál. Nefndin áleit sannast að segja, að sú gjaldskrá, sem fjelögin senda frá sjer, mundi vera að öllu leyti gerð með samkomulagi. En ef mönnum sýnist tryggilegra að hafa einhver önnur ákvæði um þetta, t. d. í þá átt, sem háttv. þm. N.-Ísf. drap á, þá sje jeg ekki ástæðu fyrir mitt leyti að amast við því. En þetta hvorttveggja mætti athuga til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 473, 1 a samþ. án atkvgr.

— 473, 1 b samþ. með 15 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 473, 2 a—c, samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

3., 4. og 5. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 473, 3 (ný 6. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

7.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 473, 4 samþ. með 18 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

11.—14. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

---

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

Á 51. fundi í Nd., 19. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., 21. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 502, 529).

Bjarni Ásgeirsson: Jeg gat þess í umr. um annað mál, sem nýlega lá hjer fyrir, að mjer væri ekki fyllilega ljóst, hve mikið vald þessum fjelögum væri gefið samkv. þessu frv. til þess að friða fisk, enda þótt þess sje getið í 2 greinum. En það eru til önnur lög um friðun á fiski, laxveiðalögin, sem eru í eðli sínu líka friðunarlög. Það er því ljóst, að ef veita á þessum fiskiræktarfjelögum leyfi til þess að friða lax, þá rekast þau á laxveiðalögin. Það vantar því ákvæði í þessi lög um það, að þau hafi frekari rjett til friðunar en hin lögin. Jeg hefi borið þetta undir merkan lögfræðing, og er hann mjer sammála um þetta. Það er því annaðhvort, að bæta því í þessi lög, að þau hafi vald til friðunar fram yfir hin lögin, en að öðrum kosti verða þau algerlega þýðingarlaus.

Þá er að athuga það, hvort rjett er að láta frv. þetta ná inn á verksvið þeirra gildandi laga, eða greina á milli þeirra og láta þau ná yfir sitt verksviðið hvor. Skiftingin yrði þá þannig, að fiskiræktarlögin fengjust eingöngu við klak og þesshættar, en farið skyldi eftir ákvæðum laxveiðilaganna að því er snerti veiði og friðun. Jeg fyrir mitt leyti hallast hiklaust að því, að hjer sje greint vel á milli og hvor lögin um sig hafi sitt takmarkaða svið. Því jeg er sannfærður um það, að ef leyfa ætti fiskiræktarfjelögum að friða fisk og takmarka netalagnir, þá mundi það verða til þess að vekja

sífeldan ófriðareld innan hjeraðanna. Og þar verður betra, þó löggjöf þessi verði óvinsæl, heldur en að hún verði til þess að vekja ófriðareld innan hjeraðanna. Það verður því heppilegast, að vísa laxveiðalögunum til stjórnarinnar og fela henni að koma inn í þau öllum þeim ákvæðum, sem nauðsynleg eru til þess að þau geti verið fullgildandi um friðun á fiski, en láta þessi lög eingöngu fjalla um klakhliðina. Því það getur farið svo, að ef fiskiræktarfjelögunum er gefin heimild til þess að friða eða takmarka veiðirjett manna, að þá verði gengið nær eignarrjetti einstaklingsins en heimilt er samkv. 63. gr. stjskr. En vitanlega yrði þá að setja ákvæði um þær bætur, er koma skyldu í stað þeirrar veiði, er tekin væri. Vegna alls þessa er rjettara að binda fiskiræktarfjelagsskapinn eingöngu við klakið, en sleppa hinu. Sama máli gegnir um eyðing sels. Þar væri rjettara að setja ákvæði um það í laxveiðalöggjöfina.

Að því er snertir ákvæðið í 13. gr., um það, að taka megi fjelagsgjöld lögtaki, þá finst mjer það alger óþarfi, að þessi gjöld sjeu gerð svo miklu rjetthærri en önnur svipuð, og legg jeg því til, að það sje felt niður. Annars væri gott að heyra, hvað hv. landbn. segir um þetta.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):* Hv. þm. Mýr. hefir flutt hjer brtt. við þetta frv. Það er nú svo, að við höfum að vísu talað um þetta í landbn., en ekki formlega, því það láðist að taka þetta fyrir á fundi, og get jeg því ekki sagt fyrir hönd nefndarinnar, hvernig hún líti á þetta mál. Jeg get aðeins sagt fyrir mína hönd og ef til vill meiri hl. nefndarinnar, að við höfum ekkert á móti þessum brtt.

Það er rjett, sem hv. þm. Mýr. drap á, að ef þetta frv. verður samþ. eins og það er, kemur það í bága við núgildandi lög, og getur því ekki öðlast staðfestingu. Jeg get fallist á, að rjett sje, að lögin hafi hvor sitt afmarkaða svið, en gripi ekki hvor inn í önnur, eins og gert er ráð fyrir í frv. eins og var upphaflega. Laxveiðalögunum er þar að auki í mörgu ábótavant, og væri því þörf á að endurskoðun færi fram á þeim og frekar væri ákveðið um tilhögun veiðanna. En þó þörf sje á frekari friðun, þá bætir svona lagasetning, eins og hjer er á ferðinni, ekkert úr, og því rjett að fella ýms atriði í burtu. Mun jeg því greiða atkv. með því. Viðvíkjandi 13. gr. er það að segja, að hún má gjarnan breytast, og er því vel farið, að þessi brtt. hefir komið fram við hana.

Hefi jeg svo ekki fleira að segja, en vona, að hv. þdm. geti orðið ásáttir um að samþ. þessar brtt.

ATKVGR.
Brtt. 529, 1 samþ. með 18:1 atkv.
— 529, 2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Á 54. fundi í Ed., 22. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 551).

Á 55. fundi í Ed., 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Ófriðun sels í Ölfusá.

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, var útbýtt:
Frv. til l. um ófriðun sels í Ölfusá (þmfrv., A. 346).

Á 39. fundi í Nd., 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 6. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg vil mælast til, að hv. deild lofi þessu máli að ganga til nefndar. Málið er svo augljóst, að ekki er ástæða til að fjölyrða frekar um það á þessu stigi. Vænti jeg, að frv. verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 48. og 49. fundi í Nd., 15. og 16. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 19. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 346, n. 432, 496).

Bernharð Stefánsson: Mjer þykir rjettara að vekja athygli á brtt., sem jeg hefi leyft mjer að flytja við þetta frv., á þskj. 496.

Jeg skrifaði undir nál. landbn. um þetta mál með fyrirvara. Þessi fyrirvari minn þýddi nú ekki það, að jeg vildi ekki gjarnan leggja til, að seluinn yrði ófriðaður í Ölfusá, og þess vegna gat jeg vel gengið inn á, að það aðalatriði frv. yrði samþykt, og sá því ekki ástæðu til að kljúfa nefndina, eða koma með sjerstakt nál. En á hinn bóginn sje jeg ekki ástæðu til þess, að farið sje að greiða bæturnar fyrir þetta úr ríkissjóði að neinu leyti. Þetta er að vísu smávægilegt atriði, og má segja, að ríkissjóð muni ekki mikið um að greiða bæturnar, en mjer finst satt að segja, að þetta sje svo lítilfjörlegt, að ekki taki því, að vera að greiða bætur úr ríkissjóði fyrir annað eins og þetta.

Fyrri brtt. mín er um að fella niður úr 2. gr. frv. ákvæðin um það, að ríkissjóður skuli greiða bæturnar, en síðari brtt. mín fer fram á að fella niður síðari málslið 3. gr., að ríkissjóður skuli greiða ábúandanum á Arnarbæli bæturnar, á meðan núverandi prestur er þar.

Það hefir verið svo, þegar ráðstafanir hafa verið gerðar til að eyða skaðadýrum, eins og t. d. refum, þá hefir það venjulega verið hlutaðeig-

andi sveit, sem hefir borið gjöldin af því, án þess leitað hafi verið til ríkissjóðs.

Mjer er þetta ekki nokkurt kappsmál; málið er ekki þess vert. En þar sem jeg átti sæti í þeirri nefnd, sem átti að fjalla um það, þá þótti mjer þó rjettara að gera tillögu í þessa átt, því með því móti fær málið, að mínu áliti, betri afgreiðslu.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):* Eins og nál. á þskj. 432 ber með sjer, þá hefir meiri hl. landbn. lagt til, að þetta frv. á þskj. 346 yrði samþykt með nokkurri breytingu. Fyrri brtt., við 2. gr., a-liður, er, að það ákvæði sje sett inn í frv. að gjaldskyld skuli ekki einungis Ölfusá, heldur líka Hvítá og þær aðrar þverár, sem í hana falla. Nefndinni þótti rjettara, að þannig væri frá þessu gengið, svo að þeir menn, sem kynni að hafa nokkrar nytjar þess, að selnum er útrýmt í Ölfusá, tæki þátt í þeim bótum, sem greiða á, og fyrir mitt leyti get jeg, sem flm. frv., vel gengið inn á þessa brtt., eins og yfir höfuð þær brtt., sem hv. meiri hl. landbn. ber fram. Um b-liðinn er það að segja, að nefndin taldi rjettara, að ekki væri verið að eltast við mjög lítinn veiðiskap, til að greiða fyrir missi af selveiðinni. Það yrði svo umstangsmikið og svaraði ekki kostnaði að vera að eltast við flesta hreppa sýslunnar um það.

Önnur brtt. er um það, að lögin öðlist þegar gildi, og það ákvæði er sett vegna þess, að nauðsyn ber til, að þegar verði byrjað á því að útrýma selnum.

Nú þarf jeg ekki að fjölyrða frekar um þessar brtt. hv. meiri hl. landbn. Jeg vona, að hv. þdm. sjái, að þetta mál er þannig í eðli sínu, að það er í raun og veru ekkert einsdæmi. Þegar verið er að auka tekjur af landinu, þá er ekki verið að gera það aðeins fyrir líðandi stund; það er miklu meira framtíðarmál en svo, að það sje aðeins þeim til góða, sem þá lifa, þegar breytingin er framkvæmd. Það má geta nærri, að fyrstu árin verður ekki mikil hlunninda-aukning fyrir útrýming selsins. Áin fellur í mörgum kvíslum til sjávar; víðsvegar um þessa ála heldur selurinn sig, og á hæstu eyrunum í ánni eru sellátur, og þeir menn, sem takast á hendur að útrýma selnum, þurfa að kaupa sjer nætur og hafa báta, og svo verða þeir að hafa skotvopn. Það þarf enginn að hyggja, að þessi útrýming taki aðeins nokkra daga, það má sjálfsagt búast við, að hún standi yfir 2—3 ár.

Eins og getið var um í greinargerð þessa frv., halda sig þarna að staðaldri á annað þúsund selir í ánni, og þar sem staðhættir eru svo sem jeg hefi nú lýst, þá segir það sig sjálft, hversu langan tíma þarf til að reka þennan veiðivarg í burtu. Hinsvegar má geta því nærri, að ekki náist nærri allur sá selur, sem þarna er drepinn; nokkuð næst í nætur, og jeg býst við, að ádrættinum mætti haga þannig, að reyna að flæma hann niður eftir ánni til sjávar. En ekki er hægt að gera ráð fyrir því, að þeir menn, sem takast þetta á hendur, beri nokkuð verulegt úr býtum, upp í þann kostnað, sem þeir hafa, því að minst af þeim sel, sem drepinn verður, næst. En það er auðsætt, að með mikilli elju og

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

ástundun má takast að flæma hann í burtu úr ánni.

Eins og grg. ber með sjer, eru aðeins nokkrir menn, sem hafa not af selveiði. Er að vísu ekki hægt að kalla að þau not sjeu mikil, en þó dregur nokkuð um þau. Nú er einnig svo um laxveiði í ánni, að fáir veiða, svo að nokkru nemi. Er hugsunin sú, að sömu mennirnir hafi forgöngu í útrýmingu selsins. Leiðir af því býsna mikinn kostnað fyrir þá. Þess vegna álítum við flm. þrír, og meiri hl. hv. nefndar, að sanngirnismál sje, að landið taki þátt í að greiða bætur að helmingi, á móti þeim, sem laxveiðahlunninda njóta, til þeirra, sem tekjur missa af selveiði í ánni.

Ef um lítinn kostnað væri að ræða og tekjur kæmu á móti, þá væri ekki að því að finna, þótt bændur yrði að greiða þessar bætur einir. En nú er svo ástatt sem sagt hefir verið, og því finst mjer of mikil smámunasemi lýsa sjer í því, að hafa á móti því, að varið sje nokkrum hundruðum króna í þessu skyni, ekki síst, þegar svo er ákveðið í frv., að bæturnar fari þverrandi eftir því sem laxveiði eykst, og falli með öllu niður, er hún nemur jafnmiklu og tapið af útrýmingu selsins nemur fyrir þá, er veiðinot höfðu af honum.

Mjer finst því öll sanngirni mæla með því að þessum tilmælum verði sint. En í þeirri afstöðu, er Alþingi tekur til þessa máls, felst meira en út lítur fyrir í fljótu bragði. Það getur verið góður prófsteinn um það, hvernig hv. deild lítur á umbótamál sem þessi. Það er ekki svo að skilja, að ef hv. þdm. vilja ekki votta máli þessu neinn skilning, þá er jeg ekki að knjekrjúpa þeim. Jeg geri ráð fyrir, að bændur geti komist af án þessarar hjálpar. En yfirleitt má telja það Alþingi til minkunar, hve seint hafa komist fram umbætur á löggjöf um hlunnindaaukningu og veiðimál, og hve skilningur á þeim málum hefir verið lítill. Í þessu eru aðalatriði þessa máls fólgin.

Jeg verð að segja það gagnvart brtt. hv. 2. þm. Eyf., að mjer þykir miður, að hann skyldi bera slíka till. fram, og ekki mundi jeg hafa lagst á móti honum í slíku máli sem þessu.

Það er ekki nokkur vafi, að hjer er að ræða um hagsmunamál, sem getur oltið á tugum þúsunda, þegar fram í sækir. Jeg vona, að hv. 2. þm. Eyf. sje svo kunnugur viðskiftum laxa og sela, að hann geti gert sjer í hugarlund, hve mikið af laxi muni sleppa upp eftir ánni, þar sem önnur eins selahjörð hefst við í árósunum.

Jeg mun láta þetta nægja að sinni og leggja málið undir manndóm hv. deildar.

Einar Jónsson:* Jeg vil lýsa yfir því, að samkomulag varð um þetta mál í nefndinni, og sá jeg ekki ástæðu til að setja mig upp á móti frv. En jeg skal játa það, að mjer var ekki kunnugt um brtt. hv. 2. þm. Eyf. fyr en nú. En af því að jeg tel hana miða í rjetta átt, og af því að hv. flm. hennar var svo miklum mun stuttorðari en hv. frsm., sem teygði lopann fram úr öllu hófi, mun jeg fremur fylgja brtt. á þskj. 496, heldur en frv. sjálfu. Það er á engan hátt af því að jeg vilji gera frv. ilt, heldur af því að hv. flm. hefir

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

sjálfur spilt fyrir frv. með langloku sinni.

Bernharð Stefánsson: Jeg vil ekki deila við hv. frsm. um þetta mál. En mjer fanst það koma úr hörðustu átt, er hann fór að tala um smámunasemi í sambandi við það. Því ef það eru ekki smámunir, sem hv. frsm. er að berjast fyrir í þessu máli, þá veit jeg ekki hvað eru smámunir.

Til að rjettlæta þessa beiðni um ríkissjóðsstyrk, tók hv. frsm. það fram, að fyrst um sinn yrðu litlar nytjar af þessari ráðstöfun, fyrir laxveiði-eigendur. En svo má segja um ótal margt fleira, sem gert er til umbóta, og fara menn þó ekki fram á borgun úr ríkissjóði fyrir hvert smáræði. Hann taldi útrýmingu selsins stórvirki, sem þyrfti að borga mönnum fyrir að framkvæma, en síðar lýsti hann því með mörgum orðum, hve mikill selaher væri í árósunum, svo að þótt eitthvað tapaðist, þá skil jeg ekki í öðru en að töluverðar tekjur yrðu af þessu seladrápi, svo að eigi þyrfti að borga mönnum sjerstaklega fyrir það. Víðast hvar mundi það vera svo, ef mönnum væri hleypt í selalátur og mættu drepa þar selinn eftir vild, að flestir vildu fremur greiða eitthvað fyrir þau rjettindi en hið gagnstæða.

Eftir því sem fram hefir komið, eru eigi nema fáir menn, sem missa nytjar af selveiði við frv. þetta, og ætti því ekki að geta verið um háar skaðabætur að ræða. En ef ástæða þykir til, að hið opinbera láti fje af höndum í þessu skyni, þá ætti það að vera sýslusjóður, sem gerði það.

Hv. frsm. kvaðst hissa á, að mjer fyndist málið svo mikilsvert, að jeg kæmi fram með brtt. við það. Jeg tók nú einmitt fram, að mjer fyndist það ekki mikilsvert, og sama segi jeg enn. En úr því að jeg var í nefndinni, lagði jeg blátt áfram það til, sem mjer fanst rjettast. Jeg get svo sem þolað, að ríkið borgi þennan kostnað, en mjer finst það óþarfi. Hv. frsm. kvaðst ekki mundi vera á móti Eyfirðingum í slíku máli sem þessu. Jeg þykist nú hafa sýnt það í hinum stærri málum, að jeg er ekki óvinur Árnessýslu. Jeg hefi greitt atkv. með miklu stærri fjárframlögum en þessu til Árnessýslu, en einmitt af því að mjer finst hjer vera um óþarfa að ræða, og smásmuglegt er að fara fram á tillag úr ríkissjóði í þessu skyni, hefi jeg flutt þessa tillögu. Ekki var farið fram á bætur úr ríkissjóði fyrir Nikulásarker, og flutti þó hv. frsm. till. um að friða það.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):* Það græðist nú víst lítið á frekari umræðum um þetta mál. En hv. 2. þm. Eyf. hefði átt að nefna, hver kostnaðurinn yrði fyrir ríkissjóð. Það er vitanlega altaf hægt að kasta svona fram, en jeg álít ekki ástæðu fyrir hann að leggjast á móti málinu, nema um töluverðan kostnað væri að ræða. Það er ekki meiningin, að menn fái neitt fyrir að útrýma selnum, heldur aðeins það, að greiddar sjeu hálfar bætur til manna þeirra, sem missa hjer frambúðar selveiði, en þó eigi lengur en á meðan laxveiði er að aukast til jafns við það tjón, er af seladrápinu leiðir (**BSt:** Nál. gerir ráð fyrir, að bætur sjeu greiddar þeim, sem drepa selinn). Þá hefir hv. þm. ekki lesið nál.

---

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

Jeg þarf ekki að svara hv. 1. þm. Rang. En ef honum hefði verið ant um þingmannsheiður sinn, hefði hann átt að bera fram aðra ástæðu en hann gerði, fyrir því að vera á móti frv., og ekki átt að láta saklausa menn gjalda mín, ef jeg hefi eitthvað af mjer brotið í hans augum. Ef prósentutala yrði tekin af mínum ræðum og hans, geri jeg ráð fyrir, að hans tala yrði fult eins há.

Sveinn Ólafsson: * Hv. 2. þm. Eyf. hefir að vísu tekið það fram, er jeg vildi sagt hafa um þetta mál, en ræðu hans og till. hefir verið mótmælt af hv. frsm. Því er sem sagt haldið fram í sambandi við þetta mál, að nauðsynlegt sje, að ríkissjóður hlaupi undir bagga, meðal annars af því, að töluverður kostnaður stafi af útrýmingu selsins. Jeg vil árjetta það, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði. Jeg mundi heldur vilja láta telja hlunnindi, að m e g a útrýma selnum, en að rjett væri að krefjast borgunar fyrir það. Jeg þekki ekki svo fá selalátur, þar sem sel hefir verið útrýmt, og aldrei hefir komið til mála, að menn hafi krafist nokkurra bóta, og því er vissulega ekki fremur nauðsyn á því hjer. Jeg tel því till. hv. 2. þm. Eyf. alveg rjettmæta og mun fylgja henni.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson):* Það var nú svo sem auðvitað, að hv. fyrri þm. S.-M. mundi taka svona í þetta mál. Það var nú hægt að segja sjer fyrirfram. (SE: Er klofningur í flokknum?!) Það sjá nú allir, hve skynsamlegt það er, að jafna útrýmingu sels í selalátrum með ströndum fram við útrýmingu selsins í Ölfusá. Þetta er nú svo ljóst mál, að um það þarf ekki frekar að ræða. Annars er mjer sama, hvoru megin atkv. hv. 1. þm. S.-M. liggur í þessu máli. Maður þekkir nú höfðingslund þessara manna, þegar ekki er um þeirra eigið kjördæmi að ræða. Jeg ætla ekki að leggjast svo lágt, að biðja menn liðsinnis. Menn mega gjarnan sýna skilning sinn á málinu. Það er nú fríð fylking, sem komin er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 496, I samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, EJ, HSt, HJ, HG, IngB, MJ.

nei: SE, BÁ, GunnS, HK, JÓl, JörB. LH, BSv.

Níu þm. (HjV, JJós, JS, JAJ, MG, MT, ÓTh, PO, TrÞ) fjarstaddir.

Brtt. 432, 1 a—b sjálffallin.

2. gr. þar með ákveðin.

Brtt 496, II samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 432, 2 samþ. með 15:1 atkv.

6. gr. þar með ákveðin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 21. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 531, 533).

Jörundur Brynjólfsson:* Jeg á smá-

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

brtt. á þskj. 533, sem jeg vona að hv. deild geti fallist á. Önnur er þess efnis, að skaðabætur fyrir selalátur verði metnar í eitt skifti fyrir öll. Hin er á þá leið, að minni veiði en 50 laxar verði eigi gjaldskyld til bóta fyrir selveiðimissi. Það yrði svo mikill eltingaleikur, ef jafna ætti niður á alla, sem veiða, hversu lítið sem það væri, að það mundi ekki svara kostnaði.

Þetta vona jeg, að hv. deild geti fallist á.

ATKVGR.

Brtt. 533, a samþ. með 16:6 atkv.

— 533, b samþ. með 15:6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 54. fundi í Ed., 22. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 547).

Á 55. fundi í Ed., 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Skemtanaskattur og þjóðleikhús.

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við lög nr. 56, 31. maí 1927, um skemtanaskatt og þjóðleikhús (þmfrv., A. 348).

Á 39. og 40. fundi í Nd., 5. og 6. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Jón Auðunn Jónsson: Af því að hv. aðalflm. þessa frv. (JörB) er ekki viðstaddur, skal jeg geta þess fyrir hönd okkar flm., að okkur þykir ekki ótilhlýðilegt, að fje þjóðleikhússjóðsins sje varið til einhverra menningarþarfa, á meðan ekki þykir fært að ráðast í byggingu leikhússins. Nú stendur svo á, að ríkið vantar fje til útvarpsins, og teljum við, að sjóðurinn sje ekki annarsstaðar betur ávaxtaður en í því ágæta og nauðsynlega fyrirtæki. Jeg vænti þess, að allir hv. þm. sje á einu máli um það, að ógerlegt sje að byrja á þjóðleikhúsinu, fyr en nægilegt fje er fyrir hendi til að reisa það. Rekstrarkostnaður þess verður áreiðanlega svo mikill, að ríkið mun eiga nóg með hann, þó að eigi bætist þar við meiri eða minni hluti stofnkostnaðar. Teljum við flm. því rjett, að ríkið fái umráð sjóðsins, þangað til hann er orðinn nógu stór

til að standa straum af byggingunni. Þykist jeg eigi þurfa að skýra frekar ástæður frv. en leyfi mjer að leggja til, að því verði, að umr. lokinni, vísað til hv. mentmn.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get sagt það, að mjer þykir vænt um þetta frv. að því leyti, að það sýnir áhuga hv. flm. fyrir því, að útvarpsmálinu geti orðið hrundið í framkvæmd sem fyrst. Frv. ber vott um, að menn skilja, hvílíkt menningarmál útvarpið er. Og það er mjög gleðilegt, að jafnframt því sem stjórninni er gefin heimild til að stofna og starfrækja útvarpsstöð, komi fram viðleitni til þess að afla fjár til hennar. Að því leyti sem frv. ber vitni um slíka viðleitni, hefi jeg ekki annað en gott um það að segja. Hinsvegar vildi jeg skjóta því til þeirrar hv. nefndar, sem þetta frv. fær til umræðu, hvort hjer sje ekki um of blandað saman tveim málum, þjóðleikhúsmálinu og útvarpsmálinu. Jeg er hræddur um, að hjer sje aðeins tjaldað til einnar nætur fyrir útvarpið, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að fje sjóðsins sje varið í þess þarfir lengur en þangað til þjóðleikhúsið þarf á því að halda. Sjóðnum ræður líka sjerstök stjórn, og það er á hennar valdi að ákveða, hvenær byrjað verði á framkvæmdum. Þetta vildi jeg einnig að hv. nefnd athugaði.

Jeg vil loks geta þess, að mjer virðist rjett, að frv. sje vísað til fjárhagsnefndar. Það er í rauninni hreint fjárhagsatriði, hvernig fjárins skuli aflað til útvarpsins. Sjálft útvarpsmálið hefir verið fengið annari nefnd til meðferðar, eins og rjett var. En hjer er eingöngu um fjárhagshlið þess að ræða, og því á frv. heima í sömu nefnd og önnur fjárhagsmál.

Sigurður Eggerz: Jeg hygg, að mjer sje óhætt að fullyrða það, að ýmsum þeim mönnum, sem eru vinir þjóðleikhússins, standi stuggur af þessu frv. Þeir óttast það, að svo geti farið, að ef farið er á annað borð að lána fje þjóðleikhússjóðsins til þess að reka ríkisútvarp, yrðu seinar heimtur á því aftur. Gæti það orðið til þess, að bygging þjóðleikhússins drægist lengur en æskilegt væri og nú er ætlast til. Mjer er kunnugt um, að stjórn sjóðsins hefir jafnvel haft í hyggju að byrja á byggingunni þegar næsta sumar. Jeg tek því alveg undir þau ummæli hæstv. forsrh., að hjer mundi vera tjaldað til einnar nætur. Og jeg held, að það sje óhyggilegt, að byggja framtíð útvarpsins á slíku bráðabirgðaláni sem þjóðleikhússjóðurinn yrði, þ. e. a. s., ef ekki á að tefja byggingu leikhússins óhæfilega lengi. Það er hreint ekki rjett, að byggja svo mikið menningarmál sem útvarpið er, á svo óstöðugum fjárhagsgrundvelli.

Hæstv. forsrh. tók það alveg rjettilega fram, að taka þyrfti til athugunar, á hvern hátt yrði aflað fjár til ríkisútvarpsins. Þess vegna styð jeg þá tillögu hans, að frv. sje vísað til fjhn. Sú nefnd mundi þá, jafnframt því, sem hún tekur afstöðu til frv., reyna að athuga, hverjar leiðir sjeu færar til að fá það fje, sem með þarf. Þó að jeg sje sjálfur í fjhn., vil jeg eigi mæla hana undan þeirri fyrirhöfn, sem hún kann að hafa af þessu, en vil fyrir mitt leyti reyna að styðja

hæstv. forsrh. í því, að leita nýrra leiða til fjáröflunar.

Jeg vil svo að endingu vara hv. deild við því, að fara nú að samþykkja frv., því að margra áliti er það beinlínis banatilræði við þjóðleikhúsmálið. Byggingu leikhússins á að hefja undir eins og fje er fyrir hendi til þess. Það verður að finna annað ráð til þess að afla fjár til útvarpsins. Alþingi er ekki sæmandi að byggja annað eins framtíðar menningarfyrirtæki á bráðabirgðaláni.

Gunnar Sigurðsson: Jeg er einn af flm. þessa frv., og ber það helst til, að jeg var sá maður í allshn., sem ákveðnast hjelt því fram, að byrja ætti nú þegar á útvarpinu. Það sýnir sig hvarvetna í heiminum, þar sem menn eru farnir að kynnast útvarpi, hve bráðnauðsynlegt menningartæki það er og að notendafjöldinn fer hraðvaxandi. Nýlega las jeg grein í þýsku blaði, þar sem skýrt er frá útvarpsmálunum þar í landi. Og útbreiðsluna má marka af því, sem þar segir, að 1924 voru notendur útvarpsins aðeins 1500, en nú eru þeir fullar 2 milj. Jeg skýrði frá því í framsöguræðu minni, hve fljótt milliþinganefndin hefði álitið, að notkunin mundi aukast hjer, og jeg ætla, að svo muni fara. En til þess þarf að vekja athygli almennings á nauðsyn málsins og gera mönnum sem ljettast fyrir að afla tækjanna. Þetta vil jeg sjerstaklega undirstrika fyrir hönd bændanna. Þeir geta áreiðanlega haft mikinn beinan hagnað af útvarpinu, ef nokkuð er á annað borð að marka fregnir frá veðurstofunni. Það er t. d. ekki lítils virði í óþurkatíð að vita, hvernig viðra muni næsta dag.

Jeg er ekki eins hræddur og hv. þm. Dal. um, að sú ráðstöfun, sem frv. fer fram á, muni tefja byggingu þjóðleikhússins. Engin ástæða er til að byrja á henni fyr en fje er nægilegt fyrir hendi. Og það er ekki nú sem stendur. Auk þess er það ómótmælanlegt, að útvarpið kemur öllum landslýð, og þá sjerstaklega sveitunum, að meiri notum en leikhúsið. Og það þolir enga bið. En þjóðleikhúsið þolir bið. Hinsvegar mætti semja svo við stjórn þjóðleikhússjóðsins, að lánið skyldi endurgreiðast innan ákveðins tíma, t. d. 2—3 ára. Væri þá sjeð um það, að fjenu yrði eigi haldið svo lengi, að þjóðleikhússmálið biði skaða af.

Hvað sem öðru líður, tel jeg, að gera verði það ítrasta til þess að útvarpinu verði þegar í stað hrundið í framkvæmd. Og jeg skal taka það skýrt fram, að ef til þess kæmi, að jeg tæki frv. aftur fyrir mitt leyti, væri það með því skilorði einu, að eg fengi ákveðið heit hæstv. forsrh. um það, að ríkið skyldi samt hefja rekstur útvarpsins þegar í stað. Og jeg æski svars hæstv. stjórnar um það, hvernig hún lítur á þetta mál, fjáröflunina til útvarpsins.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg tek undir það með hv. 2. þm. Rang., að aðalatriði þessa máls er að hrinda útvarpinu í framkvæmd. Jeg er honum einnig sammála um, að það sje mikið menningaratriði. En þjóðleikhúsmálið er einnig menningaratriði. Það er því verið að taka fje frá einu menningarfyrirtæki og veita það til annars. Og

þar sem svo stendur á, að hjer eru tvær menningarstofnanir, sem kljást, fæ jeg ekki annað sjeð en að frv. eigi heima í mentmn. Og fyrst einn af fjárhagsnefndarmönnum hefir verið að seilast eftir því í þá nefnd, held jeg, að ekki sje athugavert, þó að jeg mælist til þess, að því sje vísað til mentmn. Jeg hygg, að fullar líkur sjeu til þess, að sú nefnd muni líta á nauðsyn beggja hinna merku mála, sem gera á upp á milli.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla ekki að blanda mjer í deilurnar um þetta frv., en aðeins geta þess, að jeg er sammála þeim hv. þm., sem síðast talaði um það, að eftir efni frv. beri að vísa því til mentmn. Þó geri jeg það ekki að kappsmáli, til hvorrar nefndarinnar því verður vísað. En út af ummælum hæstv. forsrh. og hv. þm. Dal. um það, að fjhn. mundi telja það skyldu sína að benda á leiðir til að afla fjár handa útvarpinu, vil jeg taka það fram, að þó að þessu máli yrði vísað til fjhn., þá hygg jeg, að hún mundi aðeins láta uppi álit sitt um það frv., sem hjer liggur fyrir. Jeg sje eigi ástæðu til þess að nefndin fari að ganga fram fyrir skjöldu stjórnarinnar um að afla fjár til útvarpsins, þar sem stjórnin hefir borið fram frv. um ríkisrekstur útvarpsins, og er því skyldast að sjá úrræðin til fjáröflunar. Hinsvegar mundi nefndin eigi skorast undan að athuga þetta, ef hæstv. stjórn eða hv. deild fæli henni það sjerstaklega, á venjulegan hátt.

Jón Auðunn Jónsson: Eins og jeg tók fram í minni fyrri ræðu, vakir það fyrir okkur flm. frv. að benda á leið til að hrinda útvarpinu sem fyrst í framkvæmd. Og jeg get ekki sjeð, að tillaga okkar geti með nokkru móti hindrað framgang þjóðleikhúsmálsins. Vitanlega er það ekki nema eðlilegt og þarf engum að koma á óvart, þó að stjórn sjóðsins leggist á móti þessu. En jeg held, að það sje nokkuð fljótráðið af henni, ef hún ætlar sjer að byrja á byggingunni nú þegar, en geri þó ekki ráð fyrir, að henni verði lokið fyr en 1932. Svo langur tími er alveg óþarfur. Þess er líka að gæta, að það er yfirleitt ætlun manna, að dýrtíðin muni fremur fara lækkandi en hitt, og hefir sjóðurinn skaða af, að þegar sje byrjað, ef byggingarefni, verkakaup o. þvíl. fer lækkandi. Jeg held því, að þetta tal stjórnarinnar um að byggja nú þegar, sje að mestu fyrirsláttur, í því skyni að fæla Alþingi frá að samþykkja frv.

Því verður ekki neitað, að tekna þjóðleikhússins er aflað frá þjóðinni allri. En hinsvegar fer því fjarri, að leikhúsið geti orðið almenningi til beinna nota. Jeg ætla mjer eigi að fara að vekja hjer upp gamlar deilur. En þó þykir mjer ekki ótilhlýðilegt að rifja það upp, að þegar lögin voru samþ. um skemtanaskatt og þjóðleikhús, voru ýmsar bæjarstjórnir áður búnar að ráðstafa á annan hátt fje því, sem með lögunum var lagt til þjóðleikhússjóðsins. Svo var a. m. k. vestra. Og stjórn sjóðsins ætti að sjá, að það eru ekki nema hæfilegar sárabætur, þó að almenningur fái nú að njóta fjárins um stund, meðan ekki þarf á því að halda í hinum upphaflega tilgangi. Ekki ber að skilja frv. á þá leið, að við flm. viljum taka fram

fyrir hendur stjórnarinnar um það, á hvern hátt hún aflar fjár til útvarpsins. En okkur finst liggja ákaflega beint við, að taka til þess fjár, sem þarna er ónotað. Ótti sjóðstjórnarinnar um, að ríkið muni eigi greiða fjeð af höndum aftur, fyrst um sinn, er ástæðulaus. Frv. tekur það einmitt fram, að sjóðnum skuli skilað, þegar með þarf, en við flm. álítum ekki gerlegt að byrja á byggingu þjóðleikhússins fyr en sjóðurinn er orðinn a. m. k. hálf milj. kr. Sennilega verður það dýrara en svo, og yrði framlag ríkisins nokkuð mikið, ef fyr væri af stað farið.

Loks skal jeg endurtaka tilmæli mín um að frv. verði vísað til mentmn. Jeg ætla, að þar eigi það heima og ekki annarsstaðar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. Rang. þarf jeg eigi öðru að svara, en að vísa til fyrri ummæla minna um fjársöfnun til útvarpsins. En það gleður mig stórlega, hve ríkur og almennur áhugi kemur fram á því, að hrinda málinu í framkvæmd. Jeg geri nefndina ekki að neinu kappsmáli. En aðalatriðið er vitanlega að afla fjárins, og því þykir mjer rjettast, að frv. fari til fjhn. Jeg hefi átt tal um þetta við hv. aðalflm. frv., og taldi hann rjett, að því væri vísað til hennar.

Sigurður Eggerz: Jeg vil enn leggja áherslu á það, og beina því sjerstaklega til allra þeirra, sem bera þjóðleikhúsið fyrir brjósti, að ef þetta fje verður á annað borð tekið til þess að reka útvarpið, er hætt við, að haldið verði áfram að leggja hömlur á framkvæmdir í leikhúsmálinu. Fyrsta hamlan er lögð, þegar í þessu frv., þar sem ákveðið er, að byggingin skuli eigi hafin, fyr en sjóðurinn er orðinn hálf milj. kr. Hver veit, nema takmarkið verði, að nokkrum tíma liðnum, fært upp í 1 milj. Mætti þá svo fara, að byggingu leikhússins yrði þá skotið á frest, hver veit hve lengi, sjerstaklega, ef fjárhagur ríkissjóðs yrði erfiður.

Þó að leiðinlegt sje að endurtaka orð sín, verð jeg að segja það aftur, að mjer finst alveg ófært að stofna til útvarpsins með bráðabirgðaláni. Hv. þm. N.-Ísf. talaði um, að skila ætti sjóðnum aftur eftir 2—3 ár. En hvaða gagn er ríkinu að fá fjeð til umráða svo stuttan tíma? Hjer er um tvent að ræða. Annaðhvort dregst greiðslan lengur en má, eða útvarpsmálinu er í rauninni engu betur komið, fjárhagslega, þó að frv. verði samþ. — Hv. þm. V.-Ísf. hjelt því fram, að frv. ætti fremur heima í mentmn. en fjhn. Það situr illa á okkur að deila um þetta. En þeim þætti útvarpsmálins, sem talist getur menningarmál, er lokið, þegar frv. um útvarpið er samþ. Mentmn. hefir ekkert að gera með málið. Það er enginn ágreiningur í deildinni um nauðsyn útvarpsins, og ekki heldur um nauðsyn þjóðleikhúss. En það þarf að finna ráð til að afla fjár þess, er byggja má útvarpið á. En slík mál heyra fjhn. til. Jeg hlýt að mæla með því, að málið sje sent þangað, enda þótt jeg sje í nefndinni. Mentamálastarfinu er lokið, fjárhagsatriðið er eftir.

Gunnar Sigurðsson: Hæstv. forsrh. tók vinsamlega í það, að útvega fje til

stofnunar útvarpsstöðvar, ef frv. þetta yrði felt. Fyrir mjer og öðrum flm. er það auðvitað aðalatriðið, að fjeð fáist. En hvaða ágóði er þá í því, að fella frv.? Þá stöndum við ráðlausari eftir en áður, ef ekki tekst að útvega fjeð. Og þangað til hæstv. stjórn hefir bent á ráð til að útvega fje, verð jeg að halda fast við þetta frv.

Jeg geri lítið úr þeim röksemdum, sem hafa verið fram bornar móti frv. Þjóðleikhússjóðinn á aðeins að taka til bráðabirgða. Jeg benti á það í fyrri ræðu minni, og eins hv. þm. N.-Ísf., að það er langt frá því að vera heppilegt að byrja á byggingu þjóðleikhússins sem fyrst, og áður en nægjanlegt fje er fyrir hendi. Þvert á móti er útlit fyrir, að byggingarkostnaður lækki fremur en hækki. Fje það, sem lagt er í hálfgerða byggingu, gefur heldur enga vexti. Þingið hefir líka gert ráð fyrir því áður, að á byggingu leikhússins yrði ekki byrjað, fyr en nægjanlegt fje væri fyrir hendi.

Bjarni Ásgeirsson: Það, sem kom mjer til að flytja frv. þetta, var það, að ýmsar raddir heyrast, sem taka dræmt í það, að hægt sje að koma á þessu þjóðþrifafyrirtæki, víðvarpinu, vegna fjárskorts. Og ýmsir hafa haldið því fram, að ekki væri vert að leggja neitt að sjer til að koma því á stofn. En við flm. lítum svo á, að þetta sje svo mikilsvert mál, að það þoli enga bið. Þá komum við auga á þetta fje, sem liggur ónotað, og á að liggja ónotað enn um nokkur ár. Því þess verður að minsta kosti að krefjast, að nægjanlegt fje til að koma upp leikhúsi sje í sjóði, þegar byrjað verður á byggingunni. Rekstrarhalli verður áreiðanlega nægjanlegur, þótt ekki bætist þar við þungur baggi afborganna og vaxta. Þess vegna viljum við nota fjeð til bráðabirgða í svipuðu skyni, taka það til styrktar fyrirtæki, sem ekki má fresta. Auk þess er sameining þessara tveggja mála að mörgu leyti æskileg. Þjóðleikhússins sjálfs getur aldrei nema lítill hluti þjóðarinnar notið. En með öflugu víðvarpi er fundin leið til að öll þjóðin geti notið þjóðleikhússins að nokkru leyti. Í Danmörku er nú uppi sterk hreyfing fyrir slíku sambandi. Það má gera ráð fyrir, að svipað samband komist á hjer milli leikhússins og víðvarpsins, þegar stundir líða, og er þá vel til fallið, að þjóðleikhússjóðurinn sje notaður til að styrkja það í byrjun. Að sjálfsögðu yrðu þetta þó tvær sjálfstæðar stofnanir, víðvarpið og leikhúsið. Væri þó ekki nema sanngjarnt, að víðvarpsnotendur gyldu eitthvað til leikhússins, fyrir það, sem þeir nytu þaðan, og mundi víðvarpið þannig styrkja þjóðleikhúsið stórlega, þegar það kæmist á laggirnar. Hv. þm. Dal. sagði, að það væri óhyggilegt að stofna framtíð víðvarpsins á bráðabirgðaláni. En það eru einmitt bráðabirgðaörðugleikar, sem standa fyrir, og bráðabirgðahjálp, sem þarf. Fjeð fæst greiðast með þessu móti, og áður en til þess þarf að taka til leikhússins, mun verða hægt að útvega víðvarpinu rekstrarfje í staðinn. Jeg vil taka undir það, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að óhyggilegt er að festa fje í byggingu, sem á að standa yfir í mörg ár. Úr því að fjeð er komið í bygginguna, gefur það ekki vexti, og telja má víst, að byggingarkostnaður lækki fremur en hækki. Það er því fjarri því, að

verið sje að bregða fæti fyrir leikhúsið, þótt ákveðið sje, að sjóðurinn sje hafður á vöxtum, þar til hann er orðinn nógu efldur til að standast allan byggingarkostnaðinn. En þegar víðvarpið er komið á rekspöl, verður það hinsvegar til að ljetta undir með þjóðleikhúsinu.

Sigurður Eggerz: Það er einungis stutt athugasemd. Jeg vil aðeins leyfa mjer að benda á þá örðugleika, sem framþróun leiklistarinnar hjer á landi hefir átt við að stríða. Þrátt fyrir ótrúlegan dugnað og áhuga þeirra manna, sem við leiklist hafa fengist, hafa örðugleikarnir reynst svo miklir, að stundum hefir víst legið við, að leggja yrði árar í bát. Jeg efast um, að það sje holt fyrir menningu þjóðarinnar, að tekið sje svo hörðum tökum og kuldalegum á leikhúsmálinu. Jeg er hræddur um, að þessi leiklistarfrjóangi fari forgörðum. Mjer finst ekki gæta nægilegs skilnings í umræðunum, á þýðingu leiklistarinnar fyrir menningu þjóðarinnar. Mörgum mönnum finst, að hraða þurfi byggingunni sem mest, og að með þessu frv. sjeu óheppilegar hömlur lagðar á málið. Jeg er einn í hópi þessara manna. Ef leiklistin nær að þroskast hjer, svo að skapist möguleikar fyrir rithöfunda á því sviði — fyrir leikritaskáld — þá hefir það stórkostlega þýðingu fyrir menningarlíf þjóðarinnar; jafnvel meiri þýðingu heldur en útvarpið. En skilyrðin til þess eru, að hjer rísi upp leikhús. En þá munu líka rísa hjer upp leikritaskáld, sem skapa þau listaverk, er hafa gildi bæði í nútíð og framtíð. Hvað mikla þýðingu gæti það ekki haft fyrir þjóðina, ef hún eignaðist verulega gott háðskáld, sem gæti sýnt okkur í spegli bresti aldarfarsins? Hjer er sannarlega þörf á snjöllu háðskáldi. Slík skáld hafa meiri áhrif en margan grunar. En þetta er aðeins ein tegund listarinnar, sem þjóðleikhús mundi koma fótunum undir. Leikhúsið er grundvöllur þeirrar mest lifandi listar, sem til er. Þeir, sem nú vilja taka fje leikhússins og setja í útvarpið, munu verða illa undir það búnir, að greiða það, ef útvarpið ber sig illa. Og þótt það beri sig, má samt ekki búast við því, að það geti skilað fjenu fljótt aftur. Jeg vil biðja hv. þm. að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir með þessu fara að reyna að kippa fótunum undan þeim áhuga, sem liggur að baki þjóðleikhúsmálinu.

Gunnar Sigurðsson: Jeg vil einungis vísa þeim ummælum hv. þm. Dala á bug, að það sje af kulda til þjóðleikhússins, að þetta frv. er borið fram. Því fer fjarri. En útvarpið hefir þó enn meiri áhrif, nær til miklu fleiri manna en leikhúsið. Hann talaði um, hvað okkur væri nauðsynlegt að eignast háðskáld. En þá vil jeg benda á, hvað miklu meiri fjölda manna það næði til, með því að láta lesa rit sitt upp í útvarp, heldur en leika það á leiksviði. Þjóðverjar eyða árlega um 9 milj. marka til upplesturs í útvarp, á öllum sviðum bókmentanna; sýnir það, hversu notkun útvarps er tröllaukin þar, sem það er komið í tiskuhorf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv., og til mentm. með 15 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 2. apríl, utan dagskrár, mælti

Pjetur Ottesen: 8. mars sl. var vísað til mentmn. frv. til laga um viðauka við lög nr. 56, frá 31. maí 1927, um skemtanaskatt og þjóðleikhús. Þar sem nú er liðið nokkuð á 4. viku síðan þessu máli var vísað til nefndar, og ekki hefir bólað á neinni afgreiðslu, þá vildi jeg gera fyrirspurn um það, hvað málinu liði, og jafnframt beina þeirri till. til hæstv. forseta, að hann beitti sinni aðstöðu til þess, að mál þetta gæti komið sem fyrst á dagskrá.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg skal játa það á mig, að mjer er ekki sjerstakt áhugamál, að þetta frv. verði afgreitt; en ef þess er sjerstaklega óskað, skal jeg fyrir mitt leyti sem form. mentmn. sjá um, að nefndin afgr. frv.

Forseti (BSv): Mjer þykir gott að heyra þessar undirtektir formanns nefndarinnar, og vænti, að nefndin geti sem allra fyrst sent frá sjer álit sitt.

Á 69. fundi í Nd., 12. apríl, var útbýtt nál. mentmn., minni hl. á þskj. 750, og meiri hl. á þskj. 751. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Sala á spildu úr Kálfholtslandi.

Á 41. fundi í Nd., 7. mars, var útbýtt:
Frv. til l. um sölu á spildu úr prestssetursjörðinni Kálfholti (þmfrv., A. 403).

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbr. leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Flm. (Gunnar Sigurðsson): Svo stendur á þessu frv., að maður sá, sem æskir kaupanna, á hús við Þjórsárbrú og hefir hundrað ára samning um landspildu úr Kálfsholtslandi. Nú ætlar hann sjer að koma á rafveitu heima hjá sjer. En hann getur ekki fengið lán til hennar, nema hann hafi eignarheimild á einhverju landsvæði. Hann hefir lagt í það mikla vinnu að brjóta og rækta land það, sem hann nú hefir á leigu, og virðist eigi nema sanngjarnt, að hann njóti þess í því að fá landið keypt. Vænti jeg, að hv. deild sjái eigi ástæðu til að leggja stein í götu þessa máls, en leyfi mjer að fara fram á, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv., og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Forkaupsrjettur kaupstaða á hafnarmannvirkjum.

Á 5. fundi í Ed., 24. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (þmfrv., A. 45).

Á 7. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Í fyrra var þetta frv. samþ. hjer í háttv. Ed. og afgreitt til Nd.; þar var því vísað til ríkisstjórnarinnar.

Farið er fram á það í þessu frv. að veita kaupstöðum heimild til þess að áskilja sjer forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarfjelög nauðsynlega þurfa að eiga. Það liggur í augum uppi, að bæjarfjelagi er nauðsynlegt að hafa eignarumráð yfir eignum þeim, sem almenningur þarf að nota, eins og t. d. lendingarstaði o. s. frv., sem einstakir menn geta, ef í þeirra höndum er, haldið fyrir almenningi. Ætlast er til, að bæjarstjórnir geri sjálfar samþykt um þær eignir, er þær telja rjett að eiga forkaupsrjett að. Er tilætlunin, að ekki sje lengra gengið í þá átt en hæfilegt þykir. T. d. ekki gengið inn á þá braut, að leggja undir sig íbúðarhús o. s. frv., nema óhjákvæmilegt sje vegna legu þeirra. Það hefir komið fyrir, að seldar hafa verið eignir, sem sýnilegt var, að bæjarfjelagið átti að eiga. Þetta frv. á að fyrirbyggja, að slíkt komi fyrir.

Jeg býst við, að háttv. deild sje sama sinnis og í fyrra, og þykist því ekki þurfa að tala langt mál fyrir frv. Mjer þykir rjett, að því verði vísað til athugunar í nefnd, og þá til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv., og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 115 og 131).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg þarf ekki að vera langorður. Þetta mál er margrætt hjer á þingi, og var samþ. hjer í deildinni á síðasta þingi með yfirgnæfandi meiri hl. Þótt nokkrar breytingar hafi orðið hjer í deildinni síðan, held jeg, að eigi sje ástæða til að ætla, að deildin hafi skift um skoðun. Það, sem olli því, að nefndin klofnaði, var það, að hv. 3. landsk. var andvígur frv., líklega sökum stefnu þess, og vildi gera svo víðtækar breytingar á því, að þær mundu hafa gert tilgang frv. að engu. Því eru lögð fram tvö nál. um málið.

Frv. þetta, sem hjer liggur fyrir, fer fram á að tryggja kauptúnum og kaupstöðum yfirráð yfir landi og hafnarmannvirkjum, svo að íbúarnir megi hafa jafnan rjett og aðgang að þeim. Það kann að þykja langt gengið, að hús einstakra manna heyri hjer undir, en það er aðeins undantekningaratriði, þegar svo stendur á, að þau liggja að hafnarvirkjum eða eru þrándur í götu fyrir því, að hægt sje að nota þau.

Komið hefir fyrir, að land hefir verið selt undan bæjum einstökum mönnum, eins og síðast kom fyrir á Akureyri, þar sem kaupmaður einn náði kaupum á landi, sem útlendingar áttu þar.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg get tekið undir það, að ekki þýði að hafa langar umræður um þetta mál og get vísað til þess, er jeg sagði um það á síðasta þingi. Jeg tel, að frv. þetta, sem fer fram á, að bæjar- og

hreppsfjelög fái forkaupsrjett á eignum einstakra manna, gangi svo langt, að það geti ekki rjettlæst af neinu öðru en af stefnu flm. þess, sem vilja láta ríki eða bæjarfjelög eiga allar eignir. Frá því sjónarmiði er frv. fullkomlega eðlilegt.

Það er mín skoðun, að í gildandi hafnalögum sjeu nægileg ákvæði, sem tryggja bæjar- og hreppsfjelögum rjett til hafnarmannvirkja. En hvað sem um það er, get jeg á engan hátt fallist á, að bæjarfjelögum sje heimilaður forkaupsrjettur á hvaða húseignum, sem vera skal, innan bæjarfjelagsins, og á hvaða landi sem vera skal utan þess. Jeg sje ekki betur en að allir fasteignaeigendur standi í raun og veru rjettlausir og berskjaldaðir gagnvart hrepps- og bæjarfjelögum, ef frv. nær fram að ganga.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:6 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 7:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 45).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 8:4 atkv., og afgr. til Nd.

Á 23. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 45).
Á 25. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sveinn Ólafsson: Mjer finst tæpast eiga við, að þetta frv. gangi áfram umræðulaust. Það lá fyrir síðasta þingi og var því þá vísað til stjórnarinnar, við 3. umr., vegna galla, sem á því voru og eru, og ekki verður bætt úr, nema með því móti að breyta því að miklum mun.

Jeg býst við, að flestum háttv. deildarmönnum, er sæti áttu á síðasta þingi, sje í minni á hverju þetta mál strandaði þá. Það er augljóst, að frv. stangast við forkaupsrjettarlögin frá 1926 og getur ekki staðist samhliða þeim. Ef þetta frv. á að verða að lögum óbreytt, þarf að breyta lögunum frá 1926. Í þeim er forkaupsrjetturinn að löndum eða jörðum hjá börnum, kjörbörnum, fósturbörnum, systkinum og foreldrum seljandans; en að þeim frágengnum er forkaupsrjetturinn hjá ábúanda jarðarinnar, eða leigjanda. Í þriðja og síðasta lagi lendir hann til hreppsfjelagsins, að öllum fyrtöldum aðiljum frá gengnum.

Ef þetta frv. fer lengra en komið er, þá verður ekki hjá því komist að vísa því til nefndar til vendilegrar athugunar. Það hlýðir ekki, að láta forkaupsrjettarlögin frá 1926 standa óbreytt, ef á að fara að samþ. þetta frv. En jeg sje reyndar ekki neina ástæðu til, að það fari lengra en komið er.

Það getur vissulega oft að borið, að bæjarstjórnum eða hreppsnefndum sje nauðsyn á eignarumráðum hafnarmannvirkja, lóða eða landa, sem einstakir menn eiga. Þau eignarumráð hefir Alþingi oft veitt, samkvæmt stjórnarskránni, eftir eignarnámsheimildum í sjerstökum lögum, og er það óliku hyggilegra en sjálfdæmi bæjar-

stjórna eftir frv. Hafnarlög gefa líka sveita- og bæjarfjelögum rjett til þess að ná umráðum yfir hafnarmannvirkjum, með einföldum hætti, en í versta falli má altaf leita til Alþingis um eignarnámsheimild, og mun það aldrei daufheyrast við sanngirniskröfum aðilja, þegar nauðsyn kallar að.

Loks vil jeg svo leggja til, að málinu verði vísað til allshn., ef frv. flýtur gegnum þessa umr., sem jeg sje enga þörf á.

Hjeðinn Valdimarsson: Jeg vona, að hv. þdm. hafi þann skilning á frv., að það sje þess vert, að fara til nefndar og 2. umr. að minsta kosti. Mjer finst talsvert öðru máli að gegna í sveitahreppum um forkaupsrjett á jörðum þar, eða í kauptúnum og kaupstöðum, þar sem aðallegast yrði um að ræða lóðir, og þó ekki nema sjerstaklega standi á. En annars mun tækifæri gefast til þess að deila um efni frv. við 2. umr., og get jeg því sparað mjer að fara frekar út í það nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14: 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, HStef, HJ, HjV, IngB, LH, MT, SE, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, Bst, BÁ, JörB.

nei: EJ, HK, JAJ, JÓl, JS, ÓTh, PO, SvÓ.

Sex þm. (BSv, ÁÁ, HG, JJós, MG, MJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 22. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 45, n. 492 og 503).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Einkasala á síld.

Á 5. fundi í Ed., 24. jan., var útbýtt: **Frv. til l. um einkasölu á útfluttri síld og síldarafurðum** (þmfrv., A. 46).

Á 7. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það má segja, að þetta mál sje enginn nýr gestur hjer á þingi, því að á mörgum undanförnum árum hafa legið fyrir tillögur til að koma skipulagi á verslun og útflutning á saltaðri síld. Þó hefir enn ekki tekist að koma neinum þeim tillögum fram á Alþingi, er bætt geti það ástand, er síldarútvegurinn er sokkinn niður í.

Á Alþingi 1926 var, að tilstuðlan hinna helstu síldarútgerðarmanna, samþ. heimild ríkisstjórninni til handa um að veita fjelagi síldarútvegsmanna einkasölu á síld til útflutnings. En af fjelagsstofnun í þessu skyni hefir ekkert orðið, eftir því sem jeg veit best, enda held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að ríkisstjórnin hafi ekki á neinn hátt notað heimildarlögin enn sem komið er. Hvað valdið hefir því, að ríkisstj. hefir ekkert gert í þessu efni, skal ósagt látið, en hitt virðist þó ekki fjarri, að geta sjer til, að hún hafi ekki haft trú á þessu skipulagi í framkvæmdinni, enda mætti benda á, að þegar í upphafi, eða á þinginu 1926, sáu ýmsir þá ágalla, er verða mundu þessu máli að falli;

meðal annars var þá bent á, að erfitt mundi reynast í framkvæmdinni að stofna fjelagið og búa um það á tryggilegan hátt.

Með þessu frv. er farið fram á, að ríkið taki að sjer einkasölu á útfluttri síld og síldarafurðum, sem jeg fyrir mitt leyti hefi meiri trú á, heldur en að slík einkasala sje í höndum einstakra manna. Þetta fyrirkomulag, einkasala ríkisins, hefir marga kosti í mínum augum. Út á við mundu ekki rísa upp neinar deilur um það, þó að ríkið tæki að sjer slíka einkasölu, en hinsvegar mjög mikil hætta á, að erlend ríki mundu leggjast fast á móti því, að fjelag einstakra útgerðarmanna færi með einkasöluheimildina, eins og lögin frá 1926 ætlast til.

Þessi breyting er í mínum augum einn af aðalkostum frv. Því að það er mikilsvert, að slíkt fyrirtæki eins og síldareinkasalan standi þannig gagnvart erlendum ríkjum, að engin ástæða sje til þess, að gruna hana um hlutdrægni. Og svo er hinn kosturinn, að þá er ríkiseinkasalan hefir undir höndum alla síldarframleiðsluna, getur hún miðlað saltaðri síld á markaðinn eftir þörfum, og með því móti haldið verðinu uppi. En alt yrði þetta auðveldara, heldur en nú á sjer stað, á meðan leppmenskan þróast og heldur áfram, eins og reynsla undanfarandi ára hefir sýnt. Það má líka í þessu sambandi benda á, sem sjerstaka ástæðu fyrir því, að ríkið hafi síldareinkasölu með höndum, að það hefir verið álitið, af kunnugum mönnum, að síðastl. haust hefði verið hægt að selja meira til Rússlands en þessar 25 þús. síldartunnur, sem skrapað var saman; en þegar til átti að taka, var ekki um meiri síld að ræða í höndum innlendra manna, sem hægt var að selja á nýja markaði. Yfirráð útlendra manna yfir síldarframleiðslunni voru svona mikil. Það er líka vitanlegt, að útlendingar, sem stunda hjer veiði, vildu gjarnan sjálfir vera þeir, sem seldu Rússum, eða öðrum þar í Eystrasaltslöndunum, framleiðslu sína.

Nú hefir á undanförnum þingum, í þeim frv., sem legið hafa fyrir um sölu á síld, aðeins verið talað um salt- og kryddsíld. En það er ekki nema hálfnað verk. Því þó að ríkið taki í sínar hendur söluna, þá er ekki hægt að hafa hönd í bagga með, að hæfilega mikið sje saltað af síld í miklum aflaárum. Þess vegna álíta margir, sem við útgerð þessa fást, að mjög nauðsynlegt sje að taka síldarverksmiðjurnar undir einkasöluna.

Í frv. þessu er aðeins talað um verslun með síld og síldarafurðir, en af því að síldarverksmiðjumálið er undir rannsókn hæstv. ríkisstjórnar, þá er ekki lengra farið í þessu efni. Jeg geri líka ráð fyrir, að flestir hv. þdm. hafi hlýtt á hið mjög fróðlega erindi, sem hv. 3. landsk. (JÞ) flutti í gær, enda mun von á tillögum frá honum viðvíkjandi rekstri síldarverksmiðju á Norðurlandi. Annars vil jeg í áframhaldi af þessu frv. taka þegar fram, að mín skoðun er sú, að nauðsynlegt sje, að ríkið ætti einnig verksmiðjurnar. En á meðan það er ekki, verður óhjákvæmilegt, að samband sje á milli síldareinkasölu ríkisins og verksmiðjanna, svo að hægt sje að jafna á milli, þannig, að saltsíldarmarkaðurinn sje jafnan trygður, en að afgangurinn eða ónothæf síld til söltunar fari í verksmiðjurnar. Í aflaleysisárum, sem altaf koma við og við, verða verksmiðjurnar að standa

tómar, ef ekki aflast meira en saltað verður niður til þess að fullnægja markaðseftirspurninni. En gott verð á saltaðri síld á þá að bæta það tap upp, sem verður á verksmiðjunum.

Þó að frv. gangi ekki lengra nú en að taka aðeins til sölu síldar og síldarafurða, þá gæti jeg trúað, að seinna á þinginu, þegar fyrir liggur rannsókn síldarverksmiðjumálsins, að þá verði tekin afstaða til síldarverksmiðjanna yfir höfuð, og mætti þá bæta inn í frv. því, sem nauðsynlegt þætti. Annars get jeg minst á eitt atriði frv., sem jeg tel allmikilsvert, það er gjald það, 2%, sem leggja skal á síldina til þess að útvega nýja markaði, en jafnhliða því er gert ráð fyrir, að útflutningsgjald af síld falli niður. Með því að ríkið hafi fje til umráða í þessu skyni, er hægt að vinna að því, að koma síldinni inn á nýja markaði. Í því sambandi gæti einnig komið til greina að kaupa síld, sem send yrði hreint og beint ókeypis, sem sýnishorn, til þeirra staða eða landa, sem líklegt mætti telja, að hægt mundi að selja til, er stundir líða. Þetta mál er svo mikill þáttur í atvinnulífi okkar, að því verður ekki lengur skotið á frest, að koma á skipulagi, sem ekki aðeins snertir veiðina, heldur nái það einnig til verksmiðjanna og sölunnar. Það er svo mikið í húfi, ekki aðeins fyrir fjölda verkalýðs, heldur og alla aðra, sem nærri þessum útveg standa, að kosta verður kapps um, að hann fari sem best úr hendi.

Eins og gengið hefir að undanförnu, hafa Íslendingar haft bæði skaða og skömm af því, að fást við síldarútveg. Og er hart að þurfa að segja það, eins mikið og hægt væri að hafa upp úr þessum rekstri, ef honum væri hagkvæmlega stjórnað.

Jeg ætla ekki að þessu sinni að orðlengja frekar um málið, en mælist til, að hv. deild lofi frv. að ganga til 2. umr. og hv. sjútvn., til nánari athugunar.

Jón Þorláksson: Þetta frv. hefir legið fyrir þinginu áður, en verið þá felt. Og jeg sje enga ástæðu til að eyða tíma þingsins nú til þess að ræða það. Eins og þessum málum er nú komið, hefir ríkisstjórnin heimild samkv. lögum til að koma á skipulagi um síldarsöluna, og getur þá hvenær sem hennir þurfa þykir tekið til sinna ráða. Jeg mun því ekki greiða þessu frv. atkv. til 2. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Á síðasta þingi var svipað frv. þessu á ferðinni hjer í hv. deild. Jeg mun þá hafa greitt atkv. með því til 2. umr., en lengra náði fylgi mitt ekki. Eiginlega hefi jeg svipaða skoðun á þessu máli og hv. 3. landsk., að ríkisstjórnin hafi það í sinni hendi, samkv. heimildarlögunum frá 1926, að ákveða, hvernig fara skuli með sölu síldar. Jeg álít, að heppilegast mundi að nota heimildina, en vildi þó skjóta því til hv. sjútvn. að athuga, hvort ekki mundi betra að breyta að einhverju leyti lögunum frá 1926, heldur en að setja ný lög í þessu efni.

Flm. (Jón Baldvinsson): Háttv. 3. landsk. getur ekki sagt, að það sje óþarfi að ræða þetta mál, sem verið hefir eitthvert mesta vandamál á undanförnum þingum. Því að alt frá

1921 hafa útgerðarmenn og aðrir, sem nærri þessum útveg standa, lagt það til, að komið yrði með lögum skipulagi á þennan atvinnuveg. Í þessu skyni hafa útvegsmenn snúið sjer til þingsins hvað eftir annað, þótt lítinn árangur hafi borið.

Hv. 3. landsk. vísaði til núgildandi laga — heimildarinnar frá 1926 — þar sem ríkisstjórninni er heimilað að veita fjelagi útgerðarmanna leyfi til að taka að sjer einkasölu á síld. En jeg vil spyrja hann: Hvers vegna veitti hann ekki, eða hans stjórn, þetta leyfi, eða beitti sjer að einhverju leyti fyrir því, að slíkur fjelagsskapur kæmist á stofn, sem heimildarlögin gera ráð fyrir?

Þó að jeg væri vantrúaður á, að sú breyting mundi til bóta, hefði jeg þó kunnað því betur, að eitthvað hefði verið reynt, svo að ljóst yrði, á hvern hátt þyrfti að breyta lögunum frá 1926. Hefðu lögin reynst góð og hagkvæm í framkvæmdinni, hefði jeg vitanlega ekki borið fram frv. þetta. En að lögin hafa ekki enn komið til framkvæmda, þykir mjer líklegt að stafi af ýmsum þeim ágöllum, er bent hefir verið á, að gera mundu vart við sig, er á reyndi.

Jeg get látið mjer nægja að svara hæstv. dómsmrh. þessu sama. Hann álítur, eins og hv. 3. landsk., að óþarft sje að setja lög um þetta efni, og að heimildarlögin frá 1926 dugi. Því undarlegra er þetta, þegar þess er gætt, að vegna skipulagsleysis á þessu sviði er nú alment viðurkent, að síldarútvegurinn sje í kaldakolum. Og svo litla trú hafa bankarnir á þessum rekstri, að mjer er sagt, að bankastjórarnir virði ekki þá menn svars, eða reki þá blátt áfram út, sem minnast á að fá lán til þess að gera út á síld.

En þó er sú hliðin kanske alvarlegust á þessu máli, að verkalýðurinn fær lítið eða ekkert kaup fyrir vinnu sína. Það skiftir nú tugum þúsunda, sem norðlenskir verkamenn eiga hjá síldarútvegsmönnum, sem tapað hafa ógrynnum fjár á þessu skipulagsleysi, sem lýst hefir sjer í „frjálsu samkeppninni“ um síldarframleiðsluna. Jeg sje því ekki betur en að rök hæstv. dómsmrh. og hv. 3. landsk. sjeu einskis virði og báðir sjeu í sameiningu að vinna að því, að þessi útvegur haldist áfram í sömu óreiðunni og verið hefir, í staðinn fyrir að stuðla að breyttu skipulagi, svo að útvegur þessi gæti orðið mikil tekjugrein fyrir almenning þann tíma, sem ekki borgar sig að reka þorskveiðarnar.

Jón Þorláksson: Hv. flm. spurði, hvers vegna fyrverandi stjórn hefði ekki notað heimildarlögin frá 1926 og veitt einkaleyfi það, sem þar um getur. Þetta mál heyrði ekki undir mig, svo að svar mitt verður með fyrirvara. En jeg hygg, að sá fjelagsskapur, sem varð að myndast samkvæmt lögunum, hafi aldrei verið fullmyndaður. Þó veit jeg ekki betur en fyrv. hæstv. atvmrh. (MG) muni hafa gefið ákveðnum mönnum, sem líklegir voru til þess að stofna slíkt fjelag, loforð um, að fjelagið fengi leyfið nú frá þessum áramótum, ef samtök í þessu skyni kæmust á. Jeg veit því ekkert frekar um þann undirbúning, en geri hinsvegar ráð fyrir því, að hafi ekkert orðið af þessari fjelagsstofnun, þá sje því um kenna, að menn hafi rekið sig á ein-

hverja þá annmarka, er samtökin strönduðu á.

En ef svo er, að menn hafi þóst sjá einhverja annmarka á framkvæmdum þess skipulags, sem heimildarlögin gera ráð fyrir, þá er hitt víst, að fleiri verða annmarkarnir á þeirri leið, sem hv. 5. landsk. stingur upp á í þessu frv. sínu. Jeg neita því ekki, að mörgu þarf að breyta í sambandi við þennan útveg, og efast heldur ekki um, að það sje vilji allra, sem að því máli standa, að umbæturnar fáist. En það er alls ekki nýtt skipulag um síldarsöluna, sem mest þörf er á, heldur hefir öllum komið saman um, að byrja þurfi annarsstaðar. Það er þegar fengin full reynsla fyrir því, að markaður fyrir saltaða síld er mjög takmarkaður, og verður á engan hátt bættur með nýju skipulagi á því sviði, svo að neinu nemi. Það, sem liggur því beinast fyrir að framkvæma, er að gera síldina að markaðshæfri vöru á annan hátt. Að þessu verður að vinna, því að dómi allra skynbærra manna er það eina lausnin á öllu þessu vandamáli.

Mjer finst því, að frv. hv. 5. landsk. geti menn rólega látið fara í sömu gröf sem því var búin hjer í þessari hv. deild í fyrra, og að haldið verði áfram að vinna að því á annan hátt að leysa þetta mikla vandamál.

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg man ekki í svipinn ákvæði heimildarlaganna frá 1926, en undarlegt þykir mjer, ef hæstv. fyrv. stjórn hefir getað heitið fyrirfram einhverjum einstökum mönnum því, að þeir skyldu fá einkasöluleyfið, ef þeir kæmu á samtökum um fjelagsstofnun sín á milli. (**JÞ:** Það er beint ákvæði um það í lögunum, hvernig fjelagið skuli stofnað.) — Jeg held, að einhver tiltekin tala útvegsmanna þurfi að koma þar til greina, en að ekki sje hægt að lofa neinum einstökum útgerðarmönnum því, að þeir skuli fá einkasöluna.

Mjer kemur það undarlega fyrir, að hv. 3. landsk. segir, að ekki sje nauðsyn á nýju skipulagi. Ja, jeg veit ekki, hvað ætti þá að verða, ef ekki á að koma nýtt skipulag til sögunnar, því að ef *alt situr í sama fari og nú* er, þá er ekkert upp úr því að hafa annað en vandræði og reiðileysi. Mjer skilst hann nú sjálfur stinga upp á skipulagi, eftir þeim ágæta fyrirlestri að dæma, sem hann flutti í gær um síldarverksmiðju, nýju fyrirkomulagi, sem óneitanlega væri spor í þessa átt.

Það er alls ekki rjett hjá hv. 3. landsk., að ekki sje auðveldara að koma síld á erlendan markað, ef einkasala kæmi. Nú ætluðu menn síðastliðið sumar að fá meiri síld á markaðinn í Rússlandi. En það var ekki hægt, af því að Íslendingar áttu ekki síldina, höfðu ekki ráð á henni. Ef við hefðum haft ráð yfir síldinni með einkasölu, hefðum við blátt áfram getað tekið svo og svo mikið og sent á nýjan markað, af því að verðið var ekki lakara en við seljum fyrir til Noregs og Svíþjóðar. En sænskir og norskir síldarkaupmenn hafa náð yfirráðum yfir þessari vöru og notað þau yfirráð til þess að eyðileggja söluna, nefnilega með lækkuðu verði.

Mjer skilst því, að hvernig sem þessu máli er velt fyrir sjer, þá sje það eitt víst, að það þarf nýtt skipulag. Síldarútvegsmenn hafa síðasta áratuginn verið að leitast við að koma á nýju

skipulagi, en það hefir ekki tekist fyrir sundurlyndi sjálfra þeirra. Og þegar þeim hefir mistekist svona hrapalega, þá álít jeg, af því að svo mikið er í húfi, að ríkisvaldið eigi að koma til sögunnar. Það á líka auðveldasta aðstöðu, bæði inn á við og út á við. Það þrýstir þessum fjelagsskítum til þess að vera með í samtökunum og er jafnframt vörn út á við gagnvart erlendum ríkjum, sem annars kynni að þykja sjer misboðið, ef fjelagi einstakra manna væri veitt svo víðtæk rjettindi yfir einni grein okkar verslunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:3 atkv. og til sjútvn. með 7 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

31. Friðun á laxi.

Á 8. fundi í Ed., 28. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886 (þmfrv., A. 56).

Á 10. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðmundur Ólafsson): Greinargerð fyrir þessu frv. á þskj. 56 er svo ítarleg, að óþarft er að bæta þar miklu við. Tilgangurinn með frv. er sá, að tryggja betur frjálsa göngu laxins í árnar og stuðla að því, að hann komist tálmunarlítið á hrygningarstaðina.

Það er ekki undarlegt, þótt fram komi breytingar á þessum lögum, sem nú eru komin á fimtugsaldur. Hefði sjálfsagt þurft að breyta þar fleiru en frv. fer fram á, en jeg er ekki nægilega fróður í þessum efnum hvarvetna á landinu, og hefi því látið þessar breytingartillögur nægja, sem fram eru teknar í frv.

Jeg tel þó, að þessar breytingar á frv. sjeu til mikilla bóta, sjerstaklega að lengja tímann úr 36 stundum á viku í 60 stundir, og eins það, að ekki sje hægt að leggja í blá-ósa ánna, heldur tiltekna vegalengd frá ósi árinnar, og þá er það þýðingarmikið, að minsta kosti þar sem jeg þekki best til, að veiðitíminn byrji ekki fyr en 1. júní. Sumar breytingarnar, eins og t. d. í 4. gr., eru mjög smávægilegar og aðeins gerðar vegna þess, að viðkunnanlegra þykir að hafa cm. í stað þumlunga, þar sem það mál er nú notað.

Ennfremur er það auðsjeð, að sektir fyrir brot á lögunum frá 1886 eru langt of lágar eftir núgildandi peningaverði, og ræður frv. nokkra bót á því.

Vænti jeg þess, að hv. deild taki frv. vel, og leyfi mjer að stinga upp á því, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 364).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Laxveiða-

löggjöfin er eitt af þeim málum, sem hlýtur að vekja deilur, þegar fram koma till. um breytingar á henni. Nefndinni var því þegar ljóst í upphafi, að það væri miklum erfiðleikum bundið, að koma fram með breytingar á löggjöf þessari, sem engum gerðu neitt rangt til, en jafnframt yrðu til þess að auka not veiðinnar fyrir veiðieigendur alment, eins og í frv. á þskj. 56 er ætlast til. Það, sem farið er fram á í 1. gr., er það, að veiðitíminn verði ávalt hinn sami fyrir alla laxveiði, hvort sem er um net eða aðrar veiðivjelar að ræða, og að hann byrji aldrei fyr en 1. júní ár hvert. Sömuleiðis er farið fram á, að friðunartíminn í viku hverri sje lengdur úr 36 stundum upp í 60 stundir. Eða með öðrum orðum, að hann verði frá kl. 6 e. h. á föstudögum til kl. 6 f. h. á mánudögum. Með því að lengja friðunartímann þannig í viku hverri, eins og jeg held að líka sje komið í lög hjá Norðmönnum, er það ljóst, að laxinn fær greiðari göngu upp eftir ánum en hann hefir nú. Af því leiðir aftur, að meiri veiðivon verður hjá þeim, sem ofar búa með ánum, og þeim, sem búa við þverár, sem í laxveiðiár renna. Líka fá þeir laxinn fyr, og það eitt út af fyrir sig er ekki svo lítið hagsmunaatriði, því eins og kunnugt er, er laxinn miklu betri og verðmætari vara framan af sumri en þegar fer að líða að hausti, hvort heldur sem hann er notaður innanlands eða fluttur út.

Hagsmunir þeirra, sem efst og neðst búa við veiðiárnar, eru þannig að þessu leyti alveg andstæðir. Þeir, sem neðst búa, skaðast, ef friðunartíminn er lengdur, en hinir, sem ofar búa, hagnast af því. Það er því ekkert undarlegt, þó að fram komi mótmæli gegn lenging friðunartímans frá þeim, sem búa næst ósum ánna. Þannig hafa líka komið fram mótmæli gegn frv. þessu, frá fjórum laxveiðieigendum, sem búa neðst við Hvítá í Borgarfirði. Aftur á móti býst jeg við, að hægt væri að fá meðmæli með frv. þessu frá mörgum fjórum, sem veiðirjett eiga ofar í ánni.

Því verður nú ekki neitað, sem kemur fram í mótmælum Borgfirðinganna, að laxinn, sem fyrst gengur í árnar, sje verðmestur, og sá lax getur verið útflutningsvara, nema þar sem svo hagar til, að nýr lax gengur upp í árnar fram eftir öllu sumri; þar getur hann verið jafngóður.

Þeim, sem veiðirjett eiga í bergvatnsám, er auðvelt að taka svo að segja hverja skepnu, sem um árnar fer. Unglingarnir á bæjunum fylgjast oft með og athuga, hvað laxgengdinni líður. Er svo við tækifæri alt hirt, með ádrætti eða öðrum veiðivjelum. Þetta verður svo til þess, að þeir, sem ofar búa við árnar, fá litla eða enga veiði. Til þess nú meðal annars að ráða bót á þessu er frumv. þetta fram komið. Breytingar þær frá núgildandi laxveiðalöggjöf, sem í því felast, ganga allar í þá átt, að auka friðunartímann, til þess að gera laxinum greiðari göngu um árnar.

Landbn. hefir nú haft frv. þetta til meðferðar og fallist á aðalatriði þess, og vill meira að segja ganga lengra í friðunaráttina, með því að taka út úr núgildandi löggjöf rjett manna til að þvergirða á eða kvísl, enda þótt einn og sami maður eigi alla veiði í ánni eða kvíslinni, því að sá, sem þvergirðir

þannig, eyðileggur ekki aðeins framtíðarveiði fyrir sjálfum sjer, heldur og líka fyrir eftirkomendunum, því að það er full vissa fyrir því, að laxinn legst þar frá, sem slíkar veiðiaðferðir eru notaðar. Hafa því á þennan hátt margar veiðiár með öllu verið eyðilagðar. Sömuleiðis er það álit margra, sem kunnugir eru þessum málum, að laxinn leiti aftur í sömu árnar og jafnvel sömu hyljina, sem hann er upp alinn í. Nefndinni hefir því fundist rjett að nema þetta úr lögum, til þess að koma í veg fyrir, að nokkur taki meira en honum ber á þennan hátt frá komandi kynslóðum.

Þá hefir nefndinni líka þótt rjett að koma með breytingartill. um, að banna að setja skot í hylji, af því að töluvert hefir verið gert að því í seinni tíð. En slík veiðiaðferð er með öllu óhæf, þar sem hver skepna, bæði ung og gömul, er drepin. Um þetta er ekkert ákvæði í núgildandi löggjöf, og því þótti nefndinni rjett að koma með till. til þess að bæta úr þessum ágalla laganna. Hvað stangaveiði snertir, þá er hún heimil allan veiðitímann, þrátt fyrir friðunartímann, 60 stundir í viku hverri, því að það er litið svo á, að hún skaði lítið, og laxinn geti hennar vegna gengið óhindraður um árnar.

Þá er annað atriði, sem frv. fer fram á. Í núgildandi lögum er bannað að leggja net eða aðrar veiðivjelar í árósa, þar sem slíkt geti hindrað göngu laxins upp eftir ánum. En í brtt. nefndarinnar er þetta svo, að bannað er að leggja net nær árósum en í 200 metra fjarlægð. Hitt ákvæðið, þar sem bannað er að draga á nær árósum en í 250 metra fjarlægð, er gert til þess, að koma í veg fyrir, að hægt sje með ádrætti að taka allan lax, sem safnast fyrir í árósunum. Með þessari fjarlægð er átt við 250 m. á hvorn veg frá árósunum, upp í ána, og fram í sjó. Þetta ákvæði á einnig, að tilætlun nefndarinnar, að ná til ósa við stöðuvötn og þverár, því að þar má ekki frekar hindra göngu laxins, til óhagræðis fyrir þá, sem ofar búa.

Einn nefndarmanna, háttv. 6. landsk., hefir sjerstöðu í þessu máli. Jeg held, að hann telji ekki brýna þörf á breytingu á lögum þessum að sinni. Hann vill láta athuga alla löggjöfina í heild sinni. En meiri hl. getur ekki fallist á þessa röksemdafærslu hans, heldur telur þessa breytingu nauðsynlega, til að bæta úr mesta ágallanum, sem er á gildandi lögum um þessi efni.

Þá hefi jeg ekki minst á smábreytingar, sem í frv. eru, svo sem að fyrir orðið „amtmaður“ komi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið. Slíkar breytingar eru sjálfsagðar, eftir því, hvernig okkar málum er skipað nú.

Jónas Kristjánsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, sem er í því fólginn, að jeg tel breytingu þessa á núgildandi laxveiðalöggjöf ekki nauðsynlega. Mjer finst hún eins og ljeleg bót á gamalt fat. Jeg fæ nefnil. ekki sjeð, að það taki því, að fara að samþykkja þessa breytingu nú, þar sem það er vitanlegt, að á næsta þingi kemur fram frumv. um gagngerða breytingu á þessari löggjöf. En til þess verður að fara fram gagngerð rannsókn á veiðivötnum um það, hvaða veiðiaðferðir sjeu heppilegastar, hvaða aðferðir megi nota í hverju vatnsfalli fyrir sig. Því að í sumum ám t. d. má ekki nota vissar veiðiaðferðir; sumar

ár eru svo litlar, að þar má aðeins nota stangaveiði. Það þarf því sjerstaka rannsókn á hverju veiðvatni og á fyrir sig, og það tel jeg, að þessi fiskiræktarfjelög mundu gera.

Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji standa í vegi fyrir þeim breytingum, sem hjer á að gera, en jeg vildi heldur, að beðið væri, þangað til hægt væri að setja lög, sem gætu enst betur en ætla má að þessi lög entust. Fiskigangur í vötn og ár er minni en vera ætti og hægt væri, ef við færum að dæmi annara þjóða og tækjum upp laxaklak og skynsamlegar veiðiaðferðir. En það tvent verður altaf að fylgja hvað öðru.

Þetta mál er mikið nauðsynjamál, og jeg get greitt þeim breytingum, sem hjer er farið fram á, atkv. mitt, með þeirri von, að þær breytingar verði ekki til þess að tefja fyrir fullkomnum framkvæmdum í þá átt að endurskoða og bæta löggjöfina um þessi efni.

Frsm. (**Jón Baldvinsson**): Það kom ekkert fram í ræðu hv. 6. landsk. nema það, sem jeg bjóst við að fyrirvari hans mundi þýða.

Við hinir nefndarmenn getum ekki sjeð neina tryggingu fyrir því, að frv. um nýja laxveiðalöggjöf verði lagt fyrir næsta þing. Það mál þarf mikinn undirbúning. Jeg álít, að helstu breytingar, sem gera þarf, felist í frv. því, sem hv. þm. A.-Húnv. hefir borið hjer fram. Það verða altaf deilur um það, hvernig þessum málum eigi að vera skipað, og jeg fæ ekki sjeð, að frv. það, um fiskiræktarfjelög, sem borið er fram í hv. Nd., muni bæta úr ágöllum laxveiðilöggjafarinnar fyrst um sinn. En það er rjett hjá hv. 6. landsk., að það frv. ætti að geta aukið skilning manna í þessum efnum, og þegar það mál er búið að grípa um sig úti um sveitir landsins, þá má fyrst vænta þess, að menn fái betri skilning á þessum málum en verið hefir, og stangist ekki eins um hagsmuni þeirra, sem veiðirjett eiga ofan til og neðan til í ánum.

Ef gera ætti samþyktir um hverja á og hvert veiðivatn á landinu, eins og hv. 6. landsk. virðist vilja, og vel getur verið að væri best, þá verða það að vera kunnugir menn, sem þær reglur settu, og yrðu það því að vera hinar ýmsu sýslunefndir, sem það gerðu, en ekki Alþingi. En ekki er nú víst, að það yrði neitt rjettlátara.

Jeg hefi í raun og veru ekki fleira að segja, en vildi aðeins geta þess, að ef frv. verður samþykt óbreytt, þá getur svo farið, að einhver veiðieigandi, sem um getur í 3. gr., misti alveg veiðirjett á jörð, sem veiðirjett ætti, t. d. 200—300 metra frá árósum. En það er eins og gengur og gerist, að ómögulegt er að koma á umbótum, nema einhver líði baga við. En ef þeir, sem skaða bíða, eru aðeins fáir, en allur almenningur hefir hagnað af, þá álít jeg rjett að koma umbótum á, og þá t. d. að samþ. þetta frv., og horfa ekki í það, þótt hlunnindi kunni að verða tekin af einhverjum einstökum mönnum, ef almennara rjettlæti næst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 364, 1a samþ. með 8 shlj. atkv.

— 364, 1b samþ. með 8 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 364,2 (ný 3. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.
4.—10. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 7. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 391, 408).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 408. Afbr. leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Hjer hefir verið útbýtt í deildinni brtt. frá hæstv. dómsmrh., á þskj. 408, um viðauka við lögin til þess frekar að leyfa laxinum frjálsa göngu upp eftir ánum. Nefndin hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um brtt. þessa, og eru því atkv. nefndarmanna óbundin, en þó hygg jeg, að meiri hluti nefndarmanna muni ljá henni fylgi sitt. Í brtt. felst ekki bann á neinni veiðiaðferð, heldur aðeins heimild, sem þingið gefur sýslunefndum til að gera viðtækari ráðstafanir, til að auka laxagöngu upp eftir ám, en í frv. felast.

Þá hefir Alþingi borist skjal frá 30 búendum, við ofanverða Hvítá, þar sem þeir skora á þingið, að samþykkja frv. þetta. Er það öndvert áskorun laxveiðieigenda við Hvítárósa, og er nú það komið á daginn, sem jeg bjóst við, að margfaldur fjöldi laxveiðieigenda mundi fást til að lýsa fylgi sínu við frv., á móts við þá, er á móti því mæla.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Fyrir nokkrum árum bar jeg fram frv. til l. um breytingar á laxveiðilöggjöfinni, þar sem gert var ráð fyrir að banna kistuveiði í ám. Það frv. náði ekki fram að ganga. En úr því að nú eru hjer á ferðinni breytingar á laxveiðilöggjöfinni, þótti mjer rjett að lofa þessu ákvæði einnig að koma undir atkv. hv. þingmanna.

Veiðiaðferð þessi mun ekki vera notuð hjer á landi, svo að nokkru nemi, nema á einum stað, Laxamýri í Þingeyjarsýslu, að minsta kosti ekki svo að jeg þekki til. Þar við Laxá hefir verið uppi eldgömul deila út af þessari veiðiaðferð. Svo þótti þeim sjer vera misboðið, er ofar bjuggu við ána, að jafn rólyndur maður og sjera Benedikt Kristjánsson gerði eitt sinn herhlaup og braut niður kistuna. Það stendur svo sjerstaklega á um Laxamýri, að jörðin á land beggja megin að ánni og hólmana í henni. Nú er áin sama sem lokuð, og fæst varla branda úr henni ofan til, en þó gæti hún sjálfsagt orðið ein með bestu laxám á landinu. Fyrir nokkru var áin leigð eitt sumar, og var þá full af laxi, enda voru kisturnar þá ekki hafðar í henni.

Ef þingið ætlar að opna árósa fyrir laxagöngu, frekar en verið hefir, þá er það óhugsandi að skilja þessa hindrun eftir. Jeg legg til, að sýslunefndum sje heimilt að banna veiðiaðferð þessa. Jeg skal játa, að ekki er víst, hvort ákvæði þetta reynist nógu sterkt, því að hætt er við, að reipdráttur verði í sýslunefnd. En jeg býst við, að á næstu árum verði laxveiðalöggjöf vor tekin til ítarlegrar endurskoðunar og hygg því, að bjargast megi við þessa miðlunartillögu um stund.

ATKVGR.
Brtt. 408 samþ. með 10 : 1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv., og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 415).

Á 50., 52. og 53. fundi í Nd., 17., 20. og 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 23. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv., og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

32 Verkakaupsveð.

Á 16. fundi í Ed., 7. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um verkakaupsveð (þm. frv., A. 105).

Á 18. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Jeg sje ekki ástæðu til þess, að bæta miklu við frv. um þetta mál.

Með frv. þessu er farið fram á það, að verkafólki, er vinnur við síldarútgerð, sje trygð greiðsla á kaupi sínu með forrjettarveði. Eins og hv. deild er kunnugt, á þetta fólk rjett á því, samkv. núgildandi lögum, að fá verkakaup sitt goldið vikulega, en þar sem jeg þekki til, vill oft verða mikill misbrestur á því, að lögunum sje hlýtt í þessu efni, og er því frv. þetta fram komið. Frv. þetta á að fyrirbyggja þau vanskil á kaupgreiðslu, er orðið hafa hjá sumum atvinnurekendum, er stundað hafa síldarútgerð, einkum norðanlands. Þótt lögin verði ekki haldin, um vikulega kaupgreiðslu, og þótt svo kunni að fara, að dragist að greiða kaupið þar til vinnutíminn er á enda, þá ætti með frv. þessu að gefa fólki þann möguleika, að fá kaup sitt greitt með því að ganga að þessu veði. Fyrst fólkið er ekki kröfuharðara en það, að það lætur það viðgangast, að fá ekki kaup sitt greitt fyr en á haustnóttum, þegar vinnu er lokið, aðeins vegna þess, að vinnukaupandinn á erfitt með að greiða kaupið, þá virðist full ástæða til þess, að úr þessu verði bætt. Fólkið lánar þannig atvinnurekendum fje það, er felst í ógoldnu kaupi, og afleiðingin verður sú, eins og getið er um í greinargerðinni, að til þess eru dæmi að verkafólk á eftir kaup fyrir þrjú ár samfleytt, og það hjá sama vinnukaupanda. Það er þess vegna bæði sanngjarnt og eðlilegt, að fólk, sem vinnur fyrir daglegu kaupi, fái kaup sitt greitt fljótt, og í raun og veru eigi kaupið forgangsrjett fyrir öðrum kröfum. Þetta næst aðeins með lagaboði, og það er þetta, sem frv. fer fram á.

Tel jeg svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta meira, en óska þess, að frv. fái að ganga til 2. umr. og allsh.n.

Jón Þorláksson: Jeg legg til að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Till. um að vísa frv. til allshn. feld með 7 : 6 atkv.

Frv. vísað til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 105, n. 271).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Sjútvn. hefir orðið sammála um að leggja til, að nokkrar lítilsháttar breytingar yrðu gerðar á þessu frv. Breytingarnar eru í því fólgnar, að í stað 5. gr., sem er tilvitnun í lög nr. 55, frá 31. maí 1927, komi ákvæði þeirrar greinar, sem vitnað er í. Þetta er gert vegna þess, að lögin, sem vitnað er í, verða ef til vill feld úr gildi. Nefndin hefir ástæðu til að ætla, að þetta geti komið fyrir, því að þegar er fram komið frv. í Nd., sem gerir ráð fyrir, að lögin falli úr gildi. Síðari breytingin er afleiðing af þessari fyrri breytingu, og er sú, að niðurlag 6. gr., sem er tilvitnun í sömu lög, falli niður og í staðinn verði vísað í 5. gr. þessara laga, eins og hún yrði, ef samþykki fengist á breytingunni.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt., þar sem engin mótspyrna hefir orðið, hvorki gegn þeim nje frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 271, 1 (ný 5. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 271, 2 a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 271, 2 b samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 271, 3 samþ. með 11 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 29. febr., var frv. tekið til 1. umr. (A. 320).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv., og afgreitt til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 320).

Á 37. fundi í Nd., 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurjón Á. Ólafsson: Þetta frv. er komið frá hv. Ed., og hefir farið gegnum þá deild með nokkrum breytingum frá sinni upphaflegu mynd. Jeg get búist við, að hv. þdm. sjeu sammála um að málið fái nú að ganga til 2. umr., og mun þá best komið hjá sjútvn., enda mun það hafa verið hjá þeirri nefnd í hv. Ed.

Efni frv. er að tryggja því fólki verkakaup, sem vinnur við síld, eða á sinn hátt eins og sjóveð í skipum tryggir kaup skipverja. Það virðist svo sem hv. Ed. hafi skilið nauðsyn þessa máls, því að þar var frv. vísað umræðulaust til nefndar.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vil leyfa

mjer að leggja það til, að málinu verði vísað til allshn.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi aðeins benda á, að það er venja og einnig samkv. þingsköpum, að mál, sem fara milli deilda, sæti meðferð sömu nefndar beggja deilda. Nú er upplýst, að þetta mál hefir hv. sjútvn. Ed. haft til meðferðar, og leiðir þá af sjálfu sjer, að því verði nú einnig vísað til sjútvn. þessarar hv. deildar.

Gunnar Sigurðsson: Hv. þm. Borgf. tók af mjer ómakið. En jeg skal aðeins bæta því við, að jeg tel engan vafa á, að málið eigi að fara til hv. sjútvn

Magnús Guðmundsson: Þeir tveir hv. þm., er síðast töluðu, hafa tekið það fram, sem jeg vildi segja, þegar jeg kvaddi mjer hljóðs. Frv. þetta hlýtur, undir öllum kringumstæðum, að eiga að fara til hv. sjútvn., en ekki allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til sjútvn. með 15 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

33. Atvinnurekstrarlán.

Á 19. fundi í Ed., 10. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um atvinnurekstrarlán (þmfrv., A. 128).

Á 21. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Tilgangur okkar flm. þessa frv. er sá, að hreyfa uppástungum í þá átt, að gera smærri framleiðendum, bæði til sjávar og sveita, mögulegt að fá rekstrarlán, svo að þeir geti notið sömu hlunninda og stærri atvinnurekendur af beinum peningaviðskiftum.

Jeg þarf ekki að lýsa þörfinni á því, að fá slíkt veltufje. Hún er öllum kunn. Þó að peningaviðskifti í landinu hafi stórum aukist, síðan Landsbankinn var stofnaður, 1885, þá fer því fjarri, að þau sjeu hjer tiltölulega eins mikil og í öðrum löndum, og sjerstaklega eiga smábændur miklu erfiðara með að nota sjer þau hjer en þar. Þetta hefir verið sjerstaklega tilfinnanlegt í því mikla peningaróti, sem átt hefir sjer stað undanfarin ár. Og því miður munu verslunarskuldir vera eins almennar nú hjer á landi og þær voru fyrir hálfum öðrum tug ára. A. m. k. hefir ekkert unnist á um það, að losa bændur við þær. Sú tilhögun, sem við stingum upp á, er bygð á þrem meginatriðum:

Í fyrsta lagi er það nauðsynlegt, til þess að sem flestum geti orðið stuðningur að lánsfjenu, að það komi frá peningstofnunum, sem til eru í hverju hjeraði. Það má teljast alveg ókleift fyrir allan þorra manna, að sækja rekstrarlán burt úr hjeraði, sjerstaklega ef ekki ætti að vera nema ein lánsstofnun í öllu landinu. Við álítum því eðlilegast, að þau lán, sem hjer ræðir um, sjeu verkefni lánsstofnana, sem til eru eða til verða í hverju hjeraði. Ákvarðanir um veitingu

rekstrarlánanna verður að byggja á kunnugleika milli lánveitanda og lántakanda.

Í öðru lagi viljum við láta stofna smáfjelög til þess að tryggja slík lán gagnvart lánveitanda. Það, sem nú veldur aðstöðumismun milli stærri og smærri atvinnurekenda, til þess að fá rekstrarlán, er fyrst og fremst það, að stærri atvinnurekendur hafa handbæra tryggingu fyrir láninu, en hana hafa einstakir smá-atvinnurekendur oftast ekki. Því er eðlileg leið fyrir þá að gera með sjer fjelagsskap, lánunum til tryggingar. Við höfum sett í frv. ákvæði til þess að gera slíkan fjelagsskap sem öruggastan út á við, svo að hann gæti verið örugg ábyrgð fyrir lánveitanda, en jafnframt leggjum við áherslu á, að hann verði einnig tryggur inn á við, svo að fjelagsmönnum stafi engin hætta af sameiginlegri ábyrgð. Þess verður að gæta stranglega, að halda hverjum slíkum fjelagsskap innan svo þröngra takmarka, að næg þekking sje fyrir hendi innanfjelags á hag hvers einstaks fjelagsmanns. Viljum við því yfirleitt taka upp þá reglu, að eitt fjelag sje í hverjum hreppi, því að innansveitar þekkja menn að öllum jafnaði hver annars ástæður, enda munu menn alment ekki telja mikla áhættu að taka á sig sameiginlega ábyrgð fyrir sveitunga sína, innan þeirra takmarka, sem bestu menn sveitarinnar telja forsvaranlegt. Þó viljum við ekki algerlega einskorða fjelögin við hreppa, því að skifting hreppa er ekki alstaðar allskostar hagkvæm með tilliti til atvinnu manna. En til þess að víst sje um það, að eigi skorti kunnleika milli fjelagsmanna, viljum við ákveða hámark fjelagatölu í hverju fjelagi, ef það er ekki bundið við takmörk eins hrepps.

Þriðja atriðið er, hversu fjárins skuli aflað. Við höfum stungið upp á, að heimila stjórninni að ábyrgjast lán fyrir Landsbankann, eða sparisjóðsdeild hans. Þessi leið virðist vera eðlilegust, eins og peningamálum okkar er nú komið. Við höfum nú nýlega ákveðið að breyta Landsbankanum, eða hluta af honum, í seðlabanka. Með því er lagður grundvöllurinn að því, að sá hluti bankans geti orðið með sama sniði og seðlabankar annara þjóða. En í öðrum löndum eru viðskifti seðlabanka að mestu leyti við aðrar peningastofnanir. Og því er það eitt af eðlilegum viðfangsefnum seðlabankans að stuðla að því, að öðrum peningastofnunum geti vaxið svo fiskur um hrygg, að þær geti tekið að sjer nokkuð af þeim viðskiftum, sem á Landsbankanum hvíla nú.

Að forminu til er alt frv. heimildarlög. Við flm. álítum ekki rjett að setja lagaþvingun á neinn í þessu efni, hvorki landsstjórnina, Landsbankann eða aðra. Þörfin fyrir þessi lán er svo rík, að undir eins og heimild er fengin, hlýtur, að áliti okkar, þörfin að knýja til framkvæmda. Það er von okkar, að allir, sem okkur eru sammála um þörfina, muni hjálpa okkur að koma málinu í framkvæmd.

Að svo stöddu ætla eg ekki að fara fleiri orðum um málið. Jeg er þess reiðubúinn að gefa frekari skýringar, þegar við þessa umræðu, ef þess væri óskað. Legg jeg til, að málinu verði, að umræðu lokinni, vísað til hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Að sjálfsögðu er það bæði æskilegt og

virðingarvert, að fram komi tillögur um að afla sem flestum nægilegs veltufjár til atvinnurekstrar. En jeg er ekki enn búinn að átta mig fullkomlega á því, hvort þetta er sú rjetta leið eða sú heppilegasta í þeim efnum. Einstök atriði frv. mættu áreiðanlega betur fara. Það á ekki við að fara langt út í það á þessu stigi málsins. En jeg vil þó benda á, að þessi aðferð, að taka reikningslán erlendis, til eins árs í senn, hefir sína annmarka. Lán, sem þarf að endurnýja árlega, hafa mikinn kostnað í för með sjer. Því er sennilegt, að æskilegra væri að taka stórlán til langs tíma, hvort heldur er til að bæta úr þessum þörfum eða öðrum. Þannig yrði komist hjá margvíslegum óþörfum kostnaði.

Síðasta Alþingi var það ljóst, hver þörf er á auknu veltufje handa atvinnuvegunum. Kom það m. a. fram í því, að samþykt voru lög um að gera framleiðsluvörurnar veðhæfari. Eg veit nú ekki, hvort það er enn farið að koma til framkvæmda að nokkru ráði, enda snertir það mest sjávarafurðirnar.

Jeg geri ráð fyrir, að málið fari að sjálfsögðu til nefndar. Og þótt jeg hafi minst á atriði, sem jeg álít að þurfi að breyta, þá er þar aðeins um bendingu til nefndarinnar að ræða. Jeg ætla mjer ekki að hefja nein andmæli gegn frv., þótt jeg telji líklegt, að það þurfi nokkurra breytinga við. Þó eru til í landinu allmargar lánsstofnanir, sem gætu leyst þetta hlutverk af hendi, og jeg hygg, að ýmsar leiðir geti komið til mála til að afla þeim rekstrarfjár.

Mjer virðist það nokkuð þröngt afmarkað í frv., að lánin skuli altaf endurgreiða á vissum degi eftir 3 til 6 mánuði. Framleiðendurnir geta undir sumum kringumstæðum verið lítt bættari með þess háttar lánum, ef afurðir þeirra eru þá enn óseldar, en bankarnir geta gengið þeim milli bols og höfuðs fyrir vanskilin.

Jeg bið hv. deild loks afsökunar á því, ef jeg hefi farið lengra út í einstök atriði en viðeigandi er við þessa umr., og vænti þess, að málið fái að fara til nefndar.

Jón Baldvinsson: Það er alveg rjett hjá hv. flm., að mikill skortur er á veltufje í landinu, og að gott væri að fá aukið lánsfje. Skuldaverslunin blómgast betur nú en nokkru sinni fyr. Í sumum sveitum er ástandið það, að þar eru varla til peningar til að kaupa fyrir frímerki á brjef, hvað þá það sem meira er. Úr þessu er vitanlega nauðsynlegt að bæta. – Jeg skildi hv. 1. flm. svo, sem ekki væri haldið mjög fast við formið á frv., því að hann komst svo að orði, að þeir flm. væru með því að hreyfa uppástungum til að bæta úr lánsþörfinni. Tel jeg því alveg rjett að taka frumvarpinu eins og uppástungu í þessa átt.

Hinsvegar get jeg ekki annað en glaðst yfir sinnaskiftunum hjá Íhaldinu gagnvart hinni „ógurlegu samábyrgðarflækju“, sem það hefir svo kallað og álitið sitt æðsta hlutverk að berjast á móti. Það er gott, að Íhaldsmenn sjá þó einu sinni, að samvinnan er nauðsynleg, og jeg vona, að augu þeirra opnist um það efni á sem flestum sviðum.

Af því að einn hv. flm. er í bankaráði Landsbankans, hefi jeg leyft mjer að gera ráð fyrir, að frv. sje a. m. k. samið í samvinnu við þann banka. Ef þetta á að komast í framkvæmd, þá verður það að gerast í samráði við þá menn,

sem Landsbankanum stýra. Álíti þeir þetta alt óframkvæmanlegt, þá er frv. ekki til neins. Fljótt á litið sýnast nú ýmsir annmarkar á þessu. En ef forráðamenn Landsbankans telja leiðina færa, þá eru allar líkur til, að kleift sje að fara hana.

Jeg hefði talið það rjettara, að slengja ekki svo saman atvinnuvegum, sem gert er í þessu frv. Hygg jeg, að heppilegra mundi að hafa stofnanirnar tvær, aðra handa bændum og hina fyrir bátaútveginn. Er ekki ósennilegt, að hin fyrnefnda mundi talin tryggari, og væri því rjett, að lán hennar væru veitt gegn lægri vöxtum.

Í fyrra var samþykt hjer á Alþingi þál. um undirbúning lánsstofnunar handa bátaútveginum. Veit jeg ekki, hvort nokkuð hefir enn verið gert í því máli, a. m. k. liggur ekkert um það fyrir Alþingi í frumvarps- eða tillöguformi. Jeg hefi þess vegna að undanförnu starfað að því, að setja saman frv. um lánsstofnun handa bátaútveginum, og vona jeg að geta bráðlega lagt það fyrir hv. deild; e. t. v. verður það þó ekki tilbúið fyr en útrunninn er frestur til að bera fram frv., en jeg vona, að það fái samt leyfi deildarinnar til að komast að.

Jeg álít sem sje heppilegra, að hafa lánsstofnanirnar tvær, sakir þess, að lán til atvinnuveganna eru misjafnlega áhættusöm. Rekstrarlánin handa smábátum þurfa einnig að vera tvennskonar, í fyrsta lagi til að búa sig undir veiðarnar og ná aflanum, og í öðru lagi til að verka hann. Síðasta Alþingi samþykti lög, sem munu eiga að verða til að bæta eitthvað úr þessu, þannig, að bönkum og sparisjóðum er heimilað að veita fje að láni gegn sjálfsvörsluveði í afla. En eins og hv. flm. sagði, bætir þetta ekki nema lítið úr þörfinni, því að flestir smábátaeigendur eru svo fjarri bönkum og sparisjóðum, að þeir ná ekki til þessara lána. Það er því spor í rjetta átt í frv., að reyna að koma upp lánsstofnunum í sem flestum hjeruðum.

Að öllu athuguðu ber að taka frv. vel, og styð jeg það, að það fái að fara til athugunar í nefnd.

Flm. (Jón Þorláksson): Jeg get ekki annað en verið í aðalatriðum ánægður með viðtökur þær, er frv. fjekk hjá hæstv. fjrmrh. og hv. 5. landsk. Orð þeirra skulu ekki gefa mjer tilefni til langrar ræðu.

Hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir, að kostnaðarsamar mundu reikningslántökur erlendis frá ári til árs, og að fast lán mundi fást með betri kjörum. Það fer alveg eftir því, hvernig á stendur á hverjum tíma. Þegar vextir eru alment lágir í heiminum, þá er yfirleitt betra að taka föst lán. En jeg hygg, að nú standi ekki svo á, að rjett sje að taka fast lán til þessara þarfa, sem leysa má úr með reikningslánum. Alment er búist við, að ekki sje langt þangað til vextir í heiminum lækki og fje verði auðfengnara. En eins og stendur eru föst lán dýr. Mín skoðun er því sú, að rjettara sje að taka reikningslán frá ári til árs, og að það muni reynast ódýrara, svo framarlega, sem menn vilja játa þá grundvallarhugsun, að þetta eigi að vera hrein rekstrarlán, sem greidd sjeu upp að fullu einu sinni á ári. Jeg hefi auðvitað ekkert á móti því, að menn fái jafnframt önnur lán, en jeg álít bæði nauðsynlegt og heppilegast að halda rekstrarlánunum vel greindum frá öðr-

um lánum. Það eykur mikið traust manna á landinu, ef rekstrarlánin eru árlega greidd að fullu. En fátt getur veikt meira fjármálatraust þess heldur en það, að lán sjeu tekin til rekstrar og síðan látin festast, sem kallað er. Annars er það auðvitað athugamál, sem hæstv. fjmrh. talaði um, hvort ekki getur orðið hentugra að fá fast lán. Í því sambandi þarf þó að minnast þess, að mjög erfitt er að vita fyrirfram, á hve miklu fje þarf að halda. Frvgr. nefnir 5 miljónir, en það er gert með það fyrir augum, að upphæðina megi síðar hækka, ef tíminn sýnir, að þörf sje fyrir.

Það er rjett hjá hæstv. ráðh., að gjalddaginn er nokkuð þröngt ákveðinn, en þó er í frv. nokkur frávikningarheimild. Það er ljóst, að 15. des. eru ekki nærri altaf allar afurðir ársins seldar. En við flm. gerðum ráð fyrir því um hina smærri framleiðendur, að á þeim tíma hefðu þeir altaf komið vörum sínum á aðra hönd og fengið verð fyrir þær. Þeir, sem þá eiga með vörurnar, verða að afla sjer lána annarsstaðar til verslunarinnar, svo að þeir geti staðið í skilum við framleiðendurna. Annars er það athugamál, hvort ekki mætti rýmka um gjalddagann.

Hv. 5. landsk. vildi gera sem minst úr frv., og sagði, að jeg hefði sagt, að við flm. værum aðeins að hreyfa uppástungum til úrlausnar þessu vandamáli. Jeg sagði raunar aldrei þetta „að eins". Hitt er rjett, að hjer er verið að hreyfa uppástungum um málið. Þegar svona mál er einu sinni komið á stað, þá sofnar það ekki fyr en leyst er úr þörfinni, sem á bak við liggur, á einhvern hátt. Hv. þm. talaði um sinnaskifti íhaldsmanna gagnvart samábyrgðinni. Jeg segi fyrir mig, að í því máli hefi jeg engum sinnaskiftum tekið, og jeg býst við, að sama megi segja um aðra flm. Jeg veit ekki annað en að við höfum allir viðurkent, að samábyrgð gæti verið rjettmæt innan svo þröngs hóps manna, að hver þekkir annan. Hjer er ekki gert ráð fyrir samábyrgð milli hinna einstöku lánsfjelaga, heldur aðeins innan fjelags. — Frv. hefir ekki verið borið undir Landsbankann til umsagnar. Við einstakir þm., sem berum það fram, höfðum engin tök á að krefja bankaráðið aðstoðar við samningu frv. Ef frv. hefði verið stjórnarfrv., hefði það auðvitað verið hægt, og eins getur nefnd sú, er væntanlega fær málið til meðferðar, leitað til bankaráðsins og bankastjórnarinnar.

Annars get jeg sagt það fyrir okkur flm. alla, að þótt við yrðum einhversstaðar varir við tregðu á að sinna málinu, þá munum við ekki láta það ráða skoðun okkar á því, að úr þessari nauðsyn þurfti að bæta. — Hv. 5. landsk. gerði ráð fyrir svo ólíkum aðstæðum til sjávar og sveita, að fyrir þá sök þyrfti tvær stofnanir til að leysa úr þörfunum, sína fyrir hvorn atvinnuveginn. Hinsvegar var hann okkur flm. sammála um það, að gott væri að láta peningastofnanir í hjeruðunum sjálfum hafa úthlutun fjárins með höndum. Jeg lít svo á, sem það sje aðalatriðið, en hitt meira aukaatriði, hvaðan þær stofnanir hafa fjeð. En hinu hjelt jeg fram, að þessari þörf væri alls ekki fullnægt með einni eða tveimur lánsstofnunum, sem heima ættu hjer í Reykjavík og lána út um alt land. Í þessu sambandi mintist hv. 5. landsk. líka á lánsstofnun fyrir bátaútgerðina. En það mál hefir nú verið til athugun-

ar hjá nefnd, sem til þess er sett, og mun hún hafa skilað áliti sínu eða tillögum til stjórnarinnar. Vil jeg minna á, að það væri nú tímabært fyrir sjútvn. að ganga eftir þeim.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að undirstrika tvö atriði í ræðu hv. flm., vegna fyrirspurna, er hv. 5. landsk. beindi til mín um það, hvort mál þetta hefði verið borið undir stjórn Landsbankans eða bankaráð hans. Eins og hv. aðalflm. tók greinilega fram, þá er þetta frv. borið fram vegna nauðsynja lands- og sjávarbænda, en ekki eftir ósk Landsbankans. Jeg sá ekki, að nein ástæða væri til að bera þetta frv. undir stjórn eða bankaráð Landsbankans á þessu stigi málsins, einkum þegar hjer er aðeins um heimildarlög að ræða. En jeg tel víst, að bæði stjórn og bankaráð Landsbankans telji sjer skylt að gera sitt til, að hætt verði úr þessari brýnu þörf. Ber jeg engan kvíðboga fyrir því, að undirtektir þeirra verði á annan veg.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins út af orðum hv. þm. Seyðf. taka það fram, að í orðum mínum fólst alls ekki það, að jeg byggist við mótstöðu frá Landsbankastjórninni eða bankaráðinu gegn þessu máli. Jeg spurði aðeins, hvort málið væri borið fram í samráði við stjórn Landsbankans, af því, að einn hv. flm. (JóhJóh) á sæti í bankaráðinu, og gerði því ráð fyrir því, að hann mundi vita, hvort bankaráðið væri máli þessu fylgjandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjhn. í e. hlj.

Á 59. fundi í Ed., 28. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 128, n. 512 og 590).

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Þetta mál var borið fram tímanlega á þingi og hefir verið hjá fjhn. síðan. Nú er kominn 28. mars, og samt vill svo óvenjulega til, að þetta mál kemur til 2. umr. án þess öll nefndin hafi skilað áliti um það. Það eru að vísu komin fram tvö nál. á þskj. 512 og 590 frá Íhaldsmönnum í nefndinni og Alþýðuflokksmanninum, sitt frá hvorum, en tveir nefndarmenn, Framsóknarmennirnir, hafa ekki skilað neinu áliti. Þetta er óvenjulegt á þingi, þótt það sje kanske ekki einsdæmi, að nefndarmenn stærsta stjórnmálaflokksins vilji ekki sinna máli, þótt ærinn tími hafi verið til. Þetta er því eftirtektarverðara, sem jeg lít svo á, að þetta mál sje þess eðlis, að það hafi átt skilið að fá umsögn og athugun frá öllum hliðum.

Fyrir hönd Íhaldsmanna í nefndinni vil jeg gera grein fyrir brtt. þeim, sem við flytjum við frv. og prentaðar eru með nál. okkar á þskj. 512.

Nefndin leitaði umsagnar bankastjórnar Landsbankans og eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum um þetta mál. Landsbankastjórnin ljet í ljós þá skoðun sína, að það sje ósamrýmanlegt ákvæðum landsbankalaganna, að sparisjóðsdeild bankans hafi á hendi þá útlánastarfsemi, sem 1. gr. frv. talar um og gert er ráð fyrir öðrum þræði að geti komið til mála að fela sparisjóðsdeildinni. Við álítum það skoðunarmál, hvort það sje rjett, að slík starfsemi sje ósamrýmanleg þeirri starfsemi sparisjóðsdeildarinnar, sem landsbankalögin gera ráð fyrir, og jeg fyrir mitt leyti álít, að svo sje ekki. Það

stendur sem sje það ákvæði um hana í landsbankalögunum, að að því leyti sem ekki sje ákveðið í þeim lögum, gildi hin almenna löggjöf um sparisjóði í landinu. En sparisjóðslögin heimila sparisjóðum slíka starfsemi, ef öll stjórn sjóðsins samþykkir. Þrátt fyrir það getum við fallist á að fella burtu úr 1. gr., að sparisjóðsdeild bankans geti komið til greina um þessa lánastarfsemi, af því að við teljum eðlilegast að seðlabankinn annist hana. Hinsvegar hafa bankastjórar Landsbankans mælst undan, að slík starfsemi verði lögð á herðar seðlabankanum. En við höfum ekki getað fallist á, að þær ástæður, er þeir færa fyrir því, sjeu rjettar. Við skiljum það vel, að frá sjónarmiði seðlabankastjórnar geti það altaf verið álitamál, hvort rjett sje yfir höfuð að auka lánastarfsemi í landinu. En bankastjórarnir hafa ekki fært neitt fram gegn því, að þessi lánastofnun verði sett á stofn utan við Landsbankann, og virðist því sem þeir hafi ekkert á móti því, að þessi starfsemi sje upp tekin. En það færa þeir fram gegn því, að seðlabankinn hafi hana á hendi, að hann muni með því móti hafa lakari tök á gjaldeyri landsins en ella, með því að bankinn hafi talsvert erlent lánsfje í veltu fyrir og geti ekki áhættulaust aukið það. Þessu erum við ósamdóma. Ef byrja á slíka nýja útlánastarfsemi, þá er fortakslaust hentugra að fjárútvegun til þeirrar nýju starfsemi sje í höndum seðlabankastjórnarinnar, til þess að hún hafi sömu aðstöðu til þessarar lánastarfsemi eins og annara lánveitinga yfir höfuð, þ. e. geti haft hemil á, að ekki komi ofvöxtur í útlánin, því að það gæti orðið hættulegt fyrir gildi gjaldeyrisins. Við erum þeirrar skoðunar, að með því að ganga ríkt eftir tryggingum fyrir lánunum, þá sje það í fullu samræmi við verkefni seðlabankans að starfsemin njóti fjár síns frá honum, en ekki öðrum stofnunum, sem seðlabankinn getur ekki haft hemil á, á þeim tímum, er seðlabankastjórnin teldi þörf vegna gjaldeyrisins að draga að einhverju leyti saman seglin.

Við höfum til öryggis, ef nokkur hætta skyldi vera, gert brtt. um nýtt viðbótarákvæði í 3. gr., að krefjast megi frekari trygginga, svo sem framsals á tryggingum þeim, er fjelagsmenn setja rekstrarlánafjelaginu fyrir lánum sínum samkvæmt 4. gr. Þó að við gerum þessa einu uppástungu, er ekki svo að skilja, að það sje nokkurt aðalatriði fyrir okkur, hvort fjeð verður útvegað á þennan hátt eða annan. Aðalatriðið er auðvitað, að fjeð fáist.

Ef til væri einhver önnur peningastofnun en Landsbankinn, sem gæti tekið þessa starfsemi að sjer, þá er ekkert við það að athuga frá sjónarmiði frv. eða þeirra, er að því standa. Tilgangi lagasetningarinnar má vitanlega ná eins á þann hátt. Þetta er sagt hæstv. stjórn til leiðbeiningar, ef svo færi, að þetta mál yrði ekki útrætt og útkljáð á þessu þingi og hún vildi sinna því eitthvað milli þinga, þá teljum við, að hvaða önnur trygg peningastofnun sem er, gæti með eins góðum árangri tekið að sjer það verkefni, að útvega það reikningslán erlendis, er við teljum að starfsemin verði að grundvallast á.

Það hefir verið um það rætt, hvort ekki væri mögulegt að auka við ræktunarsjóðinn nýrri starfsemi, þannig, að hann gæti tekið að sjer bankastörf önnur fyrir landbúnaðinn heldur en þau, sem honum eru falin eftir núgild-

andi löggjöf. Að vissu leyti væri það ekki nema eðlilegt framhald á góðri byrjun, og jeg vil taka það fram, ef brotið væri upp á slíkri aukningu á starfsemi ræktunarsjóðsins, þá gæti það komið til athugunar, hvort það verkefni, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., gæti hentað þeirri stefnu eftir því nýja skipulagi, er þá yrði sett. En eins og nú er, virðist langeðlilegast að binda starfsemina við Landsbanka Íslands.

Þá leitaði nefndin einnig umsagnar eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum, að því er snertir ákvæði frv. um þátttöku sparisjóðanna í þessari lánastarfsemi. Eftirlitsmaðurinn hafði ýmislegt á móti þeirri tilhögun, er frv. felur í sjer. Mótbárur hans eru taldar upp í nál. 1. minni hl. á þskj. 512, og höfum við jafnframt gert grein fyrir afstöðu okkar til hverrar einstakrar mótbáru.

Fyrsta mótbáran er sú almenna, að slík starfsemi sje utan við starfsvið sparisjóðanna. Það er sameiginlegt yfir höfuð við öll nýmæli, að þau eru utan við þá tilhögun, sem áður hefir tíðkast. Þó er það svo, að stærri sparisjóðir í kaupstöðum gera nú allmikið að því, að veita lán, hliðstæð þeim, er hjer um ræðir. Þau eru þá venjulega veitt til stutts tíma, gegn víxiltryggingum eða öðrum tryggingum. Og það er gert ráð fyrir því í sparisjóðslögunum, að sparisjóðirnir geti tekið lán beinlínis í þessu skyni. Ástæðurnar til þess liggja í augum uppi, því að án slíkrar lántöku hafa sparisjóðir ekki yfir því fjármagni að ráða, sem fullnægi þeim þörfum, sem fyrir eru. Lántökur eru sparisjóðum heimilar að lögum, ef samþykki sparisjóðsstjórnar — þeirra allra, er hana skipa — kemur til. Það skiftir meiru, að vel sje af stað farið, en starfsemin fái svo mikinn vöxt þegar á fyrsta ári. Við teljum, að þetta ákvæði, að allir stjórnendur skuli samþykkja lántökuna, sje nægileg trygging fyrir því, að sparisjóðirnir muni ekki hleypa sjer út í neina ljettúð í þessu efni og ekki ráðast í meira en þeir treystast til.

Í öðru lagi hefir eftirlitsmaðurinn bent á, að sparisjóðunum sje ekki ætlað að meta tryggingar, sem fjelagsmenn eiga að setja fjelagsstjórn sinni samkvæmt 4. gr. e. í frv.

Okkur fanst þessi mótbára á rökum bygð og berum því fram brtt. við 3. gr., sem á að ráða bót á þessu. 3. gr. gerir ráð fyrir, að fjelagsmenn ábyrgist lánið einn fyrir alla og allir fyrir einn. En nú viljum við bæta við, að stjórn penngastofnunarinnar geti krafist frekari tryggingar, þar á meðal framtals á tryggingum þeim, er fjelagsmenn setja rekstrarlánafjelaginu. — Hitt er í sjálfri sparisjóðslöggjöfinni, sem við förum ekki fram á að hagga, að sparisjóðsstjórnin hefir rjett til þess að meta þær tryggingar, sem henni eru settar, og getur neitað láni, ef trygging fyrir því er ekki nógu góð.

Þá telur eftirlitsmaðurinn, að nokkur áhætta hljóti að fylgja slíkri útlánastarfsemi og ekki eftir miklu að sækjast fyrir þær peningastofnanir, sem eiga að hafa hana með höndum, þar sem skilja megi 8. gr. svo, að þær njóti ekki neins hagnaðar, því að þar er aðeins talað um, að þær skuli fá starfrækslukostnað sinn vegna þessara viðskifta endurgoldinn. Okkur þykir sanngjarnt að taka tillit til áhættunnar, þótt

við viljum búa svo um hnútana, að hún verði sem minst, og flytjum í því skyni brtt. við greinina, er feli í sjer, að sparisjóðirnir geti fengið hæfilegan afgang, ef tekst að stýra starfseminni svo, að ekki verði töp á. Það álít jeg þeir geti gert. Við höfum að minsta kosti reynt að ganga svo frá ákvæðum lagasetningarinnar, að þetta ætti ekki að þurfa að verða nein áhættulán.

Loks bendir fyrnefndur eftirlitsmaður banka og sparisjóða á þá hættu, að í slík lánafjelög veljist saman hinir efnaðri menn hvers hjeraðs, en hinir efnaminni verði þá að mynda fjelagsskap út af fyrir sig, og muni þá veitast erfitt að setja nægar tryggingar fyrir lánum sjer til handa. — Eftir því sem við þekkjum til, mun það ekki alment í fjelagslífi í bygðarlögum landsins, að slíkur klofningur eigi sjer stað. Og jeg geri ekki ráð fyrir, að það mundi verða fremur á þessu sviði en öðrum. Það má ganga út frá því sem gefnu, að ekki myndist nema eitt fjelag á sama svæði, nema þar sem atvinnuvegir væru mjög sundurleitir og gerðu það eðlilegt og æskilegt, að t. d. sveitabændur mynduðu eitt fjelag og sjávarbændur annað.

Skal jeg svo ekki frekar ræða þessar mótbárur, meðan ekki gefst sjerstakt tilefni til þess.

Við háttv. 1. þm. G.-K. leggjum til, að frv. verði samþykt með þessum tiltölulega fáu og smáu breytingum, sem jeg hefi nú gert grein fyrir. Ef óskur verður bent á fleira, sem stendur til bóta, erum við fúsir til að líta á slíkt með sanngirni til samkomulags þar um.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Baldvinsson): Við 1. umr. lýsti jeg afstöðu minni til þessa máls. Hún er enn óbreytt. Jeg tel það mikla bót fyrir landsmenn, ef hægt væri að koma peningamálum þjóðarinnar svo fyrir, að menn ættu aðgang að lánum, hver í sínu hjeraði. Því er svo farið nú, að erfitt er fyrir menn að ná til peningastofnana, þótt þeir eigi eignir, sem sýna, að óhætt er að trúa þeim fyrir lánum, hvað þá fyrir hina, sem lítið eða ekkert eiga veðhæft, en hafa þó fulla þörf fyrir lánsfje vissan hluta árs, til þess að geta rekið atvinnu sína með frjálsum hætti. Þetta frv. á að miða að því að bæta úr þessum annmarka á viðskiftalífi landsmanna. En á framkvæmd málsins er sá torveldleiki, sem kom mjer til þess að fylgja ekki háttv. 1. minni hl. fjhn.

Stjórn Landsbankans hefir í áliti sínu, er fjhn. leitaði eftir, talið tormerki á því, að Landsbankinn hefði forgöngu þessarar rekstrarlánastarfsemi, og eftirlitsmaður banka og sparisjóða hefir einnig í umsögn sinni tekið fram nokkur varhugaverð atriði að hans dómi. Þó þau mótmæli kunni að hafa við rök að styðjast, tel jeg þau minnu skifta heldur en hitt, að Landsbankinn treystist ekki til að hafa þessa starfsemi með höndum. Þótt jeg játi nauðsyn málsins, þá sje jeg þó, að það kemst aldrei til framkvæmda að Landsbankanum nauðugum. Fer þá að vandast málið. Þótt Landsbankinn hafi talið tormerki á að setja þessa stofnun í samband við hann, skal jeg játa, að jeg hefi litið svo á, að þessi lánastarfsemi ætti að fara fram fyrir milligöngu bankans, og hann hefir skilyrði til þess, að því leyti, að hann hefir föst viðskiftalán erlendis og gæti þess vegna miðlað lánsfjenu milli banka erlendis og lánsþurfa hjerlendis eftir þörfum á hverj-

um tíma. Mundi það spara mikið fje í vaxtagreiðslum, heldur en ef taka þyrfti fjeð alt í einu í stórum upphæðum og geyma hjer heima.

Það er í rauninni hyrningarsteinninn undir málinu, að lánin verði tekin fyrir milligögu Landsbankans. Jeg treysti mjer tæplega til þess að fylgja því, ef ekki finst annað fyrirkomulag, sem jeg tel jafnörugt. Jeg get hugsað mjer, að þessi rekstrarlánastarfsemi stæði í sambandi við veðlánasjóð fiskimanna, sem jeg hefi flutt frv. um og nú er til athugunar í fjhn. Er svo til ætlast, að sá sjóður starfi undir sjerstakri yfirstjórn og hafi auk þess deildir úti um land. Er starfsgrundvöllur hans ekki ósvipaður því, sem hjer er um að ræða, og gæti því samrýmst hvorttveggja að því leyti. Jeg skal játa, að jeg tel æskilegt, að rekstrarlánin gæti verið í sambandi við Landsbankann, að því leyti, að hann gæti miðlað fjenu inn í landið eftir þörfum og á þann hátt sparað vexti.

Eins og jeg tek fram í nál. mínu á þskj. 590 mun jeg fylgja frv. til 3. umr. og bíða átekta, í von um að úr rætist um möguleika til þess að koma þessu máli svo fyrir, að úr framkvæmdum geti orðið.

Ingvar Pálmason: Þess var getið af hv. frsm. 1. minni hl. (JÞ), að ekkert nál. lægi fyrir frá okkur Framsóknarmönnum í nefndinni. Þetta er rjett. Mjer skildist á hv. frsm., sem honum þætti þetta miður farið, fyrst af því, að það væri óvanalegt, að nefndarhlutar skiluðu ekki áliti, og í öðru lagi vegna þess, að málið ætti skilið að fá umsögn sem flestra manna. Það má vel vera rjett, þótt það sje hinsvegar ekkert einsdæmi í þingsögunni, að nefndarhlutar skili ekki áliti um ýms mál. En orsökin til þess, að ekkert nál. liggur fyrir frá okkur hv. 1. þm. Eyf. er sú, að eftir að nál. hv. 1. minni hl. kom fram, töldum við ekki ástæðu að semja sjerstakt nál. Þar er sem sje tekið fram það, sem við byggjum okkar niðurstöður á, en það er umsögn Landsbankastjórnarinnar og eftirlitsmannsins með bönkum og sparisjóðum. Og þó að við kæmumst að annari niðurstöðu, þá eru forsendurnar þær sömu. Við mundum hafa látið prenta sem þingskjöl einnig álit þessara manna, og mjer finst skjalapartur Alþt. nógu langur, þó ekki sje prentað í tveim álitum það sama.

Jeg skal þá víkja að málinu sjálfu. Eins og minst hefir verið á, telur stjórn Landsbankans sig undan því, að þessi kvöð verði lögð á Landsbankann. Við teljum litlar líkur til, að þetta reynist vel, úr því að bankastjórnin telur ekki viðeigandi, að bankinn taki að sjer útvegun þessara lána, og sjáum við þá ekki, að mikils árangurs sje að vænta. Ennfremur viðurkennum við, að umsögn Jakobs Möllers sje á rökum bygð, og þó að hv. minni hl. reyni að bæta úr þeim anmörkum, sem hann bendir á, þá sje jeg ekki, að mikil von sje um, að þessi starfsemi beri tilætlaðan árangur, enda fanst mjer hv. frsm. (JÞ) líta á þetta sem tilraun. Hann tók það fram, að fyrir honum væri aðalatriðið að fá reynslu um þetta. Jeg lít svo á, að þannig sje til málsins stofnað, að ekki sje fært að afgreiða það að svo stöddu. Auk þess sem jeg hefi þegar talið, lít jeg svo á, að þetta fyrirkomulag verði bæði þunglamalegt og dýrt. Jeg held, að ekki verði hjá því komist, að þessi lán verði mjög dýr. Þó að gert sje ráð

fyrir, að lán fáist í útlöndum, þá hygg jeg, að vextir af því verði varla lægri en 5%, að minsta kosti ef afföll eru tekin með. Jeg geri ekki ráð fyrir, að betri vaxtakjör fáist. Það er gert ráð fyrir, að sparisjóðirnir fái borgun fyrir sína fyrirhöfn og áhættu, og mun hún ekki geta orðið minni en 1%. Jeg hygg líka, að sparisjóðirnir muni ekki nota þetta mikið, ef þeir hafa enga hagnaðarvon af því. Enda er viðurkent af hv. 3. landsk., að þeirri starfsemi fylgi áhætta. Þá er þriðji aðilinn, sem sje lánsfjelög hreppanna. Jeg býst við, að þau leggi vexti á lánin, sem hver lántakandi borgi í varasjóð, varla minna en 1%, og eru þá vextirnir alls orðnir 7%. Þá er sú stofnun, sem útvegar lánin. Þó að ekki sje ætlast til að hún hagnist neitt á því, þá verður hún þó altaf að tryggja sig gegn tapi. Jeg sje því ekki betur en að hún verði að leggja eitthvað á, til þess að hafa vexti af fjenu frá því að lán er tekið erlendis og þangað til það er notað, og svo þangað til hægt er að greiða það aftur. Það verður ómögulegt að komast hjá einhverju vaxtatapi, þar sem milliliðirnir eru svona margir. Ef Landsbankinn hinsvegar sæi sjer fært að lána sparisjóðum út um land til þessarar starfsemi með sæmilegum kjörum, þá væri öðru máli að gegna. — Við játum fyllilega, að mjög erfitt sje um atvinnurekstrarlán handa hinum minni atvinnurekendum, bæði til lands og sjávar, og að brýn þörf sje á að bæta úr því. En þó að mikilsvert sje að útvega þeim fje, þá ríður þó ekki síður á hinu, að lánskjörin sjeu við þeirra hæfi. Það er ekki það allra versta, hvað lítinn kost við eigum á að fá fje til atvinnurekstrar; hitt er miklu verra, hvað vaxtakjörin eru erfið. Þó að við nú játum, að lánsþörfin sje mikil, þá lítum við svo á, að málið sje ekki svo vel undirbúið, að hægt sje að láta það ganga fram nú. Hinsvegar álítum við, að þetta sje verkefni, sem þingið eigi að glíma við og leysa á sem bestan hátt, og tel jeg, að allir, sem unnið hafa að málinu, eigi þakkir skilið fyrir till. sínar og umbótaviðleitni. Það, sem á milli ber, er aðeins það, hvaða leið sje heppilegust til úrlausnar í málinu.

Áður en jeg sest, vil jeg víkja nokkuð að öðru í þessu sambandi, og það er, hvernig veltufje þjóðarinnar er notað og hvernig það skiftist á milli atvinnuveganna. Jeg hefi heyrt talað um, að sparifje þjóðarinnar muni vera um 50 miljónir króna. Jeg hygg nú, að það muni vera miklu meira, og gæti jeg hugsað, að það væri alt upp undir 100 miljónir. Hvar er nú þetta sparifje niður komið? Sumt er í sparisjóðunum, sumt gengur manna á milli, sumt í verðbrjefum o. s. frv. Nokkur hluti þess stendur í hlutabrjefum í ýmsum fyrirtækjum. Jeg minnist þess t. d., að einu sinni, þegar jeg var staddur á Eskifirði, voru sendar þaðan 40 þús. kr. í hlutafjelag hjer í Reykjavík. Það var eingöngu sparifje nokkurra hjeraðsmanna þar eystra. Jeg skal ekkert um það segja, hversu vel þessu fje hefir verið varið, en jeg tel, að ef rjett væri farið með sparifje landsmanna yfirleitt, og því veitt þangað, sem þörfin er mest og jafnframt tryggast um búið, þá verði það til mikilla bóta. Þetta ætti að athuga vel, bæði það, hvernig veltufje þjóðarinnar skiftist milli atvinnuveganna, og svo hitt, hvernig sparifjáreigendum væri hyggilegast og tryggast að ávaxta fje sitt. — Það má, ef til vill, segja að þessi hluti ræðu minnar sje

utan við efnið, en jeg lít svo á, að þetta sje nátengt hvað öðru. Að endingu skal jeg taka það fram, að niðurstaða okkar, hv. 1. þm. Eyf. og mín, var sú, að eins og málið horfir við nú, teljum við rjettast, að málinu sje vísað til stjórnarinnar til athugunar og frekari undirbúnings. Fyrir þinginu liggja nú ýms mál, sem sýnilega verða ekki útrædd á þessu þingi og verða að bíða næsta þings. Við teljum það nauðsynlegt þessu máli, að það fái rækilega rannsókn milli þinga, og er það því í stuttu máli till. okkar, að því verði vísað til stjórnarinnar.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg hefði getað vænst þess, að hæstv. fjrh., sem þetta mál heyrir undir, væri hjer viðstaddur umr. og ljeti álit sitt í ljós. En um það þýðir ekki að fást. Jeg ætla aðeins að segja nokkur orð áður en gengið er til atkv.

Hv. 5. landsk. er í rauninni sammála okkur í þessu máli, en telur þó varhugavert að samþ. það, vegna þess að bankastjórar Landsbankans sjeu því mótfallnir, að bankinn taki þessa starfsemi að sjer. Eftir 1. gr. er nú ekki um annað að ræða en heimild fyrir stjórnina að veita ábyrgð fyrir slíku láni. Það er nú í rauninni ekki bankastjóranna að kveða á um þetta, heldur bankaráðsins. Eins og öllum er kunnugt, er bankaráðið líka þannig skipað, að altaf má vænta, að ályktanir þess verði í samræmi við skynsamlegar ályktanir, sem teknar eru á þingi. Eins og nú stendur á, hygg jeg, að Landsbankinn geti gert alt, sem nauðsynlegt er í þessu máli, án þess að taka ný lán. Hann hefir reikningslán erlendis, sem hann ekki hefir notað enn. Það er ameríska lánið, eða sá hluti þess, sem framlengdur hefir verið um eitt ár og sýnist sjerstaklega aðgengilegt að nota þetta. Okkur er fyllilega ljóst, að menn hlaupa ekki upp til að hagnýta sjer þetta alment þegar á fyrsta ári. Það verður hafist handa á nokkrum stöðum, en starfsemin fer svo vaxandi og verður almennari, smátt og smátt. Einmitt meðan þetta byrjunarástand stendur yfir, tel jeg sjálfsagt að nota aðstöðu Landsbankans til að nota þetta fje, sem hann hefir á reikningsláni hvort sem er, með ábyrgð ríkissjóðs. Það vita allir, að menn þurfa umhugsunartíma og undirbúning, áður en þeir fara að nota þetta alment, og einmitt þess vegna er nauðsynlegt, að byrjunin geti hafist sem fyrst. Mjer finst því nauðsynlegt, að þetta frv. verði afgreitt frá þessu þingi, til þess að menn viti, að hverju þeir eiga að ganga. Menn eru misfljótir að átta sig á þessu og þurfa tíma til að koma sjer saman við stjórnir sparisjóðanna um þessi viðskifti. Við álítum því, af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi greint, misráðið að fresta þessari lagasetningu eða vísa málinu til stjórnarinnar.

Hv frsm. (IP) ljet í ljós, að hann og hv. 1. þm. Eyf. hefðu beygt sig fyrir áliti bankaeftirlitsmannsins og Landsbankastjórnarinnar. Hann hafði ennfremur eftir mjer, að jeg liti á þetta sem tilraun og teldi mestu varða að fá reynslu á þessu. Jeg hefi sagt eitthvað á þá leið, að við mundum fara hægt á stað, og það er alt annað en að gera tilraun. Byrjunin getur vitanlega ekki orðið mjög ör, meðan þessi starfsemi er að breiðast út og verða almenn. Fjárframlagið verður þá og þeim mun minna framan af, eftir því sem byrjað er í smærri stíl.

Þá talaði hv. þm. um að lánin yrðu dýr og fyrirkomulagið þunglamalegt. Hann setti fram nokkurn útreikning um, hversu vextirnir mundu verða háir, og þó að hann væri ekki alveg rjettur, því að hann gerði ráð fyrir 1%, þar sem frv. gerir ráð fyrir ½%, þá hygg jeg, að niðurstaðan láti nærri. Jeg geng inn á það, að vextirnir verði ekki lægri en 7½ fyrir árið. En hvað þýðir þetta? Hjer er um að ræða reikningslán, sem hver viðskiftamaður sparisjóðanna tekur út frá áramótum eftir þörfum og fer skuldin vaxandi til haustkauptíðar. Það er náttúrlega ekki hægt að segja fyrirfram, hve langur tími það yrði að meðaltali, sem hver lántakandi hefði, sem svaraði fullri upphæðinni. Ef gert er ráð fyrir, að lánin sjeu tekin út með jafnri upphæð mánaðarlega yfir tímabilið frá 1. janúar til 31. október, eða í 10 mánuði, og þá borguð upp, þá er það sama sem að öll upphæð hvers láns sje ekki notuð nema 5 mánuði, með 7% ársvöxtum. Þyrfti lántakandi þá að greiða $^5/_{12}$ af 7 krónum fyrir hvert hundrað af hámarksupphæð lánsins, en það verða tæp 3%. Nú er það spurningin, hvers virði það er atvinnurekandanum í sinni atvinnu, að hafa alt árið peninga í sínar greiðslur jafnóðum og hann þarf að kaupa og gjalda. Er það honum þess virði, að hann megi borga þrjá aura aukreitis af hverri krónu, til þess að geta notið viðskiftanna þannig, eða getur hann reiknað sjer að fá meira en 3% lægra verð á því, sem hann þarf að kaupa eða gjalda? Jeg held, að þeir, sem þekkja alment til viðskiftanna hjer, geti ekki verið í neinum vafa um það, að munurinn fyrir þann smávaxna atvinnurekanda er miklu meiri en 3%. Hann er oft miklu meiri, svo að jeg er sannfærður um það, að þótt hv. 2. þm. S.-M., þyki 7% vera háir vextir, þá er það samt miklu haganlegra fyrir þann, sem kann með peningana að fara, að fá að njóta þeirra til sinna viðskifta, þótt hann þurfi að borga sem svarar 7% á ári, fyrir þann tíma, sem hann þarf á peningunum að halda. En að hinir raunverulegu vextir verða svo miklu lægri en ársvextirnir, liggur í reikningsláns-fyrirkomulaginu, og að ekki er hægt að taka vexti nema þann tíma, sem hver upphæð af láninu er notuð. Það er ennfremur gert ráð fyrir því, að ekki verði notað sparifje landsmanna sem hægt er að vaxta alt árið, heldur sje það útlent reikningslán, sem aðeins þarf að greiða vexti af þann hluta ársins, sem þarf að nota það.

Jeg skal ekki fara langt út í það, sem hv. þm. sagði um sparisjóðsfjeð, en jeg vona, að þetta sýni, að það er ekki sjerstaklega hentugt að nota sparisjóðsfje landsmanna til slíkra útlána, vegna þess, að það verða þá nokkrir erfiðleikar á því að finna ávöxtun fyrir það fje þann tíma ársins, sem slíkir lántakendur þurfa ekki á því að halda, þó að slíkt sje ávalt nokkuð teygjanlegt. En ef svona löguð lánastarfsemi verður hafin og eykst svo nokkru nemi, þá er líklegt, að hún noti eitthvað af sparifje landsins, því að hver sparisjóður er engan veginn bundinn við að nota ekki meira fje en það, sem hann fær frá Landsbankanum. En jeg hygg líka, að Landsbankinn mundi sjá sjer það fært, að lána sparisjóðum nokkuð af sínu eigin innlánsfje, en það getur ekki orðið mjög mikið, og ekki rjett að fara á stað með slíka starfsemi, nema því að eins, að á bak við standi slíkt reikningslán, sem 1. gr. getur um.

Þetta var nú um kostnaðinn. Jeg er á alveg gagnstæðri skoðun við hv. þm. Jeg hygg, að það verði varla fundin önnur heppilegri tilhögun, sem geri það mögulegt að koma lánum fyrir á annan kostnaðarminni hátt, án þess að um gjafir sje að ræða. En það er alt annað, ef á að leggja fram gjafir af opinberu fje. En við höfum ekki farið fram á það.

Þá sagði hv. þm., að fyrirkomulagið væri þunglamalegt. Það finst mjer ekki. Mjer finst, að frumskilyrðið fyrir því, að fyrirkomulagið verði ekki þunglamalegt, sje einmitt það, að viðskiftin fara fram á milli einstaklinga og þeirra peningastofnana, sem í nágrenni þeirra eru. Seðlabankinn hefir altaf viðskifti við sparisjóðina, þannig, að á milli hans og sparisjóðanna ganga altaf ávísanir fram og til baka, hvort sem þessi starfsemi er tekin upp eða ekki, og það er líka það, sem þarf að vera. Það er hvort sem er ekki heldur hægt að gera þetta greiðara, t. d. með því að fela útvegun fjárins einhverri annari stofnun. Það mætti miklu fremur segja, að það yrði þunglamalegt, því að hver sparisjóður yrði þá að skifta við tvær stofnanir í staðinn fyrir eina.

Hitt, að menn þurfi að stofna fjelag, til að verða þessara hlunninda aðnjótandi, er þriðji liðurinn. Það má náttúrlega segja, að það sje þunglamalegt, samanborið við það, að hver einstaklingur geti gengið að stofnuninni; en leiðin að þessu fyrir smærri framleiðendur getur ekki verið önnur en í gegnum fjelagsskap þeirra sjálfra. Jeg held, að jeg hafi vikið að mótbárum hv. þm. við þessu, og jeg er honum ekki sammála um þá niðurstöðu, sem þeir komast að, um að vísa málinu til stjórnarinnar. Jeg álít, að þó að ekki sjeu miklar horfur á því, að slíkt mál sem þetta geti fengið fulla afgreiðslu á þingi, eftir að það kemur svo seint til 2. umr. í þessari þingdeild, ætti það þó a. m. k. að koma til athugunar í nefnd í hinni þingdeildinni, og jeg álít yfir höfuð, að sjerhvað það, sem gert er til að tefja fyrir málinu, sje gert til að tefja fyrir umbótum, sem allir viðurkenna að sjeu nauðsynlegar, og því rjettast að byrja sem fyrst á, eins og jeg hefi áður sagt.

Ingvar Pálmason:* Jeg þarf ekki miklu að svara, því að það var ekki margt, sem kom fram í ræðu háttv. 3. landsk., sem hnekki þeirri niðurstöðu, sem jeg hefi komist að. Hv. þm. viðurkennir, að tilgáta mín, en það var náttúrlega tæpasti útreikningur, um að þessi lán mundu ekki geta orðið ódýrari en 7% á ári, væri rjett. Og það gleður mig, að hv. þm. viðurkendi þetta, þótt hann vildi ekki ganga inn á þær forsendur, sem jeg hafði fyrir þessari niðurstöðu, sem skiftir minna máli, því að það er alls ekki hægt að skoða þetta sem útreikning, vegna þess að jeg hefi ekki gefið mjer þann tíma, sem til þurfti, til að athuga þetta atriði. En jeg skal geta þess, að ef jeg hefði farið þann veg í málinu, þá hefðu sjálfsagt tölurnar orðið hærri en þær, sem jeg nefndi. Að álagningin, sem verður á þessum lánum í fjelagsdeildunum, mundi ekki nema einum af hundraði, það vissi jeg vel, því að það er tekið hjer fram í frv., að sú álagning á ekki að vera nema ½%. En hverjum fjelagsmanni er skylt að greiða tíu krónur í inngangseyri í fjelagið, og álagning er það samt sem áður, og verður að teljast afleiðing af lántökunni.

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

Svo gerði hv. 3. landsk. útreikning, þótt fljótlegur væri, þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu, að hinir raunverulegu ársvextir yrðu ekki nema 3%; jeg verð, með allri virðingu fyrir útreikningi hv. þm., að draga þetta í efa, en það er ekki síður bygt á ágiskun minni heldur en útreikningi, því að jeg fæ ekki sjeð, hvernig það verður framkvæmt, að lán verði tekið þannig, eins og hv. þm. segir. Við skulum hugsa okkur, að jeg þurfi 3000 kr. til rekstursfjár fyrir árið. Það þarf jeg að vísu ekki alt árið, en þegar jeg hefi gengið í fjelagsskapinn, verð jeg að gefa upp þá fjárhæð, sem jeg þarf að nota, og það fje þarf að vera handbært, þegar á að nota það. Það leiðir af því, að einhverja vexti verður að greiða, þó að fjeð sje ekki notað. Þess vegna held jeg, að þessi útreikningur hv. 3. landsk. sje að miklu leyti út í loftið. Hitt vita allir, að þegar jeg tek víxil til eins mánaðar, þá borga jeg ekki 7% af upphæðinni nema þann tíma, sem víxillinn stendur, m. ö. o. mjer finst það vera viðurkent, að lánskjörin geti ekki með neinu móti orðið aðgengilegri heldur en þau eru alment nú.

Þá drap hv. þm. á það, að hann með útreikningi sínum hefði sýnt, að sparisjóðsfje landsmanna væri ekki hentugt til þessara útlána. Jeg skal náttúrlega ekki segja um það, en jeg veit, að þýsna miklir kostir munu samt sem áður fylgja því, að nota sitt eigið fje, heldur en erlent, en út í það skal jeg ekki fara að sinni.

Þá sagði hv. þm., að betri lánskjör mundi tæplega hægt að útvega til rekstrarláns en þau, sem hjer er farið fram á, nema því aðeins, að um gjafir væri að ræða. Jeg bið mig undanþeginn því, að við höfum farið fram á nokkrar gjafir. (JÞ: Það var alls ekki meining mín).

Hv. þm. vildi ekki kannast við það, að fyrirkomulagið væri þunglamalegt. Þó játaði hann, samt sem áður, að milliliðirnir væri orðnir nokkuð margir, og þótt sæmilega gengi viðskiftin á milli sparisjóðanna og bankans, þá var samt svo að skilja, sem það gætu liðið mánuðir frá því að borgað væri við sparisjóðinn, þar til borgunin kæmist til bankans. Já, það er nú ekki betra með samgöngurnar hjá okkur, en að greiðslur geta af þeim sökum dregist í marga mánuði, og jeg er hræddur um, að einhver verði á meðan að borga vexti af láninu.

Þá taldi hv. þm. sjálfsagt, að afgreiða málið nú í þinginu, svo langt sem hægt væri að koma því, en þar erum við ekki sammála. Jeg tel ver farið að halda málinu áfram í þinginu, þangað til það strandar, heldur en að vísa því til stjórnarinnar, í þeirri von, að að því verði unnið á milli þinga. Ef málið dagar uppi, þá er það ver komið heldur en hjá stjórninni, því að þá er ekkert gert að því eftir þing. Það, sem sagt var um tafir á málinu, get jeg ekki beinlínis tekið til mín, eða að við höfum tafið það lengi. Það væri þá aðeins, ef dregist hefði hjá okkur að skila nál., og það stafar þá af því, að við höfum ekki fyr en fyrir nokkrum dögum verið spurðir um það, hvort við ætluðum ekki að skila nál., og kváðum við nei við því.

En jeg skal ekki karpa um þettta mál lengur. Það, sem veldur mismun í skoðunum á málinu, er misjöfn trú á því. Jeg geri ekki ráð fyrir, að jeg geti með nokkrum árangri boðað hv.

3. landsk. þá trú, sem jeg hefi, eða hann mjer sína trú, en jeg held, að okkur geti báðum komið saman um að gera það, sem heppilegast er í málinu. Jeg tel heppilegra að vísa því til stjórnarinnar, heldur en að láta það daga uppi, en hv. þm. virðist, því miður, líta öðruvísi á það.

Jónas Kristjánsson: Það lítur út fyrir, að þetta mál ætli að eiga nokkuð erfitt uppdráttar hjer í deildinni, hvort sem það kemst lengra eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti get ekki skilið í þeim mótbárum, sem færðar eru gegn því, og mjer finnast þær, satt að segja, lítils virði.

Fyrsta mótbáran er sú, að seðlabanki okkar vilji ekki eiga neitt við þetta, en það finst mjer, satt að segja, ótrúlegt, að nokkur banki skuli koma með þá þrotaauglýsingu á sjálfum sjer, að hann geti ekki útvegað fje til annars eins nauðsynjamáls og þetta er.

Önnur mótbáran gegn því er, að lánin verði dýr, en það eru öll lán dýr nú. Hvernig eru lánin, sem bændur landsins verða að sæta hjá kaupfjelögunum, eða kaupfjelögin hjá Sambandi ísl. samvinnufjelaga? Jeg held, að þar sje ekki um nein kostakjör að ræða, því að jeg veit ekki betur en að bændur verði að greiða 8% af þeim, svo að það er ekki að fljúga úr neinu mjúku hreiðri, í því efni.

Það, sem skapaði þetta frv., var hin mikla nauðsyn til þess að reyna að losna við vöruskiftaverslunina, en það er hið mikla þjóðarböl, sem við eigum við að búa, og þykir mjer undarlegt, ef bændur landsins finna ekki, hvar skórinn kreppir að. Ríkir bændur finna kanske lítið til þess, en hinir fátækari bændur hljóta þá að finna ennþá meira til þess.

Það hefir fyr verið reynt að finna ráð til að fyrirbyggja þessa skuldaverslun, og það var fyrst og fremst tilgangurinn með myndun kaupfjelaganna. En hvernig er nú komið með það takmark, sem þau settu sjer upphaflega? Það er meinið, að þau hafa gleymt sínu upphaflega takmarki og eru komin á aðrar slóðir. Takmark þeirra var að hindra skuldaverslunina og að fá vörurnar sem ódýrastar. En nú lítur helst út fyrir, að samkeppnin á milli kaupmannanna og fjelaganna sje farin að ganga út á það, hvorir geti nú veitt lengri greiðslufrest, og virðist þetta nú vera orðið alveg öfugt við það, sem áður var, og er það illa farið. En svo þegar þessi tilraun er gerð til að reyna að leiðbeina kaupfjelögunum til að sjá rjetta markið, þá koma bændur hjer á þingi og segja, að þetta megi ekki gera, og svo lítur helst út fyrir, að frv. verði látið stranda hjer óafgreitt. Þess vegna vil jeg biðja hamingjuna að hjálpa þessari þjóð, ef svona á að halda áfram, því að það verður sennilega ekki hrakið, að stærsta meinsemdin, mesta þjóðarbölið okkar Íslendinga, er vöruskiftaverslunin og þar af leiðandi lánsverslun og töp, sem henni fylgja. Ef ætti að reikna það sem hundraðsgjald af verslun landsins, þá er jeg viss um, að það yrði afskaplega hátt. Þetta þarf að laga, og einasta ráðið til þess er peningaverslun, það ráðið, að við reynum að ganga í spor annara þjóða og reynum að versla þannig, að hönd selji hendi. Það er enginn efi á því,

að þegar menn versla fyrir peninga, þá hugsa menn sig betur um, áður en þeir kaupa, eru vandaðri í vali og hugsa frekar um það, hvers þeir geti komist af án, og þetta skapar varúðina. Aftur gerir skuldaverslunin menn andvaralausa, og menn missa þannig sjálfstæði sitt. En það er viðurkent, að þeir, sem eru ósjálfstæðir efnalega, verða líka ósjálfstæðir andlega. Þetta er reynslan fyrir löngu búin að sýna, og það er einmitt vöruskifta- og lánsverslunin, sem hefir haldið þjóðinni okkar í kútnum, af því að við kunnum ekki fótum okkar forráð, þar sem um fjármál er að ræða. En það, að menn geti verslað skuldlaust og viti, hvað þeir mega leyfa sjer, það er ekki aðeins besta ráðið til efnalegs sjálfstæðis, heldur líka til andlegs sjálfstæðis, og því verður ekki neitað, að framfarir í andlegu sjálfstæði eru ekki miklar hjá okkur. Jeg held, að þar sje öllu heldur um afturför að ræða, og jeg hygg, að núverandi verslunarfyrirkomulag sje heldur til að spilla í þeim efnum.

Hjer er um það að ræða, hvort á að reyna að lækna þá meinsemd, sem knýr okkur á knje, og þetta ráð, sem hjer er verið að tala um, er lagt á til þess að bændur landsins geti stundað atvinnu sína og skapað sjer verslunarfrelsi, og jeg sje ekki betur en að þeir, sem berjast á móti þessu máli, sjeu að berjast á móti efnalegu og andlegu frelsi þjóðarinnar.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Það er aðeins örstutt athugasemd út af síðustu ummælum hv. 2. þm. S.-M. Mjer finst, að hv. þm. hafi ekki til fulls skilið þá kosti, sem reikningslánstilhögunin hefir í för með sjer, og geri ráð fyrir, að það þurfi einhversstaðar að liggja miklar birgðir fjár í skúffum, ónotaðar, og að einhverjir verði þá að greiða vexti af þeim. Þetta er misskilningur. Þar sem svona viðskifti eru tekin upp, fara slíkar greiðslur mest fram með tjekkum eða ávísunum, og það útheimtir ekki, að neitt fje liggi rentulaust, eins og mundi eiga sjer stað, ef um peningasendingu væri að ræða, því að það tekur ávalt dálítinn tíma að senda fje af einum stað á annan. Sumstaðar er það venja, að láta greiða vexti á meðan ávísanir eru á leiðinni milli peningastofnana, annarsstaðar ekki. En þó að jafnvel væri gert ráð fyrir því, að meðallánstími lengdist um ½ mánuð á ári af þessum sökum, þá munar það ekki miklu á þeim raunverulegu vöxtum, sem mundu verða um 3%.

Hv. þm. telur þessu máli betur borgið hjá stjórninni en hjá þinginu. Vill hann láta það fara til stjórnarinnar nú þegar. Á þetta get jeg ekki fallist. Jeg vil láta það fara sína leið gegnum þingið, og vísa því til Nd. Það er sú rjetta aðferð, ef eitthvað á að sinna þessu á annað borð. Nd. getur svo vísað því til stjórnarinnar, ef henni sýnist svo.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar, frá 2. þm. S.-M. (IP) og 1. þm. Eyf. (EÁ) feld með 6:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PH, EÁ, EF, IP, GÓ.

nei: JKr, BK, HSteins, JóhJóh, JBald, JÞ.

JJ og MK greiddu ekki atkv.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

Brtt. 512, 1 samþ. með 10:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JÞ, JJ, JKr, MK, PH, BK, HSteins, JóhJóh, JBald, GÓ.

nei: EF.

EÁ og IP greiddu ekki atkvæði.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

1. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 512, 2 samþ. með 7 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

4.—7. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Brtt. 512, 3 samþ. með 7 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv.

9. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 30. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 619).

Ingvar Pálmason:* Það mun fara svo, að þetta frv. fari út úr deildinni, og vegna þess vil jeg gera tilraun til breytinga á því, en hefir ekki unnist tími til þess enn. Vil jeg því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið út af dagskrá. Jeg lofa því að tefja málið ekkert í deildinni af þessum sökum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

Á 64. fundi í Ed. var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 619).

Frsm. 2. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg sagði frá því í nál., sem jeg gerði um þetta mál, og einnig í ræðu, sem jeg flutti við 2. umr. málsins, að jeg mundi fylgja frv. til 3. umr., eða þar til sjeð yrði, hvort úr rættist um framkvæmd þessa máls. Það er, eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, ætlast til þess, að það sje Landsbanki Íslands, sem standi fyrir þessum lánveitingum, taki erlendis, með ábyrgð ríkissjóðs, 5 milj. króna lán, sem síðan yrði veitt út um landið til sparisjóða og bankaútibúa, og sjeu þessi lán veitt, eins og segir í frv., samvinnufjelögum og fjelögum einstakra manna í hreppum landsins, sem bera sameiginlega ábyrgð gagnvart lánsstofnuninni, og setja aðrar tryggingar, sem til er tekið í frv. að vera skuli.

Nú er það kunnugt, að Landsbankinn hefir ekki tjáð sig geta haft föng á að annast þessa starfsemi. Bankastjórnin hefir svarað á þessa leið, en bankaráðið mun ekki hafa verið spurt enn þá. En ef grundvellinum er þannig kipt burt, þá sje jeg ekki, að hægt sje að láta málið ganga þannig áfram. Það væri hálf barnalegt af okkur að samþykkja frv., sem fyrir víst er vitað, að ekki mun koma til framkvæmda eða ná þeim tilgangi, sem því er ætlað. Því að þótt jeg viðurkenni nauðsyn á rekstrarlánum út um hjeruð landsins, þá get jeg ekki fengið mig til að fara að samþykkja frv., þegar jeg veit fyrir víst að ekkert verður um framkvæmdir. Það er þá aðeins verið að samþykkja pappírsgagn, og tel jeg þá ver af stað farið en heima setið,

og þá mundu lögin og koma í veg fyrir, að farnar verði aðrar leiðir; en það gæti samt farið með þau eins og lögin um ríkisveðbankann, að þau kæmi aldrei til framkvæmda, enda hygg jeg, að það hefði verið betra að samþykkja hann aldrei, því að það væri líklega búið að koma upp einhverri stofnun fyrir fasteignaveðslán hjer í landinu, ef þau pappírslög hefði ekki verið. Nú hefi jeg heyrt það sagt hjer, að þetta mál geti gengið áfram til Nd., en það er þó engin von um, að málið komist út úr þinginu. En ef það nú færi þannig til Nd., þá sleptum við málinu frá okkur, án þess að vita, hvort nokkrir möguleikar væri til framkvæmda, því að við vitum, að það eru engir möguleikar til þess, að frv. óbreyttu. Jeg vil ekki sleppa málinu þannig til Nd., í trausti þess, að hún taki það og breyti því svo, að það geti komist til framkvæmda, og eins þótt neðrideildarmenn segðu um eitt mál í gær, að þeir vildu samþykkja einhverjar breytingar á frv., sem röskuðu sambandi þess, í því trausti, að Ed. lagaði það. Þótt það gæti verið rjettmætt, þá er ekki víst, að það væri rjett af Ed. að sleppa frv., í trausti þess, að Nd. lagaði það. Jeg álít það ekki rjett, að sleppa málum þannig, án þess að vita fyrir víst, að þau geti komið að gagni, og með tilvísun til þess, sem jeg hefi sagt í nál. og ræðu hjer í hv. deild, leyfi jeg mjer að bera fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstjórnin í samráði við stjórn Landsbanka Íslands taki til yfirvegunar og láti rannsaka, á hvern hátt verði sem best bætt úr rekstrarlánaþörf landsmanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Afhendi jeg svo hæstv. forseta þessa dagskrá.

Forseti (GÓ): Þá er þessi dagskrá einnig til umræðu.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Hv. 5. landsk. hefir í fyrri umr. um þetta mál viðurkent það sem sína skoðun, að rjett væri, að Landsbanki Íslands hefði forgöngu um útvegun þessa lánsfjár, og að það væri hentugt, m. a. vegna þeirra viðskifta, sem hvort sem er eru á milli Landsbankans og erlendra peningastofnana á aðra hliðina, og Landsbankans og sparisjóðanna í landinu á hina hliðina. Jeg verð að segja það, að mjer þykir hv. þm. nú hneigja sig fulldjúpt fyrir stjórn Landsbankans, þegar hann nú vill vísa þessu máli frá, vegna þess að bankastjórarnir eru honum ekki sammála um þetta atriði. Jeg fyrir mitt leyti met bankastjóra Landsbankans mikils, en jeg finn þó ekki ástæðu til að verða hv. 5. landsk samferða í þessari djúpu auðmýkt hans fyrir þeim.

Það er í raun og veru fátt um þetta að segja, annað en að benda á, að það er ekki rjett, sem hv. þm. hjelt fram, að það væri engin von um framkvæmdir í þessu máli, af því að bankastjórar Landsbankans hafi nú lagt á móti því, að þetta verkefni væri nú falið bankanum. Fyrst og fremst eru það nú ekki framkvæmdarstjórar Landsbankans, eða að minsta kosti ekki þeir einir, sem ráða því, hvort bankinn á að taka upp nýja starfsemi eða færa út starfsemi sína. Ákvörðun um þetta hvílir fyrst og fremst á bankaráðinu, og þótt nú liggi fyrir þinginu frv. um breyting á Landsbankalögunum, verður engin breyting í þessu efni. Slík ákvörðun sem þessi

getur ekki talist til þeirra daglegu starfa í bankanum, sem bankastjórunum er ætluð, og jeg fyrir mitt leyti er ekki í miklum vafa um það, að eins og málavextir eru, ef lögin fengju afgreiðslu í þinginu, mundi bankaráð Landsbankans alveg fortakslaust sinna þeim. Ef landsstjórnin vildi sinna málinu, þá mundi ekki standa á Landsbankanum til þess, enda væri það svo ástæðulaust að hafa á móti því, vegna þess að í upphafi mundi hjer verða um svo lítið aukin fjárframlög að ræða, að þeirra mundi lítið gæta í allri þeirri upphæð, sem Landsbankinn veitir, og þetta er af því, að það hlýtur á flestum stöðum að taka nokkurn tíma að mynda þau samtök og gera þann undirbúning, sem fram þarf að fara, áður en menn eru tilbúnir að nota sjer lögin. Jeg get þess vegna ekki með nokkru móti kannast við það, að samþykt þessa frv. sje gagnslaus eða barnaleg, eins og hv. þm. orðaði það, eða mundi standa í vegi fyrir því, að nýjar leiðir verði framkvæmdar. Jeg tel það vera öldungis víst, ef þetta frv. nær samþykki, að þá verði úti um sveitir landsins tekið til við að undirbúa þann fjelagsskap, sem að þessu á að starfa, og það verður tekið til við að fá stjórnir sparisjóða til að sinna þessu málefni, og peningar verða fyrir hendi hjá Landsbankanum, jafnóðum og eftir þeim verður leitað.

Það verður nú að gæta að því, að þó að bankastjórar Landsbankans, þegar þeir eru spurðir um einhver lagafrumvörp, hafi heldur á móti því, að eitthvað verði lögtekið, þá er það alt annað, ef menn hugsa sjer, að þeir standi á móti framkvæmdum laganna, þegar búið er að lögleiða slík frv. Jeg get stutt þetta með fordæmi. Á þinginu 1924 voru samþykt lög um búnaðarlánadeild við Landsbankann, og höfðu bankastjórarnir ákaflega mikið á móti því. Þetta varð samt að lögum, og þegar þetta átti að koma til framkvæmda, töldu bankastjórarnir ákaflega mikil tormerki á því; þeim var veittur þriggja mánaða frestur, þar til þær ástæður voru breyttar, og síðan var þetta framkvæmt, eins og bankareikningarnir bera með sjer. Svona hlýtur það að ganga með hverja slíka löggjöf, að hún kemst náttúrlega til framkvæmda, þó að þeir starfsmenn, sem að einhverju leyti eiga að sjá um framkvæmdirnar, hefðu heldur kosið að sjá hana ógerða. Jeg get þess vegna ekki talið, að háttv. 5. landsk. hafi tekist á nokkurn hátt að sýna fram á, að rjettmætt sje að stöðva meðferð málsins nú á þinginu.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg get minst á annað atriði, sem gerir framkvæmd málsins örðugri, heldur en við í fjhn. fyrst bjuggumst við og heldur en kom fram undir umræðum málsins áður, og það er, að bankastjórn Landsbankans telur alveg óframkvæmanlegt að nota ameríska lánið í þessu skyni. Það er af því, að það lán verður að greiðast upp að fullu á hverju ári, og ef lántakendur ekki geta greitt þau upp, þá verða af þeim framlengingarvextir, sem gera lánin afardýr, en það vitum við allir, sem höfum athugað þetta frv. og þekkjum til viðskifta meðal manna, að það verður altaf talsvert mikið af þessum lánum, sem ekki kemur aftur á rjettum gjalddaga, því að það kemur svo oft hjer misæri, bregst afli, bregst heyskapur og þar af leiðandi búskapurinn, svo að það hlýtur að verða svo, að eitthvað standi fast,

þó að það væri upphaflega aðeins tekið sem rekstrarlán. Þetta lán er því ekki hægt að nota, og þá er um það að ræða að taka til þess ný lán, og jeg hefi ekki heyrt stjórnina segja neitt um það, hvort hún mundi vera fús til að útvega neitt slíkt lán eða til að ganga í ábyrgð fyrir því, en þetta þarf alt að vera fyrir hendi. Landsbankinn þarf að vilja taka þetta að sjer, og stjórnin þarf að ganga í ábyrgð fyrir láninu, til þess að þetta komist í framkvæmd. Þess vegna álít jeg, eins og málið stendur nú, og sjerstaklega fyrir mótstöðu stjórnar Landsbankans, að lítil von sje um, að nokkuð verði gert í málinu, þó að það verði samþykt á þinginu. Það þýðir ekkert í þessu sambandi að tala um djúpa auðmýkt og að lagst sje lágt fyrir stjórn Landsbankans, ef menn sjá, að þeir, sem eiga að hafa þessa lánsstjórn með höndum, álíta málið óframkvæmanlegt. Það, sem hv. þm. kallar auðmýkt hjá mjer, kallar hann tilhliðrun hjá sjálfum sjer, því að þegar hv. þm. mintist á búnaðarlánadeildina, þá var það tilhliðrun, ekki auðmýkt, að láta málið bíða í nokkra mánuði, af því bankastjórar Landsbankans lögðu á móti stofnun búnaðarlánadeildarinnar. En hvernig urðu svo framkvæmdirnar? Þannig, að bankinn veitti að vísu örfá lán úr þessari deild, en fyrirkomulaginu var alveg breytt, og gott ef þessi fáu lán úr búnaðarlánadeildinni voru ekki veitt með þeim skilmálum, að þessu væri breytt af stjórninni þá á næsta þingi og sett í nýtt form, enda kom hinn nýi ræktunarsjóður úr þessu, og það hefir þáverandi fjármálaráðherra Jón Þorláksson sjeð, að það var ekki til neins að þröngva því máli fram, sem þeir menn, sem áttu að hafa framkvæmd þess á hendi, settu sig á móti; aðeins var ráðherrann skyldur að segja þinginu þetta, áður en það samþykti lögin. Og ef það hefir aðeins verið tilhliðrun, sem ráðherrann sýndi um búnaðarlánadeildina, þá er óþarft að kalla það auðmýkt, sem fram kemur hjá mjer.

Hv. þm. heldur, að ef þingið aðeins samþykkir þetta frv. í trássi við stjórn Landsbankans, þá muni hún nú samt sem áður taka þetta að sjer, og framkvæmdir muni byrja í málinu. Jeg er ákaflega hræddur um, að lítið verði úr því, en þær framkvæmdir, sem geta orðið án þess að Landsbankinn beiti sjer fyrir þessari lántöku, gætu alveg eins orðið án þess að frv. væri samþykt, eða því skyldu menn ekki úti um sveitir landsins geta myndað fjelög til lántöku, og svo sagt við bankann: Hjer erum við, á bak við okkur eru svo og svo miklar tryggingar, og við viljum gjarnan fá þetta lán handa okkur. Mjer er sagt, að það sje fjelag norður í Skagafirði, sem hafi starfað svona, án þess að nokkur lög hafi staðið á bak við það, og ef eitt fjelag getur starfað þannig, þá geta fleiri gert það. En þótt jeg sje samþykkur hv. þm. um stofnun slíkrar lánsstarfsemi, og að nokkru leyti um tilhögunina, þá get jeg þó ekki annað en tekið tillit til þess, sem þeir menn segja, sem á að leggja þetta í hendurnar á, og jeg er jafnvel á móti því, þótt jeg vilji ríkisrekstur á ýmsum sviðum, að þingið skipi fyrir um framkvæmdir í einstökum fyrirtækjum ríkisins. Eins álít jeg ekki heppilegt að fyrirskipa Landsbankanum eitthvað, sem þeir menn, sem starfa eiga að því, leggja eins eindregið á móti eins og þessu. Jeg held, að bankastjórar Landsbankans

sjeu allsamhuga um það, að þeir að minsta kosti líta á þetta sem algerlega óframkvæmanlegt fyrir Landsbankann að sinna þessu. Jeg held nú, þó að jeg hafi sagt að jeg áliti, að Landsbankinn eigi að hafa þetta á hendi, vegna þess að jeg álít hann best falinn til þess af því, hve greið peningaskifti hann hefir við útlönd og getur hæglega miðlað fjenu á milli, að ef framkvæmdarstjórn hans ekki vill sinna málinu, og ef landsstjórnin ekki vill koma því áleiðis, þá þýði ekki að samþykkja málið í því skyni, að það komi að gagni. Því er ennfremur yfir lýst af stjórn Landsbankans, og vist óhætt að hafa það eftir, að ógerlegt sje að nota ameríska lánið til þessa, því að það er aðeins talið vera til þess að halda gjaldeyri landsins í lagi, og ef þeir þurfa að opna það, þá skoða þeir það gert í þágu gengismálsins. Það lán vilja þeir helst ekki opna, og telja það aðeins sem öryggisráðstöfun, svo að jeg sje ekki betur en að það bresti talsvert mikið á, að menn geti gert sjer vonir um framkvæmdir í þessu máli, sem jeg þó játa að væri æskilegt.

Jeg vissi ekki betur en að hv. 3. landsk. beitti sjer algerlega á móti því, þegar verið var að tala um það hjer á Alþingi, undir umr. um ræktunarsjóðinn, að fyrirskipa Landsbankanum að kaupa vissan hluta af verðbrjefum ræktunarsjóðsins við tilteknu verði. Það var verið að tala um að fyrirskipa bankanum þetta, og jeg ímynda mjer, að bankastjórnin hefði gert það, ef þingið hefði gengið svo frá því. En hv. 3. landsk. lagði eindregið á móti því, og sömuleiðis hv. 1. þm. Reykv. (MJ). Þeir báru það báðir fram sem ástæðu, að bankastjórnin legðist á móti þessu, og álitu því óforsvaranlegt að leggja þetta á bankann. Af framansögðu finst mjer, að ef verið er að tala um auðmýkt hjá mjer gagnvart stjórn Landsbankans, þá megi vitna í fleiri um slíka hluti. Menn sjá vonandi af þessu, að það er ekki hægt að koma fram málinu, vegna þess að það strandar á þeim aðilum, sem eiga að framkvæma það.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hefi ekki sjeð ástæðu til að ræða um málið fyr, af því að öllum var fyrirsjáanlegt, að frv. þetta er svo ófullkomið að öllu formi, að það getur ekki náð fram að ganga í sinni núverandi mynd. En um efni þess er annað að segja. Að efni til stefnir frv. í rjetta átt, þótt búningurinn geri það gagnslaust eða minna en það. Því síður hefi eg sjeð ástæðu til að sinna því, þar sem formaður núverandi stjórnar hefir síðan í haust unnið að undirbúningi fullkomins landbúnaðarbanka.

Jeg ætla ekki að fara út í það, hvað mæli helst með og á móti þessu máli, því að það hefir verið gert af öðrum. En jeg vildi leyfa mjer að beina þeirri fyrirspurn til hv. 1. þm. G.-K. og hv. 3. landsk., hvort þeir búist við að verði hægt að hagnýta þá viðskiftareglu, sem þeir hafa ætlað þessari deild að nota, í hinum almennu viðskiftum bankanna, þ. e. að láta útvegsmenn og kaupmenn borga upp öll atvinnurekstrarlán fyrir jól, og ef einhver stendur ekki í skilum, þá að svifta hann um leið öllum frekari viðskiftamöguleikum. Þetta skiftir náttúrlega mjög miklu máli fyrir Landsbankann, sem bæði hefir mikil viðskifti við ýmsa atvinnurekendur, og einnig endurkaupir víxla af hinum bankanum, þannig, að menn segja, að mestur hluti af hans lánum sjeu atvinnurekstrarlán.

En það er nú mála sannast, að báðir bankarnir hafa orðið fyrir allmiklum töpum á atvinnurekstrarlánum sínum.

Ennfremur vildi jeg spyrja þessa hv. þm., hvort ekki væri rjett að 10—20 útgerðarmenn eða kaupmenn, með svona ábyrgð, stæðu á bak við öll bankaviðskifti þeirra stjetta?

Jón Þorláksson: Hv. 5. landsk. vildi halda því fram, að ekki væri hægt að nota ameríska lánið til þessa atvinnurekstrarlána, því það ætti að greiðast árlega, en þau mundu ekki greiðast á gjalddaga. En þessar upplýsingar hans eru ekki rjettar. Það er að vísu rjett, að reikningslán ber að greiða upp árlega. En þar sem föst viðskifti eru komin á milli banka, þá er það jafn algengt, og má næstum því heita föst venja, að þau sjeu endurnýjuð frá ári til árs. Og það, að alt ameríska reikningslánið var ekki endurnýjað, heldur aðeins helmingur þess, stafar af því, að Landsbankinn hjer óskaði ekki eftir því að fá endurnýjun á meiru. Það var því ekki vegna þess, að nokkuð væri því til hindrunar að fá það alt, heldur aðeins af því, að lántakandi óskaði ekki eftir meiru.

Hvað snertir greiðslu atvinnurekstrarlánanna, þá geri jeg ráð fyrir, að þau greiðist öll á gjalddaga, og við það miðast öll tilhögun þeirra. Það er nefnilega miðað við það, að þau sjeu greidd um leið og sala afurðanna fer fram. Og venjulega munar það ekki miklu, nær hún fer fram frá fyrstu hendi til annarar. Aftur á móti getur það vel dregist hjá heildsalanum að selja, því það er oft svo, að hann fer eftir því, hvenær erlendi markaðurinn er honum hentugastur. Aftur á móti bregst það varla, að salan frá fyrstu hendi til annarar fari fram á sama tíma árs, og við það er greiðslan miðuð í hvert sinn. Alt annað er það, hvort rjett sje, að bankastjórnin noti ameríska lánið til þessa. Bankastjórnin mun líta svo á, að það sje ekki rjett, því það eigi að vera nokkurskonar varasjóður, sem bankinn geti gripið til, ef í harðbakka slær, og sje því ekki rjett að skerða það með útlánum á venjulegum árum. Nú er sú upphæð, er bankinn hefir af þessu láni, 1 milj. dollarar. Og sökum þess, að við gerum ráð fyrir því, að heldur muni þurfa lítið til þeirra atvinnurekstrarlána fyrstu 2 árin, þá lítum við svo á, að það muni ekki skerða þennan varasjóð bankans tilfinnanlega, þó ameríska lánið verði notað í þessu skyni. Auk þess er ekkert því til fyrirstöðu að hafa lánið hærra, ef með þarf, svo bankinn geti haft eina miljón dollara upp á að hlaupa aukreitis, en samt haft nóg fje til þessara lána.

Það hefir hvergi komið fram í umsögn bankastjórnarinnar, að hún telji þetta óframkvæmanlegt, eins og háttv. þm. sagði. Um það hefir hún ekkert sagt. Bankastjórnin hefir aðeins fært til ástæður fyrir því, að hún telur rjett, að seðlabankinn fáist ekki við þessa starfsemi. En eins og nál. okkar 1. þm. G.-K. ber með sjer, þá erum við ósammála bankastjórninni um það. Við höldum því fram, að það sje rjett, að Landsbankinn annist þetta, því öll útvegun þess fjár, er þarf til þessara atvinnurekstrarlána, yrði miklu erfiðari, af aðrir en bankastjórnin ættu að vera í útvegum um það. Að þessi lög sjeu sett í trássi við Landsbankastjórnina er ekki hægt að segja, því í fyrsta lagi eru þetta aðeins heimildarlög, og hinsvegar er það bankaráðið, en ekki banka-

stjórarnir, sem er yfirstjórn bankans. Bankaráðið í heild hefir ekkert sagt um þetta, en einn bankaráðsmaðurinn er flm. þess. Jeg fyrir mitt leyti sje ekki ástæðu til þess að ætla, að ekki sje forsvaranlegt, að Landsbankinn hafi útvegun um þetta, ef fjeð, sem tekið er að láni, er nokkuð takmarkað og þess gætt vandlega, að tryggingar sjeu góðar, þegar lánað er út aftur. — Það, sem jeg sagði um auðmýkt hv. 5 landsk., byggist á því, að hann er ósammála bankastjórninni, en ætlar samt að láta hennar skoðun ráða atkv. sínu við 3. umr., eftir að hafa farið eftir sinni eigin við 2. umr. Hjá mjer er ekki hægt að benda á neitt slíkt í minni þingsögu.

Ef þessu frv. verður vísað frá, þá er engin von til þess, að menn úti um land hefjist handa til þess að undirbúa slíkan fjelagsskap, því að þá gætu þeir átt á hættu, að það yrði ekki annað en árangurslaust erfiði, því engin vissa er fyrir því, að hæstv. stjórn starfaði þá nokkuð af þessu. Miklu meiri líkur væru til þess, að heppileg úrlausn fengist, ef það væri samþykt hjer í Ed. og svo látið ganga sinn venjulega gang gegnum þingið. Annars tók nú hæstv. dómsmrh. vel undir þetta mál, og gat þess í því sambandi, að hæstv. forsrh. væri að undirbúa fasteignabanka, og gæti þá vel komið til mála, að hann annaðist þessi lán, ef Landsbankinn yrði ekki látinn gera það. Þá vil jeg og benda á það, að þó þetta verði samþ. nú og Landsbankinn hafi þetta með höndum til að byrja með, meðan lítið fje þarf, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að þessu verði breytt seinna og milligangan þá falin annari stofnun. Það er því engin ástæða til þess að fella frv. vegna þess.

Þá spurði hæstv. dómsmrh. hvort við hefðum hugsað okkur, að atvinnurekstrarlán yfirleitt yrðu bundin því skilyrði, að að baki stæði ætíð 10—20 manna ábyrgð og að þau skyldu öll greidd fyrir jól. Það get jeg ekki hugsað mjer að gert verði, enda er ekki farið fram á slíkt. Því það er alls ekki gert að skilyrði, að öll lán skuli veitt með þessu formi, sem hjer er gert ráð fyrir, og því ekkert til fyrirstöðu, að þau verði veitt undir öðru formi. Hjer er aðeins verið að stinga upp á tilhögun, sem er þess eðlis, að þeir, sem útundan hafa orðið, geti orðið slíkra lána aðnjótandi. Hitt er aftur á móti mjög misráðið, ef löggjafinn fer að setja of þröngar skorður fyrir því, með hvaða tilhögun peningastofnanir megi veita lán. Það, sem mestu á að ráða í þessum efnum, er vitanlega það, að þau lán, sem veitt eru, sjeu vel trygð, svo örugt sje, að þau tapist ekki. Get jeg vel tekið undir það með hæstv. dómsmrh., að þess muni ekki altaf hafa verið svo vel gætt undanfarin ár sem æskilegt hefði verið. Og þó þetta sje máske afsakanlegra hvað snertir lán, er veitt voru fyrir 1920, þá er jeg ekki viss um, að ávalt hafi verið gætt nógu mikillar varkárni í þessum efnum eftir þann tíma. — Að lokum ætla jeg svo að láta í ljós þá von mína, að þó svo fari, að þetta frv. verði ekki útrætt, að þá leggi enginn þá merkingu í það, að meining þess sje að banna að veita lán með öðrum hætti en stungið er upp á í frv. Tilganurinn með því er sá, að reyna að finna leið til þess, að þeir smáu atvinnurekendur, er búa í fjarlægð frá peningastofnunum í Reykjavík, hafi betri aðstöðu til þess að afla sjer lána.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Baldvinsson): Hv. 3. landsk. vildi bera það á mig, að jeg hefði haft skoðanaskifti í þessu máli. Að svo sje ekki, þá nægir að skirskota til nál. míns á þskj. 590, þar sem jeg hefi tekið afstöðu til þessa máls. Jeg er sammála flm. frv. um það, að nauðsynlegt sje að ljetta af láns- og vöruskiftaversluninni og hafa lánsstofnanir út um hjeruðin, en jeg geng jafnframt út frá því, að forganga þessarar rekstrarlánastarfsemi fari fram í sambandi við Landsbankann. En þegar útlit er fyrir, að hann geti ekki haft þessi viðskifti með höndum, tel jeg fótunum kipt undan frv., og tel rjett að vísa því til stjórnarinnar. Og til sönnunar því, að hjer hafi engin skoðanaskifti átt sjer stað hjá mjer, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkur orð út nál: .... „Þó jeg ekki nú sjái fyrir víst, hvernig komið verði fyrir forgöngu og yfirstjórn rekstrarlánastarfsemi frv., þá mun jeg fylgja frv. til 3. umr., í trausti þess, að þá verði sjeð fær leið til framkvæmda í málinu."

Þessu lýsti jeg yfir við 2. umr., og síðan hefir ekkert það komið fram, sem bendi til þess, að málið geti komist í framkvæmd. Stjórn Landsbankans hefir lýst því yfir, að hún vilji ekki, að þessi lánastarfsemi fari fram í sambandi við bankann. Menn væru því engu nær, þó að frv. yrði samþykt nú. (BK: Á bankastjórnin að ráða yfir þinginu?) Nei, mjer dettur ekki í hug að halda því fram. En jeg vil ekki láta samþykkja frv. þetta til þess að það verði aðeins pappírslög ein, því að svo verður, ef það verður samþ. eins og það liggur fyrir nú.

Annars má minna háttv. 3. landsk. á það, að afstaða hans gagnvart áliti Landsbankastjórnarinnar var á annan veg, þegar till. kom fram um það, að skylda Landsbankann til þess að liggja með ákveðinn hluta af ræktunarsjóðsbrjefunum. Þá lagði hann á móti því, af því að hann taldi slíkt ekki framkvæmanlegt, af því að bankastjórnin legði á móti því. Og það áleit þingið líka, þó að það hafi öll yfirráð yfir bankanum.

Þá sagði hv. 3. landsk., að auðmýkt mín lægi í því, að jeg hefði verið áður með málinu, en beygði mig nú fyrir áliti bankastjórnarinnar. Þetta er ekki rjett, því að eins og jeg hefi margtekið fram, liggur andstaða mín gegn frv. nú í því einu, að jeg sje ekki, að það beri neinn árangur, eins og nú standa sakir, þó að það verði samþykt. Þá sagði háttv. þm., að það, sem jeg hefði sagt um ameríska reikningslánið, hefði verið skakt. Lán það ætti að takast frá ári til árs, sem sagt borgast upp árlega, eins og gert er ráð fyrir með þessi rekstrarlán. Þetta er alveg rjett. En fari svo, að Landsbankinn fái ekki inn árlega alt það fje, sem hann lætur til rekstrarlánastarfseminnar, þá þarf hann annaðhvort að greiða ameríska reikningslánið upp með öðru fje, eða þá að framlengja nokkrum hluta þess, en það hefir aftur þá þýðingu, að vextirnir af útlánsfjenu hjer verða hærri. Þetta bjóst jeg við að hv. 3. landsk. mundi vita. Annars mun Landsbankinn ætla að hafa þetta ameríska lán sem nokkurskonar varasjóð, til þess að grípa til, þegar eitthvað óvenjulegt kemur fyrir, en ekki til þess að nota það til almennrar útlánastarfsemi sem þessarar. Þarf því, ef til kæmi, að taka nýtt lán í þessu skyni.

Þá sagði hv. þm., að í byrjun mundi

lítið verða notað af þessum lánum. En það tel jeg hann ekkert geta fullyrt um. Jeg býst þvert á móti við, að strax verði töluverð eftirspurn eftir þeim. Þannig má t. d. búast við, að kaupfjelögin komi strax til greina. Það eru fjelög á takmörkuðu svæði, þar sem hver þekkir annan, og þó að þau hafi samábyrgð gagnvart S. Í. S., þá geta þau mjög fljótlega breytt fyrirkomulagi sínu gagnvart þessari lánsstofnun, og nú þegar hefir eitt kaupfjelagið skorað á þingið að samþykkja frv. þetta. Jeg geri því ráð fyrir, að þær 5 milj., sem ætlast er til, að teknar verði að láni í þessu skyni, muni þegar á fyrsta ári verða notaðar að fullu. Enda er það ekki svo mikið fje, þegar tekið er tillit til þess, að hver einstaklingur má fá alt að 4 þús. kr., og það á að skiftast milli 200 hreppa í landinu. Jeg verð því að telja mjög hæpið að byggja á því, að fje þetta verði ekki notað mikið til þess að byrja með.

Þá gerði hv. 3. landsk. ráð fyrir því, að bankaráð Landsbankans mundi alt vera með því, að hefja þessa rekstrarlánastarfsemi, og það rjeði meira en bankastjórnin. En jeg geri þvert á móti ráð fyrir því, að bankaráðið legði hvorki í þessa eða aðra útlánsstarfsemi, ef bankastjórnin teldi það varasamt fyrir hag bankans.

En það veit hv. 3. landsk., að ástæðan til þess, að Landsbankastjórnin legst á móti þessu, er sú, að hún telur sig, samkv. frv., enga hlutdeild geta haft um tryggingarnar fyrir lánunum. Mjer finst því sjálfsagt að taka tillit til þess, hvað hún segir um þessi mál, og það er alveg í samræmi við það, sem hv. 3. landsk. hefir haldið fram á undanförnum þingum að bæri að gera.

Þá er ókunnugt um afstöðu stjórnarinnar til málsins. Hæstv. dómsmrh. mintist ekkert á, hvort stjórnin mundi nota heimildina eða ekki, ef hún yrði samþykt. Og sá ráðherrann, sem málið heyrir undir, hefir ekkert láta til sín heyra.

Þá sagði hv. 3. landsk., að það væru engin vandkvæði á að fá reikningslán erlendis, og fá þau líka framlengd frá ári til árs. Þetta er rjett, en kjörin á slíkum lánum mundu fara eftir því, hvort notendur þeirra hjer heima gætu staðið í skilum með að greiða Landsbankanum og útibúum hans á rjettum tíma rekstrarlán sín. Væri ekki hægt að borga þau upp á rjettum gjalddaga, mundu vextirnir verða hærri, alveg eins og maður verður að borga hærri vexti af víxlum hjer við bankana, ef þeir eru framlengdir fram yfir sinn fyrsta gjalddaga.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á það, að jeg hefi hreina afstöðu til þessa máls, að jeg er velviljaður því, en vil ekki láta samþykkja það nú, af því að jeg sje það ekki til neins, og vil því heldur láta athuga það til næsta þings. Mætti þá svo fara, að það komi betur undirbúið en nú.

Björn Kristjánsson: Út af fyrirspurn hæstv. dómsmrh. vil jeg vísa til svars hv. 3. landsk., og þó sjerstaklega til frv. sjálfs, því að það sýnir best, að fyrirspurnin var óþörf.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg held, að jeg hafi verið búinn að svara öllu, sem hv. 5. landsk. sagði í síðustu ræðu sinni, nema því, að lánskjörin færu eftir því, hvernig staðið væri í skilum. Þetta er rjett, og jeg

sje ekkert við það að athuga, því að frv. gerir ráð fyrir, að lánshafi skuldbindi sig til þess að borga lán sitt upp einu sinni á ári, og á það því ekki að þurfa að koma fyrir, að framlengja þurfi rekstrarlánið. En komi það til, að þess þurfi, þá á sú vaxtaíþynging, sem af því verður, ekki að lenda á Landsbankanum; þá á hún að færast yfir á lántakendurna gegnum sparisjóðina og útibúin, því að svo er til ætlast, að þeir í hvert sinn búi við tilsvarandi vaxtakjör á sínum lánum og Landsbankinn verður að búa við á því fje, sem hann notar í þessu skyni. Það er því sparisjóðanna og útibúanna að ganga eftir skilum, svo lán þessi geti orðið hrein rekstrarlán, því að á því er öll tilhögun frv. bygð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 65. fundi í Ed., 4. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 619).

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 5. landsk. þm. (JBald) feld, að viðhöfðu nafnakalli, með 6 : 7 atkv., og sögðu

já: EÁ, EF, IP, JBald, JJ, PH.

nei: BK, HSteins, IHB, JóhJóh, JÞ, JKr, GÓ.

MKr greiddi ekki atkv.

Frv. samþ. með 8 : 2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 69. fundi í Nd., 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr. (A. 619).

Jón Sigurðsson:* Mjer þykir hlýða að minnast nokkuð á þetta mál, sem nú kemur hjer fyrst fyrir, enda þótt það væri fram borið tímanlega í Ed. Jeg tel mál þetta eitthvert merkasta mál, sem fyrir þinginu liggur, og því ástæðu til að fara um það nokkrum orðum.

Þegar dæma skal um mikilvægi mála, verður fyrst að líta á nauðsyn þá, sem á því er, að þau nái fram að ganga. Eins og kunnugt er, er nú svo komið, að veðdeild Landsbankans, ræktunarsjóður og sparisjóðir landsins sjá landsmönnum fyrir fasteignalánum. Bankarnir sjá versluninni og stærri útgerð fyrir rekstrarlánum. En bændur og smærri útgerðarmenn fá engin rekstrarlán hjá bönkunum og verða því að fara þá krókaleið, að fá lán hjá verslunum, sem hafa fengið rekstrarfje sitt að láni hjá bönkum. Verslanirnar verða hjer því milliliður, sem auk vaxta hljóta að taka nokkuð fyrir ómak sitt og áhættu. Afleiðingin verður sú, að þessir atvinnurekendur borga hærri vexti en nokkrir aðrir. Annað atriði kemur einnig til greina. Þessir smáatvinnurekendur, sem verða svo hart úti um vaxtagreiðslu, verða einnig óeðlilega háðir lánveitendum sínum, svo að sumir þeirra geta varla talist sjálfstæðir atvinnurekendur. Mörg dæmi eru til þess, að menn eru svo bundnir, að þeir neyðast til að taka vörur sínar út hjá verslunum, enda þótt verð sje þar hærra en annarsstaðar. Þetta ástand á einnig sinn þátt í því, að spilla gætni manna og sjálfsbjargarviðleitni. Þegar menn taka

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

vörur sínar út í skuld, sem eftir á er færð inn í bækur, vita menn eigi ávalt, hvernig hagur þeirra stendur, og hirða ekki um, hvort skuldin er nokkrum hundruðum eða þúsundum hærri eða lægri, á meðan þeir hafa frið.

Við, fylgismenn þessa frv., lítum svo á, að verslunarskuldir sje eitthvert mesta mein okkar í fjármálum. Er jeg þar á sama máli og hv. 1. þm. N.-M., eftir því sem honum fórust orð í sambandi við frv., er hann flutti í vetur. Enda þótt jeg gæti ekki aðhylst það frv. að öllu leyti, tel jeg þá hugsun rjetta, að reyna að draga úr verslunarskuldum manna, eins og tilgangurinn mun hafa verið með frv.

Jeg hygg, að ástandið hjer í þessu efni sje nú svipað og var í nágrannalöndunum fyrir 100 árum. Þeim hefir fleygt fram, en við höfum staðið í stað. Jeg hygg, að flestir álíti nú tíma kominn til umbóta. Þetta frv. stefnir að því, að losa menn af klafa skuldaverslunarinnar og útvega mönnum rekstursfje, svo að þeir þurfi ekki að vera háðir verslunum um það.

Þetta frv., sem hjer um ræðir, gengur í þá átt, að afla bændum og smáútgerðarmönnum rekstrarfjár á þann hátt, að stofnuð verði lánsfjelög í hverjum hreppi. Mönnum er það mjög óhagstætt, að verða að taka lán í öðrum landsfjórðungum, eða Reykjavík, og slík lán koma ekki að hálfum notum. Líka er lögð áhersla á það, að lánin sjeu hrein rekstrarlán, en verði ekki fest í neinum umbótum, sem þurfa mörg ár til að borga sig. Til þeirra eru fasteignaveðlán eða önnur lán til langs tíma nauðsynleg. Reynt er að búa svo um hnútana, að lánin verði áhættulaus. Frv. sjálft skýrir svo rækilega frá þeirri tilhögun, sem ætlast er til að verði um lánveitingar, að jeg tel óþarft að fara frekar út í þá sálma hjer.

Ef frv. nær að verða að lögum, er flestum eða öllum bændum trygt, að þeir geta orðið þessara lána aðnjótandi. Jeg tel ekki þörf á að lýsa, hve mikla þýðingu slíkt getur haft, því að jeg veit, að öllum kunnugum mönnum er það ljóst. Fyrst og fremst mundi það stórum bæta fjárhagsafkomu þeirra í framtíðinni, og auk þess er jeg sannfærður um, að slíkt fyrirkomulag mundi breyta hugsunarhætti bænda í þá átt, að þeir kynnu betur að fara með fje sitt eftir en áður. Fyrirkomulagið yrði sem á reikningslánum, þannig, að menn gætu tekið peninga út, er þeir hefðu þörf á, og vextirnir yrðu færðir þeim til útgjalda, en hinsvegar gætu þeir lagt peninga inn, hvenær sem þeir hefðu þá aflögu, og fengið af þeim sömu vexti. Þetta fyrirkomulag er bændum mjög hentugt. Aðrar þjóðir hafa gert mikið til þess að bæta úr rekstrarfjárþörf bænda. Get jeg þessa hjer, til þess að enginn skuli halda, að hjer sje um neitt hugmyndaflug að ræða. Þetta frv. er sniðið eftir og bygt á 6 ára reynslu sveitar einnar, er tekið hefir upp þetta skipulag. Sú litla tilraun hefir gefist svo vel, að enginn þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli, vilja fyrir nokkurn mun missa af lánum þessum.

Jeg mun ekki hafa mál mitt lengra að sinni. Jeg hefði kosið, að mál þetta hefði getað gengið greiðlega gegnum þingið. Nú er komið að þingslitum, og býst jeg ekki við að þýði að fara fram á, að máli þessu verði hraðað. Mun jeg

því engar tillögur bera fram til eða frá, enda þótt mjer hefði verið kærast, að málið hefði gengið sína braut.

Halldór Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir um efni frv., áður en því er vísað til nefndar. Frv. er vafalaust borið fram til að ráða bót á lánsfjárskorti smáframleiðenda og sporna við lánsverslun. Þessi tilgangur er góður, og get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt um skaðsemi verslunarskulda í sambandi við annað mál. En frv. þetta er næsta nýstárlegt í einstökum atriðum, því að þar kemur fram, að smáframleiðendum er ekki ætlaður sami riettur til lánsfjár og öðrum framleiðendum. Í stað þess á að gera sjerstakar ráðstafanir um lán í bessu skyni, þannig, að lánin verði með einhverjum ölmusublæ, en ekki í því formi, sem venja er til. Smáframleiðendum er ekki ætlaður sami rjettur og öðrum framleiðendum. Mismunurinn kemur fram í því, að smáframleiðendum er gert að skyldu að ganga í lánsfjelög, til þess að hafa riett til rekstrarlána. Jeg veit ekki til, að öðrum sieu lagðar slíkar skyldur á herðar. Vanskil eiga að valda rjettindamissi, en hinsvegar eru mjög strangar reglur um skil. Jeg er ekki að því að finna, en jeg efast um, að slíkum reglum sje beitt við hina stærri framleiðendur. Jeg vildi, að hier væri látið eitt yfir alla ganga, en ekki skapaðir tveir rjettir í landinu, annar fyrir stærri atvinnurekendur og hinn fyrir hina smærri. Jeg hefi haldið, að ein lög og einn rjettur ætti að gilda í landinu.

Mier finst því þetta frv. þurfa mikilla breytinga og umbóta, án þess að jeg mæli á móti því, að það geti komið að haldi í annari mynd. Annaðhvort verður að veita smáframleiðendum sama rjett og stórframleiðendur hafa haft til þessa, eða setja reglur þær, sem í frv. eru, um öll rekstrarlán. Ef þetta væri fært til samræmis, hefði jeg ekki tilhneigingu til að mæla á móti frv.

Annar höfuðtilgangur frv. mun vera sá, að sporna við lánsverslun manna. Sú viðleitni er lofleg, en mjer finst tvísýnt, að frv. nái þeim tilgangi. Jeg held, að reynslan mundi sýna hið gagnstæða. Ef tilgangurinn er sá, að draga úr skuldasöfnun manna, þá held jeg, að jafnframt þurfti að setja hömlur við útlánum úr rekstrarlánasjóðunum, og þær allstrangar. Jeg bar fram frv. hjer á þingi í vetur, sem jeg ætlaðist til, að hefði þann árangur, að draga úr lánsverslun og skuldasöfnun. Verð jeg að leyfa mjer að minnast á það hjer, af því að hjer er um eigi alveg óskyld mál að ræða. Það frv. gekk til nefndar, sem afgreiddi málið á þann hátt, að hún lagði til, að það yrði felt. Þó var hún sammála um, að tilganur frv. væri góður og mundi nást að einhverju eða miklu leyti, og var því sú niðurstaða hennar, að leggjast á móti málinu, næsta kynleg. Jeg álít, að það hefði verið rjett spor í áttina, ef frv. mitt hefði verið samþ., þessu frv. samhliða. Eins og frv. þetta er úr garði gert, hygg jeg að það yrði einungis til þess að auka skuldaverslunina. Úr því að engar hömlur eru settar á lánsverslun manna, gæti farið svo, að þeir, sem eiga að njóta þeirra lána, notuðu sitt gamla lánstraust eftir sem áður, en hefðu reksturslánsfjeð fyrir vasapeninga. Þá fer að verða hætt við vanskilum, er menn eiga að fara að borga hvorttveggja, þá úttekt, er þeir fá út á hið venjulega lánstraust sitt,

og rekstrarlánin að auki. Mjer sýnist því bert, að samhliða þessu þurfi að setja reglur um að banna útlán, eða að minsta kosti takmarka þau. Í frv. mínu er ekkert slíkt bann, en ákvæði þess eru á þann veg, að það er miklu varhugaverðara, bæði fyrir þá, sem veita og taka lánin, að gera það, ef frv. mitt verður samþykt.

Jeg vildi gera þessa almennu athugasemd, áður en frv. það, sem hjer liggur fyrir, gengi fram, en jeg mun samt ekki greiða atkvæði á móti því á þessu stigi.

Jón Sigurðsson:* Hv. 1. þm. N.-M. hjelt því fram, að með þessu frv. væri landsmönnum skapaður tvennskonar rjettur: smáframleiðendur og bændur ættu við annan rjett að búa en aðrir. Jeg vil spyrja hv. þm.: hvernig er þessu varið nú? Allir búa að vísu við sama rjett, en reyndin verður sú, að þeir, sem hafa mikið undir höndum, eiga þægilegra með að ná viðskiftum við bankana en hinir, sem eru dreifðir út um alt land í sveitum og smáþorpum og koma aldrei til Reykjavíkur eða annara kaupstaða, þar sem bankar eru. Hjer er ekki verið að skapa neinn ölmusublæ. Það er gert ráð fyrir, að Landsbankinn taki lán í þessu skyni, af því að hann hefir ekki nóg fje til þess að bæta þessu við sig. Hann á að taka reikningslán, af því að það er ódýrast, og ef vextir fara lækkandi, fer lánið líka lækkandi. En ef tekið er fast lán, verður bankinn að sitja með það. Það er því síður en svo, að hjer sje um nokkurt ölmusuatriði að ræða, heldur bara fyrirkomulag, sem okkur er hentugra, en ef bankinn tæki fast lán.

Hv. þm. taldi, að það væri annað, sem benti á, að við bændur ættum ekki að hafa sama rjett og aðrir, sem sje það, að bændur ættu að mynda fjelagsskap. Við getum hugsað okkur þann möguleika, að á bak við þetta væri enginn fjelagsskapur, þannig, að hver einstaklingur leitaði til lánsstofnunarinnar. En hver yrði reyndin? Jeg er sannfærður um, að það yrðu aðeins efnabændur, sem fengju fjeð, en hinir mundu sitja á hakanum. Fjelagsskapurinn er stofnaður til þess að útvega lánin. Efnabændur eiga að bera hina uppi. Sú litla reynsla, sem fengin er, sýnir, að efnabændurnir hafa hjálpað hinum, svo að menn hafa fengið lán, sem engar líkur voru til, að hefðu fengið það á eigin spýtur. Hv. þm. sagði, að gert væri ráð fyrir ströngum reikningsskilum. Það er alveg rjett, enda tel jeg það höfuðatriði, að venja stóra og smáa framleiðendur á skilsemi. Óskilsemin er okkar mikla böl, því að hún er svo að segja runnin þjóðinni í merg og bein. Hv. þm. sagði, að sjálfsagt væri að setja hinum stærri framleiðendum sömu reglur og hinum. Vitanlega er það sjálfsagt, en hinsvegar sje jeg ekki, að þó að þessum kröfum sje ekki framfylgt til hlítar við hin stærri fyrirtæki, skapi það okkur neinn rjett í þessu efni. Við eigum að gera strangar kröfur til okkar. Að lokum sagði hv. þm., að svo gæti farið, að þetta yrði til þess að auka skuldaverslun í landinu. En af hverju skulda menn í verslun? Það er ekki af því, að bændur sjeu þær eyðsluklær, sem hv. þm. vildi vera láta, að ef þeir kæmust yfir

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

eyri, eyddu þeir honum í vasapeninga. Nei, það er af því, að fjöldi manna reisir bú, án þess að eiga nema rjett fyrir bústofninum, og tæplega það. Síðan standa þeir með tvær hendur tómar, þegar þeir eiga að fara að greiða ýmsar nauðsynjavörur til rekstrar búsins. Þá verða þeir að fara til verslunarinnar og skulda. Það er þetta fje, sem þá vantar, og það viljum við nú reyna að útvega þeim. Mjer dettur ekki í hug að bera á móti því, að í minni stjett sjeu til menn, sem mundu misbrúka þetta fje. En jeg fullyrði, að þeir eru svo örfáir, að ómögulegt er að taka tillit til þeirra. Jeg þori að fullyrða, að með þessu skipulagi er ekki mikil hætta á, að slíkir fjárglæframenn slæðist inn í fjelögin. Þennan fjelagsskap verður að byggja á sameiginlegri tiltrú og þekkingu á búrekstri og mönnunum sjálfum, enda er það besta undirstaðan.

Læt jeg svo úttalað um þetta mál.

Magnús Jónsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs, þegar hv. þm. N.-M. settist niður, af því að þá hafði enginn annar orðið til þess, en jeg vildi ekki láta ósvarað ræðu hv. þm. Nú hefir hv. 2. þm. Skagf. tekið fram ýmislegt af því, sem jeg vildi hafa sagt, svo að jeg get verið stuttorður.

Jeg verð að segja, að mjer finst ákaflega leitt, að þetta mál skuli nú vera til 1. umr., þegar komið er að þinglokum. Hjer er um svo mikilsvert og gott mál að ræða, að jeg held, að þessu þingi hefði ekki veitt af að afgreiða það, til þess að halda uppi þeim sóma, sem það ætti að njóta hjá þjóðinni. Jeg býst við, að af þessu þingi fari þær sögur, að því hefði ekki veitt af að samþykkja að minsta kosti eitt gott mál. Því verður ekki neitað, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, gæti tekið ýmsum umbótum og hefði eflaust gert það, ef því hefði verið sint í tæka tíð. En jafnvel þó að einhver missmíði kunni að vera á því, held jeg, að annað eins hafi skeð og það, að því yrði vikið til betri vegar á næsta þingi. Þegar það þykir sæma, að vera sí og æ að hringla með seðlabankalögin, ætti að vera óhætt að breyta einhverjum smáatriðum í þessum lögum.

Eins og hv. 2. þm. Sk. gat um, er það einn aðalkostur við þetta frv., að sett er fram fyrirkomulag, sem er reynt. Fjelag það, sem starfað hefir með þessu fyrirkomulagi, hefir staðið í skilum, og jeg er viss um, að það yrði hin mesta búbót, ef fleiri gæti verið með. Jeg er í engum vafa um, að þetta mál lifir, þó að það nái ekki fram að ganga nú. Það kemur fram aftur, ef til vill í annari mynd, og þá verður enginn flokkur á móti því, og engin sterk andstaða, svo að það nái ekki samþykki. Það verður að útvega bændum og atvinnurekendum við sjó rekstrarlán. Það er ákaflega mikils virði, hvað öllu er hjer stilt í hóf. Síðan er hægt að prófa sig áfram hægt og hægt, eftir því sem reynslan bendir á.

Eitt atriði er þó í frv., sem jeg get ekki felt mig við, en það er aðferðin, sem stungið er upp á við útvegun fjárins. Jeg hefði talið langbest, að ríkið tæki sjálft lánið og ljeti svo Landsbankann annast framkvæmdina. Það er ekki hættulaust, að leggja slíkar kvaðir á seðlabanka, sem gert er ráð

fyrir í þessu frv. En þetta er atriði, sem auðvelt er að bæta úr á sínum tíma.

Út af athugasemd hv. þm. N.-M. vil jeg taka það fram, að jeg var alveg hissa á, hvernig hann gat fengið það út, að verið væri að skerða rjett smáframleiðenda. Honum hlýtur að vera það ljóst, að það er ekki nokkur rjettur tekinn af nokkurum manni. Allir bændur og smáframleiðendur geta tekið lán eins og nú. Þeir hafa alveg sama rjett og áður. Og ef þeim finst betra að skifta beint við bankann, geta þeir líka gert það. Þessi athugasemd hv. þm. var því hrein kórvilla frá upphafi til enda. Jeg sje ekki, að neinn ölmusubragur sje á þessu. Það er ekki farið fram á neina vaxtaívilnun. Allir milliliðir fá eitthvað fyrir sinn snúð. Það er aðeins verið að skipulagsbinda þessi viðskifti og tryggja það, að fyrirkomulagið verði ekki óvinsælt eða sigli í strand. Hv. þm. þótti það mikil niðurlæging, að menn skyldu vera skyldaðir til þess að ganga í fjelagsskap með samábyrgð, til þess að fá fram rjett, sem þetta fyrirkomulag heimilar þeim. Maður skyldi ekki halda, að þannig talaði þingmaður, sem er hlyntur samvinnufjelagsskap. Á þessu byggist samvinnufjelagsskapur og meira að segja beinlínis á skattaívilnun. Og eins og menn eru ekki skyldugir til þess að ganga í þann fjelagsskap, sem hjer er um að ræða, eru þeir heldur ekki skyldugir til þess að ganga í kaupfjelag. Þetta tvent er alveg sambærilegt. Hjer eru bara settar upp ýmsar reglur. Til þess að geta notið þessa fjár, verða menn að ganga í fjelagsskap, til tryggingar því, að fjeð verði greitt á rjettum tíma. Nú sagði hv. þm., að vanskil ættu þegar í stað að valda rjettindamissi. Voru það þá orðin rjettindi, að vera í þessum fjelagsskap? En hv. þm. hlýtur að sjá, að vitaskuld er nauðsynlegt að ganga svo sterklega frá, að full skil verði í þessum fjelögum.

Hv. þm. taldi, að ef þetta frv. væri samþykt, væri svo langt frá því, að það minkaði skuldaverslunina, að það mundi jafnvel auka hana. Hv. 2. þm. Sk. hefir svarað þessu. Jeg verð að segja, að það kemur ekki heim við það nál., sem allshn. gaf út um frv. hv. þm., um fyrningu skulda. Þar lýsir allshn. yfir því, að það frv. sje mjög þarft og rjettmætt, en það geti bara ekki komið til framkvæmda, meðan engin lánsstofnun sje til handa þessum sömu mönnum. Í nál. segir svo: „.... Enda þótt nefndin álíti tilgang frv. góðan og rjettmætan, þá telur hún mjög varhugavert að samþykkja frv. þetta nú, sjerstaklega sakir þess, hve ógreiðan aðgang almenningur hefir að lánsstofnunum, og yrði því ákvæði frv. skaðlegur hemill á lánstrausti manna ....". Nefndin lítur sem sje svo á, að við hliðina á frv. hv. 1. þm. N.-M. þurfi að koma eitthvað svipað því, sem hjer er farið fram á. Og það er alveg rjett. Ef taka á með ströngum ákvæðum fyrir það, að kaupmenn láni, verður að sjá fyrir því, að hægt sje að fá lán annarsstaðar. Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er því einn nauðsynlegi undirbúningur hins málsins, að taka fyrir eða minka lánsverslunina. Þessi andmæli koma því úr hörðustu átt.

Það er alveg rjett, sjeð frá almennu sjónarmiði, að sjerhver nýr möguleiki til lántöku getur leitt til þess, að einstaka maður skuldi meira en áður. En ef ætti að koma í veg fyrir það, ætti að loka öllum möguleikum til þess að fá lán. Sá fjelagsskapur, sem hjer um ræðir, er einmitt settur sem milliliður, þannig, að strax er hægt að hafa gát á því, hverjir standa í skilum. Fjelagsstjórnin þekkir hvern mann og hag hans, og getur því haft á hendi það nauðsynlega eftirlit.

Jeg ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, en jeg vil enn á ný láta í ljósi óánægju mína yfir því, að þetta frv. skyldi vera tekið svo seint fyrir, að ekki er hægt að afgreiða það á þessu þingi.

Sveinn Ólafsson: Jeg get að ýmsu leyti fallist á athugasemd hv. 1. þm. N.-M. út af þessu máli. Jeg skrifa að vísu ekki undir alt, sem hann sagði, en margt þótti mjer hann taka rjettilega fram. Þetta frv. er fram borið í góðum tilgangi, og ef betur hefði verið um það búið, hefði það mátt verða að góðu liði. En það er svo fljótfærnislega um það búið, að þess er ekki að vænta, að það yrði að notum, þó að lögfest yrði. Að sjálfsögðu er það hugmynd þeirra, er að frv. standa, að reyna að bæta úr lánsfjárþörf þeirra, sem erfitt eiga með að nota lánstraust almennings, en þessi bót er bundin skilyrði, sem hæpið er að uppfylt verði, sem sje því, að einhverjir, sem tiltrú hafa og álit, vilji ganga í ábyrgð fyrir þá. Fyrir slíka menn þarf hvort sem er altaf ábyrgð.

Jeg ætla ekki að fara nánar út í að lýsa því, hvernig framkvæmd þessa máls mundi verða, en jeg býst við, að erfitt mundi reynast að fá menn til að ganga í þennan fjelagsskap til þess að tryggja lán handa þeim, sem mesta þörf hafa á lánsfje. Ef tími hefði unnist til þess að koma þessu máli til nefndar, hefði eitthvað mátt úr því verða. En úr því sem komið er, virðist rjettast að lyfta undir málið á þann eina veg, sem hægt er, með því að vísa því til stjórnarinnar, til frekari athugunar til næsta þings, og legg jeg það til. Stjórninni tekst kanske að færa það í betri og aðgengilegri búning en það er nú í.

Jeg ætla ekki að fara að telja fram agnúa á frv. Einn tilnefndi hv. 1. þm. Reykv., en þeir eru vissulega fleiri.

Jón Auðunn Jónsson: Það mátti altaf búast við, að máli þessu yrði á einhvern hátt vikið frá, þannig, að það næði ekki afgreiðslu. Þess var varla að vænta, að núverandi Alþingi bæri giftu til að samþykkja jafngott og gagnlegt mál og hjer er á ferðinni.

Hv. þm. S.-M., sem vill vísa málinu til stjórnarinnar, sagði, að það væri flausturslega undirbúið, og væri þess ekki að vænta, að það kæmi að notum, eins og það væri úr garði gert. Hann benti þó ekki nema á einn galla, sem væri á frv., að hans dómi. Hann var sá, að efnaminni mönnum væri gert erfiðara með að fá lán en nú er. En þetta er hreinasta fjarstæða. Jeg er kunnugur því, að þar sem hreppar hafa gengið í sjerstakar kaupfjelagsdeildir, með ótakmarkaðri ábyrgð, hefir það verslunarfyrirkomulag reynst vel. Þeir efnaminni hafa fengið að vera með. Jeg veit af eigin þekkingu, að svo er þetta í kaupfjelagi

Norður-Ísfirðinga; þar var hver hreppur í fullri ábyrgð innbyrðis. Það fjelag leysti upp lánsverslun við Ísafjarðardjúp að miklu leyti. Meðan þetta kaupfjelag starfaði í sinni upphaflegu mynd, þá var samið við kaupmenn um skuldirnar og fengin eftirgjöf á nokkrum hluta þeirra, en afborgun á hinu. Það var svo langt frá, að þeir efnaminni yrðu útundan, að það var þvert á móti. Það voru helst þeir, sem ráku útgerð í stærri stíl, sem urðu utan við þennan fjelagsskap. Nú mun verslunarskuldaverslun Norður-Ísfirðinga vera minni en nokkurstaðar annarstaðar. Aðeins í bæjum og kauptúnum mun vera um skuldaverslun að ræða, en hjá bændum yfirleitt ekki.

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að hjer væri verið að innleiða tvennskonar rjett. Þetta er að vísu rjett, að því leyti sem ætlast er til þess, að þeir, sem fá lán eftir þessu frv, greiða lægri vexti en bankar eða aðrar lánsstofnanir taka af öðrum. Í frv. er aðeins ætlast til þess, að tekið verði fyrir ómök við lánin, en ekki gert ráð fyrir gróða til handa lánsstofnunum. Þetta næst með því, að svo verður um búið, að engin hætta geti fylgt lánunum. Það er álitið, að bankar þurfi í vanalegum lána-viðskiftum að taka 1½—2% fyrir áhættu, auk reksturskostnaðar. Þetta er því eðlileg afleiðing af því, að ekki þarf að borga áhættuvexti, þar sem vel á að búa um lánin og tryggja það, að þau borgist á rjettum tíma. Að þetta sporni ekki á móti lánsverslun, fæ jeg ekki skilið. Lánsverslunin er einmitt í algleymingi, af því að ekki er kostur á rekstrarlánum. Bændur eiga svo ógreiðan aðgang að lánsstofnunum, að þeir hafa orðið að sætta sig við lán kaupmanna eða kaupfjelaga, og við það hefir skuldaverslunin myndast. Það er algild regla, að menn greiða frekar upp skuldir sínar við peningastofnanir, en við verslanir. (LH: Þeir borga, sem geta.) — Já, að vísu er það svo um flesta, en þeir láta þó peningastofnanirnar ganga fyrir. Peningalán eiga líka, að áliti almennings, fyllri rjett á sjer, heldur en vörulán með álagi. — Að þetta fje verði aðeins notað til að greiða með eldri skuldir og sem vasapeningar, eins og hv. 1. þm. N.-M. sagði, er ótrúlegt. Menn verða að hafa í huga, að þar sem menn verða í samábyrgð fyrir lánunum og setja meðábyrgðarmönnum sínum tryggingar og fjelagssvæðið er svo lítið, að hver þekkir annan og hver lítur eftir öðrum, þá er þessi hætta engin.

Magnús Jónsson: Hv. 1. þm. S.-M. virtist frv. þetta vera illa undirbúið. Hann talaði þó ekki um það, í hverju sá ónógi undirbúningur lægi. Máske byggir hann það aðeins á því, að þetta er þingmannafrumvarp. En jeg held, að hv. þm. hafi þar skotið yfir markið. Því þó að stundum kunni að vera hætt við, að þm. skjótist yfir ýms atriði við samningu frv., þá er því ekki til að dreifa með þetta frv., því það er bygt á reynslunni, og reynslan er ávalt góður grundvöllur við undirbúning mála.

Frv. þetta var í fyrstu undirbúið svo vel sem kostur var. Og þegar búið var að semja það, var það látið ganga í gegnum tvo hreinsunarelda. Var það því áreiðanlega betur undirbúið en sum stjórnarfrv. Enda hefir

ekki verið bent á neina flaustursgalla á frv. í Ed. Mótstaðan þar hefir komið fram í almennum orðatiltækjum, svo sem hvort það mundi duga eða vera heppilegt, og þesshättar. Frv. er áreiðanlega bygt fast upp. Og jeg held, að ef nokkuð má að því finna, þá væri það einmitt það, að það væri helst til fast uppbygt. En það er líka kostur, að þetta fari hægt af stað, en vinni sig upp með hægð. Það er betra en að það sje laust uppbygt og skrapi svo alt í skinnavirkjunum. Þótt það kunni með því móti að vera minna notað í byrjun, þá er áhættan líka minni, og er það gott. Stjórn lánsstofnananna þarf að vera sterk. Hún á að ákveða lánsupphæðir hvers eins og sjá um, að þeir, sem misbeita rjetti sínum til þessara lána, fái ekki að vera með. Jeg fullyrði því, að frv. þetta er vandlega undirbúið, þótt jeg hinsvegar neiti því ekki, að það geti á einhvern hátt staðið til bóta.

Hv. þm. gat þess, að agnúar væri á frv., en nefndi ekki nema þann, er jeg hafði áður talað um. Sá agnúi er auðvitað nokkur, en þó altaf álitamál, eins og svo margt er. — Að þeir fátæku, sem helst þurfa á lánum að halda, verði útilokaðir frá svona fjelagsskap, held jeg þurfi ekki að óttast. Reynslan hefir sýnt það, að efnamennirnir draga sig ekki í hlje um slíkan fjelagsskap. Auk þess er það svo í sveitunum, að þótt um stórefnaða menn sje að ræða, þá hafa þeir eigi ávalt handbært fje. Eignir þeirra eru fastar í jörðum og bústofni, svo að þannig löguð lán mundu líka koma sjer vel fyrir þá. Svona var það, þegar eg þekti til í sveit, og þannig mun það vera enn. Þeir efnaminni mundu því áreiðanlega fá að vera með. Reynslan hefir nú sýnt, að t. d. í kaupfjelögum hafa þeir fengið að vera með. Jeg held því, að þetta yrði ekki hættulegt. Það færi fráleitt hart af stað heldur. Fá fjelög yrðu að líkindum stofnuð í byrjun, svo að þetta fengi að vinna sig upp smámsaman. En þegar bændur hefðu áttað sig á því, þá er jeg viss um, að þetta yrði mikið notað. Og líklega hefðu þessar 5 milj., sem um er talað, verið notaðar mjög fljótt. Jeg veit það að vísu, að hægt væri að finna fleiri leiðir til að bæta úr lánsfjárþörfinni. Jeg hefi heyrt, að stjórnin og flokkur hennar, sem mænt hefir öfundaraugum til þessa góða máls, ætli sjer að gera það, með því að setja upp landbúnaðarbanka, eða með öðrum orðum, að víkka út ræktunarsjóðinn. En það þarf að meta það, hvort fyrirkomulagið muni reynast heppilegra. Að hafa eina útlánsstofnun hjer, með einni yfirstjórn, sem brestur vitanlega kunnugleika á högum lántakenda um land alt, mundi áreiðanlega reynast óheppilegra, heldur en að lánin væru veitt frá hinum ýmsu lánsstofnunum, sem dreifðar eru yfir land alt, þar sem forstjórarnir eru gagnkunnugir hver í sínu bygðarlagi. Það er vitanlega gott að hafa eina stofnun til að útvega lánsfjeð. En dreifing þess er áreiðanlega hagkvæmara fyrir komið á þann hátt, er jeg lýsti nú. Jeg vona því, að ekki verði fram hjá því grundvallaratriði gengið, þegar skipun verður gerð á þessu máli. Jeg er hinsvegar ekkert á móti því, að sú stofnun, sem útvegar fjeð, heiti landbúnaðarbanki. Jeg var algerlega sammála því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, nema hvað jeg legg ekki eins mikið

upp úr því eins og hann gerði, að nauðsynlegt sje að vextirnir sjeu svo ákaflega lágir. Aðalatriði er, að peningarnir fáist. Hitt er minna um vert, hvort rentan er 1% hærri eða lægri, því með slíkum lánum má oft spara 10—15% í vörukaupum. Hitt er aftur nauðsynlegt, að löng lán sjeu með sem vægustum kjörum. En þess gætir minna um skyndilánin.

Það hefir komið fram till. um að vísa þessu frv. til stjórnarinnar. Jeg geri ráð fyrir því, að sú till. verði samþykt. En það skyldi þá vera til stjórnar að vísa! Jeg fyrir mitt leyti hefi ekki mikla trú á því, að snúa mjer til stjórnarinnar með þetta. Hæstv. stjórn hefir sýnt meiri áhuga á því, að koma fram allskonar síldarmálum, heldur en svona nauðsynjamáli. Ef þetta mál á ekki að ná fram að ganga, þá vil jeg þó ekki, að því sje vísað til stjórnarinnar. Það má þá heldur falla.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi sama og ekkert að segja. Jeg var kallaður af fundi, þegar hv. 2. þm. Skagf. talaði, svo að jeg mun ekki taka upp umr. um það. Það er heldur ekki ætlast til, að hjer sje um neina úrslitaumr. um málið að ræða. Jeg hefi aðeins sett þessar athugasemdir fram, vegna málsins í framtíðinni.

Lárus Helgason: Jeg mun ekki tefja umr. lengi. Hv. þm. N.-Ísf. sagði, að þetta þing mundi áreiðanlega ekki bera gæfu til að samþykkja jafngott mál og þetta. Jeg veit nú ekki vel, hvað hv. þm. átti við með þessum orðum sínum. Hann gerði enga grein fyrir því. En ef hann hefir átt við það, að þingið væri svo illa skipað mönnum, þá hittir það álit sjálfan hann, engu síður en aðra. En jeg held nú helst, að þetta hafi bara verið óhugsaður og órökstuddur sleggjudómur. — Þá kvað við nokkuð líkan tón, hjá hv. 1. þm. Reykv. Sá hv. þm. sagði, að stjórnin og flokkar þeir, er hana styðja, liti þetta mál öfundaraugum. Sú getgáta er af alveg sama toga spunnin. Finst mjer harla óviðfeldið að vera með slíka órökstudda sleggjudóma. Jeg hefi að minsta kosti ekki orðið var við, að neinn liti flytjendur frv. þessa öfundaraugum vegna þess. Annars má það undarlegt heita, að ef svo væri, að þetta væri besta málið, sem bor.ð hefir verið fram á þessu þingi, ef meiri hluti þingsins lætur úr hömlu síga, að afgreiða það. — Jeg fullyrði því, að þessi ummæli þessara tveggja hv. þm. eru algerlega óviðeigandi og hafa ekki við neitt að styðjast.

Þá er það málið sjálft. Jeg verð nú að segja það, að jeg er ekki eins hrifinn af því eins og þeir, sem telja það besta mál þingsins. Og jeg skal í fám orðum segja af hverju það er: Jeg hefi aldrei orðið var við það — og bý jeg þó í afskektu hjeraði — að þeir, sem eru svo efnum búnir og þeir skilamenn, að þeir geti borgað upp skuldir sínar um hver áramót, sjeu í neinum vandræðum með að fá peninga. Svo er það minsta kosti yfirleitt. Hitt tel jeg meira vit í og fyllri þörf, að efla banka, sem gæti veitt rekstrarlán, og til að auka bústofn, um lengri tíma, með sem lægstum vöxtum. Þetta frv. gæti því átt nokkurn rjett á sjer, með því að lagfæra það, án þess þó að ástæða sje til, að nokkur flokkur

öfundist yfir því, að það er fram komið. En hitt tel jeg ekki skaða, þótt málið gangi eigi fram nú. Það gefur tíma til að athuga það betur. Meira ætla jeg svo ekki að segja. Mjer þótti aðeins rjett að mótmæla þessum tón, sem fram kom hjá þessum hv. þm. til stjórnarinnar og stuðningsflokka hennar, þar sem þeir hjeldu, að við mundum öfundast yfir þessari miklu gersemi.

Magnús Jónsson: Mjer verður nú á að segja líkt og Hvamm-Sturla sagði við Sæmund Jónsson: „Miklu muntu vera maður vitrari, en eigi munir þú vita, hvárt þú ert eða aðrir menn.“ — Miklu er hv. þm. V.-Sk. vitrari maður en svo, að ekki hafi hann sjeð, að þessi tillaga Íhaldsmanna á ekki upp á pallborðið hjá meiri hluta þingsins, þótt hann þykist máske ekki hafa rent öfundaraugum til frv. En af einhverju er það þó, ef því verður ekki leyft fram að ganga nú. Það er að vísu gott, ef það verður tekið upp aftur. En hitt er víst, að þetta vandamál verður aldrei leyst, svo í lagi fari, nema bygt sje á grundvelli frv. um úthlutun lánsfjárins og tryggingar fyrir skynsamlegri notkun þess. Bankar, með kanske örfáum útibúum, munu aldrei leysa þetta að gagni. Það verða að vera stofnanir í hjeruðunum sjálfum, sparisjóðsstjórnir og fjelagsstjórnir, sem hafa það með höndum. Það er aðalatriðið.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. S.-M. (SvÓ), um að vísa málinu til stjórnarinnar, feld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: LH, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, ÁÁ, BÁ, HG, HjV.

nei: JS, JörB, MG, MJ, ÓTh, PO, ÞorlJ, BSt, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, IngB, JAJ, JÓl, BSv.

TrÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (JJós) fjarstaddur.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv., og til fjhn. með 16:6 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Aðstoðarlæknissýslanir á Ísafirði og Akureyri.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um að aðstoðarlæknissýslanirnar í Ísafjarðarhjeraði og Akureyrarhjeraði skuli lagðar niður (þmfrv., A. 186).

Á 25. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta er borið fram sem sparnaðarmál. Eins og tekið er fram í grg., þá hefir það verið svo, að í nokkur ár hefir enginn aðstoðarlæknir verið á Akureyri. Lagaheimild fyrir því stendur þó enn, og virðist ekki loku fyrir það skotið, að svo geti farið hvenær sem er, að maður verið skipaður í þetta embætti. Nú um skeið virðist ekki hafa verið þörf á þessu embætti, enda starfa þar nokkrir „praktiserandi“ læknar, og

ástandið virðist sæmilegt, hvað lækna snertir.

Hvað snertir aðstoðarlæknissýslanina á Ísafirði, þá hefir verið og er enn maður í þeirri stöðu. Þetta embætti hefir af mörgum verið talið óþarft, og ef það væri afnumið, mundu sennilega „praktiserandi“ læknar setjast þar að, svo að læknarnir yrðu þar ekki færri fyrir því. Jeg álít, eins og fjárhagurinn er, og reynt hefir verið að spara og draga úr tilkostnaði við þjóðarbúskapinn á ýmsum sviðum, þá sje sparnaðarviðleitni þessa frv. alveg rjettmæt.

Jeg ætla svo ekki að ræða meira um þetta að sinni, en vil mælast til, að frv. fái að ganga til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Atvinnuleysistryggingar.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um atvinnuleysistryggingar (þmfrv., A. 201).

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta frv. á þskj. 201 er samið af stjórn jafnaðarmannafjelagsins „Sparta“ í Reykjavík, og flutt að tilhlutun þess.

Frv. ætlast til, að ríkissjóður leggi til 20 kr. fyrir hvern stofnfjelaga slíkra atvinnuleysistryggingarsjóða, sem þar er gert ráð fyrir, og auk þess ⅓ af árlegum tekjum sjóðsins, til tryggingar fyrir atvinnulaust fólk í landinu, er gengur í þessi fjelög. Það er viðurkent, að ríkisvaldinu beri að styðja sjálfsbjargarviðleitni þeirra, sem vilja bæta og tryggja kjör sín og sinna. Þarf ekki annað en benda á þá styrki, sem veittir eru í fjárlögum í þessu skyni: Til sjúkrasamlaga eru veittar alls 7000 kr., Sjúkrasamlagi Reykjavíkur eru veittar til útbreiðslustarfsemi 1500 kr. Til tryggingarsjóða verkamannafjelaga og sjómannafjelaga í Rvík 3500 kr. Til styrktarsjóða vitavarða 500 kr. Til slysatrygginga 10.000 kr. Til ellistyrktarsjóðs 45 þús. kr. Til Rauðakrossfjelags Íslands 2000 kr. Til slysatryggingasjóðs „Dagsbrúnar“ 500 kr. Til sjúkrasjóðs Fellshrepps 200 kr. Til styrktarsjóðs Sjómannafjelags Vestmanneyinga 600 kr. — Það munu vera alls 70 þús. kr., eða rúmlega það, sem veittar eru í líku skyni og farið er fram á samkvæmt frv. þessu. Jeg vildi við 1. umr. aðeins benda á þau fordæmi, er telja má til styrktar þessu máli. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það. Jeg vænti þess, að háttv. deild taki frv. vel og vísi því fyrir það fyrsta til 2. umr. og fjhn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv., og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Útflutningsgjald af síldarlýsi.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um útflutningsgjald af síldarlýsi (þmfrv., A. 205).

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta frv. á þskj. 205 er fylgifiskur þess frv., er jeg fór um nokkrum orðum áðan (um útflutningsgjald af síld).

Þegar jeg fór að íhuga, hvernig útflutningsgjaldið legðist á síldarmjöl og síldarlýsi og gengið er út frá því sama og tiltekið er í þskj. 206, kom það í ljós, ef lagður er til grundvallar jafnmikill þungi af síld í báðum tilfellum, að útflutningsgjaldið af þeirri síld, sem seld er í bræðslu, er margfalt lægra heldur en hitt, sem lagt er á síld, sem söltuð er eða krydduð og flutt út. Til þess að fá samræmi, þarf að þrefalda útflutningsgjaldið af síldarmjöli og síldarlýsi, ef hráefnið er lagt til grundvallar í báðum tilfellum

Mjer hefir reiknast svo til, að af lýsi því, er fæst úr 1 tn. af síld, sje útflutningsgjaldið 13 aurar. Það er aðeins 1½% af verði lýsisins. Það er nú að vísu svo um útreikninga, að þeir standast oft og tíðum ekki próf reynslunnar, fyrir þá sök, að grundvöllurinn, sem gengið er út frá, er ekki svo nákvæmlega rjettur, að hann haggist ekki. En hjer er bygt á reynslu annara þjóða. Norðmenn telja, að úr 1 tn. af síld fáist 16 kg. af lýsi, það er að segja, ef síldin er veidd um sumartímann, í júlí, ágúst og september. Um það má vitanlega deila, hvort rjett sje að miða við hráefnið. En ef það er rjett leið, þá þori jeg að fullyrða, að útreikningar mínir sjeu ekki fjarri lagi, og að óhætt sje að byggja á þeim niðurstöður þær, sem jeg hefi gert hjer í þessum útreikningi.

Að sönnu verður útflutningsgjaldið af síld og því efni, sem úr henni fæst, til muna hærra en af þeim íslenskum afurðum, sem miðað er við verð á, þó útflutningjaldið af síldinni verði lækkað, eins og farið er fram á á þskj. 206. En það lítur út fyrir, að Alþingi hafi litið svo á, að síldarútvegurinn gæti borið hærri álögur en aðrar atvinnugreinir. Jeg fæ nú ekki sjeð, á hverju það gæti verið bygt. Líklega hefir þessi ins. En því miður hefir nú reynslan útvegur verið talinn svo tryggur og arðsamur, að óhætt væri að skattleggja hann meira en aðra atvinnuvegi landsekki bent á, að svo væri, nema síður sje. Jeg hefi lagt til, að þetta gjald sje miðað við síldina sjálfa eingöngu, en ekki það efni, sem úr henni er unnið. Mjer hefir talist svo til, að með samþykt þessara tveggja frv., sem hjer eru samferða, mundi nást nálega 100 þús. kr. hreinn tekjuauki í ríkissjóð, þegar á þessu ári, þrátt fyrir þá lækkun, sem farið er fram á á útflutningsgjaldi af salt- og kryddsíldinni. Og jeg held, að það komi sjer ekki illa, eins og nú er ástatt, að tekjurnar aukist nokkuð.

Jeg skal svo ekki hafa þennan formála lengri, en óska, að málið fái að ganga til 2. umr., og tel rjett, að það fari til fjhn.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Það er eiginlega dálítið öðruvísi ástatt

með þetta frv., sem hjer liggur fyrir, en hitt, sem var næst á undan. Mjer finst það dálitið óviðfeldin aðferð, að taka þessa einu tegund lýsis og leggja skatt á hana. Jeg hefði þá kunnað betur við, að tekið væri til athugunar útflutningsgjald af lýsi yfirleitt. Mjer finst hjer eima eftir af þeim gamla ósið, að leggja í einelti þá menn, sem hafa stundað þessa atvinnugrein. Þetta vildi jeg taka fram, þó að þess hafi ef til vill ekki verið þörf, því að hv. nefnd hefði hvort sem var sjeð ósamræmið í þessu. Það er full ástæða til að samræma þetta, að því er samkynja tegundir snertir, og mætti þá ef til vill gera einhverja breytingu á gjaldinu.

Hitt játa jeg, að það situr ekki vel á mjer, að andmæla till. um auknar tekjur til handa ríkissjóði. En þó verða menn að gæta hófs og sanngirni í slíkum till. sem öðrum, og ganga svo frá þeim, að ekki sje með rjettu hægt að benda á mjög mikið ósamræmi milli skyldra tegunda.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Hæstv. fjmrh. hafði þau ummæli um þá aðferð, að taka þessa einu tegund lýsis út úr, að hjer eimdi eftir af gömlum ósið, sem sje að íþyngja síldarútvegsmönnum með álögum umfram aðra. Jeg get viðurkent, að það sje enn svo, að hærra gjald sje lagt á síld en aðrar afurðir. En ef ósamræmi er í því, að leggja hærra gjald á síldarlýsi en lýsi af þorski, hákarli o. s. frv., þá er ennþá meira ósamræmi í því, að leggja miklu hærra útflutningsgjald á saltaða og kryddaða síld en á mjöl og lýsi, sem úr síld er unnið, eins og verður, ef útflutningsgjaldinu verður ekki breytt frá því, sem nú er.

Það var þetta ósamræmi milli útflutningsgjalds af síldinni sjálfri og þeim efnum, sem úr henni eru unnin, svo sem síldarmjöli og lýsi, sem jeg vil laga með frv. á þskj. 205 og 206. Hitt taldi jeg ekki mitt hlutverk, að bæta úr því ósamræmi, sem kann að finnast í útflutningsgjaldi af íslenskum afurðum yfirleitt.

Það sýnist fullkomin sanngirni í því, að hækka þetta gjald að nokkru, þegar litið er á það, að þessi vara hefir undanfarin ár sloppið mjög „billega", sem kallað er, við útflutningsgjaldið. Fyrir mitt leyti er jeg alveg sannfærður um, að nauðsyn er á því, að yfirvega yfirleitt, hvernig útflutningsgjöldum og öðrum ríkissjóðstekjum er jafnað niður á framleiðslu þjóðarinnar. Að því leyti er jeg alveg sammála hæstv. fjmrh. um að sjálfsagt sje að athuga frv. í nefnd, og þá skyld atriði um leið.

Jeg skal geta þess, að jeg hefi ekki borið undir hæstv fjmrh. þessi frv. mín, nema 1. gr. frv. á þskj. 206, og lagði hann þar til ýmsar góðar bendingar. Jeg hefi við athugun á útflutningsgjaldi á síld komist að þeirri niðurstöðu, að rjett væri að breyta þessu á þá leið, sem jeg hefi lagt til, ekki síst með hliðsjón af því, að síldarbræðslan er að mestu leyti í höndum útlendinga, og virðist ekki ósanngjarnt, að útlendingarnir greiði sinn hluta af útflutningsgjaldinu, eins og það þótti rjett á sínum tíma að leggja hærri gjöld á síldarútveginn en aðrar framleiðslugreinar, af því að útlendingar ættu mestan þátt í honum.

Jeg tel, að meðan svo er, að útlendingar hafa yfirráðin yfir síldarbræðslunni og veiðinni í hana líka að mestu leyti, þá sje mestur hagur í því fyrir okkur, að færa útflutningsgjaldið sem mest yfir á þá síld, sem brædd er.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Jeg veit ekki, hvort hv. flm. hefir misskilið mig. (**EF:** Það má vel vera.) Mjer fanst ræða hans snúast að miklu leyti um atriði, sem okkur ekki greinir á um.

Þó að jeg nú gangi út frá, að útreikningar hans sjeu að miklu leyti rjettir, þá er þó eitt, sem ekki er rjett, og það er það, að taka ekkert annað til greina en hráefnið. Það er fleira, sem kemur til greina við framleiðslu síldarafurða en aðeins síldin sjálf, tunnur, salt o. s. frv., og má ekki gleyma að taka það með.

Það má enginn skilja orð mín svo, að jeg vilji hindra, að frv. fái að ganga til 2. umr. og nefndar. Jeg álít þvert á móti sjálfsagt, að svo verði, en eins og jeg hefi bent á, álít jeg rjett, að nefnd taki þetta til samanburðar við aðrar skyldar tegundir. Mjer þykir ekki ólíklegt, að þegar nefnd hefir tekið þetta mál til athugunar, þá komist hún að þeirri niðurstöðu, að þær bendingar, sem jeg hefi komið fram með, sjeu þess verðar, að þær sjeu athugaðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 6. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 205, n. 360 og 361).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Þetta er framhald af því, sem verið var að tala um við málið hjer næst á undan (útflgj. af síld). Nefndin klofnaði, eins og vant er, en meiri hl. hefir þó ekki fallist á frv. óbreytt.

Eins og nú er, er greitt útflutningsgjald af síldarlýsi 1½%, en frv. gerir ráð fyrir, að greidd verði 3% að auk í útflutningsgjald, m. ö. o., ef þetta yrði samþykt, mundi útflutingsgjaldið verða 4½%. Það þótti meiri hl. nefndarinnar of langt gengið, en fjelst á að samþykkja frv. með þeirri breytingu, sem greinir á þskj. 361, að í staðinn fyrir 3% komi 1½%. Verður þá útflutningsgjald af síldarlýsi alls 3%, ef þetta verður að lögum, eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til.

Það er nú kanske ekki gott að gera sjer grein fyrir því, hvað tekjur ríkissjóðs mundu verða af þessu. Það fer fyrst og fremst eftir síldarafla, og svo því, hve mikið fer í verksmiðjurnar af honum. En eftir útflutningi síðasta árs, mundi það verða yfir 60000 krónur að minsta kosti, sem kæmi í ríkissjóð sem aukning af þessu.

Þá hefir verið minst á það áður, við umræðurnar hjer í deildinni, að ástæða væri til að taka annað lýsi þarna undir. Meiri hl. fjhn. hefir ekki gert það, og jeg get heldur ekki sagt um, hvernig meiri hl. mundi taka í það, ef slík tillaga kæmi fram, eins og mjer hefir jafnvel skilist af einstöku þingmanni, að rjett væri. En jeg

gæti sagt það fyrir mig sjálfan, að jeg hefði ekkert á móti því; en af því að það hefir verið umtal um þetta á milli þingmanna, þá minnist jeg á þetta.

Jeg tel í rauninni sjálfsagt, að þetta frv. fái að ganga áfram, úr því að hitt hefir verið samþykt, því að þar voru tekjur ríkissjóðs lækkaðar. Og þó að það kanske vinnist upp, þá álít jeg samt sem áður, að rjett sje að samþykkja það útflutningsgjald, sem hjer er farið fram á, eftir þem tillögum, sem meiri hl. fjhn. gerir hjer.

Fleira hefi jeg ekki að segja um málið. Hv. minni hl. fjhn. vill ekki samþykkja þetta, og það af þeim ástæðum, sem greinir í hans nál.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi ekkert nýtt um þetta mál að segja, og vísa alveg til ummæla minna um fyrra málið (útflgj. af síld).

ATKVGR.

Brtt. 361 samþ. með 7 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 7:3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 8. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 407).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., sama dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 407).

Á 48. fundi í Nd. var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 407, n. 726 og 741).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Útflutningsgjald af síld.

Á 24. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl. (þmfrv., A. 206).

Á 27. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Frv. þetta, á þskj. 206, er flutt, hvað aðalefni snertir, að ósk kjósenda minna nyrðra. Aðalefni þess er lækkun á útflutningsgjaldi á síld, að útflutningsgjaldið, sem nú er kr. 1,50 af síldartunnunni, verði lækkað niður í 75 aura af tunnu.

Ástæðan til þess, að farið er fram á lækkun útflutningsgjaldsins, er sú, að eins og nú er, er þetta gjald margfalt hærra en af nokkurri annari útfluttri vöru. Miðað við verðgildi síld-

arinnar má telja, að þetta gjald, kr. 1,50 af tunnu, sje nálægt því fimmfalt hærra en af öllum öðrum afurðum, sem seldar eru út, sje útflutningsgjaldið miðað við verð vörunnar. Að öðru leyti fer frv. fram á breyting á gjaldi á fóðurmjöli o. s. frv., sumpart til þess að samræma það við útflutningsgjaldið af síld, ef það verður fært niður sem fyr segir, og sumpart eru þessar breytingar til þess að koma inn nýjum liðum, sem vantað hefir í lög um útflutningsgjald af íslenskum afurðum. Má því til sönnunar benda á, að ekkert af síld óunninni, fiskúrgangur, hausar og bein, hefir til þessa heyrt undir lög um útflutningsgjald, og nemur þó sá útflutningur talsverðu.

Í grg. með frv. er bent á, hvernig eigi að reikna út útflutningsgjaldið af síldarmjöli. Jeg tel rjett, að miðað sje við sama gjald og af síldinni hrárri, hvort sem hún er send úr landi krydduð og söltuð, eða henni er breytt í mjöl og lýsi, þannig, að hráefnið sje lagt til grundvallar og af jöfnu magni þess greitt jafnt gjald. En eins og nú standa sakir, vantar mikið á, að hlutfallslega jafnhátt gjald greiðist í ríkissjóðinn af síldarmjöli, sem unnið er úr einni tunnu síldar, eins og síldartunnu, sem seld er söltuð eða krydduð til útlanda.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta mál fleiri orðum. Jeg vonast fastlega til, að háttv. Alþingi taki vel í það, að samræma útflutningsgjald af síld við útflutningsgjald af öðrum útfluttum vörutegundum og gangi inn á till. mínar um það. Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og til fjhn., þar sem hjer er um fjárhagsmál að ræða.

Fjmrh. (Magnús Kristjánsson): Í raun og veru er ekki hægt að segja annað en að full ástæða sje til þess að breyta þeim lögum, sem þetta frv. stefnir að. En hitt er annað mál, hvort það hefir tekist að hitta hið rjetta meðalhóf, hvað snertir einstakar tegundir útfluttra afurða. Það tel jeg vafamál. En þess er að vænta, að það atriði verði nákvæmlega athugað í nefnd.

Annars verð jeg að segja það um ákvæðin um útflutningsgjald af síld, að þau hafa verið frá upphafi vega hörð í garð innlendra framleiðenda á þessu sviði. Hið háa útflutningsgjald af þessari vörutegund var upphaflega sett og því síðan við haldið með hliðsjón af því, að útflutningurinn gengi að langmestu leyti í gegnum hendur útlendinga. En nú horfir talsvert öðruvísi við, þar sem hjer er nú á ferðinni frv. um einkasölu á síld. Það er vitanlega ekki hægt að segja um afdrif þess fyrirfram. En verði það samþykt, þá gengur útflutningurinn úr höndum útlendinga á hendur innlendum mönnum. Og þá virðist ekki ósanngjarnt að lækka útflutningsgjald á saltsíld, svo sem farið er fram á í frv. þessu. En jeg get búist við, að hækkun gjaldsins af öðrum tegundum, sem tilgreindar eru í frv., þyki aftur á móti fullmikil. Það má gera ráð fyrir, að áður en langur tími líður, færist og sá útflutningur yfir á innlendra manna hendur.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fjöl-

yrða mjög um þessa hlið málsins við þessa umr., en vænti þess, að þetta verði vandlega skoðað í nefnd.

Jeg hefi undanfarið talsvert verið við riðinn slík málefni sem frv. fjallar um. Og mjer hefir ætíð virst sem tollurinn á þessari vörutegund, þ. e. útfluttri síld, næði engri átt. Það eina, sem í mínum augum hefir getað rjettlætt hann, var það, að hann væri til þess að ná sjer niðri á útlendingum.

Jeg man eftir því á þingi 1907, er fram fór fyrsta tollhækkun á þessari vörutegund. Þá voru vitanlega alt aðrar tölur lagðar til grundvallar, því að verðlag var þá með alt öðrum hætti en nú. Mig minnir, að tollurinn væri 25 aurar af tunnu og hækkaður upp í 50 aura. Jeg áleit þá, að þetta væri óhæfilega hár tollur og bar fram brtt. þess efnis, að þennan toll mætti að nokkru leyti endurgreiða innlendum. framleiðendum eftir á. Þetta var í alla staði mjög svo eðlilegt fyrirkomulag. Stóð svo í nokkur ár, en var aftur breytt, sem aldrei skyldi verið hafa, því að með þeirri breytingu var ranglátt spor stigið.

Svo var það á þingi árið 1917, að nokkrir þingmenn litu svo á, að nauðsyn bæri til að haga þessu útflutningsgjaldi svo, að innlendir framleiðendur yrði ekki eins illa úti, hvað það snerti, og útlendingar. Gerðu þeir tilraun í þá átt, en tókst eigi að fá því framgengt. Hið háa útflutningsgjald, kr. 1.50 af hverri síldartunnu, var þá lögleitt, og við það stóð, þangað til 1921. Þá bárust Alþingi kvartanir yfir hinum óhæfilega háa tolli. Bar jeg fram till. þess efnis, að innlendum útflytjendum mætti endurgreiða toll af þeirri vöru, sem seldist undir kostnaðarverði. Þessi till. mætti mótspyrnu, en var þó samþykt. Með henni var stigið spor í rjetta átt. En því miður hefir hið háa Alþingi ekki haft næga þekkingu á þessu sviði atvinnumálanna, til þess að það bæri gæfu til að halda þeirri rjettu stefnu. Því að þetta ákvæði var aftur felt úr gildi. Þannig hefir verið hringlað fram og aftur með þetta. Og mjer er þó nær að halda, að allir hafi litið svo á, að útflutningsgjaldið af síld væri óhæfilega hátt, saman borið við gjald af öðrum vörum. Jeg tel því vel farið, að komin er fram till. um að breyta til og sjálfsagt, að frv. gangi til 2. umr. og verði vel og vandlega athugað.

Það er því meiri nauðsyn á að breyta lögunum um útflutningsgjald, að það hefir komið upp ágreiningur um það, hvernig skilja bæri sum ákvæði þeirra. Og það er um útflutningsgjald af síldarmjöli. Jeg verð nú að segja það, að ákvæðið þar að lútandi er ekki svo skýrt sem æskilegt hefði verið, enda hefir það líka verið notað til þess að skjóta sjer undan rjettmætum gjöldum.

Í þessu frv. er reynt að kveða skýrar á. Er og sjálfsagt, að lög sje svo skýr, að ekki verði skilin á marga vegu. En hjer munaði ekki minnu en því, að framleiðendur litu svo á, að þeir þyrfti ekki að greiða nema ¼ af því gjaldi, sem þeim bar samkvæmt rjettum skilningi á ákvæðum laganna. Þannig hefir nokkurt fje farið forgörðum fyrir ríkissjóði. Er því engin vanþörf á að gera ákvæðin svo skýr, að ekki verði um þau deilt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10

shlj. atkv., og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 6. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 206, n. 359 og 362).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Bæði þessi mál, sem saman eru á dagskránni sem 5. og 6. mál, eru þess eðlis, að ekki er gott um þau að tala nema bæði í einu. Þau eru flutt samtímis og eiga að fylgjast að gegnum þingið.

Meiri hl. fjhn. hefir fallist á að samþ. nokkrar breytingar á útflutningsgjaldi á síld og öðrum þeim afurðum, er um ræðir í 1. gr. frv. En meiri hl. hefir hinsvegar ekki þótt rjett að ganga eins langt í niðurfærslu tollsins og háttv. flm. fer fram á.

Nú sem stendur er greitt útflutningsgjald af síld, sem nemur kr. 1.50 af hverri tunnu. Í frv. á þskj. 206 er farið fram á að lækka þennan toll um helming, eða niður í kr. 0.75 af hverri tunnu síldar, sem út er flutt. Fjhn. vill fara milliveg og leggur til, að útflutningsgjaldið verði kr. 1.00 á hverja tunnu af saltaðri síld, en af kryddsíld kr. 1.50, eins og nú, eða með öðrum orðum: óbreyttur tollur af kryddsíld. Og það er af þeirri ástæðu, að kryddsíldin er miklu verðmætari en saltaða síldin.

Ef gert er ráð fyrir, að út sje fluttar árlega 180 þús. tunnur af saltsíld, nemur lækkun á tekjum ríkissjóðs af síldartolli við þessa breytingu eftir till. meiri hl. fjhn. 90 þús. kr. En eftir frv. nemur lækkunin talsvert meiru, þar sem útflutningsgjaldinu er ætlað að vera kr. 0.75, bæði af saltaðri síld og kryddsíld.

Þessar 90 þús. kr. getur ríkissjóður unnið upp, og vel það, á hækkuðu útflutningsgjaldi af síldarlýsi, síldarmjöli, óþurkuðu áburðarefni úr fiski og síldarafurðum, ósunninni síld, fiskúrgangi o. s. frv. Eftir lauslega athugun á því, hversu færi, ef frv. með breytingum meiri hl. næði fram að ganga, má áætla, að ríkissjóður hagnist á því um alt að 100 þús. kr. Það er því ekki tap fyrir ríkissjóð, heldur allverulegur tekjuauki, ef bæði þessi frv. verða samþ.

Háttv. minni hl. fjhn. gerir ráð fyrir, að það sje ekki Íslendingar, sem greiða þennan toll, heldur útlendingar að miklu leyti. Telja þeir minni hl. menn, að ⅔ tollsins hvíli á herðum útlendinga, og því sje ekkert athugavert við, að hann sje mun hærri en af öðrum útfluttum afurðum. Má vel vera, að eitthvað sje til í þessu. En mjer er þó nær að halda, að það sje samt sem áður seljendur hjeðan, sem verða að borga brúsann, og ef breyting sú kemst á sölu síldar, sem frv. það um einkasöluheimild, er liggur nú fyrir þessu þingi, fer fram á, þá verður auðvitað ekki öðrum til að dreifa en Íslendingum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að af síld, sem seld er til Rússlands eða á aðra nýja markaði, verði ekki tekið útflutningsgjald, ef hún selst undir 25 kr. hver 100 kg. Um þetta urðum við í meiri hl. ekki sammála. Vilja tveir okkar, form. fjhn., háttv. 2. þm. S.-M. og háttv. 1. þm. Eyf. láta niður falla

úr frv. 2 gr., sem um það ræðir. Eru þeir að því leyti samþykkir því, er þar um segir í nál. háttv. minni hl., þótt þeir beri enga brtt. fram í þá átt, með því að greinin sjálf kemur sjerstaklega til atkvæða við 2. umr. Jeg lít aftur á móti svo á, að gr. megi vel standa í frv., og sje rjett að hjálpa þeim heldur en hitt, sem eru að brjótast í því að koma síldinni á nýja markaði. Bæði er það, að ríkissjóður hagnast af í framtíðinni, ef síldarsala eykst fyrir aukinn markað, og svo atvinnuauki fyrir landslýð.

Þá er ekki fleira, er jeg tel mig þurfa að taka fram af hálfu meiri hl. viðvíkjandi frv., og mun jeg bíða átekta, þar til háttv. minni hl. hefir tilfært frekari röksemdir fram yfir það, sem hann gefur upp í nál. sínu.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Þessi tvö frv. eru, eins og háttv. frsm. meiri hl. gat um, svo nátengd hvort öðru, að tæplega er hægt um þau að tala nema bæði í senn. Þungamiðja þeirra beggja í sameiningu er það, að lækka útflutningstoll af síld úr kr. 1.50 niður í 0,75, án þess að ríkissjóður tapi nokkru við þá lækkun.

Eins og nál. minni hl. fjhn. á þskj. 360 ber með sjer, þá getur minni hl. ekki fallist á frekari lækkun á síldartolli en nú er orðið. Áður var hann, sem kunnugt er, 3 kr. af tunnu, en var lækkaður fyrir fáum árum um helming. Eins og háttv. frsm. meiri hl. tók fram, þá álítum við í minni hl., að þessi tollur hvíli að ⅔ á herðum útlendinga, og að frekari lækkun á honum þýði, að ljett sje á þeim að sama skapi. Enn teljum við því ekki fært að breyta til. En ef síldartollurinn er látinn standa við það, sem er, þá er hitt alt óþarft, svo framarlega sem ekki er til þess ætlast sjerstaklega, að afla ríkissjóði aukatekna. Sú mun ekki vera hugmynd háttv. flm., heldur hitt, að jafna þessu útflutningsgjaldi haganlegar niður á hina einstöku tegundir síldarafurða. Hingað til hafa útgerðarmenn sóst eftir því að salta síldina, frekar en selja hana í bræðslu. Þeir hafa talið það neyðarúrræði, að selja síldina bræðsluverksmiðjunum; verðið, sem bær gefa fyrir síldina, væri of lágt. Það er sú almenna skoðun, að ekki borgi sig að fiska til bræðslu, nema í bestu veiðiárum. Menn hafa því saltað aflann að mestu leyti, í von um hærra verð fyrir síldina saltaða en það, er verksmiðjurnar gefa fyrir hana nýja. Oft hafa þeir orðið vonsviknir. Verðið hefir reynst óstöðugt og óáreiðanlegt. Hinsvegar er reynsla fengin fyrir því, að markaður fyrir síldarmjöl og síldarlýsi er alveg öruggur. Stefna Alþingis í síldarmálum ætti því að vera sú, að gera mögulegt að fá gott verð fyrir bræðslusíld og hvetja útgerðarmenn til þess að selja síldarafla sinn bræðsluverksmiðjunum, heldur en sitja uppi með hann í von um svo og svo hátt verð, sem síðan reynist tómt tál. Ef því fengist svo fyrir komið, mundu þeir eiga minna á hættu og atvinnuvegurinn verða tryggari. Og um leið minkaði áhætta lánsstofnananna, sem styrkja þennan óvissa útveg, og væri það vel farið.

Bæði frv. stefna í öfuga átt við þetta. Þau örva löngun manna til þess að salta síldina, í stað þess að selja hana í síldarbræðslurnar, með því að útflutningsgjaldið á saltsíld á að lækka

svo mjög, en hinsvegar hækka á síldarafurðum þeim, er verksmiðjurnar framleiða; en það mundi leiða til þess, að þær gæfi þeim mun minna fyrir síld í bræðslu en ella. Þetta er óhjákvæmileg afleiðing af því, ef tollurinn lækkar svo sem hjer er stungið upp á. Læði nær, að afnema útflutningsgjald af síld og síldarlýsi með öllu, til þess að útvegurinn gæti borið sig í hverju meðalári, því að það er aðalatriðið, að því er mjer finst.

Í þessum fáu orðum hygg jeg, að allur aðalkjarni málsins sje skýrður og burfi ekki fleiri orð um. Minni hl. leggur til, að 2. gr. sje feld burtu úr frv., og virðist háttv. meiri hl. því einnig samþykkur.

Þá þarf jeg aðeins að minnast á brtt. háttv. meiri hl., og afstöðu minni hl. til þeirra. Fyrst er sú breyting, að tollur af hverri útfluttri tunnu af saltaðri síld hækki úr 75 aurum, sem frv. ákveður, upp í 1 krónu. Því er minni hl. á móti, af fyrgreindum ástæðum, að hann vill láta útflutningsgjaldið halda sjer eins og það er. Í öðru lagi vill háttv. meiri hl. halda háum tolli, kr. 1.50 á tunnu, af krydduðsíld, sem út er flutt. Minni hl. sjer ekki ástæðu til þess að tolla krydduðsíld hærra en saltaða, því að efnið, sem í fer, krydduðið og sjerstaklega sykurinn, er hátt tollað áður, þegar það er flutt inn. Af hverjum 100 kg. af óburkuðu áburðarefni úr fiski og síldarafurðum fer frv. fram á að taka 60 aura í toll, og eins brtt. háttv. meiri hl. Víða er þessi vara einskis virði, en getur verið sumstaðar, að hún sje 60 aura — máske krónu virði. Því finst minni hl. nefndarinnar það alveg fráleitt, að tolla þessa vöru með 60 aurum. Hún er sára lítils virði og engin markaðsvara, svo menn viti. — Þetta þykir minni hl. óeðlilega hátt, þar sem víða hagar svo til, að engar vjelar eru notaðar til þess að vinna úr vöruna, og ósanngjarnt að taka þá háan toll af þeirri vöru, sem út er flutt.

Minni hl. getur því ekki fallist á brtt. meiri hl., en væntir, að hv. deild geti átt samleið með sjer að koma frv. þessu í það horf, sem lagt er til á þskj. 359.

Erlingur Friðjónsson: Þau eru þá komin hjer til 2. umr., þessi tvö frv. mín um útflutningsgjald af síld og síldarlýsi. Sú hv. nefnd, sem um þau hefi fjallað, hefir klofnað, og meiri hl., sem að vísu leggur til, að frv. verði samb., hefir með brtt. sínum horfið alllangt frá mínum till., í frv.

Jeg get vel skilið, þó að hv. fjhn. gæti ekki fallist á mínar till. í þessu efni, því það er mjög algengt, þegar eitthvað hefir viðgengist um lengri tíma, sem jeg vil kalla óreglu eða ósanngirni, þá er erfitt að fá því breytt til bóta í einum svip. Mjer er það líka fullljóst, að það er erfitt að færa eðlileg rök fyrir því, að útflutningsgjaldið eigi að vera lægra af síldarafurðum úr síldarverksmiðjum en af útfluttri síld. Jeg álít, eins og hv. minni hl., að útflutningsgjaldið hvíli aðallega á hráefni vörunnar. Og þá er ekkert, sem rjettlætir, að taka lægri toll af síld, sem notuð er til bræðslu, nema því aðeins, að það borgi sig ver að bræða hana, heldur en að selja hana saltaða. Nú var í gær, í þessari hv. deild, rætt um, að það borgaði sig mjög vel að kaupa síld til bræðslu, og revndi enginn að mæla móti því, að síldarverk-

smiðjurnar hjer hefðu árlega mjög mikinn hagnað af því. Hinsvegar er og ljóst af marga ára reynslu, að verslun með útflutta, saltaða síld hefir gengið mjög illa. Þess vegna fæ jeg ekki skilið, að hv. minni hl., sem engu vill breyta um útflutningsgjaldið, eins og það nú er, skuli geta sætt sig við það, fyrst hann kannast við, að útflutningsgjaldið hvíli á hráefninu.

Nú hvílir á saltaðri síld 1.50 kr. útflutningsgjald, en á jafnmiklu hráefni, komnu í gegnum síldarverksmiðjurnar, nemur gjaldið aðeins 28 aurum, en það er sama sem að fimmfalt hærra gjald sje greitt af saltaðri síld en beirri, sem í verksmiðjurnar fer. Þó að síldin sje seld briðjungi hærra verði til söltunar en til bræðslu, þá er talið að borgi sig eins vel að veiða í bræðslu, af því fyrst og fremst, að bangað má selja alla þá síld, sem óhæf er til söltunar og öll afgreiðsla fljótari.

Hv. minni hl. heldur því fram, að síldarframleiðendur beri tollinn af saltaðri síld, en ekki þeirri, sem fer í bræðslu. En þetta er af ókunnugleika sagt, eða einhverjum misskilningi, þar sem vitanlegt er, að um ¾ hlutar af bræðslusíldinni er í höndum útlendinga. Að vísu er ætlast til, að bessi hlutföll breytist, þegar Íslendingar hafa sjálfir eignast síldarbræðsluverksmiðjur.

Jeg býst nú við, að jeg geti gengið inn á brtt. hv. meiri hl., þótt jeg játi, að bær sjeu allfjarri því, er jeg lagði til í frv. mínu. Jeg get líka tekið undir þau ummæli hv. frsm. minni hl., að af því að af kryddi því, sem notað er í hverja tunnu kryddsíldar, er búið að greiða toll, sem nemur á þriðju krónu, þá sje ekki rjett að greiða háan toll af útfluttri kryddsíld.

Út af því, sem segir í nál. hv. meiri hl. á þskj. 362, að tveir af þremur nefndarmönnunum leggi til, að 2. gr. frv. falli niður, þá vildi jeg skjóta því til þeirra og annara hv. þdm., hvort beir geti ekki fallist á, að 2. gr. frv. fái að standa eins og hún er, til 3. umr. Jafnframt vildi jeg gera þá fyrirspurn til hv. fjhn., hvort hún gæti ekki fallist á, að í staðinn fyrir að miða tollinn við 25 kr. verð hverrar síldartunnu, sem seld væri til Rússlands, lækkaði verðið niður í 22 kr. Þetta hjá mjer, í frv., að miða tollinn við 25 kr. verð, sem fengist fyrir hverja tunnu, var ekki annað en að síldartunnan er þá komin upp í það verð, sem barf að fást, til bess að sje ekki beinlínis skaði að selja hana. En eðlilega verður sá skaði meiri, eftir því sem hún lækkar meira í verði, og þá meiri ástæða til að gefa tollinn eftir.

Mjer finst óviturlegt að því sje valdið begar í upphafi með háu útflutningsgjaldi eða öðru, að ríkið eyðileggi bennan markað í Rússlandi. Hitt tel jeg rjettara, og meiri hagfræði í því, að lyft sje undir viðskiftin við Rússland begar í byrjun, því það getur orðið til mikilla hagsbóta, er stundir líða. Þess vegna vil jeg beina til hv. fjhn., hvort ekki muni rjett að láta þessa gr. standa til 3. umr., og breyta henni þá í það horf, sem jeg hefi stungið upp á.

Hv. frsm. minni hl. talaði um, að tryggur markaður væri fenginn fyrir síldarmjöl og lýsi, og því ætti að stefna að því, að sem mest af síldinni færi í bræðslu, en af því leiddi aftur, að tollurinn þyrfti ekki að lækka á salt-

síldinni. Jeg veit ekki betur en að látið sje í bræðslu það, sem ekki þarf að salta til útflutnings. En jeg vil benda á, að okkur er ekki síður nauðsynlegt að halda þeim markaði, sem við höfum aflað okkur fyrir saltaða og kryddaða síld. Jeg álít það mestu yfirsjón, ef menn sneru sjer eingöngu að síldarbræðslunni, en hættu að mestu leyti að hugsa um að salta síld til útflutnings. Við eigum að hafa þetta í okkar höndum hvorttveggja, og tryggilega um það búið. Því það þarf ekki að efa, að markaður með salt- og kryddsíld getur verið tryggur, ef vel og viturlega er um það mál búið.

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál Jeg mun geta fallist á brtt. hv. meiri hl., nema það, að fella niður 2. gr.

Frsm. minni hl. (Björn Kristjánsson): Jeg hefi litlu að svara hv. þm. Ak., enda hefir hann fáu andmælt af því, sem jeg sagði. Hann benti á, að síldarverksmiðjurnar mundu græða stórfje á framleiðslu sinni, og sennilegt, að þær ættu hægt með að borga síldina betur en þær hefðu gert. En þetta hefir ekki nein áhrif á það, sem jeg sagði, enda geri jeg ekki ráð fyrir, að verksmiðjurnar sleppi neinu af sínum gróða, en láti það ganga út yfir framleiðendurna í lægra verði, sem þeir gefa fyrir síldina. Ef taka á upp í þessu efni reglu hv. þm. Ak. um, hvað mikið eigi að gjalda, miðað við, hvað mikið fáist af lýsi úr vissum þunga síldar, þá verður að taka fleira til athugunar, t. d. hvað mikið fáist af lýsi úr þorski og ýsu, og samræma útflutningsgjaldið eftir því.

Þá sagði hann, að síldarbræðslan væri í höndum útlendinga aðallega, og er þetta rjett athugað. En þetta hefir ekki önnur áhrif en að þeir halda sínum gróða, og gefa bara lægra verð fyrir síldina. Þá vildi hann láta 2. gr. frv. standa, og með það fyrir augum, að mjer skildist, að útvega nýja markaði fyrir saltaða síld. Mjer finst, að væri nær að gera tilraunir um nýja markaði, bæði í Rússlandi og víðar. Og væru þær tilraunir á rökum bygðar, en ekki gerðar út í loftið, þætti mjer sennilegt, að ríkið hlypi undir bagga með ívilnun á útflutningsgjaldinu eða öðrum hlunnindum. Þá gat hann og þess, að nóg bærist að síldarverksmiðjunum af efni til þess að vinna úr, og má það til sanns vegar færa, að svo hafi verið síðastliðið sumar, af því að þá var um sjerstakt aflaár að ræða. En þó er engin trygging fyrir því, að þeir fái altaf nóg, segja þeir, sem kunnugir eru þessum atvinnurekstri. En úr þessu verður að bæta, svo að verksmiðjurnar þurfi ekki að standa aðgerðarlausar, þó miður aflist eitt sumar en annað.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Hv. þm. Ak. hefir nú svarað bæði því, sem stendur í nál. hv. minni hl., og hinu, sem kom fram í ræðu hv. frsm. Það eru því aðallega tvö atriði, sem jeg vildi leiðrjetta hjá hv. minni hl. Hv. frsm. vildi halda því fram, að það mundi auka löngun manna til þess að salta meira en áður, ef útflutningsgjald af saltaðri síld yrði lækkað. En þessi 50 aura lækkun á hverri útfluttri tunnu af síld mun engin áhrif hafa í þessu efni. Þegar líkur eru til að saltsíld seljist, þá er verkað í salt eins og hægt er. Og ef ekki veiðist

mjög mikið, þá er það talinn hagnaður að salta. Jeg held því, að þessi 50 aura tolllækkun hafi minna að segja en gróðavonin um að hafa sem mest upp úr þessari vöru, sem þó er svo breytilegt verð á, að það veltur frá því að vera langt fyrir neðan kostnaðarverð upp í mjög hátt verð, og svo að því ógleymdu, að stundum verður að borga fyrir það að moka síldinni í sjóinn, þegar engir vilja hirða hana. Það er þetta breytilega verð, sem gerir það svo lokkandi að fást við síldarverslun, en ekki þessir „litlu 50 aurar", eins og einn kaupmaður hjer í bænum orðar það.

Hitt atriðið er um kryddsíldina. Hv. frsm. minni hl. áleit ekki rjett að greiða hærri toll af slíkri síld, af því að búið væri að greiða talsverðan innflutningstoll af því kryddi, sem látið er í tunnurnar. En þetta er engin ástæða. Því eins og jeg hefi sagt, að ekki sje nema eðlilegt, að þeir, sem flytja mikið inn, geta ekki sloppið við að greiða lögboðna tolla í ríkissjóð, svo það er engin ástæða til að ljetta gjaldinu af kryddsíldinni. Nú er verslun með kryddsíld talin mjög arðvænleg, a. m. k. mun láta nærri, að fyrir hverja tunnu af kryddsíld fáist helmingi eða þriðjungi hærra en fyrir sama þunga af saltsíld. Og það, sem með frv. er verið að gera, er það, að taka útflutningsgjaldið í rjettum hlutföllum eftir markaðsverði vörunnar. Saltaða síldin er í svo lágu verði, að 1.50 kr. útflutningsgjald af hverri tunnu er orðið of hátt hundraðsgjald, saman borið við söluverð síldarinnar.

Þá er það spurning hv. þm. Ak. viðvíkjandi 2. gr. Jeg get ekkert um það sagt, hvort samnefndarmenn mínir geti fallist á að láta 2. gr. frv. standa Jeg fyrir mitt leyti er því fylgjandi, og vil þá líka taka til greina athugasemd hv. flm. í þessu sambandi. En út af því, sem hv. frsm. minni hl. sagði, að fiskiúrgangur væri seldur til áburðar á 60 aura 100 kg., þá vil jeg ekki rengja, að svo kunni að vera, þó að jeg hafi heyrt getið um miklu hærra verð. Og sje verðið eins og hv. þm. vill halda fram, þá sje jeg ekki, að þessi útflutningsvara geti þolað það útflutningsgjald, sem hv. þm. vill þó á hana leggja. En jeg ætla raunar, að þetta 60 aura verð sje hvergi nálægt sanni.

Erlingur Friðjónsson: Hv. frsm. minni hl. var aftur að tala um það, hve tilfinnanlega hækkun á tolli af síldarlýsi og síldarmjöli lenti á framleiðendum þeirrar vöru. En jeg vil þá benda hv. þm. á það, sem hann virðist ekki hafa áttað sig á, að lækkun á útflutningsgjaldi á saltaðri síld er beinlínis til að hækka verðið á hráefninu til verksmiðjanna, og þegar lítið berst að verksmiðjunum, þá verða þær að taka tillit til framboðs á hráefninu. Þær hafa reyndar stundum, eins og hv. frsm. minni hl. benti á, ekki fengið eins mikið og þær þurfa, til þess að framleiðslan beri sig, en þá er það verðið á saltsíldinni, sem skapar verðið á síld til bræðslunnar. Þegar verðið er hátt, þurfa verksmiðjurnar að miða sitt verð við verðið á saltsíldinni. Venjan er að gefa ekki hærra verð fyrir málið til bræðslu, heldur en fyrir eina tunnu til söltunar, og ef við getum lækkað tollinn á síld til útflutnings, þá er það sama og að hækka verðið á síldinni til bræðslnanna að

sama skapi, þar sem lækkaður kostnaður við saltsíldina hækkar verðið á hráefninu.

Jeg vona þá, að jeg hafi með þessu bent hv. þm. á það, að það er alls ekki rjett ályktun hjá honum, að framleiðendur greiði toll af hráefninu inn í bræðslurnar, og þrátt fyrir það, þótt þeir gerðu það, þá er það rjettmætt. Það er ekki einasta svo, að útlendingar hafi ¾ hluta af allri bræðslu hjer, heldur veiða þeir líka ¾ hluta af því, sem bræðslurnar ráða nú yfir, og ef það er rjett, að hafa tollinn háan, eins og verið hefi að undanförnu á síldinni, af því að útlendingar bæði salta og flytja síldina út, þá er það nákvæmlega sama „princip", sem haldið er fram hjá mjer, að vegna þess að útlendingar eigi síldina, sem í bræðslurnar fer, þá eigi útflutningsgjaldið að vera dálítið hátt, og er það sumpart af þessu, að jeg er enganveginn ánægður með tillögur meiri hl. nefndarinnar í þessu máli. Þær tillögur eru á þá lund, að nefndin hefir fært niður útflutningsgjaldið af síldarmjöli og síldarlýsi, frá því sem jeg hefi lagt til, að haft væri.

Hv. frsm. minni hl. talaði um, að það væri ekki ástæða til að sambykkja 2. gr. frv. á þskj. 206, af því að þingið hefði þá viðurkent rjettmæti á eftirgjöf á útflutningsgjaldi af síld til Rússlands, og mundi þá halda þeirri reglu, að gefa eftir tolla á þeim vörum, sem sendar væri á nýja markaði. Mjer þykir vænt um, ef það skyldi liggja fyrir okkur, hv. 1. þm. G.-K. og mjer, að sitja hjer saman á þingi, og slíkt mál kæmi fyrir sem þetta, að jeg þykist þá eiga vísa liðveislu þess hv. þm. (**BK**: Ef rjettmætt væri að veita það). Já, hv. þm. hefir nú viðurkent það rjettmætt, eftir því sem ástæðurnar voru með eftirgjöfina nú.

Þá vil jeg víkja því að hv. sessunaut mínum (JBald), að það er ekki rjett hjá honum, að það sje líkt ástatt um skoðun mína að því er kryddsíld snertir, eins og skoðun þeirra manna, sem vilja gefa eftir af tekju- og eignarskatti, að jeg vildi gefa eftir af tolli á henni. Því verður ekki neitað, að hjer er um óbeinan skatt að ræða, sem hvílir á síldinni, og fyrst hann er að nokkru leyti lagður á efni, sem notað er til þess að gera hana að verslunarvöru, og að nokkru leyti á hráefnið, þá verður að taka tillit til þess, hvort tollurinn er hár eða ekki, sem á hana legst. Að vísu tel jeg það eðlilegast, að taka aðeins tillit til verðs vörunnar, þegar um útflutningsgjaldið er að ræða, og því ætti sú vara að vera hærra tolluð, sem meiri hagnaður er að selja. En þessi skoðun hefir alls ekki gilt gagnvart síldinni að undanförnu; sú skoðun hefir alment gilt, að það væri rjett að láta síldina bera miög hátt útflutningsgjald, án tillits til þess, hvort þeir, sem flytja hana út, gætu verslað með hana sjer að skaðlausu eða ekki, og það er í raun og veru ekki nema tilviljun, að ekki hefir farið eins með kryddsíldina eins og saltsíldina, að markaðurinn sje orðinn offvltur. Hjer innanlands er alls enginn hagnaður að því að veiða síld til þess að krydda; verslun með kryddsíld er öll utanlands, sem við höfum ekkert með að gera, og hagnaðurinn af kryddsíldinni lendir hjá þeim útlendu síldarseljendum.

Ingvar Pálmason: Jeg tel rjett, að

segja nokkur orð fyrir hönd okkar tveggja, sem skrifað höfum undir nál. meiri hl., en leggjum þó á móti 2. gr. frv., sjerstaklega af því, að vikið hefir verið að okkur nokkrum orðum undir umr. Það, sem við teljum varhugavert við 2. gr. frv., er ekki það, að við ekki viðurkennum, að undir vissum kringumstæðum sje rjett að gefa upp útflutningsgjald af síld, þegar um nýjan markað er að ræða, en við lítum hinsvegar svo á, að það sje dálítið varhugavert að binda þetta með lögum, og sjerstaklega varhugavert að binda það við nokkurt verð á síldinni, því að við getum ekki fyrirfram verið vissir um, að það mark, sem við setjum fyrir þessu ákvæði, verði um aldur og æfi viðeigandi. Það kann vel að vera, að það sje það nú, en hinsvegar engin vissa fyrir, að svo verði í framtíðinni. Það getur vel verið, að lægra verð en 25 krónur á tunnu kunni að verða hagstætt verð, þótt menn alment nú telji það ekki, og því álítum við rjettara, að láta þetta ekki standa í lögum, og hinsvegar treystum við því, að Alþingi verði svo sanngjarnt í hverju tilfelli, þegar um nýjan markað er að ræða, að það gefi eftir tollinn, ef nauðsyn þykir til bera.

Viðvíkjandi fyrirspurn, sem hv. þm. Ak. beindi til okkar, skal jeg geta þess, að jeg tel lítilsvert, að láta greinina standa til 3. umr., vegna þess að það vinnst ekki mikið við það, þótt við förum að færa þetta mark til. Þó að farið verði að lækka þetta lágmark á síldarverðinu eitthvað, þá verður það alveg sama. En svo er hjer ástatt nú, að það er ekki hægt að verða við þessum tilmælum hvað það snertir, vegna þess, að það liggur fyrir tillaga um að fella niður breytinguna. Ef við tveir í meiri hl. hefðum ráðið, þá hefði verið hægt að framkvæma þetta, en af því að hv. minni hl. hefir beinlínis gert tillögu um að greinin fjelli niður, er ekki hægt að verða við þessu. Ef við berum fram tillögu um að fella greinina niður, þá getum við ekki komið með þá tillögu aftur við 3. umr., því að það er á móti þingsköpum. Jeg vona, að hv. þm. Ak. athugi, að þetta er fyrst og fremst af því, að við teljum ekki brýna nauðsyn á því að verða við tilmælum hans, og í öðru lagi af því, að þetta er ekki löglegt. Við 2. umr. viljum við ekki á neinn hátt spilla fyrir afnámi þessa útflutningsgjalds, þegar um nýjan markað er að ræða. Hitt er þegar tekið fram, að okkur þykir dálítið varhugavert að binda þetta með lögum.

Jeg hefi þá gert grein fyrir afstöðu okkar, og þykir þá rjett að geta þess líka, að ástæðan til þess, að við meiri hl. fjhn. lögðum til, að útflutningsgjald af fiskiúrgangi yrði hækkað frá því, sem var í upphaflega frv., var það, að hjer eru að koma upp fiskúrgangsverksmiðjur, og vona jeg, að þeim fjölgi á næstu árum, og helst svo, að þær komi upp í hverri stærri verstöð á landinu. Hitt er alkunna, að Norðmenn hafa haft skip hjer uppi, til að safna þessum þurkaða úrgangi og flytja hann til Noregs, til mölunar þar, og þetta hafa þeir gert í fullri samkeppni við þær mölunarverksmiðjur, sem hjer eru. Við teljum þess vegna rjett, að þessi útflutningur sje töluvert skattlagður. Jeg vona því, að hv. deild skilji það, að þetta er ekki alveg út í loftið, að við höfum lagt til, að síðasti liður tillögunnar verði hækkaður.

ATKVGR.

Brtt. 362 (ný 1. gr.) samþ. með 8:4 atkv.
— 359, 1 þar með fallin.
— 359, 2 samþ. með 7:3 atkv.
— 359, 3 samþ. án atkvgr.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 8. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 406).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:3 atkv., og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., sama dag, var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 406).

Á 48. fundi í Nd., 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 12. apríl, utan dagskrár, mælti

Bernharð Stefánsson: Jeg vil leyfa mjer að skora alvarlega á hæstv. forseta að sjá um það, að tekið verði sem allra fyrst á dagskrá frv. til laga um útflutningsgjald af síld. Mjer er kunnugt um, að þeim mönnum, er stunda þessa atvinnu, er það ákaflega bagalegt, að fá ekki að vita sem allra fyrst, hver verða úrslit þessa máls. Það grípur svo mjög inn í atvinnulíf þessara manna, að þeir eiga rjett á því, að það verði afgreitt sem fyrst.

Forseti (JörB): Út af ósk hv. 2. þm. Eyf. um að þetta mál verði tekið fyrir, skal jeg geta þess, að það verður tekið fyrir á morgun. Það er að vísu nokkuð seint, en dagskráin er samin af hæstv. aðalforseta, og vil jeg því ekki breyta henni. Hinsvegar liggja mörg mál fyrir til 3. umr., og er nauðsynlegt að ljúka þeim, svo þau geti komist til efri deildar, er nú hefir lítið að gera.

Á 70. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 406, n. 740 og 749, 754).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Þingvallaprestakall.

Á 32. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um niðurlagning Þingvallaprestakalls (þmfrv., A. 299).

Á 33. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði í e. hlj., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Ákvæði þessa frv. fara fram á, að prestakallið á Þingvöllum verði lagt niður. Tilgangurinn er sá, að rýma til eftir föngum fyrir 1930. Presturinn á Þingvöllum hefir ekki kröfu til eftirlauna eða biðlauna, en í frv. er farið fram á, að hann fái 2000 krónur í 5 næstu ár, til þess að gera það mýkra fyrir hann að leggja niður embætti, sem virðist nauðsynlegt, svo að ríkið fái full yfirráð yfir Þingvöllum og svæðunum í kring 1930. Þetta frv. er flutt fyrir tilmæli hv. stjórnar, og geri jeg ráð um, að hún geri frekari grein fyrir því, ef þörf verður.

Þar sem þetta heyrir undir fjhn., mælist jeg til, að frv. verði vísað til hennar að umræðum loknum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv. og til fjhn. með 7 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 21. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 299, n. 499 og 523).

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Fjhn. hefir ekki orðið á eitt sátt um þetta mál. Minni hl. er algerlega á móti því að leggja Þingvallaprestakall niður, en meiri hl. felst á að samþ. frv. óbreytt.

Ástæður þær, sem bornar eru fram fyrir frv. þessu, felast í friðun Þingvalla. Það er nefnilega óhugsandi, að stórfeldar friðunarráðstafanir geti farið þar fram meðan prestur er þar og rekur þar búskap á jörðinni, nema þá með því móti að kaupa af honum með ránverði öll þau hlunnindi, sem hann kann að þurfa að láta af hendi. Þetta stafar meðal annars af því, að sá ljóður varð á, þegar presti þeim, sem nú er á Þingvöllum, var veitt brauðið, voru engin skilyrði sett um það, að skerða mætti afnot hans af landareigninni, vegna nauðsynlegrar friðunar.

Eins og kunnugt er, er frv. um friðun Þingvalla komið í gegnum þessa háttv. deild, og má búast við, að það verði að lögum. Er því nauðsyn, að frv. þetta komist líka gegnum þingið, því að það er óumflýjanlegur fylgifiskur hins.

Það hafa þegar komið fram mótmæli gegn niðurlagningu prestakallsins frá söfnuðinum. En slíkt er ekkert nýmæli undir þessum kringumstæðum, og má því til sönnunar minna á, að þegar framkvæma hefir átt samsteypu brauða eftir prestakallalögunum frá 1907, hefir rignt mótmælum gegn því frá þeim söfnuðum, er hlut áttu að máli. Þessi mótmæli, sem hjer er um að ræða, eru því engin nýmæli. Þau eru ekkert annað en það, sem fram hefir komið í hvert sinn, sem breytt er prestakallaskipuninni. En þó hefir það orðið svo, að breytingarnar hafa altaf frá 1907 gengið sinn gang, þrátt fyrir mótmælin. Það má vera, að það sje erfitt fyrir Mosfellsprest að þjóna á Þingvöllum, en það er síst lengra eða erfiðara en víða annarsstaðar.

Þá er það atriðið, að prestinum eru ætluð 2000 kr. biðlaun næstu 5 árin. Hann er óánægður með þau og söfnuður hans er svo brjóstgóður, að honum finst þau líka of lítil fyrir hann. Hvað biðlaun þessi snertir, þá er jeg ekki persónulega neitt á móti því, þó að þau yrðu eitthvað hækkuð. En þar

sem meiri hl. nefndarinnar vildi ganga inn á frv. óbreytt, þá gat jeg ekki farið að gera þetta að neinu ágreiningsatriði, því að mjer er það ekkert kappsmál.

Annars álít jeg þetta mál ekkert stórmál, og mjer finst aðalumræðan um það um garð gengin, þar sem búið er að afgreiða hjeðan friðunarfrumvarpið. Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um málið að svo stöddu, en bíð átekta, hvort eitthvað nýtt kemur fram, sem svara er vert. En komi ekkert slíkt fram, læt jeg úttalað um málið frá minni hálfu.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Minni hl. fjhn. hefir ekki getað fallist á frv. þetta, og telur engar rjettmætar ástæður fyrir því, að það er fram komið.

Þá var heldur ekki hægt að finna neinar frambærilegar ástæður í ræðu háttv. frsm. meiri hl., enda þótt jeg hlustaði eftir því með ítrustu athygli. Ástæður þær, sem hann taldi liggja til grundvallar fyrir frv. þessu, voru allar gripnar úr lausu lofti, og því einskis verðar sem rök í málinu. Eins og t. d. það, að niðurlagning þessa prestakalls rjettlættist af því, að ekki væri hægt að gera stórfeldar friðunarráðstafanir, nema með því móti að kaupa með okurverði af prestinum það af landi jarðarinnar, sem nauðsynlega þyrfti, vegna friðunarinnar.

Hvað frv. sjálft snertir, þá er það frámunalega illa samið, því að í því eru ákvæði, sem beinlínis sanna, hve alt er gripið úr lausu lofti. Jeg geri ráð fyrir, að hjer hefði átt að fylgja sömu reglum og fylgt er t. d. við landsspjöll vegna vegagerða, að skerðing þeirra hlunninda, sem látin eru af hendi, fari eftir mati óvilhallra manna. Og þar sem landið er ríkiseign, koma skaðabæturnar fram í niðurfærslu á eftirgjaldinu, því að leigutaki getur ekki fengið bætur fyrir landið sjálft. Hvað þessa jörð snertir, hefði því skerðing á hlunnindum jarðarinnar átt að koma fram í niðurfærslu á heimatekjum prestssetursins, sem mig minnir að sjeu metnar árlega 4—500 kr. Að annað eins og þetta skuli ekki hafa verið athugað, sýnir glögglega, hve alt er gripið úr lausu lofti.

Þá hefir það ekki við nein rök að styðjast, að hjer sjeu þau vandkvæði til fyrirstöðu, að engin skilyrði hafi verið sett um það, að láta land eða landsnytjar af hendi, ef til friðunar kæmi, þegar prestakall þetta var veitt síðast. Um þetta þurfti engin skilyrði að setja frekar gagnvart Þingvöllum en öðrum jörðum, því að hjer er ekki farið fram á annað en talið er, að almenningsþörf krefji. (**JBald:** Þá hefði það ekki þurft að kosta neitt!) Jú, alveg það sama og jeg hefi bent á, að það þurfi að kosta nú, sem sje hæfilega niðurfærslu á heimatekjum prestssetursins.

Söfnuðir þeir, sem hjer eiga hlut að máli, hafa mótmælt þessari ráðstöfun, og er það ekki nema eðlilegt, og það sjerstaklega þegar svo stendur á, að á þessu þingi á að sýna þessum stað alveg sjerstaka virðingu af hálfu hins opinbera, þar sem þar á að friðlýsa hinn eina helgistað á Íslandi. Væri því óneitanlega ekki illa viðeigandi, þó að kirkja landsins ætti þar sinn fulltrúa.

Þá vil jeg gjarnan, að það komi fram hjer, að núverandi prestur á

Þingvöllum hefir stigið stærra spor til friðunar Þingvalla en stigið hefir verið nú um langt skeið. Hann hefir vanið ferðafólk af því að rífa upp hríslur úr skóginum og flytja burt með sjer, og þetta gerði hann með þeirri lagni og friðsemi, að það er hreinasta fyrirmynd. Eins og kunnugt er, er bannað að rífa þar upp skóg, en ferðafólk gerði það eigi að síður. Tók prestur því það ráð, að hann sagði fólkinu, að sjer væri ekkert mein gert með því, þó að það rifi upp skóginn, en hver smáhrísla, sem það rifi upp, kostaði 1 kr. og þær stærri 2 kr. Hafði þetta þau áhrif, að nú er aldrei rifin hrísla úr skóginum. Fólkinu varð það ljóst, að það var verðmæti, sem það var að eyðileggja. Þó að þetta sje aðeins lítið dæmi, þá sýnir það þó, hverja þýðingu það hefir, að á þessum stað sje maður, sem fólkið ber virðingu fyrir.

Annars er jeg sannfærður um, að frv. þetta er borið fram af þeirri einu ástæðu, að einhverjum í stjórnarflokknum er í nöp við núverandi prest á Þingvöllum og vill því koma honum í burtu þaðan. Og þó að svo verði í þetta sinn, þá er jeg viss um, að ekki líður á löngu, þangað til prestakallið verður endurreist aftur, því að sú mun raunin á verða, að þegar fer að nálgast 1000 ára minningarhátíð kristnitökunnar á Íslandi, þá mun þykja óviðeigandi, að hafa ekki prest á þessum stað.

Jeg get svo látið hjer staðar numið og býst ekki við, að taka til máls aftur í þessu máli, því að jeg veit, að skynsemi og rök verða ekki látin ráða úrslitum þess í þetta sinn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta mál er í sjálfu sjer ekki nýtt hjer á Alþingi, því að það mun hafa verið 1919, sem þingið fyrst gerði ráðstafanir í þessum efnum, og ef þeim ráðstöfunum, sem þá voru gerðar, hefði verið framfylgt, mundu umræður um þetta mál hafa sparast nú. Þá voru gerðar þær ráðstafanir, að brauðið yrði ekki veitt, ef það losnaði, nema með sjerstökum skilyrðum, og jarðirnar heldur ekki bygðar, nema með sjerstökum skilyrðum. En hvorugt þetta var gert. Jarðirnar voru bygðar til lífstíðar, og kirkjumálastjórnin auglýsti prestakallið skilyrðislaust.

Það varð mikil óánægja út af þessu máli. Margir þm. töldu vilja þingsins forsmáðan með þessum aðgerðum biskups, og ef hann hefir ekki gert þetta af misgáningi einum, þá hefir hann mjög brotið af sjer.

Jeg vona, að hv. 3. landsk. geti skilið það, að til eru menn hjer á þingi, sem ekki vilja þola það, að einstakir embættismenn landsins traðki vilja þingsins.

Jeg ætla ekki að fara að ámæla biskupi fyrir þetta verk; það er nóg, sem allir vita, að hann gerði þetta, veitti brauðið, þvert ofan í yfirlýstan vilja þingsins. Hvorttveggja getur verið, að hann hafi gert það af misgáningi, eða þá viljað neyta aðstöðu sinnar. En eitt er víst, og það er það, að eyðileggingin hjelt áfram; þúsundum fjár er beitt í skóginn og hann rifinn upp, og ekki nóg með það, heldur er nú farið að byggja sumarbústaði til og frá um vellina, hús sem hljóta að særa fegurðartilfinningu hvers einasta sæmilegs smekkmanns, sem kemur til Þing-

valla. Þá er og bygður þessi timburskúr, sem er bein móðgun við alla þjóðrækna menn, og sem mun kosta 4—5 þúsund krónur að rífa, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga. Það hús, ef hús skyldi kalla, var bygt í tíð fyrverandi prests, og hefir verið haldið við af þeim núverandi, í trássi við alla góða siði og smekk.

Jeg vil minna hv. 3. landsk. á það, þótt jeg sje ekki að ásaka hann um það, að það var í tíð hans sem verkfræðings, að eyðilagður var á Vandala hátt einn hinn fegursti foss á Þingvöllum, með því, að bygð var af smekklausum verkfræðingi einhver ljótasta og ósmekklegasta brú, sem dæmi eru til, rjett fyrir ofan fossinn. Þessi brú er slíkt fádæma verk, að hún hlýtur að meiða auga hvers einasta manns með nokkrum fegurðarsmekk, sem hana sjer. Það er ekkert óeðlilegt, þótt þeir, sem ekki hafa hærri smekk en sá maður hefir haft, sem hana gerði, skilji ekki tilgang þessa frv.

Í stuttu máli: það er ekkert gert fyrir Þingvelli, nema að niðurníða þá, fyr en sá straumur vaknar fyrst á Alþingi 1919, að hlúa að þeim og meta staðinn of mikils til þess að láta fáfengilegan hugsunarhátt og dutlungaómentaðra manna ráða um þá og gera þingi og þjóð til skammar.

Síðan þetta mál kom fyrst fram á Alþingi, hafa starfað fleiri en ein nefnd í því, og hafa þær sumar átt í hinu mesta stríði við prestinn á Þingvöllum. Jeg get getið þess, að einn maður, sem mjög er hátt settur í íhaldsflokknum, hefir í allshn. Nd. fyrir nokkrum árum látið frá sjer fara skýrslu um það, hvað hann áleit þá um Þingvelli og meðferðina á þeim. En núverandi Þingvallanefnd hefir skorað á stjórnina að flytja á þessu þingi frv. til þess, að gera aðstöðuna til undirbúnings hátíðahaldanna 1930 betri á Þingvöllum. Stjórnin hefir nú flutt tvö frv. um Þingvelli. Fyrra frv., um friðun Þingvalla, er flutt beint eftir óskum Þingvallanefndar, og það frv., sem hjer liggur fyrir, er flutt að ýmsu leyti eftir óskum hennar.

Það má vera, að einhverjir úr nefndinni sjeu því mótfallnir að leggja niður brauðið, en nefndinni allri er það ljóst, að ekki er hægt að búa undir hátíðina 1930 á Þingvöllum, nema stjórnin fái alt öðruvísi ráð yfir Þingvöllum hjer eftir en hingað til.

Hv. 3. landsk. veit, að það hefir borið mjög mikið á kæruleysi hjá mörgum flokksbræðrum hans um alt, sem Þingvelli snertir. Margir þeirra hafa lagst á móti friðun Þingvalla. Blöð flokksins hafa óspart alið á því, að friðun Þingvalla væri hneyksli og þings og þjóðar skömm, ef hún næði fram að ganga. Þingvallanefndin hefir gert ítrekaðar tilraunir til þess að komast eftir því hjá núverandi Þingvallapresti, hve mikla árlega borgun hann vildi fá, til þess að hætta að búa. Og ef hv. 3. landsk. vildi kynna sjer, hvað honum hefir verið boðið af nefndinni, þá hygg jeg, að það sæist, að þetta frv. er ekki ófyrirsynju fram borið. Því það mun hafa verið allveruleg upphæð, sem hann vildi fá. Og það er alveg út í hött hjá hv. 3. landsk., að hægt sje að taka jörðina eftir mati óvilhallra manna og leggja afgjaldið af jörðinni til grundvallar, því að það er fyrirfram vissa fyrir

því, að presturinn mundi ekki gera sig ánægðan með það, sem svaraði afgjaldinu af jörðinni.

Það má geta þess í þessu sambandi, að bóndinn á Hrauntúni hefir nefnt miklu hærri upphæð en afgjaldinu af þeirri jörð svarar, til þess að standa upp af henni. Þessi maður er þó flokksbróðir hv. 3. landsk., og jeg geri ekki ráð fyrir, að hann væni hann um ósanngirni. Og presturinn metur ábúðarrjettinn, rjettinn til að halda kindur og kýr og selja tjaldstæði og skóg, eins og hv. 3. landsk. segir að hann geri, miklu meira en það, sem afgjaldinu nemur.

Það hefir komið til greina í nefndinni að reyna málamiðlun, t. d. hefir verið farið fram á að fá túnið þetta eina ár, eða part af því, til hagagöngu fyrir hesta þeirra manna, er gestir yrðu á Þingvöllum um hátíðina. En það hefir komið í ljós, að ekki er hægt að fá þetta litla stykki nema við svo háu verði, að ógerningur er að ganga að því. Alt þetta ætti að sýna, að farið hefir verið með fullri sanngirni að núverandi presti, og honum sýnd ólíku meiri tillhliðran en hann vill sjálfur sýna.

Hv. 3. landsk. veit sjálfur, að það hefir komið frá þessum manni reikningur í stjórnarráðið, þar sem hann fer fram á að fá 1200 kr. á ári fyrir grunn undir lítið timburhús í landi hans. Hvorki fyrv. forsrh. (JÞ) nje núverandi (TrÞ) hafa viljað greiða þennan reikning, vegna þess, hve lítt sanngjarn hann væri.

Þegar þessi maður telur eitt lítið hússtæði svo mikils virði, halda menn þá, að hann vilji hætta að búa fyrir það, sem svarar afgjaldinu af jörðinni. Nei, engum, sem til þekkir, dettur það í hug. Öllum, sem til þekkja, er það ljóst, að ef á að vernda sögustaðinn, ef á að hindra það, að bygð verði rafmagnsstöð í Almannagjá, milli foss og brúar, þá verður að taka ábúðarrjettinn af þessum einstaka manni.

Nú geta menn ef til vill sagt, að ekki hafi verið reynt að ná samkomulagi við þennan mann. En Þingvallanefndin hefir einmitt reynt að ná samkomulagi við hann, en hefir gefist upp. Enda hefir nú þegar myndast óþolandi ástand á Þingvöllum, bæði fyrir prestinn og almenning, sem vill koma á þann fornhelga stað. Prestur getur sett gaddavírsgirðingar meðfram vegunum og bannað alla umferð um vellina og utan þeirra, og hann getur gefið leyfi til að setja þar upp hverskonar mannvirki, án þess að hægt sje við að gera. Og jeg verð að álíta það alveg ósamboðið dugandi mönnum, að vilja ekki stuðla til þess, að bundinn sje endi á þann vandalaskap, sem ríkt hefir á Þingvöllum til þessa.

Það má vera, að hv. 3. landsk., og þeir, sem honum eru fylgifastir, segi sem svo: Látum það nú vera, þótt ábúðin sje tekin af Þingvallaprestinum, en því má ekki vera þar prestur áfram, svo sem verið hefir? En þar til er því að svara, að það er alveg víst, að núverandi Þingvallaprestur metur sjer ábúðarrjettinn til svo mikilla tekna, að það mundi verða verulega dýrt fyrir landið, ef það ætti að bæta honum það upp, svo sem hann mundi heimta, ef ábúðin væri af honum tekin.

Í fyrra komst í gegnum þingið frv. um að bæta við einu prestakalli hjer nærlendis, milli Þingvalla og Rvíkur.

Það frv. komst í gegn, vegna þess, að látið var í veðri vaka, að með því mætti spara annað prestakall. Því var sem sje bætt við frv., að presturinn á Mosfelli væri skyldur að þjóna einnig Þingvöllum, ef svo yrði ákveðið með lögum.

Það, sem hjer er verið að gera, er því aðeins endurtekning á vilja þingsins 1919 og í fyrra. Og mönnum var það vel ljóst í fyrra, að sú ráðstöfun var einn liður í þeim ráðstöfunum um fyrirkomulagið á Þingvöllum, sem nauðsynlegar væru, vegna undirbúnings undir 1930.

Það er ekki til neins fyrir hv. 3. landsk. og aðra, að halda því fram, að prestinum á Þingvöllum sje ekki sýnd full sanngirni, því að með frv. er honum gerður kostur á því, að fara á 2000 kr. árleg bíðlaun. En annars á hann ekki heimting á meiru en 300 – 400 kr. í eftirlaun. Honum er því sýnd full sanngirni, og er það gert með tilliti til þess, að það eru alls engar sannanir fyrir því, að honum hafi verið kunnugt um það, að aðgerðir kirkjustjórnar, er hún veitti honum brauðið, voru þvert ofan í yfirlýstan vilja þingsins. Og núverandi Þingvallaprestur er svo skynsamur maður, að hann sjer, að það er ómögulegt fyrir þessa tvo aðila, prest og almenning, að halda áfram að heyja stríð um staðinn, eins og hingað til. Og enginn veit betur en hann, að það er ekkert spaug að vera prestur á Þingvöllum.

Það er rjett hjá hv. 3. landsk., að vegna þeirrar sanngirni, sem prestinum er sýnd, verður enginn sparnaður að þessari ráðstöfun á næstu 5 árum. En eftir þann tíma verður sparað heilt prestakall, og gæti það vegið móti því prestakalli, sem stofnað var í fyrra og ekki ætti að vera til.

Það kunna enn að koma fram nýjar tillögur viðvíkjandi Þingvöllum; ekki vegna þeirra, sem álíta það æðstu fullkomnun, að þar sje prestur, heldur vegna þeirra, sem vilja gera alt til þess að prýða staðinn, í stað þess að lýta hann á allan hátt, eins og hingað til hefir verið gert. Og þá mundi ef til vill geta komið að því, að þar yrði reistur heiðursbústaður handa einhverjum ágætum andans manni, svo að hann gæti dvalið þar að minsta kosti á sumrin. Yrði það þá svipaður heiður eins og það er í Danmörku að búa í húsi Jacobsens bruggara, þar sem prófessor Höffding býr nú.

Það er svo langt frá því, að við, sem þetta frv. styðjum, viljum niðurlægingu Þingvalla, að við mundum fúsir til þess að styðja það, að þær væri, að minsta kosti á sumrum, heiðursbústaður þess manns, sem Þingvöllum væri verulegur sómi að.

Hingað til hefir alt verið gert til þess að niðurníða Þingvelli. Vellirnir eru stórskemdir, fallegur foss hefir verið eyðilagður, bæjarhúsin eru komin að hruni og kirkjan getur fokið á hverri stundu. Í stuttu máli: alt ástand Þingvalla er landinu til stórskammar. Samt vilja þeir, sem aðeins vilja friða vellina en ekki skóginn, bæta því við, að fórnfæra skóginum líka.

Hjer er því um tvær stefnur að ræða. Önnur vill friða Þingvelli, en hin vill gera þá að einskonar Grímsstaðaholti fyrir Reykjavík.

Málið er því alveg ljóst. Annarsveg-

ar er verndun Þingvalla, en hinsvegar er eyðing þeirra. Og þingið mun skera úr, hvort það vill heldur.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg mun ekki svara nema fæstu af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, en þess er jeg fullviss, að niðurlagning prestsseturs á Þingvöllum mun af öllum skynsömum mönnum verða talin til þeirrar stefnu, sem vill eyðing Þingvalla. En stefna okkar, sem viljum láta staðinn halda sínum fornu *friðindum, mun verða talin honum til* verndar.

Með eignarnámsákvæðinu í friðunarfrv. er sjeð fyrir öllum þeim fjárhagsatriðum þessa máls, sem hæstv. dómsmrh. var að tala um. En viðvíkjandi eignarnámi, sem nauðsynlegt væri vegna undirbúnings undir 1930, þá bar jeg fyrstur fram till. um að fá afmælisnefndinni slíka heimild, sem nú hefir verið tekin hjer upp aftur. En sú till. var þá feld. Það verður áreiðanlega ódýrara að taka þá landspildu, sem með þarf, eignarnámi, svo framarlega sem prestinum er greitt fyrir afnotamissi sinn samkvæmt mati rjettsýnna manna, en ekki farið eftir því, sem hann sjálfur kann að setja upp. Mjer er sjálfum kunnugt um það af 12 ára starfi sem fyrirsvarsmaður ríkissjóðs í þeim efnum, að mönnum er mjög gjarnt til þess, í slíkum tilfellum, að setja hærra upp en rjett mundi þykja eftir mati. Og held jeg, að það sje alveg jafnt, hvort sem það eru Íhaldsmenn eða ekki.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Jeg hjelt í fyrstu, að hv. 3. landsk. mundi koma með drepandi gagnrýni á þessu frv., því að hann sagði, að það væri framúrskarandi illa samið. (*JÞ*: Það hefi jeg aldrei sagt um þetta frv., heldur var það friðunarfrv.) Jeg skildi hann þó svo, sem hann ætti við þetta frv.

Annars hefir hann ekki hnekt neinni af þeim ástæðum, sem fyrir þessu frv. liggja. Hv. 3. landsk. gekk út frá því, að heimilt væri að taka landið eignarnámi, en af þeirri reynslu, sem fengin er af eignarnámi, þá er það alveg víst, að það mundi hafa miklu meiri kostnað í för með sjer en bíðlaunin nema.

Þeim hv. þm. úr allshn. neðri deildar Alþingis frá 1926, er áttu tal við Þingvallaprest um þetta mál, er það full-ljóst, að sú upphæð, sem hann vill setja upp, er enginn smáskildingur, jafnvel þótt þá væri um minna svæði að ræða en samkv. frv. er nú.

En það, sem gerir aðstöðuna mun óhægari í þessu máli, er það, að sú stjórn, eða sá ráðherra, er prestakallið veitti, vanrækti að setja skilyrði viðvíkjandi ábúð prestsins á Þingvöllum. En ef á að friða Þingvelli, þá er það óhjákvæmilegt, að leggja prestakallið niður og láta prestinn fara, en honum er með þessu frv. sýnd full sanngirni, þar sem hann fær sín bíðlaun og þau allsæmileg.

Jeg vil algerlega mótmæla því, að frv. sje fram borið af því, að einhverjum í stjórnarflokknum sje illa við prestinn. Það er getsök hv. 3. landsk. og hefir ekki við neitt að styðjast. Jeg þekki engan í stjórnarflokknum, sem er í nöp við prestinn, en aftur móti get jeg bent á mann í Íhaldsflokknum, sem jeg hefi ástæðu til að ætla, að ekki sje sjerlega hlýtt til núver-

andi prests á Þingvöllum. Jeg þekki sjálfur prestinn og hefi síður en svo ástæðu til að láta mjer líka illa við hann, en það er nauðsynlegt að leggja prestakallið niður í því skyni, sem í frv. segir. Og vissulega ætti söfnuðurinn að vera fullsæmdur af, að biskupssonurinn að Mosfelli veiti honum andlega uppfræðingu, svo að hjer er ekki um neina goðgá að ræða.

Jeg sje, að hv. 3. landsk. þm. vill ekki tala meira um málið, og get jeg því fyrir mitt leyti látið umr. falla niður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 7:5 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 7:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7:4 atkv.

Á 55. fundi í Ed., 23. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 299).

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg hefi ekki fyr kvatt mjer hljóðs í þessu máli, en áður en atkvgr. fer fram, vildi jeg mega koma fram með nokkrar spurningar og almennar athugasemdir í sambandi við niðurlagningu prestakalls á Þingvöllum.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, hafa Alþingi borist eindregnar mótmælaskrár frá þeim sóknum, sem nú á að svifta presti. Þá liggur næst að spyrja: Hvers vegna á að gera þessum sóknum svo lágt undir höfði? Hvers vegna á að sýna þeim svo litla nærgætni? Það finst víst fleirum en mjer, að það vera alleinkennilegur hátíðaundirbúningur, að refsa nágrannasveitum Þingvalla með því að svifta þær presti sínum. Enda er auðsjeð, að fólkinu fellur þetta mjög illa, því að eindregin mótmæli hafa komið fram á mjög stuttum tíma. Það hafa komið þrjú skjöl úr Úlfljótsvatnssókn og Þingvallasveit. Eins og kunnugt er öllum, sem hafa farið þarna um, er víðast hvar mjög erfitt að sækja kirkju og fá fullnægjandi prestsþjónustu. Sumstaðar er þetta meira að segja hjer um bil ómögulegt, eins og nú standa sakir. Hvað á fólkið þá að gera, þegar búið er að svifta það prestinum? Jeg verð að segja, að jeg man ekki til, að heilli sókn hafi verið sýndur annar eins ójöfnuður og hjer er farið fram á.

Það má ekki síður líta á þetta mál í ljósi sögunnar. Ef við lítum til ársins 1000, þegar kristnitakan fór fram einmitt á Þingvöllum, er óhætt að fullyrða, að þess atburðar verður einnig minst 1930, þegar minst er elsta þings álfunnar. Ætli útlendingunum, sem þá sækja okkur heim, verði ekki á að spyrja: Hvar er kirkjan? Hvar er presturinn? Hvar er hin forna helgi? Jeg hygg, að okkur verði þá erfitt um svör. Jeg öfunda ekki þá, sem eiga að bera ábyrgðina á öðru eins óhæfuverki og þessu.

Minning mikilmenna okkar á liðnum öldum er ekki mikill sómi sýndur. Margir þeirra hafa glaðst yfir því, að kirkja var á Þingvöllum og að þar döfnuðu hugsjónir þeirra manna, sem gróðursettu kristnina á landi voru. Svo náið samband er og frá fyrstu byrjun á milli Alþingis og kirkju á Þingvöllum, að ekki er hægt að minnast á annað, nema nefna hitt um leið. Alt þetta á að afmá vegna dutlunga. Jeg fæ ekki sjeð, að með þessu sje sómi gerður liðnum tíma, nje nútíð, nje framtíð. Ófað verður haldin hátíð á

Þingvöllum árið 2000. Við, sem hjer eigum sæti, lifum vart þá, en minningin um verk okkar lifir, góð eða ill. Hvernig sem hugir manna kunna þá að verða í trúarefnum, veit jeg, að þeirra verður minst, sem þannig ljeku hinn fornhelga stað. Og ekki verða þeir öfundsverðir af þeirri minningu.

Það er áreiðanlegt, að menn vilja ekki einasta geta sjer góðan orðstír, heldur er blátt áfram skylda hvers manns að gera það. Jeg hygg, að þjóðin geri aldrei svo lágar kröfur til þeirra, sem eiga að starfrækja umboð hennar, að þessi ráðstöfun þyki góð. Hjer er ekki einungis um einstakt kirkjumál að ræða, heldur alment menningarmál. Í öðrum löndum væri það þjóðarmetnaður, að slíkri kirkju, sem hjer er um að ræða, væri sómi sýndur. En hvað gerum við? Við ætlum að sljetta yfir síðustu leifarnar af okkar fyrstu kirkju. Við skulum í þessu sambandi líta til nágrannaþjóðanna. Hvað hafa Danir gert fyrir sínar fornu kirkjur, í Ribe, Roskilde og víðar? Hvað mundu Norðmenn segja, ef einhver vildi afmá kirkjuna í Þrándheimi? Hvað mundu Svíar segja, ef einhver vildi afmá kirkjuna í Lundi? Svona mætti lengi telja. Hvað mundu Englendingar gera, eða aðrar menningarþjóðir álfunnar? Þeir mundu áreiðanlega hugsa sjer önnur hátíðabrigði en þau, sem hjer eiga að fara fram. Hjer er verið að fremja óhæfu.

Hvað verður útlendingunum að orði, sem koma hingað 1930? Það er þó ætlun okkar, að „taka okkur út“ í augum þeirra. Við viljum leitast við að sýna þeim, að við sjeum menningarþjóð. Hv. þdm. geta verið vissir um, að þeir hafa lesið sögu okkar. Þeir hafa lesið um okkar ræktarsemi og fornu menningu. Jeg er hrædd um, að þeim finnist skjóta skökku við og gerðir okkar ekki samrýmast vel hinni íslensku ættartrygð og trygðinni við fornar sögur og fornar menjar. Þegar Íslendingar fara svona með sín helgustu mál, hvernig fara þeir þá með önnur mál? Þetta á þó sannarlega að vera hafið yfir alt dægurstríð og flokkapólitík.

Friðun Þingvalla er auðvitað sjálfsögð, en hún á ekki að ná svona langt. Hv. þdm. skulu sanna, að þegar mesta hátíðavíman er runnin af mönnum, mun þess ekki langt að bíða, að þeir sakni kirkjunnar og prestsins. Jeg spái, en einhver skráir. (**JBald:** hlær.) — Hv. 5. landsk. hlær. En sá hlær best, sem síðast hlær.

Betri friðun fæst ekki með öðru en því, að sjá prestinum á Þingvöllum fyrir sæmilegum bústað og reisa nýja kirkju í fornum stíl. Þá fyrst er hægt að segja, að saman fari saga og menning.

Eins og hv. 3. landsk. hefir bent á, hefir engin róttækari friðun verið hafin á Þingvöllum en einmitt þegar núverandi prestur þar bannaði mönnum að rífa upp hríslur. Það var ekki vegna krónanna — þær urðu ekki svo margar — heldur vildi hann sýna, að friðun skógarins væri nauðsynleg og um leið, að hver hrísla væri krónu virði.

Það eykur aldrei á helgi Þingvalla, að prestinum verði bolað burtu. Menn minnast þess kanske, hver gaf viðinn í Þingvallakirkju. Það var Ólafur helgi, árið 1015. Þó að varla sjeu margar stoðir eftir af þeim viði, mætt-

um við gjarnan renna augunum aftur í tímann. En 1930 þykir það sæmilegt, að bola prestinum burtu og jafna kirkjuna við jörð. Mjer finst þetta hreint ekki sæma hinu háa Alþingi, sem ætti að vera í hátíðaþönkum vegna alþingisafmælisins 1930. Jeg tel þetta meira að segja alveg ósæmilegt. Og jeg er viss um það, að í því á jeg marga skoðanabræður út um land, hvað sem því líður hjer í hv. Alþingi.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Ræða þessa hv. þm., er lauk nú máli sínu, var meira borin fram af tilfinningum heldur en rökrjettri hugsun. (**IHB:** Nei, langt frá því!) Fyrst talaði hv. þm. um þann ójöfnuð, sem þessu prestakalli væri sýndur. En þetta er nú sá ójöfnuður, sem ýmsum prestaköllum hefir verið sýndur, síðan lögin frá 1907 voru samþykt. En þau hafa verið að koma til framkvæmda smátt og smátt síðan. (**IHB:** Þetta er ekki sambærilegt!) Jú, það er alveg sambærilegt, en það væri of langt mál, að fara að rekja það nánar. (**IHB:** Það er ekki sambærilegt, því það eru ekki til nema einir Þingvellir!) Þetta er alveg sambærilegt við aðrar samsteypur prestakalla, og slíkt er ávalt tilfinningamál þeirra, sem við það eiga að búa. (**IHB:** Tilfinningamál! Slúður!) — Jú, það eru altaf einhverjir óánægðir með þetta. (**IHB:** Jeg undirstrika það og tek það fram aftur, að það eru ekki til nema einir Þingvellir á Íslandi!) Það er nú vafasamt! (**IHB:** Ekki Þingvellir við Öxará!) Mönnum hefir nú víðar hjer á landi verið sárt um prestssetur sín, sem hafa verið lögð niður. Hjer er um fámennt prestakall að ræða, og er því af þeirri ástæðu fyllilega sambærilegt við þau önnur prestaköll, sem lögð hafa verið niður.

Þá var það ein höfuðvitleysan í ræðu hv. þm., að þarna ætti að leggja niður kirkju og prest. Hvorugt á að leggja niður, eða sópa burtu, eins og hv. þm. komst að orði. Sjálfur biskupssonurinn á að verða prestur Þingvallasafnaðarins, og kirkjan á að standa áfram. Þetta mun hv. 2. landsk. líka sjá og sannfærast um við rólega athugun málsins. (**IHB:** Þetta er hártogun!) Nei, þetta er engin hártogun. Jeg býst ekki við, að hv. þm. (IHB) telji ver sjeð fyrir sálusorgun þessa safnaðar, þó biskupssonurinn sje látinn sjá fyrir henni. (**IHB:** Skiftir ekki máli, hverra manna sá prestur er, sem þjóna ætti söfnuðinum, ef samsteypan kemst á!) Við verðum að líta á þetta mál með kaldri skynsemi og út frá því sjónarmiði, á hvern hátt best megi takast að friða Þingvelli og gera þá að þeim helgistað, sem þeir eiga að vera fyrir þjóðina. Þetta, að flytja prestinn af Þingvöllum, er þó ekki stærra spor, heldur en þegar Alþingi var flutt þaðan. Hv. þm. (IHB) mun vera það kunnugt, að þá litu margir á það mál frá sjónarmiði tilfinninganna. En aðrir, og þar á meðal Jón Sigurðsson, litu á það mál frá alveg praktisku sjónarmiði. Þeir sáu það, að Reykjavík var að mörgu leyti hentugri staður. Þar var alt, sem til þarf, við hendina. Þetta rjeð þeim úrslitum. En nú er ekki svo, að um það sje að ræða, að leggja niður prest og kirkju. Það á hvorugt að gera. (**IHB:** En þetta er alóþarft spor.) Öll ræða hv. þm. var á engum rökum reist og haldin út í loftið.

Jeg hefi þá eiginlega svarað hv. 2.

landsk. Hv. þm. var að tala um þetta sem eitthvert alveg sjerstakt menningarmál. Það er það sjálfsagt í margra augum, að því leyti, sem ætlast er til, að presturinn sjái fyrir kristilegu uppeldi safnaðarins. En fyrir því verður sjeð jafnt eftir sem áður. Þá var hv. þm. að tala um, hver óhæfa þetta væri gagnvart þeim útlendingum, sem hingað mundu koma 1930. Jeg býst nú varla við því, að þeir færu yfirleitt að halda spurnum uppi um það mál. Og þótt einhver þeirra gerði það, þá sje jeg ekki, hvaða mismun það gerði í þeirra augum, hvort heldur presturinn, sem þjónar þessum söfnuði, á heima á Þingvöllum eða Mosfelli.

Þá var eitt atriði, sem hv. 3. landsk. kom fram með við 2. umr. og hv. 2. landsk. endurtók nú, en það er sú ástæða, að prestur væri nauðsynlegur þar á staðnum, vegna friðunar á skóginum. Það er nú svo með þessi höfuðrök hv. þm., að svo er hvert mál sem það er virt. Sá prestur, sem nú er, friðaði skóginn á þann hátt, að leyfa hverjum sem vildi að hafa með sjer hrís þaðan, ef það aðeins borgaði nokkra aura fyrir hverja hrísla. En þegar umsjónarmaðurinn dvaldi þar, þá var öllum bannað að hafa með hrís frá Þingvöllum eða rífa það upp. Vernd prestsins var því í því fólgin, að heimila öllum hrísrif, sem bannað var áður. Aðeins varð að borga honum nokkra aura, sem engan munaði um, sem annars hafði ráð á því að vera þar á skemtiferðalagi. — Þá talaði sami hv. þm. (IHB) um það, að þótt Þingvellir væru friðaðir fyrir skepnum, þá mundi þó fólk streyma þangað og staðurinn verða ófriðaður fyrir einhverju því, sem ekki væri betra nje fallegra. Þar sem jeg veit nú ekki, hvað hv. þm. á við með þessu, þá mun jeg ekki svara því. En ætlunin er sú, að fólk geti dvalið þar sjer til skemtunar og að þar sje ekkert gert, er spilli staðnum nje friðun skógarins. En það er ekki hægt, ef búið er á Þingvöllum og fjenaður prestsins eyðir skóginum. En vetrarbeit sauðfjár í skóginum er hans mesta eyðilegging. En þótt presturinn sje fluttur burtu, þá munu þó þær tilfinningar, er grípa menn þar, eins fá notið sín. Þar verður eins og áður „búinn til úr bálastorku bergkastali frjálsri þjóð". Náttúrueinkenni staðarins munu halda áfram að laða hugi manna til sín. Og þegar búið er að flytja burtu ýmislegt það, sem nú skemmir staðinn, og auka fegurð hans með þeim árangri, er friðunin veitir, mun blómi Þingvalla og sómi þjóðarinnar aukast.

Jeg býst ekki við, að hv. 2. landsk. nje aðrir hv. þm. komi með nein þau rök í þessu máli, sem svara þurfi. Býst jeg því við, að þurfa eigi frekar að ræða þetta mál. Jeg hefi þegar sýnt fram á, að höfuðrökin, þau, að sópa eigi með þessu presti og kirkju burt af Þingvöllum, eru alveg röng. Þar óð hv. 2. landsk. (IHB) algerlega í villu og svíma.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vil mótmæla niðurlagsorðum hv. 5. landsk., þar sem hann taldi mig vaða í villu og svíma í þessu máli. En jeg geri það áreiðanlega ekki, því ef svo væri, þá hefði jeg vit á að þegja. Ef hið sama

mætti segja um hv. þm. (JBald), þá væri vel farið. Annars minti öll ræða hv. þm. á hið forna: „klipt var það, skorið var það“. En jeg læt hv. 5. landsk. vita það, að jeg ræði aldrei mál á þeim grundvelli.

En til að gera þó hv. 5. landsk. einhver skil, þá ætla jeg að athuga lítið eitt þau atriði, sem jeg skrifaði niður úr ræðu hans, en það er aðeins fátt eitt af þem firrum, sem hann kom með. — Hv. þm. sagði, að þessum stað væri ekki meiri órjettur ger en ýmsum öðrum prestaköllum, sem eins hefði verið farið með. En eins og jeg tók fram í fyrir honum, þá eru ekki nema einir Þingvellir við Öxará til hjer á landi, og því alls ekki sambærilegt við neinn annan stað. Þingvellir eiga að verða miðdepill hátíðahaldanna 1930, á þeirri hátíð, sem ekki á sinn líka hjá neinni þjóð. Það er því eðlilegra, að alt væri gert, sem hægt er, til að auka og prýða þann stað, heldur en að farið sje að rýra sæmd hans, eins og hjer á að gera. Jeg er nú svo gerð, að jeg vil ekki láta sækja vatnið yfir lækinn, og vil því ekki, að þetta sje gert, um leið og leggja á í ýmsan kostnað vegna Þingvallahátíðarinnar. Þá hjó jeg eftir því, að hv. 5. landsk. sagði, að jeg hefði talið, að verið væri að jafna kirkjuna við jörðu og moka prestinum burt. Það er alveg satt. Það er verið að gera þetta. Kirkjan er orðin hrörleg, og þegar hætt verður að halda henni við, mun hún hrynja. Og þótt söfnuðurinn eigi að hafa rjett til að sækja til prests yfir langa fjallvegu, þá er hann jafn prestslaus fyrir því.

Þá eru þessi nauðsynlegu friðunarmál. Ætli það hefði ekki verið nauðsynlegt, að þeir, sem að þeim standa, hefðu kynt sjer betur, hvað landið þurfi að vera stórt, sem tekið verður til friðunar, svo friðunin verði ekki einungis í orði, heldur og á borði. Mátti ekki semja svo við prestinn, að hann ljeti af búskap þarna og bæta honum upp þann halla, sem af því hlytist fyrir hann. Það hefði orðið hverfandi liður í öllum tilkostnaðinum við hátíðahaldið 1930. Þá gæti presturinn verið þar áfram og besti vörður laga og siðgæðis á þessum stað. Þegar hv. þm. sagði, að útlendingar, sem þarna koma, muni ekki láta sig það neinu skifta, þá vil jeg svara því þannig, að jeg er viss um, að hv. 5. landsk. hefir ekki hugsað þetta nógu vel. Þessir gestir munu flestir hafa kynt sjer sögu þjóðarinnar og sakna kirkjunnar og prestsins á Þingvöllum. Mjer er nær að halda, að þeim mundi finnast, að hjer væri framin sú óhæfa, er samboðin væri ómentuðum lýð. Við megum ekki halda, að menn sjái ekki, hvert alt þetta stefnir.

Þessi friðun Þingvalla, sem nú er talað um, verður, því miður — jeg endurtek það: þ v í m i ð u r — verður griðastaður, þegar búið er að afnema prest og kirkju, g r i ð a s t a ð u r fyrir allskonar slæpingja og aðra þá, er eyða tíma sínum, þar og annarsstaðar, sjálfum sjer og öðrum til óþurftar. Það verður aldrei hægt að hafa þar svo marga verði, að hægt verði að fyrirbyggja þetta.

Jeg mun nú ekki svara öðru, sem hv. 5. landsk. bar á mig. Hann vill jafna orð mín við jörðu, eins og kirkjuna á Þingvöllum. — Hv. þm. vildi líkja þessu saman við lögin um skipun prestakalla, frá 1907. En þar er óliku saman að jafna. Það er satt, að

heyrst hafa óánægjuraddir út af þeim lögum, sem eðlilegt má vera, en það er að minsta kosti miklu meiri ástæða til þess hjer. Það er með þessu verið að stofna til þess, að Þingvallasöfnuðurinn eignist einhverja þá erfiðustu kirkjusókn hjer á landi. Þeir eiga engan prest að hafa, en verða því annaðhvort að lesa sínar postillur heima, eða fara yfir heiðar til að ná í prest. Þeir verða að brjótast yfir Mosfellsheiði, til að ná í prest á Mosfelli. (**JBald:** Hverjir? Söfnuðurinn?) Já, söfnuðurinn, sagði jeg. Þessi lög, lögin frá 1907, eru því alls ekki á neinn hátt sambærileg við þetta, hvort sem á það er litið í ljósi sögunnar eða safnaðar- og kirkjumála.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg vil aðeins stuttlega leiðrjetta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 2. landsk. Jeg held, að þessi hv. þm. hafi varla verið hjer við 2. umr. þessa máls, því þá hefði varla sá ókunnugleiki á málinu, sem kom fram hjá hv. þm., átt sjer stað. (**IHB:** Jú, jú!) Hjer er aðeins um það að ræða, að leggja Þingvelli niður sem prestssetur. Það er skoðun Þingvallanefndarinnar, að þarna eigi að koma með tímanum lítil en falleg kirkja. En þá kirkju verður eflaust vandi að gera, svo að hún geti orðið þjóðinni til sóma. Er því betra að bíða árinu lengur með byggingu hennar og tryggja það, að hún verði svo úr garði gerð, að menn geti orðið ánægðir með hana til frambúðar. Einn af listamönnum okkar, Ásgrímur Jónsson, hefir komið fram með frumlega hugmynd um byggingu hennar; hann vill nota hraungrjótið, svo að hún geti orðið sem best í stíl við staðinn. Það er engin deila um kirkju á þessum stað. Það eru allir sammála um, að þarna skuli ávalt vera kirkja. Þarna á líka að vera þjónandi prestur, og mjer finst ástæðulaus sú „kritik" á sjera Hálfdáni á Mosfelli, sem komið hefir fram hjá hv. 2. landsk. Jeg held, að hann sje eins góður og ýmsir aðrir. (**IHB:** Hefi ekki nefnt hann á nafn!) En það var tilskilið í lögunum um stofnun Mosfellsprestakalls, að sá prestur, sem tæki við á Mosfelli, væri skyldur að taka við Þingvallakirkju, ef þess yrði óskað. Hv. 2. landsk. fanst óhæfa, að sú skipun væri gerð á þessu, að presturinn á Mosfelli tæki við þessum söfnuði. Þetta verður því að minsta kosti óbein „kritik" á sjera Hálfdán. En hv. þm. mintist ekki á ýmislegt annað, sem fram hefir farið á Þingvöllum og sem er óhæfa. Hv. þm. talaði ekki um, að kirkjan, sem staðið hefir í skjóli prestsins á Þingvöllum og annara, sem eiga að sjá um hana, er svo ljeleg orðin, að presturinn segir, að hún geti fokið hvaða dag sem vera vill, ef hvessir að mun. Presturinn hefir að vísu reynt að treysta hana til bráðabirgða, en hún er orðin svo fúin og ónýt, að ekki er hægt að gera örugglega við hana. En þetta er ekki nema eitt dæmi af því, hvernig tönn eyðileggingarinnar hefir verið leyft að gnaga um fegurstu staði Þingvalla undanfarin ár. Þessu vill hv. 2. landsk. sjáanlega að sje haldið áfram þar. Og sje það gert, þá er ekki langt þangað til Þingvellir verða skóglausir og að litlu metnir. Hvers vegna var neðri fossinn eyðilagður og vegurinn lagður niður í gegnum gjána? Hvers vegna var Valhöll sett á þennan stað? Hvers

vegna var konungsskálinn settur þarna? Og hvers vegna leyft að byggja skúrinn í Fögrubrekku? Svo mætti lengi telja. — Alt var þetta gert undir handleiðslu þeirra manna, sem hv. 2. landsk. tekur öðrum fremur tillit til. Hvers vegna er nú verið að hindra það, að Almannagjá verði óvirt enn meira, bara til þess að þóknast prestinum á Þingvöllum? Það er af því, að nú hefir verið tekið í taumana á frekari eyðileggingu. — Í skjóli prests og ýmsra annara hefir alt verið illa gert við Þingvelli hingað til. Allir vita, að þar var mikill skógur áður, sem nú er nærri eyðilagður. Þeir sem, eins og hv. 2. landsk., hafa ekki gert neitt til þess að vernda Þingvelli, ættu helst ekki að hafa leyfi til að tala um þessi mál og vanda um við þá, er vilja friða Þingvelli. Ekki lagði þessi hv. þm. okkur hv. þm. Rang. á þingi 1923 það lið, sem dygði; þá svæfði hennar flokkur þetta mál. Eftir alla þá brigðmælgi, sem þetta mál hefir orðið fyrir síðan á þinginu 1919, er það furðu djarft, að þessi hv. þm. skuli leyfa sjer að bera það fram, að þeir, sem nú beita sjer fyrir friðun Þingvalla, sjeu að rýra helgi þeirra. Það hefði að minsta kosti verið æskilegt, að hv. þm. hefði kynt sjer málið, svo að ræða hans hefði ekki orðið blaður, bygt á tómri vanþekkingu. (**IHB:** Blaður! Er blaður þinglegt orð? Vill ekki hæstv. forseti taka í strenginn!) Ræða hv. þm. var ekkert annað en blaður vanþekkingarinnar.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það er ekki fegruð mynd af verði siðgæðis og kirkjumála, sem fram kemur í þessu máli. (**Dómsmrh. JJ:** Það má ekki hlífa þeim seku). Enda þótt hæstv. ráðh. vildi skella skuldinni á Íhaldsflokkinn, er ekki hægt að bera neinar sakir á þann flokk í þessu máli. Hæstv. dómsmrh. sagði, að jeg hefði líklega ekki verið við 2. umr. Það kemur ekki svartur blettur á tunguna, þótt sagt sje ósatt. Jeg var viðstödd og hugsaði fleira en jeg sagði, og jeg hefi kynt mjer þennan lappa, frumvarpið, út og inn, enda er það ekki vandaverk. Ef á það hefir verið minst við 2. umr., að byggja kirkjuna á Þingvöllum, þá hefir því ekki verið haldið svo skýrt fram af fylgjendum frv., að það hafi letrast fast í hugi manna.

Jeg tók það fram í svari mínu til hv. 5. landsk., að sjálfsagt væri og nauðsynlegt, að undirbúa 1000 ára hátíðina sem best og fegra og friða þennan fornhelga stað. En svo mjög sem hv. 5. landsk. og hæstv. dómsmrh. fara í öfgar í meðmælum sínum með frv., þá finst mjer þess lítt gæta, að tilgangur frv. sje að gera þennan fornhelga stað helgari í hugum manna.

Má jeg leggja eina spurningu fyrir hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra: Hvað segir biskupinn yfir Íslandi um þessa ráðstöfun? Jeg minnist ekki að hafa sjeð álit hans; en jeg hefði kunnað betur við, að sjá álit biskupsins um mál þetta. Kirkjan hefir um aldaraðir staðið undir stjórn merkra manna og verið menningarfrömuður, en með þessu frv. virðist eins og hv. dómsmrh. sje að hlynna að þeirri menningu, sem hann sjálfur hefir gefið nafnið „Grimsby-menning".

Jeg minnist þess ekki, að fyrv. stjórn hafi gert neitt til þess að rýra Þingvelli sem kirkju- og sögustað, en hæstv. stjórn, sem nú situr, virðist aftur á

móti hafa tekið það upp á stefnuskrá sína.

Ummæli hæstv. dómsmrh. um þekkingarleysi mitt í máli þessu álít jeg ekki svara verð, en vísa þeim heim til föðurhúsanna.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Hæstv. dómsmrh. endurtók nú ýmislegt, sem hann hefir áður sagt sem aðfinslur á því, sem gert hefir verið á Þingvöllum, en jeg vil leyfa mjer að taka það fram, að margt af því eru órjettmætar aðfinslur. Það er að vísu rjett, að kirkjan er ekki í því ástandi, sem æskilegt væri, en það er ekki annað en ein hliðin á hinni almennu fátækt, sem hjer ríkir, bæði þar og á öðrum sviðum. Það má ekki meta það sem niðurníðslu á Þingvöllum, þótt framkvæmdir þær, sem gerðar hafa verið, hafi borið keim af fátækt þjóðarinnar og getuleysi yfir höfuð. Hið sama má segja um allar þær framkvæmdir, sem hæstv. dómsmrh. hneykslaðist svo mjög á; þær hafa verið gerðar til þess að gera íbúum landsins fært að sækja heim þennan fræga stað og hafa þar nokkra viðdvöl. Tilgangurinn með framkvæmdunum hefir verið góður, enda hafa þær, svo sem hús þau, er reist hafa verið, vegagerðin og brúargerðin, gert það að verkum, að núlifandi Íslendingar sækja meira til staðarins en áður var, alt frá því að Alþingi var lagt niður á Þingvöllum. Þetta hefir orðið til þess að auka tilfinningu manna fyrir helgi staðarins, nú, þegar almenningur hefir fengið færi á því, að komast þangað og dvelja þar. Það er því ekki rjett af hæstv. dómsmrh. að ausa sjer út og kalla það niðurníðslu á staðnum, enda þótt margt megi finna að þeim mannvirkjum, sem þar voru gerð, eins og flestu öðru, sem gert var á sama tímabili. En ef það er að einhverju leyti rjettmætt, að láta óánægju sína í ljós yfir því, sem þar hefir verið gert, þá mun því vel tekið af öllum, að úr göllunum verði bætt, eftir því sem efni þjóðarinnar leyfa. En það er síður en svo, að þetta frv. stefni til þess, a. m. k. er það í augum allra kristinna manna álitin niðurníðsla á Þingvöllum, að leggja prestsþjónustu við kirkjuna niður. Og jeg veit ekki betur en að það sje í fyrsta skifti, að nokkuð kemur frá Alþingi, sem talist getur til niðurníðslu Þingvalla. Hæstv. ráðh. sagði, að ekki mætti hlífa þeim seku. Hann er sá seki, sekur um þá niðurníðslu, sem hjer á að framkvæma. Það er nokkuð kátbrosleg niðurstaða, þegar þess er gætt, að á fyrri þingum hafa verið bornar fram og studdar tillögur um að flytja höfuðstað landsins til Þingvalla, eins og gert yrði með því að flytja þangað þing og stjórn, a. m. k. meðan Alþingi situr. Mjer finst ekkert samræmi í því, að vilja flytja höfuðstaðinn til Þingvalla, en nú á að leggja niður prestakallið, enda þótt þar hafi verið prestssetur frá því rjett eftir að kristni var lögtekin á Íslandi.

Frsm. meiri hl. (Jón Baldvinsson): Af því að hv. 2. landsk. hefir nú ekki tækifæri til þess að svara, þá ætla jeg aðeins að leiðrjetta einn misskilning hjá hv. þm. — Hv. þm. virtist álíta, að það yrði erfið kirkjusókn fyrir söfnuðinn í Þingvallasókn að fara yfir Mosfellsheiði til þess að hlýða á prest. Þetta er alveg öfugt; presturinn á að fara til safnaðarins, en ekki söfn-

uðurinn til prestsins. (IHB: Hvað stendur kirkjan á Þingvöllum lengi?). Þangað til hún fellur. — Þetta er því ímyndaður ótti hjá hv. 2. landsk., og vildi jeg leiðrjetta þennan misskilning, því það var það eina, sem talist gátu rök í ræðu hv. þm., ef rjett hefði verið.

Jóhannes Jóhannesson: Á fundi h. 5. desember síðastl. ákvað undirbúningsnefnd alþingishátíðarinnar 1930, sem jeg á sæti í, að snúa sjer til hæstv. stjórnar um umráð yfir alþingisstaðnum forna, og þess nágrennis, sem nauðsynlegt þykir til afnota við væntanleg hátíðahöld þá. Hæstv. stjórn hefir nú orðið við þessari ósk og lagt fram frv. til l. um friðun Þingvalla, og í greinargerð þess frv. segir svo, að það sje borið fram til þess að gera kleifari undirbúning þúsundárahátíðarinnar.

Jeg álít alveg nauðsynlegt, að stjórnin og undirbúningsnefnd hátíðahaldanna 1930 hafi umráð yfir Þingvallalandi árið 1930 og næstu ár á undan, en jeg er ekki eins viss um, að þörf sje á því, að prestakallið verði lagt niður. En þar sem jeg hefi átt þátt í því óbeinlínis, að þetta frv., sem nú er til umræðu, er komið fram, en jeg er ekki sannfærður um, að sú ráðstöfun sje nauðsynleg til þess að fá nægileg umráð yfir Þingvallalandi, mun jeg ekki greiða atkvæði um þetta mál, en láta aðra hv. deildarmenn skera úr um úrslit þess.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er alveg rjett hjá hv. þm. Seyðf., að þótt Þingvallanefndin hafi óskað eftir friðun Þingvalla, þá er í brjefi nefndarinnar ekki tekin fram öll þau atriði, sem eru í þessu frv. En þótt hv. þm. vilji ganga dálítið skemra, skiljum við hvor annars aðstöðu.

Jeg skal svara fyrirspurn hv. 2. landsk. Um þetta frv. var ekki leitað álits biskupsins, vegna þess að hann var með í ráðum, þegar Mosfellsprestakall var endurreist, og sem þetta frv. er bygt á. Jeg efast um, að það hefði náð fram að ganga í fyrra, að bæta því prestakalli við, ef margir hefðu ekki þóst sjá hilla undir það, að þá mætti afnema prestakallið á Þingvöllum. Hvaða skoðun sem biskupinn kann annars að hafa á þessu frv., þá getur honum ekki komið það á óvart, að Mosfellspresturinn þurfi að bæta þessu starfi við sig.

Í öðru lagi vil jeg geta þess, í öllu bróðerni við biskupinn, að jeg hefi ekki álitið þess þurfa, að senda honum þetta frv., þar sem honum hefir orðið það á, viljandi eða óviljandi, að veita Þingvallaprestakall í trássi við vilja þingsins. Jeg er ekki að átelja hann fyrir þetta. En það verður að taka tillit til þess, að Þingvellir eru ekki fyrst og fremst kirkjulegur helgistaður, heldur pólitískur.

Það mætti engu síður tala um hina kirkjulegu helgi Skálholts og Hóla. (IHB: En kristnitakan á Þingvöllum!). Jeg vil benda hv. 2. landsk. á það, að það er ekki vansalaust, að láta það viðgangast, að Skálholt sje einkaeign og í því ástandi, sem staðurinn er nú. Þingvellir aftur á móti eru helgir sem alþingisstaður, og því vill þjóðin láta halda þar minningu um þetta þúsund ára ríki. Kristnitakan var aðeins eitt af hinum pólitísku málum, sem þar voru afgreidd, sökum þess, að þar var

þá höfuðstaður landsins. Vona jeg, að Alþingi geri sitt til þess að vernda þennan stað og prýða, með því að friða skóginn og hindra, að ósmekkleg hús verði reist í hrauninu eða nágrenni vallanna. Um hitt eru allir sammála, að hvenær sem listamaðurinn og þingið álita, að hægt sje að reisa nýja kirkju, sem er nógu smekkleg og ekki of dýr, muni það verða gert. En þótt sóknarmenn Þingvallasóknar fái prestinn á Mosfelli, þá sje jeg ekki, að nein ástæða sje til þess að kvarta fyrir þeirra hönd.

Að síðustu vil jeg geta þess, að þeir eru til, sem halda, að það eigi að leggja jarðirnar í Þingvallasveit í eyði vegna friðunarinnar. Kom t. d. til mín ungur prestur, sem spurði mig um þetta atriði. Jeg spurði þennan unga mann, hvort hann hefði komið í Hallormsstaðaskóg eða í Fnjóskadal, og hvort honum sýndist ekki skógurinn miklu fallegri, síðan hætt var að beita kindum og geitum í skóginn.

Jeg ætla þá að beina nokkrum orðum til hv. 3. landsk., en skal vera stuttorður. Jeg var ekki að lasta veginn til Þingvalla, en það er mjög mikið álitamál, hvort ekki hefði verið rjettara að leggja hann eftir gamla veginum frá Kárastöðum, meðfram vatninu og hafa brúna niður við ósa, en láta Almannagjá halda sjer. Hitt var hreinasti vandalaskapur, að byggja brúna yfir fossinn og sömuleiðis sprengingin í Drekkingarhyl. Eins er Valhöll og konungshúsið mjög mikil lýti, og þá ekki síst timburskúrinn í Fögrubrekku, sem tveir prestar hafa leyft að halda þar við.

Jeg vil benda á það, að það, sem fyrir mjer er aðalröksemdin í þessu máli, er, að prestarnir á Þingvöllum hafa ekki megnað að hindra eyðileggingu á staðnum, og með því að beita sauðfje í skóginn, hafa þeir mjög orðið til þess að eyðileggja hann. Þetta eru þau mistök, sem Þingvallanefnd og Alþingi ættu að vera samhuga um að reyna að laga. En hitt er furðuleg fjarstæða, að með þessu frv. sje verið að vinna að niðurníðslu Þingvalla. Og jeg vil leyfa mjer að halda því fram, að það sje alveg ósannað, að biskupssonurinn á Mosfelli sje ekki fær til þess að fullnægja trúarþörf sóknarmanna og gesta á Þingvöllum.

Ef þetta frv. verður samþykt, leyfir þingið sjer að segja, að það sje sjálft húsbóndi á Þingvöllum, en ekki kirkjan, og kirkjan hefir heldur ekki staðið vel í stöðu sinni sem verndari Þingvalla. En það er auðvitað ekki kirkjunnar sök, heldur prestanna, sem þarna hafa verið. Það á heldur ekki að leggja niður kirkjuna, því að hana á að endurbyggja; því einu á að útrýma, sem staðnum er til tjóns eða óvirðingar.

Frsm. minni hl. (Jón Þorláksson): Jeg ætla aðeins að minnast á tvent af því, sem hæstv. dómsmrh. telur til niðurníðslu á Þingvöllum.

Annað þessara dæma er vegurinn. Jeg hygg, að dómur flestra vegfarenda sje sá, að eitthvað það tilkomumesta, sem fyrir augun ber á Þingvöllum, sje það, þegar komið er niður í Almannagjá, sem er eins og inngönguhlið, sem enginn veit af, fyr en alt í einu. Hygg jeg að væri öllu tilkomuminni aðkoman á Þingvöllum, ef farið væri niður að árósum. (**Dómsmrh. JJ:** Þetta fóru hinir gömlu). Það sýnir aðeins, hvað

misjafnir dómar manna eru um þetta efni.

Hitt dæmið, sem jeg vil taka, er Valhöll. Þegar vakið var máls á því, að hún yrði bygð, þá voru það allra þjóðræknustu mennirnir, er þá voru uppi, sem beittu sjer fyrir því og lögðu fje fram til þess. Læt jeg nægja að nefna nöfn þriggja stofnendanna: Benedikt Sveinsson, fyrv. alþingisforseti, Björn Jónsson ritstjóri og Hannes Þorsteinsson skjalavörður voru helstu forgöngumennirnir í þessu efni. Á þessu getur hæstv. dómsmrh. sjeð, að það eru ekki allir góðir Íslendingar honum sammála um það, að gistihúsið sje niðurníðsla á staðnum. Þeir eru margir, sem álíta, að það hafi ekki minst gildi, að íbúar landsins fái tækifæri til þess að sækja staðinn heim.

Það eru alls eigi eingöngu pólitískar minningar, sem við þennan stað eru tengdar. Næst á eftir stofnun Alþingis sjálfs mun kristnitökunnar verða minst, sem hins merkasta viðburðar, sem þar hefir orðið.

Mjer fanst koma fram nokkuð þröngur skilningur á hlutverki prestsins hjá hæstv. dómsmrh., þegar hann hjelt því fram, að hlutverk hans væri eingöngu að fullnægja trúarlegri þörf safnaðarins. Má þá ætla, að sama sje álit hans um aðra presta, og komi þar fram svipuð víðsýni og í samsteypulögunum frá 1907. En í sveitum landsins hefir ávalt verið litið svo á, að miklu máli skifti að hafa mentaða menn í sæmilegum efnahagsástæðum innan vjebanda sinna. Þar sem þetta hefir farið saman, hafa prestarnir verið sannir menningarfrömuðir í sínu bygðarlagi á fleiri sviðum en trúmálasviðinu. Þetta er mönnum út um sveitir landsins sárt um að missa, eins og eðlilegt er. En að saka prestinn á Þingvöllum fyrir það, sem allir þjóðræknir menn á sínum tíma hafa gengist fyrir og talið nauðsynlegt, svo sem byggingu gistihússins, það er með öllu ómaklegt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg hafði gaman af þeirri skilgreining hv. 3. landsk. á hlutverki prestastjettarinnar, sem kom fram í síðustu ræðu hans. Hann taldi það eigi nægilegt, að prestar fullnægðu trúarþörf safnaða sinna, heldur ættu þeir að hafa ýms önnur áhrif, og sjerstaklega væri þó uppbyggilegt, ef þeir væru vel efnum búnir og bústólpar í sinni sveit. Jeg þykist nú vita, að fleiri líti sömu augum á þetta og hv. 3. landsk. En þótt jeg sje ekki sterkur í guðfræðinni, minnist jeg aldrei að hafa heyrt höfundar kristninnar getið sem innstæðueiganda eða sauðaeiganda, og jeg held, að sú hugsun, sem kom fram hjá hv. 3. landsk. um það, hvernig prestarnir væru æskilegastir, sje harla fjarri skoðunum Krists um þessi efni. Hann eignaðist aldrei kind; hann lagði aldrei eyri í sparisjóð, og aldrei hefir þess heyrst getið, að hann hafi reynt að leggja eignarhald á báta þá, er hann hafði umráð yfir. Það er því fremur ljeleg þekking á höfundi kristninnar, sem liggur á bak við þankagang þeirra, sem mest hafa sig í frammi á móti frv. því, sem hjer er um að ræða. Kristur kærði sig ekki um neina prestastjett, og síst auðuga prestastjett.

Jeg er hv. 3. landsk. þakklátur fyrir, að hann gaf tilefni til að sýna fram á, að Kristur óskaði ekki eftir neinum prestum, en hefði víst getað sætt sig

við, að ungum guðfræðingi af góðum ættum væri falið það starf, að þjóna í Þingvallaprestakalli.

Halldór Steinsson: Það hefir verið margtekið fram og sannað með rökum, að engin knýjandi ástæða er til að samþ. frv. þetta. Aðalástæðan, sem fram hefir verið borin, er sú, að með þessu eigi að friða Þingvelli fyrir 1930. En það hefir einnig verið sannað, að til þess að ná þeim tilgangi, er engin nauðsyn á að leggja prestakallið niður.

Jeg vildi drepa hjer nokkuð á þá hlið málsins, sem veit að prestinum sjálfum, vegna þess að aðrir hafa gengið fram hjá þeirri hlið. Mjer virðist, að beita eigi þennan embættismann slíkri harðýðgi í þessu máli, að þess sjeu engin dæmi. Það má hart heita, að þótt þing og stjórn þykist sjá einhverja ástæðu til þess, að prestur eigi ekki að vera á Þingvöllum áfram, að reka núverandi prest, sem ekkert hefir til saka unnið, út á gaddinn. Því að jeg kalla, að hann sje rekinn út á gaddinn, þótt honum sjeu ætluð 2000 kr. biðlaun á ári í 15 ár. Enginn getur lifað af þeirri upphæð, og þótt segja megi, að presturinn geti leitað sjer atvinnu, er ranglætið alveg hið sama fyrir því. Og hvar er rjettur embættismanna landsins, ef þing og stjórn eiga að geta sparkað þeim út úr embættum þeirra, eftir eigin geðþótta, þótt þeir hafi ekkert til unnið?

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Jeg get ekki fallist á, að hjer sje hart að gengið. Þess má fyrst geta, að brauð þetta er illa fengið, enda þótt núverandi prestur verði eigi sakaður um það. Kirkjustjórn landsins veitti honum það, þvert ofan í yfirlýstan vilja þingsins. Þess ber líka að gæta, að hægt er að leggja niður hvert einasta prestsembætti á landinu, með því að greiða viðkomandi presti biðlaun. En af því að jeg var — kanske um of — smitaður af hinni sömu vorkunnsemi og hv. þm. Snæf., lagði jeg til, að hann fengi biðlaun sem konunglegur embættismaður, enda þótt hann ætti ekki rjett á öðru en 300 kr. lífeyri á ári. Þingið hefir leyfi til að leggja niður slík embætti með þeim skilyrðum, eins og hv. þdm. mun kunnugt vera.

Þessi maður, sem hjer um ræðir, er dugnaðarmaður á besta aldri, og ætti því að veitast auðvelt að fá atvinnu. Verður því eigi sagt, að það sjeu nein neyðarkjör, að hafa aukreitis 2000 kr. með dýrtíðaruppbót í 5 ár. Það verða samtals 15 þús. kr., og er það engin smáræðisupphæð. Svo langt hefir verið gengið, enda þótt kirkjustjórnin veitti þetta embætti í forboði og trássi við Alþingi.

Halldór Steinsson: Hæstv. dómsmrh. sagði, að brauðið væri ekki vel fengið. Hann varð þó að viðurkenna, að núverandi prestur ætti enga sök á því. Hefndin þarf því ekki að koma niður á honum. Þetta er því engin ástæða.

Ennfremur sagði hæstv. dómsmrh., að þingið gæti ávalt lagt niður slík embætti. Að vísu mun vera til heimild um þetta í lögum, en henni hefir ekki verið beitt, og álitið hefir verið, að henni ætti ekki að beita, nema brýna nauðsyn bæri til. **(Dómsmrh. JJ:** Þó mætti nefna landritara og amtmanna-

embættin). Um þau embætti stóð alveg sjerstaklega á. En jeg get ekki sjeð neitt, sem rjettlæti þessa aðferð í því máli, er hjer liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: IP, JBald, JJ, MK, PH, EÁ, EF, GÓ.

nei: IHB, JÞ, JKr, BK, HSteins.

JóhJóh greiddi ekki àtkv.

Frv. afgr. til Nd.

Á 55. fundi í Nd., sama dag, var frv. útbýtt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 299).

Á 58. og 59. fundi í Nd., 27. og 28. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., 30. mars, var frv. enn tekið til 1. umr. (A. 299).

Jóhann Jósefsson: Heldur en að láta þetta frv. fara til nefndar umræðulaust, eins og helst eru líkur til, þykir mjer hlýða að segja nokkur orð.

Þetta frv. var fyrst á ferðinni í fyrra, í sambandi við ráðstöfun annars prestakalls, Mosfellsprestakalls. Kom þetta fyrir allsherjarnefnd í Ed., en í henni átti jeg sæti þá. Skrifaði jeg undir nál. nefndarinnar með fyrirvara, því mjer fanst það strax heldur óviðfeldin hugsun, að lagt yrði niður prestsetrið á þessum fornfræga sögustað. En bak við þessa hugsun frv. virðast vera sterk öfl, því það er nú komið í gegnum Ed., og þar hefir verið lagt til, að Þingvallaprestakall yrði lagt niður, sóknunum tveimur ráðstafað sitt í hvora átt, þ. e. „ríkinu deilt og gefið Persum“. Vitanlega er þetta ekki almennur vilji þeirra söfnuða, sem hlut eiga að máli, því að hjer liggja þegar fyrir þinginu 3 skjöl, er öll mæla á móti niðurlagningunni. 33 kjósendur í safnaðarmálum í Úlfljótsvatnssókn beiðast þess, að Þingvallaprestakall haldist framvegis. Sóknarnefnd sömu sóknar mótmælir niðurlagningu Þingvallaprestakalls, og 45 kjósendur í Þingvallasókn beiðast þess, að Þingvallaprestur haldi brauði sínu óskertu.

Mótmæli þessara aðila eru öll á svipuðum rökum bygð. Finst þeim, að staðurinn muni rýrast við þetta og Þingvellir missa nokkuð af sínum forna veg. Ennfremur telja þeir, að presturinn sje ranglæti beittur. Jeg sje nú, að prestinum eru að vísu ætluð biðlaun samkv. frv., en óneitanlega er vegur þess prests gerður minni, ef prestakallið verður lagt niður. Og þegar þess er gætt, að setja á prestinn á biðlaun, þá verður bersýnilega enginn sparnaður að því.

Annars þykist jeg vita, að þetta frv. muni vera fram komið vegna þess, að Þingvallanefndinni þykir presturinn ósamningalipur og stirður í vöfum, og ætli nú að láta koma krók á móti bragði. En það finst mjer heldur harkaleg og einkennileg aðferð, og trúi því tæplega, að lög standi svo til í landi hjer, að Þingvallanefndin geti ekki komið vilja sínum fram á einhvern annan hátt en að leggja Þingvallaprestakall niður, sjerstaklega þegar tekið er tillit til hátíðahaldanna væntanlegu. Jeg hefi ekki ástæðu til að draga taum nokkurs sjerstaks aðila í þessu máli, en mjer finst það heldur raunaleg ráðstöfun, þegar þjóðin er að búa sig undir 1000 ára afmæli Alþingis, að kippa prestinum þá burtu

og leggja Þingvallaprestakall niður. Þingvellir eru sá staður, sem erlendir og innlendir gestir mætast á, til þess að halda hina merku hátíð, og þá á að vera búið að leggja prestakallið þar niður. Þessi tilhugsun finst mjer harla óviðfeldin. Þingvellir eru sá staður, sem kristni var lögtekin á, og þar tók landslýður allur við hinum nýja sið. Eftir að vofað höfðu yfir þjóðinni í fleiri sólarhringa bardagar og blóðsúthellingar út af siðaskiftunum, þá var því lýst yfir, að Lögbergi, að kristni skyldi ríkja í landinu. Á þessum stað ætti því, vegna þeirra minninga, sem við hann eru tengdar, að vera vegleg kirkja og fast prestakall. Jeg hefi ekki heyrt nein nýrri eða betri rök færð fyrir þessu máli nú en í fyrra. Og ekki hefi eg heyrt nein rök, er rjettlæti þessa ráðstöfun frá menningarlegu sjónarmiði.

Hæstv. núverandi forsrh. sagði í fyrra, er þetta frv. kom frá Ed. hingað til Nd., og það rjettilega, að með þessu væri verið að svifta Þingvelli einu minningunni um gamla tímann, sem þar væri sjáanleg. Jeg hygg, að landsmönnum sje það yfirleitt óljúft, að þetta komist í framkvæmd, og jeg fæ ekki skilið, að hæstv. stjórn og Þingvallanefnd geti ekki bjargast af, án þess að grípa til þessa, sem bæði af sögulegum og þjóðlegum ástæðum hlýtur að teljast óyndisúrræði.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta mál er nú ekki nýtt hjer á Alþingi. En út af ræðu hv. þm. Vestm. þykir mjer rjett að minnast nokkuð á gang þess. Það er nú skemst frá því að segja, að Þingvellir hafa átt sína blómaöld, eigi aðeins hvað snertir sögu þjóðarinnar, heldur og líka hvað viðvíkur meðferð sjálfs landsins. Á hnignunaröld landsins voru þar aðeins kotungslegar búðir, og Þingvöllum hnignaði stöðugt. Meðal annars þvarr þar stöðugt skógurinn, og var það að nokkru leyti vegna kolabrenslu, og að nokkru vegna þess að sauðfje var beitt í hann. Í sjálfu sjer er ekki hægt að álasa forfeðrum vorum fyrir þetta, því að þeim var nauðugur einn kostur að gera þetta, til þess að halda lífinu. Og þegar Alþingi var lagt niður þar, þá var svo komið, að búðirnar voru orðnar svo ljelegar og húsakynni svo vond, að þingmenn gátu ekki haldist þar við. Var þá gefið leyfi til þess, að þingið skyldi flutt hingað til Reykjavíkur.

Með vaxandi sjálfstæðistilfinningu og sjálfsvirðingu hjá þjóðinni fer vegur Þingvalla aftur að vaxa, og er þá farið að hlúa að náttúrufegurð og betri umgengni þar. Það fyrsta, sem Alþingi sjálft mun hafa skift sjer af þessu, var það, að á þinginu 1919 var samþ. þál. frá hæstv. forseta þessarar deildar ásamt öðrum þm., þess efnis, að hafin skyldi verndar- og fegrunarstefna á Þingvöllum. Eitt af því, sem þar var tekið fram, var það, að jarðir nálægt Þingvöllum skyldu ekki bygðar til langframa og að prestakallið skyldi ekki veitt, nema með vissum skilyrðum. Upp af þessu risu svo ýfingar milli kirkjuvaldsins og stjórnarinnar. Og þegar þetta prestakall losnar litlu síðar, þá auglýsir biskup, sem ekki var samþykkur þál., það skilyrðislaust, og svo vill til, að stjórnin athugar þetta ekkert, fyr en búið er að kjósa prestinn og skipa hann, en þá var alt um seinan. Prestur þessi hefir svo

reynst hinn mesti athafnamaður og bætt mjög hús á staðnum, svo þau líta miklu betur út nú en áður. En afleiðingarnar af þesari veitingu urðu nú samt þær, að bygðar voru 2 jarðir í sveitinni með lífstíðarábúð.

Síðan þetta var, hafa svo setið tvær Þingvallanefndir. Sú fyrri reyndi að komast að samkomulagi við prestinn og fá hann til að hætta búskap, svo að hægt væri að koma á friðun, eins og óskað hafði verið eftir. En það tókst ekki, og urðu nokkur átök milli þessara aðila. Báðir höfðu þarna lög að mæla. Presturinn fyrir kirkjuvaldið, en nefndin fyrir ríkið. Niðurstaðan af þessu varð svo sú, að alt sat fast.

Svo kom önnur nefnd, og hefir hún sýslað við það sama og reynt að fá prestinn til þess að gera tilboð um það, með hvaða skilmálum hann fengist til þess að hætta þar búskap, en það hefir ekki tekist. Svarið hjá honum hefir altaf verið þetta: Ef jeg geri tilboð, er hætt við, að það þyki alt of hátt, og svo fæ jeg ekkert annað fyrir en ávítur.

Þetta er nú gangur málsins, og má af því sjá, að hjer er ekki gott við að eiga. Enda sjest það af samningaumleitan fyrri Þingvallanefndar, að ekki er gott að komast að samkomulagi við prestinn. Hann er hjer vitanlega í sínum fulla rjetti, því þegar honum var veitt brauðið, þá fjekk hann líka rjett til þeirra hlunninda, er því fylgja. Hann getur haft þar um 300 fjár. Hann getur selt þar tjaldstæði, ef honum sýnist, og hann getur meira að segja virkjað Öxarárfoss, ef hann vill. Það mun meira að segja hafa komið til orða, að hann og annar maður til tækju sig saman og virkjuðu Öxará milli brúarinnar og fossins. Engin lagaheimild var til þess að hindra þetta. Ekki varð samt neitt úr þessu, því að hlutaðeigendum mun hafa verið bent á, að það mundi þykja ákaflega leiðinlegt og mælast illa fyrir, ef það væri gert.

Sem dæmi þess, hve ómögulegt er að ráða við neitt, eins og nú standa sakir, skal jeg nefna eitt.

Í tíð þess prests, er var á undan þeim núverandi, var leyft að byggja sumarhús á stað, sem heitir Fagrabrekka. Þegar gamli presturinn fjell frá, fjell þetta leyfi úr sögunni. En svo þegar nýi presturinn kemur, veitir hann leyfið áfram. Nú heimtar almenningsálitið, að skúr þessi fari í burtu. Og endirinn verður líklega sá, að stjórnin neyðist til þess að kaupa hann fyrir 5000 kr. — Af þessu sjest, að nauðsynlegt er, að gerðar sjeu einhverjar ráðstafanir til þess að ríkið fái meiri völd á Þingvöllum en það hefir nú. Takmarkið er að fá umráð yfir jörðinni og kippa því í lag, sem fer í bága við kröfur almennings.

Árið 1907 ljet stjórnin byggja þarna tvo skála. Annar þeirra var kallaður Mikliskáli, og er nú jafnaður við jörðu; hinn var kallaður Konungshús og stendur enn, til mikillar óprýði á þessum náttúrufagra stað. Jeg býst við, að presturinn sje í sínum fulla rjetti, þegar hann krefst 1200 kr. í ársleigu eftir skálann. Þetta hefir enn ekki verið greitt, en jeg hygg, að presturinn mundi vinna, ef hann færi í mál út af þessu.

Jeg vona, að hv. þm. Vestm. sjái, að það er ekkert spaug fyrir Þingvallanefndina að undirbúa hátíð, þegar ekkert er hægt að gera, nema með

því að ganga á rjett ábúanda. Í fyrra var samþ., að nýtt prestakall skyldi stofnað að Mosfelli, og þá var það gert að skilyrði, að presturinn þar tæki að sjer hjásókn endurgjaldslaust, og var með því átt við Þingvallasókn, og sókninni er enginn vansi að nýja prestinum, því að hann er sonur sjálfs biskupsins, ungur og efnilegur maður, sem getur staðið í stöðu sinni, svo að það er engin ástæða til að óttast, að kristnihaldið minki.

Um mótmæli safnaðarins er það að segja, að eins og gengur, koma altaf mótmæli, þegar verið er að tala um samsteypu. En jeg skil ekki, hvaða ástæðu Úlfljótsvatnssókn hefir til að mótmæla, því að aðstaða hennar verður eins góð og hún hingað til hefir verið, og meira að segja er erfiðara fyrir núverandi prest að komast til kirkjunnar en prestinn að Arnarbæli. Jeg legg ekki mikið upp úr því, að þarfir safnaðarins verði ekki uppfyltar. Sóknin er lítil, og jeg býst við því, að ef til væru skýrslur um það, hve margir sækja kirkju, mundi hv. deild sjá, að trúarþörfin, sem fullnægja þarf, er ekki mikil, eins og gengur í litlum og strjálbygðum söknum. Þó að presturinn komi til kirkju, kemur fólkið ekki.

Jeg vil taka það fram, að fyrir Þingvallanefnd vakir að hlúa að kirkjunni á Þingvöllum. Nefndin vildi láta byggja þar fallega steinkirkju, en þótti það of dýrt. Og jeg lít svo á, að það eigi að reisa litla og smekklega steinkirkju á Þingvöllum og að þar eigi að vera lítill sveitabær í gömlum stíl.

Það eru tvær aðal-röksemdir fyrir þessu frv. Sú fyrri er, að verið er að hugsa um að vernda Þingvöll sem sögustað, með sinni ógleymanlegu náttúrufegurð. Og sú síðari er, að búa svo í haginn, að hægt sje að halda Þingvallahátíðina óhindrað af rjetti ábúandans. En þeir, sem frv. flytja, vilja ekki vera ósanngjarnir við prestinn. Það á að fara vel með hann og veita honum 2000 kr. biðlaun, ef hann fær ekki embætti, sem jeg býst við. Kostnaðurinn við biðlaunin og núverandi sókn er sá sami, en þegar prestaskifti verða í Arnarbæli, verður það samsvarandi upphæð og þegar stofnað var til nýs brauðs að Mosfelli. Og er þetta ekki miklu betra en að hafa prest á Þingvöllum, sem sjaldan getur messað, en er neyddur til að hafa mikla kvikfjárrækt, staðnum til stórskemda? Skógurinn er að hverfa, og næsta skrefið verður að flá burtu grasrótina, svo að ekki stendur annað eftir en bert hraunið.

Jeg get vel skilið, að menn vilji hafa kirkju á Þingvöllum, en að prestur sje búsettur þar alt árið er minni háttar atriði. Jeg vil benda á aðalatriðið í átökum kirkju og Alþingis um Þingvelli. Það er enginn vafi á því, að þótt margar kirkjulegar minningar sjeu bundnar við Þingvelli, eru þeir ekki kirkjulegur helgistaður, heldur pólitískur helgistaður fyrst og fremst. Og jeg vil minna á það, að þeir, sem vilja hafa prest á Þingvöllum, ættu að vilja flytja Alþingi þangað. Jeg vil það. Og það getur engum blandast hugur um það, að sje deilt um rjett Alþingis til að hafa pólitískan minningarstað á Þingvöllum og rjett kirkjunnar til að hafa þar kirkjulegan minningarstað, er málstaður Alþingis betri. Þó er alls ekki meiningin að þröngva kosti kirkjunnar. Það vilja allir, að á Þingvöllum

sje vönduð og falleg kirkja. Og prestsþjónusta yrði eins góð þar og í hverjum tveimur sóknum öðrum á landinu, sjerstaklega þegar kominn er bílvegur frá Mosfelli til Þingvalla, svo að hægt verður að komast þangað í bíl. Og á vetrum verður það líka auðvelt, eftir að nýi vegurinn er kominn. Og með tilliti til þess, að lítið er um messur yfir veturinn, ekki síst, þegar ekki er hægt að hita upp fyrir eldiviðarleysi, býst jeg við, að þetta verði ekki til að draga úr kristnihaldinu.

Frv. er borið fram af því, að ómögulegt er fyrir Alþingi og prestinn að komast fyrir á Þingvöllum í einu. Það er ekki hægt að hindra prestinn í að setja gaddavírsgirðingu meðfram veginum, til þess að hindra fólkið í að fara þar ferða sinna. Hann g e t u r gert það, þótt hann hafi ekki gert það. Og þegar þess er gætt, að þúsundir manna koma til Þingvalla á sumri hverju, verður það skiljanlegt, að ekki er hægt að halda áfram búskap á Þingvöllum, án þess að það spilli fyrir friði staðarins og geri gestum erfiðara fyrir. Þessa vegna er ekki önnur leið fær en að höggva á þennan hnút og viðurkenna, að þarna getur ekki verið um neitt tvíbýli að ræða. En það á að fara vel og kurteislega að þessum duglega manni, enda eru honum ætlaðar ríflegar skaðabætur. Þótt þessar skaðabætur verði ríkinu ekki dýrari en að hafa prest á Þingvöllum, eru það samt peningar, og sýna, að Alþingi vill ekki fara illa með núverandi prest, þótt hann hafi komist að Þingvöllum í forboði þess.

Magnús Jónsson: Það eru tvær hliðar á þessu máli. Önnur er að meta það frá almennu sjónarmiði, hvort fært sje að leggja niður prestakallið á Þingvöllum, en hin er sú, hvort sjerstök nauðsyn sje á þessu vegna Þingvalla og þjóðgarðshugmyndarinnar. Hygg jeg, að það sje þessi sjerstaka ástæða, sem hjer er aðalatriðið. Án hennar hefði ekkert frv. komið fram um þetta mál. Alment talað er hjer engin ástæða til breytingar á prestakallaskipun. Þegar þess er gætt, hvaða skipun er á þessum málum, sjá menn, að við mikla örðugleika er að etja. Önnur sóknin á að leggjast undir Arnarbæli, sem hefir Selvogssókn fyrir, svo að þetta verður mjög erfitt prestakall. Hin annexían er skilin frá Mosfelli með miklum fjallvegi, sem er álíka og Holtavörðuheiði, og er leitun á svo löngum fjallvegi á annexíuleið, en úr því bætir auðvitað góður vegur til Þingvalla. Sú ástæða verður því ekki færð fyrir þessu, að það sje hentugt vegna prestakallaskipunarinnar í heild sinni.

Hv. þm. Vestm. hefir að ýmsu leyti dregið fram mínar ástæður. Jeg er ekki einn af þeim, sem álíta, að tilfinningarnar eigi að ráða mestu á Alþingi. Jeg álít, að tölurnar — þurrar og leiðinlegar — eigi hjer mestu að ráða. En mjer finst, að þetta mál þurfi þó og hljóti að vera tilfinningamál fyrst og fremst. Við höfum ekki stefnt í rjetta átt í þessu efni, yfirleitt. Skálholt og Hólar, báðir fornu biskupsstólarnir, eru nú annexíur, og nú er þá röðin komin að Þingvöllum.

Eftir tvö ár á að halda hjer mikla hátíð, þar sem er þúsund ára afmæli Alþingis. Það er fáheyrt tækifæri fyrir litla þjóð til þess að láta heiminn horfa á sig. Og þá verður ömurlegt að eiga

engar fornar minningar. Þær eru allar horfnar, nema hinir fornu götutroðningar. Þó eigum við eitt, sem altaf hefir verið á Þingvöllum, frá því að land varð kristið, og það er prestssetrið og kirkja. Það eru seinustu fornleifarnar — og nú á að fara að taka þær burtu, rjett fyrir hátíðina. Mjer finst, að þegar þjóðarvakningin hefir gengið yfir, sje það leiðinlegt, að fara einmitt nú að þurka út þetta síðasta, sem enn er til í veruleikanum af minningum Þingvalla. Í tíð barnabarna okkar á að halda hjer aðra mikla hátíð. Það er líka þúsund ára minningarhátíð. Þá verður minst kristnitökunnar árið 1000. Sá viðburður er ekki einungis merkilegur út frá trúarlegu sjónarmiði, heldur er hann alveg einstæður. Jeg hefi ekki rekið mig á, að kristnitaka færi nokkursstaðar fram á sama hátt og hjá okkur. Forráðamenn þjóðarinnar koma sjer saman um að taka upp nýjan sið og trú. Það eru til nákvæmar sögur um þetta, og yfir þeim öllum er undursamlegur blær spektar og mannvits. Þessa viðburðar verður minst árið 2000, eins og jeg áður sagði, og þá verður leiðinlegt, að við skyldum, einmitt þegar við erum að vakna til skilnings á þessum efnum, fara að leggja niður prestsembættið á Þingvöllum, sem hefir haldist þar frá fyrstu kristni. Jeg trúi því ekki, að hæstv. dómsmrh. fylgi þessu af alhug. Hann er sögumaður og hefir tilfinningu fyrir því, sem gerst hefir, og skilning á því, hvers virði það er fyrir þjóðina að geyma gamlar menjar. Í viðtali við hann bar það á góma, að önnur lausn væri til á þessu máli en að leggja niður prestakallið, og hún var sú, að við ættum heldur að sýna því sóma, og hafa þar ekki aðeins vanalegan prest, heldur heiðursklerk landsins, hvort sem væri vígslubiskup Suðurlands eða einhver annar klerkur, sem þjóðin vildi sýna þann sóma. Hann ætti að hafa svo rífleg laun, að hann þyrfti ekki að vafsast í búskap, því að það má enginn, sem á Þingvöllum er. Það ætti að vera stjórnarveiting á þessu embætti, og væri skemtilegt til að hugsa, að þessi hugmynd kæmist í framkvæmd og Alþingi til hins mesta sóma.

Jeg er sammála hæstv. dómsmrh. um, að það var ekki rjett að veita þetta embætti svona skilyrðislaust. En það tjáir ekki að sakast um orðinn hlut, og mjer er óskiljanlegt, að það þurfi endilega að fara þessa leið, til þess að ná tökum á Þingvallalandi. Mjer skildist á hæstv. dómsmrh., að hann kendi Þingvallanefnd um þetta frv. Hún hefir aðeins farið fram á, að landið væri tiltækilegt til afnota fyrir hátíðahöldin 1930, og ríkisvaldið hefir ærin tök á því. Jeg trúi því ekki fyrir mitt leyti, að ekki sje hægt að ná samningum við prestinn. Hæstv. ráðh. vitnaði í það, að þetta hefði verið reynt einu sinni áður fyrr, en þeir samningar tókust illa og engum til sóma. — Ef hæstv. dómsmrh. væri við, vildi jeg bjóða honum að taka að mjer samningastarfsemi í þessu efni. Jeg vil reyna að fá prestinn til að sleppa afnotum jarðarinnar, að túninu undanskildu, og þeim nytjum öðrum, sem ekki koma í bága við hátíðarhöldin. Jeg skal gera þetta ókeypis og aldrei minnast á þetta mál oftar, ef mjer tekst ekki. Þegar á það er litið, að Alþingi ætlar að verja allmikilli fjárupphæð til að koma prestinum burtu,

er mjer óskiljanlegt, að presturinn fáist ekki fyrir hana og jafnvel minna, til þess að sleppa öðrum afnotum Þingvalla en þeim, sem óhætt er, að hann hafi. (**Dómsmrh. JJ:** Við getum athugað þetta í nefnd). Já, það er tilvalið.

Hæstv. dómsmrh. sagði ýmislegt, sem jeg er honum sammála um og sem mjer finst styðja það, að hann sje ekki nema hálfur í þessu máli. Hann talaði um að hafa kirkju á Þingvöllum og auk þess jörðina í ábúð. Jeg er þessu sammála. En því þá ekki að hafa prest? Mjer finst það útilokað, að hafa bónda á Þingvöllum, sem lifði þar á búskap. En það ætti einmitt að hafa þar embættismann, sem lifði á launum sínum og hefði þau afnot jarðarinnar, sem óhætt væri. Jeg skil ekki, að rök leiði til þess, að bægja prestinum burt. Annarsvegar er verndun Þingvalla sem sögustaðar, og mælir þar alt einmitt með því, að halda prestinum á staðnum, því að presturinn er einu fornleifarnar — ef svo mætti að orði kveða — sem enn eru við líði, og við eigum ekki að gera Þingvelli að annexíu og hornreku. Hinsvegar verða hátíðahöldin að geta farið fram óhindrað, og rekst það ekkert á. Það kostar ef til vill eitthvað, úr því að presturinn fjekk skilyrðislausa veitingu fyrir staðnum, en verður ekki dýrara en þessi ráðstöfun.

Málið fer til nefndar, og jeg get engu um það lofað, hvort jeg get int mitt starf af hendi undir þingönnunum. Jeg vildi helst fá málinu frestað þar til eftir þing. Það er ekki hægt að stökkva þannig frá störfum hjer, og auk þess er það sjaldan vænlegast til samninga, að þurfa að keyra eitthvert mál fram í skyndi. Með málið verður að fara með lipurð, einkum ef stífni hefir áður verið hleypt í það, og til þess þarf svigrúm.

Loks finst mjer það óviðkunnanlegt, að þingið skuli ekki fá umsögn biskups, þegar verið er að tala um niðurlagningu prestakalls. Það er óviðkunnanlegt, úr því að biskup er yfir kirkjunni, að þá sje verið að afgreiða þetta mál frá þinginu, án þess að hann fái tækifæri til að segja sitt álit um það. Jeg bendi aðeins nefndinni á þetta, sem væntanlega fær þetta mál.

Einar Jónsson: Jeg býst við, að það taki fleiri en jeg eftir því, hvað þetta þing ætlar að verða einkennilegt á margan hátt, ekki síst í því, að skyld eða samskonar mál reka sig hvert á annað, eru ýmist samþ. eða feld, án þess að það sje nokkur regla eða sanngirni á bak við. Fyrir stuttu var lagt mikið kapp á að samþ. þetta frv., en nú er snúið við blaðinu. Frv. er hjer á ferð um að stofna nýtt prestakall í Selvogsþingum. Jeg, sem talsvert kunnugur maður, get ekki álitið, að meiri þörf sje á því en að viðhalda hinu forna Þingvallaprestakalli. Því hefir verið haldið fram, að Þingvallaprestakall væri mjög fáment. Það mun rjett vera, en Selvogsprestakall er líka fáment, þó að jeg geti ekki borið það nákvæmlega saman. Og það er ekkert meiri þörf á að stofna nýtt prestakall í Selvogsþingum, en viðhalda Þingvallaprestakalli. Það er síður en svo erfiðara fyrir prestinn í Arnarbæli að þjóna Selvogsþingum, heldur en fyrir prestinn á Mosfelli að þjóna Þingvallaprestakalli. Þetta rekur sig hvað á annað, og væri að sjálf-

sögðu rjettast að vera ekki með neina breytingu frá gamalli venju. Það lítur út fyrir, að hæstv. stjórn og þeir, sem með þessi mál fara, athugi ekkert, hvað á undan er gengið í mörgum málum.

Það má svipað segja um marga liði í tolla- og skattalögjöfinni, sem nú liggja fyrir breytingar á; þar er verið að hringla tollunum til, af einu og á annað, án þess að þar ráði nokkur sanngirni um. Þetta þing ætlar að verða einkennilegt að því leyti, að láta mál fara eftir vilja og hálfgerðum hleypidómum einstakra manna, en lítið er fylgt þeirri góðu og gömlu reglu um athugun á því, sem trúa mætti að færi eins vel framvegis eins og verið hefir. Jeg held þess vegna, að hv. þm. Dal. hafi komist einna rjettast að orði, þegar hann mintist á beina sleggjudóma, því að sannarlega má kalla, að þeir sjeu hjer á ferð, en sanngirni lítil. Annars hefir mjer fundist hv. þm. Vestm. athuga þetta mál af mestri ró og skynsemi.

Það er líka hart, þegar þing er búið standa það lengi, sem nú er, að heill dagur skuli vera tekinn til að þrátta um, hvort vísa skuli einu ljelegu máli í nefnd. Það var kallað einfalt í fyrstu, en þó var það loks rætt eins og stórt alvörumál og það umfangsmikið, að full þörf var að vísa því í nefnd.

Jeg veit, að samkv. þingsköpum á að binda sig við það mál, sem fyrir liggur, en í þessum málum er ómögulegt að komast hjá að minnast á ýmislegt, enda leyfa sjer ýmsir stærri menn að gera slíkt, og það á óviðfeldinn hátt. Jeg býst við, að hv. þdm. hafi tekið eftir því, hvað hæstv. dómsmrh. nefndi oft hv. 1. þm. G.-K. (BK) með nafni hjer í hv. deild. Einnig þykir mjer óviðkunnanlegt, þegar presturinn á Þingvöllum er dreginn inn í þessar umræður, eða persóna hans. Alt er það á þessa sveifina.

Jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að það er verið að gera þetta fólk í Þingvallasókn prestslaust. Það getur verið, að menn segi, að landið sje eins vel sett með miklu færri presta og jafnvel enga. En maður gæti þá eins hugsað sjer, að við gætum komist af án þess að hafa nokkra landsstjórn, enda kemur frá henni fátt gott nú orðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Forstjórn póst- og símamála.

Á 36. fundi í Ed., 1. mars, var útbýtt:

Frv. til l. um forstjórn póst- og símamála (þmfrv., A. 350).

Á 38. fundi í Ed., 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Hermannsson): Á síðasta þingi var í Nd. samþykt þingsályktun, svohljóðandi:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta rannsaka, að hve miklu leyti unt muni vera að sameina rekstur síma og pósts."

Mjer er kunnugt um það, að ríkisstjórnin hefir leitað um þessa þingsályktun álits aðalpóstmeistarans í Reykjavík, svo og álits hins setta landssímastjóra. Jeg hefi sjeð svör þessara manna, og mjer er kunnugt um, að þau liggja nú hjá fjhn. Nd. til umsagnar. Að öðru leyti er mjer ekki kunnugt um, hvað stjórnin hefir fleira gert til rannsóknar þessum málum, og mjer er heldur ekki kunnugt um, hvað fjhn. Nd., sem nú hefir þessi mál til umsagnar hjá sjer, leggur til málanna. En með hliðsjón af því, að sú rannsókn, sem þegar hefir verið gerð, og með tilliti til þeirra athugana, sem þingnefndir, máske í báðum deildum, kunna að gera, fanst okkur flm., að vel gæti leitt til þess, að þinginu, sem nú situr, kynni að þykja rjett að setja lög um þessi efni. Því hefi jeg leyft mjer, ásamt hv. 1. þm. Eyf., að bera fram það lagafrv., sem hjer ræðir um.

Jeg vil geta þess hjer, að aðalpóstmeistari og landssímastjóri eru að sumu leyti sammála í þeim skjölum, sem þeir hafa sent stjórninni í sambandi við þá þingsályktun, sem jeg nefndi í byrjun. Þeir eru sammála um að sameina eigi að nokkru leyti nú þegar, og síðan smátt og smátt, sima og póst viðsvegar um land. En ósammála eru þeir að því leyti, að yfirpóstmeistari leggur til, að sameining síma og pósts fari fram alstaðar á landinu, en settur landssímastjóri vill þar undanskilja sex kaupstaði, Reykjavík, Akureyri, Ísafjörð, Seyðisfjörð, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörð, og þá um leið yfirstjórn allra síma- og póstmála í landinu. Alstaðar annarsstaðar á landinu leggur landssímastjóri til, að sameining fari fram. Mjer virðist það ljóst, að þótt ekki yrði sameinað víðar en þar, sem þeir landssímastjóri og yfirpóstmeistari eru sammála um sameininguna, þá sje það nauðsynlegt, að yfirstjórn þessara mála verði og sameiginleg. Auðskilið er, að þegar velja þarf menn til að gegna störfum þessum, þá er það óhentugt, að ráðin liggi í höndum margra. Geta hagsmunir þar auðveldlega rekist á, og er vel skiljanlegt, að ef t. d. póstmeistari vildi einungis taka tillit til þess, sem póstmálunum væri fyrir bestu, í vali sínu á starfsmanni, að samkomulag fengist ekki, og erfitt yrði að velja manninn. Líka mundi eftirlit í sambandi við fjármálin reynast erfitt, ef yfirstjórn væri ekki sameiginleg. Við flm. lítum því svo á, að ef farið verður að sameina stjórn og starfrækslu þessara mála — og nú þegar hefir talsvert verið að þessu gert — þá verði nauðsynlegt að sameina það að öllu leyti.

Geta má þess, sem reyndar flestir hv. þdm. munu vita, að í allflestum löndum álfunnar munu póstmál og símar lúta sameiginlegri yfirstjórn. Munu önnur lönd ekki vera þar undantekin en Noregur, Svíþjóð og Sviss. Sumstaðar hefir sú sameining komist á að undanförnu af sparnaðarástæðum, en annarsstaðar hefir hún all-lengi átt sjer stað.

Jeg geri ekki ráð fyrir að fjölyrða um mál þetta nú við 1. umr.; vona, að hv. deild leyfi því til 2. umr. og nefndar. — Það mun álit margra, að nauðsynlegt sje að sameina störf þessi úti

um land, meðal annars til þess að hægt sje að veita mönnum þeim, er að þessu starfa, lífvænlegri stöðu, ef báðar greinarnar eru í höndum sama manns. En margt af því, sem mælir með sameiningu þessari út um land, mælir og með sameiningu þessara mála í heild.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja til, að máli þessu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 60. og 63. fundi í Ed., 29. mars og 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 350, n. 599 og 606).

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

40. Tannlækningar.

Á 38. fundi í Ed., 3. mars, var útbýtt:

Frv. til l. um tannlækningar (þmfrv., A. 367).

Á 39. fundi í Ed., 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jónas Kristjánsson):* Frv. þetta er flutt að tilhlutan tannlækna hjer í bænum, og miðar aðallega að því, að tryggja þeim mönnum, sem tannlækningar þurfa, sem besta læknishjálp.

Tannveiki fer altaf vaxandi hjer sem annarsstaðar. Hún virðist vera sjúkdómur, sem fylgir hinni svokölluðu menningu, og það lítur út fyrir, að þörfin á læknishjálp við tannveiki fari altaf vaxandi. Og þetta frv. er, sem sagt, fram komið til þess að tryggja það, að menn geti fengið hana sem besta og fullkomnasta, og til þess að koma í veg fyrir fúsk.

Samskonar frv. hafa komið fram um allan hinn mentaða heim, og eru alstaðar talin sjálfsögð. Slík frv. sem þetta eru aðallega stíluð gegn fúski og fúskurum, því að þeir geta alstaðar gert tjón, og ekki síst í læknastjett.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. að sinni, en óska, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 7 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

41. Gjaldþrotaskifti.

Á 23. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um gjaldþrotaskifti (þmfrv., A. 181).

* Ræðuhandr. óyfirfarið af þm.

Á 25. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Eins og getið er um í greinargerð þessa frv., er það flutt að beiðni hæstv. stjórnar og samið að tilhlutun hæstv. dómsmrh.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. við þessa umr. málsins; vil aðeins leyfa mjer að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

42. Laun embættismanna.

Á 24. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á l. nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna (þmfrv., A. 195).

Á 26. og 28. fundi í Nd., 18. og 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 24. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 29. febr., var útbýtt nál. allshn., á þskj. 328. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

43. Stimpilgjald.

Á 27. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við lög nr. 75, 27 júní 1921, um stimpilgjald (þmfrv., A. 239).

Á 31. og 34. fundi í Nd., 24. og 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 1. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. var of seint fram komið. Deildin leyfði með 17:1 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:2 atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var útbýtt nál. meiri hl. fjhn., á þskj. 421, og á 47. fundi, 14. mars, nál. minni hl., á þskj. 476. En frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Verkamannabústaðir.

Á 42. fundi í Nd., 8. mars, var útbýtt:

Frv. til l. um opinberan styrk til verkamannabústaða (þmfrv., A. 422).

Á 50., 52. og 53. fundi í Nd., 17., 20. og 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

45. Háskóli Íslands.

Á 44. fundi í Nd., 10. mars, var útbýtt:

Frv. til l. um breyting á lögum nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla (þmfrv., A. 439).

Á 50., 52. og 53. fundi í Nd., 17., 20. og 21. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.